



Skýrsla forseta

um störf Alþýðusambands Íslands 2017

Formannafundur ASÍ 25. október 2017
43. þing ASÍ 24.-26. október 2018





SKÝRSLA FORSETA
um störf
Alþýðusambands Íslands
árið 2017

Skýrsla forseta ASÍ 2017

Skýrsla forseta um störf ASÍ er unnin af starfsfólki á skrifstofu ASÍ, á ábyrgð deildarstjóra. Nokkrir kaflar eru teknir saman með aðstoð samstarfsfólks úr verkalýðshreyfingunni, starfsfólki Mímis-símenntunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Virk-Starfsendurhæfingarsjóðs og Listasafns ASÍ.

Ritstjóri: Snorri Már Skúlason

Ábyrgðarmaður: Gylfi Arnbjörnsson

Umbrot og prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Myndir: Lárus Karl og starfsfólk ASÍ

Kápuhönnun: Ennemm og Tómas Bolli Hafþórsson

*Skýrslan lögð fyrir formannafund ASÍ 25. október 2017
og 43. þing ASÍ 24.-26. október 2018.*

Reykjavík, október 2017 – Ísafoldarprentsmiðja

Efnisyfirlit

Inngangur	7
42. þing ASÍ	13
Miðvikudagur 26. október	13
Ávarp forseta ASÍ.	13
Framsögur gesta	23
Kjörbréfanefnd.	32
Breytingar á þingsköpum.	33
Nýtt samningalíkan á vinnumarkaði	34
Velferð	37
Vinnumarkaðs- og jafnréttismál.	39
Mennta- og atvinnumál	40
Stefnumótunarvinna á 42. þingi ASÍ – vinnufyrirkomulag	45
Lagabreytingar – 1. umræða	47
Fimmtudagur 27. október.	56
Samþykktar breytingar á lögum ASÍ	61
Föstudagur 28. október	63
Kosningar	64
Nýtt samningalíkan á vinnumarkaði	66
Ályktanir þingsins	73
Önnur mál	81
Þingfulltrúar á 42. þingi ASÍ 2016	85
Af vettvangi miðstjórnar ASÍ	99
Ályktanir miðstjórnar ASÍ	113
Efnahagsmál.	119
Verðlagseftirlit ASÍ	129
Kjaramál.	135
Úrskurðir kjararáðs	137
Niðurstæða forsendunefndar í febrúar 2017.	140
Skýrsla hagdeildar ASÍ um skattbyrði launafólks	148
Atvinnumál.	151
Velferðarmál.	159
Kaup og kjör	159
Leiðrétting húsnæðislána – eignatilfærsla til hinna ríku	161
Húsnæðismál	163
Skuldir og fjárhagur heimila	165
Heilbrigðiskerfið	166
Almanna- og sjúkratryggingar	169
Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga	170
Velferðarnefnd ASÍ	171

Lífeyrismál	175
Jöfnun lífeyrisréttinda	177
Lífeyrisréttindi ASÍ-félaga hjá ríki og sveitarfélögum	179
Hækkun á mótframlagi atvinnurekenda og tilgreind séreign	184
Endurskoðun almannatrygginga	195
Umhverfismál	205
Félags- og vinnumarkaðsmál	209
Jafnrétti á vinnumarkaði	210
Einn réttur – ekkert svindl!	216
Samkomulag ASÍ og SA um innleiðingu keðjuábyrgðar	218
Málefni fluglíða hjá Primera Air	222
Klukk	224
Vinnuvernd	225
Atvinnuleysistryggingar, vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðir	227
Stöðvum kennitölflakk	229
Fræðslu- og menntamál	233
MFA fræðsludeild ASÍ	234
Félagsmálaskóli alþýðu	236
Almenn námskeið	238
Fagháskólastigið	241
Hæfniramminn (NQF/EQF)	250
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA)	251
Vottaðar námsleiðir	253
Öflun upplýsinga um markhóp og menntunarþarfir hans	262
Námskrár og námslýsingar	264
Þróun aðferða í framhaldsfræðslu	265
Gæði og þróun raunfærnimats	266
Söfnun, varðveisla og miðlun upplýsinga	268
Gæði í framhaldsfræðslunni	270
Mímir-símenntun	275
Rekstrarlegar forsendur	276
Fræðsla	280
Námsbrautir	281
Starfstengdar námsbrautir	282
Íslenska sem annað mál	285
Annað nám	286
Ráðgjöf og stöðumat	287
Þróunarverkefni	289
Fjármál og rekstur	291
Minningsrjóður Eðvarðs Sigurðssonar	294
Erlend samskipti	297

Norræna verkalýðssambandið - NFS	297
Samstarf norrænu alþýðusambandanna um samningamál	299
NFJS – Samráðsfundur lögfræðinga aðildarsamtaka NFS	300
Ársfundur SAMAK	301
Fundir hagfræðinga norrænu alþýðusambandanna	302
Verkalýðshreyfingin í Norður-Atlantshafi (VN)	302
Evrópusambandið	303
Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC	304
Aukáþing ETUC í Róm 29.–31. maí 2017	305
Fundir á vegum ETUC fyrir fjölmiðlafólk innan hreyfingarinnar	307
Netlex – Network of Legal Experts	308
EFTA - EES	310
TUAC	318
Þríhliðanefnd ILO á Íslandi	318
Norræna ILO-samstarfið	319
106. Alþjóðavinnuáætlunin í Genf 2017	319
Samráð við íslensk stjórnvöld um utanríkismál	321
Þróunarsamvinnunefnd	323
Global Deal	323
Lagabreytingar og skipulagsmál	327
Málþing um félagsaðild o.fl.	328
Verklag við rafrænar atkvæðagreiðslur	334
ASÍ-UNG	335
Starfsemi og skipulag á skrifstofu ASÍ	339
Listasafn ASÍ	343
Bjarg - íbúðafélag	349
VIRK Starfsendurhæfingarsjóður	353
Samstarf innan velferðarkerfisins	354
Samstarf við lífeyrissjóði	356
Einstaklingar í þjónustu	356
Árangur VIRK	361
Mat á ávinningi starfsendurhæfingar	364
Umsagnir um þingmál	369
Fulltrúar ASÍ í nefndum og ráðum	421
Málefnanefndir miðstjórnar	435
Kynjabókhald 2017	439
Fundir og fundarsókn miðstjórnarmanna	450
Fjöldi félagsmanna í ASÍ eftir landssamböndum	453
Fjöldi félagsmanna í ASÍ eftir félögum/deildum	454
Stjórnir landssambanda, aðildarfélaga og deilda	460
Reikningar ASÍ og stofnana	481



INNGANGUR

Skýrsla forseta um störf ASÍ árið 2017 er fyrst og fremst til heimabruks, hugsuð til afnota í verkalýðshreyfingunni sjálfri, fyrir félögin, forystumennina og starfsfólkið á skrifstofum verkalýðsfélaganna. Hún er uppflettirit þar sem finna má á einum stað allt það helsta sem fram hefur farið á vettvangi Alþýðusambandsins frá september 2016 til september 2017. Skýrslan er prentuð í lágmarksupplagi en verður þess í stað dreift á rafrænu formi. Þetta er liður í þeirri viðleitni ASÍ að minnka pappírseyðslu en síðasta þing ASÍ, haustið 2016, var einmitt pappírslaut.

Þegar árið 2017 gekk í garð voru sjómenn í verkfalli sem þá hafði staðið í 3 vikur. Útgerðarmenn höfðu árum saman neitað að ganga til kjarasamninga við sjómenn og vélstjóra og sett fram óbilgjarnar kröfur um að þeir greiddu verulegan hluta af eðlilegri greiðslu fyrirtækjanna fyrir afnot af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Eftir rúmlega tveggja mánaða verkfall tókust samningar 18. febrúar, sem voru samþykktir í atkvæðagreiðslu nokkrum dögum síðar. Samningsaðilar náðu m.a. sátt um breytingu á olíuverðsviðmiði, endurgjalds-laust fæði, að útgerðir láti sjómönnum í té allan öryggis- og hlífðarfatnað, bættu framkvæmd í fjarskiptamálum og sérstaka kaupskráruppbót.

Það er umhugsunarefni að til svo langs verkfalls hafi þurft að koma, -

sérstaklega í ljósi þess að sjómenn höfðu verið sammingslausir svo árum skiptir.

Vinna við nýtt samningalíkan fyrir Ísland, svokallað SALEK samkomulag, hefur að mestu legið niðri á árinu. Ljóst er að úrskurðir kjararáðs sumarið og haustið 2016 vegna ædstu embættismanna og kjörinna fulltrúa hafa algerlega grafið undan þessu samkomulagi og stuðningi við það. Forysta ASÍ hefur gagnrýnt þessa úrskurði harkalega og krafði ríkisstjórn og Alþingi viðbragða, en ekki hefur verið vilji til þess að bregðast við.

Við endurskoðun kjarasamninga í lok febrúar 2017 komst forsendunefnd ASÍ og SA, sem forseti og hagfræðingur ASÍ sátu í f.h. samninganefndar ASÍ, að þeirri niðurstöðu að forsenda kjarasamninga um launaþróun annarra hafði brostið. Í kjarasamningum sveitarfélaganna við grunnskólakennara í nóvember 2016 hafði verið gengið mun lengra í launabreytingum en samið var um í svokölluðu Rammasamkomulagi SA, ríkis og sveitarfélaga við ASÍ og BSRB. Jafnframt var það mat fulltrúa ASÍ í forsendunefndinni að úrskurðir kjararáðs væru langt umfram allt það sem nokkur hópur launamanna hafði fengið að njóta.

Ljóst var að þessi niðurstaða forsendunefndar virkjaði heimild samninganefndar ASÍ til að segja upp gildandi kjarasamningum. Eftir fundarhöld víða í baklandi landssambandanna og stéttarfélaganna var ljóst að staðan á vinnumarkaði var afar flókin og viðkvæm. Fyrirsjáanlegt var að stórir hópar opinberra starfsmanna voru með lausa samninga síðar á árinu 2017, s.s. læknar, háskólamenn og kennarar. Gera mátti ráð fyrir því að þessir hópar myndu horfa til úrskurða kjararáðs sem viðmiðun, enda himinn og haf á milli ráðherra og ædstu embættismanna og sérfræðinga í stjórnýslunni, sem líkur voru á að myndi rekja sig inn í viðmiðun annarra. Frá 2013 hefur ríkið verið algerlega leiðandi um þróun launa í landinu og ljóst að engin breyting hafði orðið þar á. Aðildarfélög ASÍ hafa nú í tvígang reynt að leggja grunn að samkomulagi á vinnumarkaði sem lagt geti grunn að meiri sátt með það að leiðarljósi að tryggja herna stöðugleika í bæði efnahagslegu og félagslegu tilliti. Í tvígang hefur þessari sátt í reynd verið hafnað þar sem ríkið hefur gengið mun lengra í hækkunum. Staða mála í febrúar var sú að ef samninganefnd ASÍ segði upp öllum kjarasamningum tæki sú uppsögn gildi 1. maí 2017 og þar með yrðu aðildarfélög ASÍ fremst í röðinni til að gera nýja kjarasamninga. Það var útbreidd skoðun innan raða ASÍ að það væri tilgangslaut að freista þess í þriðja skiptið að fara á undan við gerð kjarasamninga við þessar aðstæður. Sú ríkisstjórn sem tekið hafði við völdum í lok janúar hafnaði því alfarið að bregðast við úrskurðum kjararáðs. Þrátt fyrir að mikill perringur væri vegna þróunar mála og þá einkum vegna úrskurða kjararáðs um hækkun launa þingmanna og ædstu embættismanna ríkisins, var það mat samninganefndar ASÍ að ákveðin verðmæti væru í gildandi samningi (með 4,5% almenna launa-

hækkun 1. maí og hækkun á mótframlagi atvinnurekenda í lífeyrissjóð um 1,5% 1. júlí) auk þess sem líttill áhugi væri á því að almenni markaðurinn fari fyrstur í kjaraviðræðum ársins. Jafnframt var það mat samninganefndar ASÍ að hægt væri að una við miklar hækkanir grunnskólakennara frá því í árslok 2016, ef aðrir hópar á vinnumarkaði gerðu slíkt hið sama í þeim samningum sem framundan voru á árinu. Því var það niðurstaða samninganefndar ASÍ og forystu SA að fresta uppsagnarheimild aðildarfélaga ASÍ til loka febrúar 2018. Verði kjarasamningar á árinu 2017 í samræmi við Rammasamkomulagið munu samningar halda gildi sínu en ella verði hægt að segja þeim upp og tekur slík uppsögn þá gildi 1. mars 2018.

Reykjavíkurborg hefur gengið frá úthlutun lóða til Bjargs íbúðafélags sem rekið er án hagnaðarsjónarmiða, en stofnendur þess eru ASÍ og BSRB. Félaginu er ætlað að tryggja tekjulágum fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að ódýru, öruggu og vönduðu íbúðarhúsnæði. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri afhenti Gylfa Arnbjörnssyni, forseta ASÍ, Elínu Björgu Jónsdóttur, formanni BSRB og Birni Traustasyni, framkvæmdastjóra Bjargs – íbúðafélags, lóðabréf þessu til staðfestingar í Spönginni þann 20. mars en úthlutun byggingarréttar er á þremur stöðum í borginni, í Spönginni í Grafarvogi, Úlfarsárdal og á Kirkjusandi. Áætlanir gerðu ráð fyrir að framkvæmdir gætu hafist í lok árs 2017, en ýmis ljón hafa orðið á veginum sem tafið hafa ferlið. Einkum hefur reynst tafsammt að fara í gegnum breytingar á deiliskipulagi vegna þess að Bjarg stefnir að því að byggja hóflegri íbúðir að stærð, en náði samráð hefur tekist milli Bjargs og skipulagsyfirvalda hjá borginni vegna nýrra byggingarreita þannig að allt horfir þetta til betri vegar. Gera má ráð fyrir að framkvæmdir hefjist öðru hvorum megin við næstu áramót þannig að fyrstu íbúðir verði tilbúnar til leigu um mitt ár 2019.

Þau tíðindi urðu í mars að sitjandi formaður VR og 1. varaforseti ASÍ, Ólafía B. Rafnsdóttir, féll í formannskosningum í félaginu. Ragnar Þór Ingólfsson hlaut 63% greiddra atkvæða og var því rétt kjörinn formaður. Í framhaldi af þessu sagði Ólafía sig frá öllum trúnaðarstörfum fyrir Alþýðusambandið og er eftirsjá að henni, enda mikilvægur hlekkur í forystu ASÍ. Ragnar Þór hefur kosið að koma lítið sem ekkert að þátttöku í störfum ASÍ, þrátt fyrir að miðstjórn ASÍ hafi samþykkt tillögu forseta um seturétt hans og málfrelsi í miðstjórn, og er það miður þar sem ASÍ er samræðuvettvangur þeirra 49 stéttarfélaga sem eiga aðild að sambandinu. Sigurður Bessason, formaður Eflingar stéttarfélags og 2. varaforseti ASÍ, tók stöðu 1. varaforseta en Ingi-björg Ósk Birgisdóttir frá VR, sem átt hefur sæti í miðstjórn ASÍ um árabíl, var kjörin sem 2. varaforseti við brotthvarf Ólafíu.

Eftir að Alþingi ákvað að breyta lífeyrisherfi opinberra starfsmanna um síðustu áramót og samræma lífeyrisréttindin milli markaða á grundvelli

Rammasamkomulagsins frá október 2015 hafa fulltrúar ASÍ átt í viðræðum við fulltrúa fjármálaráðherra og sveitarfélaga um sambærilegar breytingar vegna félagsmanna ASÍ hjá ríki og sveitarfélögum. Afstaða forystu ASÍ hefur verið afar skýr í þessu máli og ítrekað verið komið á framfæri við gagnaðila okkar – við ætlumst til þess að sambærilegar breytingar verði gerðar á lífeyrisréttindum okkar félagsmanna sem starfa hjá þessum aðilum. Óumdeilt var í samskiptum við ríkið og Reykjavíkurborg að til ámóta breytinga ætti að koma, en fulltrúar launanevndar sveitarfélaganna hafa staðfastlega neitað því að ræða slíkar efndir þrátt fyrir að viðurkennt væri að í Rammasamkomulaginu hafi kostnaði vegna þeirrar framkvæmdar verið haldið til haga. Þrátt fyrir að ríkið og Reykjavíkurborg hafi viðurkennt rétt okkar fólks til ámóta breytinga hefur verið djúpstæð deila um það hvernig því verði mætt. Krafa viðsemjenda okkar var að nota kostnaðarmat á breytingum á réttindum opinberra starfsmanna hjá LSR að meðaltali, sem er 1,5% á ári, gagnvart þeim sem nú eru í starfi hjá þessum aðilum en að nýir starfsmenn njóti þeirra ekki. Krafa ASÍ var hins vegar að miðað yrði við tryggingafræðilegt mat stjórnar LSR á hverju ári gagnvart fyrirtækjum og stofnunum sem ekki eru á fjárlögum – en það er 5,85% nú en mun fara lækkanði á næstu árum og áratugum. Viðræður lágu niðri yfir sumarmánuðina en ASÍ gerði viðsemjendum grein fyrir því að málið yrði tekið fyrir í Félagsdómi strax að loknum sumarleyfum því skuldbindingar ríkis og Reykjavíkurborgar væru að okkar mati skýrar. Þessi þrýstingur leiddi til þess að viðsemjendur okkar hafa nú fallist á tillögu ASÍ frá því 12. maí sl. og er nú unnið að því að ljúka málinu á þeim nótum.

Frá því að endurskoðun kjarasamninga lauk í lok febrúar hafa fulltrúar þeirra aðila sem aðild eiga að Rammasamkomulaginu frá október 2015 fundað um þau ákvæði samkomulagsins sem lúta að launaþróunartryggingu á milli almenna og opinberra vinnumarkaðarins. Nokkur ágreiningur hefur verið um túlkun þessa ákvæðis m.t.t. hvernig meta skuli þá liði sem eru utan mælinga Hagstofu Íslands á launum og launaþróun. Þar ber helst að nefna hvernig meta skuli samkomulag ASÍ og SA um jöfnun lífeyrisréttinda frá janúar 2016. Það hefur verið afstaða ASÍ að með þeim samningi hafi verið gengið endanlega frá jöfnun lífeyrisréttinda þótt hækkunin komi í áföngum á næstu þremur árum. Því bæri að taka tillit til 3,5% hækkunar á framlagi í lífeyrissjóð á árinu 2016. Fulltrúar SA töldu hins vegar að líta ætti til áhrifa samkomulagsins um framlög í lífeyrissjóði í þeim áföngum sem þau kæmu til framkvæmda því ef til uppsagnar kjarasamninga kæmi á tímabilinu hlytu síðari áfangar þessarar hækkunar að falla niður með þeim launahækkunum sem eftir væru. Hér munar nokkuð miklu á túlkun því á árinu 2016 komu aðeins 0,5% af hækkun framlags atvinnurekenda til framkvæmda og munar því 3% á matinu. Verði túlkun ASÍ ofan á mun launavísitala almenna markaðarins að viðbættum lífeyris-

málum verða nokkuð hærri en launavísitala félagsmanna ASÍ og BSRB hjá ríkinu (að viðbættum kostnaði við lífeyrismál), og því tilefni til að efna launaþróunartrygginguna. Á hinn bóginn yrði launavísitala félagsmanna ASÍ og BSRB hjá sveitarfélögum (að viðbættum kostnaði vegna lífeyrismála) nokkuð yfir launavísitölu almenna markaðarins og sá hópur því yfir markinu. Verði túlkun SA ofan á snýst þetta við og ljóst að opinberi markaðurinn verði að flestu leyti talsvert yfir þeim almenna.

Málið er í nokkuð erfiðum farvegi, en ef til uppsagnar kjarasamninga kemur í febrúar 2018 gætum við staðið frammi fyrir því að bæði 3% launahækkun 1. maí 2018 og hækkun á framlagi í lífeyrissjóð um 1,5% í júlí 2018 falli niður, hver sem túlkun okkar er á samningunum frá janúar 2016. Óvíst er hvernig Félagsdómur myndi túlka þessa stöðu. Gerist það verða aðildarfélög ASÍ að freista þess að ná nýjum kjarasamningi um bæði launalið sem og jöfnun lífeyrisréttinda. Ef lítið er til síðustu áratuga standa líkur til þess að kostnaðarmat þeirra samninga muni í heild sinni leggja grunn að samningum annarra hópa. Af þeirri ástæðu eru sterk rök fyrir því að taka tillit til áhrifa lífeyrisframlagsins í þeim áföngum sem það kemur til framkvæmda en ekki afgreiða lífeyrismálin á einu bretti.

Þessar viðræður um launaþróunartrygginguna hafa farið fram í skugga þess að viðræður eru að hefjast við fulltrúa þeirra 17 aðildarfélag BHM sem fengu á sig gerðardóm sumarið 2015, en hann rann sitt skeið í lok ágúst. Forystumenn BHM hafa lýst því að kröfugerðir þeirra muni taka mið af úrskurðum kjararáðs, enda var þar miðað við að jafna launaþróun hópa m.v. árið 2006 sem viðmiðun en ekki 2013 eins og gert var í Rammasamkomulaginu frá október 2015. Jafnframt er ljóst að stjórnvöld hafa ítrekað þá afstöðu sína að ekkert verði aðhafst vegna kjararáðs, sem hefur haldið áfram að úrskurða um kjör forstöðumanna einstakra stofnana þrátt fyrir áréttingu Alþingis frá því í nóvember að þeim beri að fylgja þeirri launastefnu sem meginþorri launamanna hefur samið um. Aðildarfélög ASÍ eru ekki með lausa samninga fyrr en í árslok 2018 nema ef endurskoðun þeirra í febrúar nk. gefur tilefni til viðbragða, en þá losna þeir 1. mars nk. Hvort svo verði ræðst alfarið af niðurstöðum viðræðna við aðildarfélög BHM og KÍ á næstu mánuðum.



42. ÞING ASÍ

Miðvikudagur 26. október

42. þing Alþýðusambands Íslands var haldið á Hótel Nordica, Reykjavík 26.–28. október 2016.

Þingið hófst kl. 10.00.

Við upphaf þingsins söng Valdimar Guðmundsson nokkur lög við undirleik Ásgeirs Aðalsteinssonar.

Ólafía B. Rafnsdóttir, 1. varaforseti ASÍ, þakkaði fyrir sönginn og bauð **Gylfa Arnbjörnssyni**, forseti ASÍ, að setja þingið.

Ávarp forseta ASÍ

„Ágætu félagar, góðir gestir, velkomin á 42. þing ASÍ sem haldið er á 100 ára afmælisári sambandsins. Af því tilefni ákváðum við að bjóða heldur fleiri gestum að vera viðstöddum setningu og upphaf þingsins en venja er og býð ég ykkur öll hjartanlega velkomin.

Við minntumst aldarafmælis sambandsins á sjálfan afmælisdaginn þann 12. mars, þar sem áherslan var lögð á að gera þetta með gledilegum og skemmtilegum hætti, því það er ekki óalgengt að birtingarmynd verkalýðshreyfingarinnar og forystumanna hennar sé fólk sem er mikið niðri fyrir því

verkalýðsbaráttan er okkur hjartans mál og stutt í heitar tilfinningar. Minnug þess að það er fátt sem sameinar fólk jafnvel og söngur – og sigrar okkar hafa jú ávallt byggt á samstöðunni – lá beint við að halda upp á afmæli ASÍ með tónleikum og það gerðum við samtímis á fjórum stöðum á landinu laugar- daginn 12. mars, í Hörpu hér í Reykjavík, í Edinborgarhúsinu á Ísafirði, í Hofi á Akureyri og Egilsbúð í Neskaupstað.

Fyrir utan söng og skemmtun var það vilji okkar í miðstjórn ASÍ að láta aldarafmælið snúast um innihald og árangur þessarar 100 ára baráttu launa- fólks fyrir jöfnuði og jöfnum tækifærum. Við höfum með útgáfu á sögu ASÍ, samstarfi við Þjóðminjasafnið um veglega ljósmyndasýningu og opnum degi í Árbæjarsafninu reynt að draga upp skýra mynd af ólíkum störfum alþýðufólks og baráttu þess fyrir réttindum og bættum lífskjörum í heila öld. Saga Íslands er saga þessa fólks og baráttu þess.

Góðir félagar.

Ef við reynum eitt augnablik að sjá fyrir okkur aðstæður íslenskrar alþýðu í upphafi síðustu aldar, þegar mikil umbrot áttu sér stað í íslensku samfélagi. Vistarbandið illræmda var afnumið 1894, lög um greiðslu launa í lögeyri voru innleidd um aldamótin og mikil uppbygging var í fiskvinnslu, iðnaði hvers konar og þjónustu og afgreiðslu – stétt öreiga og auðvalds varð til með til- heyrandi hagsmunaárekstrum.

Líkt og í nágrannalöndunum fann verkafólk til vanmáttar síns í samskipt- um við atvinnurekendur og leitaði leiða til að mynda mótvægi við ægivald auðvaldsins með stofnun verkalýðsfélaga til að sameinast um kjör sín.

Hluti af þessum umbrotum í samfélaginu voru einnig átök á hinu pólitíska sviði. Þjóðin var smátt og smátt að öðlast fullveldi eftir árhundraða baráttu, en fullveldisbaráttan hafði einokað hina pólitísku umræðu þar sem ólíkir hagsmunir höfðu lítið komist að. Með uppveiti fjölmennrar stéttar verka- manna fór innihald hinnar pólitísku umræðu einnig að breytast. Í þessu sam- hengi er rétt að hafa í huga, að árið 1915 voru það ekki bara konur sem fengu kosningarétt, sem var auðvitað mikilvægur og merkur áfangi í réttindabaráttu kvenna, heldur fékk alþýða karla og kvenna einnig kosningarétt. Þetta lagði grunninn að allt annars konar pólitísku landslagi hér á landi og nýir flokkar skutu rótum.

Mér finnst full ástæða til að minna á það, nú í aðdraganda alþingiskosn- inga, að það er jafn mikilvægt í dag og það var fyrir 100 árum að almennt launafólk eigi sinn málsvara sem ver hagsmuni þess, standa vaktina bæði á vinnumarkaði í samskiptum við fyrirtækin en líka á hinum pólitíska vettvangi og í samfélagsumræðunni. Það er dapurlegt að horfa upp á það, aftur og aftur, að það virðist auðveldara að standa vörð um sérhagsmuni á Alþingi heldur en almannahagsmuni og því full ástæða til að skora á frambjóðenda til Alþingis

að gefa þessu gaum og hvetja þá sem síðan setjast á þing í framhaldinu til að breyta þessu.

Við stofnun Alþýðusambandsins, árið 1916, þótti eðlilegt að verkalýðshreyfingin stæði samhliða að stofnun pólitísks vettvangs til að berjast fyrir hagsmunum sínum, Alþýðuflokknum. Því eiga Alþýðusambandið og Alþýðuflokkurinn, og jafnaðarmannahreyfingin í heild sinni, sameiginlegt upphaf, og sameiginlegan afmælisdag.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það hafi verið heillaspor fyrir samtökin og verkalýðsbaráttuna, að aðskilja flokk og hreyfingu árið 1940. ASÍ væri í dag ekki það afl sem það er, með meira en 115 þúsund félagsmenn og yfir 90% þátttöku í stéttarfélögum, ef svo hefði ekki verið. Þótt við séum ekki stór í alþjóðlegu samhengi vil ég leyfa mér að fullyrða að við erum heimsins sterkasta verkalýðshreyfing sem sinnir bæði mikilvægri hagsmunabaráttu í samskiptum við atvinnurekendur og stjórnvöld, en einnig beinni þjónustu og sjálfsefningu okkar félagsmanna daglega. Það breytir því ekki, eins og ég sagði áðan, að almennt launafólk þarf enn þann dag í dag á öflugum málsvara að halda á hinu pólitíska sviði.

Ég held að það hljóti að vera hverjum manni ljóst sem skoðar sögu 20. aldar á Íslandi, að hlutur verkalýðshreyfingarinnar og Alþýðusambandsins í móttun samfélagsins, þess velferðarkerfis og þeirra lífskjara sem við búum við í dag er bæði stór og hann er mikilvægur. Í dag erum við hér saman komin, fulltrúar þessara riflega 115.000 félagsmanna Alþýðusambandsins, til þess að hefja kyndil þessarar baráttu á loft enn einu sinni. Það er á okkar ábyrgð að sameinast um framtíðarsýn byggða á hugsjónum verkalýðshreyfingarinnar og ákveða næstu skref í baráttunni fyrir hagsmunum launafólks.

En ágætu félagar.

Ef það er eitthvað sem er rauður þráður í baráttu Alþýðusambandsins sl. 100 ár, fyrir utan kjarabaráttuna sjálfa auðvitað, þá eru það húsnæðismálin. Öruggt húsnæði á viðunandi kjörum er grundvallar mannréttindi og launafólk hefur frá upphafi beitt verkalýðshreyfingunni – og þá einkum Alþýðusambandinu – til þess að berjast fyrir úrbótum í húsnæðismálum, því þau hafa aldrei komið átakalaust. Það er því mikið ánægjuefni að okkur hafi tekist á aldarafmælinu að fá í gegn nýja löggjöf um verulega niðurgreiðslu á stofn- kostnaði almennra íbúða til að leysa húsnæðisvanda tekjulægri heimila, ásamt skuldbindingu stjórnvalda um fjármagn til að byggja allt að 2300 íbúðir á næstu fjórum árum, þótt við séum staðfastlega þeirrar skoðunar að meira þurfi til!

Miðstjórn ASÍ fannst einnig við hæfi að horfa til húsnæðismála þegar við veltum því fyrir okkur hvað væri viðeigandi gjöf sambandsins til félagsmanna í tilefni afmælisins, en á fundi sínum þann 3. mars sl. ákvað miðstjórn ASÍ að

sambandið myndi standa fyrir stofnun almenns íbúðafélags með því að leggja fram stofnfé og leita til aðildarfélaga ASÍ um að veita íbúðafélaginu fjárhagslegan stuðning í upphafi til að treysta framgang verkefnisins. Það var einnig ánægjulegt að félagar okkar í BSRB ákváðu að leggja sitt á vogarskálarnar og gerðust stofnaðilar með okkur að þessu félagi í sumar. Nú getum við hætt að tala um húsnæðisvanda þessa hóps og ráðist af krafti gegn honum með framkvæmdum. Við höfum hins vegar ennþá verk að vinna við að koma á nýju húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd – kerfi sem tryggir almenningi hagstæðari og réttlátari lánaskilmála – og er það mál á dagskrá þessa þings.

En kæru félagar.

Á undanförunum árum hefur verið meiri ólga og tíðari deilur á vinnumarkaði en við höfum séð um árabíl. Á síðasta þingi okkar stóðum við frammi fyrir mjög alvarlegri stöðu, en aðildarsamtök ASÍ og BSRB höfðu gengið til samninga á forsendum stöðugleika í ársbyrjun 2014. Reyndar tókst að koma verðbólgunni niður fyrir verðbólgu markmið Seðlabankans, þar sem hún hefur verið síðan, en fljótlega í kjölfar þeirra samninga sneru fyrst ríkisvaldið og sveitarfélögin og síðar atvinnurekendur við blaðinu og sömdu um launahækkunarir við aðra hópa sem voru langt umfram það sem almennt launafólk hafði fengið. Skyndilega hafði orðið til ný launastefna fyrir háskólamenn, kennara og lækna sem mótaði nýjan farveg fyrir þá samninga, sem fylgdu í kjölfarið, þar sem hugtakið „leiðrétting“ var lagt til grundvallar án tillits til efnahagslegra aðstæðna. Í ályktun síðasta þings okkar gerðum við viðsejendum okkar og stjórnvöldum það ljóst, að aðildarsamtök ASÍ myndu ekki una því að launafólki sé mismunað með þessum hætti. Það mun aldrei gerast í þessu landi að almennt launafólk beri eitt ábyrgð á stöðugleika efnahagsmála og lágrí verðbólgu, á meðan aðrir sækja sér aukinn kaupmátt með meiri launahækkunum.

Vorið 2015 stóðum við því í einhverjum þeim erfiðustu kjarasamningum sem hreyfingin hefur staðið frammi fyrir um árabíl. Ég leyni ekki þeirri skoðun minni, að ég hefði viljað sjá meiri samstöðu innan okkar raða í þeirri glímu, og áður en yfir lauk þurftum við að kalla félagsmenn okkar til aðstoðar með boðun víðtækra verkfalla. Því miður urðu þeir samningar sem gerðir voru í maí og júní ekki grunnur að sátt á vinnumarkaði, verkföll háskólamanna og hjúkrunarfræðinga héldu áfram og svo fór að Alþingi setti lög sem bannaði verkföllin og setti lausn deilunnar í gerðardóm.

Þegar niðurstaða gerðardóms lá fyrir – en hann tók sín viðmið í þeim samningum sem ríkið hafði gert við m.a. framhaldsskólakennara og lækna – var ljóst að það stefndi í mikið óefni á vinnumarkaði. Ósamið var við stóra hópa hjá ríki og sveitarfélögum og forsendur kjarasamninganna á almennum vinnumarkaði frá því um vorið voru brostnar. Það var við þessar aðstæður, að forystumenn heildarsamtaka á vinnumarkaði settust niður og freistuðu þess að

ná sátt um þróun kjaramála, bæði í bráð m.t.t. gildandi kjarasamninga en einnig með langtímahagsmuni að leiðarljósi með viðræðum um mótun nýs samningalíkans fyrir íslenskan vinnumarkað – svokölluð salek umræða. Fulltrúar launagreiðenda lýstu sig reiðubúna til þess að leggja niðurstöður gerðardóms til grundvallar sameiginlegri launastefnu til ársloka 2018 gegn því að samtök launafólks samþykktu meginstöðir nýs samningalíkans sem byggi í grundvallaratriðum á þeim vinnubrögðum sem víðtæk sátt hefur verið um á hinum Norðurlöndunum um árabíl.

Góðir félagar.

Áður en ég held lengra vil ég aðeins staldra við hugmyndina um norræna samfélagsmódelið sem hér verður til umræðu og sífellt er vitnað til. Það módel varð til við svipaðar aðstæður og þær sem við glímum nú við, bæði á vinnumarkaði og í samfélaginu í heild. Þar höfðu menn um árabíl glímt við vanda ósamstæðrar hagstjórnar og innbyrðis ágreining á vinnumarkaði, þar sem lítil innistæða var oft fyrir þeim launahækkunum sem samið var um og hurfu síðan jafn óðum með breytingum á gengi og verðlagi. Ég held að okkur sé nauðsynlegt að horfast í augu við þá staðreynd, að það er mörgu um að kenna hversu illa okkur Íslendingum hefur gengið að tryggja varanlegan stöðugleika í efnahags- og félagsmálum. Undanfarið ár höfum við aflað okkur upplýsinga, bæði með heimsóknum, skýrsluskrifum og samtölum, um afstöðu og aðstæður félaga okkar á hinum Norðurlöndunum. Ég leyfi mér að fullyrða, að þótt vissulega séu ýmis vandamál sem koma upp í samskiptum á vinnumarkaði hjá frændum okkar, er það einróma afstaða þeirra að með þessu samningalíkani hafi þeim tekist að auka kaupmátt meir og bæta lífskjör betur, við skilyrði lágrar verðbólgu og lágra vaxta, en dæmi eru um í sögunni. Af þeim ástæðum vilja þeir ekki hverfa frá þessari samningaáðferð.

Ef okkur á að takast að ná tökum á þessu hér á landi, verður það ekki gert nema sem samvinnuverkefni á breiðum vettvangi. Stjórn málin og vinnumarkaðurinn í samstarfi við Seðlabankann verða að taka höndum saman og endurskoða samskipti og hlutverkaskiptingu varðandi lykilþætti bæði efnahagsmála og félags- og velferðarmála. Það eru ótal mörg atriði sem við þurfum að huga að áður en hægt er að taka upp svona samningalíkan og ég ætla að leyfa mér hér við setningu þingsins að tæpa á nokkrum, en það er eitt atriði sem öllu máli skiptir. Þegar öllu er á botninn hvolft er TRAUST á milli aðila lykilorðsenda þess að hægt verði að fara þessa leið, traust á milli viðsemjenda, traust og samstaða innan verkalýðshreyfingarinnar, traust á milli vinnumarkaðar og stjórn mála, ekki bara meirihluta heldur allra flokka, og síðast en ekki síst traust á milli stjórnenda og starfsmanna fyrirtækja og stofnana til að geta fylgt þessari aðferðafræði eftir.

Það hefur verið skýr afstaða Alþýðusambandsins að ekki er hægt að

nálgast umræðuna um nýtt og breytt samningalíkan í einhverju tómarúmi, heldur verður að setja það í samhengi við allt samfélagsmódelið. Það er engin tilviljun að í okkar stjórnarskrá eru tvær tegundir félagasamtaka, sem njóta sérstakrar verndar, en það eru stjórnsmálaflokkar og stéttarfélög. Ástæðan er einföld, innan veggja þessara félagasamtaka kraumar almannaviljinn. Að sama skapi er enginn vafi á því að norræna samfélagsmódelið hefur bæði leitt til réttlátari skiptingu þjóðarkökunnar og meiri kaupmáttaraukningar en raunin hefur verið hér á landi. Geta litlu opnu norrænu markaðshagkerfanna til að sameina jöfnuð og hagkvæmni byggir á samspili þeirra þriggja stöða, sem saman mynda það þríeyki sem einkennir norræna samfélagsmódelið. Þessar stöðir eru efnahagslegur stöðugleiki sem byggir á skýrri og ábyrgri hagstjórn, félagslegur stöðugleiki með sterku velferðarkerfi og vel skipulagður vinnumarkaður með ábyrgt og agað samningalíkan. Saman stöðja aðilar vinnumarkaðar, stjórnvöld og Seðlabankinn við markmiðið um efnahagslegan og félagslegan stöðugleika.

Ef við byrjum á hagstjórninni, þá verður launafólk að geta treyst því að stjórnvöld og Seðlabanki hafi það sem meginmarkmiðið hagstjórnar að jafna hagsveiflur með samstilltu átaki, þar sem markmið peningastefnunnar er að tryggja stöðugt gengi og lága vexti og ríkisfjármálanna að axla ábyrgð á því að jafna hagsveiflur. Langtímaáætlun í ríkisfjármálum þarf að hvíla á traustum tekjustofnum og réttlátu skattkerfi. Markmið um hátt atvinnustig þarf að vera í öndvegi og byggja á virkri atvinnustefnu sem styður markmið um góð og vel launuð störf. Hér þarf því að skapa þverpólítíska sátt milli stjórnsmálaflokkanna um megináherslur í stjórn efnahagsmála, bæði ríkisfjármála og peningamála, en vinnumarkaðurinn verður að sama skapi að haga sínum samningum í samræmi við þessi sömu markmið. Ósamræmi í stjórn efnahagsmála hefur iðulega leitt til hækkunar á raungengi íslensku krónunnar þannig að það verður ekki í neinu samræmi við undirliggjandi aðstæður í útflutnings- eða samkeppnisgreinum. Það gengur alls ekki upp að ætlast til þess að launafólk semji á grundvelli traustrar samkeppnisstöðu útflutnings- og samkeppnisgreina ef Seðlabankinn eyðileggur hana með framgöngu sinni í vaxta- og gengismálum eða ríkisstjórnin með óábyrgri hagstjórn. Afleiðingin hefur iðulega verið mikill viðskiptahalli og skuldasöfnun í útlöndum, sem á endanum hefur kallað á gengisfellingu krónunnar, með tilheyrandi verðbólguþögn, lækkun raunlauna og eignaupptöku gagnvart almenningi.

Það er engin launung á því að efnahagslegur stöðugleiki gerir kröfu um mikinn sveigjanleika fyrirtækja til að geta lagað sig að síbreytilegum aðstæðum á markaði, einfaldlega vegna þess að það eru takmörk fyrir því hvað stjórnsmálin eða Seðlabankinn geta áorkað með því að jafna sveiflur í hagkerfinu. Frá sjónarhóli verkalýðshreyfingarinnar hlýtur forsenda slíks sveigj-

anleika fyrirtækjanna hins vegar að vera að launafólk búi við félagslegt öryggisnet til að mæta afleiðingum breyttra aðstæðna. Þannig verður félagsmönnum okkar að vera tryggð bæði afkoma og þjónusta t.d. viðatvinnumissi, veikindi, slys og barnsfæðingar eða fá tækifæri til endur- og símenntunar á síbreytilegum vinnumarkaði.

Ég nefni þetta hér vegna þess að um þetta atriði hefur verið deilt. ASÍ neitaði ásamt BSRB að skipa fulltrúa í þjóðhagsráð í sumar þrátt fyrir að kveðið væri á um stofnun þess í rammasamkomulaginu, vegna þess að ekki var vilji til þess að fjalla um félagslega stöðugleikann til jafns við þann efnahagslega. Við höfum hafið samtalið við forystumenn allra stjórnmalaflokka um stefnumörkun um brýnustu úrlausnarefni í velferðar- og félagsmálum en án niðurstöðu. Það er afar mikilvægt að stjórnmalin geri sér grein fyrir því að okkur er full alvara í kröfu okkar um að setja þessa hluti í samhengi.

Alþýðusambandið vill samfélag jafnréttis og jafnra tækifæra þar sem öllum er tryggð mannsæmandi afkoma og réttur til heilbrigðisþjónustu, menntunar og velferðar. Við viljum ræða þetta í samhengi við nýtt samningalíkan, því launafólk verður að geta treyst því að stjórnvöld forgangsraði í þágu velferðar og tryggi til þess fjármagn með réttlátu skattkerfi. Ég minni á að í rammasamkomulaginu frá síðasta ári er þetta samhengi dregið upp með nokkuð skýrum hætti. Um þetta þarf að ríkja breið sátt og skilningur milli stjórnmalanna og vinnumarkaðarins. Við köllum þetta félagslegan stöðugleika – og teljum að of langt hafi verið gengið í skattalækkunum gagnvart tekjuhæsta hluta þjóðarinnar þannig að mikilvæg velferðarverkefni á borð við húsnæðismál, heilbrigðismál, öldrunarþjónustu, velferð og jafnræði á vinnumarkaði eru í uppnámi og verulega vanfjármöggnuð. Ég vil leyfa mér að halda því fram, að samstada um úrlausn þessara mála á næstu árum getur orðið mikilvægur liður í að skapa sátt um nýtt samningalíkan, ef rétt er að málum stadið. Stjórnvöld og fyrirtæki verða að axla sinn hluta ábyrgðarinnar á efnahagslegum stöðugleika og viðurkenna í framkvæmd að honum fylgi félagslegur stöðugleiki og velferð. Þetta er hvor sín hliðin af sama pening, annað verður ekki án hins!

En ágætu félagar.

Ég geri mér grein fyrir því að þetta eru margir fyrirvarar og mörg ef, en ef við gefum okkur að sátt náist um þessar lykilsforsendur félagslegs og efnahagslegs stöðugleika, hvað er það sem einkennir þá þetta norræna samningalíkan, hverjar voru þessar stöðir sem lágu til grundvallar rammasamkomulaginu frá því í október á síðasta ári?

Í sem stystu máli hafa norrænu samningalíkonin verið það sem kallað er miðstýrð dreifstýring.

Þau eru miðstýrð hvað varðar ákvarðanir um kostnaðarsvigrúm kjara-

samninga – en umfang þess ræður úrslitum um getu Seðlabankans til að halda vöxtum lágum og genginu stöðugu og þar með verðbólgunni lágrí. Frændur okkar á Norðurlöndunum tala gjarnan um að þessi þáttur kjarasamninga snúist um almannaheill – að það séu hagsmunir heildarinnar að verðlag sé stöðugt og vextir lágir og því verði allir að leggja sitt af mörkunum til að ná slíkum stöðugleika og viðhalda honum. Þetta var m.a. áhersla okkar við gerð þjóðarsáttarsamninganna á sínum tíma og um þetta höfum við ítrekað ályktað á vettvangi ASÍ að við ætlum okkur ekki að fara þá leið ein. Breið samstaða er um það á hinum Norðurlöndunum, að kostnaðarsvigrúm atvinnulífsins til kjarabreytinga er skilgreint út frá samkeppnisstöðunni gagnvart helstu viðskiptalöndum.

Í framkvæmd er það gert þannig að fulltrúar stéttarféлага starfsmanna þeirra fyrirtækja, sem framleida vöru og þjónustu til útflutnings eða eru í beinni samkeppni við innflutning, semja fyrst og ákvarða þannig kostnaðarsvigrúmið. Innan raða Alþýðusambandsins væru talsmenn allra helstu hópa hjá okkur við þetta samningaborð. Jafnframt er breiður skilningur á því og samstaða um það að sú niðurstaða leggur línurnar fyrir aðra hópa til að tryggja jafnræði, því annars myndi sá hópur sem á undan fer og tryggir forsendur stöðugleikans bera minnst úr bítum! Ástæðan fyrir því að þessi stéttarfélag semja fyrst og leggja línurnar er í sjálfu sér ekki flókin. Ef kostnaðarhækkanir verða meiri en samkeppnisstaða fyrirtækjanna leyfir eru allar líkur á því að fyrirtækin missi markaði, tapi verkefnum, og þurfi í framhaldinu að fækka starfsmönnum eða draga úr vinnu, því genginu er haldið stöðugu og samkeppnisstaðan verður því ekki bætt með gengisfellingu. Starfsmenn þessara fyrirtækja þurfa þannig að þola með beinum hætti afleiðingar samninganna og því má að sumu leyti segja að forgangur þeirra við að leggja línuna byggir á ákaflega lýðræðislegum rökum.

Dreifði hluti þessa samningalíkans – sá hluti sem lítið hefur fengist ræddur í umræðunni hér á landi en er engu að síður hluti af ramma-samkomulaginu frá síðasta ári – byggir á því að miðlægi hlutinn er einungis ramma-samkomulag um „kostnaðarhækkanir“ en ekki endilega „launahækkanir“. Nú kann einhver að spyrja hvaða munur sé þarna á og það kemur ekki á óvart. Norræna samningamódelið byggir nefnilega á því að hin eiginlega launasetning er ekki lengur miðlæg í hendi stéttarféлага, landssambanda þeirra og þaðan af síður heildarsamtaka í viðræðum við atvinnugreina- eða heildarsamtök atvinnurekenda, heldur fer launasetningin að mestu leyti fram úti í fyrirtækjunum í staðbundnum og beinum samskiptum starfsmanna og trúnaðarmanna þeirra við stjórnendur fyrirtækjanna. Ef þessi breyting á samskiptum á vinnumarkaði næðist í gegn, væri þetta einhver mesta kerfisbreyting, já og lýðræðisbreyting á vinnumarkaði frá upphafi. Við skulum gera okkur grein

fyrir því að þessar breytingar munu vafalaust gerast í hægum skrefum meðan við erum að læra á þetta, bæði við í verkalýðshreyfingunni, okkar félagsmenn, svo ég tali nú ekki um fyrirtækin og samtök þeirra. Þegar Danir fóru inn í þetta kerfi árið 1987 var tæplega helmingur sambandsins á taxtalaunasamningum en þetta hlutfall er víst í dag komið undir 10%. Með þessu fyrirkomulagi væri í fyrirtækjum þar sem vel gengur hægt að ganga lengra í hækkun launa en almennt gerist og jafnframt er hægt að ganga lengra í launahækkunum, ef samið er um hagræðingu, framleiðni eða ábataskipti á mótí. Sem dæmi má nefna að ef samið er um 2% launakostnaðarramma og hagræðing innan fyrirtækisins skilar 3% sparnaði, getur launahækkunin orðið 5% án þess að ástæða sé til að hafa áhyggjur af verðlagi, gengi eða fjölda starfa. Þetta er í rauninni kjarninn í norræna samfélags- og efnahagsmódelinu og meginástæða þess að Nordurlöndin geta greitt hæstu launin en verið á sama tíma meðal samkeppnishæfustu þjóða!

En góðir félagar.

Norræna sammingalíkanið gengur lengra, því það byggir á mjög ríkri samkennd og sameiginlegum skilningi á því að jafnræði þurfi að vera á milli hópa m.t.t. þróunar kjara. Þetta er til þess að verja grundvöll líkansins og endurnýja í sífellu tilvist þess – ekkert gerist af sjálfu sér heldur vegna þess að menn vilja það! Þegar frændur okkar tóku þetta sammingalíkan upp – á svipuðum tíma og við gerðum þjóðarsáttarsamningana árið 1990 – stóðu þeir í rauninni frammi fyrir ámóta „deilum“ á vinnumarkaði hvað varðar mismunandi lífeyrisréttindi og áhrif misskiptingar á launaskriðið. Þetta reyndum við að endurspeglu í ramma-samkomulaginu frá síðasta ári, en lykilsendur samkomulagsins eru ákvæði um jöfnun lífeyrisréttinda og trygging taxtalaunahópa á opinberum og almennum vinnumarkaði fyrir því að sitja ekki eftir í launaskriði.

Aftur var það þannig líkt og í ársbyrjun 2014 að aðildarfélög ASÍ og BSRB samþykktu að feta þetta einstigi saman í viðræðum við okkar gagnadila og undirrituðu rammamarkulagið í október á síðasta ári, en félögin að baki Kennarasambandinu og BHM treystu sér ekki í vegferðina vegna ágreinings eða efasemda um lausn lífeyrismálanna.

Jöfnun lífeyrisréttinda hefur reyndar verið til umfjöllunar býsna lengi og í sjálfu sér breið samstaða um framtíðarskipan lífeyrismála. Vandinn hefur snúið að því hvernig við förum frá núverandi kerfi og yfir í þessa framtíðarskipan. Í rammamarkulaginu reyndum við að setja niður vegstikur á þeirri leið sem hvor aðili þyrfti síðan að semja sig að. Aðildarfélög ASÍ sömdu við atvinnurekendur í janúar á þessu ári um að breyta almenna lífeyriskyrfinu að þessari framtíðarskipan með hækkun iðgjalda í lífeyrissjóð úr 12% í 15,5%. Ráðstöfuðum við hluta af okkar launakostnaðarsvigrúmi samkvæmt ramma-

samkomulaginu til þess og fengum minni beinar launahækkanir sem því nam. Samtök opinberra starfsmanna hafa síðan átt í viðræðum við fulltrúa fjármálaráðherra og sveitarfélaga um aðlögun opinberra kerfisins að þessari framtíðarskipan lífeyrismála. Ég held að allir geri sér grein fyrir því að þetta hafa verið erfiðar viðræður. Við höfum ekki verið beinir aðilar að þessum viðræðum, þó ljóst sé að niðurstaða þeirra geti ekki orðið til í einhverju tómarúmi. Vinna við mótun samningalíkans hefur m.a. dregist verulega vegna þessara tafa, en upphaflega stóð til að ljúka þeim fyrir lok janúar. Það var því mikið fagnaðarefni þegar tilkynnt var í september að náðst hefði samkomulag ríkisins og sveitarfélaganna við samtök opinberra starfsmanna um lífeyrismál og við blasti að heildarsamtök launafólks í landinu gætu sameinast í viðræðum við gagnadila okkar og stjórnvöld um ekki bara nýtt samningalíkan heldur einnig nýtt og breytt samfélagsmódel. Samninganefnd ASÍ var kynnt þetta samkomulag og taldi efni þess vera í samræmi við það sem um hafði verið rætt og að hafi verið stefnt.

Það voru því að sama skapi gríðarleg vonbrigði þegar í ljós kom grundvallar ágreiningur milli samningsaðilanna um hvað hefði verið samið þegar ríkisstjórn lagði fram frumvarp til laga um breytingar á A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og ekki alveg ljóst hvernig eigi að leysa úr þeim ágreiningi. Eins og áður sagði vorum við ekki beinir aðilar að þessum viðræðum og eigum því í nokkrum vanda með að átta okkur á stöðunni, einkum þegar orð standa gegn orði milli samningsaðila. Hvað sem öðru líður, treysti fjármálaráðherra sér ekki til þess að fylgja þessu máli eftir á Alþingi í ágreiningi við samtök opinberra starfsmanna hér í aðdraganda kosninga. Miðstjórn ASÍ brást hins vegar mjög harkalega við þegar stjórnvöld kynntu áform um að ekki bara þvinga fram hækkun lífeyristökualdurs almennings í 70 ár á sama tíma og verja átti 65 ára lífeyristökualdur alþingismanna og opinberra starfsmanna, heldur átti að hradá breytingunni úr 24 árum í 12 ár. Það er alveg ljóst að ef til þessa hefði komið hefði það eitt og sér leitt til mikilla átaka og sem betur fer féllst bæði ríkisstjórn og Alþingi á rök okkar fyrir því að þessi mál verði að haldast í hendur – jöfnun lífeyrisréttinda og breytingar á lífeyristökualdri í almannatryggingakerfinu.

Eftir stendur að ekki hefur náðst samkomulag um jöfnun lífeyrisréttinda og þar með fellur vilyrði fyrir því að taxtalaunahópar á opinberum vinnumarkaði njóti launa-skríðstryggingar. Frá okkar sjónarhóli er það alveg skýrt, að forsenda fyrir því að hægt verði að skapa sátt á vinnumarkaði um nýtt og breytt samningalíkan er, að það verði að vera jafnræði milli hópanna varðandi lífeyrismál og launaskrið. Nú er því mikil óvissa um framvindu þessara mála. Stjórnir bæði Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brúar – lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, hafa þegar ákveðið að að óbreyttu munu iðgjöld til

þeirra hækka um 3,6%–4,8% frá og með 1. janúar nk. Verði það niðurstaðan blasir tvennt við. Draumur okkar um jöfnun lífeyrisréttinda fer enn einu sinni fyrir bí – og þar með forsendan fyrir áframhaldandi viðræðum um nýtt samningalíkan – og jafnframt munu forsendur okkar kjarasamninga sem koma til endurskoðunar í febrúar á næsta ári bresta.

Góðir félagar.

Það er við þessar aðstæður sem við ætlum hér á þessu þingi að ræða stefnu okkar og stöðutil næstu tveggja ára. Við höfum annars vegar fyrir okkur það verkefni að ræða kosti og galla norræna samningalíkansins – líkans sem tryggt hefur frændum okkar meiri kaupmátt og betri lífskjör við skilyrði lágrar verðbólgu og lágra vaxta – en okkur hefur auðnast, og ákall okkar til stjórn-málanna um að slíkt líkan verði reist á forsendum félagslegs og efnahagslegs stöðugleika. Í þeirri umræðu er mikilvægt að hafa eitt skýrt leiðarljós og það er að nýtt og breytt samningalíkan er ekki markmið í sjálfu sér, heldur einungis verkfæri til að ná því markmiði sem sameinar okkur í eina órofna heild, það að bæta stöðugt lífskjör okkar félagsmanna og tryggja kröfu þeirra um jöfnuð og jafnræði. Hins vegar þurfum við að ræða opinskátt þá stöðu sem upp er komin. Viðræðum heildarsamtakanna á vinnumarkaði í Salek hópnum hefur verið slegið á frest og að óbreyttu stefnir í forsendubrest okkar kjarasamninga. Við gætum verið komin í deilu við okkar viðsemjendur þegar á næsta ári í viðleitni okkar að standa vörð um hagsmuni félagsmanna aðildarfélaga ASÍ. Hætt er við að sú deila verði býsna hörð og langvarandi og kalli á mikla samstöðu innan okkar raða. Verum því minnug þess að afl okkar felst í samstöðunni, það er með henni sem við getum haldið áfram að breyta þessu þjóðfélagi til betri vegar.

Ég óska ykkur og okkur öllum velfarnaðar á þessu þingi og segi 42. þing Alþýðusambands Íslands sett.“

Framsögur gesta

Ólafía B. Rafnsdóttir bauð félags- og húsnæðismálaráðherra, Eygló Harðardóttur, velkomna til þingsins.

Ávarp félags- og húsnæðismálaráðherra

„Háttvirta samkoma, góðir gestir.

Fyrst af öllu vil ég óska ykkur til hamingju með 42. þing Alþýðusambands Íslands sem hér er að hefjast undir fyrirsögninni; Samstaða í 100 ár – sókn til nýrra sigra. Það felst í þessari yfirskrift þingsins kraftur, saga og hjartσύni til framtíðar. Mér finnst þetta flott og videigandi. ASÍ hefur minnst 100 ára afmælis síns með ýmsum hætti á árinu, enda mikil saga og merk að baki. Margir sigrar hafa sannarlega unnist sem vert er að minnast – en mestu

skiptir þó hvað framundan er, verkefni sem þarf að leysa og nýjar áskoranir sem framtíðin ber óhjákvæmilega með sér. Í þeirri vinnu eigum við að sjálf-sögdum að færa okkur söguna í nyt og læra af því sem vel hefur tekist og mestum árangri skilað til að auka velferð almennings og vinnandi fólks í landinu.

Það kemur tæpast neinum á óvart þótt ég geri hér húsnæðismál að sér-stöku umtalsefni, en almennt húsnæðisöryggi er á öllum tímum ein af grunn-forsendum velferðar hvers samfélags. Verkalýðshreyfingar víða um Evrópu voru drifkraftur að baki uppbyggingu félagslegs húsnæðis í Evrópu í byrjun tuttugustu aldarinnar. Þessara áhrifa gætti líka hér, þótt hér væri áherslan á eignaríbúðir en ekki leiguíbúðir líkt og víðast annars staðar.

Þegar ég tók við embætti ráðherra og fékk húsnæðismálin í minn hlut var mér ofarlega í huga hvort og hvernig mætti hagnýta fyrri reynslu til að studla að uppbyggingu á hagkvæmu húsnæði með víðráðanlegum kjörum fyrir efna-minni einstaklinga og fjölskyldur. Í því sambandi horfði ég m.a. til svokallaðs júlísamkomulags frá árinu 1965 þar sem í tengslum við gerð kjarasamninga var gerð áætlun um uppbyggingu um 1.250 íbúða í Reykjavík.

Í lok máí á síðasta ári kynnti ríkisstjórnin ráðstafanir í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Þar var m.a. kveðið á um upp-byggingu 2.300 leiguíbúða í nýja almenna íbúðakerfinu með stofnframlögum ríkis og sveitarfélaga, lækkun byggingarkostnaðar, stuðning við fyrstu íbúða-kaup fólks og húsnæðisbætur í þágu efnaminni leigjenda. Þessi ákvörðun stjórnvalda var tekin í samvinnu við sveitarfélögin og aðila vinnumarkaðarins – og varðaði veginn fyrir samþykkt þeirra frumvarpa um húsnæðismál sem ég lagði fram á Alþingi og eru nú orðin að lögum.

Ég er stolt af því víðtæka samstarfi sem tókst um þessar mikilvægu úrbætur í húsnæðismálum og vil nota tækifærið hér til að þakka Alþýðusam-bandi Íslands fyrir sinn þátt. Ég tel að með þessu muni nást þau markmið sem ég hef þarist fyrir í húsnæðismálum, sem eru að skapa raunhæfa valkosti fyrir fólk, óháð efnahag og tryggja þannig öllum heimilum landsins öruggt hús-næði.

Sagan kennir að samtakamáttur er flestum kröftum öflugri. Í raun má segja að samfélög manna byggist á samtakamættinum sem jafnan ræður mestu um vöxt þeirra og velferð. Frjáls samtök launafólks með skýr markmið um velferð og bættan hag félagsmanna geta af þessum ástæðum verið geysilega mikilvægt afl og komið miklu til leiddar, ef tekst að virkja fjöldann og samtakamáttinn til góðra verka.

Norðurlandþjóðirnar eiga sammerkt að samtök launafólks standa þar traustum fótum og eru viðurkennt afl með sterka stöðu í samfélaginu. Samspil milli samtaka launafólks, samtaka atvinnurekenda og stjórnvalda er mikið og

sterkt og þótt auðvitað kastist oft í kekki hefur þetta samstarf reynst farsælt og er talið ein af forsendum almennrar velferðar á Norðurlöndunum. Helstu ein-kennin eru m.a. mikil atvinnuþátttaka, hátt menntunarstig og frekar lítill tekju-munur í samanburði við önnur lönd – og öryggiskerfi sem tekur við heim sem af einhverjum ástæðum geta ekki verið virkir þátttakendur á vinnumarkaðinum.

Það blasir við að framþróun á vinnumarkaði krefst alltaf samspils og sam-vinnu þessara þriggja máttarstólpa. Jafnrétti kynja á vinnumarkaði – eða öllu heldur skortur á því – er eitt slíkra viðfangsefna sem verður ekki leyst nema með samstilltum aðgerðum. Þann 24. október síðastliðinn kynnti aðgerða-hópur stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins tillögur að framtíðar-stefnu um jafnlaunamál og jafnrétti á vinnumarkaði. Ég hvet ykkur til að kynna ykkur þessar tillögur sem ég vona að verði meðal annars til þess að okkur takist að eyða hinum hróplega kynbundna launamun sem er skammar-legur og óskiljanlegur í samfélagi sem telur sig nútímalegt.

Á sama fundi og tillögur aðgerðahópsins voru kynntar var sagt frá tilraunaverkefni um innleiðingu jafnlaunastadalsins sem þið þekkið eflaust öll, en staðallinn á að tryggja fagleg vinnubrögð til að fyrirbyggja hvers konar mismunun og nýtast atvinnurekendum til að bjóða starfsfólki réttláta og gagn-sæja launastefnu. Opnuð hefur verið upplýsingasíða um staðalinn sem er aðgengileg öllum sem vilja koma á og viðhalda launajafnrétti á sínum vinnu-stað.

Ég hef nú talað um húsnæðismál og jafnréttismál sem mikilvæg samvinnu-verkefni aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Mörg fleiri, stór og brýn viðfangsefni krefjast einnig slíkrar samvinnu. Ég nefni hér sérstaklega félags-leg undirboð á vinnumarkaði, ekki síst gagnvart erlendu verkafólki sem af ýmsum ástæðum getur reynst erfitt að standa á rétti sínum þegar á reynir – að ég tali ekki um verstu birtingarmyndir misnotkunar á verkafólki þar sem bein-línis er um mansal að ræða.

Svört atvinnustarfsemi, brot á kjörum launafólks, ófullnægjandi vinnuað-stæður og brotalamir í vinnuvernd, allt eru þetta þekkt vandamál á vinnu-markaðinum sem reynslan frá þensluárunum fyrir hrun kennir okkur að við þurfum að vera vakandi fyrir og berjast gegn með oddi og egg.

Góðir gestir.

Á undraskömmum tíma hefur orðið algjör viðsnúningur í efnahagslífinu og þar með á vinnumarkaði. Allar helstu hagtölur eru okkur í vil og aðstæður góðar. Atvinnuleysi er nánast úr sögunni og í sumum greinum er skortur á starfsfólki. Kaupmáttur launa hefur aukist hratt, verðbólga er lág og ekkert sem bendir til annars en áframhaldandi velgengni í efnahags- og atvinnu-málum.

Ég vona að við berum gæfu til að spila vel úr þessari góðu stöðu á kom-

andi misserum, látum ekki blindast af velgengninni heldur vinnum saman að því að treysta grunnstoðir samfélagsins. Það gerum við m.a. með því að bæta úr brotalömunum á vinnumarkaði á borð við þær sem ég hef þegar nefnt, t.d. með því að eyða kynbundnum launamun, vinna gegn félagslegum undirbodum og uppræta skattaundanskot og svarta atvinnustarfsemi.

Áður en ég lýk máli mínu get ég ekki látið undir höfuð leggjast að nefna þær breytingar á almannatryggingakerfinu sem ákveðnar voru með lögum frá Alþingi nýverið. Að baki þessum breytingum liggur langur og strangur undirbúningur með víðtæku samráði, enda mikið í húfi. Árangurinn mun m.a. sjást í breyttu og einfölduðu bótakerfi og innleiðingu sveigjanlegra starfsflokka. Framlög ríkisins til lífeyriskerfisins verða aukin um 10–11 milljarða króna á ári.

Góðir fundarmenn.

Það eru tækifæri til sóknar og nýrra sigra fyrir íslenskt samfélag. Ég þakka Alþýðusambandi Íslands fyrir samskiptin á liðnum árum og óska ykkur gæfu og gengis í störfum ykkar til framtíðar.“

Ólafía B. Rafnsdóttir þakkaði ráðherra fyrir og bauð aðstoðarframkvæmdastjóra Alþjóðasambands verkalýðsfélaga (ITUC), **Jaap Wienen**, velkominn.

Ávarp aðstoðarframkvæmdastjóra ITUC

Jaap Wienen ávarpaði þingið á ensku en hér fylgir samantekt á íslensku.

„Kæru vinir.

Það er mér sönn ánægja að ávarpa ykkur fyrir hönd Alþjóðasambands verkalýðsfélaga. ASÍ er virtur stofnaðili ITUC, og í dag eruð þið hluti af stærstu frjálsu félagasamtökum heims með 180 milljónum launafólks í rúmlega 160 löndum í öllum heimshornum. Og við erum stolt af að hafa ykkur með okkur. Þar sem þátttaka í verkalýðsfélögum á Íslandi er ríflega 80% eruð þið í flokki þátttökumeistara hjá okkur og við viljum læra af ykkur.

Eins og mörg ykkar vita, var meginviðfangsefni síðasta þings okkar „valdeftling launamanna“. Og þetta verður eitt af forgangsmálum okkar í mörg ár. Takist okkur ekki að sýna fram á vald launafólks, munu stjórnvöld og einkum vinnuveitendur í mörgum þeirra landa þar sem við störfum, ekki fara að kröfum launafólks og stéttarfélaganna þeirra. Ef við sýnum ekki vald félagsmanna okkar, mun launafólk ávallt bera kostnaðinn af ójafnvægi í hagkerfinu, en það birtist í atvinnuleysi, félagslegu óréttlæti, ójöfnuði í launum og almennt í samfélaginu.

Alþjóðasamband verkalýðsfélaga krefst gæðastarfa – sómasamlegrar atvinnu – félagslegrar lágmarksverndar og launa sem tryggja sómasamlegt líf – en því miður er hundruðum milljóna launamanna neitað um réttinn til sóma-

samlegs lífs, og rúmlega 75% fólks um allan heim njóta ekki neinnar eða ófullnægjandi félagslegrar verndar. Í Evrópu er hefð fyrir sterkum réttindum launamanna og vernd þeirra, en jafnvel í þeirri „félagslegu paradís“ er réttindum launafólks ógnað í dag! Nú er atvinnuþátttaka karla og kvenna á Íslandi mikil og störf eru yfirleitt mjög þokkaleg. Ég óska ykkur til hamingju með allt sem þið hafið áorakað til að tryggja og bæta rétt launafólks ykkar allan þann tíma sem þið hafið starfað.

Hlutverk samtaka ykkar í íslensku samfélagi er hlutverk stofnunar, sem virtur aðili vinnumarkaðarins á öllum stigum hagkerfisins, á landsvísi, innan atvinnugreinanna og innan fyrirtækjanna. Aðferð ykkar við sameiginlega kjarasamninga, atvinnustigið og jafnréttið milli karla og kvenna er draumsýn fyrir milljónir félaga okkar.

Það er af þeirri ástæðu sem við þurfum samstöðu ykkar, virka þátttöku ykkar í alþjóðlegu skipulagi okkar og þátttöku í starfi okkar innan alþjóðlegra stofnana. Við þökkum ykkur fyrir að sinna því hlutverki, þökkum virka þátttöku í því hlutverki að berjast hnattrænt á öllum stigum.

Eins og sjá má í dag er stjórnvöldum víðs vegar um heiminn stöðugt settur stóllinn fyrir dyrnar af fyrirtækjum sem ákveða stefnu og reglusetningu (eða réttara sagt afnám reglna). Stórfyrirtækin – fjölþjóðlegu fyrirtækin – drottna yfir þeirri stefnu, á fjármálamörkuðum með 80% af hnattrænu flæði viðskipta, á markaði framleiðslunnar með 60% af framleiðslunni, allt háð aðfangakeðjum. Allt að 94% af starfsmönnum í aðfangakeðjum okkar er falið vinnuafli. Þeirri vinnu er útvístað til fjölþjóðlegra fyrirtækja sem eru með hreinar hendur fyrir opnum tjöldum en nota ódýrt og óformlegt vinnuafli á bak við tjöldin.

Þess vegna berjumst við fyrir hnattrænu rammafyrirkomulagi sem tekur til allra starfsmanna í aðfangakeðjunum – hnattræn réttarregla ætti þannig að gera stéttarfélögum kleift að bregðast við með frjálsum og sjálfstæðum hætti, tryggja mannsæmandi lágmarkslaun, tryggja félagslega vernd, banna hvers kyns barna- og nauðungarvinnu, ná til heilbrigðis- og öryggisreglna sem er framfylgt í raun. Allur heimurinn varð fyrir áfalli þegar textílverksmiðja í Bangladesh hrundi fyrir nokkrum árum og hundruð starfsmanna létu lífið. En í gær var upplýst um sýrlenska flóttamenn (einnig börn) sem vinna í textílverksmiðjum í austurhluta Tyrklands fyrir 1 evru á dag. Að sjálfsögðu neituðu allir framleiðendur strax að þeirra vörur kæmu þar við sögu – en „merki“ þeirra fundust í þessum verksmiðjum. Mynduð þið hika við að borga 30 krónum meira fyrir stuttermabol ef þið vissuð að hann var framleiddur með mannsæmandi hætti sem uppfyllir alþjóðlega staðla okkar? Auðvitað mynduð þið ekki hika við það og það myndu 99% neytenda um allan heim ekki gera heldur.

Þess vegna erum við sannfærð um að stefna okkar og aðgerðir virki og

Þess vegna flettum við ofan af misnotkun um allan heim. Við viljum koma böndum á vald fyrirtækjanna – með því að beita alþjóðlegum stöðlum, koma á alþjóðlegum fundum með leiðandi stjórnvöldum, en fyrst og fremst með því að sýna fram á „vald launafólks“. Launafólk mun ekki samþykkja að 45% af íbúum jarðar lifi á jaðrinum, á sama tíma og verg landsframleiðsla hefur þrefaldast á 3 áratugum, en í stað aukins jöfnunar hefur fyrirtækjagræðgin dregið til sín auð launafólksins. Það er skömm fyrir alla leiðtoga heimsins að stórt hlutfall íbúa, jafnvel í iðnvæddum ríkjum, fái ekki nægar tekjur fyrir nauðsynjum eins og húsnæði, mat og rafmagni. Hér er dæmi sem mun koma ykkur óþægilega á óvart: hlutfallið er 10% í Þýskalandi, 7% í BNA, 13% í Frakklandi, 7% í Bretlandi og 22% í Suður-Kóreu! Sum þessara landa eru með skilvirk skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins! En svo virðist að það tryggi ekki jafna meðferð, mannsæmandi laun og mannsæmandi líf. Við verðum að vera á varðbergi til að vernda rétt okkar og fordæmi ykkar með svo mikla þátttöku í stéttarfélögum er hvatning fyrir svo mörg stéttarfélög um allan heim sem berjast fyrir tilvist sinni, til að uppfylla að minnsta kosti grunnþarfir fjölskyldna þeirra, svo þær fái lifað mannsæmandi lífi.

Þakka ykkur enn á ný fyrir styrk ykkar, fyrir að leggja metnað ykkar í alþjóðlega samstöðu, fyrir árangursríka baráttu ykkar til að skapa jafnrétti á milli karla og kvenna. Árangurinn af vinnu ykkar takmarkast ekki við strendur þessa fagra lands – þið veitið milljónum annarra von, fólki sem sækir til ykkar hvatningu um að hægt sé að öðlast betra líf!

Ég þakka ykkur áheyrnina og óska ykkur árangursríks þings!“

Ólafía B. Rafnsdóttir þakkaði **Japp Wienen** fyrir ávarpið og bauð framkvæmdastjóra Norræna verkalýðssambandsins (NFS), **Magnus Gissler**, að stíga í pontu.

Ávarp framkvæmdastjóra NFS

Magnus Gissler ávarpaði þingið á ensku en hér fylgir samantekt á íslensku.

„Kæru félagar og vinir.

Það er mér mikill heiður og forréttindi, sem framkvæmdastjóri Norrænu verkalýðshreyfingarinnar, að ávarpa ykkur á þingi ASÍ fyrir hönd allrar NFS-fjölskyldunnar og óska ykkur góðs gengis og einingar. Við erum sannfærð um að þingið verður árangursríkt.

NFS eru samtök 9 milljóna launþega, á öllum sviðum, í öllum atvinnugreinum norræna vinnumarkaðarins. Það gerir okkur sterk og áhrifamikil. Við eigum sameiginleg grunngildi, gildi verkalýðsfélaga og meginreglu um lýðræði sem kveður á um réttindi á vinnustað og mannsæmandi vinnu. Við höfum sömu sýn um góða vinnu – framtíð vinnunnar.

ASÍ og aðildarfélög þess, sem og sérhver félagsmaður þeirra, eru mikilvægur hluti af norrænni, evrópskri og hnattrænni hreyfingu stéttarfélaga. Hér á landi og innan ASÍ er einhver mesta þátttaka í stéttarfélögum í heiminum, rúmlega 80%, sem er aðdúunarvert. Hér er líka gott samspil mikillar þátttöku í verkalýðsfélögum, skilvirks og öflugs regluverks fyrir vinnumarkaðinn, ein mesta þátttaka í almennum kjarasamningum á vinnumarkaði, um það bil 90% vinnuaflsins. Hér er einnig mikil atvinnuþátttaka jafnt kvenna sem karla.

Þessi dæmi eru hornsteinar norræna samningslíkansins fyrir vinnumarkaðinn. Það tengir okkur líka saman og sameinar okkur í norrænni samvinnu. Þetta líkan, eins og við þekkjum það, stýrir vinnumarkaðinum með kjarasamningum, nokkuð sem er einstakt, bæði innan Evrópu og á hnattræna vísu. Þannig hefur tekist að skapa vöxt og störf á Norðurlöndum jafnframt því að jafna launamun. Þungamiðja líkansins og virkni þess er samstarf aðila vinnumarkaðarins og skodanaskipti þeirra á milli. Mikil þátttaka í stéttarfélögum, öflugir og sjálfstæðir aðilar á vinnumarkaði, víðtækir samningar ásamt uppbyggilegu samstarfi aðilanna er nauðsynlegt til að hægt sé að ná fram stöðugleika, fyrirsjáanleika og friði í atvinnulífinu. Með líkaninu verður líka auðveldara að taka á skipulagsbreytingum og þróun á vinnumarkaði.

Stöðugleikasáttmálinn sem var gerður hér á landi í árslok 2015 á milli atvinnu-veitenda, ríkis og sveitarfélaga um að þróa nýtt samningslíkan fyrir íslenskan vinnumarkað er gott dæmi um þróun norræna líkansins og hvernig á að styrkja það. Það er undir áhrifum annarra norrænna landa og samninga en um leið í sínu einstaka íslenska samhengi. Þannig er best að taka ábyrgð á norræna líkaninu og sýna fram á að hægt er að styrkja það og þróa. Ég þakka Íslandi og ASÍ fyrir þetta framlag í norrænu samstarfi okkar.

Á sama tíma og við fjöllum um þessar jákvæðu aðstæður, erum við engu að síður öll meðvitund um að við okkur blasa erfið verkefni og að norræna líkaninu og félögum okkar í stéttarfélögum stafar hættu af hnattvæðingu, stafrænu byltingunni, fyrirtækjagræðgi og ýmsum tilraunum til að beita ný-netvangshagkerfum til að grafa undan félagslegu öryggi, vernd og öruggri atvinnu. Við stöndum frammi fyrir þessum áskorunum hér og nú. Því verðum við að þróa norræna líkanið í sameiningu á vettvangi norræns, evrópsks og hnattræns samstarfs stéttarfélaga svo árangur náist líka í framtíðinni, árangur við að skapa atvinnu, árangur við að koma á sanngjörnum og góðum starfskilyrðum, árangur við að krefjast sanngjarnra launa og jafnrar tekjudreifingar, árangur við að þróa sanngjarna félagslega vernd í gegnum vinnumarkaðinn og að mynda bestu mögulegu forsendur fyrir sjálfbæra starfsævi fyrir alla.

Frammi fyrir þessum áskorunum, treysti ég og öll NFS-fjölskyldan á ykkur, félaga okkar hér innan ASÍ, og hollustu ykkar bæði í samstarfi okkar og bar-

áttu við erfið verkefni sem við þurfum að takast á við til að koma málefnum norrænna, evrópskra og hnattrænna stéttarféлага á dagskrá, svo hægt sé að ná norrænum, evrópskum og hnattrænum samningi.

Við þurfum á ykkur að halda, við treystum á ykkur, okkur líkar við ykkur og við hlökkum til að dýpka og efla enn frekar gott samstarf okkar innan NFS með ykkur og jákvæðu, uppbyggilegu og svölu fulltrúum ykkar í norræna samstarfinu.

Ég flyt ykkur, enn og aftur, kveðju frá allri NFS-fjölskyldunni og óska ykkur alls hins besta á þessu þingi og í þeim mikilvægu umræðum og ákvörðunum sem framundan eru. Ég hlakka til að taka þátt í þinginu og kynnast betur áskorunum og áherslumálum ykkar til að efla enn frekar samvinnu stéttarféлага í framtíðinni, fyrir framtíð vinnunnar!

Gangi ykkur allt í haginn!“

Ólafía B. Rafnsdóttir þakkaði **Magnus Gissler** kærlega fyrir ávarpið og bauð formann BSRB, **Elínu Björgu Jónsdóttur**, velkomna.

Ávarp formanns BSRB

„Forseti ASÍ, ráðherrar, ágætu félagar.

Samstaða er yfirskrift þessa fertugasta og annars þings ASÍ og það á vel við. Hún er mikilvægt afl fyrir allt launafólk og við eigum þar samleið, BSRB og ASÍ.

Stundum er eins og við, í forystu BSRB og ASÍ tölum í sitthvora áttina í mikilvægum málum, en þegar nánar er að gáð eru miklu fleiri atriði sem sameina okkur en sundra. Við erum sammála um mikilvægi þess að berjast fyrir kjörum og réttindum launafólks í landinu. Þar eigum við að standa saman og styðja við bakið hvert á öðru í baráttunni.

Mikilvægi heildarsamtaka, á borð við ASÍ og BSRB, eru augljós í því að móta sýn, um hvernig samfélag við viljum byggja. En það er ekki nóg að hafa markmiðin á hreinu, við verðum líka að vinna sameiginlega að því að komast á leiðarenda.

Við erum sammála um ákveðna framtíðarsýn. Við vinnum saman að því að viðhalda stöðugleika í íslensku efnahagslífi, þótt það sé auðvitað ekki verkalyðshreyfingarinnar einnar að sinna því verkefni. Það er sameiginlegt baráttumál að tryggja aukinn kaupmátt íslensks launafólks og félagslegan stöðugleika.

En það er ekki síður áherslan á félagslegt réttlæti sem sameinar okkur í baráttunni. Við sameinuðumst á Austurvelli á mánudaginn var þar sem við börðumst fyrir jafnrétti. En dæmin eru fleiri.

BSRB og ASÍ hafa til að mynda stofnað íbúðafélag sem ætlað er að bæta stöðu þeirra tekjulægri á húsaleigumarkaði.

Við eigum marga samstarfsfleti þegar kemur að menntamálum, til dæmis Félagsmálaskóla alþýðu og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Við höfum undanfarið unnið saman að átaki til að byggja upp fæðingarorlofskerfið með átakanu Betra fæðingarorlof, og tekist í sameiningu að gera það mál að einu af kosningamálunum.

Við höfum verið sameinuð í baráttunni gegn áformum um einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu þar sem okkur hefur tekist að koma okkar sjónarmiðum skýrt á framfæri.

Ög við höfum verið saman í umræðu um að bæta íslenska kjarasamningsmódelið á vettvangi Salek-hópsins.

Það er sannarlega margt sem sameinar ASÍ og BSRB í baráttunni. Það á þó ekki við um öll mál. Undanfarin ár hafa bandalög opinberra starfsmanna verið í viðræðum við ríki og sveitarfélög um breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna þannig að allt launafólk búi við sams konar lífeyriskerfi. Þar höfum við gætt að því að réttindi sem félagsmenn hafa áunnið sér verði ekki skert.

Þessi vinna skilaði sér í samkomulagi sem bandalög opinberra starfsmanna og fulltrúar ríkis og sveitarfélaga undirrituðu um miðjan september. Í kjölfarið lagði fjármálaráðherra fram frumvarp sem ætlað var að fanga efni samkomulagsins og koma því í lög.

Það urðu okkur mikil vonbrigði að sjá endanlega útfærslu frumvarpsins þar sem ljóst var að það endurspeglaði ekki það samkomulag sem við undirrituðum.

En verkefnið fer ekki frá okkur.

Það eru flestir sammála um mikilvægi þess að vera með samræmt lífeyriskerfi. Á sama hátt hljóta flestir að vera sammála um, að ekki eigi að vera launamunur milli markaða, né heldur að skerða eigi áunnin réttindi launafólks.

Við verðum áfram að vanda okkur þegar við vinnum saman að þeim risastóru verkefnum sem bíða. Þar skiptir umræðuhefðin miklu máli. Einungis þannig getum við náð lendingu sem allir geta sætt sig við. Þannig virkar samstaðan.

Að lokum vil ég óska ykkur velfarnaðar í störfum þingsins.“

Ólafía B. Rafnsdóttir þakkaði öllum gestum sem sátu þingsetninguna fyrir komuna og bauð þeim að yfirgefa þingsalinn. Því næst bauð hún formanni kjörbréfanefndar að gera grein fyrir álitu nefndarinnar.

Kjörbréfanefnd

Guðmundur Þ. Jónsson, framsögumaður kjörbréfanefndar, gerði grein fyrir álitu nefndarinnar.

„Ágætu félagar.

Í samræmi við ákvæði 32. gr. laga Alþýðusambandsins skipaði forseti ASÍ eftirtalda í kjörbréfanefnd vegna þings sambandsins, 26.–28. október 2016: Guðmund Þ. Jónsson, frá Eflingu, Ingibjörgu Ósk Birgisdóttur, frá VR og Björn Ágúst Sigurjónsson, frá RSÍ.

Kjörbréfanefnd kom saman til fundar föstudaginn 21. október til að fjalla um innkomin kjörbréf og verklag vegna sambandsþings ASÍ.

Í samræmi við 2. mgr. 30. grein laga ASÍ var landssamböndum og landsfélögum með beina aðild úthlutað alls 290 fulltrúum. Þá samþykkti miðstjórn ASÍ að úthluta tveimur aðildarfélögum sem ekki náðu inn fulltrúa á grundvelli 2. mgr. 30. gr. laganna einum fulltrúa hvoru skv. 4. mgr. 30. gr.

Samkvæmt ákvörðun miðstjórnar og úthlutun landssambanda innan ASÍ höfðu 56 aðildarfélög og deildir rétt til að senda 292 fulltrúa til þingsins. Einnig eiga stjórnarmenn í ASÍ-UNG, 9 talsins, rétt til setu á þinginu með full réttindi á grundvelli 5. mgr. 29. gr. laga ASÍ.

Tvö aðildarfélög skiluðu ekki ársreikningum innan lögbundins frests. Tvö aðildarfélög SAMIÐNAR treystu sér ekki til að senda fulltrúa á þingið og var þeirra sætum úthlutað til Félags iðn- og tæknigreina.

21. október höfðu 54 aðildarfélög og deildir sent inn kjörbréf vegna 292 fulltrúa á ársfundinn. Þá hefur ASÍ-UNG sent inn kjörbréf vegna 9 stjórnarmanna.

Kjörbréfanefnd hefur ákveðið að viðhafa eftirfarandi verklag á þinginu:

Á vef þingsins er birtur listi með nöfnum þeirra þingfulltrúa sem kjörbréfum hefur verið skilað fyrir, raðað eftir aðildarfélögum eða landssamböndum. Þar sem fulltrúar eru kjörnir af aðildarfélögum á grundvelli aðildar að landssambandi kann sama félag að vera með fulltrúa hjá fleiri en einu landssambandi.

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréf í samræmi við framlagða lista verði öll samþykkt.

Ef það eru ábendingar sem þið viljið gera við samþykkt kjörbréf samkvæmt framangreindum lista er þess óskað að þið komið þeim á framsæri við starfsmann kjörbréfanefndar. Starfsmaður nefndarinnar er Halldór Grönvold og verður hann hér frammi í anddyri til að taka við ábendingum.

Þá ber að geta þess að frá því kjörbréfanefnd kom saman 21. október hafa borist nokkrar óskir um breytingar, þar sem varamenn eru að koma inn fyrir aðalmenn vegna forfalla, og er verið að vinna úr þeim.

Breytingarnar verða birtar á vef þingsins fyrir upphaf þingfundar á föstudag.“

Afgreiðsla kjörbréfa

Ólafía B. Rafnsdóttir bar upp tillögu kjörbréfanefndar og var hún samþykkt samhljóða.

Kjör starfsmanna þingsins

Ólafía B. Rafnsdóttir bar fram tillögu um Finnboga Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélagi Vestfirðinga, sem þingforseta og var tillagan samþykkt samhljóða.

Finnbogi Sveinbjörnsson tók við stjórn þingsins og bar fram tillögu um Hildi Ingólfssdóttur, VR og Hrönn Jónsdóttur, GRAFÍU sem varaþingforseta þingsins. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar fram tillögu um Pálínu Margeirsdóttur, AFLi starfsgreinafélagi og Vilhjálm Gunnarsson frá FIT sem skrifara þingsins. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Breytingar á þingsköpum

Magnús M. Norðdahl, ASÍ, gerir grein fyrir tillögum að breytingum á þingsköpum. Um væri að ræða breytingar til að greiða fyrir þeim breytingum sem felast í rafrænu þingi, þ.e. að ekki sé lengur allt saman prentað út heldur séu skjöl og gögn þingsins aðgengileg þingfulltrúum með rafrænum hætti. Kynnti hann eftirfarandi breytingatillögur:

Grein 2.2. breytist og hljóði svo:

Þingforseti stjórnar fundi og sér um að allt fari fram með góðri reglu, tekur við öllum erindum til þingsins og skýrir frá þeim, dreifir til þingfulltrúa eða birtir á aðgengilegan hátt með rafrænum hætti.

Grein 3.4. breytist og hljóði svo:

Nefndir skili skriflegu álitu sínu til þingsins og skal því dreift til þingfulltrúa skriflega eða það birt á aðgengilegan hátt með rafrænum hætti.

Grein 5.1. breytist og hljóði svo:

Engar tillögur um mál á sambandsþingi er hægt að bera upp til atkvæða nema þeim hafi verið dreift skriflega til þingfulltrúa eða þær verið birtar á aðgengilegan hátt með rafrænum hætti. Í öllum málum samkvæmt kafla þessum ræður einfaldur meirihluti atkvæða nema lög ASÍ eða þingsköp þessi mæli fyrir á annan veg.

Grein 5.2. breytist þannig:

Í stað tilvísunar í 1.málslið til „43.gr.“ laga ASÍ komi „50.gr.“

Við 5.2. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Miðstjórn er heimilt að efna til umræðu og ákvarðanatöku um tiltekin mál-

efni án þess að bera fram tillögu eins og mælt er fyrir um í 5.1. Skal þá við fyrri umræðu fara fram opin hringborðsumræða þingfulltrúa. Starfsmenn þingsins skulu taka saman niðurstöður hringborðsumræðu. Sérstakri ritnefnd kjörinni af þinginu skal síðan falið að setja niðurstöður fram í ályktunar- eða tillöguformi sem kynntar verði í viðeigandi málefnanefnd þingsins og afgreiddar þar til annarrar umræðu.

Pingforseti bar því næst upp breytingatillögurnar til samþykktar og voru þær samþykktar einróma.

Pingforseti gerði grein fyrir framlögðum þinggögnum og vinnufyrirkomulagi þingsins. Þingið er í fyrsta skiptið algjörlega rafrænt, öllum þingskjölum dreift rafrænt og allar tillögur og breytingar sem fram koma birtast rafrænt á sérstakri síðu þingsins sem er að finna á heimasíðu ASÍ. Pingforseti sagði frá fésbókarsíðu, Instagram og myllumerki þingsins og hvatti þingfulltrúa til að nýta sér samfélagsmiðlana.

Málefni þingsins – 1. umræða

Nýtt samningalíkan á vinnumarkaði

Sigurður Besson, 2. varaforseti ASÍ, gerði grein fyrir viðamesta verkefni þingsins sem væri að ræða fortíðina, skilgreina stöðuna í dag og rýna til - framtíðar allt í tengslum við nýtt samningalíkan. Mikilvægt væri að ræða út frá þeirri þekkingu og reynslu sem hreyfingin hefði á hefðbundnu fyrirkomulagi samninga á íslenskum vinnumarkaði samanborið við samningalíkan sem byggir á norrænni fyrirmynd, þar sem órjúfanlegt sambengi væri á milli - efnahagslegs og félagslegs stöðugleika. Hann sagði að það hafi verið forystu- og samningamönnum innan ASÍ nokkuð ljóst frá því í samningum árið 2015 að nauðsynlegt væri að fá meiri og staðbetri þekkingu á norrænum kjara- og samningamálum. Umræðan um norrænu vinnumarkaðsmódelin hafi aðallega farið fram meðal fræðimanna, en ekki innan samtaka á vinnumarkaði, einnig væri nauðsynlegt að launamenn tækju þátt í umræðunni. Sigurður sagði að norræna vinnumarkaðsmódelið hefði að markmiði að auka jöfnuð til langs tíma, byggja upp félagsleg réttindi, auka kaupmátt, bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja og síðast en ekki síst að ná fram meiri stöðugleika í efnahagsmálum.

Sigurður gerði grein fyrir þeim atriðum sem forystumenn og samningamenn vinnumarkaðarins töldu áhugaverðust eftir kynnisferð til Norðurlandanna. Hann sagði að styrkleiki norska kerfisins væri að allir samningar renna út á svipuðum tíma og að tímasetningar fyrir upphaf viðræðna væru mjög skýrar og allt miðaði að því að samkomulag náist án aðkomu ríkissáttasemjara. Ríkissáttasemjari hefur þó mikil áhrif á samningagerðina og gegnir lykilstöðu við tiltekna aðstæður, þegar málin eru komin í hendur sáttasemjara

er þrýst á aðila að ná samkomulagi en samningsaðilar þurfa að vera sammála því uppleggi sem fer í atkvæðagreiðslu. Allt ferlið er bundið tímasetningum og niðurstöðum þar sem einn hlekkur leiðir til annars.

Á þessu ári gengu Norðmenn frá nýjum kjarasamningum á landsvísu, þar sem að undirbúningur hófst í byrjun janúar 2015. Fyrst senda landssamböndin tillögur til sinna aðildarfélaga og eftir þrjá mánuði er ákveðið upplegg sent til allra félagsmanna. Félögin höfðu frest til nóvember 2015 til að leggja fram kröfur en mánuði síðar var farið í viðræður við einstaka hópa/starfsgreinar. Eftir þær umræður voru lagðar fram um 1800 tillögur, sem varð að forgangsraða í meginkröfur og sérgreindar kröfur allt eftir starfsgreinum. Áhersla er á að öll sjónarmið komi þar fram. Gott dæmi er krafa um vinnutíma. Fyrst er tekið á almennum kröfum innan stjórnar landssambandsins og síðan farið í faggreinarnar. Vinnutíminn er skilgreindur sem almenn krafa, en vaktir gætu verið teknar fyrir í einstökum hópum eða faggreinum.

Kjarasamningar eru gerðir til tveggja ára í Noregi, sagði Sigurður, og á síðara árinu á sér stað leiðrétting launa gagnvart opinberu hópunum miðað við það launaskrið sem varð á árinu á undan. Þess vegna er mun erfiðara að sjá fyrirfram hver raunkostnaðurinn er í opinbera umhverfinu. Í kjararannsóknarnefnd sitja fulltrúar heildarsamtaka vinnumarkaðarins en þar er unnið að kostnaðarviðmiði út frá stöðunni í þjóðfélaginu og vinnumarkaðinum sem er síðan viðmið fyrir niðurstöðu kjarasamninga.

Ef deilur koma upp um túlkun á rammamningum í Noregi á milli aðila og þeir ná ekki samkomulagi ber að vísa málinu til félagsdóms, sagði Sigurður. Aftur á móti ef upp koma deilur milli starfsmanna og fyrirtækis ber að leysa þær deilur í viðræðum milli trúnaðarmanns og vinnustaðar. Ákvæði í kjarasamningum kveða á um sterka stöðu trúnaðarmanna sem byggir á samráði við það launafólk sem hann er trúnaðarmaður fyrir og er skilgreint með formlegum hætti.

Sigurður fór einnig yfir þá þætti sem forystumenn og samningamenn vinnumarkaðarins töldu áhugaverðasta í danska samningalíkaninu, en það byggir á að rammi um kjarasamninga er að mestu leyti ákveðinn með samkomulagi heildarsamtakanna á vinnumarkaði en að litlu leyti með löggjöf. Rammamningurinn (hovedavtale) fjallar um almennar samskiptareglur þ.m.t. friðarskyldu, verkfallsrétt og málsmeðferð í vinnudeilum. Danska kerfið byggir á fjórum stöðum; réttinum til að skipuleggja sig í stéttarfélagum, verkfallsréttinum, friðarskyldunni og stjórnunarrétti fyrirtækja.

Rammamningurinn er í gildi bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði. Samninganefnd LO/danska alþýðusambandsins, gerir kjarasamning um sameiginleg mál sem varðar aðildarsamtökin, en samningar um kaup og kjör eru hjá einstökum félögum. Danska samningamódelið er þekktast fyrir

sveigjanleikann, sagði hann, þar sem að danska alþýðusambandið og samtök atvinnurekenda semja um rammisamning.

Kjarasamningslotur á almenna markaðinum hefjast með viðræðum þar sem iðnaðurinn eða þau fyrirtæki sem eru í alþjóðlegri samkeppni leggja línurnar um þær launahækkanir sem samið verður um. Ákveðið svigrúm er fyrir sveigjanleika í útfærslunni en ekki kostnaðarfrávik. Kjararannsóknarnefnd kemur að því að leggja mat á þróun launakostnaðar og það launasvigrúm sem aðilar ná sátt um í samningum. Kröfur er teknar fyrir hjá hverju og einu félagi, þar eru þær flokkaðar og forgangsraðað og í framhaldi sendar til CO-industri, sem er samstarfsvettvangur stéttarfélaga í iðnaði. Kröfurnar sem þangað berast eru flokkaðar í sjö mismunandi efnisflokk og unnið með þær í samstarfi við fulltrúa viðkomandi félaga og trúnaðarmanna.

Sigurður sagði að unnið væri eftir mjög nákvæmum tímaramma og mikil áhersla á undirbúning sem hefst ári áður en samningar renna út. Nefndi hann að fyrir 1. mars á næsta ári þyrftu kröfur félagsmanna og/eða trúnaðarmanna þeirra að liggja fyrir. Landssamböndin þurfa síðan að skila inn sínum kröfum fyrir ágústlok sama ár. Þegar allar kröfur eru komnar eru þær settar upp í mismunandi flokka og 7 nefndir skipaðar, eins og fyrr kom fram í máli Sigurðar.

Við upphaf samningsgerðarinnar er farið á átta mismunandi staði á landinu þar sem fundað er með trúnaðarmönnum og þar er hægt að leggja fram nýjar kröfur og þær eldri mótaðar enn frekar og á þessum fundum verður kröfugerðin til. Í framhaldi er skipuð minni nefnd sem hefur sér til aðstoðar vinnu-nefnd sem vinnur öll þau gögn sem til þarf. Afrakstur þeirrar vinnu er nýttur til að fara nákvæmlega í gegnum 40 samninga sem reynt er að leysa út frá þeim forsendum sem til urðu í þessari vinnu.

Verkfallsrétturinn gegnir mikilvægu hlutverki í danska samningakerfinu og þá ekki hvað síst samúðarverkföll. Hægt er að boða eins dags verkfall vegna fyrirtækjasamninga sem boðað er með 7 daga fyrirvara. Einnig gegna trúnaðarmenn lykilhlutverki, sagði Sigurður, þegar kemur að því að semja um sveigjanleika vinnutímans í fyrirtækjasamningum og hefur sá sveigjanleiki aukist á undanförunum árum.

Kjarasamningar á opinberum vinnumarkaði eru alla jafna gerðir ári eftir samninga á almennum vinnumarkaði. Almennt standa stéttarfélög saman að viðræðu við ríkið en þó geta þau samið hvert fyrir sig. Opinberum starfsmönnum er tryggð ákveðin launaskriðstrygging eða 80% af þeim mun sem er í meðaltalshækkun launa opinbera og almenna vinnumarkaðarins. Háskólahóparnir, sem eru fjölmennastir innan opinbera hópans, hafa leitt aðferðafræðina og þá niðurstöðu sem tekin er á opinbera sviðinu þannig að láglaunahópar innan opinbera sviðsins hafa í einhverjum tilvikum fengið minni hækkanir en láglaunahópar á almenna markaðinum.

Sigurður sagði að þróun vinnumarkaðsmódelanna væri stöðugt í gangi á Norðurlöndum og unnið væri með þau álitamál og ágreiningsmál sem upp koma jafnharðan. Á öllum þeim fundum sem forystan og samningamenn ASÍ áttu með fulltrúum launamanna, sáttasemjurum og öðrum fulltrúum atvinnulífsins var spurt hvort menn vilji fara út úr þessu fyrirkomulagi vegna álitamála og ágreinings sem upp kemur öðru hvoru og var svarið ætíð það sama, að ávinningurinn væri miklu meiri en gallarnir.

Að lokum sagði Sigurður að það væri okkar hvernig þróun vinnumarkaðsmála væri á Íslandi, nauðsynlegt væri að leita þekkingar á því sem vel væri gert og um leið að spyrja hvort hægt væri að gera betur. Það að breyta krefst aga, þolinmæði og þrautseigju en fyrst og fremst traust til að byggja á.

Velferð

Sigurros Kristinsdóttir, formaður velferðarnefndar ASÍ, gerði grein fyrir viðfangsefnum hópa- og nefndarvinnu um velferðarmál. Hún sagði að með samstilltum aðgerðum vinnumarkaðarins og stjórnmalanna væri hægt að tryggja launafólki hér á landi lífskjör í fremstu röð, en til þess þyrfti efnahagslegan og félagslegan stöðugleika sem leggur grunn að raunverulegum kjaraþótum. Hún sagði að nýtt samningalíkan á vinnumarkaði verði ekki grundvallað á því að launafólk axli ábyrgð á hinum efnahagslega stöðugleika ef honum fylgir ekki félagslegur stöðugleiki og velferð. Óhád því hvernig vindar stjórnmalanna blása, þarf að ríkja sátt og skilningur á þessu samhengi, þannig að á öllum tímum sé forgangsraðað í opinberum rekstri með þeim hætti að grundvallarþættir velferðar séu tryggðir. Hún sagði einnig að verkalýðshreyfingin hafi ætíð verið áhrifavaldur í uppbyggingu og þróun velferðarkerfisins hér á landi og ætlaði sér að vera það áfram. Umræðan um skipan og fjármögnun húsnæðismála, heilbrigðisþjónustu, öldrunarþjónustu, almannatrygginga og starfsendurhæfingar eru allt þættir sem hún lætur sig varða. Hún sagði að ófremdarástand væri á húsnæðismarkaði og mikið vantar upp á að heilbrigðiskerfið sé að þjóna þörfum fólks á öllum aldri sem við gerum kröfur til.

Sigurros sagði að á undanfögnu hafi áherslan verið á húsnæðisvanda þeirra félagsmanna sem búa við hvað mest óryggi á húsnæðismarkaði og þurfa að bera húsnæðiskostnað sem er langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Ungt fólk og tekjulág heimili eru í erfiðastri stöðu og hafa orðið útundan í skuldalækkunaradgerðum liðinna ára. Þess vegna skipuðu húsnæðismál veigamikinn þátt við gerð kjarasamninga vorið 2015 þegar verkalýðshreyfingin lagði ríka áherslu á að stjórnvöld tryggðu umgjörð og fjármagn til uppbyggingar á nýju almennu leiguíbúðakerfi fyrir tekjulægri heimili auk þess sem stuðningur við leigjendur yrði aukinn. Stjórnvöld skuldbundu sig í tengslum við samningana til uppbyggingar á 2.300 íbúðum í nýju kerfi á árunum 2016–2019. Baráttan

skilaði árangri í lögum um almennar íbúðir sem samþykkt voru á Alþingi í byrjun júní sl. en með þeim væri kominn nauðsynlegur lagarammi um fjármögnun og rekstur almennra íbúðafélaga sem geta með stofnstyrkjum frá ríki og sveitarfélögum byggt upp öruggt leiguhúsnaði með viðráðanlegri húsaleigu. Hún sagði þó að sigurinn væri langt frá því að vera unninn því þær 400 almennu íbúðir sem stjórnvöld áætla skv. fjármálaáætlun til næstu fimm ára duga engan veginn til að mæta þeirri miklu þörf sem við blasir. Mat hreyfingarinnar er að fjölga þurfi almennum íbúðum um a.m.k. 1.000 á ári næstu árin.

Á undanförunum árum hefur hreyfingin einnig talað fyrir því að nauðsynlegt sé að gera gagngerar breytingar á húsnæðislánakerfinu sem er óhagkvæmt og tryggir ekki lægstu mögulegu vexti. Hugmyndir um nýtt húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd fengu góðar undirtektir en breytingarnar hafa látið á sér standa. Því er verk að vinna á þeim vettvangi.

Varðandi heilbrigðiskerfið sagði Sigurrós að fjársveldi og það að innviðir hafa ekki verið byggðir upp sem skyldi og mikil greiðsluþátttaka sjúklinga í heilbrigðiskerfinu hafa verið í brennidepli umræðunnar um heilbrigðismál undanfarin ár. Verkalýðshreyfingin gæti aldrei sætt sig við að stórir hópar fólks þurfi að neita sér um heilbrigðisþjónustu og lyf vegna kostnaðar. Fjárhagur fjölskyldna má ekki fara á hliðina ef alvarleg veikindi steðja að. Það var áfangasigur þegar leitt var í lög nýverið að sett yrði þak á greiðsluþátttöku sjúklinga fyrir ákveðna þætti heilbrigðisþjónustunnar, en betur má ef duga skal, sagði hún. Þeir sem þurfa að greiða mikið fyrir lyfin sín vita að 95 þúsund króna greiðsluþak er allt of hátt. Ekki síst vegna þess að kostnaður vegna sálfræðiþjónustu, hjálpartækja, ferðakostnaður o.fl. kemur þar til viðbótar. Þá veldur verulegum áhyggjum að stofnanir heilbrigðiskerfisins glíma ár eftir ár við mikinn rekstrarvanda og staða öldrunarþjónustunnar er slæm. Það er ekki gott að á sama tíma og heilbrigðisráðherra tekur skóflustungur fyrir nýjum hjúkrunarheimilum, þá er framlag til hjúkrunarheimila allt of lágt og hefur sett mörg þeirra í mikinn rekstrarvanda. Hún sagði að á þessu verði að taka og ná sátt um þá nauðsynlegu umgjörð sem þessar stofnanir þurfa til þess að sinna hlutverki sínu með sóma.

Þessu tengt hefur umræðan um rekstrarfyrirkomulag heilbrigðisþjónustunnar skotið upp kollinum æ oftár á liðnum misserum. Sú umræða er mikilvæg og við þurfum að láta okkur hana varða og spyrja okkur hvaða máli það skipti hver rekur heilbrigðisþjónustuna. Heilbrigðisþjónusta má aldrei verða að uppruna fjárhagslegs arðs í vasa þeirra sem falið er það verkefni, sagði Sigurrós.

Að lokum sagðist hún hafa stiklað hér á stóru um þær fjölmörgu áskoranir og óleystu verkefni sem biðu hreyfingarinnar til að koma á því samfélagi jafnaðar og jafnra tækifæra sem við trúum á og hvatti þingfulltrúa til að nota

tímann vel til að setja fram okkar sýn og lausnir á þeim viðfangsefnum sem við blasa.

Vinnumarkaðs- og jafnréttismál

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður vinnumarkaðsnefndar ASÍ, gerði grein fyrir viðfangsefnum hópa- og nefndarvinnu um vinnumarkaðs- og jafnréttismál. Hún sagði að tvær helstu áskoranir sem staðið væri frammi fyrir á íslenskum vinnumarkaði væru annars vegar undirboð og svört atvinnustarfsemi og hins vegar kynbundinn launamunur og misrétti á vinnumarkaði.

Pensla í íslensku atvinnulífi síðustu misseri hefur kallað á mikla fjölgun erlends launafólks á vinnumarkaði, sagði Ólafía, og fyrireséð er að sú fjölgun haldi áfram á næstu árum. Samhliða hefur brotastarfsemi, sem einkum beinist gegn útlendingum og ungu fólki, farið hraðvaxandi. Verst er ástandið í byggingariðnaði og mannvirkjagerð og ferðaþjónustunni. Í mörgum tilfellum er um einbeitta brotastarfsemi atvinnurekenda að ræða og þegar verst lætur, hreint vinnumansal. Það er af þessum ástæðum sem ASÍ hrinti, í byrjun árs, af stað samstarfsverkefni með aðildarsamtökunum sem beint er gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi með yfirskriftinni EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL! Lögð er áhersla á að skipuleggja og efla eftirlit á vinnustöðum. Jafnframt hefur verið tekið upp samstarf við opinberar stofnanir um vinnustaðaeftirlitið og eftirfylgni með því, upplýsingaefni fyrir erlent launafólk og atvinnurekendur hefur verið útbúið og sett hefur verið upp sérstök vefsíða: ekkersvindl.is. Ólafía sagði að hér á landi búi fjöldi útlendinga og ungt fólk við kjör og réttindi sem eru engum boðleg. Það tapa allir á brotastarfseminni nema svindlararnir; útlendingarnir og unga fólkíð sem njóta ekki þeirra kjara og réttinda sem þeim ber, þeir sem fyrir eru á vinnumarkaði, vegna þess að grafið er undan þeim kjörum og réttindum sem hér gilda, heiðarleg fyrirtæki, vegna þess að grafið er undan samkeppnisstöðu þeirra og samfélagið allt, vegna þess að grafið er undan heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfinu.

Ólafía lagði einnig áherslu á jafnréttismál og sagði að konur byggju við margs konar mismunun á vinnumarkaði þótt aðeins hafi þokast íjafnréttisátt. Konur eru líklegri til að vinna hlutastörf og hverfi frekar af vinnumarkaði til að sinna ólaunuðum umönnunarstörfum. Vinnuveitendur eru tregari til að fjárfesta í starfsþróun kvenna og karlar hafa umtalsvert hærri laun sagði hún. Tekjur kvenna endurspeglast svo í lægri lífeyrisgreiðslum. Rannsóknir sýna að kynskiptur vinnumarkaður er ein helsta skýringin á kynbundnum launamun. Því er mikilvægt að skoða til hvaða aðgerða hægt er að grípa til að draga úr kynskiptingu vinnumarkaðarins og jafna laun milli atvinnugreina. Hún fjallaði einnig um núverandi fæðingarorlofslöggjöf sem er frá árinu 2000, en frá þeim tíma hafa verið gerðar ýmsar breytingar á upphæðum greiðslna og viðmiðun-

artímabilum til skerðingar. Fæðingarorlofið hér á landi hefur verið mörgum fyrirmynd vegna mikillar þátttöku feðra, en á því hefur orðið breyting undanfarin ár. Þátttaka feðra hefur dregist saman. Breytingar á hámarkgreiðslum hafa haft þær afleiðingar að sifellt færri feður nýta sér rétt sinn og fleiri mæður nýta sinn rétt og sameiginlegan rétt foreldranna. Því hefur verið haldið fram að fæðingarorlofslögin og sérstakur réttur feðra sé eitt stærsta framfaraskref í jafnréttisbaráttunni hér á landi síðustu áratugi. Framangreind þróun vinnur gegn jafnrétti og er andstæð þeim markmiðum laganna að gera bæði kynjum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf, og að veita börnum möguleika á að njóta samvista við báða foreldra sína á fyrstu mánuðum ævinnar.

Að lokum sagði Ólafía að við værum á hverjum degi minnt á það misrétti sem konur búa við á vinnumarkaði, misrétti sem er með öllu óásættanlegt.

Mennta- og atvinnumál

Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður atvinnumálanefndar ASÍ, gerði grein fyrir viðfangsefnum hópa- og nefndarvinnu um mennta- og atvinnumál. Hann byrjaði á því að fjalla um það formlega framhaldsnám sem boðið er upp á hér á landi og að fólk geti valið sér menntun við hæfi á sínum forsendum. Svo þegar fólk hefur aflað sér aukinnar menntunar þá er boðið upp á ýmiss konar eftirmenntun, þar sem tæknibreytingar eru örar og nauðsynlegt að fylgjast vel með þeirri þróun og fylgja henni eftir með endurmenntun. Einnig sagði hann að brottfall úr námi hafi verið þó nokkuð hér á landi, að nemendur ljúki oft stórum hluta námsins án þess að fara alla leið. Í slíkum tilfellum þá hefur verið boðið upp á raunfærnimat í mörgum greinum þar sem þekking og reynsla er metin og kemur til styttingar á formlegu námi. Kristján ítrekar þó mikilvægi þess að öllu námi ljúki með formlegri staðfestingu á námslokum. En það er ekki svo að allir hafi tók á að sækja sér formlega menntun á yngri árum áður en farið er út á vinnumarkaðinn, sagði hann, en þar kemur fullorðinsfræðslan sterk inn. Þar er boðið upp á ýmsar námsleiðir sem henta þeim sem ekki hafa lokið formlegu námi, eru starfandi á vinnumarkaði en vilja bæta við sig þekkingu. Vel menntaðir starfsmenn auka verðmætasköpun en opna einnig ýmsar dyr fyrir starfsmenn.

Þegar miklar breytingar verða í atvinnulífinu þá þurfum við að velta fyrir okkur spurningum eins og „hvernig þarf menntakerfið að geta brugðist við breytingum á vinnumarkaði?“ og jafnframt þarf að tryggja að okkar sýn, sýn verkalýðsfélaganna, njóti sín í þeirri vegferð. Kristján sagði það ekki síður mikilvægt fyrir okkur að geta svarað því hvaða gæði við viljum tryggja okkar fólki sem sækir sér aukna menntun. Menntun þarf að vera þannig upp byggð að hún takmarki ekki möguleika starfsmanna til starfa innan fjölbreyttra fyrir-tækja eða jafnvel að starfa á alþjóðlegum vinnumarkaði.

Hann fjallaði einnig um áskoranir í atvinnumálum hér á landi. Staða atvinnumála er almennt mjög góð. Hann sagði okkur vera að koma úr öldudal inn í tímabil þar sem lítill skortur er á störfum. Þó upplifum við enn og aftur þá stöðu að okkur er farið að skorta starfsmenn í ýmsum greinum vinnu- markaðar, sagði hann. Fyrirtæki flytja inn starfsmenn erlendis frá sökum þess að erfiðlega getur reynst að fá starfsmenn. Á þetta sérstaklega við um lægst- launuðu störfun í hverri grein fyrir sig. Því væri nauðsynlegt að kortleggja íslenskan vinnu- markað betur og móta stefnu til skemmri sem og lengri tíma. Nauðsynlegt er að finna út hver mannaflaþörfin sé.

Það er augljóst að við þurfum að stuðla að heilbrigðara atvinnulífi þar sem kjarasamningar eru virtir, sagði Kristján. Eins og fram hefur komið hér að framan þá höfum við sennilega öll heyrt af ýmsum alvarlegum brotum á okkar fólki. Upp hafa komið mansalsmál, brotið alvarlega á réttindum starfsmanna og svo framvegis. Við þurfum að koma í veg fyrir slík brot! Við þurfum að styrkja enn betur innviði samfélagsins en sterkir innviðir eru forsenda sterkra byggða á landsbyggðinni. Uppbygging vega- og fjarskiptakerfis er til að mynda afar mikilvæg. Fram hefur komið mikilvægi þess að við eflum þjónustu við ferðamannaíðnaðinn en markmið okkar sem þjóðar á að vera að hámarka þau verðmæti sem hver ferðamaður skilar til samfélagsins. Við þurfum að höfða betur til þeirra ferðamanna sem skilja meira eftir sig t.d. í gegnum kaup á meiri þjónustu. Samfélagið í heild sinni á mikið undir í öflugum landbúnaði. Stefna ASÍ hefur verið sú að styðja þurfi betur við landbúnaðinn en það megi gera án þeirrar tollaverndar sem beitt hefur verið. Nauðsyn þess að bæta kjör bænda er mikil og ekki fæst séð að bætt kjör fáist með nýgerðum búvöru- samningum.

Að lokum sagði Kristján að í umræðuskjalinu um atvinnu- málin sé fjallað um mikilvægi þess að sáttt náist um fiskveiðistjórnunarkerfið en núverandi kerfi hefur reynst mörgum byggðum landsins illa, auk þess er hávær krafa um að sjávarútvegurinn skili ásættanlegu auðlindagjaldi, án þess að sjómenn og landverkafólk þurfi að borga brúsann.

Tillaga VLFA um nýtt samningalíkan á vinnu- markaði

Vilhjálmur Birgisson, VLFA, gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu VLFA um vinnu- markaðslíkanið:

„Tillaga stjórnar og trúnaðarráðs VLFA að ályktun er lýtur að nýju vinnu- markaðsmódeli:

42. þing Alþýðusamband Íslands haldið 26.–28. október 2016 hafnar því alfarið að vera aðili að nýju vinnu- markaðsmódeli sem nú er unnið að, ef það leiðir til þess að frjáls samningaréttur stéttarfélag- anna verður skertur eða takmarkaður á nokkurn hátt.

Í ljósi þeirrar umræðu að til standi að breyta lögum um stéttarfélög og vinnudeilur vegna nýs vinnumarkaðsmódelis vill 42. þing taka það sérstaklega fram að allar slíkar breytingar verði að liggja fyrir áður en kosið verði um nýtt vinnumarkaðsmódel.

42. þing ASÍ vill líka að það komi skýrt fram að þingið hafnar öllum hugmyndum um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur sem geta leitt til skerðingar eða takmörkunar á frjálsum samningsrétti stéttarfélaganna.

42. þing ASÍ er sannfært um að forræði hvers stéttarfélags til kjara-samningsgerðar og frjáls samningsréttur sé hornsteinn stéttarfélags-baráttu á Íslandi og það frjálsræði og þann samningsrétt megi ekki skerða eða takmarka á nokkurn hátt.“

Kvaðst Vilhjálmur telja þetta mikið hagsmunamál. Samningsrétturinn væri mikilvægur réttur aðildarfélaganna. Sagði hann VLFA einungis vera að óska þess við þingið að taka ákvörðun um samningsfrelsið. Út á það gangi ályktunin. Sagði hann það hafa verið vonbrigði að miðstjórn hafi tekið þá afstöðu að þetta sé of snemmt, það væri að hans mati óskynsamlegt að fyrst eigi að samþykkja módel sem löggjafinn fái svo í hendurnar við að breyta lögum um stéttarfélag og vinnudeilur. Öll rök sem kynnt hafi verið um nýtt líkan stæðust ekki skoðun að hans mati þar sem um verði ekki villst að samningsfrelsi stéttarfélaganna skerðist. Því næst sagði hann að enginn ófriður hafi verið og því stæðist ekki röksemdin um að tryggja yrði frið á vinnumarkaði. Hann hafi verið friðsamur af hálfu aðildarféлага ASÍ, einna helst hefðu kennarar verið sú stétt sem hefði verið ófriðleg undanfarið. Vék Vilhjálmur næst að umræðunni um kaupmátt en hann kvaðst hafa fengið þær upplýsingar frá hagdeild ASÍ að kaupmáttur lægstu launa sé tvöfalt hærri á Íslandi en hinum Norðurlöndunum. Sagði hann að kaupmáttartölurnar í umræðuskjölum þingsins væru úreltar þar sem þær nái bara til 2014 en væru þær uppfærðar til dagsins í dag væri staðan allt önnur. Kaupmáttur hafi aldrei verið meiri og gengið styrkst mjög mikið. Kvaðst telja það alvarlegt að upplýsingarnar í umræðuskjölum séu úreltar og því í raun villandi og vísaði hann í upplýsingar frá vefsíðu Samtaka atvinnulífsins um að gengisþróun undanfarinna missera hafi breytt öllum alþjóðlegum samanburði. Vék hann næst að umræðunni um innistæðu fyrir launahækkunum og stöðu íslenskra fyrirtækja. Nefndi hann að skv. upplýsingum frá Ríkisskattstjóra væru heildarlaunagreiðslur íslenskra fyrirtækja um 35 milljarðar á meðan hagnaður þeirra samanlagður sé um 215 milljarðar. Næg innistæða væri því að hans mati til að hækka. Að endingu fór Vilhjálmur yfir það hve háir launataxtar verkafólks og iðnaðarmanna væru í dag ef laun hefðu verið hækkuð í samræmi við aðferðarfræði hinna Norðurlandanna. Taxtarnir væru

miklu hærri í dag en þeir hefðu ella verið og með því hvatti hann þingfulltrúa til að styðja framlagða tillögu VLFA.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, gerði grein fyrir svohljóðandi álitni miðstjórnar á tillögu VLFA:

Umsögn miðstjórnar ASÍ um tillögu Verkalýðsfélags Akraness til ályktunar á 42. þingi ASÍ er lýtur að tillögu að nýju vinnumarkaðsmódeli

Þann 27. október 2015 skrifuðu aðilar vinnumarkaðarins undir samkomulag um mótun nýs samningalíkans fyrir íslenskan vinnumarkað. Þar segir:

„Þegar aðilar þessa samkomulags hafa sammælt um nýtt samningalíkan verði skoðað hvort og þá hvaða breytingar þurfi mögulega að gera á vinnulöggjöf til að treysta nýtt samningalíkan í sessi.“

Ekki stendur til að opna viðræður um breytingar á þeim hluta vinnulöggjafarinnar sem lýtur að grundvallarskipulagi verkalýðshreyfingarinnar og samningsrétti aðildarfélaganna og því vandséð hvers vegna þingið ætti að álykta um eitthvað sem ekki er á dagskrá. Mikil vinna er framundan við mótun samningalíkansins þar sem kallað verður eftir þátttöku aðildarfélaga og félagsmanna. Þegar niðurstaða liggur fyrir, líklega á vormánuðum 2017, hefur samninganefnd ASÍ þegar ákveðið að hún verði lögð í sérstaka atkvæðagreiðslu allra félagsmanna allra aðildarsamtaka ASÍ. Sú atkvæðagreiðsla fer ekki fram fyrir en niðurstaða liggur fyrir um endanlega gerð samningalíkansins. Þá fyrst verður það skoðað hvort og þá hvaða breytingar þurfi hugsanlega að gera á vinnulöggjöfinni m.a. hvað varðar valdheimildir ríkissáttasemjara. Miðstjórn ASÍ telur því bæði ómarkvisst og ótímabært að þing ASÍ samþykki tillögu VLFA og leitist þannig við að taka fram fyrir hendur samninganefnda aðildarsamtakanna og félagsmanna ASÍ sem með samningsréttinn fara.

Gylfi sagði að ákvörðunin hafi verið sú að mæla gegn samþykkt enda kvaðst hvorki hann né aðrir í miðstjórn kannast við að til standi að skerða samningsrétt og staðsetningu hans. Vafasamt væri að hans mati að fara að samþykka „hvað-ef“ ályktanir um það sem ekki væri á dagskrá og velti upp þeirri spurningu um hvar slíkt myndi enda. Gylfi sagði að ætlunin sé að komast að niðurstöðu um rammisamning sem lagður verði fyrir félagsmenn aðildarfélaga í allsherjaratkvæðagreiðslu. Í framhaldinu verði svo hugsanlega skoðað hvort og þá hvaða breytingar gæti þurft að gera á einstökum atriðum vinnulöggjafarinnar svo sem eins og miðlunarheimildum ríkissáttasemjara. Varð-

andi málið að öðru leyti og til að bregðast við framkomnum fullyrðingum Vilhjálms um launaþróunina sagði Gylfi að á milli toppáranna komi botnár og heildarniðurstaðan sé sú þegar nánar er skoðað að á félagsmenn ASÍ halli í því efni. Þannig hafi það verið í hagsögu undanfarinna áratuga og ekkert væri í kortunum annað en að ennþá væri það sama í gangi. Að endingu kvaðst Gylfi stórlega efa það að kaupmáttur lægstu launa sé tvöfalt hærri hér á landi en á hinum Norðurlöndunum.

Umræður um málefni þingsins

Þingforseti opnaði fyrir umræðu og minnti þingfulltrúa á það að efnisleg umræða færi fram í hópavinnu og nefndarvinnu um málið og því væru menn beðnir um að vera gagnorðir.

Óskar Guðmundsson, VR, kvaddi sér hljóðs þar sem hann vildi fjalla um lífeyrismál en Óskar rakti þá neikvæðu stöðu sem opinberu lífeyrissjóðirnir væru í. Skuldbindingarnar væru gríðarlegar miklar og mikill framtíðarvandi, að ástandinu óbreyttu, væri í kortunum. Rakti hann jafnframt þá mismunun sem væri í lífeyriskerfinu, þ.e. á þann hátt að opinberir starfsmenn njóti miklu ríkari réttinda en launafólk á almennum vinnumarkaði. Sagði Óskar jafnframt að hann teldi kerfið gallað að því leytinu til að of mikið af áunnum lífeyri í lífeyrissjóðunum ónýttist vegna tekjutenginga Tryggingastofnunar ríkisins.

Sverrir Mar Albertsson, Afl starfsgreinafélagi, sagði að þing ASÍ sé með merkari viðburðum. Íslenskt launafólk hafi á 20. öldinni brotist út úr fátækt og ekki megi tala niður baráttuna því þá tækjum við úr okkur kraftinn. Sverrir fjallaði því næst um nýtt samningalíkan (SALEK) og sagði að þegar hann heyri nefnt hugtakið „efnahagslegur stöðugleiki“ þá viti hann að hann fái litla kauphækkun. Sverrir sagði að hann hafi verið að kynna sér málið og kerfin á hinum Norðurlöndunum séu alls ekki eins og alls ekki óumdeild. Kvaðst hann sjálfur ekki sjá annað í fljótu bragði en að farið verði í vinnulöggjöfina þegar samkomulag hefur náðst. Kvaðst hann jafnframt vera tortrygginn á - skuldbindingu SA enda sýndi sagan þá ekki vera traustsins verða. Helstu vandamálín í íslensku efnahagslífi væru að hans mati ekki óhóflegar launahækkarnir heldur spilling og orðrán. Að endingu skoraði Sverrir á þingfulltrúa að íhuga vandlega tillögu VLFA þar sem hann óttaðist að SALEK drepi sálina í verkalýðsfélögum enda muni fólkið mögulega ekki lengur sjá tilganginn í því vera í félögum.

Vilhjálmur Birgisson, VLFA, kvaðst vilja ítreka fyrri ræðu og þá tortryggni sína sem þar kom fram og ef það væri rétt að ekki stæði til að takmarka samningsréttinn hvað væri því þá til fyrirstöðu að samþykka tillögu VLFA. Sagði Vilhjálmur að fram hafi komið hjá mönnum, og nefnir félagslega forystumenn í þeim efnum, að samningslíkanið muni skerða samningsrétt. Vil-

hjálmur sagði að m.a.s. Samtök atvinnulífsins telji að það sé ekki á ábyrgð launafólks að halda niðri verðbólgu. SA hafi auglýst það opinberlega árið 2007 að það sé húsnæðisverðið sem hafi valdið henni og því hafi verið skorað á ráðamenn að fjarlægja húsnæðisliðinn úr neysliverðsvísitölunni.

Símon Jónsson, VM, kvaddi sér hljóðs til að fjalla um launamun kynjanna. Meðalatvinnutekjur kvenna væru nú um 70% af meðalatvinnutekjum karla og sagðist því telja að með leiðréttingu á launamuninum verði heimili landsins styrkt. Ekki væri nóg að horfa bara á einstaklinginn heldur einnig á það viðvarandi launamisrétti sem sé til staðar og þurfi að leiðrétta. Það bitnaði jafnframt á körlum sem séu tilneyddir til að vinna mikið og séu þ.a.l. fjarri heimilinu sínu í frítíma fjölskyldunnar. Sagði hann jafnframt í fyrrgreindu samhengi að honum leiddist gagnrýni ASÍ á opinberu samtökin enda séu þar meginstoðin kvennastéttir eins og leikskólakennarar og sjúkraliðar.

Páll Jónsson, VM, sagði eftirminnilega samningalotu að baki. Samstaðan hafi verið mikil í upphafi en hafi svo fjarð út og á endanum hafi einu raunverulegu kjarabæturnar náðst í persónulegum samningum einstaklinga. Kvaðst Páll styðja fyrirliggjandi tillögu um að aukið fé yrði fært í vinnudeilusjóð ASÍ. Fjallaði Páll því næst um launamun kynjanna og fordæmdi það fyrirbæri. Páll vildi jafnframt krefjast þess að ASÍ álykti um það þjóðarmein sem sé starfsemi starfsmannaleiga enda megi líkja slíkri starfsemi við nútíma þrælahald. Að endingu kvaðst Páll vilja skora á þá sem bjóða sig fram í trúnaðarstörf að gera það tímanlega svo hægt sé að taka upplýsta afstöðu.

Þingforseti gerði hlé á þinginu og um leið og hann sagði þingfund hefjast að nýju kl. 13.40 þá áréttaði hann að þeir sem ætla í framboð til embætta innan ASÍ tilkynntu framboð sín tímanlega.

Klukkan 12.50 var gert hádegishlé

Klukkan 13.40 hófst málstofa og hópastarf um kjarasamningalíkanið sem stóð til klukkan 16.00

Stefnumótunarvinna á 42. þingi ASÍ – vinnufyrirkomulag

Umræðuskjöl voru lögð inn á sérstaka þingsíðu á heimasíðu ASÍ í júlí mánuði og aðildar-félögum sendar upplýsingar þar um. Í umræðuskjölunum eru reifuð þau atriði er varðar hvert málefni sem ræða á um á þinginu og hvaða þætti hreyfingin þyrfti að móta sér nánari stefnu um. Markmið umræðuskjalanna var að vera stuðningsefni byggð á staðreyndum fyrir þingfulltrúa. Það var síðan í höndum þingsins að útbúa ályktanir um hvernig ætti að ná fram þeim markmiðum.

Lagt var upp með að á þinginu væri unnið í fjórum málstofum. Á fyrsta degi þingsins tóku allir þingfulltrúar þátt í málstofu og hópastarfi sem fjallaði um nýtt samningalíkan á vinnumarkaði og áskoranir því tengdar.

Á öðrum degi þingsins var unnið í þremur málstofum og skiptu þingfull-

trúar sér í hópa, þar sem umfjöllun var um þann félagslega ramma sem skapa þarf í kringum samningamódelið. Þar var fjallað um vinnumarkað og jafnrétti, velferð og mennta- og atvinnumál.

Fyrir þingið völdu þingfulltrúar sér eitt hinna fjögurra málefna sem sinn „aðal“ málaflokk og myndaði sú skipting hinar eiginlegu málefnanefndir þingsins. Því var mikilvægt að þingfulltrúar kynntu sér vel þá málaflokka sem fjallað var um og mótuðu sér skoðanir um þá til þess að gera vinnuna markvissa og árangursríka.

Fulltrúarnir enduðu nefndarvinnuna með því að fjalla um sinn „aðal“ málaflokk. Niðurstöður hópavinnunnar var efniviður í stefnu þingsins um þau mál efni sem til umræðu voru. Sérstakar ritnefndir, skipaðar þingfulltrúum, unnu ályktanir sem lagðar voru fyrir þingið til samþykktar.

Einn af kostum þessa fyrirkomulags er að þingfulltrúar fá tækifæri til þess að hittast og skiptast á skoðunum við fjölmarga aðra fundarmenn þar sem nýir umræðuhópar myndast í hverri málstofu.

Nýtt samningalíkan á vinnumarkaði – málstofa og hópastarf

Bryndís Hlökkversdóttir ríkissáttasemjari hélt erindi í upphafi þar sem hún fjallaði um nýtt samningalíkan fyrir Ísland, erindið byggði hún á skýrslu Steinars Holden, prófessors í hagfræði frá Noregi, en hann vann úttekt fyrir SALEK hópinn þar sem gert er grein fyrir helstu einkennum hins svokallað „norræna líkans“. Steinar Holden hefur unnið mikið fyrir norsk stjórnvöld og aðila vinnumarkaðarins þar í landi og þykir einn helsti sérfræðingur á sínu sviði á Norðurlöndunum.

Sigurður Bessason, 2. varaforseti ASÍ, sagði að nú þegar þingfulltrúar settust að borðum til að ræða nýtt vinnumarkaðslíkan þá væri mikilvægt að allir gerðu sér grein fyrir því að ekkert væri í hendi um framhald mála. Þrátt fyrir það væri mikilvægt að staldra við og kryfja til mergjar hvort það séu til aðrar og betri leiðir en þær sem breytt hafi verið á undanförunum árum og áratugum. Hann sagði að það þyrfti að ræða hvaða grundvallarréttindi þurfa að vera til staðar til að tryggja framgang mála s.s. stöðugleika, húsnæðiskostnað og önnur félagsleg réttindi. Sigurður sagði einnig að í þeim umræðum sem fram færu í hópastarfinu þá gæfist tækifæri á að ræða hvaða skilyrði þyrfti að vera til staðar við uppbyggingu á nýju samningalíkani, eða hvort sátt væri um það kerfi sem væri núna. Hann sagði að mikilvægt væri að virða sjónarmið allra. Hann minnti á að samkvæmt dagskrá þingsins kæmu fulltrúar stjórn- málaflokka og þá væri tækifæri að krefja þá um svör við þeim spurningum sem kynnu að vakna í hópavinnunni.

Að lokum sagði Sigurður að Íslendingar sem snúið hafa heim eftir vinnu á Norðurlöndunum hafi gjarnan borið saman lífskjör landanna og sá saman-

burður væri okkur oftast í óhag. Eftir því sem heimurinn skreppur saman, sagði hann, og það á einnig við um Norðurlöndin, hefur umræðan hér á landi orðið áleitnari um það af hverju við búum við lakari grunnaun og kjör en á hinum Norðurlöndunum. Því sé nauðsynlegt að taka umræðuna um mismunandi stöðu samningamála til gagnerrar skoðunar. Því næst óskaði Sigurður þingfulltrúum góðs gengis og vonaðist til þess að afrakstur hópastarfsins skili af sér spurningum sem hægt væri að nýta sem leiðsögn um áframhaldandi stefnu.

Pingi framhaldið eftir hópastarf klukkan 16.10

Lagabreytingar – 1. umræða

Magnús Norðdahl, lögfræðingur ASÍ, hafði framsögu um svohljóðandi frumvarp miðstjórnar til breytinga á lögum ASÍ:

41. grein

Sambönd og félög með beina aðild greiða árlega skatt til ASÍ og stofnana þess. Hvert samband skal ákveða með hvaða hætti það innheimtir skatta hjá félögum og deildum innan sinna vébanda.

Árlegur skattur reiknast sem 8,3% af samanlögðum iðgjaldatekjum félagssjóðs félaga og deilda innan hvers sambands eða félags með beina aðild vegna næstliðins almanaksárs. Miða skal við umreiknaðar iðgjaldatekjur, þannig að þær jafngildi því að aðildarfélög einstakra sambanda og félög með beina aðild innheimti 1% iðgjöld af heildartekjum til félagssjóðs. Við skiptingu iðgjaldatekna milli einstakra deilda deildaskiptra stéttarfélaga sem eiga aðild að fleiri en einu sambandi skal stuðst við endurskoðaða sundurlíðun þeirra í ársreikningi, liggi slík skipting fyrir, en ella skal skipta iðgjaldatekjunum hlutfallslega milli deilda samkvæmt upplýsingum um fjölda gjaldskyldra einstaklinga.

Frá reiknuðum skatti skv. 2. mgr. skal draga frá sérstakan skattafrádrátt, sem skal vera kr. 3.650.000,- fyrir hvert samband. Sérstakur skattafrádráttur félaga með beina aðild skal vera kr. 182.000,- fyrir hvert félag með færri en 500 félagsmenn, kr. 365.000,- fyrir hvert félag með fleiri en 500 og færri en 1.000 félagsmenn og kr. 550.000,- fyrir hvert félag með fleiri en 1.000 félagsmenn. Með félagsmönnum er hér átt við reiknaðan fjölda félagsmanna skv. 6. mgr. 30. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. að teknu tilliti til 3. mgr. skal ekkert samband eða félag með beina aðild greiða lægri skatt en sem nemur 6,6% af umreiknuðum iðgjaldatekjum eins og þær eru skilgreindar í 2. mgr.

Skrifstofa ASÍ leggur á og innheimtir skatta til ASÍ og stofnana þess

hjá samböndum og félögum með beina aðild. Endanleg álagning fer fram á 4 ársfjórðungi hvers árs og skal hún kynnt með sérstökum álagningarseðli. Á álagningarseðli skal tilgreina endanlega álagningu skatta til ASÍ og stofnana þess, þær forsendur sem álagningin byggir á s.s. skattprósentu skv. 2. mgr., iðgjaldatekjur og umreiknaðar iðgjaldatekjur skv. 2. mgr., lágmarksskattprósentu skv. 4. mgr., upphæð skattafrádráttar skv. 3. mgr. og greiðslustöðu. Endanlega álagðan skatt að teknu tilliti til innborgana skal greiða á gjalddaga síðasta ársfjórðungs.

Skrifstofa ASÍ skal fjalla um ábendingar og athugasemdir sambanda, einstakra aðildarféлага þeirra og féлага með beina aðild vegna álagningarinnar og leiðrétt mistök eða villur sem kunna að hafa orðið. Rísi ágreiningur um hvort leiðrétt skuli eða telji einhver - framanritaðra á sig hallað við álagninguna er heimilt að skjóta þeim ágreiningi til miðstjórnar ASÍ sem að fengnum athugasemdum kæranda og skrifstofu ASÍ kveður upp úrskurð sinn svo fljótt sem verða má.

Við álagningu skatta vegna þeirra sem ekki hafa skilað inn ársreikningi skv. 3. mgr. 47. gr. fyrir næstliðið ár skal nota áætlun. Áætlunin skal byggð á upplýsingum um iðgjaldatekjur næsta árs á undan. Ofan á þessar iðgjaldatekjur skal bæta þeim breytingum sem orðið hafa á reglulegum launum félagsmanna innan ASÍ skv. upplýsingum Hagstofunnar miðað við 2. ársfjórðung álagningarárs að viðbættu 10% álagi.

Sé ársreikningi skv. 3. mgr. 47. gr. skilað eftir að skattur hefur verið áætlaður á félagið skv. 7. mgr. en fyrir árslok álagningarárs, skal endurskoða áætlunina og leggja á skatta með venjulegum hætti. Eftir það telst sú álagning endanleg.

Skrifstofa ASÍ skal láta samböndunum í té leiðbeinandi upplýsingar um skattbyrði einstakra féлага og deilda skv. skattkerfi ASÍ og stofnana þess.

Bráðabirgðaákvæði:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 41. gr. um 8,3% árlegan skatt skal skattur vegna ársins 2017, sem lagður verður á haustið 2017, vegna tekna aðildarfélaganna 2016, nema 7,95%.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 41. gr. um 6,6% lágmarksskatt, skal skattur vegna ársins 2017, sem lagður verður á haustið 2017, vegna tekna aðildarfélaganna 2016, nema 6,15%.

46. grein

Ársreikninga sjóða ASÍ, ásamt samstæðuuppjöri, fyrir hvert almanaksár skal leggja fyrir miðstjórn eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Ársreikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda í samræmi við góða endurskoðunarvenju.

Við gerð ársreikninga skal hliðsjón höfð af viðmiðunarreglum sem miðstjórn samþykkir. Vinnudeilusjóð skal haldið aðgreindum frá öðru fé sambandsins og hann aðgreindur í bókhaldi Sambandsjóðs.

Reikningarnir skulu lagðir til fullnaðargreiðslu fyrir þing ASÍ.

Löggiltur endurskoðandi sambandsins skal kosinn á sambandsþingi til tveggja ára í senn. Að auki skulu tveir skoðunarmenn reikninga kosnir á sambandsþingi til tveggja ára í senn og tveir til vara. Skoðunarmenn árita reikninga sambandsins ásamt framkvæmdastjóra þess.

Magnús gerði fyrst í stuttu máli grein fyrir aðdragandanum að frumvarpinu og helstu breytingum sem í því fælust. Annars vegar væru lagðar til breytingar sem lúta að skatthlutfalli til ASÍ, nánar tiltekið að 41. gr. laga ASÍ yrði breytt á þann veg að skatthlutfallið færi úr 7,4% af iðgjaldatekjum upp í 8,3% og lágmarksskatthlutfall færi úr 5,7% í 6,6%. Þetta væri hins vegar gert í þrepum á þann hátt að bráðabirgðaákvæði væri sett inn í lögín sem kveði á um að árið 2017 yrði skatthlutfallið 7,95% og lágmarkshlutfallið 6,15%. Hins vegar væru lagðar til breytingar sem kveða á um að sambandsþing ASÍ skuli kjósa löggildan endurskoðanda.

Sigurður Bessason, Eflingu, kynnti eftirfarandi lagabreytingartillögu Eflingar-stéttarfélags sem fól í sér breytingu á 49. gr. laga ASÍ á þann hátt að í stað þess að lágmarksfjárhæð dánarbóta skyldi breytast í takt við launavísitölu yrði miðað við vísitölu neysluverðs:

Tillaga til breytingar á 4.mgr. 49.gr. laga ASÍ.

3.málsliður d. liðar 4.mgr. 49.gr. breytist þannig að í stað orðsins „launavísitölu“ komi „vísitölu neysluverðs“.

Greinargerð: Ákvæði 49.gr. um dánarbætur kom í stað eldra ákvæðis um útfararstyrki. Hugsunin á bak við ákvæðið er m.a. að létta undir með afkomendum við greiðslu eðlilegs útfararkostnaðar. Sá kostnaður breytist í samræmi við þróun vísitölu neysluverðs. Allar aðrar bætur hanga saman við þróun launa og breytast eðlilega í samræmi við breytingu þeirra og breytingar á launavísitölu eins og ráð er gert fyrir í 49.gr.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, steig næst í ræðustól og kynnti svohljóðandi afstöðu miðstjórnar við tillögu Eflingar:

Umsögn miðstjórnar ASÍ um tillögu Eflingar stéttarfélags til breytinga á 4.mgr. 49.gr. laga ASÍ.

Samkvæmt upphaflegri fyrirmynd að reglugerðum sjúkrasjóða aðildar-samtaka ASÍ var gert ráð fyrir sérstöku ákvæði þar sem réttur gat stof-nast til útfararstyrks vegna látinna félagsmanna. Þau ákvæði voru felld niður og teknar upp dánarbætur þess í stað. Tilgangurinn var eftir sem áður hinn sami, þ.e. að létta undir með eftirlifendum við greiðslu útfararkostnaðar. Sá kostnaður fylgir þróun á vísitölu neysliverðs meðan dagpeningagreiðslur skv. a,b og c. lið 4.mgr. 49.gr. eiga eðlilega að fylgja þróun launa. Miðstjórn ASÍ mælir því með því að laga-breytingartillaga þessi verði samþykkt.

Sagði Gylfi frá þróun reglna tengdum dánarbætum og útfararstyrkjum í gegnum söguna. Afstaða miðstjórnar gagnvart tillögu Eflingar væri jákvæð og mælt væri með því að tillagan yrði samþykkt.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, fjallaði því næst með ítarlegum hætti um forsendurnar fyrir lagabreytingartillögu miðstjórnar um að skatthlutfall til ASÍ yrði hækkað. Rakti hann þróun undanfarinna ára í þessum efnum og þá sér-staklega forsendur þess að skatthlutfallið hafi verið lækkað í kjölfar hrunsins. Síðan þá, og í kjölfar þess að þjóðarskútan hefði rétt sig af, hefði þingið ákveðið að bæta í. Nánar tiltekið þá hafi verið ákveðið að bæta við stöðu-gildum á skrifstofu ASÍ, annars vegar með ráðningu framkvæmdastjóra og hins vegar með ráðningu tveggja annarra sérfræðinga sem m.a. sjá um ný verkefni sem hin félagslega forysta hafi ákveðið að fela ASÍ, má þar nefna átakið „Einn réttur – ekkert svindl“. Fjárhagsstaðan væri samt sem áður góð en þó væri halli á rekstrinum og því hefði verið gengið á eigið fé en nauðsyn-legt væri að samþykkja hækkunina, sem einnig mætti kalla „afturköllun lækkunar“ á skatthlutfalli svo að rekstur skrifstofunnar væri sjálfbær.

Helga Ingólfssdóttir, VR, kvaðst vilja spyrja nánar út í forsendur fyrir -tillögu Eflingar um að tengja dánarbætur við neysliverðsvísitölu frekar en launavísitölu. Sérstaklega þar sem launavísitala hækkaði að jafnaði meira en neysliverðsvísitala.

Rannveig Sigurðardóttir, VR, sagðist ekki vera sátt við lagabreytingar-tillögu um hækkun skatthlutfalls. M.v. hækkunina mætti skilja það svo að viðkomandi nýir starfsmenn á skrifstofu ASÍ væru á talsvert hærri launum en gengur og gerist hjá félagsmönnum. Þetta þyrfti því að hennar mati að skoða betur svo réttlætis væri gætt.

Sigurður Besson, Eflingu, svaraði framkominni fyrirspurn Helgu Ingólfssdóttur um forsendur tillögu Eflingar um nýja vísitölutengingu dánar-bóta. Tillaga Eflingar og forsendur væru ekki þær að takmarka eða draga úr styrkjum heldur bara að viðmiðið sé rétt. Ítrekaði Sigurður að 49. gr. laga ASÍ kvæði einungis á um lágmarksfjárhæðir og reyndin væri sú að flest félög væru

með ríkari réttindi í sínum reglugerðum og þeim væri fullkomlega frjálst að veita félagsmönnum betri réttindi en skv. lágmarki.

Óskar Guðmundsson, VR, kvaðst hafa efasemdir um skattahækkunar-tillöguna. Miðstjórn ætti að hans mati að gera sér hófstílltari plön enda mætti færa sterk rök fyrir því að fjölgun starfa í samfélaginu og almennt launaskrið ættu að duga til að rekstur skrifstofu ASÍ héldist sjálfbær.

Vilhjálmur Birgisson, VLFA, kynnti því næst svohljóðandi tillögu VLFA um að húsnæðisliðurinn verði fjarlægður úr neysluverðsvísitölunni:

Tillaga stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness að ályktun um breytingu á mælingu neysluvísitölunni:

42. þing Alþýðusambands Íslands haldið 26.-28. október 2016 skorar á stjórnvöld og Alþingi Íslendinga að sjá til þess að húsnæðisliður verði tekinn út úr mælingu neysluvísitölunnar, enda liggur fyrir að ekkert land innan OECD framkvæmir mælingu neysluvísitölunnar með húsnæðisliðnum inni.

Greinargerð: Hér er um gríðarlega hagsmuni að ræða fyrir almenning, enda liggur fyrir samkvæmt Samtökum atvinnulífsins að helmingur verðbólgunnar frá árinu 2003 til ársins 2007 hafi verið knúin áfram af hækkun húsnæðisverðs. Samtök atvinnulífsins bentu á að á þessu fjögurra og hálfis árs tímabili hafi verðbólgan verið að jafnaði 4,4% en án húsnæðisliðar hefði hún einungis verið 2,4% sem er undir verðbólgu-markmiðum Seðlabankans.

Það er í raun og veru með ólíkindum að verðbólgan hér á landi skuli vera mæld með allt öðrum hætti en í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við, sérstaklega í ljósi þess að það er húsnæðisliðurinn sem bæði fyrir bankahrunið og eftir er að valda stórum hluta þeirrar verðbólgu sem hér mælist. Sem dæmi þá er verðbólgan frá 1. janúar 2013 til dagsins í dag að meðaltali 2,15%, en ef húsnæðisliðurinn væri ekki inni þá væri hún aðeins 0,84%.

Þetta hefur gríðarleg áhrif á fjárskuldbindingar almennings, enda er eins og allir vita stór hluti skulda heimilanna verðtryggður, en nú nema verðtryggðar skuldir heimilanna upp undir 2.000 milljörðum og því skiptir miklu máli að mæling vísitölunnar sé framkvæmd með sam-bærilegum hætti og í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Það er erfitt að fjalla um stöðugleika í öðrum löndum, og að við séum með hærri verðbólgu en annars staðar, þegar liggur fyrir að við erum ekki að mæla hana með sama hætti og í öðrum löndum innan OECD. En það er alla vega morgunljóst að verðbólga hér á landi væri

allt að 50% lægri, eins og Samtök atvinnulífsins hafa bent á, ef húsnæðisliðurinn væri ekki inni í mælingunni eins og í öðrum löndum.

Og þetta staðfestir líka að orsakavaldur mikillar verðbólgu er fólgin í hækkun húsnæðisverðs, en ekki vegna launahækkana verka fólks og iðnaðarmanna, eins og aðilar SALEK-samkomulagsins ýja sterklega að.

Færði Vilhjálmur ýmis rök fyrir henni og nefndi sem dæmi að verðbólgan frá 1. janúar 2013 væri 0,84% í stað 2,15% ef húsnæðisliðurinn væri fjarlægður í neysluverðsvísitölunni. Sagði Vilhjálmur að núverandi ástand hefði mikil áhrif á stöðu heimilanna enda nemi verðtryggðar skuldir þeirra um 2.000 milljörðum. Kvaðst Vilhjálmur gagnrýna það mjög að verið væri að mæla verðbólgu hér á landi með öðrum hætti en í nágrannalöndunum á sama tíma og verið sé að nota samanburðinn í öðru sambengi. Að lokum sagði Vilhjálmur að orsakavaldur mikillar verðbólgu væri fundinn og hann væri ekki launahækkanir fólksins í landinu líkt og aðilar svokallaðs SALEK samkomulags hafi ýjað að.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, gerði grein fyrir svohljóðandi afstöðu miðstjórnar sem væri sammála tillögu VLFA um að húsnæðisliðurinn ætti ekki að vera inni í neysluverðsvísitölunni.

Umsögn miðstjórnar ASÍ um tillögu Verkalýðsfélags Akraness til ályktunar á 42. þingi ASÍ er lýtur að grundvelli til verðtryggingar

Í maí 2015 samþykkti samninganefnd ASÍ og lagði fram kröfur Alþýðusambands Íslands á stjórnvöld til lausnar kjaradeilum. Meðal þessara krafna var m.a. að finna kröfu sambandsins um að breyta ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu í þá veru að heimild til verðtryggingar fjárskuldbindinga yrði hækkuð úr 5 árum í 10 ár og að húsnæðisliður verði tekin út úr vísitölunni.

10. Verðtrygging lána: Heimild til verðtryggingar lánasamninga verði hækkuð úr 5 árum í 10 ár og samsetning vísitölu neysluverðs verði færð nær því sem þekkist í Evrópu, þannig að hún verði án húsnæðisliðar.

Tillaga Verkalýðsfélags Akraness er í samræmi við þessa kröfu ASÍ og því mælir miðstjórn ASÍ með því að þessi ályktun verði efnislega samþykkt, en leggur jafnframt til að nefnd hugi að breyttu orðalagi milli fyrstu og annarrar umræðu.

Gylfi sagði að í raun hafi samninganefnd ASÍ gert kröfu þess efnis á stjórnvöld verið 2015 sem lið í því að greiða fyrir gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Nefndi Gylfi þó að þrátt fyrir afstöðuna þyrfti líka að hafa hugfast til að gæta sannmælis að yfir lengra tímabil hefði húsnæðisliðurinn

temprað verðbólguna og nefndi í því skyni árin fyrst eftir hrun þar. Því næst vék Gylfi að svohljóðandi tillögu miðstjórnar þess efnis að í vinnudeilusjóð ASÍ yrðu færðar 143 milljónir úr „óráðstöfuðu eigin fé“ yfir í vinnudeilusjóðinn.

Tillaga miðstjórnar til 42. þings ASÍ um framlög í vinnudeilusjóð

„42. þing ASÍ samþykkir að kr. 143.023.705.- af óráðstöfuðu eigin fé sambandsins skuli ráðstafað í Vinnudeilusjóð ASÍ.“

Greinargerð: Í lögum ASÍ var áður sérstakt ákvæði um að Vinnudeilusjóður ASÍ væri sjálfstæð eining og í hann runnu 3,7% af tekjum sambandsins, ásamt því að hann var ávaxtaður um 3% á ári til viðbótar við hækkun verðlags milli ára. Á ársfundi sambandsins árið 2006 var ákveðið að fella sjóðinn inn í ársreikning Sambands sjóðs og sérgreina hann meðal eiginfjárliða með sömu ávöxtun og sömu framlögum af tekjum ASÍ. Á þingi sambandsins í október 2008, þegar skattar sambandsins voru lækkaðir, var ákveðið að fella út öll ákvæði um sjóðinn. Var málið kynnt þannig að þetta þýddi í reynd að taka þyrfti sérstaka ákvörðun um hækkun hans á þingi sambandsins. Frá þeim tíma hefur málið aldrei verið tekið upp og stendur sjóðurinn í sömu fjárhæð og var í árslok 2008. Ef sjóðurinn hefði verið ávaxtaður um 3% að raungildi frá 2008 (sem hafði verið um árabíl þar áður) er ljóst að hann væri rúmum 143 mill.kr. stærri en raun ber vitni. Í ljósi þeirrar miklu óvissu sem er um stöðu kjaramála á næstu misserum er það tillaga að færa sjóðinn í það horf með sérstakri ákvörðun 42. þings ASÍ um slíkt framlag sem framkvæmt yrði í næsta uppgjöri vegna ársins 2016 sem milli-færslu af óráðstöfuðu eigin fé yfir í Vinnudeilusjóð.

Gylfi nefndi að teikn séu á lofti um að ófriður sé framundan á vinnumarkaði og því sé hér um að ræða mikilvæga pólitíska yfirlýsingu. Vékk Gylfi því næst að svohljóðandi tillögu miðstjórnar þess efnis að hún fengi umboð þingsins til að kanna hvort að unnt sé að gera heimildamynd um sögu ASÍ.

Tillaga miðstjórnar til 42. þings ASÍ um gerð heimildarmyndar o.fl.

Í tilefni 100 ára afmælis Alþýðusambands Íslands, samþykkir 42. þing ASÍ að miðstjórn sé heimilt að veita allt að kr. 20.000.000.- af fé sambandsins til þess annars vegar að undirúa gerð heimildarmyndar um sögu og starfsemi ASÍ í 100 ár og til þess hins vegar að gera nýútgefna sögu ASÍ aðgengilega á rafrænan hátt, þ.m.t. í formi rafbókar/a.

Gylfi sagði að nauðsynlegt sé að hafa áhrif á skrásetningu sögunnar svo að

sannmælis sé gætt um það hvernig samfélagið og réttindi launafólks hafi orðið til. Jafnframt sé vilji samhliða athugun á gerð heimildamyndar til þess að gera sögu ASÍ aðgengilega með rafrænum hætti. Að lokum kynnti Gylfi svohljóðandi tillögu miðstjórnar til þingsins um kjör löggilts endurskoðanda:

42. þing ASÍ samþykkir að Theodór S. Sigurbergsson, löggiltur endurskoðandi, verði ráðinn löggiltur endurskoðandi ársreikninga ASÍ til næsta reglulegs sambandsþings á árinu 2018.

Greinargerð: Fyrr á þessu þingi var tekin fyrir tillaga um breytingu á 4.mgr. 46.gr. laga sambandsins þess efnis að löggiltur endurskoðandi sambandsins skuli kjörinn á þingi sambandsins í stað þess sem verið hefur að miðstjórn taki ákvörðun þar að lútandi. Í samræmi við þá breytingu er nú lagt til að gengið verði til samninga við Theodór S. Sigurbergsson, löggiltan endurskoðanda, um að hann taki að sér að vera löggiltur endurskoðandi ársreikninga ASÍ.

Óskar Guðmundsson, VR, kvaddi sér hljóðs til þess að fjalla um vísitölur. Að einhverju leyti væri húsnæðisliður í samræmdu vísitölu evrópsku hagstofunnar. Þar inni væri afleiða af leiguverði sem vigtuð væri inn í vísitöluna. Hefði sú vísitala verið notuð á Íslandi árin 2008, 2009 hefði það gert út af við enn fleiri heimili en raunin varð á þeim tíma og væri hún því ekki gallalaus.

Þingforseti kvaddi sér hljóðs og vísaði framkomnum tillögum til laga- og allsherjarnefndar til frekari umfjöllunar.

Samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Rannveig Sigurðardóttir, VR, sagðist hafa verið á nokkrum þingum og ársfundum í gegnum árin og kvaðst vera þeirrar skoðunar að það væri í sífellu verið að fjalla um sömu málin. Nefndi hún sem dæmi að hjakkað væri í sama farinu með jafnréttismál og velferðarmál, lítið hafi gerst í þeim málum. Nóg hafi verið talað, aðgerða væri þörf. Vék hún sér næst að slysatryggingarmálum launafólks og sagði það vera sína skoðun að aldursskerðingarákvæðin í kjarasamningunum væru stjórnarskrárbrót. Kvaðst hún vilja fá svör um það hvaða landssamband og aðildarfélag innan ASÍ hafi samþykkt að setja þetta inn í samningana.

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, AFLi starfsgreinafélagi, kvaðst vilja gera að umtalsefni glæpastarfsemi á vinnumarkaði. Segist hafa séð í fjölmiðlum nokkur upptalin mál um brotastarfsemi. Í engu málanna hafi verið gefin út ákæra. Kvaðst Hjördís vilja beina því til viðeigandi nefndar ASÍ að gera tillögu um að settur verði sterkari refsiramma um slík brot.

Óskar Guðmundsson, VR, steig í pontu og kvaðst vilja víkja aftur að því

sem hann ræddi um áður, sem eru lífeyrisréttindi. Óásættanlegur munur sé á lífeyrisréttindum launafólks á almennum og opinberum vinnumarkaði. Nefndi hann tölur í því sambengi um hvað ríkið hefur lagt inn í opinberu lífeyris-sjóðina og hve sambærileg upphæð væri ef leggja ætti það inn í almennu sjóðina. Eins og staðan sé núna muni gríðarlegar fjárhæðir falla á skattborgara verði ekkert að gert fljótlega. Lýsti hann að lokum yfir framboði sínu til miðstjórnar þar sem hann vilji vinna að þessu hjartans máli sínu sem sé jöfnun lífeyrisréttinda og upplýsti hann jafnframt þingfulltrúa um það að hann hefði kvartað til umboðsmanns Alþingis og forsætisráðuneytisins vegna þessarar mismununar sem hann sagðist telja brjóta gegn jafnræðisreglu stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

Svanborg Hilmarsdóttir, formaður ASÍ-UNG, kvaddi sér hljóðs til að lesa upp ályktun af nýafstöðnu þingi ASÍ-UNG sem haldið var 23. september sl.

„Ekkert um okkur – án okkar

4. þing ASÍ-UNG tók þá ákvörðun að horfa inn á við og reyna að átta sig á hvernig best er að virkja ungt fólk innan verkalýðshreyfingarinnar. Vandí hefur verið að fá ungt fólk til starfa og starfsemi ASÍ-UNG því upplifað sig með lítið bakland.

4. þing ASÍ-UNG telur vanta frekari kynningu á starfsemi ASÍ-UNG sem og kynningu á hvaða starfsemi fer fram hjá stéttarfélögum meðal ungs fólks. Stór hluti af þessu er að lítið fjármagn hefur verið sett í starfsemina. 4. Þing ASÍ-UNG skorar því á aðildarfélögin og ASÍ að endurskoda þetta. Nauðsynlegt er að setja fjármagn í uppbyggingu ungliðastarfs svo hægt sé að halda viðburði, málþing, ferðast milli landshluta og einnig til að kynna okkur starfsemi annarra landa.

4. þing ASÍ-UNG telur að stjórn ASÍ-UNG eigi að hafa fullgildan meðlim í miðstjórn í stað þess að hafa eingöngu áheyrnarfulltrúa. Þannig styrkjast böndin og öruggt verður að ungt fólk komi að borðinu eins og aðrir. Vert er að geta þess að formaður ASÍ-UNG er lýðræðislega kjörinn í stjórn ASÍ-UNG af ungliðum innan aðildarfélaga ASÍ.“

Svanborg bætti við að á þinginu hefði komið fram áskorun til aðildarfélaga ASÍ um að greiða götu ungs fólks til áhrifa í stéttarfélögum. Hvatti hún að lokum þingfulltrúa til að taka þessi mál alvarlega til að tryggja að nauðsynleg endurnýjun eigi sér stað.

Klukkan 17.10 var gert hlé á þingstörfum

Fimmtudagur 27. október

Þingi var framhaldið fimmtudaginn 27. október kl. 09.00 með málstofum og hópavinnu. Einnig var laga- og allsherjanefnd að störfum.

Málstofur og hópastarf

Þingfulltrúar voru búnir að velja málstofu við skráningu á þingið, en unnið var í þremur málstofum þar sem í upphafi voru haldin erindi í tengslum við viðkomandi málstofu og í framhaldi var unnið í hópum. Ritnefnd, valin af þingfulltrúum, vann tillögu að ályktun sem unnin var úr niðurstöðum hópavinnunnar.

Mennta- og atvinnumál

Í upphafi málstofunnar flutti **Daði Már Kristófersson**, prófessor við HÍ, erindi sem hann nefndi „Hvernig tryggjum við samkeppnishæf lífskjör á Íslandi? Því næst flutti **Sveinn Aðalsteinsson**, framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, erindið „Risinn hefur hlutverk - fyrirtækin sem námsstaður.“ Að lokum flutti **Ragnheiður Magnúsdóttir** hjá Marel hf. erindi um tækniþróun og tækniframfarir sem munu hafa áhrif á vinnumarkað og atvinnulíf í náinni framtíð.

Vinumarkaður og jafnrétti

Í upphafi málstofunnar flutti **Ari Kristinn Jónsson**, rektor HR, erindi sem bar yfirskriftina „Iðnbylting, vinnumarkaður og samfélag“, því næst hélt **Halldór Grönvold**, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, erindi þar sem hann fjallaði um „Brotastarfsemi á íslenskum vinnumarkaði; hvað er til ráða?“ Að lokum flutti **Guðbjörg Linda Rafnsdóttir**, prófessor við HÍ, erindi sem bar yfirskriftina „Kynja (ó)jafnrétti í atvinnulífinu. Orsakir og birtingarmyndir.“

Velferð

Í upphafi málstofunnar flutti **Ólafur Baldursson**, framkvæmdastjóri lækninga hjá Landspítalanum, erindið „Landspítali – Áskoranir og nauðsynlegar umbætur.“ Því næst flutti **Henný Hinz**, hagfræðingur ASÍ, erindi sem bar yfirskriftina „Hvað hefur gerst í húsnæðismálum?“

Klukkan 12.15 var gert hádegishlé.

Klukkan 13.15 hófust þingstörf í sal.

Skýrsla forseta og reikningar ASÍ og stofnana

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, kynnti skýrslu forseta og rakti það helsta. Kvað hann árið 2015 hafa mótast af þeim kjarasamningum sem þá var unnið að. Sameiginlegar kröfur hafi verið gerðar á stjórnvöld og atvinnurekendur sem ASÍ haldi um, er varða húsnæðismál, kostnaðarþátttöku í heilbrigðis-kerfinu og menntamál. Sagði hann að brugðist hafi verið harkalega við fjárlagafrumvarpinu 2015 sem hafi falið í sér ýmiss konar skerðingar en þó hafi tekist að ná góðu samtali við stjórnvöld og vandað samstarf við sérstaklega ráðuneyti velferðar- og vinnumarkaðsmála. Að sama skapi hafi samstarf ASÍ og BSRB verið mjög gott. Mikil vinna hafi verið í gangi við hið nýja samningalíkan sem hafi verið ráðandi í miðstjórn og á skrifstofu ASÍ og yrði væntanlega áfram. Vinnustaðaeftirlitið hafi jafnframt verið eflt og átakið „Einn réttur – ekkert svindl!“ hafi verið ýtt úr vör í árslok 2015 og að flest félögin hafi lagt mikið á sig í tengslum við þetta og að hans mati eigi að gera ráð fyrir því að þetta verði hluti af reglubundnum verkefnum ASÍ og félaganna. Gerður hafi verið sérstakur kjarasamningur í ársbyrjun 2016 til uppfærslu á gildandi samninga sem fór í allsherjaratkvæðagreiðslu allra félagsmanna aðildarféлага ASÍ. Rakti Gylfi deiluna í Straumsvík. Vlf. Hlíf hafi boðað til verkfalls og sú deila hafi verið erfið og samskiptareglur og traust við stjórnendur fyrirtækisins hafi minnkað. Gylfi sagði frá hátíðahöldunum í tengslum við 100 ára afmæli ASÍ sem hafi í alla staði heppnast vel. Allir viðburðir sem haldnir voru vítt og breitt um landið á árinu hafi verið vel sóttir og andinn góður. Að lokum rakti Gylfi nýlegt átak við að hrinda áformum ríkisstjórnarinnar um hækkun lífeyrisaldurs.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ, gerði grein fyrir formlegri afgreiðslu miðstjórnar og endurskoðenda á reikningum ASÍ og stofnana fyrir árin 2014 og 2015. Fram kom hjá Guðrúnu að útkoma ársins 2014 var þannig að afkoma samstæðunnar fyrir árið 2014 var um rétt rúmar 30 milljónir og að útkoman fyrir árið 2015 var hagstæð um 17 milljónir. Í máli Guðrúnar kom fram að á árinu 2014 hefðu heildareignir samstæðunnar verið um 1.278 milljónir og á árinu 2015 stæðu þær í rúmlega 1.267 milljónum. Fór Guðrún því næst yfir nánari sundurliðun reikninganna eftir afkomu og stöðu einstakra stofnana samstæðunnar. Um reikningana að öðru leyti vísaði Guðrún til skýrslu forseta þar sem þeir væru birtir.

Þingforseti bar reikninga upp til samþykktar og voru þeir samþykktir einróma.

Panelumræður með fulltrúum stjórnmalaflokka

Í tilefni þess að kosningar til Alþingis voru haldnar degi eftir að 42. þingi ASÍ lauk var þeim stjórnmalaflokkum, sem samkvæmt könnunum þóttu öryggir um að fá fulltrúa á Alþingi, boðið að senda formenn sínatil viðræða

við þingfulltrúa. Efni viðræðnanna var um samhengið á milli efnahagslegs og félagslegs stöðugleika.

Eftirfarandi stjórn mála flokkar sendu fulltrúa; Björt framtíð, Framsóknarflokkurinn, Píratar, Samfylkingin, Viðreisn, Vinstri græn og Sjálfstæðisflokkurinn. Umræðustjóri var **Sigmar Guðmundsson** dagskrárgerðarmaður.

Klukkan 15.30 var gert kaffihlé.

Klukkan 16.00 hófust þingstörf aftur.

Lagabreytingar 2. umræða og afgreiðsla

Signý Jóhannesdóttir, StéttVest, kynnti niðurstöðu og tillögur laga- og allsherjarnefndar um framkomnar tillögur um lagabreytingar. Rakti hún umræðuna, forsöguna og forsendur nefndarinnar fyrir því að mæla með samþykkt á tillögu miðstjórnar um breytingu á 41. gr. laga ASÍ. Um það hafi allir nefndarmenn að einum undanskildum verið sammála. Vék Signý því næst að tillögu miðstjórnar um breytingu á 46. gr. laga ASÍ þess efnis að löggiltur endurskoðandi verði kjörinn á sambandsþingi fremur en ráðinn af miðstjórn. Hvað varðar tillögu Eflingar um breytingar á 4. mgr. 49. gr. laga ASÍ mælti Signý fyrir breytingatillögu laga- og allsherjarnefndar sem var efnislega á þá leið að tillagan megi ekki verða til lækkunar núverandi bóta og því þyrfti hún að taka gildi frá og með tilteknum degi m.v. uppreiknaða fjárhæð m.v. launavísitölu. Breytingatillögur laga- og allsherjarnefndar við framkomnar tillögur voru því svohljóðandi:

d. liður 49.gr. breytist og hljóði svo:

Eingreiddar dánarbætur við andlát virks og greiðandi sjóðfélaga sem nemi 360.000.- krónum m.v. starfshlutfall hans. Réttahafar bóta eru maki sjóðfélaga og börn hans undir 18 ára aldri. Bótafjárhæð miðast við vísitölu neysluverðs pr. 1.1 2017 og tekur sömu breytingum og hún.

Þingforseti gaf því næst orðið laust fyrir umræður um afgreiðslu á tillögum.

Hilmar Harðarson, FIT, kvaddi sé hljóðs og sagði að Samiðn hafi verið ósátt við hækkunina en komið hafi verið til móts við þeirra aðstæður með því að taka þessa hækkun í tveimur þrepum.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, FRV, kvaðst vilja halda því til haga að hann teldi það hafa verið miðstjórn sem hafi viljað ráða framkvæmdastjóra fremur en formenn stærstu aðildarfélaga. Sagðist Kristján vilja taka undir með Hilmarí að hugsanlega sé farið of bratt í hækkanir á skatti, hækkunin sé a.m.k. rífleg af því að störfum sé að fjölga og jafnframt eigi mörg félög undir högg að sækja og muni um þessa hækkun. Að lokum sagðist Kristján telja það æskilegt að reynt verði a.m.k. í framhaldinu að draga þá hækkanir til baka ef mögulegt verður.

Óskar Guðmundsson, VR, sagðist viljataka undir ræðu síðasta ræðumanns um að hugsanlega sé hækkunin óþörf þar sem jafnframt sé gjarnan tregða til að taka skattahækkunir til baka.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, kvaðst vilja bregðast við ræðu Kristjáns um að miðstjórn hafi tekið ákvörðun um að ráða framkvæmdastjóra. Rétt sé það að miðstjórn taki ákvörðunina formlega en hins vegar hafi hitt komið mjög sterkt fram hjá formönnum, m.a. samninganefndar, um að nauðsynlegt væri að breikka forystuna og fá inn framkvæmdastjóra. Gylfi fór því næst í forsendur skattaákvæðana til ASÍ og hvað þar ráði. Skrifstofan verði að hafa burði til að sinna þeim verkefnum sem á hana er lagt og staðreyndin sé að undanfarin ár hafi forystan tekið ákvörðun um að auka við verkefni skrifstofunnar.

Hermann Guðmundsson, FIT, sagði að alltaf væri hægt að breyta. T.a.m. á næsta þingi. Las hann upp breytingatillögu um að seinni liður hækkunarinnar komi ekki til framkvæmda fyrr en búid er að taka stöðuna í aðdraganda þingsins 2018. Kvaðst hann því vilja bera upp svohljóðandi breytingatillögu og lýsti eftir 15 meðmælendum með tillögnum.

„Skatthlutfall til ASÍ hækki um 0,5% frá áramótum 2016/2017“

Gylfi Arnbjörnsson kvaðst vilja bregðast við tillögu Hermanns. Staðreyndin væri að verið sé að breyta til framtíðar og sagði að ekki væri hægt að taka bara fyrri liðinn út þar sem að fjárhagsáætlun þyrfti að taka mið af vissu um innstreymi til skrifstofunnar. Því kvaðst hann vilja halda í fyrri tillögu og taka þá frekar aftur nýja ákvörðun á næsta þingi.

Þingforseti bar því næst upp tillögu miðstjórnar um breytingu á 4. mgr. 46. gr. ASÍ sem var samþykkt svohljóðandi með einu mótatkvæði.

Löggiltur endurskoðandi sambandsins skal kosinn á sambandsþingi til tveggja ára í senn. Að auki skulu tveir skoðunarmenn reikninga kosnir á sambandsþingi til tveggja ára í senn og tveir til vara. Skoðunarmenn árita reikninga sambandsins ásamt framkvæmdastjóra þess.

Hermann Guðmundsson, FIT, steig í stól og bar fram framangreinda breytingatillögu sína með 15 meðmælum við tillögu miðstjórnar um breytingu á 41. gr. laga ASÍ.

Þingforseti bar upp til atkvæða breytingatillögu Hermanns. Með voru 65, á móti voru 104. Tillagan var því felld.

Þingforseti bar því næst upp upphaflegu tillögu miðstjórnar um breytingu á 41. gr. ASÍ. Með voru 129, á móti voru 49. Tillagan var því samþykkt.

Þingforseti bar því næst upp til atkvæða tillögu Eflingar um breytingu á 4. mgr. 49. gr. Samþykkt með öllum atkvæðum gegn tveimur mótatkvæðum.

Signý Jóhannesdóttir, StéttVest, steig því næst í pontu og hélt áfram að kynna álit laga- og allsherjarnefndar. Um tillögur miðstjórnar um framlag í vinnudeilusjóð annars vegar og undirbúning að gerð heimildamyndar o.fl. Hins vegar sagði Signý að nefndin mælti með samþykkt tillagnanna óbreyttum. Hvað varðar tillögu VLFA til ályktunar um breytta mælingu neysluverðs-vísitölu þá sagði hún að nefndin væri sammála henni en þó þyrfti að endurorða hana til þess að hún nái markmiðum sínum og tillaga nefndarinnar væri svohljóðandi:

Ályktun um breytingu á mælingu neysluverðsvísitölu hljóði svo:

42. þing ASÍ haldið 26.–28. október 2016 skorar á stjórnvöld og Alþingi að vísitala neysluverðs til verðtryggingar skv. lögum um vexti og verðtryggingu verði hér eftir reiknuð án húsnæðisliðar.

Vilhjálmur Birgisson, VLFA, kvaðst geta samþykkt breytingatillögu laga- og allsherjarnefndar. Vilhjálmur kvaðst jafnframt vilja ítreka þá kröfu sína um að ASÍ fylgi málinu fast eftir enda sé um mikið hagsmunamál að ræða.

Símon Jónsson, VM, sagðist vilja fagna því að tillaga um að gera heimildamynd væri komin fram og hann vildi hvetja til þess að hún yrði samþykkt. Kvaðst hann jafnframt vilja minna á að gera þetta efni aðlaðandi fyrir unga fólkið.

Þingforseti bar upp tillögu VLFA með áorðnum breytingum. Samþykkt einróma.

Þingforseti bar því næst upp tillögu miðstjórnar um framlag í vinnudeilusjóð. Samþykkt með þremur mótatkvæðum.

Þingforseti bar því næst upp tillögu um að miðstjórn verði falið að gera heimildamynd og rafbókavæða sögu ASÍ. Samþykkt einróma.

Klukkan 18.00 var gert hlé á þingstörfum.

Samþykktar breytingar á lögum ASÍ

Samkvæmt framansögðu voru því eftirfarandi breytingar á lögum ASÍ samþykktar á þinginu:

1. 41. gr. hljóði svo:

Sambönd og félög með beina aðild greiða árlega skatt til ASÍ og stofnana þess. Hvert samband skal ákveða með hvaða hætti það innheimtir skatta hjá félögum og deildum innan sinna vébanda.

Árlegur skattur reiknast sem 8,3% af samanlögðum iðgjaldatekjum félagssjóðs félaga og deilda innan hvers sambands eða félags með beina aðild vegna næstliðins almanaksárs. Miða skal við umreiknaðar iðgjaldatekjur, þannig að þær jafngildi því að aðildarfélög einstakra sambanda og félög með beina aðild innheimti 1% iðgjöld af heildartekjum til félagssjóðs. Við skiptingu iðgjaldatekna milli einstakra deilda deildaskiptra stéttarfélaga sem eiga aðild að fleiri en einu sambandi skal stuðst við endurskoðaða sundurliðun þeirra í ársreikningi, liggi slík skipting fyrir, en ella skal skipta iðgjaldatekjunum hlutfallslega milli deilda samkvæmt upplýsingum um fjölda gjaldskyldra einstaklinga.

Frá reiknuðum skatti skv. 2. mgr. skal draga frá sérstakan skattafrádrátt, sem skal vera kr. 3.650.000,- fyrir hvert samband. Sérstakur skattafrádráttur félaga með beina aðild skal vera kr. 182.000,- fyrir hvert félag með færri en 500 félagsmenn, kr. 365.000,- fyrir hvert félag með fleiri en 500 og færri en 1.000 félagsmenn og kr. 550.000,- fyrir hvert félag með fleiri en 1.000 félagsmenn. Með félagsmönnum er hér átt við reiknaðan fjölda félagsmanna skv. 6. mgr. 30. gr.

Drátt fyrir ákvæði 2. mgr. að teknu tilliti til 3. mgr. skal ekkert samband eða félag með beina aðild greiða lægri skatt en sem nemur 6,6% af umreiknuðum iðgjaldatekjum eins og þær eru skilgreindar í 2. mgr.

Skrifstofa ASÍ leggur á og innheimtir skatta til ASÍ og stofnana þess hjá samböndum og félögum með beina aðild. Endanleg álagning fer fram á 4 ársfjórðungi hvers árs og skal hún kynnt með sérstökum álagningarseðli. Á álagningarseðli skal tilgreina endanlega álagningu skatta til ASÍ og stofnana þess, þær forsendur sem álagningin byggir á s.s. skattprósentu skv. 2. mgr., iðgjaldatekjur og umreiknaðar iðgjaldatekjur skv. 2. mgr., lágmarksskattprósentu skv. 4. mgr., upphæð skattafrádráttar skv. 3. mgr. og greiðslustöðu. Endanlega álagðan skatt að teknu tilliti til innborgana skal greiða á gjaldlega síðasta ársfjórðungs.

Skrifstofa ASÍ skal fjalla um ábendingar og athugasemdir sam-

banda, einstakra aðildarféлага þeirra og féлага með beina aðild vegna álagningarinnar og leiðréttá mistök eða villur sem kunna að hafa orðið. Rísi ágreiningur um hvort leiðréttá skuli eða telji einhver fram- anritaðra á sig hallað við álagninguna er heimilt að skjóta þeim ágreiningi til miðstjórnar ASÍ sem að fengnum athugasemdum kæranda og skrifstofu ASÍ kveður upp úrskurð sinn svo fljótt sem verða má.

Við álagningu skatta vegna þeirra sem ekki hafa skilað inn árs- reikningi skv. 3. mgr. 47. gr. fyrir næstliðið ár skal nota áætlun. Áætl- unin skal byggð á upplýsingum um iðgjaldatekjur næsta árs á undan. Ofan á þessar iðgjaldatekjur skal bæta þeim breytingum sem orðið hafa á reglulegum launum félagsmanna innan ASÍ skv. upplýsingum Hagstofunnar miðað við 2. ársfjórðung álagningarárs að viðbættu 10% álagi.

Sé ársreikningi skv. 3. mgr. 47. gr. skilað eftir að skattur hefur verið áætlaður á félagið skv. 7. mgr. en fyrir árslok álagningarárs, skal endurskoða áætlunina og leggja á skatta með venjulegum hætti. Eftir það telst sú álagning endanleg.

Skrifstofa ASÍ skal láta samböndunum í té leiðbeinandi upplýsingar um skattbyrði einstakra féлага og deilda skv. skattkerfi ASÍ og stofnana þess.

Bráðabirgðaákvæði með 41. gr:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 41. gr. um 8,3% árlegan skatt skal skattur vegna ársins 2017, sem lagður verður á haustið 2017, vegna tekna aðildarfélaganna 2016, nema 7,95%. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 41. gr. um 6,6% lágmarksskatt, skal skattur vegna ársins 2017, sem lagður verður á haustið 2017, vegna tekna aðildarfélaganna 2016, nema 6,15%.

2. 46. gr. hljóði svo:

Ársreikninga sjóða ASÍ, ásamt samstæðuuppgjöri, fyrir hvert alman- aksár skal leggja fyrir miðstjórn eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Ársreikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda í samræmi við góða endurskoðunarvenju.

Við gerð ársreikninga skal hliðsjón höfð af viðmiðunarreglum sem miðstjórn samþykkir. Vinnudeilusjód skal haldið aðgreindum frá öðru fé sambandsins og hann aðgreindur í bókhaldi Sambands sjóðs.

Reikningarnir skulu lagðir til fullnaðargreiðslu fyrir þing ASÍ.

Löggiltur endurskoðandi sambandsins skal kosinn á sambandsþingi til tveggja ára í senn. Að auki skulu tveir skoðunarmenn reikninga kosnir á sambandsþingi til tveggja ára í senn og tveir til vara. Skoðunarmenn árita reikninga sambandsins ásamt framkvæmdastjóra þess.

Samkvæmt framansögðu voru því eftirfarandi ályktanir samþykktar á þinginu:

1. „42. þing ASÍ haldið 26.–28. október 2016 skorar á stjórnvöld og Alþingi að vísitala neysluverðs til verðtryggingar skv. lögum um vexti og verðtryggingu verði hér eftir reiknuð án húsnæðisliðar.“
2. „42. þing ASÍ samþykkir að í tilefni 100 ára afmælis Alþýðusambands Íslands verði allt að kr. 20.000.000.- ráðstafað til þess annars vegar að undirbúa gerð heimildarmyndar um sögu og starfsemi ASÍ í 100 ár og til þess hins vegar að gera nýútgefna sögu ASÍ aðgengilega á rafrænan hátt, þ.m.t. í formi rafbókar.“
3. „42. þing ASÍ samþykkir að kr. 143.023.705.- af óráðstöfuðu eigin fé sambandsins skuli ráðstafað í vinnudeilusjóð ASÍ.“

Föstudagur 28. október

Þingi var framhaldið föstudaginn 28. október kl. 09.00 – fyrst með framhaldi á nefndarstarfi í málstofum þar sem endanlegar tillögur nefnda voru afgreiddar til þingsins.

Klukkan 10.30 hófust þingstörf í sal

Málefni þingsins – 2. umræða – kynning á drögum að ályktunum

Þingforseti hóf mál sitt á að tilkynna að vegna tímaskorts yrðu drög að öllum ályktunum þingsins kynntar í upphafi, en almennum umræðum frestað fram yfir kosningar.

Sigurður Besson, formaður nefndar um nýtt kjarasamningslíkan, gerði grein fyrir þeirri vinnu sem fram fór í nefndinni. Hann byrjaði á því að þakka ritnefnd fyrir gott samstarf og sagði að þau gögn sem lágu fyrir eftir hópavinnuna hafi verið nokkuð flókin, sérstaklega þar sem að um síðari spurninguna, sem vinna átti með, hafi ekki verið eining meðal þingfulltrúa, þar sem hún hafi þótt of leiðandi. Því hafi verið ákveðið, sagði Sigurður, að líta framhjá síðari spurningunni þegar unnið var úr niðurstöðum hópavinnunnar. Sagði hann að almennt hafi verið mjög frjög umræða sem kom út úr vinnunni með fyrri spurninguna og skoðaðar voru þær áherslur sem stóðu upp úr. Því næst las hann tillögu að ályktun um „Breytt og bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga“.

Þingforseti minnti á að tillaga VLFA er lúti að nýju vinnumarkaðsmódeli verði einnig lögð fram til afgreiðslu, eftir umræður, og að frummælandi óski eftir leynilegri kosningu um tillöguna.

Sigurros Kristinsdóttir, formaður velferðarnefndar, gerði grein fyrir þeirri vinnu sem fram fór í nefndinni. Hún þakkaði ritnefnd fyrir gott samstarf og einnig þakkaði hún fyrir málefnalegar umræður í hópavinnunni. Hún sagði að inn í ályktanirnar hafi verið stefnt að því að fanga umræðuna og endurspegla niðurstöður hópavinnunnar. Sigurros sagði að nefndin sendi frá sér tvær ályktanir, þar sem fjallað hafi verið um tvö málefni, þ.e.heilbrigðismál og húsnæðismál. Því næst las hún tillögu að ályktunum um „Heilbrigðismál“ og „Húsnæðismál“.

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður vinnumarkaðsnefndar, gerði grein fyrir þeirri vinnu sem fram fór í nefndinni sem fjallaði um vinnumarkaðinn. Hún þakkaði fyrir gott samstarf og sagði að vinnan hafi verið mjög áhugaverð og gefandi. Því næstlas hún tillögu að ályktun sem bar yfirskriftina “Upprætum brotastarfsemi á vinnumarkaði – það bera allir ábyrgð.”

Signý Jóhannesdóttir, formaður jafnréttis- og fjölskyldunefndar, gerði grein fyrir þeirri vinnu sem fram fór í nefndinni þegar fjallað var um jafnrétti á vinnumarkaði. Hún þakkaði fyrir samstarfið og sagði að áherslan í hópavinnunni hafi verið aðallega á launajafnréttið og jafnlaunastaðalinn, fæðingarorlofið og fræðslu um jafnrétti. Því næst las hún tillögu að ályktun sem bar yfirskriftina „Jafnrétti er mannréttindi!“.



Kosningar

Kjör forseta ASÍ

Þorbjörn Guðmundsson, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir tilnefningu til forseta ASÍ. Kjörnefnd tilnefndi Gylfa Arnbjörnsson, núverandi forseta ASÍ.

Pingforseti kallaði eftir öðrum framboðum. Svo var ekki og taldist Gylfi því rétt kjörinn.

Gylfi Arnbjörnsson þakkaði þingfulltrúum fyrir sig.

Kjör varaforseta ASÍ

Þorbjörn Guðmundsson, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir tilnefningum tilvaraforseta ASÍ. Kjörnefnd tilnefndi Ólafíu B. Rafnsdóttur, VR, sem fyrsta varaforseta ASÍ. Engin önnur tilnefning kom fram og taldist Ólafía því rétt kjörin.

Ólafía B. Rafnsdóttir þakkaði þingfulltrúum fyrir sig.

Kjörnefnd tilnefndi Sigurð Bessason, Eflingu stéttarfélagi, sem annan varaforseta ASÍ. Engin önnur tilnefning kom fram og taldist Sigurður því rétt kjörinn.

Sigurður Bessason þakkaði þingfulltrúum fyrir sig.

Kosningar til miðstjórnar

Þorbjörn Guðmundsson, formaður kjörnefndar, gerði grein fyrir tilnefningum á aðalmönnum til setu í miðstjórn ASÍ til 2018.

Guðbrandur Einarsson, VS, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, VR, Eiður Stefánsson, FVSA, Benóný Valur Jakobsson, VR, Sverrir Albertsson, Afl starfsgreinafélag, Björn Snæbjörnsson, Eining-Iðja, Sigurrós Kristinsdóttir, Efling

stéttarfélag, Signý Jóhannesdóttir, Stéttarfélag Vesturlands, Kristján Þórður Snæbjarnarson, FRV, Hilmar Harðarson, FIT, Valmundur Valmundarson, Sjómannafélagið Jötunn, Guðmundur Ragnarsson, VM.

Einnig hafði boðið sig fram Óskar Guðmundsson, VR.

Þingforseti gerði grein fyrir að meðan að beðið væri eftir kjörgögnum til að hægt væri að ganga til kosninga þá héldi áfram kynning á niðurstöðum nefndarvinnunnar.

Málefni þingsins – 2. umræða, kynning á drögum að ályktunum, framhald

Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður atvinnumálanefndar, gerði grein fyrir starfi þingnefndar sem fjallaði um atvinnu- og menntamál. Hann sagði að vinnan hafi verið mjög frjó og gefandi og að afrakstur vinnunnar væru tvær ályktanir. Önnur fjallaði um atvinnumál og sú síðari um menntamál. Því næst gerði hann grein fyrir drögum að ályktun um „Atvinnumál“ og í framhaldi gerði hann grein fyrir drögum að ályktun um „Menntamál“.

Þingforseti minnti þingfulltrúa á að hafa tilbúin nafnspjöld sín sem notuð eru til atkvæðagreiðslu, en án þeirra gætu þeir ekki greitt atkvæði. Því næst var gengið til kosninga um fulltrúa í miðstjórn ASÍ til ársins 2018.

Klukkan 11.45 var gert hádegishlé.

Klukkan 12.45 var þingi framhaldið.

Kosningar – framhald

Þingforseti gerði grein fyrir niðurstöðum kosninga til miðstjórnar ASÍ til ársins 2018. Þeir fulltrúar sem kjörnefnd tilnefndi voru kosnir til setu í miðstjórn.

Þorbjörn Guðmundsson gerði grein fyrir tilnefningum á varamönnum til setu í miðstjórn ASÍ til 2018. Engar aðrar tilnefningar komu fram og töldust eftirfarandi því rétt kjörnir:

Kristín M. Björnsdóttir, VR, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, VR, Gils Einarsson, VMS, Bjarni Þór Sigurðsson, VR, Hjörtur Geirmundsson, Verslunarmannafélag Skagafjarðar, Kolbeinn Gunnarsson, Verkalýðsfélagið Hlíf, Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélag Vestfjarða, Halldóra Sveinsdóttir, Báranstéttarfélag, Fanney Friðriksdóttir, Efling stéttarfélag, Magnús S. Magnússon, Verkalýðs- og sjómannafélagi Sandgerðis, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Afl starfsgreinafélag, Borgþór Hjörvarsson, FÍR, Finnbjörn A. Hermannsson, Byggið, Konráð Alfreðsson, Sjómannafélag Eyjafjarðar, Georg Páll Skúla-son, FBM.

Þingforseti bar upp tillögu um löggiltan endurskoðanda Alþýðusambands Íslands, samkvæmt breytingum á lögum sambandsins frá því deginum áður. Tilnefndur var Theodór S. Sigurbergsson frá endurskoðunarskrifstofunni Grant Thornton. Engin önnur tilnefning kom fram og taldist hann því rétt kjörinn.

Þorbjörn Guðmundsson gerði grein fyrir tilnefningum á aðalskoðunarmönnum og varaskoðunarmönnum reikninga. Engar aðrar tilnefningar komu fram og töldust eftirfarandi því rétt kjörnir til 2018.

Aðalskoðunarmenn:

Brýndís Kjartansdóttir, VS og Álfheiður Guðmundsdóttir, RSÍ.

Varaskoðunarmenn:

Þórður Ólafsson, Eflingu stéttarfélagi og Anna María Elíasdóttir, FVSA.

Þingforseti bar upp tillögur landssambanda og félaga með beina aðild um - fulltrúa í kjörnefnd til loka 43. þings ASÍ og var hún samþykkt með lófaklappi.

Gils Einarsson, LÍV, Kristín Björnsdóttir, LÍV, Ísleifur Tómasson, RSÍ, Sigurrós Kristinsdóttir, SGS, Kolbeinn Gunnarsson, SGS, Anna Júlíusdóttir, SGS, Þorbjörn Guðmundsson, Samiðn, Níels S. Olgeirsson, bein aðild, Konráð Alfredsson, SSÍ.

Málefni þingsins – 2. umræða og afgreiðsla

Nýtt samningalíkan á vinnumarkaði

Vilhjálmur Birgisson, VLFA, kynnti eftirfarandi tillögu VLFA um ályktun um hið nýja vinnumarkaðsmódel. Greindi hann frá því að í ályktuninni frá ritnefndinni séu ekki tekin inn þau sjónarmið sem koma fram hjá VLFA. Kvaðst Vilhjálmur vilja minna þingfulltrúa á það að þing ASÍ sé æðsta vald samtakanna. Hornsteinn í verkalýðsbaráttunni væri að hans mati að samningsréttur stéttarfélaganna væri sannarlega þeirra. Furðu sætti að hans mati að það virtust allir vera sammála um að svo eigi að vera áfram og eigi hann því bág með að skilja ef fulltrúar vilja ekki samþykkja þetta. Sagðist hann telja það mjög óskynsamlegt að samþykkja nýtt samningalíkan án þess að vita hvort eða hver breytingin yrði á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur í kjölfarið. Kvaðst hann hafa áhyggjur af því að traustið sé ekki til staðar og að nýtt módel festi í sessi láglaunastefnu þar sem inn komi ákvæði um hámarkslaunahækkanir. Sagði hann því næst frá því af hverju þetta sé sér hjartans mál. Kaupmáttur væri ekki nægilega hár og hóflegar launahækkanir lagfæri það ekki. Sagan sýndi að hans mati að svokölluð varnaðarorð SA, Seðlabankans og greiningadeilda stóru bankanna, um að of miklar launahækkanir myndu setja hagkerfið á hliðina, hefðu aldrei staðist.

„Tillaga stjórnar og trúnaðarráðs VLFA að ályktun er lýtur að nýju vinnumarkaðsmódeli:

42. þing Alþýðusamband Íslands haldið 26.–28. október 2016 hafnar því alfarið að vera aðili að nýju vinnumarkaðsmódeli sem nú er unnið að, ef það leiðir til þess að frjáls samningaréttur stéttarfélaganna verður skertur eða takmarkaður á nokkurn hátt.

Í ljósi þeirrar umræðu að til standi að breyta lögum um stéttarfélög og vinnudeilur vegna nýs vinnumarkaðsmódelis vill 42. þing taka það sérstaklega fram að allar slíkar breytingar verði að liggja fyrir áður en kosið verði um nýtt vinnumarkaðsmódel.

42. þing ASÍ vill líka að það komi skýrt fram að þingið hafnar öllum hugmyndum um breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur sem geta leitt til skerðingar eða takmörkunar á frjálsum samningsrétti stéttarfélaganna.

42. þing ASÍ er sannfært um að forræði hvers stéttarfélags til kjara-samningsgerðar og frjáls samningsréttur sé hornsteinn stéttarfélags-baráttu á Íslandi og það frjálsræði og þann samningsrétt megi ekki skerða eða takmarka á nokkurn hátt.“

Agnar Ólafsson, ASÍ-UNG, kvaðst vera tortrygginn á það að Gylfi Arnbjörnsson og Sigurður Bessason virtust vera sammála tillögu VLFA en vilji samt ekki greiða henni atkvæði. Kvaðst hann vilja fá skýr svör um hver væri raunverulegur vilji forystumannanna.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, sagði að hann teldi ekki rétt að samþykkja „hvað ef“-ályktanir, það þyrfti bara að treysta því að forystumenn störfuðu í anda þess grundvallarskipulags sem er til staðar. Kvaðst hann vilja bregðast við því að hann eða samninganefnd ASÍ hafi umboðslaust skrifað undir samning um nýtt módel og sagði það rangt. Samninganefnd SGS hafi verið kynnt efni og aðdragandi rammisamkomulagsins. Kvaðst hann ekki geta setið undir ásökunum um að hann hafi gengið ódregilega fram og hvatti þingfulltrúa til að ræða málin efnislega og vera málefnalegir.

Sigurður Bessason, Eflingu, kvaddi sér hljóðs og sagðist finnast það merkilegt að honum væru ætlaðir hlutir sem væru í raun ekki til staðar. Kvaðst hann ekki kannast við það að önnur viðhorf væru í gangi innan Eflingar um grundvallaratriði eins og samnings- og verkfallsrétt. Sagði hann það sína skoðun að ekki væri rétt að leggja af stað í efnislega umræðu og/eða vegferð sem væri takmörkuð. Verkefnið væri sameiginlegt og allir væru komnir jafn langt, umræðan væri rétt að byrja. Ósanngjarnt væri að verið væri að gera forystumönnum það upp að þeir væru komnir eitthvað lengra og væru að halda leyndum upplýsingum eða fyrirætlunum frá öðrum.

Óskar Guðmundsson, VR, sagðist hafa heyrt tölu um lágmarksframfærslu nefnda hér áður sem 320 þúsund. Kvaðst hann vilja leiðrétta þá tölu

enda væri hún hærrí í raun og veru, eða um 388 þúsund. Hans skoðun væri að það að binda launafólk inn í eitthvert norrænt módel sem innihéldi alls konar réttindi sem væru ekki til staðar hér, væri ekki skynsamlegt.

Guðmundur Ragnarsson, VM, kvaðst þykja það furðulegt að þurfa að hlusta á það að allir sitji að svikráðum og að reyna að svíkja sína umbjóðendur. Fullyrti hann að allir væru að leggja sig fram um að vinna vel og vilja vel. Sagði Guðmundur að málið og umræðan um nýtt samningsmódel snerist bara um það hvort að það ætti að skoða það að læra af öðrum þjóðum. Umræðan snúist ekki eingöngu um prósentuhækkningar heldur raunverulega kaupmáttaraukningu, að geta skaffað tekjulágum og annað öryggi. Skylda verkalýðshreyfingarinnar að hans mati væri að velta öllum steinum við um að tryggja betri lífsgæði og að vera móttækileg fyrir nýjum og hugsanlega betri aðferðum. Vegferðin snúist um almannahæill og að tryggja að allir geti lifað mannsæmandi lífi.

Jóhann Sigurðsson, FMA, kvaðst vilja byrja á því að óska nýkjörnu fólki til hamingju með embættiskjörið. Sagðist hann vera sáttur við þau ályktunardrög sem voru sett fram af ritnefndinni en ítrekaði að þetta væri allt rétt að byrja og halda þyrfti áfram að vinna vel. Vildi hann leggja áherslu á að annar vinnufundur yrði kallaður þegar málið væri komið lengra, enda væri vinnan bara rétt á upphafspunkti. Að hans mati væri traust lykिलatriði og hann hefði meiri áhyggjur af stjórnmalunum hvað það varðar.

Vilhjálmur Birgisson, VLFA, steig í pontu og kvaðst ekki ætla að taka þátt í þeim málf lutningi sem hafi komið frá Guðmundi Ragnarssyni. Sagðist Vilhjálmur vilja ítreka að traust væri takmarkað enda væri framsetning tölulegra upplýsinga villandi í þinggögnum þar sem alþjóðlegur samanburður hefði gjörbreyst með veikingu annarra gjaldmiðla. Vísaði hann jafnframt í orð Sigurðar um að ekki ætti að loka á neitt. Tillaga VLFA snerist bara um það að samningsréttur félaganna yrði ekki takmarkaður. Bætti hann við að hann fagnaði því að hann og formaður Eflingar væru þó sammála því að ekki yrði hreyft við lögum um stéttarfélög og vinnudeilur eftir að nýja módelið verði komið á, verði það raunin.

Ragnar Ingólfsson, VR, kvaðst ekki vera búinn að móta sér afstöðu til þess hvort taka ætti upp nýtt samningsmódel. Sagðist hann þó vera þeirrar skoðunar að engar forsendur væru til þess á Íslandi í dag að taka upp samningsmódel um hóflegar launahækkningar á meðan allt annað grunnkerfi sem væri til staðar í samanburðarlöndunum væri í molum og lánakjör væru jafn ósanngjörn og þau eru nú. Kvaðst hann jafnframt vilja víkka út umræðuna, t.d. væri stéttarfélagasáðil á Norðurlöndunum miklu minni en á Íslandi. Traust væri takmarkað og reynslan sýni að aðilar hafi svikið allt skömmu eftir undirritun samninga þegar vara og þjónusta hækki strax í kjölfarið. Að lokum með til-

vísun til nauðsynlegs trausts kvaðst hann vilja koma á framfæri gagnrýni á formann VR og fyrsta varaforseta ASÍ fyrir að þiggja launahækkun fyrir störf sín sem væri hærri en sú launahækkun sem umsamin hefði verið í síðustu kjarasamningum.

Hörður Guðbrandsson, Verkalýðsfélagi Grindavíkur, kvaðst vera tortrygginn á orðræðu forystunnar um nýja módelið. Sagðist hann vera á þeirri skoðun að þingið þyrfti að senda forystunni skýr skilaboð um að standa vörð um grundvallarrétt félaganna, þ.e. að samnings- og verkfallsrétturinn sé hjá félögunum.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, FRV, sagði að hann teldi nauðsynlegt að byggja upp traust og trúnað við og á milli forystunnar. Markmið í kjarasamningum væri að bæta kjör fólksins. Undanfarið væri búið að hækka lægstu laun sem aðrir hópar hafi komið svo á eftir og tekið sér þær hækkanir eða jafnvel þær margfalt. Sagði hann sína skoðun vera þá að umræða um nýtt eða gildandi samningalíkan væri nauðsynleg til að skoða hvort að hægt sé að bæta lífskjör með heildrænum hætti. Tryggja þurfi stéttarfélagsaðild og það þurfi að horfa í það að þátttaka í nágrennalöndunum sé minni en hér. Fjallaði hann jafnframt um verkfallsrétt og sagði að hann væri nokkuð frábrugðinn hér frá hinum Norðurlöndunum þar sem rétturinn væri rýmri og auðsóttari. Kvað hann það því sitt mat að það þyrfti að aðlaga kerfið að einhverju leyti eða endurskoða.

Þingforseti lokaði því næst mælendaskrá um tillögu VLFA og opnaði á umræðu um nýtt samningalíkan í heild sinni

Ólafía B. Rafnsdóttir, VR, kvaðst vilja bregðast við framkomnum athugasemdum stjórnarmanns VR um launakjör sín. Vitnaði Ólafía til þess að öll stjórn VR að undanskildum þeim sem hafði uppi tilvitnaðar athugasemdir hafi staðfest með yfirlýsingu að endurskoðun á launum hennar hafi verið í samræmi við launaþróun á almennum vinnumarkaði. Kvaðst Ólafía jafnframt lýsa áhyggjum sínum yfir því vantrausti sem væri í umræðum og sagðist fullviss um að allir kjörnir fulltrúar væru að vinna í málunum af heilindum og með hagsmunum félagsmanna að leidarljósi.

Halldóra Sigríður Sveinsdóttir, Báranni, sagði sem formaður umhverfisnefndar að sér þætti miður að hér væru ekki rædd umhverfismál. Rakti hún umræðu þingsins hingað til um hið nýja samningalíkan og sagði að sér hafi þótt niðurstaðan sláandi og bera merki um skort á trausti. Traust þyrfti að ræða og það væri áhyggjuefni um hvað það væri takmarkað. Því næst lýsti Halldóra yfir áhyggjum sínum af aukinni misskiptingu og óréttlæti bæði á Íslandi og í umheiminum. Vitnaði hún jafnframt í ræður erlendu fulltrúanna við setningu þingsins og kvaðst hugsandi yfir hugmyndinni um valdeflingu launafólks í samhengi við umræðuna um hið nýja samningamódel. Að lokum sagði hún

það sína skoðun að ályktunin um samningamódelið eins og hún kom frá nefndinni vera í takt við umræðuna á þinginu og að hún myndi greiða henni atkvæði sitt.

Guðbrandur Einarsson, Verslunarmannafélagi Suðurnesja, steig í pontu og kvaðst vilja segja nokkur orð um umræðuna á þinginu. Flestir vilji láta gott af sér leiða og það hafi verið verkefnið og markmiðið í 100 ár og því væri fúlt að dylgjað sé um að fólk ætli sér eitthvað illt. Sagðist hann ætla að styðja tillöguna um nýtt módel sem hann sagði ramma það inn sem verið sé að hugsa. Hann kvaðst vilja leita leiða til að koma á auknum stöðugleika. Ein málsgrein sem væri að finna í stóru tillögunni rammaði inn að hans mati það sem VLFA væri að leggja fram um að nýtt líkan byggði á grundvallaruppbyggingu hreyfingarinnar um að rétturinn væri hjá félögumum sjálfum og því styddi hann tillöguna eins og hún kom úr nefndinni.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR, sagði að þegar hann fjallaði um traust væri það ekki úr lausu lofti gripið. Vitnaði hann í könnun sem hann lét sjálfur vinna um traust til ASÍ og það hefði komið mjög illa út fyrir ASÍ. Sagði hann að sín skoðun væri að grundvallaratriðið að ekki yrði afsalað samningsrétti launafólks, sérstaklega á tímum þar sem grunnþjónustan væri í miklu ólagi í samanburði við nágrannalöndin. Gera þyrfti þetta í stærra samhengi og ekki væri hægt að taka eitthvað eitt út eins og hóflegar launahækkanir. Stóra málið og varnaglinn að hans mati væri samningsrétturinn sem þyrfti að verja og halda á sínum stað hjá félögumum.

Páll Heiðar Jónsson, VM, kvað það sína skoðun að traust væri lítið og sér þætti skýtið hve miklum tíma væri eytt í umræðu um nýtt samningamódel sem væri svo skammt á veg komið.

Björn Snæbjörnsson, Einingu-Íðju, kvaðst vilja bregðast við ávirðingum um að forystan hafi haft takmarkað umboð til að gera rammksamkomulagið. Hann telji sig hafa haft fullt umboð frá samninganefnd SGS og fullt umboð sem meðlimur í samninganefnd ASÍ. Sagði hann að hvergi í sínum huga væri verið að leggja til takmörkun á samningarétti, það væri ekki hans skilningur. Hægt væri að stíga út úr viðræðunum um nýtt samningamódel á hvaða tímapunkti sem er og vegferðin, sem aftur mögulega yrði ekkert úr, væri rétt að hefjast. Kvaðst hann telja ályktunina frá nefndinni vera góða og að hann myndi greiða henni atkvæði sitt. Sagði hann jafnframt frá því að ef vegferðin um nýtt samningsmódel héldi áfram þá teldi hann það ágætis hugmynd að kalla saman sérstakt aukafing ASÍ til að klára þá umræðu enda væri víðtækt samráð og sátt forsenda þess að hægt væri að koma þessu á sé vilji til þess.

Signý Jóhannesdóttir, StéttVest, sagði að eina skuldbindingin sem væri búíð að undirgangast væri sú að skoðað yrði hvort hægt væri að gera hlutina betur. Hún væri búin að koma að kjaraviðræðum í 40 ár og hún væri tilbúin að

skoða ný vinnubrögð og nýjar leiðir. Kvaðst hún vilja mótmæla því að þurfa að sitja undir svikabrigslum sbr. samlíkingu um „Gugguna“ frá Ísafirði og örlög hennar. Jafnframt væri það að sínu mati ekki gott merki um traust fyrir forystuna að vera sett á skilorð eins og skilja mætti tillögu VLFA.

Sigurður Bessason, Eflingu, steig í pontu sem flutningsmaður tillögu meirihluta nefndarinnar um nýtt samningsmódel. Kvaðst hann vilja leiðrétta misskilning sem fram hafi komið um að ASÍ hafi leitt síðustu kjarasamninga-viðræður. Skamma megi aðila hafi þeim þótt samningarnir síðustu lélegir, en skamma ætti þá rétta aðila. Ítrekaði Sigurður það sem fram hafi komið hjá sér áður um tillögu nefndarinnar að hún fangaði að sínu mati það andrúmsloft sem hafi verið í umræðum. Að lokum hvatti Sigurður til þess að eftirfarandi tillaga nefndarinnar verði samþykkt þar sem lykilorðið væri traust.

„Ályktun 42. þings ASÍ um breytt og bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga

42. þing Alþýðusambands Íslands bendir á þá staðreynd að grunnur að nýju íslensku samningalíkani verður ekki unninn við núverandi aðstæður. Til þess þarf lengri tíma og dýpri umræður. Eigi að breyta og bæta vinnubrögð við gerð kjarasamninga þurfa að vera til staðar forsendur sem hægt er að vinna út frá.

Skapa þarf traust og sameiginlegan skilning milli vinnumarkaðarins alls og stjórnmalanna á markmiðum og tilgangi breytinga með almannahagsmuni að leiðarljósi. Þetta þarf að gera með gagnsæjum hætti í samtali og samvinnu á breiðum grunni með sem viðtækastri þátttöku bæði innan hreyfingar og utan.

Þing ASÍ áréttar þá stefnu sambandsins að umræðan hvíli á núverandi skipulagi hreyfingarinnar þar sem kjarasamningsumboðið á hverjum tíma liggur hjá stéttarfélagunum sjálfum sem er ein af þeim grundvallarforsendum sem ný íslensk samningsgerð þarf að hvíla á.

Þingið leggur áherslu á að stjórnmalin sýni í verki vilja til þátttöku í að breyta vinnubrögðum í íslensku efnahagslífi með því að axla sinn hluta ábyrgðarinnar á hinum efnahagslega og hinum félagslega stöðugleika og viðurkenni samhengi þessara þátta og aðkomu verkalýðs-hreyfingarinnar að umræðunni um þá.

Með sama hætti þarf að tryggja að aukinni verðmætasköpun þjóðarinnar sé skipt með sem jöfnustum hætti og nýtist til að bæta lífskjör almennings. Þá leggur þingið áherslu á gengis- og verðstöðugleika og uppbyggingu kaupmáttar í öruggum skrefum til lengri tíma sem styður við samkeppnistöðuna.

Áherslur ASÍ eru:

- *Ad skapa traustar undirstöður undir félagslegan og efnahagslegan stöðugleika þannig að hægt verði að byggja hér upp varanlega aukinn kaupmátt og bæta lífskjör.*
- *Ad lífeyrisréttindi verði jöfnuð á milli opinbera og almenna vinnu- markaðarins.*
- *Ad jafnræði verði milli hópa varðandi launaþróun og kynbundnum launamun verði útrýmt.*
- *Ad lagður verði grunnur að forsendum kjarasamninga með það að megin markmiði að kaupmáttaraukning verði jöfn og stöðug.*
- *Ad hagræðing í rekstri fyrirtækja skili sér til starfsmanna í hærri launum.*
- *Ad trúnaðarmannakerfið verði stóreflt með aukinni þekkingu og fræðslu og aðgengi stéttarfélaganna að fyrirtækjum þar sem ekki eru starfandi trúnaðarmenn verði betur tryggt.“*

Vilhjálmur Birgisson, VLFA, kvaðst vilja svara formanni SGS um að samráð hafi verið haft. Ítrekaði Vilhjálmur það sem hann hafði áður sagt um að hann væri ekki að leggja gegn tillögu ritnefndarinnar, hann vildi bara bæta tillögu VLFA við, þá væru allir sáttir. Hans tillaga væri árétting á tillögu ritnefndarinnar sem fæli í sér skýr skilaboð um að ekki mætti takmarka samningsrétt stéttarféлага.

Þingforseti tilkynnir að leynileg atkvæðagreiðsla fari fram um tillögu VLFA.

Þingforseti ber upp til atkvæða tillögu ritnefndar um samningamódelið, samþykkt með miklum meirihluta greiddra atkvæða gegn 4 mótatkvæðum.

Þingforseti kynnti niðurstöðu úr kosningu um tillögu VLFA um nýtt vinnu- markaðsmódel. Atkvæði féllu á þá leið að 111 þingfulltrúar, eða 44%, studdu tillögunu en 139, eða 56%, greiddu atkvæðu gegn henni og var hún því felld.

Ályktanir þingsins

Atvinnu- og menntamál

Hermann Guðmundson, FIT, lagði til breytingu á ályktuninni um atvinnu- mál. Í síðustu setningu skjalsins stendur „...að vinnu- markaði, óháð þjóðerni, aldri eða kyni.“ *Telur þetta mistök og leggur til breytingartillögu þar sem fellt verði út orðið „þjóðerni“.*

Páll Heiðar Magnússon Aadnegard, VM, sagði í tilefni umræðna við fulltrúa stjórnmalaflokkanna þar sem kom fram áhersla á styttingu náms, þá legði hann til að það yrði ályktað gegn því.

Hrönn Jónsdóttir, GRAFÍU, lagði til að árétta ætti um jafnrétti á launa-

markaði varðandi aldur. Bæði að búið væri að semja um lægri laun fyrir ungt fólk á aldrinum 18–20 ára og svo aftur að eldri borgarar ættu oft erfitt uppdráttar á vinnumarkaði og því væri mikilvægt að allir, án tillits til aldurs, fengju sömu laun fyrir sömu störf.

Pingforseti fór yfir tillögu um breytingar á ályktun um atvinnumál, þ.e. að fella út orðið „þjóðerni“, var það samþykkt með 15 mótatkvæðum. Setningin verður „*Tryggja þarf aðgengi að vinnumarkaði óháð aldri eða kyni.*“

Gert var hlé á þingstörfum og gefið kaffihlé klukkan 14.45.

Pingstörf héldu áfram klukkan 15.10.

Pingforseti fjallaði um drög að ályktun um atvinnumál, hann gerði grein fyrir að þar hafi komið fram mistök, að í staðinn fyrir orðið „þjóðerni“ hafi átt að standa orðið „uppruni“. Því óskaði þingforseti eftir heimild þingheims um afbrigði frá þingsköpum til að leiðrétta þennan misskilning. Samþykkt án mótatkvæða. Því mun standa í ályktuninni „...óháð aldri, kyni og uppruna.“

Pingforseti kynnti viðaukatillögu við aðaltillögu um menntamál. Þar er lagt til að bætt verði við „ASÍ þing hafnar hugmyndum um styttingu náms- tíma.“

Pingforseti kynnti eftirfarandi tillögu um breytingu á ályktun um atvinnu- mál. „Jafna þarf aðstöðu til náms, óháð aldri, búsetu, kyni, uppruna eða fjár- hagsstöðu.“

Pingforseti gaf orðið laust.

Gylfi Arnbjörnsson, VR, sagði að varðandi tillöguna um styttingu náms, þá benti hann á að Alþingi væri þegar búið að samþykkja styttingu náms og hann teldi það ekki tímabært að þing ASÍ samþykkti tillöguna.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, FRV, sagði að varðandi umræðu um styttingu náms, þá hafi það ekki komið til tals í hópavinnunni og væri hann sammála því að það sé ekki æskilegt að setja inn í ályktunina kröfu vegna styttingar náms án rökstuðnings. Að lokum sagðist hann styðja síðari tillöguna um atvinnumál um að breyta orðalagi og setja þar inn orðið „fjár- hagsstöðu“.

Páll Heiðar Magnússon Aadnegard, VM, sagðist líta á menntun sem eina af grunnforsendum þjóðfélagsins og hann hafi túlkað þau orð sem fram komu í pallborðsumræðum með fulltrúum stjórnmalaflokka að stytta ætti nám, aðeins til að stytta það.

Pingforseti bar upp til atkvæða viðaukatillögu við aðaltillögu um mennta- mál. Hún var felld með meginþorra atkvæða gegn 11.

Pingforseti bar upp til atkvæða tillögu um breytingu á ályktun um atvinnu- mál. Hún var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingforseti bar ályktunina um atvinnumál og ályktunina um menntamál upp til atkvæða.

Ályktanirnar voru samþykktar án mótatkvæða.

Ályktun um atvinnumál:

„42. þing Alþýðusambands Íslands kallar eftir langtímasýn og skýrri stefnu í atvinnumálum þar sem lögð er áhersla á bætt lífskjör og aukna verðmætasköpun. Tryggja þarf stöðugleika þannig að nýsköpun og atvinnulíf geti blómstrað og leitt af sér verðmæt og samkeppnishæf störf. Þörf er á kortlagningu á íslenskum vinnumarkaði til skemmri sem og lengri tíma með það að markmiði að vita hvar störf hverfa og hvar störf munu verða til. Auka þarf sveigjanleika menntakerfisins svo hægt sé að mæta fyrirsjáanlegum breytingum á atvinnulífi fyrir.

Vangeta menntakerfisins til að bregðast við sveiflum í atvinnulífínu kallar reglulega á mikið innflæði erlends vinnuafls sem hingað flyst búferlum eða starfar hér tímabundið. Þessir hópar eru í hættu á að verða fyrir kjarasamningsbrotum, launaþjófnaði og í alvarlegustu dæmunum vinnumansali. Koma þarf í veg fyrir að aðilar geti stundað kerfisbundið kennitölufلاك og launaþjófnað án viðurlaga með háum fjársektum og virkara skattaeftirliti.

Heilbrigður vinnumarkaður þar sem samkeppnishæfni byggir á aukinni framleiðni en ekki kjarasamningsbrotum, félagslegum undirboðum eða skattaundanskotum er fyrirtækjum, launaþólki og samfélaginu nauðsynlegur.

Áhersluatriði

- ASÍ krefst þess að vinnustaðaefirlit sem og eftirlit með svartri atvinnustarfsemi verði stóraukið.
- Koma þarf í veg fyrir að aðilar geti stundað kerfisbundið kennitölufلاك, svarta atvinnustarfsemi, skattaundanskot og launaþjófnað án viðurlaga með því að efla skattaefirlit og auka heimildir til fjársekta.
- Lögfesta þarf keðjuábyrgð nú þegar.
- ASÍ kallar eftir skýrri stefnu og framtíðarsýn í atvinnumálum þar sem áhersla er lögð á verðmæt og samkeppnishæf störf.
- Skapa þarf stöðugleika og aðstæður svo nýsköpun geti blómstrað og leitt af sér verðmæt störf.
- Tryggja þarf jafnt aðgengi að vinnumarkaði óháð aldri, kyni og uppruna.“

Ályktun um menntamála:

„42. þing ASÍ krefst þess að fjárveitingar til menntamála verði auknar. Efla þarf sveigjanleika í menntakerfinu og hafa fjölbreytileika í kennsluaðferðum. Mikilvægt er að færni- og mannaflaþörf á vinnu- markaði verði greind og menntakerfið taki mið af þeim niðurstöðum. Jafna þarf aðstöðu til náms, óháð aldri, búsetu, kyni, uppruna eða fjárhagsstöðu.

Iðn- og verknám verði stóreflt, bæði innan skólakerfis og utan með samvinnu við atvinnulífið. Auka þarf skapandi nám með þverfaglegu samstarfi skóla og atvinnulífs. Farið verði í markvisst áttak til að breyta hugarfari til iðn- og verknáms og byrjað fyrr að kynna mismunandi námsleiðir fyrir börnum og unglingum til að rétta af þá slagsíðu sem er fyrir hendi þegar kemur að bók- og/eda verknámi. Áhersla verði lögð á að gera iðn- og verknám að áhugaverðari og vænlegri kosti. Koma þarf á fagháskólastigi.

Efla þarf raunfærnimat í atvinnulífi í tengslum við skólakerfið og tryggja að það verði metið til launa. Hæfnigreina þarf störf í atvinnulífinu þar sem formlegrar menntunar er ekki krafist. Auka þarf starfsmenntun í fyrirtækjum. Nám erlendra starfsmanna þarf að meta að verðleikum ásamt því að efla íslenskukennslu fyrir aðflutta.

Áhersluatriði

- Verkalýðshreyfingin mun sýna frumkvæði þegar kemur að menntun og berjast fyrir auknum gæðum starfsnáms, starfsþjálfunar og vinnustaðanáms.
- ASÍ og stéttarfélagin munu sinna fræðslumálum enn meira en áður með auknu samstarfi við atvinnurekendur, ríki og sveitarfélög.
- Tryggja þarf aðgengi að námi óháð aldri.
- Koma þarf á fagháskólastigi.
- Vinna skal að hæfnigreiningu starfa og auknu raunfærnimati.
- Kynna þarf störf og námsframboð í iðn- og verknámsgreinum.“

Vinumarkaðurinn og jafnrétti

Hjalti Tómasson, Bárán stéttarfélagi, fjallaði um ályktunina um vinnu- markaðinn og sagði frá því að sitt aðalstarf væri að taka þátt í verkefninu Einn réttur – Ekkert svindl! og vildi því nýta tækifærið og benda á mikilvægi - verkefnisins. Áhyggjur ASÍ vegna svartrar atvinnustarfsemi og kjara- samningsbrota endurspeglast í tveimur ályktunum þingsins þar sem fjallað er um þetta alvarlega mál, sagði hann. Hann sagði einnig að í fjölmiðlum væri fjallað um mjög alvarleg brot eins og t.d. mansal en það væri aðeins toppurinn

á ísjakanum. Þeir væru þrír eftirlitsfulltrúar þessa dagana í fullu starfi við eftirlit en það þyrfti virkilega að efla þetta eftirlit. Hjalti sagði að þegar talað væri um þennan hóp þá væri þetta ekki bara „eitthvert fólk“ heldur dætur og synir sem væru undir hælnum á misvarasömum atvinnurekendum. Hann sagði að verkalýðshreyfingunni bæri skylda til að vernda og standa vörð um réttindi þessa hóps. Og að þetta væri verkefni sem þyrfti að fara í af fullum þunga áður en það verður viðurkenndur hlutur í samfélaginu. Að lokum hvatti hann þingfulltrúa til að samþykkja ályktunina og fylgja henni eftir úti í félögum.

Þingforseti bauð Lúðrasveit verkalýðsins velkomna í salinn. Lúðrasveitin spilaði tvö lög og tóku þingfulltrúar undir með söng. Löggin voru; Maístjarnan og Internationalen.

Þingforseti bar ályktunina upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um vinnumarkaðsmál með yfirskriftinni „Upprættum brotastarfsemi á vinnumarkaði – Það bera allir ábyrgð!“ var samþykkt án mótatkvæða.

„Þensla í íslensku atvinnulífi kallar á mikla fjölgun erlends launafólks á vinnumarkaði og fyrirséð er að sú þróun muni halda áfram á næstu árum. Samhliða hefur brotastarfsemi, sem einkum beinist gegn útlendingum og ungu fólki, farið hraðvaxandi. Verst er ástandið í ferðaþjónustu, byggingariðnaði og mannvirkjagerð. Aðrar greinar eru heldur ekki undanskildar. Í mörgum tilfellum er um einbeittan brotavilja atvinnurekenda að ræða og þegar verst lætur, hreint vinnumansal. Það tapa allir á þessari brotastarfsemi nema svindlararnir:

- Útlendingarnir og unga fólkið sem njóta ekki þeirra kjara og réttinda sem þeim ber.
- Þeir sem fyrir eru á vinnumarkaði, vegna þess að grafið er undan þeim kjörum og réttindum sem hér gilda.
- Heiðarleg fyrirtæki, vegna þess að grafið er undan samkeppnisstöðu þeirra.
- Samfélagið allt, vegna þess að grafið er undan grunnstöðum samfélagsins.

Kennitöluflakk og svört atvinnustarfsemi eru einnig alvarleg meinsemd á vinnumarkaði og í atvinnulífinu sem skaða launafólk og samfélagið allt.

Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess hafa sameinast um verkefni sem beint er gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnu-

starfsemi með yfirskriftinni *EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!* Við höfum lagt áherslu á að skipuleggja upplýsingagjöf og efla eftirlit á vinnustöðum. Jafnframt hefur verið tekið upp samstarf við opinberar stofnanir um vinnustaðaefstirlitið og eftirfylgni með því. Við höfum náð árangri en það þarf að gera miklu betur.

Það þarf að uppræta brotastarfsemina og það strax.

- Bæta og styrkja löggjöf á vinnumarkaði:
 - Uppræta kennitöluflakk, með aukinni ábyrgð forsvarsmanna fyrir-tækja.
 - Kedjuábyrgð, ábyrgð verkkaupa og aðalverktaka, nái til launa og annarra starfskjara starfsmanna undirverktaka og starfsmanna-leiga.
 - Auka heimildir stjórnvalda og verkalýðshreyfingarinnar til eftirlits og upplýsinga um laun og önnur starfskjör á vinnumarkaði.
 - Heimildir stjórnvalda til að beita viðurlögum, fjársektum og stöðva starfsemina, verði eflar. Það á ekki að gefa brotafyrir-tækjum „annað tækifæri“.
- Auka þarf samstarf stjórnvalda, þ.m.t. sveitarfélaga, og stéttar-félaga í vinnustaðaefstirliti, upplýsingamiðlun og eftirfylgni þegar um brotastarfsemi er að ræða.
- Vitundarvakning með aukinni fræðslu og upplýsingamiðlun um alvarlegar afleiðingar brotastarfseminnar.

Það er mikilvægt að Alþýðusambandið og aðildarsamtök taki frumkvæði og sýni afl sitt í verki:

- Beita sér fyrir úrbótum á löggjöf, styrkja framkvæmdina og veita nauðsynlegt aðhald.
- Leggja þarf aukinn kraft og fjármuni í starf verkalýðshreyfingarinnar undir merkjum „*EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!*“
- Efla vinnustaðaefstirlit, upplýsingamiðlun og eftirfylgni.
- Auka fræðslu til trúnaðarmanna og starfsmanna stéttarfélaganna og virkja þá í starfinu.“

Páll Heiðar Magnússon Aadnegard, VM, fjallaði um ályktunina um jafnréttismál. Hann sagði að það hafi komið upp ágreiningur í hópavinnunni og taldi að þingið ætti að leysa úr þeim ágreiningi. Hann óskaði eftir því að orðalagðið „...rannsóknir sýna“, yrði fellt út og textanum breytt í samræmi við það.

Þingforseti sagði að það væri búið að margítreka að allar breytingatillögur ættu að koma tímanlega, ekki þegar verið væri að taka ályktanir til afgreiðslu.

Því næst óskaði hann eftir því að þingfulltrúar skæru úr um það hvort þeir væru ósáttir við þessa afgreiðslu þingforseta. Þingforseti fékk stuðning þingfulltrúa að beita þessu afbrigði við þingsköp.

Helga Ingólfssdóttir, VR, sagði að vegna áhuga síns á jafnréttismálum hafi hún ákveðið að gefa kost á sér í stjórn VR. Hún hafi tekið þátt í nefndarstarfi þar sem fjallað var um jafnréttismál. Hún lýsti yfir ánægju sinni með vinnuna og þakkaði ritnefnd og þeim sem komu að vinnu ályktunarinnar kærlega fyrir. Helga sagðist vera stolt af ályktuninni og hvatti þingfulltrúa til að samþykkja hana.

Jón Ragnarsson, VM, hafði orð á vinnubrögðum við ályktunina. Orðalagið „rannsóknir“ kom aldrei fram, að hans mati, í vinnu hópanna, því væri hann á móti þessu orðalagi. Ákveðin niðurstaða kom út úr hópavinnunni og það ætti að halda sig við hana, sagði Jón, og því væri hann ósáttur við þessi vinnubrögð ritnefndar.

Signý Jóhannesdóttir, StéttVest, sagði að það væri rétt, að ábendingar hafi komið þegar unnið var með textann í ályktuninni um hugtakið „rannsóknir“. Ritnefndinni var falið að klára að skrifa drög að ályktun og niðurstaðan var að það hafi verið fleiri sem væru þeirrar skoðunar að nota hugtakið, því það væri sterkara að styðja textann með því að vitna í rannsóknir. Hún lýsti undrun sinni á að ekki væri komið með breytingartillögu eftir kynninguna fyrr í dag.

Þingforseti bar ályktunina upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um jafnréttismál með yfirskriftinni „Jafnrétti er mannréttindi!“ var samþykkt með meginþorra atkvæða.

„Karlar og konur standa ekki jafnfætis á vinnumarkaði þótt þokast hafi í rétta átt á síðustu árum. Rannsóknir sýna að konur eru líklegri til að vinna hlutastörf og hverfa frekar af vinnumarkaði til að sinna fjölskylduábyrgð. Þær sýna einnig að atvinnurekendur eru tregari til að fjárfesta í starfsþróun kvenna og að körlum eru oftar boðin hærri laun. Lægri tekjur kvenna leiða til lakari lífeyrisréttinda.

Kynbundinn launamunur er smánarblettur á íslenskum vinnumarkaði og mein sem þarf að uppræta. Jafnlaunastadallinn er verkfæri sem gerir fyrirtækjum og stofnunum mögulegt að koma sér upp stjórnunarkerfi sem tryggir að málsmeðferð og ákvörðunartaka í launamálum feli ekki í sér kynbundna mismunun. Í íslenskum og norrænum rannsóknum kemur fram að kynskiptur vinnumarkaður er ein helsta skýringin á launamun kynjanna. Mikilvægt er að skoða til hvaða aðgerða er hægt að grípa til að bregðast við því. Brýnustu verkefni í baráttunni fyrir jafnrétti eru endurreisn fæðingarorlofskerfisins og örugg dagvistun barna að orlofi loknu.

Kröfur 42. þings ASÍ eru:

- *Innleiða jafnlaunastadalinn í fyrirtæki og stofnanir á íslenskum vinnumarkaði og festa ákvæði hans í lög. Með innleiðingu jafnlaunastadalsins verður launamyndun gegnsærri og getur þannig dregið úr skadlegum áhrifum launaleyndar á launamun kynjanna.*
- *Endurreisa þarf fæðingarorlofskerfið þannig að allir geti tekið fæðingarorlof óháð efnahag. Tryggja þarf börnum örugga dagvistun eftir að fæðingarorlofi lýkur.*
- *Efla þarf fræðslu um jafnrétti á öllum skólastigum og brjóta niður staðalímyndir sem hafa áhrif á náms- og starfsval.*

Verkefni:

- *Kynna jafnlaunastadalinn í samvinnu við stjórnvöld og aðila vinnumarkaðarins. Alþýðusamband Íslands lýsir sig reiðubúið að vinna með atvinnurekendum og stjórnvöldum að kynningu og útbreiðslu staðalsins.*
- *Fæðingarorlof verði a.m.k. 12 mánuðir sem skiptast jafnt á milli foreldra. Tryggja þarf að fyrstu 300 þúsund krónurnar í fæðingarorlofi verði óskertar og hámarksgreiðslur verði ekki lægri en meðallaun á vinnumarkaði.*
- *Efla þarf samstarf stjórnvalda, samtaka aðila vinnumarkaðarins og fagfélaga um fræðslu og upplýsingagjöf varðandi breytingar á vinnumarkaði og fjölbreyttari náms- og starfstækifæri. Koma þarf á samstarfi heimila, skóla og verkálýðshreyfingarinnar þar sem lögð er áhersla á mikilvægi jafnréttisfræðslu.*

42. Þing Alþýðusambands Íslands tekur undir kröfur kvennafrídagsins 24. október 2016 – Kjarajafnrétti strax!“

Velferð

Þingforseti gerði grein fyrir því að í nefndarvinnunni undir yfirskriftinni Velferð hafi verið rætt um tvö mál, annars vegar um húsnæðismál og hins vegar heilbrigðismál og því væru tvær ályktanir til umræðu og afgreiðslu. Hann gerði einnig grein fyrir því að fram hafi komið viðaukatillaga við tillöguna um heilbrigðismál.

Óskar Guðmundsson, VR, sagði það vera mikilvægt að loka ekki neyðarbraut Reykjavíkurlflugvallarins, það væri svipað og að lokað væri fyrir aðgengi að vegum inn í borgina. Því næst gerði hann grein fyrir eftirfarandi viðaukatillögu; „Alþýðusambandið leggur áherslu á að neyðarbraut Reykjavíkurlflugvallar verði ekki lokað enda hefti slíkt verulega aðgang landsbyggðar Íslands að heildstæðri heilbrigðisþjónustu.“

Sverrir Albertsson, AFLi starfsgreinafélagi, kom fram fyrir hönd ritnefndar og sagði hann að það hafi verið rætt innan nefndarinnar, um lokun neyðarbrautar Reykjavíkurflugvallar. Hann sagði einnig að ýmislegt hafi verið rætt og hugmyndir komið fram, en það hafi verið sameiginleg niðurstaða að koma fram með ályktun sem allir væru sáttir við. Hann sagði að heilbrigðisþjónustan væri í bráðum vanda og margt sem þyrfti að bæta þar, þannig að það ætti ekki að blanda saman tæknilegum lausnum og aðgerðum sem þyrfti að eiga sér stað innan heilbrigðisþjónustunnar, því væri hann á móti tillögnum.

Þingforseti bar viðaukatillöguna upp til atkvæða. Hún var felld með meginþorra atkvæða.

Þingforseti bar ályktunina upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um heilbrigðismál með yfirskriftinni „Ályktun 42. þings Alþýðusambands Íslands um heilbrigðismál“, var samþykkt með meginþorra atkvæða.

„42. þing Alþýðusambands Íslands beinir því til stjórnvalda að beita sér fyrir samfélagssáttmála um heilbrigðisþjónustu með skýrri framtíðarsýn um að heilbrigðisþjónusta hér á landi verði í fremstu röð. Í þeirri framtíðarsýn komi skýrt fram að allir landsmenn hafi aðgengi að heildstæðri heilbrigðisþjónustu sem nái til allra þátta líkamlegrar og andlegrar heilsu, þar með talið sálfræðiþjónustu, tannlækninga, endurhæfingar og lyfja. Þá er brýnt að bæta verulega þjónustu við aldrada og langveika og efla þjónustuúrræði sem mæta þörfum þessara hópa. Til þess að þetta geti orðið þarf að auka verulega fjárveitingar til heilbrigðis- og öldrunarmála og gera raunhæfar áætlanir til framtíðar.

Þingið áréttar að draga þarf verulega úrkostnaðarþátttöku sjúkl- inga þannig að efnahagur komi aldrei í veg fyrir að fólk geti leitað sér lækninga og sótt sér nauðsynleg lyf.

42. þing Alþýðusambands Íslands hafnar frekari einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu og telur síðlaust að ráðstafa fjármunum sem veitt er til heilbrigðismála, til arðgreiðslna.

Alþýðusambandið leggur þunga áherslu á að uppbyggingu nýs Landspítala verði hraðað eins og kostur er. Þá verði þyrpluþjónusta Landhelgisgæslunnar styrkt og tryggt að landsmenn allir hafi viðunandi aðgengi að sérfræðiþjónustu m.a. með raunhæfri niðurgreiðslu á ferðakostnaði.

Þingið beinir því til miðstjórnar ASÍ að skipa aðgerðarhóp til að útfæra og fylgja þessum tillögum eftir á fyrstu mánuðum nýrrar ríkis- stjórnar.“

Þingforseti bar ályktun um húsnæðismál upp til atkvæða.

Eftirfarandi ályktun um húsnæðismál með yfirskriftinni „Ályktun 42. þings Alþýðusambands Íslands í húsnæðismálum“, var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

„42. þing Alþýðusambands Íslands krefst þess að ráðist verði gegn bráðavanda á húsnæðismarkaði. Ríki og sveitarfélög þurfa nú þegar að beita sér fyrir því að hafin verði bygging þúsunda íbúða til að mæta uppsafnaðri þörf. Jafnframt þarf að tryggja framlög til að fjölga íbúðum fyrir tekjulægri heimili í nýja almenna íbúðakerfinu um a.m.k. 1.000 á ári næstu árin. Þannig verði lagður grunnur að langtímauppbyggingu á öflugum, sjálfbærni leiguíbúðakerfi þar sem húsnæðisöryggi íbúa er tryggt.

Þingið leggur áherslu á að viðráðanlegur húsnæðiskostnaður er forsenda félagslegs og fjárhaglegs öryggis. Taka þarf á háum vaxtakostnaði íslenskra heimila, auka stöðugleika húsnæðisstuðnings og tryggja að leigjendur og fasteignakaupendur sitji við sama borð.

Auðvelda þarf ungu fólki fyrstu kaup og þeim sem ekki eiga eignir fyrir að komast inn á fasteignamarkaðinn m.a. með því að hvetja til húsnæðissparnaðar og endurskoða greiðslumatsferlið. Í dag eru margir í þeirri stöðu að greiða húsaleigu sem er mun hærri en greiðslugeta þeirra samkvæmt greiðslumati segir til um.“

Önnur mál

Eiríkur Þór Theodórsson, ASÍ-UNG, byrjaði á því að óska nýkjörinni forystu ASÍ til hamingju með kjörið og einnig óskaði hann hreyfingunni til hamingju með 100 ára afmælið. Kvaðst hann vilja svara því sem fram kom fyrir í umræðunni um stefnu Pírata um stéttarfélög. Vildi hann áréttta að það er ekki stefna Pírata að veikja stöðu ASÍ og eða stéttarfélagi og sannarlega verði unnið að viðeigandi breytingum á atvinnustefnu Pírata þar sem skýrt kemur fram mikilvægi verkalýðshreyfingarinnar og samstarf gegn spillingu og svartri atvinnustarfsemi.

Rannveig Sigurðardóttir, VR, nefndi í upphafi að starf þingforseta væri erfitt og mikilvægt starf og finnst henni þingfulltrúar ekki sýna starfsmönnum þingsins nægjanlega virðingu. Hún lýsti yfir áhyggjum sínum að þegar að rödd launamannsins heyrðist á þinginu þá kæmu fulltrúar forystunnar og töluðu hugmyndir niður, vonaðist Rannveig til að þetta endurtæki sig ekki á næstu þingum. Hún taldi einnig að það vantaði algjörlega umræðu um styttingu vinnuvikunnar á þinginu. Að lokum sagði Rannveig að á fyrsta degi þingsins hafi hún óskað eftir svörum varðandi slysatrygginga- og skerðingarákvæðið í

kjarasamningum. Það hefði hún ekki fengið en ítrekaði þá ósk sína að þetta yrði tekið upp í næstu kjarasamningaviðræðum.

Jóhann Rúnar Sigurðsson, FMA, hóf mál sitt á að þakka fyrir skjót viðbrögð fulltrúa Pírata. Hann óskaði stjórn ASÍ-UNG til hamingju með nýlegt kjör, hann sagði þetta ungt og kraftmikið fólk sem sannarlega vantar hjá hreyfingunni. Hann sagði að meðalaldur þingfulltrúa væri 51 ár. Hann lagði áherslu á að það væri mikilvægt að virkja unga fólkið og hann hvatti forystu ASÍ og stéttarfélagana að nýta sér krafta þessa unga fólks. Við eigum að bjóða þeim að koma til okkar og aðstoða að ná til unga fólksins, hann hvatti ASÍ-UNG að nýta sér samstöðu við félagin. Einnig sagði hann frá því að sem fulltrúi hagsmunasamtaka heimilanna, þá vildi hann láta vita að samtökin væru að senda út bréf til stéttarfélaganna. Bréfið fjallar um neytendarétt og verðtrygginguna, hvatti hann félagin til að bregðast við bréfinu og styðja við hagsmunasamtökin og ákallið frá þeim.

Stefán Ólafsson, GRAFÍU, byrjaði á því að óska forystu samtakanna allra heilla í komandi störfum. Hann sagði að einn málaflokkur hafi ekki verið til umræðu á þinginu, að allar aðrar nefndir miðstjórnar hafi fjallað um sína málaflökka. Kvaðst hann harma að það hafi ekki verið fjallað um umhverfismál á þinginu og hvatti forystuna til þess að hafa umhverfismálin í huga á næsta þingi.

Páll Heiðar Magnússon Aadnegard, VM, þakkaði fyrir gott þing og minnti á að það er einn stjórnsmálaflokkur sem hefur á stefnuskrá sinni að stytta vinnuvikuna. Að lokum þakkaði hann fyrir gott þing.

Gylfi Arnbjörnsson, VR, kynnti og lagði fram tillögu nýkjörinnar miðstjórnar að þingið ályktaði um kjaradeilu sjómanna og vélstjóra. Hann las upp drög að ályktun.

Þingforseti bar upp tillögu að málið verði tekið til afgreiðslu með afbrigðum. Það var samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar því næst upp eftirfarandi ályktun 42. þings ASÍ um kjaradeilu sjómanna og vélstjóra og var hún samþykkt samhljóða.

„42. þing ASÍ beinir því til miðstjórnar ASÍ að lýsa yfir fullum stuðningi við kjarabaráttu sjómanna og vélstjóra við samtök fyrirtækja í sjávarútvegi. Útgerðarmenn hafa árum saman neitað að ganga til kjarasamninga við sjómenn og vélstjóra og sett fram óbilgjarnar kröfur um að launafólk greiði verulegan hluta af eðlilegri greiðslu fyrirtækjanna fyrir afnot af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Þingið skorar á samtök atvinnurekenda að ganga nú þegar til kjarasamninga og falla frá þessum ósanngjörnu kröfum.“

Sigmundur Halldórsson, VR, sagðist vera á fyrsta skipti á þingi ASÍ og hann væri ánægður með störf ASÍ og það verkalýðsfélag sem hann væri fulltrúi fyrir. Því næst vísaði hann í það nefndarstarf sem hann tók þátt í, þar hafi verið fjallað um störf framtíðarinnar og að fjórða iðnbyltingin væri á leiðinni. Spár séu á lofti um að störfum í Evrópu muni fækka um 40–60% á næstu áratugum, og því mikilvægt að hafa í huga hvaða áhrif þetta hefði á vinnumarkaðinn hér á landi, því vildi hann hvetja ASÍ til að leiða hugann að þessu.

Sverrir Albertsson, AFLi starfsgreinafélagi, kvaðst ekki ánægður með það að vera sakaður um yfirgang fyrir það að vera talsmaður meirihluta fyrir það eitt að leggjast gegn minnihlutanum.

Þingforseti þakkaði þingfulltrúum og starfsfólki ASÍ fyrir samstarfið undanfarna daga og bauð forseta ASÍ að slíta þinginu.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, þakkaði þingfulltrúum fyrir góða og málefnalega vinnu, þakkaði þingforsetum og einnig þakkaði hann starfsfólki ASÍ og sagði þau hafa unnið mikið og gott starf við undirbúning þingsins og á þinginu sjálfu. Hann sagði að niðurstöður þingsins væri gott veganesti til áframhaldandi starfa. Hann sagði að umræðan um nýtt samningalíkan eða endurskoðun þess væri rétt að hefjast, það kæmi til mála að boða til aukabings á næsta ári. Meginkrafan er að sjálfsögðu að ekki verði haldið áfram með vinnu við nýja samningalíkanið á meðan að jafnræðis er ekki gætt. Að því loknu óskaði forseti þingfulltrúum öruggar heimferðar og sleit 42. þingi ASÍ.

42. þingi ASÍ lauk klukkan 16.20 þann 28. október.



ÞINGFULLTRÚAR Á 42. ÞINGI ASÍ 2016

Félög með beina aðild

GRAFÍA

Georg Páll Skúlason

Hrönn Jónsdóttir

Oddgeir Þór Gunnarsson

VM - Félag vélstjóra og málmteknimanna

Andrés Bjarnason

Atli Hilmar Skúlason

Björn Halldór Björnsson

Guðmundur Smári Guðmundsson

Guðmundur Þórður Ragnarsson

Halldór Arnar Guðmundsson

Jón Kornelíus Gíslason

Jón Ragnarsson

Páll Heiðar Magnússon Aadnegard

Samúel Ingvason

Sigmundur B. Sigurgeirsson

Sigurjón Már Pétursson

Símon Guðvarður Jónsson

Vignir Eypórsson

Örn Friðriksson

MATVÍS

Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir
Jón Karl Jónsson
Óskar Hafnfjörð Gunnarsson
Pétur Rúnar Sturluson
Þorsteinn Ómar Gunnarsson

Félag hársnyrtisveina

Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir

Félag leiðsögumanna

Júlía Hannam

Flugfreyjufélag Íslands

Sigríður Ása Harðardóttir
Sturla Óskar Bragason

Mjólkurfræðingafélag Íslands

Markús Betúel Jósefsson

Landssamband íslenskra verzlunarmanna

VR

Adolf Þorberg Andersen	Dóra Magnúsdóttir
Aðalheiður Signý Óladóttir	Edda Svanhildur Holmberg
Árni Leósson	Elías Guðmundur Magnússon
Áslaug Alexandersdóttir	Eygló Friðriksdóttir
Ásta Sigrún Gunnarsdóttir	Guðjón Steinarsson
Barbara Ann Howard	Guðlaug Birgisdóttir
Benedikt Ragnarsson	Guðlaun Rúna guðmundsdóttir
Benedikt Vilhjálmsson	Guðni Brynjar Sigfússon
Benóný Valur Jakobsson	Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Bergþóra Eiðsdóttir	Guðrún María Jóhannsdóttir
Bernharður Guðmundsson	Guðrún Indriðadóttir
Birna Guðný Björnsdóttir	Gunnar Böðvarsson
Bjarni Daníelsson	Gylfi Arnbjörnsson
Bjarni Þór Sigurðsson	Halldóra M. Steinarsdóttir
Björgvin Ingason	Halldóra Magnúsdóttir
Bryndís Guðnadóttir	Harpa Hlín Haraldsdóttir
Dariusz Adam Feliksiak	Harpa Sævarsdóttir
Dóra Eyland Garðarsdóttir	Helga Bryndís Jónsdóttir

Helga Ingólfssdóttir
Hlín Guðjónsdóttir
Inga Jóna Þórisdóttir
Ingibjörg H. Hjartardóttir
Ingibjörg Kristín Barðadóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Ingimar Þorsteinsson
Íris Björk Helgadóttir
Jóhann Bjarni Knútsson
Jóhann Már Sigurbjörnsson
Jón Guðmundur Björgvinsson
Jón Hrafn Guðjónsson
Jóna Guðrún Kristinsdóttir
Jóna Matthildur Jónsdóttir
Júlíana Pálsdóttir
Kristín María Björnsdóttir
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Magnús Þorsteinsson
Ólafía Björk Rafnsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Óskar Guðmundsson
Páll Jóhann Kristinsson
Páll Örn Líndal
Petrína Ragna Pétursdóttir
Ragnar Þór Ingólfsson
Rannveig Sigurðardóttir
Selma Björk Grétarsdóttir
Sigmundur Halldórsson
Sigríður Ásta Hallgrímsdóttir
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Sigurður Sigfússon
Sigurjón Örn Lárusson
Stefán Árni Stefánsson
Stefán Sveinbjörnsson
Steinar Viktorsson
Steinunn Böðvarsdóttir
Steinþór Ásgeirsson
Sveinbjörn F. Pétursson
Sæmundur Karl Jóhannesson

Unnur Elva Arnardóttir
Víglundur Þór Víglundsson
Þorlákur Jóhannsson
Þorsteinn Þórólfsson
Þóra Guðbjörg Hallsdóttir
Þóra Kristín Halldórsdóttir
Þóra Skúladóttir Öfjörð
Þröstur Ríkarðsson

Verslunarmannafélag Suðurnesja

Bryndís Kjartansdóttir
Guðbrandur Einarsson
Kristín Gyða Njálssdóttir

Stéttarfélag Vesturlands

Helga Ólafsdóttir

Framsýn - stéttarfélag

Jóna Matthíasdóttir

Verslunarmannafélag Skagafjarðar

Hjörtur S. Geirmundsson

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri

Agnes Reykdal
Anna María Elíasdóttir
Eiður Stefánsson
Jón Grétar Rögnvaldsson
Sigríður Stefanía Stefánsdóttir

Verslunarmannafélag Suðurlands

Guðmundur Gils Einarsson
Ólafur Jóhannsson

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Finnur Veturliði Magnússon

AFL-Starfsgreinafélag

Lars Jóhann Andrésson

Rafiðnaðarsamband Íslands

Félag ísl. símamanna

Birna Dögg Granz

Guðrún S. Bergþórsdóttir

Félag ísl. rafvirkja

Borgþór Hjörvarsson

Guðmundur Ævar Guðmundsson

Ísleifur Tómasson

Kristján Helgason

Sigmundur Þórir Grétarsson

Félag rafeindavirkja

Eyjólfur Ólafsson

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Hörður Bragason

Félag tæknifólks í rafiðnaði

Adam Kári Helgason

Björn Ágúst Sigurjónsson

Dagný Ósk Aradóttir Pind

Jakob Tryggvason

Rafiðnaðarfélag Suðurnesja

Jón Óskar Gunnlaugsson

Rafvirkjafélag Norðurlands

Finnur Víkingsson

Félag rafiðnaðarmanna Suðurlandi

Helgi Guðmundsson

Félag sýningarstjóra kvikmyndahúsa

Björn Eysteinnsson

Samiðn, samband iðnfélaga

BYGGIÐN – Félag byggingarmanna

Guðmundur Guðmundsson

Sigurjón Mýrdal Hjartarson

Heimir Þorleifur Kristinsson

Vilhjálmur Þór Grétarsson

Félag iðn- og tæknigreina

Andrés Haukur Hreinsson
Ármann Ægir Magnússon
Einar Þór Gíslason
Georg Óskar Ólafsson
Gunnar Björn Gunnbjörnsson
Heimir Björn Janusarson
Helgi Ólafsson

Helgi Pálsson
Hilmar Harðarson
Ólafur Sævar Magnússon
Sveinn Ingason
Tryggvi Frímánn Arnarson
Vilhjálmur G. Gunnarsson
Þorsteinn G. Kristmundsson

Verkalýðsfélag Akraness

Sigurður Guðjónsson

Þingið

Jónas Kristjánsson

AFL-Starfsgreinafélag

Sigurður Hólm Freysson

Félag málmíðnaðarmanna Akureyri

Jóhann Rúnar Sigurðsson
Jóhann Valberg Jónsson

Sjómannasamband Íslands**Sjómanna- og vélstj.fél. Grindavíkur**

Hallur Jónas Gunnarsson
Óskar Sævarsson
Róbert Henry Vogt
Steingrímur E. Kjartansson

Verkalýðsfélag Akraness

Kristófer Jónsson

Sjómanna- og vélstj.fél. Eyjafjarðar

Konráð Þorsteinn Alfreðsson
Kristinn Sigurður Pálsson
Sigurður Viðar Heimisson
AFL-Starfsgreinafélag
Grétar Ólafsson

Sjómannafélag Ólafsfjarðar
Ægir Ólafsson

Starfsgreinasamband Íslands

Efling-stéttarfélag

Aðalbjörg J. Jóhannsdóttir
Alma Pálmadóttir
Arnar Máni Vilhjálmsson
Árna I. María Guðjónsdóttir
Biljana Kosanovic
Bjarni Atlason
Bjarni Bjarnason
Björgvin Björgvinsson
Björn Sigurðsson
Dagný Björg Helgadóttir
Elín Jónsdóttir
Elínbjörg Bára Magnúsdóttir
Elsa Birna Sveinbjörnsdóttir
Fanney Helga Friðriksdóttir
Franz Arason
Guðjón Ágúst Norðdahl
Guðmundur Sigurbjörnsson
Guðný Óskarsdóttir
Halldór Valur Geirsson
Herborg Hulda Símonardóttir
Hólmfríður Vigdís Sævarsdóttir
Hrund Margrétardóttir
Hrönn Bjarnþórsdóttir
Hörður Aðalsteinsson
Ingibjörg Sigríður Árnadóttir
Ingólfur Björgvin Jónsson

Ingvar Vigur Halldórsson
Jens Þorsteinsson
Jóhann Ingvar Harðarson
Kolbrún Eva Sigurðardóttir
Kristinn Örn Arnarson
Kristín Þorsteinsdóttir
Kristján Benediktsson
Kistrún Sigurðardóttir
Lilja Eiríksdóttir
Ólafur Haraldsson
Ragnar Már Guðmundsson
Ragnar Ólason
Sigríður Guðlaug Halldórsdóttir
Sigurborg Hallsteinsdóttir
Sigurður Besson
Sigurlaug Brynjólfsdóttir
Sigurrós Kristinsdóttir
Stanislaw Bukowski
Steinþór Ingi Þórsson
Tryggvi Marteinnsson
Valgerður Jónsdóttir
Þorsteinn M. Kristjánsson
Þórdís Jónsdóttir
Örvar Már Jónsson

Verkalýðsfélagið Hlíf

Eyþór Þormóður Árnason
Gundega Jaunlinina
Kolbeinn Gunnarsson
Linda Baldursdóttir
Sigríður Þorleifsdóttir

VI. og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr.

Fjóla Svavarsdóttir
Gunnar sigurbjörn Auðunsson
Hulda Örlygsdóttir
Kristján G. Gunnarsson
Þórey Guðný Marinósdóttir

Verkalýðsfélag Grindavíkur

Hörður Guðbrandsson
Magnús Már Jakobsson

VI. og sjóm. fél. Sandgerðis

Magnús Sigfús Magnússon

Verkalýðsfélag Akraness

Guðrún Linda Helgadóttir
Hafsteinn Þórisson
Hafþór Pálsson

Jóna Ágústa Adolfsdóttir
Skúlína Hlíf Guðmundsdóttir
Vilhjálmur E. Birgisson

Stéttarfélag Vesturlands

Signý Jóhannesdóttir
Sigrún Reynisdóttir

Stéttarfélagið Samstaða

Guðmundur Finnbogason

Verkalýðsfélag Snæfellinga

Guðbjörg Jónsdóttir
Jóhanna Steingrímsdóttir

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Finnbogi Sveinbjörnsson
Gunnhildur Björk Elíasdóttir
Ólafur Baldursson

Aldan stéttarfélag

Arna Dröfn Björnsdóttir
Þórarinn Guðni Sverrisson

Eining - Iðja

Anna Júlíusdóttir
Björn Snæbjörnsson
Guðrún J. Þorbjarnardóttir
Hafðís Ósk Kristjánsdóttir
Ingvar Kristjánsson
Margrét Haukdal Marvinsdóttir

Margrét Jónsdóttir
Róbert Þorsteinsson
Sigríður K Bjarkadóttir
Sigríður Þórunn Jósepsdóttir
Vilhelm Adolfsson

Framsýn – stéttarfélag

Aðalsteinn Árni Baldursson
Jakob Gunnar Hjaltalín
Ósk Helgadóttir

Verkalýðsfélag Þórshafnar

Sigríður Jóhannesdóttir

AFL-Starfsgreinafélag

Gunnhildur Imsland
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir
Kristján Magnússon
Kristrún Björg Gunnarsdóttir
Lars Jóhann Andrésson
Pálína Margeirsdóttir

Reynir Arnórsson
Steinunn Zoéga
Sverrir Kristján Einarsson
Sverrir Mar Albertsson
Valgeir Sveinn Eyþórsson

Drífandi stéttarfélag

Arnar G. Hjaltalín
Guðný Óskarsdóttir

Verkalýðsfélag Suðurlands

Eiríkur Tryggvi Ástþórsson
Guðrún Elín Pálsdóttir

Báran, stéttarfélag

Halldóra Sigríður Sveinsdóttir
Helga Sigríður Flosadóttir
Kristbjörn Hjalti Tómasson
Örn Bragi Tryggvason

VI. og sjóm.fél. Bolungarvíkur

Lárus Benediktsson

ASÍ – UNG

Aðalbjörn Jóhannsson
Agnar Ólason
Alma Pálmadóttir
Bóas Ingi Jónasson
Eiríkur Þór Theódórsson
Evgenyia Zdravkova Demireva
Hafdís Erna Ásbjarnardóttir
Helgi Sveinbjörn Jóhannsson
Svanborg Hilmarsdóttir

BREYTINGAR Á ÞINGFULLTRÚUM FRÁ 26.–28. OKTÓBER 2016

Bein aðild að ASÍ GRAFÍA

Oddgeir Þór Gunnarsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Stefán Ólafsson	Varamaður	Mætir

VM - Félag vélstjóra og málmæknimanna

Halldór Arnar Guðmundsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Marteinn S. Karlsson	Varamaður	Mætir

Landssamband íslenskra verzlunarmanna

VR

Aðalheiður Signý Óladóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Anna Þórðardóttir Bachmann	Varamaður	Mætir
Auður Búadóttir	Varamaður	Mætir
Birna Guðný Björnsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Björn Halldór Björnsson	Varamaður	Mætir
Dóra Eyland Garðarsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Edda Svandís Einarsdóttir	Varamaður	Mætir
Elías Guðmundur Magnússon	Aðalmaður	Mætir
Evgenyia Zdravkova Demireva	Varamaður	Mætir
Fjóla Helgadóttir	Varamaður	Mætir
Guðjón Steinarsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Gunnar Böðvarsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Halldór Halldórsson	Varamaður	Mætir
Harpa Sævarsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Hlín Guðjónsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Ingibjörg H. Hjartardóttir	Aðalmaður	Forfallaðist

Ingimar Þorsteinsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Jóna Guðrún Kristinsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Páll Jóhann Kristinsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Selma Kristjánsdóttir	Varamaður	Mætir
Sigríður Þóra Þórðardóttir	Varamaður	Mætir
Sigurjón Örn Lárusson	Aðalmaður	Forfallaðist
Sigurveig Þórhallsdóttir	Varamaður	Mætir
Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir	Varamaður	Mætir
Stefán Árni Stefánsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Unnur Elva Arnardóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Unnur Guðríður Indriðadóttir	Varamaður	Mætir
Viðar Ingason	Varamaður	Mætir
Víglundur Þór Víglundsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Vordís Þorvaldsdóttir	Varamaður	Mætir

Starfsgreinasamband Íslands

Framsýn, stéttarfélag

Jónína Hermannsdóttir	Varamaður	Mætir
Jakob Gunnar Hjaltalín	Aðalmaður	Forfallaðist

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Finnur Veturliði Magnússon	Aðalmaður	Forfallaðist
Margrét Jóhanna Birkisdóttir	Varamaður	Mætir

Verkalýðsfélag Akraness

Guðmundur Rúnar Davíðsson	Varamaður	Mætir
Sigurður Guðjónsson	Aðalmaður	Forfallaðist

Efning – stéttarfélag

Arnar Máni Vilhjálmsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Berglind Jónína Gestsdóttir	Varamaður	Mætir
Björgvin Björgvinsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Dagný Björg Helgadóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Elínbjörg Bára Magnúsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Elsa Birna Sveinbjörnsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Franz Arason	Aðalmaður	Forfallaðist
Guðjón Ágúst Norðdahl	Aðalmaður	Forfallaðist
Guðmundur P. Jónsson	Varamaður	Mætir
Gurli M. Geirsson	Varamaður	Mætir
Halldór Valur Geirsson	Aðalmaður	Forfallaðist

Herborg Hulda Símonardóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Hildur Rós Guðnadóttir	Varamaður	Mætir
Hrund Margrétardóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Hörður Aðalsteinsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Ingibjörg Sigríður Árnadóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Jens Þorsteinsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Jóhanna Ingunn Jónsdóttir	Varamaður	Mætir
Kjartan Sigurvin Hafsteinsson	Varamaður	Mætir
Kristbjörg B. Guðjónsdóttir	Varamaður	Mætir
Kristrún Sigurðardóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Magnús Jakobsson	Varamaður	Mætir
Ragnar Már Guðmundsson	Aðalmaður	Mætir
Rannveig H. Gunnlaugsdóttir	Varamaður	Mætir
Ruth Jóhanna Árelúsdóttir	Varamaður	Mætir
Sigurborg Hallsteinsdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist
Stanislaw Bukowski	Aðalmaður	Forfallaðist
Vilhjálmur Auðunn Albertsson	Varamaður	Mætir
Þorsteinn Freyr Friðbjörnsson	Varamaður	Mætir
Þórður Oddsson	Varamaður	Mætir
Þórður Ólafsson	Varamaður	Mætir
Þórunn Jóna Skjaldardóttir	Varamaður	Mætir
Þuríður Ingimundardóttir	Varamaður	Mætir

Verkalýðs og sjómannafél. Keflavíkur og nágrennis

Gunnar Sigurbjörn Auðunsson	Aðalmaður	Forfallaðist
Kristrún Jónsdóttir	Varamaður	Mætir

Stéttarfélag Vesturlands

Jakob Hermannsson	Varamaður	Mætir
Sigrún Reynisdóttir	Aðalmaður	Forfallaðist

Rafiðnaðarsamband Íslands

Félag ísl. símamanna

Guðrún S. Bergþórsdóttir

Aðalmaður

Forfallaðist

Jón Hafsteinn Jóhannsson

Varamaður

Mætir

Félag ísl. rafvirkja

Andri Reyur Haraldsson

Varamaður

Mætir

Sigmundur Þórir Grétarsson

Aðalmaður

Forfallaðist

Félag rafeindavirkja

Bára Halldórsdóttir

Varamaður

Mætir

Eyjólfur Ólafsson

Aðalmaður

Forfallaðist

Samiðn, samband iðnfélaga

Félag iðn- og tæknigreina

Andrés Haukur Hreinsson

Aðalmaður

Forfallaðist

Ármann Ægir Magnússon

Aðalmaður

Forfallaðist

Hermann Vestri Guðmundsson

Varamaður

Mætir

Kjartan Ólafs Tómasson

Varamaður

Mætir



AF VETTvangi Miðstjórnar ASÍ

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði ef frá er talið tímabilið frá miðjum júní fram í seinni hluta ágústmánaðar ár hvert. Miðstjórn stýrir daglegri starfsemi Alþýðusambandsins í samræmi við lög þess og samþykktir sambandsþinga, og reglulegra formannafunda eftir því sem við á. Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi Alþýðusambandsins og stofnana þess og fyrirtækja á vegum þeirra. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alþýðusambandsins og samskipti við aðildarsamtökin, önnur samtök launafólks, samtök atvinnurekenda, stjórnvöld og aðra aðila er varða starfsemi verkálýðshreyfingarinnar og hagsmuni launafólks. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykktu þinga og reglulegra formannafunda ASÍ.

Fjöldmörg mál komu til kasta miðstjórnar ASÍ á tímabilinu frá september 2016 til september 2017.

Í byrjun árs 2017 afgreiddi miðstjórn starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir yfirstandandi ár. Starfs- og fjárhagsáætlunin mótar þann ramma sem starfsemin byggir á og leggur stóru línurnar varðandi áherslur í starfinu og notkun þeirra fjármuna sem Alþýðusambandið hefur til ráðstöfunar hverju sinni.

Eðli málsins samkvæmt eru kjaramálin í víðum skilningi fyrirferðarmest í störfum miðstjórnar og voru þau á dagskrá á öllum fundum hennar á tímabilinu. Auk þess hefur ítrekað verið fjallað um efnahags-, vinnumarkaðs- og félagsmál, s.s. stöðuna á vinnumarkaði almennt og félagsleg undirboð, stöðu heimilanna í landinu, húsnæðismálin, heilbrigðis- og velferðarmálin, lífeyrismálin og málefni ungs fólks.

Miðstjórnin afgreiðir allar tilnefningar af hálfu ASÍ í nefndir og ráð og ákveður þær áherslur sem fulltrúar Alþýðusambandsins fylgja.

Hér á eftir er gerð frekari grein fyrir umfjöllun og ákvörðunum miðstjórnar ASÍ í nokkrum málum á því tímabili sem skýrslan tekur til. Á öðrum stöðum í skýrslunni eru ályktanir miðstjórnar birtar sérstaklega. Þar er einnig fjallað ítarlega um fjölmörg þeirra mála sem voru til umfjöllunar í miðstjórn ASÍ. Þar má nefna kjara- og efnahagsmálin, áframhaldandi vinnu ASÍ í húsnæðismálum, aðgerðir gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi, menntamál, lífeyrismál, heilbrigðismál, almannatryggingar og verðlagseftirlit. Þá voru málefni Listasafns ASÍ ítrekað til umfjöllunar í miðstjórn á tímabilinu.

Umfjöllun um efnahags- og atvinnumál og kjaramál

Eins og segir hér að framan var umfjöllun um efnahags- og kjaramál og hagur launafólks almennt helsta viðfangsefni miðstjórnar allt tímabilið. Ítrekað var ályktað um þessi mál. Ítarlegar er gerð grein fyrir kjara- og efnahagsmálunum annars staðar í skýrslunni og allar ályktanir miðstjórnar birtar.

Þá hefur það komið í hlut Alþýðusambandsins og starfsmanna þess að fylgja eftir bókunum í kjölfar samninga síðustu ára, þar sem fjölmörg hagsmunamál launafólks eru undir. Þar má sem dæmi nefna vinnutímamál, veikindarétt, mat á námi og launasetningu, orlofsmál, lífeyrismál og sveigjanleg starfslok. Loks hefur á vettvangi miðstjórnar ítrekað verið fjallað um SALEK samkomulagið en í ljósi aðstæðna í kjaramálum; ákvarðana Kjararáðs og kjarasamninga aðila utan ASÍ, var vinnan við nýtt samningalíkan á ís allt tímabilið og alls óvíst hvort hún fer af stað aftur og þá á hvaða grunni.

Ítarlegar er gerð grein fyrir kjara- og efnahagsmálunum annars staðar í skýrslunni.

42. þing ASÍ

Haustið 2016 fjallaði miðstjórn ASÍ ítrekað um undirbúning og málefni fyrir 42. þing ASÍ sem haldið var í seinni hluta október. Það gildi bæði um mál-efnaundirbúning, skipulag þingstarfanna og önnur hagnýt úrlausnarefni. Þá gerði miðstjórn upp reynsluna af þinginu og ákvað með hvaða hætti ætti að fylgja niðurstöðum þess eftir.

Primera air

Á fundi miðstjórnar 23. október voru málefni Primera air til umfjöllunar. Fram kom að málið væri búið að velkjast í kerfinu í tæp tvö ár og að ekkert hefði komið út úr því, hvorki af hálfu Vinnumálastofnunar eða velferðarráðuneytisins. Þá voru kynntar tillögur að málsmeðferð í framhaldinu, sem ganga út á að verkalýðshreyfingin taki til viðeigandi aðgerða til að brjóta brotastarfsemina á bak aftur. Í umræðum um málið var vísað til skyldleika þess við mál Ryanair sem mikil átök voru um í Danmörku og þar sem dönsk verkalýðshreyfing náði mikilvægum árangri. Að lokinni umræðu var samþykkt að halda á málinu eins og lagt er til í minnisblaði sem lá fyrir miðstjórnarfundinum.

Málefni Primera air voru síðan ítrekað til umfjöllunar í miðstjórn á árinu 2017.

Verkfall undirmanna á fiskiskipum

Á fundi miðstjórnar 21. desember 2016 varð umræða um verkfall undirmanna á fiskiskipum í framhaldi af því að kjarasamningur þeirra var felldur með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða í annað sinn. Fyrir lá að ekki yrði fundað aftur í deilunni fyrr en á nýju ári og kom fram ótti við að verkfallið drægist verulega á langinn. Bent var á að verkfallið hafi mikil áhrif á kjör og hagi fiskverkafólks og að mikilvægt væri að koma í veg fyrir að alið yrði á óánægju meðal þess með aðgerðir sjómanna. Þá kom fram að vélstjórar felldu líka sinn samning en að þeir væru ekki í verkfalli þar sem þeir afboðuðu verkfall þegar samningar náðust. Einnig kom fram að verkfallssjóðir sjómanna eru víða veikir og munu ekki duga lengi.

Verkfall undirmanna á fiskiskipum og staða þess var reglulega til umfjöllunar á fundum miðstjórnar þar til það leystist í lok febrúar 2017 og var ályktað um málið.

Starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir árið 2017

Starfs- og fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2016 var til umfjöllunar á fundi miðstjórnar ASÍ í desember 2016 og samþykkt 11. janúar 2017. Að þessu sinni eruhelstu áhersluatriði skrifstofu ASÍ auk hefðbundinna verkefna þessi:

Skipuleggja umræðu innan og utan hreyfingarinnar og næstu skref, í samræmi við ályktun þings ASÍ um breytt og bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga.

- Fylgja eftir bókunum í kjarasamningum aðildarsamtakanna.
- Vinna að endurskoðun samnings um lífeyrismál.
- Unnið verði að útgáfu á riti um íslenskan vinnumarkað og þróun hans.
- Unnið gegn undirboðum á vinnumarkaði, svartri atvinnustarfsemi, kennitölufлакki og unnið að bættu siðferði í viðskiptalífínu.

- Fylgja eftir stefnumótun á sviði fullorðins- og framhaldsfræðslu á vettvangi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, í Fræðslusjóði, í samskiptum við aðila vinnumarkaðarins og í samskiptum við menntamálaráðuneytið.

Þjónustukönnun skrifstofu ASÍ

Á fundi miðstjórnar 25. janúar kynnti Matthías Þorvaldsson, viðskiptastjóri hjá Gallup, niðurstöðu þjónustukönnunar sem fyrirtækið gerði fyrir skrifstofu ASÍ meðal forystumanna og starfsfólks aðildarfélaganna og sambanda ASÍ. Fram kom að ASÍ og skrifstofa sambandsins væri að fá einstaklega góða niðurstöðu út úr þessari könnun. Jafnframt áréttaði hann að mikilvægt sé að missa ekki fókus heldur setja sér ný markmið. Hann endaði kynninguna með því að óska ASÍ til hamingju með mjög jákvæða niðurstöðu. Í umræðum var bent á að rétt væri að skoða úrtakið sem könnunin er send á og auka þátttökuna þegar slík könnun verður gerð næst.

Breyting á reglugerð um allsherjaratkvæðagreiðslur

Á fundi miðstjórnar 25. janúar voru kynntar tillögur skipulags- og starfsháttanefndar ASÍ að breytingum á reglugerð ASÍ um allsherjaratkvæðagreiðslur. Fram kom að breytingarnar næðu til 8., 9., 10., 11., 12. og 13. gr. reglugerðarinnar og 18. gr.

Stærsta breytingin varðar 11. gr. reglugerðarinnar. Lagt var til að kjörstjórn geti ákveðið að atkvæðagreiðslan verði algerlega rafræn, þ.e. að engin gögn þurfi að senda út og að atkvæði megi skila með rafrænum skilríkjum eða Íslykli. Sé það gert skal auglýsing um atkvæðagreiðslu birt a.m.k. 7 dögum áður en atkvæðagreiðslu lýkur. Í henni skuli að finna meginefni kynningar skv. 3.mgr. 10.gr. þ.e. „...kynning framboða, meginefni nýs kjarasamnings eða nákvæm tillaga um boðun vinnustöðvunar.“Jafnframt skal öllum atkvæðisbærum með skráð netfang í félagaskrá send tilkynning um atkvæðagreiðslu ásamt hlekk á vefsvæði atkvæðagreiðslunnar. Þá skal tryggja að á videigandi vefsvæði atkvæðagreiðslunnar sé að finna leiðbeiningar um framkvæmd hennar og kynningarefni skv. 3. mgr. 10. gr. Atkvæðagreiðsla skal standa yfir a.m.k. í 3 sólarhringa. Heildartími rafrænnar atkvæðagreiðslu sem svona er framkvæmd eru því 7 dagar frá því að auglýsing er birt.

Ljóst er að þessi breyting felur í sér verulegan sparnað vegna prentunar og póstburðargjalda en nokkur kostnaður kemur á móti vegna auglýsinga.

Jafnlaunastaðallinn

Á fundi 1. febrúar 2017 fjallaði miðstjórn um jafnlaunastaðallinn og aðdragandann að gerð hans. Aðdragandann má rekja til kjarasamninga ASÍ og SA frá

2008 og bráðabirgðaákvæðis sem sett var í lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla árið 2010. Ákveðið var að leita til Staðlaráðs Íslands um að halda utan um verkefnið, ásamt tækninefnd hagsmunaaðila og minni vinnuhóps sem starfaði allan tímann. Vorið 2012 voru tillögur að staðlinum kynntar og staðallinn síðan staðfestur og gefinn út í desember 2012. Í framhaldinu hefur aðgerðarhópur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti haldið utan um verkefnið, fylgt því eftir m.a. með skipulögðu námskeiðahaldi og unnið að því að staðallinn verði tekinn í notkun. Ákveðið var að setja í gang ákveðið tilraunaverkefni sem nú er lokið og bíða fyrstu stofnanirnar og fyrirtækin eftir að fá vottun skv. staðlinum. Einnig var á fundinum gerð grein fyrir efni minnisblaðs um lögbindingu jafnlaunastaðals/jafnlaunavottunar. M.a. er fjallað um áhrif lagasetningar á réttarstöðu launafólks og atvinnurekenda. Niðurstaðan er að jafnlaunastaðallinn styrki stöðu einstaklinga og veiki stöðu atvinnurekenda varðandi sönnun, en að ábyrgðin er á höndum einstaklinganna að sækja rétt sinn.

Einnig er fjallað um ólíkar leiðir til að innleiða staðalinn og fylgja efni hans eftir.

Í lok umræðu á fundi miðstjórnar dró forseti ASÍ saman umræðuna og ályktaði að rétt sé að láta reyna á með óformlegum hætti hvort SA er tilbúið að ganga til samninga á ásættanlegum grundvelli um innleiðingu staðalsins og án þess að gefin verði einhver afsláttur í málinu. Reynist SA ekki tilbúið til þess hljóti ASÍ að styðja þá leið sem ráðherra hefur kynnt með fyrirvara um mögulegar breytingar á lagafrumvarpinu.

Þá var miðstjórn minnt á að samkvæmt starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ verður hafin vinna við innleiðingu jafnlaunastaðalsins fyrir skrifstofu ASÍ á árinu 2017.

Samstarfssamningur við Vakann

Á fundi miðstjórnar var fjallað um drög að samstarfssamningi við Vakann. Rifjuð var upp umræðan sem varð í miðstjórn í júní á síðasta ári um samstarf við Vakann, sem er gæðakerfi í ferðapjónustunni, en niðurstaða miðstjórnar þá var að ganga til slíkra samninga á tilteknum grundvelli. Í framhaldinu var fjallað um drög að samstarfssamningi við Vakann og tillögu að umsagnarblaði sem ASÍ myndi fylla út á grundvelli samkomulagsins og byggt verði á upplýsingum frá aðildarfélagunum. En þar er áréttað sérstaklega að „Í framangreindri umsögn felist ekki neins konar heilbrigðisvottorð eða viðurkenning á starfsemi fyrirtækisins umfram það sem að framan segir.“

Miklar umræður urðu um málið. Fram komu ákveðnar efasemdir um það fyrirkomulag sem samstarfssamningurinn gerir ráð fyrir og bent á þá hættu að fyrirtækin færu að flagga merki ASÍ og að ASÍ hafi gefið þeim heilbrigðis-

vottorð. Á móti var bent á að samstarfið við Vakann sé enn frekara tækifæri til að fylgja eftir að fyrirtæki séu með launamálin í lagi og að mikilvægt sé að tengja það vinnustaðaeftirlitinu sem sé að verða stöðugt öflugra. Að lokinni umræðu var samþykkt að ganga til samstarfs við Vakann á grundvelli samstarfssamningsins sem kynntur hafði verið og verklag varðandi umsögn ASÍ.

Samstarfssamningurinn við Vakann kom aftur til umfjöllunar í miðstjórn 23. ágúst sl. vegna ólíkra sjónarmiða samningsaðila sem komið hafa upp við framkvæmd samningsins. Ákveðið var að forseti ASÍ ætti viðræður við forvarsmenn Vakans og málið kæmi síðan aftur inn á borð miðstjórnar.

Reglur fyrir vinnudeilusjóð ASÍ

Á fundi miðstjórnar 15. febrúar var fjallað um drögum að reglum fyrir vinnudeilusjóð ASÍ. Nokkur umræða varð um málið. Almenn var ágæt sátt um efnið. Þá kom fram að frá og með reikningsárinu 2017 gilda reglur ASÍ um bókhald og ársreikninga aðildarfélaganna sem þýðir að í fyrsta skipti verður farið eftir þeim við mat á ársreikningum yfirstandandi árs þegar þeir koma til skoðunar árið 2018. Nauðsynlegt sé að móta verklagsreglur um það hvernig það mat fer fram og munu forsetar leggja fram tillögu þess efnis fyrir miðstjórn næsta haust. Þá kom fram að rétt sé í ljósi stöðu kjaramálanna og framhaldsins næstu misserin að senda ábendingu til aðildarfélaganna og hvatningu til þeirra að þau tryggji eins og kostur er að þau verði fjárhagslega sem best búin undir möguleg átök á vinnumarkaði.

Málþing um samningssvið og félagssvæði stéttarféлага

Fyrir miðstjórnarfundum 1. mars var kynnt tillaga skipulags- og starfsháttanefnda ASÍ um að haldið yrði sérstakt málþing um samningssvið og félagssvæði stéttarféлага. Miklar umræður urðu um málið á miðstjórnarfundinum. Almenn var vel tekið í hugmynd skipulags- og starfsháttanefndar að málþingi og hvernig það væri hugsað. Einnig kom fram að heppilegast er að hafa það að vori 2017, þannig að góður tími gefist til að fylgja því eftir á reglulegum formannafundi haustið 2017 og jafnframt undirbúa umræðu og tillögu fyrir þing ASÍ 2018 ef það verður niðurstaðan. Fram kom að mikil þörf er á að ræða skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar, samskipti stéttarfélaganna og samstarf og ranghugmyndir um „félagafrelsi“. Bent var á að stærstu vandamálin væru annars vegar atvinnurekendur sem reyna með öllum ráðum að stýra í hvaða stéttarfélög starfsmenn þeirra fara, en þó enn frekar að reyna að halda þeim utan stéttarféлага, og svo stéttarfélög sem vinna leynt og ljóst að því að fá til sín félagsmenn sem tilheyra eða eiga að tilheyra öðrum stéttarfélögum með ýmiss konar gylliboðum. Einnig var bent á bókhaldsskrifstofur sem eru farnar að skipta sér af félagsaðild starfsmanna fyrirtækja sem þær þjóna. Þá

var bent á að skipulag verkalýðshreyfingarinnar er í grunninn frá gamalli tíð og spurningin sé hvort ekki sé nauðsynlegt að endurskoða það í ljósi þeirra miklu breytinga sem hafa orðið og eru að verða á vinnumarkaði og í atvinnulífinu. Í því sambandi var bent á að veruleikinn er oft flóknari en skipulagið gerir ráð fyrir og voru í því sambandi nefnd ýmis störf í ferðaþjónustunni.

Í lok umræðunnar var áréttað að stefna að því að halda málþingið vorið 2017 á þeim grunni sem skipulags- og starfsháttanefnd legði til.

Yfirskrift 1. maí aðgerða 2017

Á fundi miðstjórnar 15. mars var ákveðið að yfirskrift 1. maí aðgerða 2017 yrði „HÚSNÆÐISÖRYGGI - SJÁLFSÖGD MANNRÉTTINDI!“. Í greinargerð um efnið segir:

Eitt af þeim málum sem gengur sem raður þráður í gegnum sögu verkalýðsbaráttu á Íslandi í 100 ár er krafa okkar félagsmanna um mannsæmandi og öruggt húsnæði á sanngjörnum kjörum. Þetta verkefni hefur því verið á borði verkalýðshreyfingarinnar með reglulegu millibili í heila öld, ekki síst eftir að verkamannabústaðakerfið var lagt af í byrjun þessarar aldar illu heilli. Og það er hrópanði enn í dag. Í árdaga verkalýðsbaráttunnar og lengi framan af síðustu öld var það lélegt húsnæði og viðvarandi húsnæðisskortur sem voru vanda-málin. Í dag er það húsnæðisskortur og hátt verð, bæði til kaups og leigu, sem gerir það að verkum að stórir hópar fólks eru í miklum vanda og sumir komast hreinlega ekki inn á húsnæðismarkaðinn. Er þar fyrst og fremst um að ræða ungt fólk og tekjulága einstaklinga og fjölskyldur. Ástandið er grafalvarlegt og það mun ekki lagast nema að ráðist verði hratt og af festu í uppbyggingu á miklum fjölda hagkvæmra íbúða.

Það var af þessari ástæðu sem ASÍ og BSRB réðust í stofnun Bjargs – íbúðafélags í tilefni af 100 ára afmæli ASÍ í fyrra. Það var af þessari ástæðu sem aðildarfélög ASÍ settu uppbyggingu félagslegs leiguhúsnæðis sem forsendu inn í kjarasamningana 2015 og fengu þannig ríkið til að koma með fjármagn fyrir byggingu 600 íbúða á ári næstu árin. Það þarf einfaldlega að lyfta grettistaki til að þjóðin komist út úr þeim ógöngum sem hún hefur ratað í í húsnæðismálum. Við Íslendingar viljum byggja upp réttlátt samfélag þar sem gott og öruggt húsnæði þykir sjálfsögd mannréttindi – ekki forréttindi.

Afsögn 1. varaforseta ASÍ – kjör nýs varaforseta

Á fundi miðstjórnar 29. mars 2017 var fjallað um afsögn 1. varaforseta ASÍ og ráðstafanir í framhaldinu. Í upphafi var vísað til erindis frá Ólafíu B. Rafnsdóttur þar sem hún segir sig frá öllum ábyrgðarstörfum fyrir Alþýðusambandið. Þá var vísað í minnisblað lögfræðings ASÍ sem lá fyrir fundinum „um kjör varaforseta og innkomu varamanns í miðstjórn“. Samkvæmt minnis-

blaðinu verður Sigurður Bessason 1. varaforseti ASÍ og kjósa þarf 2. varaforseta úr hópi miðstjórnarmanna. Ekki komu fram önnur sjónarmið á fundinum hvað þessa þætti varðar. Fyrir lá að 13 miðstjórnarmenn væru í kjöri.

Miklar umræður urðu um málið. Strax í upphafi umræðunnar bárust böndin að Ingibjörgu Ósk Birgisdóttur sem er stjórnarmaður í VR. Fram kom að Ingibjörg Ósk hafi lýst sig tilbúna til að taka að sér verkefni varaforseta yrði eftir því leitað. Jafnframt kom fram að Ingibjörg Ósk nyti fulls trausts annarra fulltrúa VR í miðstjórn og formanns félagsins. Að lokinni umræðu var Ingibjörg Ósk kosin 2. varaforseti ASÍ með öllum greiddum atkvæðum.

Þá kom fram að samkvæmt minnisblaði lögfræðings ASÍ sem lá fyrir fundinum gengi Bjarni Þór Sigurðsson, stjórnarmaður í VR, sjálfkrafa upp og yrði aðalmaður í miðstjórn í stað Ólafíu.

Síðan var fjallað um önnur ábyrgðarstörf sem Ólafía hefur gegnt fyrir Alþýðusambandið. Var ákveðið að stefna að því að ganga frá þeim málum á næsta fundi miðstjórnar ASÍ 19. apríl nk. Á meðan munu varamenn gegna þeim verkefnum eftir því sem þörf er á.

Loks var vísað til þeirrar venju sem hefur skapast að nýkjörnum forystumönnum stærstu aðildarsamtaka ASÍ sem ekki sitja í miðstjórn sé boðið að sitja í miðstjórn með málfrelsi og tillögurétt. Samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum að bjóða Ragnari Þór Ingólfssyni, formanni VR, setu í miðstjórn með málfrelsi og tillögurétt.

Kynning á ASÍ-UNG

Á miðstjórnarfundinum 19. apríl gerði Svanborg Hilmarsdóttir, formaður ASÍ-UNG, grein fyrir starfinu síðustu mánuði. Fram kom m.a. að stjórnarfundir eru haldnir mánaðarlega, þar sem ýmis mál eru á dagskrá. Þá hafa fulltrúar ASÍ-UNG tekið þátt í ýmsum viðburðum til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og áherslum. Í janúar var stjórnin með fræðslu- og stefnumótunarfund þar sem fjallað var um ýmis áhugaverð efni, auk þess sem hún fór í gegnum SVÓT greiningu sem skilaði mörgum mikilvægum og áhugaverðum niðurstöðum sem unnið hefur verið með áfram. Þá hefur stjórn ASÍ-UNG sett fram verkefnalista fyrir tímabilið 2016–2018, en auk annars hefur verið sett upp fésbókarsíða og nýtt merki ASÍ-UNG verið hannað ásamt yfirskriftinni „Nútíminn er okkar“.

Í umræðunum kom fram almenn ánægja með starfið og það sem Svanborg hafði kynnt, þ.m.t. merkið og yfirskriftina og stjórn ASÍ-UNG hvött til frekari dáða. Einnig var áréttað mikilvægi þess að ASÍ og aðildarsamtökin styðji vel við starfið og séu hvetjandi.

Nýjar persónuverndarreglur

Á miðstjórnarfundinum 7. júní kynnti fulltrúi frá Persónuvernd hvað felst í nýjum persónuverndarreglum sem taka gildi um mitt ár 2018. Yfirskrift fram-sögunnar var Persónuvernd: lykilatriði í rekstri. Í upphafi fór hann yfir þá þróun sem hefur verið að eiga sér stað síðustu misseri varðandi persónuverndarmálefni. Mikill þrýstingur er á að safna upplýsingum um einstaklinga sem tengjast beint samkeppnismálum og neytendavernd.

Reglugerðin sem taka á gildi á næsta ári er 99 greinar og hefur verið mjög lengi í smíðum. Þar kemur fram að markmiðið er samræmd og öflug vernd fyrir einstaklinga sem ekki hefur verið til staðar fram til þessa. Auka á réttarvissu og meiri fyrirsjáanleika. Þá er kveðið á um að einungis sé leitað á einn stað til að fá upplýsingar og þjónustu (onestopshop). Hvað varðar gildissvið taka reglurnar til fyrirtækja og stofnana með staðfestu innan EES óháð því hvar vinnslan fer fram. Ábyrgðaraðilar og vinnsluaðilar bera báðir svipaðar skyldur. Það sem ekki breytist frá núgildandi reglum er að vinnsla persónu-upplýsinga þarf að vera sanngjörn, málefnaleg og lögmæt. Það sem breytist er skylda aðila til að setja sér auðskiljanlegar persónuverndarstefnur. Þá eru gerðar kröfur um að fyrirtæki og stofnanir standi með skipulegri hætti en áður að skráningu og mati á vinnslu og geri áhættumat á því hvort hætta sé á misnotkun persónuupplýsinga. Meta þarf hvort vinnslan sé nauðsynleg, mikilvæg og hófleg og er þegar búið að vinna leiðbeiningar um þetta efni. Einnig er kveðið á um persónuverndarfulltrúa og svipar hlutverki þeirra til regluvarða í bönkum. Reglan um persónuverndarfulltrúa á við um öll stjórnvöld og sum fyrirtæki og stofnanir, t.d. stéttarfélög. Þeir skulu vera sjálfstæðir og óháðir í störfum og uppfylla hæfisskilyrði. Einnig má nefna breytingu á tilkynningar-skyldu vegna mögulegrar áhættu vegna tölvuárása. Loks má nefna að mikil áhersla er á það lögð að samþykki einstaklinga sé til staðar varðandi söfnun persónuupplýsinga og að það byggi ekki á löngum og óskiljanlegum samþykktarskilmálum. Nú þurfa skilmálar að vera stuttir og auðskiljanlegir.

Fyrir stéttarfélögin er mikilvægt að 80. grein nýju persónuverndarreglnanna veitir stéttarfélögum auknar heimildir til að vinna fyrir félagsmenn sína. Það sem þarf að gerast næst er að greina þarf hvaða upplýsingar aðilar eru að vinna með, hvort hægt sé að draga úr þeim, skrá tilganginn, vinna verklagsreglur, fá kynningu o.s.frv. Góð byrjun er að vera með hlutina í samræmi við núgildandi lög.

Miklar umræður urðu í framhaldi af framsögu fulltrúa Persónuverndar m.a varðandi upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi sjúkrasjóða stéttarfélaganna og um meðferð persónugreinanlegra gagna og starfa og hlutverks endurskoðenda s.s. eins og rýningu á gögnum sjúkrasjóða. Þá varð umræða um stöðu og hlutverk persónuverndarfulltrúa innan fyrirtækja og

stofnana þar sem þeirra er krafist. Í lok umræðunnar kom fram að full ástæða er til að fjalla áfram um málið á vettvangi ASÍ og skoða tækifærin sem skapast eins og aukið svigrúm stéttarfélaganna til að vinna fyrir sína félagsmenn. Jafnframt var áréttað mikilvægi þess að skoða hvernig Alþýðusambandið og aðildarsamtökin halda á málum í dag. Samþykkt var tillaga um að kallaðir verði til fulltrúar frá aðildarfélögum undir leiðsögn lögfræðideildar ASÍ og jafnframt að skoða þann möguleika að nota formannafundinn haustið 2017 til að kynna hugleiðingar um vinnulag hvað persónuverndarmálin varðar.

Ríkið braut á stjórnarskrárvörðum rétti atvinnulausra

Á fundi miðstjórnar 7. júní var Hæstaréttardómur í máli VR vegna breytinga á lögum um atvinnuleysisbætur til umfjöllunar. VR var þakkað sérstaklega fyrir að hafa farið í þessi málaferli. Niðurstaðan er skýr: Ríkið braut á stjórnarskrárvörðum rétti atvinnulausra. Niðurstaðan er svona sterk vegna þess að iðgjald er greitt og tryggir þannig rétt sem varinn er eignarréttarákvæðum. Bent var á að á sama tíma og verið var að vinna að frumvarpinu sem skerti atvinnuleysisbótatímabilið voru hér á landi staddir fulltrúar danska félagsmálaráðuneytisins og á fundi með þeim kom fram að Danirnir séu alveg hissa á þeirri leið sem hér var valin. Í Danmörku er það þannig að samþykktar eru breyttar reglur og síðan tekur breytingin gildi að loknu heilu ávinnslutímabili. Hér var þetta gert á innan við tveimur vikum.

Í umræðunum kom fram að þetta væri góð niðurstaða þar sem skýra þurfti málin. Alþýðusambandið væri þegar búið að senda bréf til Vinnumálastofnunar til að fylgja málinu eftir gagnvart öllum þeim atvinnuleitendum sem eiga rétt á bótum ágrundvelli dómsins.

Bjarg – íbúðafélag

Á miðstjórnarfundinum 6. september gerði Björn Traustason, framkvæmdastjóri Bjargs íbúðafélags, grein fyrir stöðu mála. Fram kom að Bjarg væri með 1.400 íbúðir í deiglu. Búið er að sækja um stofnstyrki vegna 408 íbúða og er fjárfestingin vegna þeirra áætluð 12,2 milljarðar. Fram kom að þær lóðir sem voru á lager frá sveitarfélögum, Reykjavík og Hafnarfirði, hafi ekki hentað vel áætlunum og þörfum Bjargs, bæði voru íbúðirnar of stórar og skipulagskröfur að öðru leyti óhagstæðar. Það hefur því farið mikil vinna og tími í að fá nauðsynlegar breytingar á skipulagskröfum sem staðið hafa í kerfinu. Þrátt fyrir það hefur markverður árangur náðst og áætlað Björn að náðst hafi breytingar sem hann metur að verðmæti allt að 400 milljónir. Björn gerði síðan nánar grein fyrir einstökum byggingaáföngum sem Bjarg vinnur að og stöðu þeirra. Hvað hefði áunnist og hvaða áskoranir eru í stöðunni.

Í fyrirsögunum og umræðum meðan á kynningunni stóð og eftir hana var

víða komið við. M.a. var áréttað mikilvægi þess að vandað yrði til verka varðandi byggingaraðila þannig að hafið væri yfir allan vafa að þeir virtu lög og kjarasamninga og höguðu sér að öðru leyti með samfélagslega ábyrgum hætti. Spurður um samtöl og mögulegt samstarf við önnur sveitarfélög en Reykjavík og Hafnarfjörð sagði Björn að mörg önnur sveitarfélög hefðu sýnt áhuga á samstarfi, en að málið væri mis langt á veg komið. Einnig hefur Bjarg óskað eftir hönnun og verðtilboðum í byggingu lítilla raðhúsa sem gætu hentað úti á landi. Þar hefðu komið fram áhugaverðar tillögur sem nú eru í frekari skoðun.

Björn greindi frá því að búið væri að ráða starfsmann sem er að undirbúa og mun stýra umsóknaferlinu þegar farið verður að auglýsa íbúðirnar. Lögð verður áhersla á að gera ferlið rafrænt og gagnsætt eins og kostur er. Jafnframt er stefnt að því að kalla eftir fyrstu umsóknum um eða upp úr næstu áramótum. Það er hins vegar enn mörgum spurningum ósvarað um viðmið og forgangs-röðun við úthlutun.

Stuðningur við ýmsa aðila

Alþýðusambandið styrkir líknar- og góðgerðarfélag á hverju ári um sem nemur u.þ.b. 2 milljónum króna. Er leitast við að dreifa þessum styrkjum sem víðast. Auk þessa styrkir ASÍ jólaúthlutun Hjálparstarfs kirkjunnar, Rauða krossins og Mæðrastyrksnefndar um 600 þúsund krónur fyrir jólin. Aðstoðin fer fram um allt land, m.a. með úthlutun á matvælum og fatnaði til þeirra sem eiga í fjárhagslegum erfiðleikum.

Alþýðusamband Íslands og Jafningjafræðslan hafa unnið saman undan-farin sumur. Samvinna ASÍ og Jafningjafræðslunnar hófst árið 2009 og hefur tekist afar vel. Leiðbeinendur Jafningjafræðslunnar uppfræða 13–15 ára krakka í Vinnuskóla Reykjavíkur, Vinnuskóla Kópavogs og Vinnuskóla Sel-tjarnarness um verkalýðshreyfinguna og helstu réttindamál á vinnumarkaði. Í staðinn styrkir ASÍ starf Jafningjafræðslunnar fjárhagslega og nemur styrkurinn 250 þúsund krónum. Alþýðusambandinu er heiður að því að koma að því góða starfi sem Jafningjafræðslan innir af hendi en Jafningjafræðslan er forvarnastarf, unnið af ungu fólki þar sem fræðslan byggist á að bæta sjálfsmynd unga fólks-ins. Þá styrkir ASÍ starf Lúðrasveitar verkalýðsins um 250 þúsund kr. á ári en fimm ára styrktarsamningur þess efnis var undirritaður í desember 2015.

Eins og kunnugt er lentu Neytendasamtökin í hremmingum fyrr á árinu, bæði stjórnendalegum og fjárhagslegum. Í framhaldinu þurfti að tóna starf-semina niður og var flestum starfsmönnum samtakanna m.a. sagt upp störfum. Alþýðusamband Íslands hefur um árabil átt í góðu sambandi við Neytenda-samtökin og telur ASÍ þau þjóna mikilvægu hlutverki við að gæta hagsmuna neytenda og tala máli þeirra. Miðstjórn Alþýðusambandsins ákvað því á fundi

sínum þann 4. október 2017 að styrkja starfsemi Neytendasamtakanna um eina milljón króna. Sú von fylgir fjárframlaginu að samtökin nái aftur fyrri styrk til heilla fyrir neytendur á Íslandi.

Fundargerðir miðstjórnar ASÍ - Fréttamolar frá skrifstofu ASÍ

Til að mæta sjálfsagðri kröfu um að stjórnarmenn aðildarsamtaka ASÍ, trúnaðarmenn og aðrir félagsmenn séu upplýstir um þau málefni sem tekin eru til umfjöllunar af miðstjórn ASÍ, stefnumótun sem þar á sér stað og ákvarðanir sem þar eru teknar er störfum miðstjórnar nú gerð skil með eftirfarandi hætti:

1. Allar ályktanir, meiri háttar stefnumótun og ákvarðanir miðstjórnar ASÍ eru birtar á vef ASÍ www.asi.is um leið og þær liggja fyrir.
2. Fréttamolar - frá skrifstofu ASÍ er rafrænt rit sem kemur út á mánu-
dagsmorgnum eftir fundi miðstjórnar (sem haldnir eru á miðvikudögum e.h.). Í Fréttamolunum er sagt nokkuð ítarlega frá því helsta sem fram kom á síðasta miðstjórnarfundi, auk þess sem birt er ýmislegt efni til upplýsingar og fróðleiks fyrir stjórnarmenn, trúnaðarmenn, starfsmenn og virka félagsmenn aðildarsamtaka ASÍ. Fréttamolarnir eru sendir til miðstjórnar ASÍ, formanna allra aðildarsamtaka ASÍ, stjórnar ASÍ-UNG og tengiliða aðildarfélaganna ASÍ samkvæmt tölvupóstföngum skrifstofu ASÍ. Aðildarfélagunum er frjálst og þau eru hvött til að dreifa Fréttamolunum áfram til stjórnar, trúnaðarráðs, trúnaðarmanna og starfsmanna félaganna.
3. Rafrænt Fréttabréf ASÍ kemur út mánaðarlega yfir vetrarmánuðina. Þar gerir forseti ASÍ grein fyrir starfi og áherslum ASÍ í þeim málum sem hæst ber hverju sinni, auk þess sem fjallað er um mál sem efst eru á baugi í starfi ASÍ.
4. Í skýrslu forseta sem út kemur árlega í október og bæði er gefin út á pappír og rafrænt, er síðan að finna samantekt á starfi miðstjórnar ASÍ og helstu málum sem þar hafa verið til umfjöllunar á starfsárinu.

ÁLYKTANIR MIÐSTJÓRNAR ASÍ

Ályktun miðstjórnar ASÍ um aukinn ójöfnuð í lífeyrismálum, 12. október 2016
Miðstjórn ASÍ mótmælir harðlega áformum ríkisstjórnarflokkanna um að auka á þann hróplega mismun sem er á lífeyrisrétti landsmanna með því að hækka lífeyristökualdur í almannatryggingum í 70 ár. Þetta er gert þrátt fyrir að frumvarp um jöfnun lífeyrisréttinda milli launafólks á almennum og opinberum vinnumarkaði hafi verið dregið til baka. Það gengur ekki að ætla almenningi að búa við 70 ára lífeyristökualdur á sama tíma og alþingismenn og opinberir starfsmenn geta farið á fullan lífeyri 65 ára. Það er fráleitt að umræða um aukinn jöfnuð á vinnumarkaði endi með því að stjórnvöld auki verulega á það misrétti sem fyrir er. Verði þetta niðurstaðan er um hrein svik að ræða varðandi jöfnun lífeyrisréttinda og samstillingu almannatrygginga og lífeyrissjóða sem mun valda fullkomnum trúnaðarbresti í samskiptum Alþýðusambandsins og stjórnarflokkanna. Slík svik munu óhjákvæmilega hafa afdrifaríkar afleiðingar. Miðstjórn ASÍ lítur málið alvarlegum augum og mun taka það til sérstakrar umræðu á 42. þingi sambandsins dagana 26.–28. október nk.

Greinargerð:

Á undanförunum misserum hafa heildarsamtök á vinnumarkaði unnið að gerð nýs samningalíkans á vinnumarkaði með það að markmiði að styðja betur við efnahagslegan stöðugleika og raunverulega kaupmáttaraukningu (Salek). Ein meginforsenda þess að hægt sé að koma á slíku líkani er að jafnræði ríki í lífeyrismálum launafólks enda eru lífeyrisréttindi veigamikill þáttur umsaminna kjara. Í dag eru lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna umtalsvert betri en á almennum vinnumarkaði, lífeyrisaldur lægri, réttindaávinnsla jöfn og lífeyrisréttindin tryggð að fullu með bakábyrgð ríkis og sveitarfélaga. Full samstaða hefur verið um það milli allra heildarsamtaka launafólks á vinnumarkaði að framtíðarskipan lífeyrisréttinda yrði á grundvelli meiri jafnræðis í lífeyrisréttindum, þar sem miðað yrði við aldurstengda réttindaávinnslu og 67 ára lífeyrisaldur í sjálfbæru lífeyriskerfi. Þetta var ein af þremur meginstöðum þess rammisamkomulags, sem lá til grundvallar sameiginlegri launastefnu til loka árs 2018 (Salek). Aðildarfélög ASÍ sömdu sig að þessari niðurstöðu í janúar sl. þegar 3,5% af launahækkunarsvigrúmi var ráðstafað til jöfnunar lífeyrisréttinda og fyrir lá að samtök opinberra starfsmanna yrðu að semja um breytingar á sínu lífeyriskerfi í þessa veru. Það var því mikið fagnaðarefni þegar samningar tókust milli fjármálaráðherra og sveitarfélaganna við samtök opinberra starfsmanna um breytingar á opinbera lífeyriskerfinu og aðlögun þess að fyrrgreindum markmiðum. Jafnframt er ljóst að öll fjögur heildarsamtök launafólks, ASÍ, BSRB, KÍ og BHM, stóðu, bæði á vettvangi Landssam-

taka lífeyrissjóða og í nefnd um endurskoðun almannatrygginga, að tillögum um samræmda hækkun lífeyrisaldurs úr 67 árum í 70 ára í áföngum á næstu 24 árum. Í tillögum nefndar um endurskoðun almannatrygginga frá því í vor var lögð áhersla á að „samræmi sé milli almannatryggingakerfisins og lífeyrissjóðakerfisins hvað lífeyrisaldur varðar og að hann sé hinn sami í báðum lögbundnu lífeyriskerfunum“. Nú þegar fjármálaráðherra hefur ákveðið að draga til baka tillögur um jöfnun lífeyrisréttinda er forsenda fyrir hækkun lífeyris-tökualdurs í almannatryggingakerfinu brostin. Það eru hrein og klár svik við almennt launafólk að halda þeirri ákvörðun til streitu.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um verkfall sjómanna, 11. janúar 2017

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir yfir fullum stuðningi við verkföll og kjarabaráttu sjómanna og vélstjóra við samtök fyrirtækja í sjávarútvegi. Útgerðarmenn hafa árum saman neitað að ganga til kjarasamninga við sjómenn og vélstjóra og sett fram óbilgjarnar kröfur um að launafólk greiði verulegan hluta af eðlilegri greiðslu fyrirtækjanna fyrir afnot af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar.

Miðstjórn ASÍ skorar á samtök atvinnurekenda að ganga nú þegar til kjarasamninga við sjómenn og vélstjóra. Miðstjórnin fordæmir jafnframt þau verkfallsbrot sem framin hafa verið og skorar á útgerðarmenn að virða löglega boðaðar aðgerðir sjómanna.

Nýtt Alþingi fellur á fyrsta prófinu, 2. febrúar 2017

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands telur forsætisnefnd Alþingis hafa fallið á fyrstu prófau sinni og sýnt að Alþingi skortir jarðsamband og tengsl við almenning í landinu. Sl. haust ofbauð landsmönnum ákvörðun kjararáðs um fordæmalausa hækkun launa og fastra greiðslna til alþingismanna. Síðan þá er búið að skipta um helming þingmanna og snerust kosningarnar í haust ekki síst um breytt siðferði.

Nýir þingmenn höfðu tækifæri til að beita sér og sýna í verki að alvara lá að baki kosningalofordum og taka til baka hækkun þingfararlauna umfram það sem hinn almenni launamaður hefur fengið í sitt umslag.

Miðstjórn Alþýðusambandsins mótmælir hálfkákí forsætisnefndar þingsins og krefst þess að Alþingi taki málið upp og afturkalli hækkunir kjararáðs. Miðstjórn ASÍ minnir á að forsenduákvæði kjarasamninga eru til endurskoðunar nú í febrúar og hækkunir til alþingismanna og æstu embættismanna geta sett framhald kjarasamninga alls þorra landsmanna í uppnám.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um fækkun á störfum í fiskvinnslu, 29. mars 2017

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands lýsir þungum áhyggjum af fyrrihugaðri

fækkun á störfum í fiskvinnslu víða um land. Hótanir forsvarsmanna fyrirtækja í sjávarútvegi um flutning á störfum fiskverkafólks úr landi lýsa miklum hroka og skorti á samfélagslegri ábyrgð. Slíkar hótanir kalla á endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar þar sem tekið yrði sérstaklega á þessum vanda til að tryggja betur atvinnuöryggi í landvinnslunni. Þeim fyrirtækjum sem fara með afnotarétt af sameiginlegri auðlind þjóðarinnar ber skylda til að tryggja að arðurinn af henni renni til samfélagsins en ekki eingöngu til eigenda sjávarútvegs fyrirtækjanna. Launafólk í heilu byggðarlögum á stöðugt á hættu að missa lífsviðurværi sitt vegna tilfærslu aflaheimilda og hagræðingaraðgerða í sjávarútvegi sem hafa það eina markmið að hámarka gróða eigendanna. Mikið hefur skort á réttláta skiptingu arðs af fiskveiðiheimildum og löngu tímabært að sjávarútvegurinn greiði sanngjarnt afgang fyrir afnotaréttinn sem m.a. nýtist til uppbyggingar í þeim byggðarlögum sem verða fyrir barðinu á breytingum í greininni.

Ályktun miðstjórnar ASÍ um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022, 19. apríl 2017

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega nýrri fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar sem felur í sér alvarlega aðför að velferðarkerfinu. Þar á meðal má nefna:

- Skerða á réttindi atvinnuleitenda og stytta á bótatímabil atvinnuleysis-trygginga úr 30 mánuðum í 24 mánuði. Þetta er alvarleg aðför að grundvallar réttindum launafólks.
- Þrátt fyrir ítrekuð loforð um aukin framlög til heilbrigðisþjónustunnar er rekstur hennar áfram vanfjármagnaður.
- ASÍ tekur undir mikilvægi þess að setja þak á greiðsluþátttöku sjúklunga í heilbrigðisþjónustunni en ítrekar mótmæli sín gegn því að sú breyting sé fjármögnuð að stærstum hluta með hækkun á kostnaði hjá megin þorra notenda og krefst þess að staðið verði við 50 þúsund króna árlegt kostnaðarþak.
- Áformuð fjölgun hjúkrunarrýma fram til ársins 2022 nemur einungis rúmlega helmingnum af áætlaðri viðbótarþörf fyrir ný hjúkrunarrými til ársins 2020.
- Þrátt fyrir stöðuga fækkun barneigna undanfarin ár eru stuðningskerfi við ungt fólk ekki eflid.
- Barna- og húsnæðisbótakerfin, sem eru mikilvæg tekjujöfnunartæki, eru áfram veikt og fjölskyldum sem fá stuðning úr þessum kerfum mun að óbreyttu halda áfram að fækka.
- ASÍ fagnar áformaðri hækkun á hámarksgreiðslum til foreldra úr Fæðingarorlofssjóði í 600 þúsund krónur á mánuði í áföngum fram til

ársins 2020 en telur jafnframt nauðsynlegt að tekjur upp að 300.000 krónum á mánuði skerðist ekki og að fæðingarorlof verði lengt úr 9 mánuðum í 12 í áföngum.

- Vegna ástandsins á húsnæðismarkaði er nauðsynlegt að auka stofnframlög til byggingar hagkvæmra leiguíbúða í almenna íbúðakerfinu úr 600 í 1.000 á ári næstu árin.
- Ekki stendur til að gera löngu tímabærar breytingar á réttindum örorkulífeyrisþega í almannatryggingakerfinu til samræmis við þær breytingar sem gerðar hafa verið á réttindum ellilífeyrisþega, fyrr en á árinu 2019. Á meðan búa örorkulífeyrisþegar áfram við flókin, ógagnsæ réttindi almannatrygginga með krónu á móti krónu skerðingum á þann hóp sem verst stendur.

Atvinnuleysisbætur í sögulegu lágmarki, 23. ágúst 2017

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega þeirri ákvörðun stjórnvalda að láta atvinnuleysisbætur ekki fylgja þróun lægstu launa og krefst þess að atvinnuleysisbætur verði hækkaðar til samræmis við lægstu laun. Eiginfjárstaða Atvinnuleysistryggingasjóðs stefnir í að verða jákvæð um 25 milljarða króna á þessu ári og er sjóðurinn því vel í stakk búinn að standa undir hækkun bóta.

Í kjarasamningum aðildarféлага ASÍ árið 2015 var samið um hækkanir á lægstu launum í landinu, þannig að þau myndu hækka í áföngum til ársloka 2018 í kr. 300.000 á mánuði. Í viðræðum við þáverandi ríkisstjórn var það krafa ASÍ að bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur myndu haldast í hendur við lágmarkslaun en því var hafnað.

Alþingi ákvað síðar að hækka hámarksbætur almannatrygginga vegna ársins 2017 og tryggja að þær fylgi þróun lágmarkslauna. Engin sambærileg ákvörðun hefur verið tekin um hækkun atvinnuleysisbóta og eru þær nú lægri sem hlutfall af lágmarkslaunum en nokkru sinni áður, eða 78%.

Í sögulegu samhengi var lengst af skýr fylgni milli atvinnuleysisbóta og lægstu launa í landinu. Þetta breyttist með stofnun Vinnumálastofnunar 1996 með þeim afleiðingum að upp úr aldamótum voru atvinnuleysisbætur orðnar 80% af lægstu launum. Sú skekkja var leiðrétt í kjarasamningnum 2005 en síðan þá hefur aftur sigið á ógæfuhliðina.

Í lögum er skýrt kveðið á um að atvinnuleysisbætur eigi að fylgja þróun kaupgjalds í landinu. Ráðherra vinnumarkaðsmála og ríkisstjórnin fer því á svig við lög og heggur þar sem síst skyldi í árferði sem hefur verið kallað lengsta góðærisskeið í manna minnum.

Miðstjórnin áréttar jafnframt að Alþýðusambandið hefur verið þeirrar skoðunar að aðlaga beri tryggingagjaldið að fjárhagsstöðu vinnumarkaðs-

tengdu sjóðanna, þ.e. atvinnuleysistryggingasjóðs, fæðingarorlofssjóðs og ábyrgðasjóðs launa, að því gefnu að áður en til breytinga á iðgjaldi atvinnulífsins kemur verði að treysta réttindi sjóðsfélaganna. Því mun fyrrgreind lækkun bótaréttar m.v. lægstu laun eða áform stjórnvalda um styttingu bóatímabilsins úr 30 mánuðum í 24 ekki verða grunnur að neinni sátt.



EFNAHAGSMÁL

Hlutfallsleg breyting	Helstu kennitölur						
	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Einkaneysla	-0,3	2,5	2	0,9	3,2	4,7	7,1
Samneysla	-3,7	-0,1	-1,8	1	1,7	1,0	1,9
Fjármunamyndun	-8,6	11,6	5,3	2,2	16	18,5	22,8
<i>þar af atvinnuvegir</i>	-1,9	23,8	7,9	-2,1	17,3	29,8	26,4
<i>þar af húsnæði</i>	-18	5,4	6,9	10,8	14,8	-3,1	29,4
<i>þar af hið opinbera</i>	-17,5	-16	-6,1	12,1	12,5	-2,6	0,0
Þjóðarútgjöld	-2,5	3,5	1,7	0,6	5,4	6,2	8,9
Útflutningur	1	3,4	3,8	6,7	3,2	9,2	10,9
Innflutningur	4,4	6,8	4,6	0,1	9,8	13,8	14,5
Landsframleiðsla	-3,6	2	1,3	4,3	2,1	4,3	7,4
Launavísitala	4,8	6,8	7,8	5,7	5,8	7,2	11,4
Kaupmáttur launa	-0,7	2,6	2,6	1,7	3,7	5,5	9,5
Verðbólga ¹	5,4	4	5,2	3,9	2	1,6	1,7
Atvinnuleysi ²	7,6	7,1	6	5,4	4,9	4	3
Gengisvísitala ³	216	217	222	219	207	201	180
Vöru- og þjónustu jöfnuður ⁴	10,1	8,4	6,1	7,4	6,4	7	6,6

¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

² Hlutfall af áætluðum mannafla

³ Ársmeðaltal

⁴ Hlutfall af landsframleiðslu án innlánsstofnana í slitameðferð

Hagdeild ASÍ gefur út skýrslu um horfur í efnahagsmálum tvisvar á ári. Í skýrslunni má finna hagspá hagdeildar og samantekt á helstu horfum í efnahagsmálum. Líkt og skýrslurnar bera með sér hafa umsvif í hagkerfinu farið hratt vaxandi undanfarin misseri. Í spám síðasta árs var spáð kraftmiklum hagvexti, miklum vexti þjóðarútgjalda og auknum umsvifum í utanríkisviðskiptum. Hagvexti hefur þar af verið vanspáð, en í haustspánni 2016 var spáð 4,7% hagvexti árið 2016 en þegar árið lá fyrir var hagvöxtur 7,4%. Munaði þar mestu um að vöxtur útflutnings reyndist umtalsvert meiri en gert hafði verið ráð fyrir.

Umsvif í hagkerfinu hafa ekki aukist meira frá síðustu uppsveiflu á árunum 2005–2007 og sú þróun sést í flestum hagstærðum. Ferðamönnum hélt áfram að fjölga á síðasta ári, um 500 þús. milli ára, og sú þróun hefur umfram aðra þætti mótað stöðu efnahagslífs undanfarin ár. Áhrifin sjást meðal annars skýrt á vinnumarkaði, en atvinnuþátttaka mældist 83,5% á síðasta ári og starfandi einstaklingum fjölgaði um 7 þús. milli ára.


Mikill vöxtur þjóðarútgjalda hefur verið drifinn áfram af vexti einkaneyslunnar og aukinni fjármunamyndun. Fjármunamyndun hefur vaxið undanfarin ár og nam 21,2% af vergri landsframleiðslu á síðasta ári og því komin í sögulegt meðaltal. Þessi vöxtur fjármunamyndunar skýrist af aukinni íbúðafjárfestingu og fjárfestingum atvinnuveganna. Opinber fjárfesting er hins vegar enn nærri sögulegu lágmarki og nam einungis 2,6% af vergri landsframleiðslu á síðasta ári.

Þrátt fyrir uppsveiflu undanfarinna ára hefur verðstöðugleiki nú ríkt um yfir þriggja ára skeið og verðbólga verið undir markmiði Seðlabankans. Verðbólga var að jafnaði 1,7% á síðasta ári en fyrst og fremst hefur það verið gríðarleg hækkun húsnæðisverðs sem haldið hefur uppi verðbólgu. Sé horft framhjá áhrifum húsnæðisverðs ríkti verðhjöðnun á síðasta ári.

Hefur uppgangur í ferðaþjónustu náð hámarki?

Verulegur vöxtur var á útflutningi á síðasta ári, eða um 10,9%, en sá vöxtur er framhald á þróun síðustu ára. Útflutt þjónusta hefur þar verið megindrífkraftur en sá liður hefur vaxið í takt við fjölgun ferðamanna. Líkt og sést á Mynd 1 hefur umfang útfluttrar þjónustu vaxið gríðarlega en í kringum aldamót var útflutt þjónusta um þriðjungur af útflutningi. Undanfarin misseri hefur verðmæti útfluttrar þjónustu hins vegar verið meira en verðmæti vöruútflutnings. Heildartekjur af þjónustuútflutningi voru 646,5 ma. kr. á síðasta ári á sama tíma og útgjöld innfluttrar þjónustu námu 389,4 mö. kr. Þjónustujöfnuður var því jákvæður um 257,1 ma. kr. Um 44,8% af útfluttri þjónustu má rekja beint til ferðaþjónustu en því til viðbótar námu tekjur af útfluttri samgöngu- og flutningaþjónustu um 33,7% af þjónustuútflutningi.


Mynd 1. Útflutningur



Heimild: Hagstofa Íslands

Á sama tíma og útflutningur hefur vaxið hefur innlend eftirspurn kallað á aukinn innflutning. Á síðasta ári jókst innflutningur um 14,5% þar sem innflutningur á bæði vörum og þjónustu jókst umtalsvert. Ólíkt þjónustujöfnuði hefur vöruskiptajöfnuður hins vegar verið neikvæður, um 108 ma. kr. á síðasta ári og 30 ma. kr. árið 2015. Útfluttar vörur eru að stærstum hluta sjávarafurðir og iðnaðarvörur og dróst útflutningur þessara liða saman á síðasta ári.

Mynd 2. Brottfarir erlendra ferðamanna á mánuði - 12 mánaðaltal



Heimild: Hagstofa Íslands

Uppi hafa verið áhyggjur um áhrif styrkingar krónunnar á útflutning, bæði á vörum eða þjónustu. Vísbendingar eru um að vöxtur ferðaþjónustunnar hafi náð hámarki á árinu 2016 og samhliða því gæti hægt á vexti landsframleiðslunnar og annarra hagstærða á komandi misserum. Þó fækkun ferðamanna hafi ekki gert vart við sig enn sem komið er benda aðrar vísbendingar til að toppnum hafi verið náð, í það minnsta að þessu sinni. Samkvæmt opinberum skráningum hægir nú á vexti í fjölda ferðamanna en til viðbótar má sjá að ferðamenn virðast hafa breytt hegðun sinni þannig að dvalarlengd er nú styttri og eyðsla er minni. Sú umræða hefur komið upp að opinber tölfræði ofmeti


fjöldi ferðamanna í ljósi þess að töluverður ferðamanna komi inn í landið til millilendingar en bóki sig beint aftur í nýtt flug og teljist þannig koma inn í landið.

Varasamar aðstæður á húsnæðismarkaði

Aðstæður á húsnæðismarkaði voru mikið í umræðunni á síðasta ári. Í byrjun árs 2016 var fátt sem benti til annars en að frekari þensla yrði yfirvofandi á húsnæðismarkaði. Íbúðaverð hafði vaxið jafnt og þétt frá því botninum var náð í lok árs 2010 og þó hækkanir væru aldrei í líkingu við hraða hækkunar árána 2005–2006 var raunverð engu að síður komið nærri sögulegu hámarki. Í janúar 2016 hafði vísitala íbúðaverðs hækkað um 8,4% milli ára og eftir því sem leið á árið jókst hækkunartakturinn. Í lok árs hafði íbúðaverð hækkað um 14,9% og á vormánuðum 2017 nam árshækkun íbúðaverðs 25% og íbúðaverð komið í sögulegar hæðir.


Þær aðstæður sem sköpuðust á húsnæðismarkaði má rekja til þróunar margra ólíkra þátta. Stórir árgangar af fyrstu kaupendum hafa verið að koma inn á húsnæðismarkað, fjárhags- og eignastaða heimilanna hefur batnað undanfarin ár og dregið hafði úr óvissu í efnahagslífinu. Ljóst er þó að sprenging í fjölgun ferðamanna á sama tíma og lítið hefur verið byggt af nýju húsnæði vega að öllum líkindum þyngst í þróun á fasteignamarkaði undanfarin ár. Ofhitnun á húsnæðismarkaði er því gjörólík þeim aðstæðum sem sköpuðust fyrir hrun þegar bólu myndun skýrðist af greiðu aðgengi í lánsfé og aukinni skuldsetningu heimilanna.

Mynd 3. Raunverð húsnæðis




Áhrif ferðapjónustunnar á húsnæðismarkað hafa verið margþætt og vandinn sá að framboð húsnæðis bregst hægt við aukinni eftirspurn. Mikið hefur verið rætt um beinu áhrifin á framboð húsnæðis sem birst hafa í fjölgun íbúða sem hafa farið í skammtímaútleigu til ferðamanna. Þó umfang slíkrar útleigu sé umtalsvert eru það ekki síður óbein áhrif ferðapjónustunnar á húsnæðismarkað sem hafa ýtt undir þenslu. Þau birtast m.a. í þeim þúsundum einstaklinga sem hingað hafa flust búferlum til að starfa við ferðapjónustu, veitinga- og gistiþjónustu og mannvirkjagerð. Áhrifin koma því ekki síður fram á leigumarkaði og í hækkandi leiguverði. Hækkun húsnæðisverðs hefur þau áhrif að væntingar skapast um frekari hækkun húsnæðisverðs sem getur haft þau áhrif að kaupendur eða fjárfestar flýti kaupum eða bjóði hærri verð í eignir en ella. Ekki er ólíklegt að slíkar væntingar hafi ýtt undir þær auknu hækkanir sem sáust á haustmánuðum 2016.

Mynd 4. Fjöldi auglýstra eigna og meðalsölutími



Heimild: Þjóðskrá


Mynd 5. Framboð íbúða



Heimild: Hagstofa Íslands og áætlun SI

Meðalsölutími fasteigna hélt áfram að stytta á síðasta ári og auglýstum eignum á skrá fór fækkandi. Þannig gat seljandi átt von á að það myndi taka um einn og hálfan mánuð að selja fasteign í lok árs 2016, eða um mánuði styttra en árið áður. Það er því ekki óeðlilegt að húsnæðisverð hækki við slíkar aðstæður. Mannvirkjagerð átti erfitt uppdráttar eftir efnahagshrunið en á árunum 2009–2014 var einungis byrjað á rúmum 400 eignum á ári. Íbúðafjárfesting tók við sér árið 2015 þegar byrjað var á yfir 1600 íbúðum en á síðasta ári dróst íbúðabygging aftur saman.

Mynd 6. Húsnæðisverð eftir hverfum




Frá árinu 2010 hefur hækkun á eignum sem staðsettar eru miðsvæðis í Reykjavík verið áberandi meiri en í öðrum hverfum. Þannig hefur meðalfermetravæð miðsvæðis hækkað um 80% á tímabilinu á meðan hækkunin hefur verið nær 60% í hverfum í útjaðri höfuðborgarsvæðisins.

Sé litið fram á veginn eru aðstæður á fasteignamarkaði að mörgu leyti varhugaverðar og kalla á viðvörunarorð, m.a. frá Íbúðalánasjóði. Þó hægt hafi á hækkunum á þessu ári er húsnæðisverð væntingar um framtíðar húsnæðisverð að einhverju leyti tengdar annarri þróun í efnahagslífinu. Niðursveifla í efnahagslífinu eða ferðaþjónustu gæti því komið illa við þá sem eru að kaupa skuldsett við núverandi raunverð húsnæðis.

Hafa allir notið góðs af uppsveiflunni?


Mynd 7. Þróun einkaneyslu og valinna undirliða



Á marga mælikvarða hafa aðstæður heimilanna batnað undanfarin ár. Heimilin hafa notið góðs af hækkandi launum og stöðugu verðlagi sem hefur skilað sér í aukinni neyslu heimilanna. Einkaneysla jókst um 7,1% á síðasta ári og heimilin hafa undanfarið aukið neyslu á mörgum þeim liðum sem féllu mest við hrunið. Þetta eru aðrar vörur en nauðsynjavörur en aukin neysla á varanlegum neysluvörum, t.d. kaup á ökutækjum, hefur gert vart við sig. Einnig hafa heimilin aukið kaup á raftækjum og heimilisbúnaði ásamt því að utanlandsferðum hefur fjölgað.


Aðstæður á vinnumarkaði eru jákvæðar og atvinnuþátttaka er í sögulegu hámarki. Jafnframt hefur húsnæðisverð stórbætt eignastöðu heimilanna og skuldir heimilanna mælast nú um 60% af VLF. Alþýðusambandið hefur þó haft ákveðnar áhyggjur af því að efnahagsleg uppsveifla skili sér ekki í bættri stöðu allra hópa. Aðstæður á fasteignamarkaði skila sér í bættri eignastöðu fasteignaeigenda ásamt því að eigendur fasteigna hafa í mörgum tilfellum nýtt sér lágan vexti á húsnæðislánum til þess að greiða upp eldri lán.

Mynd 8. Skuldir heimila



Þeir sem ekki eiga húsnæði eru í annarri stöðu, hvort sem þeir eru á leigu- markaði eða ungt fólk sem býr í foreldrahúsum. Ungu fólki reynist erfitt að komast inn á húsnæðismarkað, bæði er erfitt að safna fyrir útborgun en hratt hækkandi húsnæðisverð hefur einnig aukið hættuna á skuldavanda ef fasteignaverð myndi lækka. Hratt hækkandi húsnæðisverð hefur orðið til þess að fjöldi nýlegra húsnæðiseigenda lendir í miklum eignaskerðingum á vaxtabótum. Staða þeirra sem eru á leigumarkaði hefur einnig verið í háþámi. Undanfarið ár hefur leiguverð hækkað hraðar en laun sem sýnir brýna þörf fyrir uppbyggingu félagslegs leiguhúsnæðis.


Mynd 9. Þróun tekna



Í skýrslu Hagdeildar ASÍ um þróun á skattbyrði var vakin athygli á samspili skatta og tilfærslukerfanna og þróun þeirra frá árinu 1998. Skýrslan sýndi meðal annars hvernig auknar tekju- og eignaskerðingar í barna- og vaxtabótakerfinu hafa aukið skattbyrði allra hópa frá aldamótum, en þó sérstaklega lægri tekna.

Verðhjóðnun ríkir ef horft er framhjá áhrifum húsnæðis

Mynd 10. Verðbólga




Heimild: Hagstofa Íslands

Allt árið 2016 mældist verðbólga undir verðbólguþröngu Seðlabankans. Að jafnaði hækkaði vísitala neysluverðs um 1,7% ári en hæst mældist ársþækkun vísitölunnar 2,16% í febrúar 2016. Hækkun vísitölunnar segir þó ekki alla söguna um verðlagsþróun síðasta árs. Fyrst og fremst hefur hækkun vísitölunnar verið drifin áfram af þróun á húsnæðismarkaði, en sé horft framhjá áhrifum húsnæðis lækkaði vísitala neysluverðs á síðasta ári um 0,13%.

Á fyrri helmingi 2017 hefur ekki orðið breyting á þessari þróun og húsnæðisverð heldur áfram að vera sá þáttur sem heldur uppi hækkun á vísitölu neysluverðs. Á fyrri helmingi ársins mældist verðbólga að jafnaði 1,8% en sé horft framhjá áhrifum húsnæðisverðs hefur almennt verðlag lækkað um 1,9%.


Mynd 11. Þróun verðlags



Heimild: Hagstofa Íslands

Húsnæði vegur um þriðjung í vísitölu neysluverðs og það skýrir hvers vegna breytingar á kostnaði við húsnæði geta haft mikil áhrif á verðbólgu. Hækkun á húsnæðisliðnum hefur fyrst og fremst stafað af hækkun á reiknaðri húsaleigu. Reiknuð húsaleiga mælir kostnað við húsnæðiseign og ásamt því að vega um fimmtung í vísitölu neysluverðs þá hefur sá liður hækkað um 40% frá byrjun árs 2015. Aðrir liðir á borð við kostnað við viðhald, húshitun, rafmagn eða kostnað leigjenda hafa verið mun stöðugri.

Mynd 12. Gengisvísitala krónunnar




Heimild: Seðlabanki Íslands

Húsnæðisliður hefur því verið megindrífkraftur verðbólgu hérlendis undanfarin misseri en einnig er hægt að draga fram fleiri þætti sem hafa haft umtalsverð áhrif á verðlagsþróun hérlendis.

Í fyrsta lagi er það þróun gengis krónunnar en eftir sveiflukennda þróun á árunum eftir hrun gerði gengisstöðugleiki vart við sig árið 2014. Núverandi tímabil verðstöðugleika má því að miklu leyti rekja til sterkari krónu og minni sveiflna í gengisþróun. Gengi krónunnar styrktist um 10,5% árið 2016 og á fyrri hluta 2017 nam styrkingin 16,3% og því var fyrirséð að innflutt verðlag kæmi til með að lækka. Líkt og sést á mynd 13 sést þróunin skýrt á innfluttum mat- og dryggjarvörum en einnig á nýjum bílum og eldsneyti, svo örfá dæmi séu nefnd.


Mynd 13. Ársbreyting verðlags



Heimild: Hagstofa Íslands

Í öðru lagi er það tilkoma Costco verslunarrisans á íslenskan markað. Ekki verður um villst að Costco hefur þegar haft mikil áhrif á innlenda verslun á þeim fáeinu mánuðum sem verslunin hefur verið opin. Costco er ekki enn hluti af verðlagsmælingum Hagstofunnar og því eru þau áhrif sem birtast enn einungis óbein áhrif í öðrum verslunum. Því er ekki ólíklegt að verðlækkun á innlendum vörum og gríðarleg verðlækkun á grænmeti eigi rætur að rekja til aukinnar samkeppni í verslun.

Mynd 14. Stýrivextir og verðbólguvæntingar



Heimild: Seðlabanki Íslands

Stöðugt verðlag hefur skapað forsendur fyrir vaxtalækkun en peningastefnunefnd hefur séð ástæðu til þess að lækka vexti. Stýrivextir voru 5,75% í upphafi árs 2016, orðnir 5% í upphafi árs 2017 og 4,5% um mitt ár 2017. Vaxtaákvæðanir hafa þó sjaldnast verið óumdeildar og hafa ýmsir talið að forsendur hafi verið fyrir stærri skrefum í vaxtalækkunum. Sérstaklega í ljósi þess að dregið hafði úr verðbólguvæntingum á árinu. Verðbólguvæntingar til tólf mánaða hafa þannig verið undir markmiði á þessu ári en aftur á móti hafa verðbólguvæntingar til tveggja ára verið nær 3% undanfarna ársfjórðunga. Peningastefnunefnd hefur þannig rökstutt ákvæðanir sínar með því að efnahagssumsvif séu mikil og að spenna í þjóðarbúskapnum hafi kallað á hæg skref í lækkun vaxta þó svo að verðbólga hafi lækkað.

Verðlagseftirlit ASÍ

Verðlagseftirlit ASÍ er hluti af reglubundnu starfi skrifstofu Alþýðusambandsins og hefur það hlutverk að veita neytendum upplýsingar um verðlag og verðþróun á helstu neytendamörkuðum. Með því má skapa aðhald og auka samkeppni til að koma í veg fyrir óhóflegar verðhækkningar.

Sem fyrr hefur verðlagseftirlitið lagt mesta áherslu á að fylgjast með verðlagi og verðþróun á matvörumarkaði enda hefur sá liður mikil áhrif á útgjöld heimilanna.

Síðastliðið ár, eða frá 1. september 2016 til 31. ágúst 2017, hefur verðlags-
eftirlitið framkvæmt eftirfarandi kannanir:

- 5 kannanir á matvöruverði í lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum um allt land auk könnunar á verði á páskaeggjum
- 2 kannanir á vörukörfu ASÍ
- 2 kannanir á umfelgun og heilsársdekkjum
- 2 kannanir á fiskmeti
- 1 könnun á nýjum og notuðum skólabókum

Þar fyrir utan hefur verðlagseftirlitið tekið saman breytingar á gjaldskrár hjá 15 stærstu sveitarfélögum landsins, gjaldskrár sem skoðaðar voru eru: leikskólajöld, skóladagvistun ásamt hádegismat og síðdegishressingu og dag-gæslu í heimahúsum.

Einnig heldur verðlagseftirlitið utan um hvað kostar fyri ungmenni að fara á sumarnámskeið og kostnað við að æfa fimleika, fótbolta og handbolta.

Vörukarfa ASÍ

Frá árinu 2008 hefur verðlagseftirlitið gert reglulegar verðmælingar á vörukörfu ASÍ í öllum helstu matvöruverslunarkedjum landsins í þeim tilgangi að skoða hvernig verð þróast yfir tíma hjá einstaka verslunum. Vörukarfan á að endurspeglar innkaup meðalheimilis í öllum almennum matar- og drykkjarvörum, t.d. brauðmeti, morgunkorni, pasta, kjöti, fiski, grænmeti, ávöxtum, pakkavörum, kaffi, gosi, safa, auk hreinlætis- og snyrtivara.


Við samsetningu körfunnar eru hafðar til hliðsjónar vogir Hagstofunnar sem notaðar eru til útreiknings á vísitölu neysluverðs. Benda má á að hér eru einungis birtar upplýsingar um verðbreytingar í verslanakedjunum á milli verðmælinga, ekki er um beinan verðsamanburð að ræða. Einnig er rétt að athuga að skoðað er það verð sem er í gildi í verslununum á hverjum tíma og geta tilboð á einstaka vöruliðum því haft áhrif á niðurstöðurnar. Verðbreytingar voru skoðaðar í eftirfarandi verslunum: Í lágvöruverðsverslununum Bónus, Krónunni, Nettó og Iceland; í almennu matvöruverslununum Hagkaup, Samkaup Úrval, Tíu-ellefu, Samkaupum-Strax og Víði. Einnig í verslunum staðsettum á landsbyggðinni, Kjarval og Kaupfélagi Vestur-Húnavtinga.

Vörukarfan lækkar í verði milli ára

Verð á vörukörfu ASÍ lækkaði frá september 2016 til mars 2017 mest um 5,6% en minnst um 0,2%. Hagkaup og Krónan lækkuðu vörukörfuna mest en Samkaup-Strax og Víðir minnst.

Frá september 2016 til mars 2017 lækkaði verð vörukörfunnar um 5,6% í Hagkaup, 5,5% í Krónunni og um 5% í Iceland. Bónus og Kjarval lækkuðu

um 2,4% og Tíu-ellefu um 2,8%. Á sama tímabili lækkaði vörucarfan um 0,2% í Samkaupum-Strax og um 0,4% í versluninni Víði. Á þessu sama tímabili lækkaði verð á matar-og drygkjjarvörum í vísitöluneysluverði hjá Hagstofu Íslands um 3%.



Þjónustuaðilar neita þátttöku og torvelda verðsamanburð

Tvisvar á ári sl. ár hefur verðlagseftirlitið skoðað verð á umfelgun, jafnvægisstillingu og verði á smurningu. Vorið 2016 neitaði um helmingur dekkjaverkstæða þátttöku í könnun verðlagseftirlitsins þegar tilraun var gerð til að kanna verð. Vísbendingar voru um að samráð hafi verið á milli aðila um að vísa fulltrúum verðlagseftirlitsins frá og neita þannig að upplýsa neytendur um verð á þjónustu sinni. Einnig voru dæmi um að þjónustuaðilar vísuðu verðtökufólki á annan stað, svo sem á skrifstofu viðkomandi fyrirtækis til að fá verð uppgið, slíkt samræmist ekki rétti neytenda. Að fyrirtæki velji að neita fulltrúum neytenda um að safna og birta þessar upplýsingar veldur verulegum vonbrigðum og vekur eðlilega spurningar um hvað fyrirtæki hafi að fela. Af þessum sökum gat verðlagseftirlit ASÍ ekki birt upplýsingar um verð á umfelgun og verði dekkja vorið 2016 eins og það hefur gert mörg undanfarin ár. Vorið 2017 voru heldur færri sem neitðu þátttöku þegar leitað var eftir verði á umfelgun og því hægt að gera verðsamanburð á þeirri þjónustu. Hins

vegar var ekki hægt að gera verðsamanburð á smurningu þar sem verðtaka var torvelduð með því að gefa mjög misvísandi og ógagnsæjar verðupplýsingar. Samanburður á verði á smurningu hefur verið kannaður þannig að borið er saman verð á vinnu fyrir 30 mínútur. Að þessu sinni var mjög erfitt að fá þetta verð uppgefið þar sem fyrirtækin bættu ýmsum ótilgreindum kostnaðarþáttum við og því ekki ljóst hvað væri verið að bera saman í raun.

Breytingar á smásöluverkaði

Mikil umræða hefur verið um áhrifin af innkomu Costco-verslunarkerðjunnar á íslenskan markað á liðnum mánuðum og ekki laust við að nokkurs titrings hafi gætt meðal keppinauta. Á litlum neytendamarkaði eins og þeim íslenska, þar sem fákeppni ríkir á flestum sviðum, ætti heilbrigð samkeppni frá öflugum aðilum að vera fagnaðarefni. Innlend fyrirtæki á smásöluverkaði hafa undanfarið gert talsverðar skipulagsbreytingar í rekstri sínum sem ætla má að eigi að gera þeim betur kleift að standast samkeppnina við hinn nýja keppinaut og söluaðilar hafa lýst því hvornig breytt umhverfi hafi bætt samningsstöðu þeirra gagnvart erlendum heildsólum. Neytendur hafa því ríka ástæðu til að gera sér vonir um að samkeppni frá þessum stóra erlenda aðila muni veita íslenskri verslun þarft aðhald, lækka hér vöruverð og auka fjölbreytni. Áhrifin af opnun Costco eru ekki síst áhugaverð fyrir þær sakir að vöruúrval verslunarinnar er fjölbreytt og því kann áhrifa hennar að gæta á ýmsar neysluvörur, allt frá dekkjum, eldsneyti og raftækjum til lyfja og matvara og allt þar á milli. Fyrstu vísbendingar, m.a. úr vísitölumælingum Hagstofunnar, benda til þess að verslanir hafi margar lækkað verð á undanförunum mánuðum en lækkana gætir í ýmsum vöruflokkum, s.s. matvöru, hreinlætisvörum, raftækjum, húsbúnaði, hjólbörðum og lyfjum. Þess skal þó gætt að allt of snemmt er að fullyrða um hvort hér sé um að ræða varanleg áhrif á verðlag eða tímabundna skjálftahrinu á markaði. Hver áhrifin verða til lengri tíma, þegar nýr aðili hefur kynnt sig fyrir neytendum og komið sér fyrir á markaði, kann að vera önnur saga. Að sama skapi verður fróðlegt að sjá hvort opnun einnar verslunar á höfuðborgarsvæðinu muni hafi víðtæk áhrif á verðlag um land allt eða hvort áhrifin verði að einhverju leyti staðbundin.



KJARAMÁL

Nýtt samningalíkan fyrir íslenskan vinnumarkað

Forystumenn allra heildarsamtaka á vinnumarkaði hafa frá árinu 2013 átt í viðræðum um breytt vinnubrögð við gerð kjarasamninga með þróun á nýju samningalíkani fyrir vinnumarkaðinn. Viðræðurnar snerust í upphafi mest að skoðun á vinnumarkaðsmódelum Norðurlandanna og undirliggjandi forsendum nýs líkans hér á landi. Þá var fenginn norskur sérfræðingur í vinnumarkaðsmálum, Steinar Holden, til að vinna greiningu á því hvaða leiðir væru færar og hvaða álitamál kunna að vera til að unnt sé að koma hér á samningalíkani að norræni fyrirmynd. Holden var falið að gera tillögur að samningalíkani fyrir Ísland með það að markmiði að tryggja sjálfbæra launaþróun sem stuðlaði að efnahagslegum stöðugleika og auknum kaupmætti launafólks. Holden skilaði skýrslu sinni til Salek hópsins í september 2016 þar sem lagðar eru fram ýmsar hugmyndir um það hvernig megi bæta vinnubrögð við kjarasamningagerðina hér á landi. Í skýrslunni lýsir Holden þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi svo koma megi á nýju samningalíkani, meðal þeirra eru: Sameiginlegur skilningur aðila vinnumarkaðarins á úrlausnarefnum og nauðsyn sjálfbærrar launaþróunar. Val á undanfara sem semur fyrst og gefur merkið á vinnumarkaðnum og leiðir til að tryggja að launaþróuninni sé fylgt.

Hin sameiginlega launastefna til ársloka 2018 sem mótuð var í rammisamkomulagi aðila vinnumarkaðarins í október 2015, sem tryggja átti jafnræði milli hópa í launaþróun á tímabilinu, var mikilvægur liður í að skapa forsendur fyrir breytt vinnubrögð við gerð kjarasamninga í nýju vinnumarkaðslíkani. Hluti af þeirri launastefnu byggði á samræmingu lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði þar sem iðgjald í almennum lífeyris-sjóðina er hækkað í 15,5% á samningstímanum til samræmis við sjóði opinberra starfsmanna, auk þess sem gerðar yrðu breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna sem miða að samræmingu kerfanna. Til stóð að halda áfram viðræðum og vinnu við að þróa tillögur að nýju samningalíkani haustið 2016 og ljúka því í tæka tíð fyrir nýja samningalotu á árinu 2018. Ýmsir þættir hafa þó komið í veg fyrir að svo gæti orðið og ber þar helst að nefna deilur vegna úrskurða kjararáðs um laun þingmanna og ædstu embættismanna, deilur um aðkomu samtaka launafólks að kjararáði og samtali um félagslegan stöðugleika og deilur samtaka opinberra starfsmanna vegna breytinga á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna í kjölfar samkomulags við fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Breytt og bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga voru eitt megin viðfangsefnið á 42. þingi ASÍ í október 2016. Ljóst var að sá ágreiningur sem uppi er við stjórnvöld og þær tafir sem orðið hafa á vinnunni við mótn líkansins höfðu mikil áhrif á umræðuna um nýtt samningamódel á þinginu en þar var samþykkt eftirfarandi ályktun:

42. þing Alþýðusambands Íslands bendir á þá staðreynd að grunnur að nýju íslensku samningalíkani verður ekki unninn við núverandi aðstæður. Til þess þarf lengri tíma og dýpri umræður. Eigi að breyta og bæta vinnubrögð við gerð kjarasamninga þurfa að vera til staðar forsendur sem hægt er að vinna út frá. Skapa þarf traust og sameiginlegan skilning milli vinnumarkaðarins alls og stjórnmalanna á markmiðum og tilgangi breytinga með almannahagsmuni að leiðarljósi. Þetta þarf að gera með gagnsæjum hætti í samtali og samvinnu á breiðum grunni með sem víðtækastri þátttöku bæði innan hreyfingar og utan. Þing ASÍ áréttar þá stefnu sambandsins að umræðan hvíli á núverandi skipulagi hreyfingarinnar þar sem kjarasamningsumboðið á hverjum tíma liggur hjá stéttarfélagunum sjálfum sem er ein af þeim grundvallarforsendum sem ný íslensk samningsgerð þarf að hvíla á. Þingid leggur áherslu á að stjórnmalin sýni í verki vilja til þátttöku í að breyta vinnubrögðum í íslensku efnahagslífi með því að axla sinn hluta ábyrgðarinnar á hinum efnahagslega og hinum félagslega stöðugleika og viðurkenni samhengi þessara þátta og aðkomu verkalýðs-

hreyfingarinnar að umræðunni um þá. Með sama hætti þarf að tryggja að aukinni verðmætasköpun þjóðarinnar sé skipt með sem jöfnustum hætti og nýtist til að bæta lífskjör almennings. Þá leggur þingið áherslu á gengis- og verðstöðugleika og uppbyggingu kaupmáttar í öruggum skrefum til lengri tíma sem styður við samkeppnisstöðuna. Áherslur ASÍ eru:

- *Að skapa traustar undirstöður undir félagslegan og efnahagslegan stöðugleika þannig að hægt verði að byggja hér upp varanlega aukinn kaupmátt og bæta lífskjör.*
- *Að lífeyrisréttindi verði jöfnuð á milli opinbera og almenna vinnu- markaðarins.*
- *Að jafnræði verði milli hópa varðandi launaþróun og kynbundnum launamun verði útrýmt.*
- *Að lagður verði grunnur að forsendum kjarasamninga með það að megin markmiði að kaupmáttaraukning verði jöfn og stöðug. Að hagræðing í rekstri fyrirtækja skili sér til starfsmanna í hærri launum.*
- *Að trúnaðarmannakerfið verði stóreflt með aukinni þekkingu og fræðslu og aðgengi stéttarfélaganna að fyrirtækjum þar sem ekki eru starfandi trúnaðarmenn verði betur tryggt.*

Úrskurðir kjararáðs

Kjararáð hefur á undanförnum misserum ítrekað úrskurðað um launahækkanir til embættismanna, forstjóra ríkisstofnana, þingmanna og ráðherra sem ganga þvert á þá samræmdu launastefnu sem mörkuð var á vinnumarkaði með rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins í október 2015. Í desember 2015 úrskurðaði ráðið um ríflega 40% hækkun á launum dómara og verulega hækkun á launum bankastjóra Landsbankans.

Þann 1. júní 2016 úrskurðaði kjararáð síðan um 7,15% almenna launahækkun til allra þeirra sem heyra undir ráðið til samræmis við úrskurð gerðardóms um hækkun til aðildarfélaga BHM. Að auki úrskurðaði ráðið m.a. um hækkun á launum ráðuneytis- og skrifstofustjóra um 22–25%, einkum með fjölgun á föstum yfirvinnutímum. Miðstjórn ASÍ sendi í kjölfar beggja úrskurða frá sér harðorðar ályktanir þar sem úrskurðunum var mótmælt og bent á að þeir gengi alfarið gegn hinni samræmdu launastefnu.

Þann 30. október 2016, þegar kosið var til Alþingis, úrskurðaði kjararáð um hækkun á launum forseta Íslands, þingfararkaupi alþingismanna og launum ráðherra. Þingfararkaup hækkaði skv. úrskurðinum um 44%, laun ráðherra um 36% og laun forseta Íslands um 20%, þessar hækkanir koma til viðbótar 7,15% launahækkun sem kjararáð úrskurðaði þann 1. júní 2016. Ef skoðuð er launaþróun þessa hóps frá því í mars 2013, til samræmis við SALEK sam-

komulagið sem byggði á sameiginlegri launastefnu um 32% hækkun launa á tímabilinu frá nóvember 2013 til ársloka 2018, má sjá að þingfararkaup hefur frá árinu 2013 hækkað um 471.000 krónur, eða um 75%, laun forsætisráðherra hafa hækkað um 790.733 krónur, eða 64%, og laun annarra ráðherra um 713.667 krónur, sem einnig er 64% hækkun. Mánaðarlaun forseta Íslands hafa á sama tímabili hækkað um 936.771 krónu, eða 46%. Til samanburðar hefur launavísitalan, sem gefur mynd af almennri launaþróun, hækkað um 29% frá því í mars 2013 og lægstu laun um 27%.

Samninganefnd ASÍ var boðuð til skyndifundar vegna úrskurðarins þann 1. nóvember og sendi í kjölfarið frá sér eftirfarandi ályktun:

Undanfarið ár hefur verið unnið að því að skapa sátt á vinnumarkaði og leggja þannig grunn að efnahagslegum og félagslegum stöðugleika. Flestir stjórnmalaleiðtogar á Alþingi Íslendinga hafa tekið undir þá ábyrgu sýn sem felst í breyttum vinnubrögðum við gerð kjarasamninga og ítrekuðu hana m.a. í stjórnmalalumræðum á nýafstöðnu þingi ASÍ.

Úrskurður kjararáðs sem kynntur var í gær gengur þvert á þessa orðræðu og brýtur alvarlega gegn öllum skynsemisrökum. Það er ekkert réttlæti í því að laun þingmanna, ráðherra og æðstu embættismanna hækki um allt að 75% á þremur árum á sama tíma og almenn laun í landinu hafa hækkað um 29%. Ef horft er til úrskurða kjararáðs á þessu ári er einsýnt að ráðið ætlar sér að koma af stað höfrunga-hlaupi af áður óþekktri stærðargráðu.

Samninganefnd ASÍ áréttar að kjararáð starfar á ábyrgð Alþingis og ríkisstjórnar. Ef nýkjörið Alþingi vill halda áfram samtali um stöðugleika og sátt á vinnumarkaði verður þingið að koma saman nú þegar og draga þessar hækkanir til baka. Að öðrum kosti verður óstöðugleiki og upplausn á vinnumarkaði í boði Alþingis.

Málið var einnig til umfjöllunar á fundi miðstjórnar ASÍ þann 9. nóvember og var það skýr afstaða fundarins að framvinda þessa máls sé í höndum nýkjörins þings. Sé vilji hjá þingi og ríkisstjórn að skapa einhvern grundvöll að samstarfi og trausti þurfi tafarlaust að afturkalla þessar ákvarðanir. Úrskurðir kjararáðs voru ítrekað teknir upp í samtölum forystumanna ASÍ við ríkisstjórn og Alþingi þar sem bent var á að þeir settu bæði áframhaldandi samtal um nýtt samningamódel á vinnumarkaði og framhald kjarasamninga í verulegt upp-nám. Enginn sátt yrði um að launafólk axlaði ábyrgð á hinum efnahagslega stöðugleika með hinni samræmdu launastefnu rammamarkulagsins sem svo hæst launuðu hópar samfélagsins væru undanskildir. Hávær krafa væri uppi um að Alþingi gripi inn í og drægi úrskurðina til baka. Ekki var orðið við

Þeirri kröfu en í tengslum við frumvarp um breytingar á kjararáði fóru formenn stjórnmalaflokka á Alþingi þess sameiginlega á leit við forsætisnefnd þingsins í desember 2016 að hún endurskoði reglur um þingfararkostnað, þ.e. starfstengdar greiðslur þingmanna. Í bréfi formannanna til forsætisnefndar er þó gert ráð fyrir að úrskurður kjararáðs um laun þjóðkjörinna fulltrúa standi óbreyttur til samræmis við afstöðu Alþingis við afgreiðslu frumvarpsins. Niðurstaða forsætisnefndar var birt í lok janúar 2017 og skv. henni voru starfstengdar greiðslur til þingmanna lækkaðar um ríflega 100.000 krónur á mánuði. Í tillögum nefndarinnar er miðað við launaþróun þingmanna frá árinu 2006 sem fer alfarið gegn launastefnu vinnumarkaðarins sem miðar við árið 2013. Mat ASÍ er að þrátt fyrir þessar lækkanir hafi laun þingmanna og ráðherra hækkað umtalsvert meira en hjá almennu launafólki, eða um 40–60% á viðmiðunartímabilinu frá árinu 2013. Miðstjórn sendi frá sér eftirfarandi ályktun um málið þann 2. febrúar 2017:

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands telur forsætisnefnd Alþingis hafa fallið á fyrstu prófraun sinni og sýnt að Alþingi skortir jarðsamband og tengsl við almennung í landinu. Sl. haust ofbæud landsmönnum ákvörðun kjararáðs um fordæmalaus hækkun launa og fastra greiðslna til alþingismanna. Síðan þá er búið að skipta um helming þingmanna og snerust kosningarnar í haust ekki síst um breytt siðferði.

Nýir þingmenn höfðu tækifæri til að beita sér og sýna í verki að alvara lá að baki kosningalofordum og taka til baka hækkun þingfararlauna umfram það sem hinn almenni launamaður hefur fengið í sitt umslag. Miðstjórn Alþýðusambandsins mótmælir hálfkákí forsætisnefndar þingsins og krefst þess að Alþingi taki málið upp og afturkalli hækkunar kjararáðs. Miðstjórn ASÍ minnir á að forsenduákvæði kjarasamninga eru til endurskoðunar nú í febrúar og hækkunar til alþingismanna og æðstu embættismanna geta sett framhald kjarasamninga alls þorra landsmanna í uppnám.

Deilur um þjóðhagsráð og samhengi efnahagslegs og félagslegs stöðugleika

Í rammisamkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá því október 2015 er kveðið á um stofnun sérstaks Þjóðhagsráðs sem hafi það hlutverk að greina stöðu efnahagsmála og ræða samhengi ríkisfjármála, peningastefnu og vinnumarkaðar í tengslum við helstu viðfangsefni hagstjórnar hverju sinni. Í aðdraganda stofnunar ráðsins lögðu ASÍ og BSRB ríka áherslu á að ráðið fjallaði ekki um forsendur efnahagslegs stöðugleika án samhengis við hina félagslegu velferð – samhengi þessara þátta sé lykilorð eigi að koma hér á nýju vinnumarkaðs-

módeli. Stjórnvöld féllust ekki á þessa sýn og fulltrúar ASÍ og BSRB tóku því ekki sæti í Þjóðhagsráði þegar það var stofnað í júní 2016. Forysta ASÍ hefur síðan reglulega átt samtöl bæði við stjórnvöld og aðra fulltrúa stjórnmalaflokka á Alþingi um mikilvægi þess að breið sátt og skilningur ríki milli stjórnmalanna og vinnumarkaðarins um samhengi hins efnahagslega og félagslega stöðugleika. ASÍ hefur í tengslum við fjárlög, fjármálastefnu og fjármálaáætlun hins opinbera ítrekað þessa áherslu sína og bent á að of langt hafi verið gengið að veikja tekjustofna ríkisins þannig að mikilvæg velferðarverkefni á borð við húsnæðismál, heilbrigðismál og öldrunarþjónustu eru í uppnámi og verulega vanfjármögnuð. Í umsögn ASÍ um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022 segir m.a.:

Það er mat ASÍ að fjármálastefnan og sú fjármálaáætlun sem byggð er á henni stuðli ekki að þeim markmiðum sem sett eru fram í fjármálastefnunni um að hagstjórnin tryggi stöðugleika og vinni með peningamálafestunni. Fyrir liggur að ef tryggja á nægilegt aðhald og styðja á við peningamálafestunna samhliða þeim velferðarumbótum, sem verkalýðshreyfingin telur nauðsynlegar til að treysta hinn félagslega stöðugleika, er óumflýjanlegt að styrkja tekjustofna ríkisins.

Alþýðusambandið telur að svo treysta megi efnahagslegan stöðugleika og félagslega velferð þurfi stjórnvöld að beita sér með tvíþættum hætti. Annars vegar þannig að ríkisfjármálin spennni á móti uppsveiflu í atvinnulífnum á tekjuhliðinni og hins vegar verði ráðist í brýnar úrbætur, m.a. á sviði heilbrigðis- og öldrunarmála, húsnæðismála, almannatrygginga og í stuðningi við barnafjölskyldur, með markvissum fjármögnuðum aðgerðum.

Á meðan ekki er tryggt að Þjóðhagsráð sé farvegur fyrir samhengi þessarar umræðu hefur ASÍ því ekki talið rétt að taka sæti í ráðinu.

Niðurstaða forsendunefndar í febrúar 2017

Forsendunefnd samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ og SA vegna endurskoðunar kjarasamninga kom saman til fundar þann 28. febrúar 2017 og úrskurðaði eftirfarandi um hinar þrjár forsendur samninganna:

1. *Efndir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, dags. 28.5. 2015*
Ríkisstjórnin hefur með yfirlýsingu sinni, dags. 28.2.2017, tryggt fulla fjármögnun á stofnframlögum ríkisins til 2.300 almennra íbúða á árunum 2016–2019 eða að hámarki 600 á ári og að skipting þeirra á milli framkvæmdaaðila og markhópa verði í samræmi við markmið

samninganna. Á grundvelli yfirlýsingarinnar telur nefndin að þessi forsenda hafi staðist.

2. *Mat á því hvort launastefna og launahækkunir samninganna hafi verið stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði Kjarasamningar aðila, sem gerðir voru á tímabilinu frá maí til september 2015 með viðbótum í kjarasamningi 21. janúar 2016, byggðu á skýrum kostnaðarramma og launastefnu. Kostnaðarramminn var samningsbundin hækkun launakostnaðar að hámarki 32% frá nóvember 2013 til ársloka 2018. Launastefnan fólst í sérstakri launahækkun fyrir þá lægst launuðu. Frá því nefndin úrskurðaði síðast í febrúar 2016 hefur kjarapróun hjá hinu opinbera ekki verið í samræmi við framangreindan kostnaðarramma og launastefnu. Nefndin telur því að þessi forsenda hafi brostið.*
3. *3. Aukinn kaupmáttur launa á samningstímanum*
Að teknu tilliti til þess að kaupmáttur launa í ársbyrjun 2017 er umtalsvert meiri en við gerð kjarasamninga telur nefndin að þessi forsenda hafi staðist.

Samninganefnd ASÍ tók engu að síður ákvörðun um að segja ekki upp kjarasamningum að sinni en fresta viðbrögðum vegna forsendubrests þar til í febrúar 2018.

Undirritað var eftirfarandi samkomulag samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ og framkvæmdastjórnar SA af því tilefni.

Samkomulag
samninganefndar aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands og
framkvæmdastjórnar Samtaka atvinnulífsins
vegna
uppsagnarákvæða kjarasamninga 28. febrúar 2017

Ein af forsendum kjarasamninga er brostin. Það er niðurstaða samninganefndar ASÍ og SA að fresta viðbrögðum vegna forsendubrests þar til í febrúar 2018. Kjarasamningum aðila verður því ekki sagt upp að þessu sinni.

Í kjarasamningum Samtaka atvinnulífsins og aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands frá maí, júní og ágúst 2015 eru ákvæði um samningsforsendur og uppsagnarmöguleika. Þannig er heimilt að segja upp samningum miðað við febrúarlok 2017 með tilvísun til forsendubrests og skal rökstudd ákvörðun tilkynnt í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 þann 28. febrúar 2017. Í samningunum segir jafnframt að standist forsendur þeirra ekki skuli samningsaðilar leita sameiginlega viðbragða.

Forsendunefnd samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ og SA hefur komist að þeirri niðurstöðu að fyrsta og síðasta af þremur tilgreindum forsendum hafi gengið eftir. Hún hefur jafnframt komist að þeirri niðurstöðu að forsendan um að launastefna og launahækkanir samninganna, að teknu tilliti til kjarasamnings aðila frá 21. janúar 2016, hafi verið stefnumarkandi fyrir aðra kjarasamninga, hafi ekki staðist. Þessi forsendubrestur heimilar uppsögn kjarasamninga aðila.


Samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ og framkvæmdastjórn SA hafa rætt um sameiginleg viðbrögð við þeirri stöðu sem upp er komin og komist að eftirfarandi niðurstöðu:

Launahækkanir í kjarasamningum sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara frá nóvember 2016 og Félags tónlistaskólakennara frá janúar 2017 hafa verið meiri en felst í sameiginlegri launastefnu rammasamkomulags ASÍ, BSRB, SA, ríkisins, Sambands sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar 27. október 2015.

Á árinu 2017 kemur fjöldi kjarasamninga til endurnýjunar. Rúmst niðurstaða þeirra innan launastefnu rammasamkomulagsins fellur niður sú uppsagnarheimild sem nú er frestað. Í því felst að aðrir samningsaðilar á vinnumarkaði muni fallast á að launalíðir síðustu kjarasamninga FG og FT skapi ekki fordæmi fyrir hækkanir hjá öðrum. Gangi það ekki eftir, að mati forsendunefndar, hefur samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ heimild til að segja upp kjarasamningum aðila, enda sé það gert fyrir kl. 16:00 þann 28. febrúar 2018 og tekur sú uppsögn þá þegar gildi.

Reykjavík, 28. febrúar 2017

F.h. Samtaka atvinnulífsins



Hannes G. Sigurðsson

F.h. Alþýðusambands Íslands



Guðrún Ólafsdóttir

Þá sendu samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ og framkvæmdastjórn SA jafnframt frá sér sameiginlega yfirlýsingu í tengslum við endurskoðunina þess efnis að nauðsynlegt sé að endurskoða ákvörðun kjararáðs um laun kjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna áður en unnt verður að hefja aftur viðræður um nýtt samningamódel.

Yfirlýsing

samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ og framkvæmdastjórnar Samtaka atvinnulífsins 28. febrúar 2017

Við endurskoðun og framlengingu kjarasamninga í janúar 2013 lýstu SA og ASÍ yfir vilja samtakanna til þess að koma að sameiginlegum vettvangi með aðilum opinbera vinnumarkaðarins og setja markmið um bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Fyrirmynda yrði leitað í nágrannaríkjum okkar þar sem almenn sátt ríkir á vinnumarkaðnum um að kjarasamningar fyrir fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni marki svigrúm til launabreytinga og að aðrir kjarasamningar lúti því merki sem þar er gefið.

- Fyrstu kjarasamningarnir í þessum anda voru gerðir í lok árs 2013 og ársþrjú 2014 af hálfu aðildarsamtaka ASÍ og BSRB við viðsemjendur sína, en stefna þeirra var brotin niður af kjarasamningum KÍ og ríkisins og BHM og sveitarfélaga skömmu síðar.
- Snemmsumars árið 2015 freistuðu samningsaðilar á almennum vinnumarkaði þess á ný að móta kjarastefnu sem yrði fyrirmynd annarra kjarasamninga, en sú stefna var enn brotin á bak aftur með gerðardómi sem sem batt enda á kjaradeilur BHM og hjúkrunarfræðinga og ríkisins.
- Nú, í febrúar 2017, er enn og aftur komin upp sú staða að kjarasamningar í opinbera geiranum valda forsendubresti í samningum á almennum vinnumarkaði sem gefur tilefni til uppsagnar þeirra.

Þar til viðbótar hafa úrskurðir kjararáðs undanfarin misseri um laun kjörinna fulltrúa, æðstu embættismanna og forstjóra ríkisfyrirtækja gengið þvert á þá launastefnu sem móttast hefur í kjarasamningum.

Þann 27. október 2015 gerðu ASÍ, BSRB, SA, ríkið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg rammasamkomulag um breytt og bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Samkomulagið felur í sér sameiginlega launastefnu til ársloka 2018, meginatriði nýs samningalíkans til framtíðar og virkt samstarf aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda.

Í janúar 2016 endurskoðuðu ASÍ og SA kjarasamninga sína til að bregðast við þeirri launastefnu sem mótuð hafði verið með rammasamkomulaginu.

Við endurskoðun kjarasamninga í febrúar 2017 er staðfest að forsenda þeirra um launastefnu og launahækkanir hefur brostið. Samninganefnd aðildarfélaganna ASÍ og framkvæmdastjórn SA hafa í dag náð samkomulagi um að fresta afstöðu til uppsagnar kjarasamninga til loka febrúar 2018. Markmiðið er að skapa aðilum vinnumarkaðarins skilyrði fyrir áframhaldandi vinnu á grundvelli rammasamkomulagsins þrátt fyrir forsendubrestinn. Ákvæði rammasamkomulagsins um launaskriðstryggingu kauptaxta kjarasamninga hefur af hálfu aðildarfélaganna ASÍ og BSRB verið talið snar þáttur í því að skapa samningsaðilum aðstæður til þess að þróa og móta nýtt kjarasamningalíkan.

Það er þó sameiginlegt mat ASÍ og SA að forsenda þess að unnt verði að taka á ný upp vinnu við mótn nýs samningalíkans sé að laun kjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna verði breytt frá ákvörðun kjararáðs á árinu 2016 og þróist á grundvelli sömu launastefnu og mótuð var með rammasamkomulaginu með tilvísun í nóvember 2013 sem grunnviðmiðun.

Viðræður um launaþróunartryggingu á grundvelli rammasamkomulagsins

Forysta ASÍ hefur frá því í apríl 2017 átt fundi með fulltrúum SA, ríkisins, Reykjavíkurborgar og sveitarfélaganna um túlkun á 2. kafla Rammasamkomulags aðila vinnumarkaðarins frá því í október 2015, einkum lið 2.e. sem fjallar um launaþróunartryggingu milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Slík trygging var skilyrt í samkomulaginu við þrennt.

- *Að lífeyrisréttindi yrðu jöfnuð milli markaðanna*
- *Að aðilar Rammasamkomulagsins hefðu samið sig að kostnaðarramma samkomulagsins*
- *Að samkomulag væri um sameiginleg forsenduákvæði.*

Fulltrúar launagreiðenda voru lengst af þeirrar skoðunar að líta beri á Rammasamkomulagið í heild – þ.e. bæði launastefnuna í 2. kafla og viðræður um nýtt módel á grundvelli þeirra stöðna sem kveðið var á um í 3. kafla. SA hafnaði því að framkvæma slíka launaþróunartryggingu gagnvart taxtalaunahópum á almennum vinnumarkaði í febrúar vegna ágreinings um vinnu við nýtt módel. Ef lítið er þröngt á málið og fyrrgreind þrjú skilyrði fyrir gildistöku launaþróunartryggingarinnar er skoðuð er ljóst að búið er að jafna lífeyrisréttindin, aðilar samkomulagsins hafa samið sig að sameiginlegu launastefnunni og þegar á reyndi ákváðu ríki og sveitarfélög að byggja endurskoðun sinna samninga á niðurstöðu launanefndar og samninganefndar ASÍ og SA. Fjármálaráðherra hefur hins vegar fallist á þá skoðun BSRB að túlka beri rammasamkomulagið þröngt, þ.e. 2. kafla, án tillits til framvindu viðræðna um nýtt módel. Þrátt fyrir að SA sé ekki sátt við þessa túlkun hafa samtökin ákveðið að sitja við borðið í viðræðunum.

Í viðræðunum er gengið út frá könnun Hagstofunnar á launaþróun viðmiðunarhópanna frá 2013–2016 og miðað við stöðuna í nóvember hvert ár. En ólík sjónarmið hafa verið uppi um það með hvaða hætti beri að leiðrétta þessar tölur, m.a. m.t.t. lífeyrisframlags og launahækkana vegna starfsmats hjá sveitarfélögunum sem kom til á tímabilinu. Niðurstaða liggur ekki fyrir í þessum viðræðum um miðjan september og óljóst með framhald þeirra í kjölfar ríkisstjórnarslita þann 15. september 2017.

Kjaradeila sjómanna

Þann 14. nóvember 2016 var undirritaður kjarasamningur milli aðildarféлага Sjómannasambands Íslands og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS). Að kjarasamningnum standa öll aðildarfélög SSÍ að Verkalýðsfélagi Vestfirðinga og Sjómann- og vélstjórafélagi Grindavíkur undanskildum. Sjómenn hafa verið án kjarasamnings frá árinu 2011. Niðurstaða atkvæðagreiðslu um samninginn lá fyrir þann 14. desember og var sem hér segir:

Á kjörskrá voru 1.098 og af þeim kusu 743, eða 67,7%. Já sögðu 177, eða 23,82% af þeim sem kusu. Nei sögðu 562, eða 75,64%. Auðir seðlar voru 4, eða 0,54%. Samningurinn var því felldur með meirihluta greiddra atkvæða.

Verkföll sjómanna

Á síðustu 30 árum hafa sjómenn innan SSÍ farið í 6 allsherjarverkföll. Verkföll sjómanna voru tíðari á fyrri hluta þessa tímabils en á síðari hlutanum. Af þessum 6 verkföllum var samið í kjölfar þriggja verkfalla en í þrjú skipti var verkfall stöðvað með lögum. Aðeins í einu af þessum þremur tilvikum sem verkfall var stöðvað með lögum var settur gerðardómur til að leysa úr ágreiningsmálum milli aðila, en það var árið 2001. Það tók langan tíma fyrir Sjómannasambandið að lagfæra ýmis atriði sem úrskurðuð voru á sjómenn í þessum gerðardómi.

Upphaf síðustu kjaradeilu sjómanna, sem lauk eftir 10 vikna verkfall þann 19. febrúar 2017, má rekja til ársbyrjunar 2011 en þá losnuðu síðustu kjarasamningar sjómanna. Í kjölfarið voru lagðar fram kröfur og viðræður hafnar. Viðræður voru hins vegar slitróttar og ljóst að ekki næðust samningar í bráð. 22. maí 2012 vísaði LÍÚ deilunni til ríkissáttasemjara og þar var deilan þar til samningar tókust á endanum þann 19. febrúar 2017. Það var ekki samningsvilji sem varð þess valdandi að útgerðarmenn vísuðu deilunni til sáttasemjara heldur hótuðu þeir verkbanni á sjómenn og var tilgangurinn að hafa áhrif á stjórnvöld vegna fyrirhugaðrar lagasetningar um hækkun veiðigjalda á útgerðina.

Þau félag sjómanna sem voru í viðræðunum eftir að málinu var vísað til ríkissáttasemjara voru Sjómannasamband Íslands (SSÍ) með samningsumboð fyrir 17 af 18 aðildarfélögum sínum, VerkVest, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands (FFSÍ) með samningsumboð fyrir skipstjórnamenn, VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna og Sjómannafélag Íslands sem raunar var ekki í samfloti með SSÍ. 24. júní 2016 skrifuðu SSÍ og FFSÍ undir samning við útvegsmenn og VerkVest skrifaði undir samning síðar í þeim mánuði. Samningurinn fór í atkvæðagreiðslu sem stóð til 8. ágúst og var samningurinn felldur hjá aðildarfélögum SSÍ en FFSÍ samþykkti hins vegar samninginn.

Ekki var vilji hjá útvegsmönnum til að lagfæra samninginn þannig að aðildarfélög SSÍ treystu sér til að fara með hann aftur í atkvæðagreiðslu. Því var í kjölfarið rætt í samninganefnd SSÍ að láta fara fram atkvæðagreiðslu um verkfall í aðildarfélögunum. Fyrst þurfti þó að ákveða hvers konar verkfall væri árangursríkast. Öll verkföll á síðastliðnum 30 árum voru allsherjarverkföll. Í þeim flestum voru vélstjórar og skipstjórnamenn einnig þátttakendur þannig að þó einhver aðildarfélaga SSÍ hafi ekki samþykkt verkfall þá stöðvaðist allur flotinn engu að síður. Varðandi verkfallið 2016/2017 þá voru skip-

stjórnarmennirnir með bundinn samning og því ekki með en aðildarfélög SSÍ, sem sambandið fór með samningsumboð fyrir, VerkVest, VM og Sjómannafélag Íslands, með lausa samninga. Samninganefndir allra þessara samningsaðila ræddust við til að samræma aðgerðir sínar. Í þeim viðræðum kom fram, að félagsaðild sjómanna var hagað með ýmsum hætti og í grundvallaratriðum þannig:

- a. Flestir sem starfa á félagssvæðinu eru í viðkomandi stéttarfélagi sem er aðili að SSÍ.
- b. Nokkrir eru í stéttarfélagi sem á aðild að SSÍ en er utan félagssvæðis viðkomandi félags.
- c. Einhverjir eru í stéttarfélagi sem hefur kjarasamning fyrir sjómenn með félagssvæði skilgreint sem allt landið, en félagið er utan SSÍ.
- d. Fáeinir eru í stéttarfélögum sem ekki hafa kjarasamning fyrir sjómenn (undirmenn).

Af þessum ástæðum gat sú staða auðveldlega komið upp að jafnvel þótt verkfall yrði boðað á tilteknu svæði myndu skip ekki stöðvast þegar í harðbakkann myndi slá. Niðurstaðan var að boða til allsherjarverkfalla. Öll aðildarfélög SSÍ, að Sjómannafélagi Hafnarfjarðar undanskildu, samþykktu verkfallið.

Þann 14. nóvember, eða þegar verkfall hafði staðið í tæpa fjóra sólarhringa, skrifaði SSÍ undir samning fyrir þau aðildarfélög sín sem sambandið fór með umboð fyrir. Hins vegar gerðist það sem ekki hafði gerst áður að eitt félag dró umboð sitt til baka rétt áður en skrifað var undir samninginn, þ.e. samninganefnd SSÍ klofnaði. Sjómann- og vélstjórafélag Grindavíkur (SVG) dró samningsumboð sitt til baka frá SSÍ og skrifaði ekki undir samninginn. Sjómannafélag Íslands (SÍ) skrifaði heldur ekki undir samning á þessum tímapunkti. Hins vegar gengu VerkVest og VM frá samningi þann 14. nóvember 2016 eins og SSÍ. Í kjölfar þess að skrifað var undir frestuðu þau félög undirmanna sem að samningunum stóðu verkfallinu með samkomulagi við SFS frá kl. 20.00 þann 15. nóvember til kl. 20.00 þann 14. desember 2016. VM afboðaði hins vegar verkfallið frá kl. 20.00 þann 15. nóvember.

Þau félög sem ekki skrifuðu undir samning þann 14. nóvember og voru því enn í verkfalli voru með félagsmenn vítt og breitt um landið og því ljóst að mörg skipanna þar sem verkfalli hafði verið frestað færu ekki á sjó fullmönnuð þar sem einhverjir í áhöfnum skipanna voru enn í verkfalli. SVG og SÍ skrifuðu síðan undir kjarasamning þann 15. nóvember og því reyndi ekki verulega á dreifða félagsaðild á þeim tímapunkti.

Kjarasamningarnir, sem undirritaðir voru 14. og 15. nóvember 2016, voru allir felldir. Þar sem VM afboðaði verkfallið um leið og skrifað var undir þann

14. nóvember var ljóst að þeir voru ekki lengur með í verkfallinu. Verkfall hófst því aftur hjá þessum félögum kl. 20.00 þann 14. desember 2016. Nokkur tilvik komu upp um verkfallsbrot en ekkert þeirra hafði áhrif á framgang verkfallanna en ljóst að haldi sú þróun áfram að sjómenn séu í hinum og þessum stéttarfélögum, óháð því hvort stéttarfélagið hefur samningsumboð fyrir starfið eða ekki, er hætt við að erfitt geti verið að halda utan um verkföll í framtíðinni. Svárið við þessu er að stéttarfélög sjómanna fari að kjarasamningi hvað félagsaðild varðar, þ.e. að félögin virði bæði félags- og samningssvið sín.

Skrifað var að nýju undir kjarasamning í febrúar 2017 og lauk talningu atkvæða þann 19. þess mánaðar. Samkomulag var með aðilum að atkvæði skyldu talin í einu lagi og skyldi meirihluti heildaratkvæða ráða niðurstöðu. Kjörsókn var 53,7%. Atkvæði féllu þannig að 52,4% sögðu já, 46,9% sögðu nei og 0,7% voru auð og ógild atkvæði. Kjarasamningarnir voru því samþykktir.

Réttarstaða hlutavinnustarfsfólks, tímabundið ráðinna o.fl. hjá ríki, Reykjavíkurborg og Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu

Á fundi miðstjórnar þann 7.9. 2016 var fjallað að beiðni Björns Snæbjörns-sonar um athugun á réttarstöðu hlutavinnustarfsmanna hjá ríkinu en við rekstur máls félagsins fyrir hönd félagsmanns hafi komið í ljós að starfsmenn í minna en 50% starfi teldust ekki tryggðir í frítíma skv. reglum fjármálaráðuneytisins. Ákveðið var að ASÍ kannaði réttarstöðu starfsmanna Reykjavíkurborgar við sömu aðstæður, auk þess sem veitt var heimild til þess að fara með málið fyrir Eftirlitsstofnun EFTA. Niðurstaða lögfræðideildar var að ákvæði tryggingaskilmála ríkisins og Reykjavíkurborgar frá árinu 1990 sem leiða til þess að allir starfsmenn í minna en 50% starfshlutfalli og hafa ekki meginhluta tekna sinna af því starfi, eru ótryggðir við störf og í frítíma feli í sér brot á 1. mgr. 4. gr. laga nr. 10/2004. Og jafnframt að sú mismunun sem gerð er milli starfsmanna í ótímabundinni ráðningu og tímabundinni á fyrstu þremur mánuðum ráðningar hvað varðar tryggingar í frítíma feli í sér brot á 1. mgr. 4. gr. laga nr. 139/2003.

Fundir samninganefndar ASÍ

Samninganefnd ASÍ starfar á grundvelli samstarfssamnings aðildarsamtaka ASÍ frá 21.6. 2010. Á starfsárinu hittist hún 7 sinnum. Rétt til setu í samninganefnd eiga þeir einstaklingar sem stöðu sinnar vegna skv. 5. gr. laga nr. 80/1938, fara með samningsumboð fyrir þau samtök sem þau eru í forystu fyrir.

Skýrsla hagdeildar ASÍ um skattbyrði launafólks

Samkvæmt skýrslu sem ASÍ gaf út í lok ágúst 2017 um þróun á skattbyrði launafólks hefur skattbyrði aukist í öllum tekjuhópum á tímabilinu frá 1998–2016 en aukningin er langmest hjá þeim tekjulægstu. Þegar skoðað er samspil tekjuskatts, útsvars og persónuafsláttar auk barna- og vaxtabóta hefur t.d. skattbyrði para á lágmarkslaunum með tvö börn og lágmarks eigið fé í húsnæði (20%) í heildina aukist um 21 prósentustig á umræddu tímabili. Munurinn á skattbyrði tekjulægstu hópanna og þeirra tekjuhærri hefur því minnkað og dregið hefur úr tekjujöfnunarhlutverki skattkerfisins. Kaupmáttaraukning síðustu ára hefur þannig síður skilað sér til launafólks með lægri tekjur en þeirra tekjuhærri vegna vaxandi skattbyrði.

Þessa þróun má einkum rekja til þess að:

- Persónuafsláttur hefur ekki fylgt launaþróun sem hefur aukið skattbyrði lægri launa mest.
- Stuðningur vaxtabótakerfisins hefur minnkað verulega á tímabilinu og fækkað í þeim hópi sem fær greiddar vaxtabætur vegna tekju og eignaskerðinga.
 - Tekjulágt barnafólk með lágmarks eigið fé (20%) í húsnæði sínu fær í dag lítinn sem engan stuðning í gegnum vaxtabótakerfið.
- Íslenska barnabótakerfið er veikt og dregur eingöngu úr skattbyrði einstæðra foreldra og allra tekjulægstu para.
 - Þör með börn sem hafa tekjur við neðri fjórðungsmörk fá nánast enga skattaívilnun vegna framfærslu barna og hafa því nánast sömu skattbyrði og þeir sem engin börn hafa á framfæri.
- Húsaleigubótakerfið hefur þróast með sama hætti og önnur tilfærslukerfi og því hefur dregið úr stuðningi við launafólk á leigumarkaði.
 - Nýtt húsnæðisbótakerfi bætir nokkuð hag láglauna einstaklinga og einstæðra foreldra á leigumarkaði en láglauna þör fá eftir sem áður lítinn eða engan stuðning vegna leigukostnaðar.

Skýrslan vakti talsverða athygli og umræður og varð m.a. tilefni til umræðna á Alþingi og í fjölmiðlum.



ATVINNUMÁL

Undanfarin ár hefur íslenskt efnahagslíf einkennt af vaxandi umsvifum í efnahagslífinu en líkt og rakið er í kaflanum um efnahagsmál eru líkur á því að toppi hagsveiflunnar hafi nú verið náð. Sama þróun hefur einkennt stöðuna á vinnumarkaði frá því að fjölgun ferðamanna hóf að ýta undir aukna vinnuaflseftirspurn árið 2012. Það er gleðiefni að atvinnuleysi mælist nú einungis 1% og að langtímaatvinnuleysi sé nær horfið. Penslu á vinnumarkaði fylgja hins vegar önnur vandamál en í niðursveiflu. Framboð vinnuafls hér á landi hefur ekki verið nægjanlegt til að mæta uppgangi í mannaflsfrekum greinum, þ.e. ferðaþjónustu og mannvirkjagerð. Mikill fjöldi erlendra starfsmanna hefur komið hingað til lands á undanförunum árum til að mæta þessum vexti. Bæði eru þetta einstaklingar sem hingað hafa flust búferlum en einnig er stór fjöldi sem kemur hingað eingöngu til skamms tíma hvort sem er sjálfstætt eða í gegnum starfsmannaleigur. Þessir hópar hafa litla þekkingu á íslenskum vinnumarkaði og eru gjarnan berskjaldaðir gagnvart kjarasamningsbrotum og hvers kyns launaþjófnaði. Það sem verra er, opinber tölfræði nær ekki yfir þann fjölda erlendra starfsmanna sem er á íslenskum vinnumarkaði og því algerlega óljóst hvert umfangið er.


Undanfarið ár hafa atvinnumál verið töluvert í umræðunni. Sterkt gengi

krónunnar hefur orðið tilefni til umræðu um samkeppnishæfni útflutningsgreina. Hvort sem rætt er um sjávarútveg, ferðaþjónustu, kvikmyndagerð, landbúnað eða hátæknigreinar er ljóst að styrking á gengi krónunnar hefur haft áhrif. Hóppupsögnum fjölgaði á síðasta ári, voru alls 13 talsins þar sem 493 einstaklingum var sagt upp störfum. Hóppupsagnir hafa því ekki verið fleiri frá árinu 2011. Flestar voru þessar uppsagnir í fiskvinnslu en dreifast þó nokkuð jafnt milli atvinnugreina.

Í landbúnaði hefur mikið verið rætt um stöðu sauðfjárbænda. Vandi sauðfjárbænda er margþættur. Bæði hefur neysla kindakjöts dregist saman innanlands en fyrst og fremst hafa útflutningshorfur snarversnað í kjölfar styrkingar krónunnar. Ákveðnar blikur eru á lofti í sauðfjárrækt þar sem líklegt er að mæta þurfi offramleiðslu undanfarinna ára með aðgerðum sem kunna að valda skammtímaerfiðleikum í framleiðslu.

Stóriðja hefur verið mikið í umræðunni frá því United Silicon hóf rekstur í nóvember 2016. Á tímabili leit út fyrir að fjögur kísilver myndu rísa á Íslandi. Ásamt United Silicon hefur PCC verið að reisa verksmiðju á Bakka við Húsavík en þar er stefnt að því að framleiðsla hefjist fyrir lok árs 2017. Þessu til viðbótar hafa Thorsil og Silicor Materials stefnt að því að byggja verksmiðjur í Helgúvík og á Grundartanga en hins vegar virðist vera óvissa enn um þær framkvæmdir. Verksmiðja United Silicon hefur ekki verið óumdeild en frá því framleiðsla hófst hefur lyktarmengun verið viðvarandi í nánasta umhverfi. Í ágúst 2017 var bæði tilkynnt að félagið United Silicon væri komið í greiðslustöðvun ásamt því að Umhverfisstofnun stefndi að því að loka verksmiðjunni þar til úrbætur væru gerðar. Ljóst er að ákveðin óvissa ríkir um sambærilega stóriðju hér á landi á næstu árum.


Mynd 1. Vinnuafli eftir uppruna



Heimild: Vinnuálagstofnun

Vinnumálastofnun telur að um 10,6% af vinnuafl hafi verið erlent að uppruna á síðasta ári, eða alls um 20 þúsund einstaklingar. Gert er ráð fyrir að hlutfallið hækki milli ára og að erlent vinnuafl verði um 12,1% af vinnuafl á árinu 2017. Mat Vinnumálastofnunar gefur til kynna hversu erlent vinnuafl er orðið mikilvægt fyrir íslenskt efnahagslíf en almennt er talið að opinberar tölur vanmeti fjölda erlendra starfsmanna. Þetta skýrist af því að hingað til lands kemur fjöldi starfsmanna til skamms tíma sem opinber tölfræði á erfitt með að ná yfir.


Mynd 2. Búferlaflutningar á ársfjórðungi (Aðfluttir umfram brottflutta)



Þeir sem þó flytjast hingað búferlum til lengri tíma koma fram í tölfræði Hagstofunnar yfir búferlaflutninga. Undanfarin ár hafa búferlaflutningar hingað til lands fyrst og fremst verið flutningar erlendra ríkisborgara. Yfir tíu þúsund fleiri erlendir ríkisborgarar fluttu hingað til lands umfram brottflutta á árunum 2010–2016. Þróun íslenskra ríkisborgara hefur verið þveröfug þar sem um 6.000 fleiri hafa flutt frá landinu heldur en til þess. Ekki hefur dregið úr þróuninni á fyrri helmingi 2017, þvert á móti fluttu yfir 4.000 fleiri erlendir ríkisborgarar til landsins heldur en frá því.


Árið 2016 voru að jafnaði 196 þúsund manns á íslenskum vinnumarkaði. Alls voru 235 þúsund einstaklingar á aldrinum 16–74 ára, sem þýðir að atvinnuþátttaka var um 83,5%. Atvinnuþátttakan hér á landi er ekki einungis há í alþjóðlegum samanburði, þ.e. sú hæsta innan OECD, heldur er hún líka orðin há í sögulegu samhengi. Á toppi síðustu uppsveiflu mældist atvinnuþátttaka hæst 83,25% árið 2007 en á síðasta ári var hún orðin 83,6%.

Mynd 3. Atvinnuþátttaka




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 4. Atvinnuþátttaka e. hópum




Heimild: Hagstofa Íslands

Sé betur rýnt í þróun atvinnuþátttökunnar má sjá að hún mældist hærri árið 2016 heldur en árið 2007 hjá langflestum aldurshópum. Atvinnuþátttaka kvenna hefur aukist um þrjú prósentustig á aldrinum 16–24 ára og 25–54 ára en dregist saman á aldrinum 55–74 ára. Hjá körlum hefur atvinnuþátttakan einnig aukist á aldrinum 16–24 ára en hins vegar dregist saman í aldurshópnum 25–54 ára. Hjá körlum á aldrinum 55–74 ára hefur atvinnuþátttaka aukist um 3,5 prósentustig.


Mynd 5. Fjöldi starfandi

Ásamt því að fleiri einstaklingar séu á vinnumarkaði hefur starfandi einstaklingum einnig fjölgað og atvinnuleysi dregist saman á móti en það merkir að þeir sem eru að koma nýir inn á vinnumarkað eru að fá vinnu. Fjölgun starfandi hefur á undanförmum árum að miklu leyti stafað af uppgangi í vinnuaflsfrekum greinum þ.e. mannvirkja, ferðaþjónustu og tengdum greinum. Í fyrstu dró þetta úr því atvinnuleysi sem skapaðist eftir hrun en síðar hefur erlent vinnuafl þurft að mæta aukinni vinnuaflseftirspurn. Á síðasta ári fjölgaði starfandi einstaklingum um tæplega sjö þúsund milli ára. Fjölgunin var meiri á síðari helmingi ársins en á bæði þriðja og fjórða ársfjórðungi voru að jafnaði um 8.400 fleiri starfandi heldur en árið á undan. Um helmingur af fjölgun starfandi á síðasta ári má rekja beint og óbeint til ferðaþjónustu og um fimmtingur hefur orðið til í byggingariðnaði og mannvirkjagerð. Þróunin hefur verið svipuð á fyrri hluta árs 2017.

Mynd 6. Atvinnuleysi

Samhliða aukinni vinnuafleiftirspurn dró hratt úr atvinnuleysi hér á landi. Atvinnuleysi mældist tæp 3% á síðasta ári og hefur þannig ekki verið lægra frá því atvinnuleysi mældist 2,3% árið 2007. Þannig voru að jafnaði um 6.000 einstaklingar virkir í atvinnuleit á síðasta ári og fækkaði þeim enn frekar á fyrri hluta þessa árs. Í takt við þenslu í efnahagslífi er líklegt að atvinnuleysi sé minna en það yrði við eðlilega stöðu hagkerfisins. Því er ekki ólíklegt atvinnuleysi geti hækkað þegar dragi úr spennu í hagkerfinu.

Mynd 7. Fjöldi atvinnulausra eftir lengd




Heimild: Hagstofa Íslands

Versta birtingarmynd atvinnuleysis á árunum eftir hrun var viðvarandi langtímaatvinnuleysi. Á tímabili höfðu um 26% atvinnulausra verið án atvinnu í ár eða lengur, eða alls um 3.000 manns á árunum 2011–2012. Á síðasta ári var fjöldinn einungis um fimm hundruð, eða um 9% af heildarfjölda atvinnulausra.

Töluverður munur getur verið á atvinnuleysi milli landsvæða. Atvinnuleysi hefur þannig verið meira á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni undanfarin ár. Þó hefur undantekningin verið Suðurnes þar sem atvinnuleysi hefur lengi mælst hæst hér á landi. Dregið hefur úr þessum mun undanfarin ár og á síðasta ári var skráð atvinnuleysi minna á Suðurnesjum heldur en á höfuðborgarsvæðinu.

Mynd 8. Atvinnuleysi e. svæðum



Heimild: Vinnumálastofnun

Það eru jákvæð tölðindi að atvinnuleysi mælist lítið og störfum hafi farið fjölgandi. Þróun á vinnumarkaði hefur þó haldist í hendur við þróun í ferðaþjónustu og margt bendir til þess að hægt hafi á vexti ferðaþjónustunnar. Aðrar vísbendingar benda til þess að ferðamenn bregðist við sterku gengi krónunnar með styttri viðkomu, færri ferðum, minni neyslu og afþreyingu. Því er ekki ólíklegt að framundan verði endurskipulagning og mögulega fækkun starfandi í greininni.



VELFERÐARMÁL

Kaup og kjör


Kaupmáttaraukning síðustu missera heldur áfram vegna launahækkana og stöðugleika í verðlagi. Laun samkvæmt kjarasamningnum ASÍ og SA frá janúar 2016 hækkuðu um 4,5% þann 1. maí 2017. Framlag atvinnurekenda í lífeyrissjóð hækkaði einnig um 1,5% stig og varð 10% frá og með 1. júlí 2017 í samræmi við kjarasamning aðildarfélaga ASÍ við SA frá 21. janúar 2016. Mótframlagið hækkar einnig um 1,5% stig 1. júlí 2018 og mun því hækka um 3,5% stig á samningstímanum, úr 8% í 11,5%.

Verðbólga hefur haldist við eða undir viðmiði Seðlabankans, 2,5%, óslitið frá janúar 2014 og verðlag því haldist stöðugt undanfarin misseri. Verðlag hafði í júlí 2017 hækkað um 1,8% á síðustu 12 mánuðum. Frá júlí 2016 til júlí 2017 hækkuðu laun á vinnumarkaði um 7,2%. Kaupmáttur launa jókst því um 5,4% á tímabilinu.

Samkvæmt launavísitölu hækkuðu regluleg laun að meðaltali um 11,4% á árinu 2016. Laun á almennum vinnumarkaði hækkuðu að meðaltali um 11,2% en laun opinberra starfsmanna um 12,3%. Verðlag hækkaði um 1,7% árið 2016 þannig að þegar tekið er tillit til verðbólgu jókst kaupmáttur launa að meðaltali um 9,5% á almennum vinnumarkaði en um 10,6% hjá opinberum starfsmönnum.

Á fjórða ársfjórðungi 2016 hækkðu regluleg laun miðað við fjórða ársfjórðung 2015 að meðaltali um 9,3% á almennum vinnumarkaði en laun opinberra starfsmanna um 11,1% að meðaltali, þar af hækkðu laun ríkisstarfsmanna um 11,2% og starfsmönnum sveitarfélaga um 11%.

Mynd 1




Heimild: Hagstofa Íslands

Ráðstöfunartekjur

Launahækkunarir, stöðugt verðlag, nægt framboð atvinnu og bætt eignastaða heimila hefur haft jákvæð áhrif á ráðstöfunartekjur undanfarin misseri. Samkvæmt Seðlabankanum jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna um 9,9% árið 2015 og 7,3% árið 2016. Spá fyrir árið 2017 hefur verið uppfærð til hækkunar og spáir bankinn nú 11,7% kaupmáttaraukningu ráðstöfunartekna á árinu, sem yrði mesti vöxtur frá aldamótum. Spá bankans gerir ráð fyrir að það hægi á vextinum á næstu árum og að hann verði 5,3% árið 2018 og 4,6% árið 2018.

Mynd 2



Heimild: Seðlabanki Íslands


Leiðrétting húsnæðislána – eignatilfærsla til hinna ríku

Í janúar 2017 birti efnahags- og fjármálaráðuneytið skýrslu um niðurfærslu höfuðstóls fasteignalána. Í skýrslu forseta 2015 var fjallað ýtarlega um skuldalækkunaraðgerðir ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar 2014–2017, eina stærstu aðgerð þeirrar ríkisstjórnar og líklega þá umdeildustu.

Í skýrslu efnahags- og fjármálaráðherra kom fram að fjöldi skuldara á hverju tekjubili eykst með hækkingu tekjum. Sé leiðréttingin skoðuð eftir eignastöðu sést að megnið af þeim 72 milljörðum sem fóru í leiðréttinguna runnu til framteljenda með sterka eignastöðu. Efsti eignatíundin, sem eru framteljendur sem eiga 82,6 milljónir að meðaltali í hreina eign, hlaut um 13,3% af leiðréttingunni. Tæplega 75% af heildarfjárhæð leiðréttingarinnar fór til eignameiri helmings samfélagsins.

Af þeim fjármunum sem settir voru í lækkun höfuðstóls íbúðalána má sjá að tæplega þriðjungur fór til tekjuhæstu tíundarinnar og um 86% til tekjuhærra helmings þeirra sem skulda íbúðalán, eða um 62 milljarðar. Yfirgnæfandi meirihluti leiðréttingarinnar rann þannig til eignamestu og tekjuhæstu heimila landsins.

Mynd 3



Bæði greiðslu- og skuldavandi heimila var vel kortlagður í kjölfar efnahagshrunsins. Í greiningu Seðlabankans Íslands á umfangi greiðsluvanda var áætlað að um 21 þúsund heimili væru í greiðsluvanda í lok árs 2010. Greiðsluvandinn var mun meiri hjá heimilum í lægri tekjuhópum og voru um 50% heimila í lægsta tekjufimmtung í greiðsluvanda á árunum 2009–2010, um þriðjungur í næstlægsta tekjufimmtung og rúmlega fimmtingur í mið tekjufimmtungi. Þar kemur einnig fram að greiðsluvandi væri mun umfangsmeiri meðal barnafjölskyldna heldur en heimila án barna. Hvað skuldavandann varðar kemur fram að hlutfall húseigenda með neikvætt eigið fé hafi hæst verið um 40% og að umfangið hafi verið meira hjá tekjuhærri heimilum. En þegar heimili í bæði skulda- og greiðsluvanda voru skoðuð sérstaklega kemur í ljós að þau voru flest í tekjulægri hópum, eins og fram kemur í greinargerð Seðlabankans. Verst staddi hópurinn fékk lítið sem ekkert af þeim 72 milljörðum sem notaðir voru úr ríkissjóði í aðgerðina.

Umtalsverðar upplýsingar lágu fyrir um umfang skulda- og greiðsluvanda íslenskra heimila fyrir leiðréttinguna. Upplýsingar um ráðstöfun leiðréttingarinnar benda til þess að fjármunir hafi að litlu leyti runnið til þess hóps sem keypti húsnæði á árunum 2006–2008 og lenti verst í raunlækkun húsnæðis. Enn fremur hafi sá hópur sem lenti í greiðsluvanda í kjölfar hrunsins að miklu leyti ekki fallið undir leiðréttinguna og því aldrei átt von á að hljóta stóra leiðréttingu húsnæðislána. Aðgerðin hefur leitt til aukins ójöfnuðar með tilfærslu á skattfé til vel stæðra hópa með sterka eiginfjárstöðu. Niðurstaðan er fyrst og

fremst áfellingdómur yfir aðgerðinni sem var bæði ómarkviss og slæm ráðstöfun á ríkisfjármagni sem rann að langstærstu leyti til einstaklinga sem hvorki glímdu við greiðslu- né skuldavanda. Tímasetning aðgerðarinnar var einnig óheppileg því slaki var að hverfa í hagkerfinu þegar hún kom til framkvæmda sem leiddi til aukinnar eftirspurnar eftir húsnæði.

Ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á höfuðstól lána vegna íbúðarhúsnæðis hefur verið heimil frá 1. júlí 2014 og átti að standa til júníloka 2017. Það úrræði var framlengt og mun að óbreyttu standa til júníloka 2019.

Húsnæðismál

Á síðasta kjörtímabili stóðu húsaleigubætur í stað þrátt fyrir að margir leigjendur væru í greiðsluvanda og leiguverð hafi hækkað mikið vegna vaxandi eftirspurnar eftir húsnæði samfara húsnæðisskorti. Á sama tíma var 72 ma. kr. veitt úr ríkissjóði til að niðurgreiða húsnæðisskuldur og runnu þeir fjármunir fyrst og fremst tiltekju- og eignameiri húsnæðiseigenda.

Staða leigjenda

Erfitt er að nálgast opinberar upplýsingar um stöðu leigjenda. Nýjasta tölfræði Hagstofu Íslands nær til ársins 2014 en þá var um fjórðungur heimila á leigumarkaði. Hlutfall heimila á leigumarkaði var þá um 25% en upplýsingar um ungt fólk (20–29 ára) ná til ársins 2015. Ungu fólki í foreldrahúsum hefur fjölgað mikið síðasta áratug, eða úr 32% árið 2006 í rúm 40% árið 2015. Það er því mun erfiðara fyrir ungt fólk í dag að flytja að heiman og stofna eigið heimili. Í árlegri kjarakönnun Eflingar er spurt út í stöðu fólks á húsnæðismarkaði. Félagið er næststærsta aðildarfélag ASÍ á Íslandi með um 25.000 félagsmenn. Í félaginu er mikið af ungu fólki og mjög hátt hlutfall útlendingar. Árið 2016 bjuggu um 34% félagsmanna í leiguhúsnæði, rúm 18% í foreldrahúsum og innan við helmingur, eða um 45%, í eigin húsnæði.

Alþýðusamband Íslands hefur barist fyrir húsnæðisöryggi launafólks um árabíl. Sú barátta skilaði loks árangri þegar ríkisstjórnin lofaði innleiðingu almenns íbúðakerfis og nýs stuðningskerfis við leigjendur með yfirlýsingu í tengslum við gerð kjarasamninga vorið 2015.

Uppbygging almennra íbúða

Almenna íbúðakerfið, nýtt kerfi hagkvæmra leiguíbúða, er árangur af baráttu ASÍ fyrir bættri stöðu leigjenda og húsnæðisöryggi launafólks. Í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði í maí 2015 lagði verkalyðshreyfingin mikla áherslu á umbætur í húsnæðismálum sem skilaði sér í yfirlýsingu ríkisstjórnar um húsnæðismál þar sem því var m.a. lýst yfir að stuðningur við leigjendur yrði aukinn með afgreiðslu frumvarps um húsnæðisbætur á vorþingi 2015 og

uppbyggingu á nýju félagslegu leiguíbúðakerfi fyrir tekjulág heimili. Lög um almennar íbúðir voru samþykkt á Alþingi vorið 2016.

Nýja leiguíbúðakerfið felur í sér uppbyggingu leiguíbúða fyrir fólk í tveimur neðstu tekjufimmtingunum á vegum húsnæðissjálfsseignarstofnana. Stofnframlög frá ríkinu nema 18% af stofnvirði íbúðanna og stofnframlög sveitarfélaga nema 12%. Þá er hægt að fá hærra stofnframlag ef um félagslegt húsnæði er að ræða og vegna húsnæðis á landsbyggðinni ef um húsnæðisskort er að ræða á viðkomandi svæði en erfiðar markaðsaðstæður. Íbúðalánasjóður sér um afgreiðslu stofnframlaga ríkisins.

Bjarg, húsnæðissjálfsseignarstofnun ASÍ og BSRB, sem stofnuð var á 100 ára afmæli ASÍ er nú með 320 íbúðir í undirbúningi í Reykjavík og Hafnarfirði af þeim 1.150 sem áætlað er að Bjarg reisi á næstu árum.

Á árinu 2016 voru veitt stofnframlög til tæplega 600 íbúða og veita á stofnstyrki til 600 íbúða árlega til ársins 2019 en 300 íbúða á ári eftir það. ASÍ metur þörfina mun meiri, sem og Íbúðalánasjóður. ASÍ mun því áfram leggja ríka áherslu á aukin framlög til uppbyggingar á almennum íbúðum. Í febrúar 2017 frestaði ASÍ endurskoðun kjarasamninga m.a. vegna þess að ríkisstjórnin lofaði að tryggja fjármagn til þeirra íbúða sem lofað hafði verið án nægilegra fjárheimilda á fjárlögum. Viðbætur vegna ársins 2016 og 2017 voru tryggðar og í fjárlögum fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir fjármagni til 600 íbúða. Þetta er mjög mikilvægur áfangi í að tryggja launafólki húsnæðisryggi en mun meira þarf til.

Könnun Varasjóðs húsnæðismála

Félagslegar leiguíbúðir sveitarfélaganna eru ætlaðar fólki sem býr við mjög erfiðar félags- og fjárhagsaðstæður. Viðvarandi biðlisti er eftir slíkum íbúðum. Fjöldi umsækjenda á biðlistum eftir félagslegu húsnæði var 1.613 í árslok 2016 og er það svipaður fjöldi og árin á undan. Um 70% þeirra sem eru á biðlistum býr á höfuðborgarsvæðinu. Íbúðir sveitarfélaganna voru alls 5.089 í árslok 2016 og hafði fjölgað um 97 frá árinu áður. Mest er fjölgunin í Reykjavík (119), á Akureyri (32), í Rangárþingi eystra (23) og Sveitarfélaginu Garðinum (15). Flest hinna sveitarfélaganna í 50 fjölmennustu sveitarfélögunum fækkuðu íbúðum árið 2016 eða fjölgðu um eina eða tvær. Viðhaldsþörf húsnæðis er að aukast að mati sveitarfélaganna en talið er að 910 íbúðir þarfnist viðhalds miðað við 719 íbúðir 2015. Samkvæmt könnun Varasjóðs húsnæðismála hyggjast sex sveitarfélög fjölga félagslegum leiguíbúðum um 121 á árunum 2017 og 2018 og fimm sveitarfélög að auki hyggjast fjölga íbúðum. Hins vegar telja 30 sveitarfélög sig búa við skort eða nokkurn skort á félagslegu húsnæði.

Um 88% íbúa í félagslegu húsnæði fengu sérstakan húsnæðisstuðning við

árslok 2016. Frá og með 1. janúar var tekið upp nýtt kerfi húsnæðisstuðnings til leigjenda í stað húsaleigubóta og sérstakra húsaleigubóta, húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur. Húsnæðisbætur greiðast nú af ríkinu og sérstakur húsnæðisstuðningur fyrir þá sem búa við allra lökust kjörin af sveitarfélögum. Áður deildu ríki og sveitarfélög með sér kostnaði vegna beggja þessara kerfa. Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg er áætlað að fleiri leigjendur muni njóta sérstaks stuðnings hjá félagsbústöðum en áður.

Nýtt húsaleigubótakerfi – húsnæðisbætur

Fyrir liggur að staða leigjenda er þröng, framboð af öruggu húsnæði er lítið og leiguverð hefur hækkað mikið á liðnum árum. Tekjulág heimili og ungt fólk er fjölmennt í hópi leigjenda og margir greiða langtum stærri hluta ráðstöfunartekna sinna til húsnæðis en æskilegt er. Opinber stuðningur við leigjendur var aukinn lítillega árið 2013 en var svo óbreyttur þar til nýtt kerfi húsaleigubóta, húsnæðisstuðningur, tók gildi 1. janúar 2017.

Nýja kerfið var tekið upp á grundvelli lagabreytinga í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga á almennum markaði í maí 2015. Kerfinu er ætlað að auka fjárstuðning við leigjendur með lægri tekjur. Í nýja kerfinu er tekið mið af fjölda heimilismanna, leigufjárhæð og öllum tekjum og hreinni eign heimilismanna sem eru 18 ára og eldri. Helsta breytingin felst í því að grunnfjárhæðir húsnæðisbóta hækka eftir því sem fleiri eru í heimili óháð aldri, þ.e. grunnfjárhæðirnar taka ekki bara tillit til fjölda barna heldur allra heimilismanna. Frítekjumörkin hækka líka eftir því sem fleiri eru í heimili og allar tekjur heimilismanna sem eru 18 ára og eldri eru grundvöllur útreiknings bótanna, líka elli- og örorkulífeyrisgreiðslur almannatrygginga. Frítekjumörkin voru áður rúmlega 2,5 milljónir króna en eru nú tæplega 5,7 milljónir króna. Skerðing vegna eigna er óháð fjölda heimilismanna en samantöld hrein eign, allra á heimilinu yfir 18 ára aldri, umfram 6,5 milljónir króna og þær falla alveg niður ef hrein eign er meiri en 10,4 milljónir króna.

Samkvæmt skýrslu hagdeildar ASÍ um þróun skattbyrði á árunum 1998 til 2016 sem út kom í ágúst 2017 hefur stuðningurinn aukist til leigjenda sem búa einir ef lítið er til leigjenda með tekjur við neðri fjórðungsmörk launa árið 2016. Hins vegar fá hjón á leigumarkaði með laun við neðri fjórðungsmörk launa engar húsnæðisbætur. Staða þeirra hefur því ekki batnað. Nýja kerfið nær því bara markmiði sínu að hluta.

Skuldir og fjárhagur heimila

Skuldir heimilanna hafa undanfarin ár lækkað verulega sem hlutfall af vergri landsframléiðslu (VLF) og námu í árslok 2016 um 77,5% af landsframléiðslu ársins. Lækkunina má rekja til skuldaaðgerða ríkisstjórnarinnar sem námu 19

ma.kr. beinni niðurfærslu skulda og 14 ma.kr. nýtingar séreignarsparnaðar og aukins hagvaxtar umfram skuldaaukningu.

Undir lok ársins 2016 hófst skuldsetning vegna íbúðalána heimilanna að aukast á ný en áfram dró úr neytendalánnum. Hlutfall skulda af ráðstöfunartekjum heimilanna var um 156% um síðustu áramót og heldur áfram að lækka vegna lækkunar skulda og aukningar ráðstöfunartekna. Þetta kemur fram í riti Seðlabankans, Fjármálastöðugleika, (2017/1).

Árið 2016 jókst hrein eign heimila í hlutfalli við ráðstöfunartekjur um 21% og var 504% í árslok. Aukninguna má fyrst og fremst rekja til hækkandi fasteignaverðs.

Hrein eign heimila sem hlutfall af ráðstöfunartekjum hefur aldrei verið hærri en í árslok 2015 en Seðlabankinn áætlar að hlutfallið hafi þá verið um 512% en til samanburðar þá var hlutfall eigna af ráðstöfunartekjum um 380 prósent í árslok 2008 og um 300 prósent í árslok 1997. Aukning á hreinni eign heimila á árinu 2015 má helst rekja til lægri skulda, en einnig lífeyrissjóðs-eignar sem jókst nokkuð í hlutfalli við ráðstöfunartekjur.

Vanskil og greiðsluferfiðleikar

Einstaklingum á vanskilaskrá heldur áfram að fækka. Hins vegar tilkynna nú fleiri um vanskil og því er vanskilaskrá umfangsmeiri og nákvæmari en áður. Það skýrir að einhverju leyti af hverju einstaklingum á vanskilaskrá hefur ekki fækkað hraðar þrátt fyrir batnandi stöðu heimila frá 2010. Gjaldþrotum einstaklinga fækkaði um 15% árið 2016 miðað við árið á undan samkvæmt riti Seðlabankans um Fjármálastöðugleika (2017/1).

7.057 einstaklingar höfðu í ágúst 2017 sótt um greiðsluadlögun hjá Umboðsmanni skuldara frá því að úrræðinu var komið á fót um mitt ár 2010 og af þeim hafa rúmlega 6.901 umsóknir verið afgreiddar. Langflestar umsóknirnar komu inn á árinu 2011, þeim fækkaði síðan og urðu færstar árið 2015. Frá árinu 2016 hefur þeim verið að fjölga aftur og á tímabilinu janúar-ágúst 2017 fjölgaði þeim samanborið við árið á undan.

Heilbrigðiskerfið

Erfið staða í heilbrigðiskerfinu veldur miklum áhyggjum og niðurskurður og fjársvælti er víða farið að hafa mikil áhrif á starfsemina. Heilbrigðismál hafa verið ofarlega á baugi í störfum hreyfingarinnar.

Nýtt greiðsluþátttökukerfi sjúkratryggðra

Þann 1. maí 2017 tók gildi nýtt greiðsluþátttökukerfi sjúkratryggðra. ASÍ hefur á liðnum árum ítrekað fjallað og ályktað um nauðsyn þess að draga úr kostnaðarþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu til að koma í veg fyrir að einstakl-

ingar þurfi að greiða tugi og jafnvel hundruð þúsunda vegna heilbrigðisþjónustu og lyfja. Auknum beinum útgjöldum sjúklinga fylgir veruleg hætta á að kostnaður verði hindrun á aðgengi að nauðsynlegri þjónustu fyrir viðkvæma hópa. Það eykur misskiptingu, bæði fjárhagslega, félagslega og heilsufarslega. Alþýðusambandið lagði í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í maí 2015 sérstaka áherslu á að dregið yrði úr kostnaðarþátttöku sjúklinga og var yfirlýsing þess efnis hluti af aðgerðum ríkisstjórnarinnar sem samþykktar voru í tengslum við samningana.

Í mars 2016 gaf hagdeild ASÍ út skýrslu um greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustu og þann háa kostnað sem fylgir því að veikjast hér á landi. Bein greiðsluþátttaka heimilanna í heilbrigðiskostnaði hefur farið sívaxandi undanfarið og leggst þungt á tekjulægri hópa og sjúklinga sem eykur hættuna á misskiptingu og skertu aðgengi verulega. Tekin voru raunveruleg dæmi þar sem meðferðir við sjúkdómum gátu kostað allt að hálfri milljón.

ASÍ hefur því verið fylgjandi nýju greiðsluþátttökukerfi til að verja sjúklinga fyrir verulega íþyngjandi kostnaði vegna alvarlegra veikinda. Það er einnig mjög til bóta í nýja kerfinu að greiðslur sjúkratryggðra einstaklinga fyrir þjónustu vegna þjálfunar, læknishjálpar o.fl. telja saman upp í hámarksþak og að börn með sama fjölskyldunúmer samkvæmt skilgreiningu Þjóðskrár Íslands teljist sem einn einstaklingur í greiðsluþátttökukerfinu.

Þegar frumvarpið um breytt kerfi greiðsluþátttöku var lagt fram haustið 2016 var gert ráð fyrir að kostnaðarþak almennra sjúklinga yrði 95.200 kr. á ári og 67% af því fyrir lífeyrisþega og börn. ASÍ mótmælti þessum áformum harðlega. Frumvarpið var afgreitt sem lög eftir að náðst hafði samkomulag milli fjármálaráðherra, heilbrigðisráðherra og velferðarnefndar um að lækka þessa fjárhæð í 50.000 kr. á ári fyrir almenna sjúklinga í væntanlegri reglugerð. Það voru því mikil vonbrigði þegar ASÍ fékk drög að reglugerð til umsagnar þar sem kveðið var á um að almennt þak sjúkratryggðra yrði 69.700 kr. á ári en aldrei hærra en 24.600 kr. á mánuði. Þakið hjá öldruðum, öryrkjum og börnum yrði 46.460 kr. á ári og aldrei hærra en 16.400 kr. á mánuði. ASÍ sendi inn umsögn um drögin og mótmælti svo háu þaki vegna kostnaðarþátttöku og lagði áherslu á að nauðsynlegt væri að tryggja aukna fjármuni til Sjúkratrygginga Íslands í fjárlögum fyrir árið 2017 svo draga mætti úr þeirri allt of háu kostnaðarþátttöku í heilbrigðisþjónustunni sem reglugerðardrögin gerðu ráð fyrir. Það var ekki gert og fjárlög ársins 2017 voru afgreidd með almennu þaki sjúkratryggðra 69.700 kr. á ári. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2018, sem lagt var fram í september 2017, er ekki gert ráð fyrir að draga frekar úr greiðsluþátttöku sjúklinga.

Fyrir þá sjúklinga sem þurfa mikla þjónustu reglulega mun kostnaðurinn í flestum tilfellum lækka og við gildistöku nýja kerfisins reiknast það sem greitt

hefur verið fyrir heilbrigðisþjónustu undangengna fimm mánuði inn í nýtt greiðsluþátttökuþak. En fyrir flesta aðra mun kostnaðurinn hækka. Til viðbótar við þennan kostnað kemur síðan m.a. kostnaður vegna lyfja, tannlæknaþjónustu, sálfræðiþjónustu og hjálpartækja.

Gjaldskrárkerfi fyrir heilbrigðisþjónustu er oft og tíðum flókið og óaðgengilegt fyrir sjúklinga. ASÍ reiknaði nokkur dæmi vegna þjónustu hjá sérgreinalæknum en sú þjónusta hefur í mörgum tilvikum hækkað mikið. Hækkunin er sláandi og meiri hjá lífeyrisþegum en almennum sjúklingum. Hækkunin hjáalmennum sjúklingum getur numið 10–50% og hjá lífeyrisþegum 68–150%. Samhliða breytingunni var tekið upp tilvísanakerfi fyrir börn. Heilsugæsluheimsóknir eru áfram gjaldfrjálsar fyrir börn. Án tilvísunar til sérgreinalæknis greiða þau þriðjung af almennum gjaldi og getur kostnaður aukist um 125–350% hjá börnum 2–17 ára. Tilvísanakerfið nær ekki til barna að tveggja ára aldri og er sú þjónusta sem fellur undir kerfið gjaldfrjáls fyrir þau að öllu leyti. Þessari breytingu vill ASÍ fagna sérstaklega en nauðsynlegt er að auka fjármuni til heilsugæslunnar svo að börn í þörf fyrir heilbrigðisþjónustu fái skjóta afgreiðslu og þeim sé tryggður möguleiki á gjaldfrjálsri lækniþjónustu.

Mun fleiri fresta lækniheimsóknum á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum vegna kostnaðar. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands, sem byggja á evrópskri heilsufarsrannsókn fyrir árið 2015, neituðu um 8% þeirra sem töldu sig þurfa á lækniþjónustu sér um hana vegna kostnaðar. Í rannsókninni kemur fram að ekkert samband er milli tekna og þarfarinnar fyrir heilbrigðisþjónustu, að geðheilbrigðisþjónustu undanskilinni, en þörf fyrir hana minnkar með hækkingu tekjum. Alls taldi um fimmtungur aðspurðra sig þurfa á geðheilbrigðisþjónustu að halda en þriðjungur þeirra taldi sig ekki hafa ráð á henni. Þeir tekjulægri hafa mun síður ráð á heilbrigðisþjónustu en þeir tekjuhærri og fleiri konur neita sér um þjónustuna en karlar vegna kostnaðar. Sú hækkun á þjónustunni sem kann að verða hjá mörgum er því mikið áhyggjuefni.

Tannlækningar barna

Þann 1. janúar 2017 tók samningur Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna, frá árinu 2013 um gjaldfrjálsar tannlækningar fyrir börn, að fullu gildi. Samningurinn nær nú til allra barna 3 ára og á aldrinum 6–17 ára. Hámarksgreiðsla vegna tannlækninga barna verður því 2.500 kr. á ári.

Einkarekin heilsugæsla

ASÍ hefur margoft mótmælt frekari einkavæðingu heilbrigðiskerfisins sem og sérstaklega einkavæðingu heilsugæslunnar. Harðorð ályktun gegn einkavæðingu var samþykkt á ársþingi ASÍ 2016, ASÍ hélt málþing sama ár um einka-

rekstur í heilsugæslunni og miðstjórn ályktaði gegn einkarekstri í heilsugæslunni. Þar að auki hefur frekari einkarekstri í heilbrigðisþjónustu margoft verið mótmælt í umsögnum til Alþingis um mál er varða heilbrigðismál. Þrátt fyrir þessa andstöðu ASÍ, og meirihluta þjóðarinnar samkvæmt skoðanakönnunum, ákvað ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar að bjóða út rekstur þriggja heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu til einkaaðila. Það var gert haustið 2016 og tvær nýjar einkareknar heilsugæslustöðvar voru stofnaðar á grundvelli tilboðanna.

Almanna- og sjúkratryggingar

Þann 1. janúar 2017 tóku gildi breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð vegna lífeyris aldraðra og heimilisuppbótar þeirra. Í stað grunnlífeyris, tekjutryggingar og framfærsluviðmiða kom einn bótaflokkur, ellilífeyrir. Ellilífeyrir skerðist um 45% vegna annarra tekna. Ellilífeyrisþegar sem búa einir fá eftir sem áður heimilisuppbót og skerðist hún um 56,9% umfram frítekjumark. Ekki voru gerðar breytingar á þeim hluta kerfisins sem lýtur að örorkulífeyrisþegum svo sömu bótaflokkar eru við lýði og áður.

- Fjárhæðir bóta almannatrygginga ellilífeyrisþega hækkuðu um 7,5% fyrir þá sem búa einir og er ellilífeyrir 228.734 kr. á mánuði. Heimilisuppbót ellilífeyrisþega er nú 52.316 kr. á mánuði. Orlofsuppbót er 34.500 kr. og desemberuppbót 51.750 kr.
- Fjárhæðir bóta almannatrygginga örorkulífeyrisþega hækkuðu um 7,5%.
- Lágmarksframfærslutrygging örorkulífeyrisþega hækkar um 7,1%, úr kr. 212.776 í kr. 227.883, fyrir einstakling sem býr með öðrum en um 13,4% hjá þeim sem búa einir, úr kr. 246.902 í 280.000 kr. á mánuði fyrir einstakling í sambúð. Lágmarksframfærslutrygging skerðist 100% vegna tekna.
- Frítekjumörk vegna annarra tekna ellilífeyrisþega eru 25.000 kr. en hjá örorkulífeyrisþegum eru þau óbreytt frá fyrra ári.
- Grunnatvinnuleysisbætur hækka um 7,5%, úr kr. 202.054 í kr. 217.208 á mánuði.
- Þann 15. október 2016 hækkuðu lágmarksgreiðslur úr fæðingarorlofs-sjóði og fæðingastyrkur um 7,1%, úr kr. 153.131 í 164.003 kr. á mánuði. Hámarksgreiðsla úr sjóðnum hækkaði á sama tíma um 35%, úr 370.000 kr. í 500.000 kr. á mánuði.
- Þak á árlegum hámarkskostnaði vegna niðurgreiddra lyfja var óbreytt frá fyrra ári, kr. 62.000 hjá almennum notendum og 41.000 hjá börnum, lífeyrisþegum og ungmennum undir 22 ára aldri.


- Öll börn upp að 18 ára aldri falla nú undir gjaldfrjálsar tannlækningar barna skv. samningi Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og tannlækna frá árinu 2013. Samningurinn tekur þá til allra barna á aldrinum 6–17 ára og að auki til 3 ára barna.
- Nýtt greiðsluþáttökukerfi sjúkratrygginga tók gildi 1. maí 2017. Hámarksgreiðslan verður almennt 69.700 kr. á ári en aldrei hærra en 24.600 á mánuði. Hún verður þó lægri hjá öldruðum, öryrkjum og börnum, eða 46.460 kr. á ári, og aldrei hærra en 16.400 kr. á mánuði. Börn með sama fjölskyldunúmer samkvæmt skilgreiningu Þjóðskrár Íslands teljast sem einn einstaklingur í greiðsluþáttökukerfinu. Sú nýbreytni er í nýju greiðsluþáttökukerfi að greiðslur sjúkratryggðra einstaklinga fyrir þjónustu vegna þjálfunar, læknishjálpar o.fl. telja saman upp í hámarksgjald.
- Einingaverð fyrir þjónustu sérfræðilækna hækkaði úr 382 kr. í 389 kr. þann 1. janúar 2016 og í 401 kr. þann 1. júlí 2016.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna er sú lágmarksframfærsla sem sveitarfélögum ber að tryggja öllum íbúum sínum. Í Reykjavík, þar sem yfirleitt hefur verið hæsta grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar, nam hún 184.883 kr. á mánuði á árinu 2017. Fólk í sambúð fær 1,5 falda grunnfjárhæð, eða 277.325 kr. á mánuði.

Fyrir þá einstaklinga sem missa atvinnu og eiga engan eða lítinn rétt til atvinnuleysisbóta eða hafa fullnýtt bótarétt sinn, er fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna sú lágmarksframfærsla sem þeir þurfa að reiða sig á. Í kjölfar efnahagshrunsins fjölgaði mjög í hópi þeirra sem þurfa að leita til sveitarfélags síns vegna fjárhagsaðstoðar en merki batnandi efnahags- og atvinnuástands sjást nú í fækkun viðtakenda fjárhagsaðstoðar. Heimili sem fá fjárhagsaðstoð voru árið 2016 álíka mörg og árið 2009 og hefur fækkað úr 8.000 árið 2012 í tæplega 6.000 árið 2016. Rétt er að benda á að á árunum 1997 til 2016 fjölgaði íbúum á Íslandi 18 ára og eldri um rúmlega 61.200 manns og heimilum fjölgaði að sama skapi. Hlutfallslega voru því mun færri íbúar landsins á fjárhagsaðstoð árið 2016 en árið 1997.

Mynd 4



Heimild: Hagstofa Íslands

Aukið atvinnuleysi á árunum eftir efnahagshrun hefur endurspeglast í tölum um fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna síðustu ár. Stytting á bótatímabili atvinnuleysisbóta, fyrst úr 4 árum í 3 á árinu 2013 og síðan í 2,5 ár á árinu 2015, skýra þessa þróun að verulegu leyti þar sem atvinnuleitendur án bótaréttar hafa ekki að annarri framfærslu að hverfa. Skilyrði fjárhagsaðstoðar eru þó mjög þröng og taka mið af heimilistekjum viðkomandi einstaklings, og maka ef við á, og því fellur að líkindum verulegur hluti þess hóps utan allra kerfa.

Notendum vegna fjárhagsaðstoðar heldur áfram að fækka á árinu 2017. Þegar lítið er til Reykjavíkurborgar sést að móttakendum fjárhagsaðstoðar í júlí 2017 fækkaði um 17% miðað við júlí 2016. Útgjöld til málaflokksins lækkuðu að sama skapi.

Velferðarnefnd ASÍ

Velferðarnefnd ASÍ hefur fundað reglulega og unnið í samræmi við ályktanir 42. þings Alþýðusambandsins er lúta að velferðarmálum. Nefndin hefur skoðað áhrif af kerfisbreytingum í bæði almannatryggingakerfinu og húsnæðisbótakerfinu á kjör lífeyrisþega og leigjenda. Breytingar á ellilífeyrshluta almannatrygginga tóku gildi 1. janúar 2017 og sama dag tók nýtt húsnæðisbótakerfi gildi, húsnæðisbætur. Þá hefur nefndin fjallað um nýtt greiðsluþátt-tökukerfi sjúkratrygginga sem tók gildi 1. maí 2017.

Nefndin fékk Drífu Snædal, framkvæmdastjóra Starfsgreinasambandsins, á sinn fund vegna erindis frá samtökunum Akkeri sem hafa óskað eftir sam-

starfi við ASÍ við fræðslu fyrir flóttafólk og hælisleitendur um réttindi launafólks á íslenskum vinnumarkaði.

Formaður velferðarnefndar, Sigurrós Friðriksdóttir, á sæti í stýrihóp Velferðavaktar ríkisstjórnarinnar fyrir hönd ASÍ. Hún miðlar reglulega upplýsingum um störf vaktarinnar til velferðarnefndar og sjónarmiðum ASÍ til velferðavaktarinnar. Hlutverk velferðavaktarinnar er að fylgjast með félagslegum þáttum og fjárhagslegri afkomu fjölskyldna og gera tillögur um aðgerðir í þágu heimilanna.




LÍFEYRISMÁL

Afcoma lífeyrissjóðanna á árinu 2016 var almennt léleg, hrein raunávöxtun samtryggingadeilda var 0% á árinu 2016 samanborið við 8% árið 2015. Stærsti áhrifavaldurinn í afkomu ársins er sterk staða krónunnar sem veldur talsverðum lækkunum á erlendum eignum sjóðanna. Langtímaárangur lífeyrissjóðanna er hins vegar góður, hrein raunávöxtun sl. 25 ára samtryggingardeilda lífeyrissjóðanna nemur 4,3% sem er vel yfir 3,5% langtíma ávöxtunarviðmiði þeirra. Gjaldeyrishöft hafa frá árinu 2008 takmarkað mjög nýfjárfestingar sjóðanna en sem hluti af aðgerðaráætlun stjórnvalda til losunar fjármagnshaftra veitti Seðlabankinn sjóðunum heimild til fjárfestinga fyrir samtals 10 milljarða á árinu 2010, 85 milljarða á árinu 2016 og 100 milljarða á árinu 2017. Í mars 2017 tilkynnti Seðlabankinn um nýjar reglur um gjaldeyrismál sem aflétta að mestu takmarkanir á fjármagnshreyfingum á milli landa og er lífeyrissjóðunum þar með veitt undanþága frá lögum um gjaldeyrismál til fjárfestinga í erlendum gjaldeyri. Með þessu lýkur því ríflega 8 ára takmörkunum á fjárfestingum lífeyrissjóðanna erlendis sem hafa á undanförunum árum takmarkað verulega getu þeirra til áhættudreifingar á eignum sínum. Samruni Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs var samþykktur á aukaársfundum sjóðanna í lok september 2016 og tók nýr sameinaður sjóður til starfa sem fékk nafnið Birta lífeyrissjóður til starfa þann 1. desember 2016.

Þann 1. júlí 2017 tók gildi annar áfangi hækkunar á mótframlagi atvinnurekenda á almennum vinnumarkaði til lífeyrissjóða sem samið var um í kjarasamningum í janúar 2016 og er liður í jöfnun lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Iðgjaldið er því nú samtals 14%, 4% framlag launamanns og 10% mótframlag atvinnurekanda. Síðasti áfangi hækkunarinnar mótframlagsins, 1,5 prósentustig til viðbótar, tekur gildi þann 1. júlí 2018.

Sem fyrr er mikill munur á stöðu lífeyrissjóða launafólks á almennum og opinberum vinnumarkaði en halli opinberu sjóðanna fer enn vaxandi. Tryggingarfræðileg staða lífeyrissjóða launafólks innan ASÍ versnaði nokkuð frá fyrra ári, var neikvæð um ríflega 19 milljarða sem samsvarar um 0,6% af skuldbindingum sem er viðsnúningur um ríflega 107 milljarða frá fyrra ári þegar staðan var jákvæð um 88 milljarða. Versnandi tryggingarfræðilega stöðu má rekja til slakrar ávöxtunar á árinu og aukinna skuldbindinga vegna nýrra líftafna sem byggja á dánarreynslu árunna 2010–2014.

Halli sjóða opinberra starfsmanna sem bera launagreiðendaábyrgð hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Heildar tryggingafræðileg staða samtryggingadeilda þessara sjóða var í árslok 2016 neikvæð um tæplega 742 milljarða, eða sem samsvarar um 35% af skuldbindingum sjóðanna. Hallinn óx um 70 milljarða frá árinu áður og hefur frá árinu 2009 vaxið um 246 milljarða króna.



Alþingi samþykkti í október 2016 lög um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð sem tóku gildi þann 1. júlí 2017 sem heimila þeim sem kaupa sína fyrstu fasteign

að nota séreignarsparnað sinn í allt að 10 ár til öflunar íbúðarhúsnæðis. Þá hefur ákvæði um skattaívilnun til þeirra sem ráðstafa séreignarlífeyrissparnaði til lækkunar á höfuðstól húsnæðislána, sem samþykkt var á árinu 2014 sem hluti af aðgerðaráætlun stjórnvalda um höfuðstóllækkun húsnæðislána, nú verið framlengt í tvígang og gildir heimildin nú út árið 2019.

Jöfnun lífeyrisréttinda

– breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna

Með rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá 27. október 2015 var jöfnun lífeyrisréttinda gerð að nauðsynlegri forsendu þess að unnt yrði að koma á nýju samningamódeli fyrir allan vinnumarkaðinn og viðurkennt að kostnaður vegna þessa væri hluti af því svigrúmi sem fyrir hendi væri til launahækkana hjá opinberum starfsmönnum. Samningaviðræðum um breytingar á skipan lífeyrismála hjá opinberum starfsmönnum til samræmis við þetta lauk þann 19. september 2016 með undirritun samkomulags Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands við fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar taka til A-deildar LSR (Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins) og Brúar (Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga) en um 35.000 manns greiða í þessa tvo sjóði. Breytingarnar miða að því að samræma lífeyrisréttindi á almenna og opinbera vinnumarkaðnum með því að aldurstengja réttindi og hækka lífeyrisaldur opinberra starfsmannaúr 65 í 67 ár. Með þessu er stuðlað að sjálfbærni lífeyriskerfis opinberra starfsmanna líkt og á almennum vinnumarkaði. Samhliða breytingunni er ábyrgð ríkis og sveitarfélaga á breytilegu iðgjaldi til A-deildar LSR og Brúar afnumin frá og með 1. janúar 2017. Samkomulagið kveður á um að réttindi núverandi sjóðfélaga í A- deildum LSR og Brúar verði jafn verðmæt fyrir og eftir breytinguna. Gert var ráð fyrir að ríkið legði A-deild LSR til um 91,3 milljarða kr. og A-deild Brúar um 28,1 milljarð kr. að núvirði – samtals 119,4 milljarða króna sem lagðar verða í sk. lífeyrisaukasjóði til að tryggja þessi réttindi núverandi sjóðfélaga. Lífeyrisaukasjóðirnir verða nýttir til að uppfæra reglulega það sem upp á vantar til þess að iðgjaldagreiðslur dugi fyrir réttindum núverandi sjóðfélaga. Hver og einn sjóðfélagi heldur þannig jafn verðmætum réttindum í nýju kerfi eins og orðið hefði í óbreyttu kerfi. Að auki kveður samkomulagið á um að ríki og sveitarfélög leggi 11 milljarða króna í sérstakan varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóðina. Þá er í samkomulaginu gert ráð fyrir að unnið verði sérstaklega að því á næstu árum að jafna laun einstakra hópa milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins og verður sérstökum samráðshópi með fulltrúum heildarsamtaka opinberra starfsmanna og fulltrúum launagreiðenda komið á fót í því miði. Frumvarp til breytinga á lögum um

Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins var lagt fram á Alþingi í kjölfar samkomulagsins. Samtök opinberra starfsmanna töldu frumvarpið ekki endurspeglar efnisatriði samkomulagsins og settu sig alfarið gegn samþykkt frumvarpsins á Alþingi. Frumvarpið var því ekki afgreitt á þingi fyrir kosningar í október 2016. Nýtt frumvarp var lagt fram á þingi í desember.

Frumvarp til breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins var lagt fram í lok september í kjölfar samkomulags Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslandsvið fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar taka til A-deildar LSR (Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins) og Brúar (Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga). Um 35.000 manns greiða í þessa tvo sjóði.

Vegna ágreinings um inntak samkomulagsins þar sem samtök opinberra starfsmanna töldu að frumvarpið endurspeglar ekki efnisatriði samkomulagsins var það ekki afgreitt á þingi fyrir kosningar.

Nýtt breytt frumvarp var lagt fram í desember þar sem skilgreiningin á þeim sjóðfélögum sem eiga rétt til lífeyrisauka – þ.e. verðmæti réttinda þeirra eru jafn mikil fyrir og eftir breytingu, er útvíkkuð úr því að vera virkir greiðendur á árinu 2016 í að vera virkir greiðendur á síðustu 12 mánuðum fyrir gildistöku nýrra samþykkt. Þá gerði nýtt frumvarp ráð fyrir að réttindi allra núverandi elli- og örorku- og makalífeyrisþega, sem og sjóðfélaga sem náð hafa 60 ára aldri þegar breytingarnar taka gildi, séu að fullu ríkistryggð. Þá var gildistöku breytinganna frestað frá 1. janúar 2017 til 1. júní sama ár. Í breyttu frumvarpi var sömuleiðis gert ráð fyrir að framlög í lífeyrisaukasjóð séu metin út frá stöðu sjóðanna í árslok 2016 í stað ársloka 2015, sem þýðir að heildarframlög ríkis og sveitarfélaga í lífeyrisaukasjóði A-deilda LSR og Brúar hækkuðu úr 119,4 milljörðum kr. í 153,7 milljarða kr. eða um 34,3 milljarða króna. Framlag í varúðarsjóði var óbreytt, 11 milljarðar króna. Þrátt fyrir þessar breytingar töldu samtök opinberra starfsmanna frumvarpið ekki endurspeglar inntak samkomulagsins frá því í september og settu sig gegn samþykkt þess. Frumvarp um breytingar á lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins var samþykkt á Alþingi þann 22. desember 2016. Með þessum breytingum hefur áratuga áhersla ASÍ á samræmingu lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði loks orðið að veruleika og hafin vegferð við að tryggja að lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna verði sjálfbærir og geti staðið undir réttindum sjóðfélaga sinna, líkt og lífeyrissjóðir launafólks á almennum vinnumarkaði, til framtíðar.

Í bráðabirgðaákvæðum með lögnum um breytingar á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, nr. 127/2016, er gert ráð fyrir að skipaður verði starfshópur með aðilum vinnumarkaðarins sem greini með heildstæðum hætti þörf á því

að lífeyristökualdur tiltekinna starfshópa verði lægri en almennt tíðkast. Fjármálaráðherra skipaði starfshópin í júní 2017 og var Henny Hinz skipuð fulltrúi ASÍ.

Lífeyrisréttindi ASÍ félaga hjá ríki og sveitarfélögum

Félagsmenn innan vébanda aðildarféлага ASÍ sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum, ásamt stofnunum sem fjármagnaðar eru af þeim og fyrirtækjum þeirra, eru um 12.000 en fulltrúar þeirra höfðu enga aðkomu að viðræðum um breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. Þessi hópur greiðir lífeyrisiðgjöld til almennu lífeyrissjóðanna, en mótframlag atvinnurekenda er skv. kjarasamningi hið sama og til lífeyrissjóða opinberra starfsmanna (11,5%). Í kjarasamningum þessara aðildarféлага við ríki og Reykjavíkurborg er jafnframt kveðið á um að mótframlagið byggi á þeirri forsendu að ekki verði breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. Jafnframt kveða kjarasamningarnir á um að verði breytingar á mótframlagi hjá lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna taki mótframlag þessa hóps breytingum á sama hátt. Auk þess er rammasamkomulag aðila vinnumarkaðarins frá október 2015 hluti af kjarasamningi aðildarféлага við Samband íslenskra sveitarféлага, en þar er kveðið á um að kostnaður vegna lífeyrismála séu hluti launakostnaðar og gert ráð fyrir því í launakostnaðarramma samkomulagsins. Lífeyrisréttindi þessa hóps opinberra starfsmanna hafa þó ekki verið ríkistryggt með sama hætti og lífeyrisréttindi sjóðfélaga opinberu lífeyrissjóðanna. ASÍ lagði á það ríka áherslu við stjórnvöld að réttindi þessara félagsmanna yrðu tryggð með sambærilegum hætti og réttindi annarra opinberra starfsmanna í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnar í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í maí 2011. Þar var því lýst yfir að við breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna yrðu réttindi þessa hóps tryggð með sambærilegum hætti og réttindi sjóðfélaga í lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna, með framlögum frá hinu opinbera.

Sú leið sem farin er við breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna, að greiða framlag til sérstakra lífeyrisaukasjóða LSR og Brúar til að standa undir óbreyttum réttindum núverandi sjóðfélaga til starfsloka, þýðir að iðgjald til sjóðanna verður óbreytt en lífeyrisaukasjóðurinn bætir upp það sem upp á vantar til þess að standa undir óbreyttum réttindum.

Þessi leið mun hins vegar ekki tryggja starfsfólki ríkis og sveitarféлага innan vébanda ASÍ sambærilega uppbót. Alþýðusambandið hafði frumkvæði að því að fá tryggingafræðilegt mat á stöðu þessa hóps og kostnaði við að tryggja honum sambærilega lausn og sjóðfélögum A-deilda LSR og Brúar. Niðurstaða þess var að mynda þurfi lífeyrisaukasjóð fyrir ríflega 12 milljarða króna til að tryggja félagsmönnum innan vébanda ASÍ sem starfa hjá hinu

opinbera sambærilega stöðu og öðrum opinberum starfsmönnum. Matið var kynnt fjárlaganefnd við meðferð frumvarpsins um breytingar á lögum um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna í desember 2016 og lögð áhersla á að Alþingi tryggði framlagið í fjárukalögum fyrir árið 2016 til þess að aðgerðin yrði ekki íþyngjandi fyrir fjárlög næsta árs. Ekki var orðið við þeirri beiðni og þáverandi fjármálaráðherra og fulltrúar Reykjavíkurborgar höfnuðu því að farin yrði sambærileg leið gagnvart þessum hópi og félagsmönnum í stéttarfélögum opinberra starfsmanna.

Frá því í febrúar 2017 hafa fulltrúar ASÍ átt í viðræðum við fulltrúa fjármálaráðherra, Reykjavíkurborgar og Launanefndar sveitarfélaga um með hvaða hætti þessum hópi félagsmanna ASÍ verði tryggt sambærileg lausn og opinberir starfsmenn fengu við breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna. Í viðræðunefndinni f.h. ASÍ sitja Björn Snæbjörnsson (Eining-Iðja), Björn Ágúst Sigurjónsson (RSÍ), Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, Halldóra Sveinsdóttir (Báran), Henný Hinz, hagfræðingur ASÍ, Signý Jóhannsdóttir (Stéttarfélag Vesturlands), Sigurður Bessason (Efling) og Þorbjörn Guðmundsson (Samíðn). Fulltrúar ríkisins og Reykjavíkurborgar hafa í viðræðunum tekið undir þá kröfu ASÍ að þeim beri að standa fyrir ámóta aðgerð, sem metin hafði verið sem ígildi 1,5% launakostnaðar, bæði á grundvelli Ramma-samkomulagsins frá því í október 2015 þar sem kostnaður vegna aðgerðarinnar var haldið til hliðar og á grundvelli gildandi ákvæða kjarasamninga um jöfnuð í lífeyrismálum. Fulltrúar sveitarfélaganna hafa hins vegar hafnað allri aðkomu að þessum viðræðum þar sem ekkert ákvæði væri í gildandi kjarasamningum líkt og hjá ríki og Reykjavíkurborg, þrátt fyrir að viðurkennt væri að 1,5% af launahækkunarsvigrúminu hafi verið haldið til hliðar. Ríki og Reykjavíkurborg lögðu í mars fram tilboð um að mæta kröfunni með launabreytingum en því var hafnað á þeirri forsendu að slíkt yrði jafnað út við næstu samninga gagnvart öðrum hópum. Aðgerðin var tengd lífeyrismálum og krafa ASÍ að hún yrði framkvæmd sem lífeyrisaðgerð. Ljóst er að breytingin á LSR og Brú snýr einungis að þeim sem núna eru greiddur í lífeyrissjóðina. Nýir starfsmenn munu fara inn á nýtt lífeyriskerfi sem er sambærilegt lífeyriskerfi á almennum vinnumarkaði, þ.e. með 15,5% iðgjald í aldurstengdri réttindaávinnslu með 67 ára lífeyrisaldur. Hins vegar lá einnig fyrir að kostnaðarmatið miðast við meðaltal af heildarlaunakostnaði á næstu 34 árum. Þegar ljóst var að eingreiðsluleiðin var ekki fær lögðu fulltrúar aðildarsamtaka ASÍ til að málið yrði leyst með 1,5% viðbótargreiðslu í séreign hjá viðkomandi starfsmanni sem varanlegt ákvæði í kjarasamningi. Þessu höfnuðu viðsemjendurnir og buðust til að greiða 1,5% í séreign af þeim sem væru í starfi í upphafi þessa árs en að greiðsluskylda félli niður hætti þeir í starfi. Starfsmannavelta er mikil í þeim störfum sem hér um ræðir og mikið um fhlaupa-

störf samhliða námi eða tímabundin störf. Tillaga um 1,5% í séreign sem sólarlagsákvæði var því mun ódýrari en kostnaður vegna opinberu sjóðanna. LSR sendi vorið 2017 launagreiðendum, sem ekki eru fjármagnaðir á fjárlögum, tilkynningu um að frá og með 1. júlí myndi iðgjald þeirra til sjóðsins hækka um 5,8% og verða 17,3% til viðbótar við 4% framlag launamannsins og væri þetta byggt á tryggingafræðilegu mati á iðgjaldsþörf sjóðsins vegna þeirra breytinga sem Alþingi samþykkti. Í lögnum er jafnframt tryggt að sjóðsfélagar LSR og Brúar geta flutt eign sína í lífeyrisaukasjóðnum á milli ríkisins og sveitarfélaga ef þeir skipta um starf. Þegar þetta lá fyrir ákvað samninganefnd aðildarfélaganna að draga fyrri tillögu um 1,5% í séreign til baka og krefjast þess að ríkið og Reykjavíkurborg greiddu 5,8% viðbótariðgjald í viðkomandi lífeyrissjóð sem tæki síðan breytingum skv. tryggingafræðilegu mati á hverju ári skv. ákvörðun stjórnar LSR. Jafnframt var þess krafist að ef starfsmaður færi frá ríki til Reykjavíkurborgar, og öfugt, myndi hann flytja þennan rétt með sér. Þessi krafa stendur enn og hefur verið til umfjöllunar hjá bæði ríkinu og Reykjavíkurborg. Samninganefnd aðildarféлага ASÍ ákvað því að hefja undirbúning á máli fyrir félagsdómi þar sem ríkið og Reykjavíkurborg yrðu krafín efnda á þessu ákvæði kjarasamninga. Málið var undirbúið og lá tilbúið til þingfestingar í félagsdómi. Á fundi forseta ASÍ með fjármálaráðherra í lok ágúst lýsti hann vilja sínum til að leysa málið með þeim hætti sem ASÍ hefur lagt til og borgarstjóri hefur sömuleiðis fallist á að ganga til samninga á þeim grunni. Undirritaður var samningur milli fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar og Alþýðusambandsins f.h. aðildarféлага Starfsgreinasambandsins, Flóabandalagsins, Rafiðnaðarsambandsins, Samiðnar, VM og Matvís þann 19. september 2017 um breytingu á ákvæðum 14.1.2 og 14.2.1 um lífeyrismál í gildandi kjarasamningum. Samhliða samningnum var undirrituð fundargerð þess efnis að náist samningar við Samband íslenskra sveitarfélaga um sambærilega lausn fyrir þá starfsmenn sem þar starfa verði réttindi jafnframt færanleg á milli ríkis, borgar og sveitarfélaga. Eftir stendur deilan við Samband íslenskra sveitarfélaga en samninganefndin mun taka afstöðu til þess hvaða leið verður farin í framhaldinu.

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjavíkurborg
annars vegar
og Alþýðusamband Íslands hins vegar,
fyrir hönd aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands, Flóabandalagsins,
Rafiðnaðarsambands Íslands og Samiðnar, VM – Félag vélstjóra og máltæknimanna
og Matvís
gera með sér eftirfarandi
SAMKOMULAG
um breytingar á ákvæði 14.1.2 eða 14.2.1 í gildandi kjarasamningum

14.1 Greiðslur í lífeyrissjóði

- 14.1.1 Starfsmaður, 16 ára og eldri, skal greiða 4% af heildarlaunum í lífeyrissjóð viðkomandi aðildarfélags ASÍ.
- 14.1.2 Mótframlag vinnuveitanda skal vera 11,5%.

14.2 Viðbótarframlag til lífeyrissparnaðar


- 14.2.1 Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð, greiðir vinnuveitandi framlag á móti allt að 2% gegn 2% framlagi starfsmanns.

Ákvæði til bráðabirgða um sérstakan lífeyrisauka

Greiða skal sérstakan lífeyrisauka, sem greiddur skal mánaðarlega, vegna þeirra félagsmanna ofangreindra stéttarfélaga sem eru virkir greiðendur í lífeyrissjóði viðkomandi stéttarfélaga á síðustu 12 mánuðum fyrir 1. júní 2017, eiga a.m.k. þriggja mánaða uppsagnarfrest og starfa hjá ríki eða Reykjavíkurborg og skulu þeir eiga rétt til þessa lífeyrisauka á meðan þeir starfa hjá áðurnefndum launagreiðendum, sbr. þó 2. mgr.

Félagsmaður sem ekki greiddi iðgjöld síðustu 12 mánuði fyrir 1. júní 2017, án þess þó að fornlegu ráðningarsambandi hans hjá ríki eða Reykjavíkurborg hafi verið slitið, hefur sama rétt til lífeyrisauka og þeir sem falla undir 1. mgr.

Verði rof á ráðningarsambandi af öðrum ástæðum en segir í 2. mgr. til lengri tíma en tólf mánaða fellur réttur hans til frekari lífeyrisauka niður. Félagsmenn sem voru ekki í starfi á tímabilinu frá júní 2016 til júní 2017 eiga rétt á greiðslu lífeyrisauka verði þeir ráðnir til starfa hjá ríki eða Reykjavíkurborg á ný eigi síðar en tólf mánuðum eftir undirskrift


HSS A. J. B. S. S.



samkomulags þessa. Heimilt er að framlengja tímabilið um tólf mánuði vegna náms, veikinda eða fæðingarorlofs félagsmanna.

Félagsmenn sem fátast milli ríkis og Reykjavíkurborgar og eiga rétt til sérstaks lífeyrisauka skulu halda þeim rétti og er nýr launagreiðandi skyldugur til að greiða viðbótariðgjaldið eins og það er á hverjum tíma. Þann sama rétt skulu félagsmenn sem hefja störf hjá ríki eða Reykjavíkurborg og starfa hjá stofnunum eða fyrirtækjum, sem fjármagnaðar eru með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum frá ríki eða Reykjavíkurborg og gert hafa kjarasamning við ofangreind félög með beinni tilvísun í kjarasamninga fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs eða Reykjavíkurborgar og uppfylla ákvæði 1., 2. og 3. mgr. enda hafi þessar stofnanir og fyrirtæki undirgengist sömu skyldur gagnvart félagsmönnum sem starfa hjá ríki og Reykjavíkurborg og hefja störf hjá þeim.

Starfsmaður öðlast þennan rétt hjá nýjum vinnuveitanda frá upphafi ráðningar, enda hafi hann lagt fram staðfestingu frá fyrri vinnuveitanda, ella öðlast hann þann rétt frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann hefur lagt fram staðfest gögn þar að lútandi frá fyrri vinnuveitanda.

Iðgjald til sérstaka lífeyrisaukans skal fara eftir ákvörðun Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og skal það endurskoðað árlega í samræmi við tryggingafræðilega athugun sjóðsins á iðgjaldi til launagreiðenda sem ekki eru cínkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum. Skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkun liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár, en iðgjald vegna ársins 2017 skal vera 5,85% skv. tilkynningu LSR frá 7. apríl s.l.

Með ofangreindu ákvæði til bráðabirgða um sérstakan lífeyrisauka fellur niður nügildandi ákvæði 2. mgr. 14.2.1 (ríki) og 2. mgr. 14.1.2 (Reykjavíkurborg) um tengingu mótfrelags vinnuveitanda við breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna nema að til komi enn frekari framlög til varúðarsjóðs, lífeyrisaukasjóðs eða A-deildar LSR á grundvelli bráðabirgðaákvæðis X.b og X.c í lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og munu þá aðilar semja um það hvernig við því verði brugðist með sambærilegum hætti.

Reykjavík, 19. september 2017

f.h. fjármála- og efnamálaráðherra

f.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki
Borgarráðs

Þóli Þólorson

f.h. ASÍ með fyrirvara um samþykki

viðkomandi samninganefnda

Guðmundur Þ. Þorsteinsson

Sigrún Þ. Þorsteinsson

Halldóra S. Sveinsdóttir

Helga Þorsteinsson

Þorsteinn Guðmundsson

Agurður Þ. Þorsteinsson

Hækkun á mótframlagi atvinnurekenda og tilgreind séreign

Á grundvelli rammasamkomulags aðila vinnumarkaðarins frá því í október 2016 og bókunar um jöfnun lífeyrisréttinda frá 5. maí 2011 var í kjarasamningum milli aðildarféлага ASÍ og Samtaka atvinnulífsins sem undirritaðir voru þann 21. janúar 2016 samið um hækkun á framlagi launagreiðenda í lífeyrisjóð um 3,5 prósentustig á árunum 2016–2018. Framlagið hækkaði í 8,5% þann 1. júlí 2016, 10% þann 1. júlí 2017 og 11,5% þann 1. júlí 2018. Samningurinn tryggir að mánaðalegur ævilangur ellilífeyrir launafólks nemi 76% af meðal mánaðartekjum yfir starfsævina en hjá almennu launafólki hefur hingað til verið miðað við 56%. Áfallatryggingar lífeyrissjóðanna – örorkubætur og barna- og fjölskyldulífeyrir – hækka í sama hlutfalli. Samið verður um frekari útfærslu á ráðstöfun 3,5% viðbótarframlagsins við endurskoðun á kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál en gert er ráð fyrir að sjóðfélagar muni hafa val um að ráðstafa því að hluta eða fullu í svokallaðan bundinn séreignarsparnað með það fyrir augum að auka sveigjanleika í starfslokum. Með bundinni séreign er átt við að settar séu þrengri skorður en gilda gagnvart öðrum viðbótarlífeyrissparnaði en þessa heimild er nauðsynlegt að undirbúa vel með tilliti til tryggingafræðilegrar stöðu lífeyriskerfisins og áhrif á réttindi til áfalla- og fjölskyldulífeyris sem og ævilangs lífeyris. Í júní 2016 undirrituðu ASÍ og SA samkomulag um framkvæmd á hækkun framlags atvinnurekenda í lífeyrissjóð á grundvelli samnings aðila frá 21. janúar 2016. Samkomulagið kveður á um skyldur atvinnurekenda til að skila öllu skyldutryggingariðgjaldi, bæði framlagi launamanns og mótframlagi atvinnurekenda, samtals 15,5%, til skyldutryggingarsjóðs en réttur launamanns til þess að ráðstafa hluta eða allri hækkun mótframlags í tilgreinda séreign er viðkomandi lífeyrissjóði og atvinnurekenda óviðkomandi. Samkomulagið gerir ráð fyrir að heimild launamanns til ráðstöfunar í tilgreinda séreign taki gildi frá 1. júlí 2017 en sá fyrirvari er gerður við gildistöku valréttarins að samkomulag hafi náðst við stjórnvöld um breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þar sem lífeyrissjóðunum verði gert kleift að stofna deildir sem taki við og varðveiti tilgreindan séreignarsparnað, þar til slík lagastöð liggur fyrir fari iðgjaldið til samtryggingardeilda. Frá undirritun samkomulagsins lagði ASÍ áherslu á að unnið væri að breytingu á lífeyrissjóðalögunum til samræmis við þetta, m.a. í samstarfi við Landssamtök lífeyrisjóða, og lagði fram ítarlegar tillögur fyrir ráðherra í þeim efnun. Vinnan tafðist hins vegar úr hófi fram í meðförum stjórnvalda og í mars 2017 skipaði fjármálaráðherra nefnd með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, lífeyrissjóðanna og stjórnvalda til að leggja fram tillögur að lagabreytingu sem gerðu ráðstöfun á hluta skylduiðgjalds í bundna séreign mögulega. Gylfi Arnbjörns-son forseti var fulltrúi ASÍ í nefndinni og laði þar ríka áherslu á mikilvægi þess

að málið yrði afgreitt á vorþingi 2017 svo unnt verði að standa við fyrirætlanir um að opna fyrir möguleika sjóðfélaga til ráðstöfunar í tilgreinda séreign nú í sumar. Í maíbyrjun lágu fyrir drög að frumvarpi sem leggja átti fyrir Alþingi fyrir þinglok en fyrir lá að tíminn var skammur. Í kjölfar þess að Landssamtök lífeyrissjóða sendu frá sér harðorða og neikvæða umsögn um málið til ráðherra og fóru fram á að því yrði frestað til áramóta þar sem sjóðirnir væru ekki tilbúnir í breytingarnar féll ráðherra frá því að leggja fram frumvarpið að sinni en lýsti því yfir að það yrði gert um leið og þing kæmi saman að hausti. Þessi niðurstaða voru mikil vonbrigði þar sem rík krafa var innan margra ASÍ-félaga um að ákvæðið um tilgreinda séreign tæki gildi þann 1. júlí líkt og samkomulagið gerir ráð fyrir. Sem viðbrögð við þessu sendu ASÍ og SA sameiginlegt bréf til framkvæmdastjóra lífeyrissjóðanna sem starfa á grundvelli kjarasamnings aðila þar sem þeim tilmælum er beint til sjóðanna að gera breytingar á samþykktum sínum þannig að þeir verði í stakk búnir til að taka við beiðni launamanna um ráðstöfun á hækkuðu framlagi atvinnurekenda þann 1. júlí.



Lífeyrissjóðir á samningssviði ASÍ og SA

Reykjavík, 17. maí 2017

Um framkvæmd á hækkun móttframlags atvinnurekenda í lífeyrissjóði og heimild sjóðsfélaga til þess að ráðstafa þeirri hækkun að hluta eða öllu leyti í tilgreinda séreign

Bréf þetta er sent til þeirra lífeyrissjóða sem starfa á grundvelli kjarasamnings ASÍ og SA frá 1969 og 1995, með síðari breytingum, í framhaldi af umræðu um með hvaða hætti sjóðsfélögum þessara sjóða verði gert kleyft að ráðstafa hluta eða allri hækkun iðgjaldsins í tilgreinda séreign. Í lögum nr. 129/1997 um starfsemi lífeyrissjóða er kveðið á um þau lágmarksákvæði sem lífeyrissjóðir þurfa að standa skil á, en jafnframt er ljóst að samningsaðilar á vinnumarkaði hafa gert kjarasamninga sem geta kveðið á um ríkari lágmarksréttindi en lögin gera ráð fyrir. Með kjarasamningi ASÍ og SA frá 21. janúar 2016 var samið um að hækka framlag atvinnurekenda úr 8 í 11,5% í áföngum og er það nú hluti lágmarksréttinda þeirra sem þeir kjarasamningar ná til.

Í kjarasamningi aðila frá síðasta ári var jafnframt kveðið á um áform aðila að heimila sjóðsfélögum lífeyrissjóða á þeirra samningssviði að ráðstafa auknu lágmarks skyldubundnu lífeyrisframlagi að hluta eða öllu leyti í bundna séreign, hér eftir tilgreinda séreign¹, til að auðvelda og auka sveigjanleika við starfslok. Aðilar settu þann fyrirvara við þessi áform að þau röskuðu ekki tryggingafræðilegum forsendum samtryggingakerfis lífeyrissjóðanna. Þegar fyrir lá, á grundvelli tryggingafræðilegra útreikninga², að ráðstöfun iðgjalds í tilgreinda séreign hefði óveruleg áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðanna gengu samningsaðilar frá samkomulagi þann 15. júní 2016 um framkvæmd hækkunar framlags atvinnurekenda. Jafnframt áréttu samtökin að þau frestuðu gildistöku þessarar valréttarheimild fyrir ári síðan til þess að gera sjóðunum kleift að undirbúa þessa breytingu.

Í samkomulaginu var skýrt kveðið á um skyldur atvinnurekenda til þess að skila bæði sínu framlagi og framlagi launamanns til skyldutryggingarlífeyrissjóðs viðkomandi launamanns á grundvelli kjarasamninga ASÍ og SA frá 1969 og 1995, með síðari breytingum. Réttur launamanns til þess að ráðstafa hluta eða allri hækkuninni í tilgreinda séreign væri því bundinn við samskipti hans við viðkomandi lífeyrissjóð og atvinnurekanda óviðkomandi. Frá og með 1. júlí 2017 mun móttframlag atvinnurekenda hækka úr 8,5 í 10% en framlag launamanna verður óbreytt 4%.

Í samkomulaginu var jafnframt kveðið á um að réttur launamanns til ráðstöfunar iðgjalds í tilgreinda séreign virkist frá og með 1. júlí 2017 og geti þá orðið allt að 2%. Jafnframt verði launamanni heimilt að ráðstafa allt að 3,5% frá og með 1. júlí 2018.

Starfshópur aðila vinnumarkaðarins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins hafa á undanförunum mánuðum unnið að gerð lagafrumvarps um breytingar á lögum um starfsemi lífeyrissjóða, lögum nr. 129/1997, til þess að veita tilgreindri séreign skýra lagastöð. Nú liggur fyrir að ekki náðist að leggja

¹ Í viðræðum aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda hefur það verið sameiginlegur skilningur þeirra að nota fremur hugtakið „tilgreind séreign“ en „bundin séreign“ þar sem síðara hugtakið hefur þegar verið bæði notað og skilgreint af einstaka lífeyrissjóðum.

² Útreikningar Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings, fyrir ASÍ og SA.

frumvarpið á þessu þingi. Frumvarpið er nú til umsagnar hjá Landssamtökum lífeyrissjóða og lífeyrissjóðunum og verður lagt fram í upphafi haustþings með áformaðri gildistöku 1. janúar 2018.

Í fyrrgreindu samkomulagi frá 15. júní 2016 var settur sá fyrirvari, að „samkomulag hafi náðst við stjórnvöld um breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða“ og náist slíkt samkomulag ekki frestist þessi valréttur launamanns. Í ljósi þess að fullbúið frumvarp liggur fyrir, unnið í samstarfi aðilanna og ráðuneytisins, og er til umsagnar hjá hagsmunaaðilum liggur fyrir að samkomulag liggur fyrir milli aðilanna og stjórnvalda.

Í ljósi samkomulags aðilanna og stjórnvalda er ekki eftir neinu að bíða með að framkvæma ákvæði kjarasamningsins um rétt launamanna til að ráðstafa allt að 2% af hækkuðu iðgjaldi til tilgreindrar séreignar. Hér er um mikilvæg réttindi að ræða sem grundvallast á kjarasamningi sem félagsmenn bæði stéttarfélaganna og samtaka atvinnurekenda hafa samþykkt með miklum meirihluta.

Það er einnig mat ASÍ og SA að lífeyrissjóðir á samningsviði ASÍ og SA geti breytt samþykktum sínum á grundvelli 3. mgr. 4. gr. laga 129/1997 á þann veg að lágmarkstryggingavernd samkvæmt kjarasamningi geti verið samsett að hluta af ævilöngum lífeyri (ásamt áfallalífeyri) sem miðist við 1,4% á ári og að hluta af „tilgreindri séreign“ sem sé erfanleg og sjóðsfélagi hafi rými ráðstöfunarrétt yfir en gildir um lágmarkstrygginguna að öðru leyti.

ASÍ og SA beina því þeim tilmælum til þeirra lífeyrissjóða, sem starfa á grundvelli kjarasamnings aðila frá 1969 og 1995, með síðari breytingum, að gera breytingar á samþykktum sínum þannig að þeir verði í stakk búnir að taka við beiðni launamanna um ráðstöfun á hækkuðu framlagi atvinnurekenda á grundvelli kjarasamninga til tilgreindrar séreignar. Samningsaðilar leggja mikla áherslu á að lífeyrissjóðirnir geri sjóðsfélögum sínum kleift að taka upplýsta ákvörðun áhrif þessa vals á rétt þeirra til ævilangs ellilífeyris og áfalla- og fjölskyldutrygginga annars vegar og möguleika þeirra á flýttum starfslokum eða aukins lífeyris á fyrstu árum á eftirlaunum hins vegar. Í breytingum á samþykktum lífeyrissjóðanna þurfa eftirfarandi atriði að koma skýrt fram:

1. Sjóðfélögum verði heimilað að ráðstafa allt að 2% af umsömdu lágmarksíðgjaldi frá og með 1. júlí 2017 og 3,5% af lágmarksíðgjaldi frá og með 1. júlí 2018 til tilgreindrar séreignar, sbr. 2. lið, sem telst hluti lágmarkstryggingaverndar skv. kjarasamningi ASÍ og SA. Viðmið samþykktta um meðaltal réttindaöflunar viðkomandi launamanns til ævilangs ellilífeyris og örorkulífeyris lækki í hlutfalli við hlutfall iðgjalds til tilgreindrar séreignar af umsömdu lágmarksíðgjaldi skv. kjarasamningum, en verði þó aldrei lægra en sem nemur 1,4% á ári af mánaðarlaunum sem greitt er af.
2. Lífeyrissjóður veiti tilgreind séreignarréttindi vegna þess hluta lágmarksíðgjalds sem sjóðfélagi hefur ákveðið að ráðstafa í tilgreinda séreign sbr. 1. lið. Tilgreind séreign veiti réttindi til viðbótar við þá lágmarkstryggingarvernd sem viðkomandi launamaður hefur valið skv. 1. lið og mynda þau saman lágmarkstryggingavernd skv. kjarasamningi. Tryggt skal að þeim réttindum verði haldið aðgreindum frá séreignarsparnaði viðkomandi launamanns á grundvelli ákvæða kjarasamninga og laga um viðbótartryggingarvernd. Tilgreind réttindi til séreignar eru háð sömu takmörkunum og um getur í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997 og skulu iðgjöld varðveitt og ávöxtuð í samræmi við þær reglur sem gilda um lágmarkstryggingarverndina. Í samþykktir lífeyrissjóðs skulu sett frekari ákvæði um tilgreinda séreign, svo sem um ráðstöfun iðgjalds og tilhögun greiðslna.

3. Heimilt skal sjóðsfélaga að hefja útgreiðslu tilgreindrar séreignar allt að fimm árum fyrir almennan lífeyristökualdur þegar taka ævilangs ellilífeyris hefst og skulu greiðslur að lágmarki dreifast til þess tíma.
- Missi réttshafi starfsorku gilda ákvæði 3. mgr. 11. gr. laga nr. 129/1997 um útgreiðslur tilgreindrar séreignar og við andlát gilda ákvæði 4. mgr. 11. gr. laga nr. 129/1997.
- Í samþykktum lífeyrissjóða er heimilt að kveða á um útborgun tilgreindrar séreignar í einu lagi ef um óverulegar upphæðir er að ræða.

ASÍ og SA gera sér grein fyrir því að skammur tími er til stefnu og kallar á skjót viðbrögð stjórnar og stjórnenda viðkomandi lífeyrissjóða, en undirstrika mikilvægi þess að ákvæði kjarasamnings aðila um þessi mikilvægu réttindi, þ.m.t. um gildistöku þeirra, verði efnd.

F.h. Samtaka atvinnulífsins



Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri

F.h. Alþýðusambands Íslands



Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

Lífeyrissjóðirnir héldu í framhaldinu aukaársfundi síðari hluta júnímánaðar þar sem samþykktum var breytt með gildistöku 1. júlí með tilliti til þessa og hófu í framhaldinu móttöku á beiðnum sjóðfélaga um ráðstöfun á framlagi í tilgreinda séreign.

Óvænt staða kom upp í málinu þegar FME sendi bréf til lífeyrissjóðanna þann 7. júlí þar sem eftirlitið fer gegn samningi aðila vinnumarkaðarins og vekur athygli á að þeir telji sjóðfélaga hafa heimild til að ráðstafa iðgjaldi til bundinnar séreignar til þess lífeyrissjóðs sem þeir kjósa og séu ekki bundnir af ráðstöfun til skyldutryggingarsjóðs. ASÍ og SA mótmæltu þessu harðlega og sendu Fjármálaeftirlitinu sameiginlegt bréf þess efnis þann 19. júlí.



Fjármálaeftirlitið
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Reykjavík 19.7 2017

Um tilgreinda séreign og túlkunarágreiðing

ASÍ og SA ósammála álitni FME

ASÍ og SA eru ósammála þeirri afstöðu Fjármálaeftirlitsins (FME), sem fram kemur í dreifibréfi dags. 7. júlí 2017, að tilgreind séreign sé flytjanleg frá þeim sjóði sem tekur við iðgjaldi til skyldutryggingar. Aðilum kjarasamnings er heimilt að semja um lífeyrisréttindi og iðgjöld umfram lög bundið lágmark, sbr. 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. ASÍ og SA hafa gert kjarasamning um hækkun skyldutryggingariðgjalds umfram lög bundið lágmark (12%) og jafnframt um afmarkað val sjóðfélaga um ráðstöfun þessa hluta iðgjaldsins til réttindaávinnslu. Val sjóðfélagans, skv. kjarasamningnum, snýst um hvort hækkað iðgjald auki réttindi í samtryggingu eða verði ráðstafað í tilgreinda séreign í vörslu þess lífeyrissjóðs sem viðkomandi á skylduaðild að skv. kjarasamningi.

Í dreifibréfi FME er því haldið fram að lífeyrissjóðir hafi flutt villandi fréttir og birt villandi upplýsingar um ráðstöfun iðgjalda til svonefndrar tilgreindrar séreignar. Telur FME að því sé ranglega haldið fram að sjóðfélögum beri að ráðstafa iðgjaldi til tilgreindrar séreignar til sama lífeyrissjóðs og tekur við iðgjaldi vegna samtryggingar. Vísar FME til 3. mgr. 4. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og 2. og 3. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða máli sínu til stuðnings. Fer FME fram á „að lífeyrissjóðir upplýsi sjóðfélaga sína um rétt sinn til að ráðstafa séreignarhluta iðgjalds vegna lágmarkstryggingaverndar til annars aðila.“ Þá fer FME einnig fram á „að lífeyrissjóðir yfirfari heimasíður sínar og fjarlægji villandi upplýsingar um framangreint og leiðrétti fréttafloðning sinn ef tilefni er til.“

Lífeyrismál eru viðfangsefni kjarasamninga og á forræði samningsaðila

Lífeyrisréttindi launafólks eru stöðugt viðfangsefni kjarasamninga. Í öllum kjarasamningum stéttarféлага og Samtaka atvinnulífsins (SA) er kafli um lífeyrismál þar sem m.a. er vísað til kjarasamnings Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og SA (áður VSÍ) um lífeyrismál, dags. 12.12. 1995, en efni hans var að stórum hluta lögfest með lögum 129/1997. Þó var ekki allt efni kjarasamningsins lögfest, t.d. ákvæði um stjórnskipan sjóðanna, og heldur hann því gildi sínu gagnvart þeim þáttum. Þær breytingar á lífeyrismálum sem um hefur samist í kjarasamningnum frá þeim tíma hafa flestar verið lögfestar með ákveðnum undantekningum, t.d. varðandi 2% mótframlag launagreiðenda gegn 2-4% séreignarsparnaði launamanna.



Um langt árabíl hefur verkalýðshreyfingin á almenna vinnumarkaðnum haft uppi kröfur um jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði. Veigamikil rök hafa einnig verið fyrir breytingum í sem fela í sér aukinn sveigjanleika, bæði hvað varðar lífeyristökualdur og lífeyrisgreiðslur á því tímabili sem lífeyrisþeginn nýtur lífeyrisgreiðslna. Með kjarasamningi SA og ASÍ árið 2011 fylgdi yfirlýsing þar sem sett var fram áætlun fyrir tímabilið 2014-2017 um samræmingu iðgjalds á öllum vinnumarkaðnum, að gefinni þeirri forsendu að almenn sátt næðist um framtíðarskipulag lífeyrisréttinda allra landsmanna. Sú sátt náðist ekki fyrir tilskilinn tíma og frestuðust því þessi áform um sinn. Síðla árs 2015 hyllti undir laus þeirra mála sem staðið höfðu í vegi sammings um hækkun iðgjalds til lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði og skapaðist tækifæri til þess við endurskoðun kjarasamninga í janúar 2016.

Kjarasamningurinn 15.1. 2016 – aukinn sveigjanleiki skyldutryggingar

Með kjarasamningi SA og ASÍ, dags. 15.1. 2016 var framlag launagreiðenda hækkað úr 8,0% í 11,5% í þremur áföngum og var það veigamikill áfangi í jöfnun lífeyriskjara á almennum og opinberum vinnumarkaði. Þegar af þessari ástæðu telja aðilar afar mikilvægt að allt skylduiðgjaldið verði varðveitt hjá viðkomandi skyldutryggingarsjóði. Í 3. gr. sammingsins er ákvæði um möguleika launamanns til þess að verja auknu framlagi til nýs séreignarsparnaðarforms í stað samtryggingar sem felur m.a. í sér ævilangan lífeyri auk annarra trygginga. Í greininni segir m.a.:

„Við endurskoðun kjarasamnings ASÍ og SA um lífeyrismál, sem ljúka skal fyrir lok maí 2016, verði einstaklingum heimilt að ráðstafa, að hluta eða fullu, 3,5% auknu framlagi launagreiðanda í bundinn (ath.: nú nefnt tilgreindum) séreignarsparnaði í stað samtryggingar til að auðvelda launafólki starfslok og auka sveigjanleika. Með bundnum séreignarsparnaði er átt við að settar eru þengri skorður en gilda gagnvart öðrum viðbótarlífeyrissparnaði.“

Aukið framlag launagreiðenda, 3,5%, er umfram lágmarkstryggingavernd skv. lögum nr. 129/1997 og er hluti af skyldutryggingariðgjaldi skv. kjarasamningi. Hér er því ekki um að ræða viðbótartryggingavernd sem lögín fjalla um og byggir á valkvæðu iðgjaldi launamanns og kjarasamningsbundnu mótfamlagi launagreiðanda. Í framangreindri tilvitnun í kjarasamninginn kemur skýrt fram að kjósi sjóðfélagi að verja hinu auknu framlagi launagreiðanda til lífeyrissparnaðar í formi tilgreindar séreignar í stað samtryggingar skuli sá sparnaður lúta öðrum reglum en gilda um viðbótarlífeyrissparnað skv. lögum nr. 129/1997, enda er þetta sparnaðarform skyldubundið skv. kjarasamningi.

Samkomulag ASÍ og SA 15. júní 2016 – Tilgreind séreign er bundinn við skyldutryggingarsjóð

Heildarendurskoðun kjarasamnings ASÍ og SA um lífeyrismál var ekki lokið í maí 2016 eins og áformað var í kjarasamningnum 15.1. 2016 og var þess í stað gert samkomulag um nánari útfærslur varðandi hækkun iðgjaldsins. Í samkomulaginu, sem í eðli sínu er kjarasamningur, segir: „Ljóst er að núverandi löggjöf um starfsemi lífeyrissjóða hefur ekki að geyma ákvæði sem heimilar sjóðsfélögum að ráðstafa hluta af skylduiðgjaldi í bundna (ath.: nú tilgreinda) séreign“. Það er jafn ljóst að það er ekkert í lögnum sem bannar sammingsaðilum að gera kjarasamning um hækkun framlaga til lífeyrissjóða umfram það sem ákvæði laganna um lágmarkstryggingavernd kveða á um og ráðstöfun þeirra, enda skal iðgjald m.a. ákveðið í kjarasamningi og vera a.m.k. 12% skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 129/1997. Hefur þetta verið gert í opinbera lífeyriskerfinu um árabíl með herra iðgjaldi og meiri réttindum í samtryggingadeild en lágmarksákvæði laganna kveða á um.



Í samkomulaginu segir ennfremur: „*Samningsaðilar eru sammála [um] að atvinnurekendur skuli undir öllum kringumstæðum skila bæði sínu framlagi og framlagi launamanns til skyldutryggingarlífeyrissjóðs viðkomandi launamanns á grundvelli gildandi kjarasamninga ASÍ og SA frá 1969 og 1995, með síðari breytingum. Réttur launamanns til þess að ráðstafa hluta eða allri hækkuninni í bundna (aths.: nú tilgreinda) séreign er gaqnavart viðkomandi lífeyrissjóði og er atvinnurekanda óviðkomandi.“*

Í lok samkomulagsins segir: „*Sá fyrirvari er settur við gildistöku þessa valréttar að samkomulag hafi náðst við stjórnvöld um breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrirtíttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þar sem lífeyrissjóðunum verði gert kleift að stofna deildir sem taki við og varðveiti bundinn (aths.: nú tilgreindan) séreignarsparnað. Náist slíkt samkomulag ekki og nauðsynleg lagabreyting í framhaldi þess munu iðgjöldin renna til samtryggingar.“*

Breytingar á samþykktum lífeyrissjóðanna

Á fyrri hluta þessa árs unnu ASÍ og SA að gerð stjórnarfrumvarps um breytingar á lögum nr. 129/1997 í nánu samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið. Frumvarpið, sem er efnislega samhljóða sameiginlegum tillögum ASÍ og SA sem lagðar voru fyrir ráðuneytið þann 25. janúar 2017, var fullbúið fyrir síðustu þinglok en komst ekki á þingmálaskrá Alþingis vegna tímaskorts. Með samkomulagi ASÍ, SA og fjármála- og efnahagsráðuneytisins um efnisatriði stjórnarfrumvarps, þar sem inn í lög in komi skýr ákvæði um tilgreinda séreign, töldu aðilar að skilyrði samkomulagsins frá 15. júní 2016 um að samkomulag hefði náðst við stjórnvöld um breytingar á lögum nr. 129/1997 væri uppfyllt. Þar af leiðandi væri lífeyrissjóðunum unnt að taka á móti iðgjöldum í tilgreinda séreign að því gefnu að þeir breyttu samþykktum sínum í þá veru fyrir 1. júlí 2017.

Þann 17. maí 2017 sendu ASÍ og SA lífeyrissjóðum á samningssviði sínu bréf þar sem þau fóru þess á leit að sjóðirnir breyttu samþykktum sínum þannig að þeir gætu tekið á móti iðgjöldum í tilgreinda séreign frá og með júlímánuði 2017. Í bréfinu var tekið fram að í breytingum á samþykktum lífeyrissjóðanna þyrftu eftirfarandi atriði að koma skýrt fram:

1. *Sjóðfélögum verði heimilað að ráðstafa allt að 2% af umsömdu lágmarksiðgjaldi frá og með 1. júlí 2017 og 3,5% af lágmarksiðgjaldi frá og með 1. júlí 2018 til tilgreindrar séreignar, sbr. 2. lið, sem telst hluti lágmarkstryggingaverndar skv. kjarasamningi ASÍ og SA.*
2. *Lífeyrissjóður veiti tilgreind séreignarréttindi vegna þess hluta lágmarksiðgjalds sem sjóðfélagi hefur ákveðið að ráðstafa í tilgreinda séreign sbr. 1. lið. Tilgreind séreign veiti réttindi til viðbótar við þá lágmarkstryggingarvernd sem viðkomandi launamaður hefur valið skv. 1. lið og mynda þau saman lágmarkstryggingavernd skv. kjarasamningi. Iðgjöldin skuli varðveitt og ávöxtuð í samræmi við þær reglur sem gilda um lágmarkstryggingarverndina.*
3. *Sjóðsfélagar geti hafði útgreiðslu tilgreindrar séreignar allt að fimm árum fyrir almennan lífeyristökuvaldur þegar taka ævilangs elilífeyris hefst og skuli greiðslur að lágmarki dreifast til þess tíma.*

Framangreind tilmæli byggja á kjarasamningi ASÍ og SA frá 25.1.2016, samkomulagi SA og ASÍ 15.6.2016 og þeim drögum að stjórnarfrumvarpi um breytingar á lögum nr. 129/1997 sem samkomulag hafði náðst um við stjórnvöld og byggðu efnislega á sameiginlegri tillögu aðilanna um breytingar á lögnum, dags. 25.1.2017.



Þeir sjö lífeyrissjóðir sem starfa á samningssviði ASÍ og SA, þ.e. Birta lífeyrissjóður, Festa lífeyrissjóður, Gildi - lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður Rangæinga, Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja og Stapi lífeyrissjóður, gerðu allir breytingar á samþykktum sínum á aukaársfundum í síðari hluta júnímánaðar 2017 í samræmi við framangreind tilmæli ASÍ og SA.

FME endurskoði tilmæli sín til lífeyrissjóðanna

Á grundvelli þess sem að framan greinir telja ASÍ og SA að samtökin hafi fulla heimild á grundvelli laga nr. 129/1997 til að gera kjarasamning um tilgreinda séreign sem lúti öðrum reglum en ákvæðum laganna um séreign varðandi vörsluaðila, ávöxtun og útgreiðslu. Í ljósi framanritaðs beina samtökin því til FME að skýra frekar og endurskoða tilmælin til lífeyrissjóðanna.

Samtökin gera sér þó grein fyrir að á grundvelli óbreyttra laga er uppi túlkunarágreiningur um það hvort samningaáðilum sé heimilt að binda framlög í tilgreinda séreign við skyldutryggingarlífeyrissjóð. Þeirri óvissu sem túlkunarágreiningurinn veldur verður væntanlega eytt um næstu áramót gangi fyrirliiggjandi áform eftir um breytingu á lögum nr. 129/1997. Fram að þeim tíma er þó ljóst að kjarasamningar ASÍ og SA heimila ekki öðrum vörsluaðilum en skyldutryggingarsjóðum á samningssviði samningaáðila að taka á móti iðgjöldum í tilgreinda séreign nema slíkir vörsluaðilar bjóði upp á tilgreinda séreignarleið með sömu ákvæðum og gilda hjá lífeyrissjóðum á samningssviði ASÍ og SA.

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri

F.h. Alþýðusambands Íslands

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

Afrit sent til lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og SA:

Birta lífeyrissjóður, Festa lífeyrissjóður, Gildi - lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður Rangæinga, Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, Stapi lífeyrissjóður

Svarbréf frá Fjármálaeftirlitinu barst þann 21. júlí þar sem eftirlitið ítrekar sína túlkun á málinu.



Alþýðusamband Íslands
b.t. Gylfa Arnbjörnssonar
Samtök Atvinnulífsins
b.t. Halldórs Benjamíns Þorbergssonar

21. júlí 2017
Tilvísun: 2017010428

Efni: Um tilgreinda séreign og túlkunargreining

Fjármálaeftirlitið vísar til sameiginlegs bréfs Samtaka atvinnulífsins (SA) og Alþýðusambands Íslands (ASÍ) hinn 19. júlí sl. þar sem SA og ASÍ lýsa sig ósammála þeirri afstöðu sem fram kemur í dreifibréfi Fjármálaeftirlitsins hinn 7. júlí sl.

Í bréfi SA og ASÍ er þess óskað að Fjármálaeftirlitið endurskoði dreifibréf sitt hinn 7. júlí sl. þar sem SA og ASÍ telja sér heimilt á grundvelli laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, að gera kjarasamning um tilgreinda séreign sem lúti öðrum reglum en ákvæðum laganna um séreign varðandi vörsluaðila, ávöxtun og útgreiðslu.

Fjármálaeftirlitið hefur yfirfarið þau sjónarmið sem fram koma í bréfi SA og ASÍ hinn 19. júlí sl. og telur ekki tilefni til að FME breyti afstöðu sinni eins og hún kemur fram í dreifibréfi stofnunarinnar hinn 7. júlí sl. Þó lífeyrisréttindi séu viðfangsefni kjarasamninga er það mat Fjármálaeftirlitsins að efni kjarasamninga um lífeyrisréttindi þurfi að rúmast innan ramma laga nr. 129/1997. Telur Fjármálaeftirlitið þannig að aðilar vinnumarkaðarins geti ekki samið þá launamenn, sem kjarasamningur tekur til, undan lögbundnum rétti sjóðfélaga til að velja sér annan aðila til að taka við iðgjaldi sem renna skal til tilgreindrar séreignar skv. 3. mgr. 4. mgr. laganna en þann lífeyrissjóð sem tekur við iðgjaldi renna skal til samtryggingar.

Með hliðsjón af efni bréfs SA og ASÍ telur Fjármálaeftirlitið jafnframt rétt að koma á framfæri að eftirfarandi ákvæði samkomulags SA og ASÍ er að mati stofnunarinnar ekki í samræmi við 2. mgr. 5. gr. laga nr. 129/1997:

„Samningsaðilar eru sammála [um] að atvinnurekendur skuli undir öllum kringumstæðum skila bæði sínu framlagi og framlagi launamanns til skyldutryggingarlífeyrissjóðs viðkomandi launamanns á grundvelli gildandi kjarasamninga ASÍ og SA frá 1969 og 1995, með síðari breytingum. Réttur launamanns til þess að ráðstafa hluta eða allri hækkuninni í bundna (aths.: nú tilgreinda) séreign er gagnvart viðkomandi lífeyrissjóði og er atvinnurekanda óviðkomandi.“

Í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 129/1997 kemur skýrt fram að viðkomandi launagreiðanda eða lífeyrissjóði ber að færa greiðslu skv. ákvörðun sjóðfélaga skv. 1. mgr. 5. gr. sömu laga til



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

annars aðila án sérstaks kostnaðarauka fyrir sjóðfélagann. Að mati Fjármálaeftirlitsins er það lögbundinn réttur sjóðfélaga að velja hvor aðilinn skuli færa greiðslu samkvæmt ákvörðun sjóðfélagens sem verður ekki saminn frá sjóðfélagi með kjarasamningi.

Með hliðsjón af niðurlagi bréfs SA og ASÍ telur Fjármálaeftirlitið jafnframt rétt að vekja athygli á því að réttur sjóðfélaga til að ráðstafa iðgjaldi til tilgreindrar séreignar skv. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 129/1997 er ekki bundinn við vörsluaðila sem bjóða upp á tilgreinda séreignarleið með sömu ákvæðum og gilda hjá lífeyrissjóðum á samningssviði SA og ASÍ. Öllum vörsluaðilum er heimilt að taka við iðgjöldum til tilgreindrar séreignar en það er hvers og eins vörsluaðila að tryggja að skilyrði 2. mgr. 7. gr. reglugerðar 391/1998, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, séu uppfyllt, þ.e. að um útgreiðslu lífeyris vegna séreignar skv. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 129/1997 gildi sömu reglur og gilda myndu fyrir séreignarhlutann í þeim lífeyrissjóði sem sjóðfélagi greiðir samtryggingarhluta iðgjaldsins til.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Rúnar Guðmundsson

Gunnar Þór Ásgeirsson

Ákveðið var í kjölfar þessa að bíða með frekari aðgerðir í málinu þar til þing kæmi saman og leggja þá áherslu á að fá fram frumvarpið um breytingar á lífeyrissjóðalögum eins fljótt og unnt er til þess að eyða þeirri óvissu sem uppi er um málið og ágreiningi við eftirlitið um það. Í byrjun september gaf fjármálaráðherra hins vegar óvænt út að hann teldi ekki þörf á lagabreytingu vegna málsins og hygðist ekki leggja fram frumvarp þess efnis. Talsverð óvissa er því um framhald málsins en aðilar vinnumarkaðarins eru samstiga í því að nauðsynlegt sé að tryggt sé að efni kjarasamnings aðila verði framfylgt svo tryggt sé að raunveruleg jöfnun lífeyrisréttinda nái fram að ganga.

Endurskoðun almannatrygginga

Eftir áralanga vinnu í nefndum um endurskoðun almannatrygginga, þar sem Alþýðusambandið hefur átt fulltrúa, var í september 2016 lagt fram frumvarp um breytingar á ellilífeyri almannatrygginga byggt á niðurstöðu nefndar um endurskoðun almannatrygginga sem skilað var til félags- og húsnæðismálaráðherra þann 1. mars 2016. Frumvarpið gerði ráð fyrir að bótakerfi almannatrygginga gagnvart ellilífeyrisþegum verði einfaldað verulega og samspil við lífeyrissjóðina bætt til muna sem skili mestum kjarabótum til þeirra ellilífeyrisþega sem hafa lágar tekjur úr lífeyrissjóði. Þá er sveigjanleiki til töku lífeyris sömuleiðis mun aukinn. Eftir stendur heildarendurskoðun á ákvæðum almannatryggingalaga varðandi örorkulífeyrisþega í samræmi við niðurstöður nefndar um endurskoðun almannatrygginga.



Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 13.9.2016
Tilvísun: 201609-0006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum (einföldun bótakerfis, breyttur lífeyristökualdur o.fl.), 857. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum (einföldun bótakerfis, breyttur lífeyristökualdur o.fl.), 857. mál.

Meginefni frumvarpsins snýr að grundvallarbreytingu og einföldun á bótakerfi almannatrygginga gagnvart ellilífeyrisþegum, auknum sveigjanleika til töku ellilífeyris og hækkun á lífeyrisaldri um þrjú ár á næstu 24 árum. Þá er í frumvarpinu lagt til að komið verði á fót tilraunaverkefni um nýtt greiðslufyrirkomulag um greiðsluþátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

A/ Ellilífeyrir almannatrygginga

Sá þáttur frumvarpsins sem snýr að bótakerfi og réttindum ellilífeyrisþega í almannatryggingakerfinu er í samræmi við niðurstöðu nefndar um endurskoðun almannatryggingar sem skilaði tillögum sínum til félags- og húsnæðismálaráðherra í mars síðastliðnum.


Einföldun bótakerfis almannatrygginga gagnvart ellilífeyrisþegum

Lagt er til að bótakerfi almannatrygginga gagnvart ellilífeyrisþegum verði einfaldað verulega með sameiningu bótaflokka, afnámi frítekjumarka og mismunandi skerðingarreglum eftir uppruna tekna. Tekinn verði upp einn sameinaður bótaflokkur ellilífeyris sem lækki um 45% af samanlögðum tekjum öðrum en séreignarsparnaði. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að ellilífeyrisaldur hækki í skrefum úr 67 árum í 70 ár á 24 ára tímabili auk þess sem sveigjanleiki almannatrygginga til töku lífeyris er aukinn. Þannig verði heimilt að flýta töku ellilífeyris til 65 ára aldurs gegn varanlegri lækkun lífeyris á tryggingafræðilegum grunni og að sama skapi




fresta töku ellilífeyris til 80 ára aldurs gegn varanlegri hækkun. Auk þess sem tekin verður upp heimild til töku hálf ellilífeyris sem einnig eykur möguleika til sveigjanleika í starfslokum. Líkt og rakið er í greinargerð frumvarpsins hefur vinna við endurskoðun almennatrygginga staðið yfir nær samfleytt síðastliðinn ellefu ár í þverpólitískum nefndum með aðkomu fjölmargra hagsmunaaðila. Núverandi áfangi endurskoðunarinnar má rekja til nefndar sem félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði haustið 2013. Segja má að leiðarljós endurskoðunarinnar hafi frá upphafi snúið að því að einfalda bótakerfi almennatrygginga og auka gagnsæi, bæta samspil þess við lífeyriskerfið, auka sveigjanleika og efla starfsendurhæfingu. Efni frumvarpsins eru afrakstur þessarar vinnu og mun einfalda til muna bótakerfi almennatrygginga gagnvart ellilífeyrisþegum. Er nú svo komið að fyrir allan almenning er nánast ógerningur að hafa yfirsýn yfir réttindi sín í almennatryggingakerfinu og áhrif breytinga á tekjum á þau. Í dag eru bætur almennatrygginga samsettar af grunnlífeyri, tekjutryggingu, framfærsluuppbót og heimilissuppbót til þeirra sem búa einir – þessir bótaflokkar skerðast með mismunandi hætti eftir uppruna tekna (lífeyrissjóðstekjur, atvinnutekjur eða fjármagnstekjur) og hafa mis há fritekjumörk. Auk þess valda skerðingarreglur fyrir bótaflokkinn framfærsluuppbót, sem skerðist krónu fyrir krónu gagnvart öllum tekjum, því að ellilífeyrisþegar hafa í reynd lítinn eða jafnvel engan ávinning af því að hafa greitt iðgjald til lífeyrissjóða í áratugi. Þannig hefur einhleypur ellilífeyrisþegi sem fær 60.000 krónur greiddar úr lífeyrissjóði á mánuði engan ávinning af þeim tekjum og fái hann 100.000 krónur heldur hann eftir um 19.000 krónum. Þessi mikla tekjuskerðing vegur að stoðum lífeyrissjóðakerfisins og getur til lengdar eyðilagt þá sátt sem ríkja þarf um sjálfbærni kynslóðanna í fjármögnun lífeyrisbyrðarinnar. Þetta er ótækt. Sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu um að sameina bótaflokkana grunnlífeyri, tekjutryggingu og framfærsluuppbót í einn bótaflokk, ellilífeyri sem skerðist um 45% af tekjum mun einfalda kerfið til muna og bæta samspilið við lífeyriskerfið umtalsvert. Þetta mun einkum bæta kjör þess hóps sem í dag hefur tiltölulega lágar greiðslur úr lífeyrissjóði en þar á meðal er sú kynslóð sem ekki náði að safna fullum réttindum í lífeyrissjóð á starfsævinni. Áhrif breytinganna á samspil tekna frá almennatryggingum og lífeyrissjóðum má sjá nánar á myndum að neðan.


Líkt og úrreikningar nefndar ein endurskoðun almennatrygginga sýna munu allflestir ellilífeyrisþegar fá hærra lífeyrisgreiðslur úr almennatryggingunum verði frumvarpið að lögum. Breytingin er þó viðamikil og getur haft ólík áhrif á afkomu einstaklinga. Vegna hlutfallslegrar hárra fritekjumarka á atvinnutekjum munu tekjur lítills hóps ellilífeyrisþega sem hefur atvinnutekjur á bilinu 105.000 – 374.000 t.a.m. lækka við breytinguna. Til þess að skapa ekki óvissu um afkomu er brynt að tryggja með sólarlagsákvæði líkt og lagt er til í frumvarpinu að greiðslur frá almennatryggingum lækki ekki við yfirfærslu í nýtt kerfi. Í þessu samhengi má einnig benda á að með heimild til töku á hálfum ellilífeyri sem verður án tekjutengingar líkt og lagt er til í frumvarpinu mun hvati og sveigjanleiki til atvinnuþátttöku lífeyrisþega aukast til muna.




Mynd 1: Núverandi bótakerfi almennatrygginga og samspil við lífeyrissjóðstekjur



Mynd 2: Samanburður á heildartekjum lífeyrisþega með lífeyrissjóðstekjur í núverandi bótakerfi almennatrygginga og skv. tillögum frumvarpsins



Mynd 3: Hlutfallsleg breyting heildartekna ellilífeyrisþega með lífeyrissjóðstekjum skv. tillögum frumvarpsins.



Mynd 4: Samanburður á ávinningi af lífeyrissjóðstekjum í núverandi bótakerfi almannatrygginga og skv. tillögum frumvarpsins.



Hækkun ellilífeyrisaldurs og aukinn sveigjanleiki

Aukin velsæld og framfarir í læknavísindum hafa síðustu áratugi stöðugt aukið líffslíkur. Frá því samið var um stofnun almennu lífeyrissjóðanna árið 1969 hefur meðalævi íslenskra karla lengst úr tæpum 72 árum í tæpt 81 ár og kvenna úr 77,5 í tæp 84 ár. Sextug kona gat árið 1970 vænst þess að lifa í 21,7 ár til viðbótar og vera á lífeyri í 14,7 ár m.v. 67 ára eftirlaunaaldur. Í dag getur sextug kona vænst þess að lifa í rúm 25 ár og vera rúm 18 ár á lífeyri. Þessi jákvæða þróun hefur áhrif á samfélagið allt og er nú víðast horft til hækkunar á almennum eftirlaunaaldri til að mæta þessari þróun. Slík breyting dugar ekki ein og sér þar sem þessari þróun fylgja fjölmargar áskoranir fyrir lífeyris- og velferðarkerfið og ekki síður fyrir atvinnulífið. Í því felst m.a. að auka verður möguleika eldra fólks til lengri og virkari þátttöku á vinnumarkaði með auknum sveigjanleika í starfslokum og töku lífeyris. Í frumvarpinu er komið til móts við þetta með tillögu um að lífeyrisaldur hækki í hægum skrefum næstu 24 árin og verði árið 2041 orðin 70 ár. Samhlið því er sveigjanleiki til töku lífeyris aukinn verulega bæði með því að heimila töku ellilífeyris almannatrygginga frá 65-80 ára aldurs gegn varanlegri lækkun/hækkun á lífeyrinum auk þess sem tekin er upp sú mikilvæga nýbreytni að unnt verður að taka hálfan ellilífeyri, t.d. samhliða hlutastarfi, án tekjuskurðinga.

Alþýðusambandið fagnar ofangreindum breytingum á ellilífeyri almannatrygginga og hvetur eindregið til samþykktar þeirra. Að baki tillögunum liggur áralöng þverpólísk vinna fjölmargra aðila þar sem samhljómur hefur ríkt um nauðsyn slíkra breytinga án þess að til þeirra hafi komið.

Athugasemdir

Alþýðusambandi vekur athygli á því að samkvæmt frumvarpinu er áfram gert ráð fyrir að séreignarlífeyrissparnaður sé undanskilin við mat á tekjum og hafi því ekki áhrif á útreikning ellilífeyris almannatrygginga. Þetta getur þýtt að hópar sem hafa miklar séreignarlífeyristekjur fái jafnframt óskertar bætur almannatrygginga á sama tíma og þeir sem fá greiðslur úr samtryggingarlífeyrissjóðum eða fjármagnstekjur af öðrum sparnaði eru skertir. Eðlilegt er að stefnt sé að því að séreignarsparnaður sé gerður jafnsettur öðrum sparnaði, þannig að greint sé á milli höfuðstóls og ávöxtunar.

ASÍ áréttar einnig afstöðu sína um nauðsyn þess að gera breytingar á barnalífeyri almannatrygginga sem tryggi jafnræði í framfærslustuðningi við tekjulágt barnafólk, óháð því hvort það hefur launatekjur á vinnumarkaði eða lífeyristekjur.

Líkt og ASÍ gagnrýndi í umsögn sinni um tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu og fjármálaáætlun fyrir árin 2017-2021, (þingmál 740. og 741 á 145. löggjafarþingi), eru umræddar umbætur á almannatryggingarkerfinu ófjármagnaðar þrátt fyrir að legið hafi fyrir áform þar um. Á þetta er einnig bent í kostnaðarumsögn velferðarráðuneytisins með frumvarpinu.



Þá ítrekar ASÍ þá skoðun sína að til viðbótar við ofangreindar breytingar á almannatryggingakerfinu er brýnt að ráðast nú þegar í heildarendurskoðun á ákvæðum almannatryggingalaga varðandi örorkulífeyrisþega í samræmi við niðurstöður nefndar um endurskoðun almannatrygginga. Ný nálgun í mati á starfsgetu og sambærileg endurskoðun á bótakerfi almannatrygginga gagnvart örykjum er löngu tímabær og fyrir liggur að langan tíma mun taka að innleiða breytingarnar að fullu.

B/ Tilraunaverkefni um nýtt greiðslufyrirkomulag um greiðslupátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum

Í stefnu Alþýðusambands Ísland í lífeyrismálum frá árinu 2013 segir:

Horfið verði frá tekjutengingum milli heilbrigðiskerfisins og lífeyristekna í gjaldtöku á dvalar – og hjúkrunarheimilum fyrir aldraða. Skilgreindur verði almennur húsnæðis- og fjæðiskostnaður en hjúkrunarkostnaður verði á vegum opinberra aðila.

Alþýðusambandið fagnar áformum um breytingar á fyrirkomulagi greiðslupátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum sem miðar að því að íbúar fái greiddan lífeyrir sinn og greiði milliliðalaust framfærslu- og húsnæðiskostnað á heimilunum en greiðslupátttaka fyrir lyf og aðra heilbrigðisþjónustu lúti almennum reglum sem um það gilda.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz
hagfræðingur ASÍ

Í kjölfar þess að stjórnvöld drógu til baka frumvarp um breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna í október (sjá nánar kafla um jöfnun lífeyrisréttinda) mótmælti ASÍ því harðlega að áfram væri gert ráð fyrir að hækka lífeyrisaldur í almannatryggingakerfinu í 70 ár.

Miðstjórn ASÍ sendi frá sér eftirfarandi ályktun vegna málsins þann 12. október 2016:

Ályktun miðstjórnar ASÍ um aukinn ójöfnuð í lífeyrismálum

Miðstjórn ASÍ mótmælir harðlega áformum ríkisstjórnarflokkanna að auka á þann hróplega mismun sem er á lífeyrisrétti landsmanna með því að hækka lífeyristökualdur í almannatryggingum í 70 ár. Þetta er gert þrátt fyrir að frumvarp um jöfnun lífeyrisréttinda milli launafólks á almennum og opinberum vinnumarkaði hafi verið dregið til baka. Það gengur ekki að ætla almenningi að búa við 70 ára lífeyristökualdur á sama tíma og alþingismenn og opinberir starfsmenn geta farið á fullan lífeyri 65 ára. Það er fráleitt að umræða um aukinn jöfnuð á vinnumarkaði endi með því að stjórnvöld auki verulega á það misrétti sem fyrir er. Verði þetta niðurstaðan er um hrein svik að ræða varðandi jöfnun lífeyrisréttinda og samstillingu almannatrygginga og lífeyrisjóða sem mun valda fullkomnum trúnaðarbresti í samskiptum Alþýðusambandsins og stjórnarflokkanna. Slík svik munu óhjákvæmilega hafa afdrifaríkar afleiðingar. Miðstjórn ASÍ lítur málið alvarlegum augum og mun taka það til sérstakrar umræðu á 42. þingi sambandsins dagana 26.–28. október nk.

Greinargerð:

Á undanförnum misserum hafa heildarsamtök á vinnumarkaði unnið að gerð nýs samningalíkans á vinnumarkaði með það að markmiði að styðja betur við efnahagslegan stöðugleika og raunverulega kaupmáttaraukningu (Salek). Ein meginforsenda þess að hægt sé að koma á slíku líkani er að jafnræði ríki í lífeyrismálum launafólks enda eru lífeyrisréttindi veigamikill þáttur umsaminna kjara. Í dag eru lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna umtalsvert betri en á almennum vinnumarkaði, lífeyrisaldur lægri, réttindaávinnsla jöfn og lífeyrisréttindin tryggð að fullu með bakábyrgð ríkis og sveitarfélaga. Full samstaða hefur verið um það milli allra heildarsamtaka launafólks á vinnumarkaði að framtíðarskipan lífeyrisréttinda yrði á grundvelli meiri jafnræðis í lífeyrisréttindum, þar sem miðað yrði við aldurstengda réttindaávinnslu og 67 ára lífeyrisaldur í sjálfbærni lífeyriskerfi. Þetta var ein af þremur meginstöðum þess rammisamkomulags, sem lá til grund-

vallar sameiginlegri launastefnu til loka árs 2018 (Salek). Aðildarfélag ASÍ sömdu sig að þessari niðurstöðu í janúar sl. Þegar 3,5% af launa-
hækkunarsvigrúmi var ráðstafað til jöfnunar lífeyrisréttinda og fyrir lá
að samtök opinberra starfsmanna yrðu að semja um breytingar á sínu
lífeyriskerfi í þessa veru. Það var því mikið fagnaðarefni þegar sam-
ningar tókust milli fjármálaráðherra og sveitarfélaganna við samtök
opinberra starfsmanna um breytingar á opinbera lífeyriskerfinu og
aðlögun þess að fyrrgreindum markmiðum. Jafnframt er ljóst að öll
fjögur heildarsamtök launafólks, ASÍ, BSRB, KÍ og BHM stóðu, bæði á
vettvangi Landssamtaka lífeyrissjóða og í nefnd um endurskoðun
almannatrygginga, að tillögum um samræmda hækkun lífeyrisaldurs
úr 67 árum í 70 ára í áföngum á næstu 24 árum. Í tillögum nefndar um
endurskoðun almannatrygginga frá því í vor var lögð áhersla á að
„samræmi sé milli almannatryggingakerfisins og lífeyrissjóðakerfisins
hvað lífeyrisaldur varðar og að hann sé hinn sami í báðum lögbundnu
lífeyriskerfunum.“ Nú þegar fjármálaráðherra hefur ákveðið að draga
til baka tillögur um jöfnun lífeyrisréttinda er forsenda fyrir hækkun
lífeyristökualdurs í almannatryggingakerfinu brostin. Það eru hrein og
klár svik við almennt launafólk að halda þeirri ákvörðun til streitu.

Ríkisstjórnin tók í kjölfarið tillit til mótmæla ASÍ og dró til baka tillögu um
hækkun á lífeyrisökualdri í 70 ár í frumvarpi til breytinga á lögum um
almannatryggingar.

Samráðsfundir með stjórnarmönnum

Lífeyrisnefnd ASÍ heldur reglulega samráðsfundi með stjórnarmönnum
aðildarfélaga ASÍ í stjórnnum lífeyrissjóða til að ræða sameiginleg málefni
sjóðanna. Slíkur fundur var haldinn þann 2. febrúar 2017 til að ræða m.a. við-
ræður milli ASÍ og SA um breytingar á kjarasamningi aðila um lífeyrismál,
útfærslu og framkvæmd tilgreindrar séreignar og viðræður við ríki og sveitar-
félag um skipan lífeyrismála félagsmanna aðildarfélaga ASÍ hjá hinu opin-
bera. Þá var einnig til umræðu nýtt sjálfsmat sem FME hefur gert stjórnar-
mönnum lífeyrissjóðanna að framkvæma. Fundurinn var vel sóttur og
umræður gagnlegar.



UMHVERFISMÁL

Í stefnu ASÍ um umhverfismál kemur fram að samþætta þarf umhverfismál allri samfélagsumræðu og að þekking sé nauðsynleg í baráttunni gegn loftslagsbreytingum. Forsendur breytinga er þátttaka og samvinna, en þar hefur verkalyðshreyfingin mikilvægu hlutverki að gegna. Einnig kemur fram í starfsáætlun sambandsins fyrir árið 2017 að á árinu eigi að taka til umræðu þær áskoranir sem launafólk stendur frammi fyrir vegna hnattrænna umhverfisáhrifa. Þetta er aðdragandinn að viðameiri umræðuinnan hreyfingarinnar þar sem fjalla á um þær áskoranir sem launafólk stendur frammi fyrir m.t.t. hnattrænna umhverfissjónarmiða eins og gróðurhúsaáhrifa og áhrif vaxandi mengunar á líf og heilsu.

Umhverfisnefnd ASÍ fundaði nokkrum sinnum á starfsárinu og hefur unnið að því að skýra markmið og verkferla nefndarinnar, með hliðsjón af stefnu sambandsins. Áhersla núverandi umhverfis- og auðlindaráðherra á loftslagsmál hefur verið áberandi í umræðunni og í takt við stefnu ASÍ í málaflokknum. Því ákvað nefndin að efla tengsl hreyfingarinnar við umhverfisráðuneytið og bauð á sinn fund aðstoðarmann ráðherra, þar kom fram að ráðherra lýsti yfir ánægju sinni með frumkvæðið og óskaði eftir nánú samstarfi við sambandið.

Umhverfisnefnd ASÍ hefur í samvinnu við Félagsmálaskólann unnið að gerð námslínu í umhverfisfræðslu, þar sem fjallað er um áhrif mannsins á

umhverfi sitt. Meðal annars er fjallað um hvaða áhrif breytingarnar hafa á efnahags- og atvinnulíf framtíðarinnar. Námslínan samanstendur af fimm stuttum námskeiðum sem mynda eina heild. Markhópurinn er trúnaðarmenn stéttarféлага og allir þeir sem áhuga hafa.

Samráðsvettvangur um aðgerðaráætlun í loftslagsmálum

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskaði eftir fulltrúa frá ASÍ í samráðsvettvang um aðgerðaráætlun í loftslagsmálum, sem er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Er þetta í samræmi við stefnuýfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar, þar sem fram kemur að gerð verði aðgerðaráætlun í loftslagsmálum í samræmi við Parísar-samkomulagið frá desember 2015 – COP21.

Samráðsvettvanginum er ætlað að vinna með verkefnisstjórn sem stýrir vinnu á aðgerðaráætluninni og að leggja fram og móta tillögur að aðgerðum sem geta skilað árangri. Ljúka á gerð aðgerðaráætlunar fyrir lok árs 2017. Er þetta í fyrsta skiptið sem kallað er eftir fulltrúa ASÍ í sambærilega vinnu á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.



FÉLAGS- OG VINNUMARKAÐSMÁL

Félags- og vinnumarkaðsmálin eru eðli málsins samkvæmt mikilvægur hluti af kjarnastarfsemi Alþýðusambandsins og starfsfólks þess. Þetta gildir bæði um viðfangsefni sem Alþýðusambandið stendur eitt að og í samstarfi við aðra aðila, s.s. önnur samtök launafólks, samtök atvinnurekenda og stjórnvöld. Með aðild sinni að stjórnnum Vinnuálastofnunar, Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ábyrgðarsjóðs launa, Vinnueftirlitsins og Jafnréttisráði, auk fjölmargra nefnda á sviði félags- og vinnumarkaðsmála, taka fulltrúar ASÍ einnig virkan þátt í að móta og framkvæma stefnu stjórnvalda á þessu sviði.

Atvinnulífið er nú í vexti sem aldrei fyrr og mikill vöxtur er í greinum eins og ferðaþjónustunni, byggingariðnaði og mannvirkjagerð og þjónustustarfsemi af ýmsu tagi. Um leið hefur brotastarfsemi og undirboð á vinnumarkaði vaxið hratt.

Í byrjun árs 2016 var hrundið af stað verkefninu *Einn réttur – ekkert svindl!* í samstarfi við aðildarsamtök Alþýðusambandsins. Markmið verkefnisins er að vinna gegn brotastarfsemi og undirboðum á vinnumarkaði, einkum gagnvart ungu fólki og erlendum starfsmönnum. Jafnframt tókst ágætt samstarf við ríkisskattstjóra, Vinnuálastofnun, Vinnueftirlitið og lögregluna í þessum efnum. Verkefnið hefur þróast og vaxið síðan það var sett á laggirnar og hafa aðildarfélög ASÍ lagt stöðugt meira af mörkum í því sambandi.

Eins og áður hefur Alþýðusambandið lagt mikla áherslu á jafnréttismálin og að vera leiðandi á því sviði, bæði innan verkalýðshreyfingarinnar og í samstarfi við aðra aðila. Þar hefur vinnan við jafnlaunastaðalinn og innleiðingu hans haft ákveðinn forgang.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir nokkrum helstu málaflokkum á sviði félags- og vinnumarkaðsmála sem unnið var að á vettvangi ASÍ frá hausti 2016 til hausts 2017. Í einhverjum tilfellum var jafnframt um að ræða eftirfylgni með kjarasamningunum sem gerðir hafa verið á undangengnum árum og yfirlýsinga ríkisstjórna í tengslum við þá.

Jafnrétti á vinnumarkaði

Margt hefur áunnist í baráttunni að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði á undanförunum áratugum, en betur má ef duga skal og er enn nokkur vegur þar til jafnrétti verði náð á íslenskum vinnumarkaði. ASÍ tekur virkan þátt í stefnumótun og aðgerðum í baráttunni fyrir jöfnum rétti kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins, meðal annars með þátttöku sinni í ráðum og vinnuhópum á vegum stjórnvalda og aðilum vinnumarkaðarins. Samstarf kvenna-hreyfingarinnar og verkalýðshreyfingarinnar er einnig mikilvægt í baráttunni að jafnrétti hér á landi og hefur það samstarf eflst á liðnum árum.

ASÍ á fulltrúa í kvennanefnd Evrópusamtaka verkalýðsfélaga, þar er tekið þátt í umræðu og stefnumótun í jafnréttis- og fjölskyldumálum á Evrópuvísu, einnig um innleiðingu og framkvæmd Evrópureglna í málaflokknum hér á landi. ASÍ tekur þátt í norrænum vinnufundum systrasamtakanna á Norðurlöndum þar sem fjallað er um stefnumótun og helstu verkefnum hreyfingarinnar í jafnréttismálum.

Kynjabókhald ASÍ

Allt frá árinu 2006 hafa kyngreindar tölulegar upplýsingar um hlutfall fulltrúa í nefndum, stjórnnum og ráðum meðal aðildarfélaga sambandsins verið birtar. Kynjabókhaldið er sett fram myndrænt og í töflum og því aðgengilegt að skoða. Þar er einnig að finna kyngreindar upplýsingar um stjórnir lífeyrissjóða aðildarfélaga ASÍ og þátttöku á námskeiðum Félagsmálaskóla alþýðu.

Bókhaldið á að nýtast sem verkfæri þeirra sem tilnefna í nefndir og ráð á vegum sambandsins. Kynjabókhaldið er að finna í skýrslu forseta og einnig er kynjabókhaldið gefið út í rafrænu formi og er að finna á heimasíðu ASÍ.

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd

Nefndinni er ætlað að hafa frumkvæði að stefnumótun og aðgerðum á sviði jafnréttis- og fjölskyldumála og að vera vettvangur fyrir upplýsingar til aðildarfélaga ASÍ. Auk reglulegra funda nýta nefndarmenn sér tölvutæknina til

samskipta. Nefndin er mikilvægt bakland fyrir jafnréttisfulltrúa ASÍ og þá fulltrúa sambandsins sem sitja í nefndum og ráðum þar sem fjallað er um jafnrétti á vinnumarkaði.

24. október – Kvennafrí 2016

Kjarajafnrétti strax! var yfirskrift samstöðufunda kvenna á Íslandi sem haldnir voru á Austurvelli í Reykjavík og á 19 öðrum stöðum um land allt, mánudaginn 24. október 2016. Talið er að ríflega 20 þúsund konur og karlar hafi mætt á samstöðufundinn á Austurvelli auk fleiri þúsunda víða um landið, m.a. voru nálægt tvö þúsund manns á samstöðufundinum á Akureyri.

Að fundunum stóðu samtök launafólks og samtök kvenna á Íslandi. Samstöðufundir voru haldnir auk Reykjavíkur á; Akureyri, Bolungarvík, Borgarnesi, Djúpavogi, Egilsstöðum, Grindavík, Grundarfirði, Hellu, Húsavík, Höfn í Hornafirði, Ísafirði, Neskaupstað, Patreksfirði, Reykjanesbæ, Sauðárkróki, Seyðisfirði, Vestmannaeyjum, Vopnafirði og Ölfusi.

Hvatti fundurinn konur til að leggja niður vinnu kl. 14.38 og mótmæla þar með kjaramun kynjanna hér á landi. Tímasetningin er reiknuð út frá meðalatvinnutekjum kvenna af meðalatvinnutekjum karla fyrir árið 2014, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

Var þetta í fimmta skipti sem konur á Íslandi mótmæltu mun á launum og kjörum kynjanna með þessum hætti, en kvennafrí voru einnig boðuð 1975, 1985, 2005 og 2010. Baráttufundirnir sem haldnir voru 24. október 2016 vöktu mikla athygli bæði hér á landi sem og erlendis.

Fjallað var um kvennafríið á öllum helstu fjölmiðlum hér á landi, prentmiðlum, ljósvakamiðlum og vefmiðlum og næstu daga og vikur eftir fundina birtist fjöldi fréttu um kvennafríið í erlendum netmiðlum.

Aðdragandi Kvennafrís 2016 var stuttur, þann 30. september boðaði ASÍ til fundar fulltrúa launafólks og fulltrúa kvennasamtaka. Var fundurinn sam-mála um að þrátt fyrir að fyrirvari væri stuttur, væri mikilvægt að halda baráttufund á þessum degi til að leggja áherslu á það misrétti sem fælist í launamun kynjanna, þar sem gengið væri til alþingiskosninga laugardaginn 29. október.

Sérstakur vinnuhópur var skipaður og veitt umboð til að sjá um dagskrá og undirbúning fundarins. Maríanna Traustadóttir hjá ASÍ hafði yfirumsjón með undirbúningi og fjármálum fundarins, auk þess voru í vinnuhópnum Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir og Fríða Rós Valdimarsdóttir frá Kvenréttindafélagi Íslands og Sonja Ýr Þorbergsdóttir frá BSRB.

Boðað var til baráttufundar á Austurvelli kl. 15.15 og var dagskrá fundarins eftirfarandi:

Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Katrín Halldóra Sigurðardóttir leikkonur stýrðu fundi. Kynslóðir kvenna ávörpuðu fundinn:

- Guðrún Ágústsdóttir, ein af stofnendum Rauðsokkahreyfingarinnar
- Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM
- Una Torfadóttir, ungur femínisti
- Justina Grosel, blaðakona frá Póllandi

Fram komu einnig hljómsveitin Eva, Brynhildur Björnsdóttir söngkona og Aðalheiður Þorsteinsdóttir undirleikari og Ellen Kristjánsdóttir og dætur. Lóa Bergsveinsdóttir stýrði takti.

Ríkisútvarpið streymdi fundinum í beinni útsendingu á vef sínum.

Nánari upplýsingar um Kvennafrí 2016 er að finna í skýrslu undirbúningshópsins sem gefin var út eftir fundinn. Skýrsluna er m.a. að finna á vef ASÍ.

Eftirfarandi yfirlýsing fundarins var samþykkt af öllum undirbúningsaðilum.

Yfirlýsing baráttufundar kvenna á Austurvelli 24. október 2016:

Kjarajafnrétti STRAX!

Þann 24. október árið 1975 lögðu konur um allt land niður vinnu til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags kvenna fyrir þjóðfélagið. Kvennafrídagurinn vakti verðskuldaða athygli um allan heim. Árið 1985 var haldið upp á kvennafrídaginn í annað sinn og aftur lögðu 25.000 konur niður vinnu. Árið 2005 héldum við upp á kvennafrídaginn í þriðja sinn, og konur gengu í tugþúsundatali út af vinnustað á þeirri mínútu þegar þær hættu að fá borgað fyrir störf sín miðað við karla, kl. 14:08. Árið 2010 gengu konur út kl. 14:25. Nú ganga konur út kl. 14:38. Við höfum þokast áfram um hálf tíma á ellefu árum. Tæplega þrjár mínútur á hverju ári. Með þessu áframhaldi þurfum við að bíða í 52 ár eftir að konur fái sömu laun og sömu kjör og karlar. Það er óþolandi!

Atvinnutekjur kvenna eru að meðaltali 70,3% af atvinnutekjum karla. Störf kvenna eru gróflega vanmetin, vinnumarkaðurinn er kynskiptur, kvennastéttir eru lágt launaðar og launamisrétti fyrirfinnst víða. Konur eru enn í minnihluta í sveitarstjórnnum og á Alþingi. Það á líka við í flestum nefndum og ráðum á vegum hins opinbera. Karlar ráða ferðinni í stjórnnum flestra fyrirtækja í atvinnulífinu og minnihluti framkvæmdastjóra eru konur.

Konur mæta margs konar fordómum á vinnumarkaði. Þær eru hlutgerðar og kynferðisleg áreitni viðgengst of víða. Sífellt ber meira á aldursfordómum í garð kvenna. Konur eru líklegri til að vinna hlutastörf, taka langt fæðingarorlof eða hverfa af vinnumarkaði til að sinna ólaunuðum umönnunarstörfum.

Mörg ný málefni hafa komist á dagskrá í jafnréttisbaráttunni, svo sem ofbeldi gegn konum og samtvinnun misréttis. Margvísleg lög hafa verið sett til

að tryggja jafnrétti kynjanna, en lagasetningin ein dugar ekki til að breyta þeirri menningu sem ríkir í samfélaginu. Enn er því verk að vinna.

Á slíkum tímum er samstaða sterkasta vopnið. Konur og karlar sem styðja og vinna að jafnrétti kynjanna þurfa að halda vöku sinni, standa saman og sækja fram.

Við verðum að útrýma launamisrétti og tryggja jafnrétti kvenna og karla til starfa. Við þurfum að tryggja stöðu og bæta kjör kvenna í hvívetna óháð fötlun, aldri, búsetu, uppruna, litarhætti, kynhneigð, kynvitund og lífsskoðun. Við þurfum að lengja og bæta fæðingarorlofið, vinna gegn kynskiptu náms- og starfsvali og breyta hefandi staðalmyndum kynjanna. Við verðum að auka völd kvenna á atvinnulífínu og í stjórnámálum og fjölga konum í Hæstarétti. Við þurfum að uppræta ofbeldi gegn konum, sem hefur hamlandi áhrif á samfélagsþátttöku kvenna. Við þurfum að tryggja kjarajafnrétti strax!

Kröfur okkar eru:

- *Jöfn kjör og jöfn laun STRAX*
- *Tryggjum stöðu kvenna og bætum kjör kvenna í hvívetna óháð fötlun, aldri, búsetu, uppruna, litarhætti, kynhneigð, kynvitund og lífsskoðun*
- *Lengjum og bætum fæðingarorlofskerfið*
- *Upprætum staðalmyndir kynjanna og kynskiptingu vinnumarkaðar*
- *Aukum völd kvenna á atvinnulífínu og í stjórnámálum og fjölgum konum í Hæstarétti*
- *Upprætum ofbeldi gegn konum*

8. mars 2017 – alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Eins og mörg undanfarin ár, þá í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars, var hádegisverðarfundur á Grand hótél sem bar yfirskriftina „Öll störf eru kvennastörf! Brjótum upp kynbundið náms- og starfsval.“ Hópur kvenna sem valið hafa starfsvettvang innan „karllægra“ starfsgreina, deildu reynslu sinni og framtíðarsýn. Brynhildur Björnsdóttir fjölmiðlakona stýrði umræðum en þátttakendur voru; Auður Magnúsdóttir, formaður Samtaka kvenna í vísindum, Ágústa Sveinsdóttir, fulltrúi átaksins #kvennastarf, Birna Björnsdóttir, slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður, Eva Björk Sigurjónsdóttir, fulltrúi Félags kvenna í iðngreinum og Eyrún Eyþórsdóttir lögreglumaður. Að fundinum stöðu auk ASÍ, BSRB, BHM, KÍ, Jafnréttisstofa og Jafnréttisráð.

8. mars 2017 – Ráðstefna um jafnlaunastaðal í Brussel

Í maí 2016 for 40 manna hópur fulltrúa ASÍ og aðildarsamtaka þess í kynnisferð til Brussel í Belgíu. Hópurinn hitti m.a. sendiherra Íslands og á þeim fundi kom upp sú hugmynd að halda ráðstefnu í Brussel þar sem jafnlaunastaðallinn væri kynntur og greint frá árangri tilraunaverkefnisins um innleiðingu staðalsins.

Í samstarfi ASÍ, skrifstofu sendiráðs Íslands í Brussel og félagsmálaráðuneytis var haldin ráðstefna í húsakynnum EFTA, Fríverslunarsamtökum Evrópu, í Brussel 8. mars 2017, ráðstefnan var mjög vel sótt og vakti athygli.

Kynnir fundarins var Brian Maguire, blaðamaður og framleiðandi frá EBX Media. Bergdís Ellertsdóttir, sendiherra Íslands í Brussel, ávarpaði gesti í upphafi. Þorsteinn Víglundsson, velferðar- og jafnréttisráðherra, lagði áherslu á í sínu erindi að jafnrétti væri ekki eingöngu „kvennamál“, jafnrétti skipti alla máli, bæði konur og karla. Tiina Astola, framkvæmdastjóri Evrópusambandsins í jafnréttismálum, tilkynnti að Evrópusambandið væri að vinna að tillögum um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs sem yrðu lagðar fram á næstu vikum. Maríanna Traustadóttir, jafnréttisfulltrúi ASÍ, gerði grein fyrir aðdraganda vinnu við gerð jafnlaunastaðals og mikilvægi þríhliða samstarfs verkalyðshreyfingar, atvinnurekenda og stjórnvalda. Sigríður Vilhjálmisdóttir, verkefnastjóri hjá VÍS, og Unnur Ýr Kristjánsdóttir, starfsmannastjóri hjá Tollinum, sögðu frá reynslu við innleiðingu jafnlaunastaðalsins, áskoranir og ávinning. Einnig ávarpaði Kunio Mikuriya, yfirmaður alþjóða tollasambandsins, samkomuna.

Líflegar pallborðsumræður voru þar sem þátt tóku: Maxime Cerrutti, framkvæmdastjóri hjá samtökum evrópskra atvinnurekenda, og Montserrat Mir Roca, yfirmaður jafnréttismála hjá Evrópusambandi verkalyðsfélaga. Einnig tóku þátt í umræðunum Guðrún Rögnvaldardóttir, framkvæmdastjóri Staðlaráðs, og Þorsteinn Víglundsson, velferðar- og jafnréttisráðherra.

Aðgerðarhópur um launajafnrétti

Aðgerðarhópur stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti hefur verið starfandi frá því í október 2012. Skipunartími hópsins var framlengdur árið 2014 til loka árs 2016 og aftur til loka árs 2018. Verkefni aðgerðarhópsins samkvæmt erindisbréfi frá 24. október 2016 er meðal annars að vinna að eftirfylgni tillagna um framtíðarstefnu í jafnréttismálum. Einnig er rík áhersla á innleiðingu jafnlaunastaðalsins og vinna við reglugerð um vottun jafnlaunakerfa og tillögur að kröfum til þeirra vottunarstofa sem gefa sig út fyrir að votta innleiðingu staðalsins.

Í tillögum aðgerðarhóps um framtíðarstefnu í jafnréttismálum er einnig lögð áhersla á rannsóknir. Tvær rannsóknir eru komnar af stað í samvinnu við Hagstofu Íslands og Háskóla Íslands um hlutastörf hér á landi og stöðu og aðstæður kvenna af erlendum uppruna á íslenskum vinnumarkaði. Á Jafnréttisþingi sem fram fer í október 2017 verður áhersla á jafnrétti á vinnumarkaði og jafnlaunamál.

Innleiðing jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012 hefur verið eitt viðamesta verkefni aðgerðarhópsins sem hófst formlega í desember 2013 og lauk í lok

árs 2016. Verkefnið tók lengri tíma en ætlað var, en innleiðing jafnlaunastaðalsins er vandasamt verk þar sem að þetta er í fyrsta skiptið sem slíkt er gert og í raun engin fyrirmynd til að verklagi. Útkoma tilraunaverkefnisins lofar góðu, allir sem þátt tóku viðurkenna að þetta er krefjandi og tímafrekt verkefni en ávinningurinn er þess eðlis að öll vinnan borgar sig.

Í júní samþykkti Alþingi lög um að íslensk fyrirtæki eða stofnanir með 25 starfsmenn eða fleiri á ársgrundvelli skuli öðlast jafnlaunavottun. Til að jafnlaunavottun fái þarf jafnlaunakerfið að hafa verið innleitt og framkvæmd þess að uppfylla kröfur staðalsins ÍST: 85 um jafnlaunavottun. Frumvarpið og greinargerð þess var unnin í samráði við aðgerðarhóp um launajafnrétti.

Jafnlaunastaðallinn og ekki síst sú staðreynd að jafnlaunavottun er orðið að lögum hefur gert það að verkum að mikil eftirspurn hefur verið eftir upplýsingum um staðalinn erlendis frá.

Jafnréttisfulltrúi ASÍ hefur á undanfögnu ári ferðast til Finnlands, Frakklands, Bandaríkjana, Belgíu og Sviss til að halda erindi um jafnlaunastaðalinn, tilurð hans, innleiðingarferlið og fjallað um ný lög um jafnlaunavottun. Þess fyrir utan hafa erlendir fjölmiðlar komið til landsins eða verið í sambandi í gegnum samfélagsmiðla frá Svíþjóð, Ítalíu, Frakklandi, Sviss, Kanada og Bretlandi.

Verkakona heiðruð – Elka Björnsdóttir

Málþing um Elku Björnsdóttur verkakonu og stöðu verkakvanna þá og nú var haldið 7. september 2017. Tilfnið var að minningarmark um Elku Björnsdóttur í Hólavallagarði var reist að frumkvæði Reykjavíkurborgar.

Elka Björnsdóttir var verkakona í Reykjavík í upphafi 20. aldar og virkur félagi í Verkakvennafélaginu Framsókn. Hún skrifaði dagbók á árabílinu 1915–1923 sem gefin var út árið 2012. Dagbók Elku þykir veita einstaka inn-sýn inn í lífsbaráttu, kjör og aðbúnað fátæks fólks á þessum tíma.

Eftir athöfn í Hólavallagarði, þar sem minningarmarkið var afhjúpað og Jónína Björg Magnúsdóttir verkakona söng, var gengið í Tjarnarsal ráðhússins og lesnir valdir kaflar úr dagbók Elku á leiðinni. Á málþinginu héldu erindi Hilma Gunnarsdóttir, sem fjallaði um Elku og dagbækur hennar, Sigurrós Kristinsdóttir, varaformaður Eflingar-stéttarfélags, hélt erindi um stöðu verkakvanna þá og nú og Gerður Róbertsdóttir, verkefnastjóri hjá Borgarsögusafni, sýndi myndir frá störfum og aðbúnaði kvanna í upphafi 20. aldar.

Að málþinginu stóðu auk ASÍ, Eflingar-stéttarfélag, Starfsgreinasambandið, Reykjavíkurborg og Borgarsögusafn/Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Baráttan gegn undirboðum á vinnumarkaði og annarri brotastarfsemi

Einn réttur – ekkert svindl!

Alþýðusamband Íslands ákvað í byrjun árs 2016 að hrinda af stað sérstöku samstarfsverkefni Alþýðusambandsins og aðildarsamtakanna undir yfirskriftinni EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!. Verkefninu er beint gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi með áherslu á erlenda starfsmenn og ungt fólk sem er að hefja þátttöku á vinnumarkaði. Ákveðið var að byggja á þeirri sögu sem Alþýðusambandið býr að og rakin er ítarlega í síðustu skýrslu forseta ASÍ.

Útlendingum á íslenskum vinnumarkaði hefur fjölgað mjög á undanförunum misserum og árum og voru þeir sumarið 2017 orðnir vel yfir 12% af vinnumarkaðinum hér á landi. Þá er því spáð að þeim muni fjölga enn frekar í fyrirsjáanlegri framtíð. Alþýðusambandið hefur bent á að erlendu - starfsmennirnir eru að leggja mikið til samfélagsins og ljóst að sá hagvöxtur sem hér hefur verið síðustu misseri er að stórum hluta drifinn áfram af þeirra framlagi til atvinnulífsins. Þróun á vinnumarkaði á sér hins vegar líka skuggahliðar. Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess hafa á undangengnum misserum og árum orðið áskynja um stöðugt vaxandi vanda vegna undirboða á vinnumarkaði og svartrar atvinnustarfsemi. Fullyrða má að staðan nú sé alvarlegri en þegar verst lét á árunum fyrir hrunið 2008 og í verstu tilfellunum er um hreint vinnumansal að ræða. Vandinn er stærstur í helstu vaxtagreinunum í íslensku atvinnulífi: Í byggingariðnaði og mannvirkjagerð og í ferðaþjónustunni. Þá eru aðrar greinar ekki óhultar, s.s. ýmsar þjónustugreinar aðrar. Brotastarfsemin beinist einkum að þeim sem „eru veikastir fyrir“. Þar eru útlendingar mest áberandi en einnig ungt fólk að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Hér skiptir miklu máli að útlendingar sem hingað koma til starfa koma í miklum mæli frá fátækum ríkjum Austur-Evrópu og Asíu:

- Þar sem kjör, önnur starfsréttindi og aðbúnaður eru allt önnur og lakari en hér þekkist.
- Þar sem vinnumarkaðurinn er illa skipulagður, stéttarfélögin veik og kjarasamningar annaðhvort ekki til staðar eða þeir tryggja lítil og mjög takmörkuð réttindi.

Þá er ljóst að aðferðirnar eru þróaðri og brotastarfsemin ósvífarnari en áður og í sumum tilfellum er um skipulagða glæpastarfsemi að ræða. Útlendingunum er kerfisbundið haldið frá samfélaginu og upplýsingum um þau kjör og réttindi sem hér gilda og þeim hótad atvinnumissi og jafnvel einhverju ennþá verra ef þeir reyna að leita réttar síns.

Við þetta bætist síðan hópur ungs fólks sem er að koma hingað til lands í ævintýraleit og til að kynna landi og þjóð. Þjóða sig fram eða er boðið að

starfa sem sjálfboðaliðar upp á fæði og húsnæði en er síðan látið vinna störf sem á að launa í samræmi við kjarasamninga og lög.

Þörf er á öflugum og markvissum aðgerðum gegn brotastarfseminni. Viðfangsefnið er:

- Að tryggja kjör og réttindi á íslenskum vinnumarkaði fyrir alla sem hér starfa, þ.m.t. útlendinga sem hingað koma og ungt fólk sem er að hefja þátttöku á vinnumarkaði.
- Að tryggja starfsemi og eðlilega samkeppnisstöðu fyrirtækja sem virða kjarasamninga og lög og þau viðmið og samskipti sem gilda á íslenskum vinnumarkaði og eru kjölfestan í íslensku atvinnulífi.
- Að tryggja að sameiginlegir sjóðir samfélagsins fái sitt til að fjármagna m.a. öflugt heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfi.

Leggja verður áherslu á einföld og skýr skilaboð; það tapa allir á undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi nema svindlararnir. Markmiðið er að allur þorri landsmanna styðji baráttuna gegn brotastarfseminni með virkum hætti.

Frá því að ákvörðunin var tekin á vettvangi ASÍ um að fara af stað með verkefnið „EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!“ hefur áherslan einkum verið á eftirtalda þætti:

- Upplýst fyrirtæki um skyldur þeirra og ábyrgð: Bæði íslensk notendafyrirtæki og erlend þjónustufyrirtæki.
- Upplýst erlent launafólk um réttindi þess og skyldur og íslenskan vinnumarkað.
- Upplýst Íslendinga um afleiðingar brotastarfseminnar.
- Eftl vinnustaðaheimsóknir stéttarfélaganna og eftirlit á vinnustöðum í samstarfi þeirra aðila sem málið varðar. Markmiðið er að miðla upplýsingum, kanna aðstæður og fylgja málum eftir að fram koma upplýsingar um brot á starfsmönnum.

Þá ákvað ASÍ í samstarfi við aðildarfélögin að standa að fundaherferð um landið með það að markmiði að fá nærsamfélagið á hverjum stað til að ræða skaðleg áhrif brotastarfsemi á vinnumarkaði og hvað væri til ráða. Fyrstu fundirnir voru haldnir í Skagafirði, á Akureyri og Húsavík með yfirskriftinni: Réttlátur vinnumarkaður – allra hagar.

Ljóst er að mikilvæg forsenda árangurs í baráttunni gegn brotastarfsemi gagnvart útlendingum er samstarf og samvinna við aðra aðila sem skyldum hafa að gegna um upplýsingamiðlun, eftirlit og eftirfylgni, bæði opinberra aðila - Vinnuálastofnun, Vinnueftirlitið, ríkisskattstjóra og lögregluna, auk - annarra – og samtök atvinnurekenda.

Síðustu mánuði hefur verið unnið að því að meta stöðu verkefnisins „*Einn réttur – ekkert svindl!*“, og hvaða verkefni blasir við að efla þarf sérstaklega og þróa áfram. Niðurstaðan er sú að mikilvægt sé að:

Fylgt því eftir að þær eftirlits-, viðurлага- og refsheimildir sem eru/verða til staðar séu nýttar.

- Eflt samstarf við stjórnsýslustofnanir um eftirlit og eftirfylgni.
- Fá samþykkingu atvinnurekenda til samstarfs.
- Eflt vinnustaðaeftirlit og gert það markvissara og árangursríkara.
- Bæta upplýsingamiðlunina.
- Beitt félagslegum aðgerðum þegar þörf krefur.
- Þá sýnir reynsla að veikasti hlekkurinn er eftirfylgni og að brotastarfsemi sé stöðvuð ef ekki vill betur.

Jafnframt er nauðsynlegt að þróa og bæta þann regluramma sem gildir þegar kemur að baráttunni við brotastarfsemi á vinnumarkaði. Þar leggur Alþýðusambandið áherslu á eftirfarandi:

- Greina veikleika í löggjöf og vinna að úrbótum. Gert ríkari kröfur á notendafyrirtæki og aðalverktaka m.a. með lögleiðingu keðjuábyrgðar og að gildissvið laga og ýmis hugtök verði skýrð frekar. Einnig að viðurlæg verði hert og skýrari stöðvunarheimildir.
- Setja skýrar reglur um hvenær verkefni geta fallið undir sjálfboðastörf.
- Settar verði reglur um allt starfsnám og starfsþjálfun, byggja á forðæmi löggiltra iðngreina.
- Efla þátttöku í samstarfi á alþjóðavísu m.a. um aðgerðir gegn gervi-fyrirtækjum og hvað varðar aðstoð og samstarf um aðgerðir vegna brota á starfsmönnum.
- Efla verði löggjöf og aðgerðir til að stöðva kennitöluflass.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir nokkrum verkefnum sem unnið er að á grunni greiningarinnar og áherslnanna sem hér hafa verið nefndar.

Samkomulag ASÍ og SA um innleiðingu keðjuábyrgðar

Í byrjun árs 2017 náðu ASÍ og SA samkomulagi um sameiginlegar tillögur um svokallaða keðjuábyrgð sem sett yrði inn í frumvarp um breytingar á lögum um útsenda starfsmenn, nr. 45/2007. Einkum var horft til Noregs og Svíþjóðar um fyrirmyndir. Helstu efnisatriðin eru eftirtalin:

Ábyrgðin nái til innlendra notendafyrirtækja, aðalverktaka (verkaupa), sem semja við erlend þjónustufyrirtæki, þ.m.t. starfsmannaleigur vegna starfsmanna þessara fyrirtækja.

Ábyrgð notendafyrirtækis nái til vangoldinna launa skv. kjarasamningi um viðkomandi starf, annarra vangoldinna launabátta og vangoldinna launa fyrir yfirvinnu. Einnig vangoldinna launa í veikinda- og slysatilvikum, sem og vangoldinna launatengdra gjalda á Íslandi. Ábyrgðin nær hins vegar ekki til vangoldinna orlofslauna og er litið svo á að lengd ábyrgðartímans vegi það upp.

Megintilgangurinn með „keðjuábyrgðinni“ er að notendafyrirtæki vandi betur val sitt þegar kemur að samningum við erlend þjónustufyrirtæki, þ.m.t. starfsmannaleigur. Það er einnig reynslan frá Noregi þar sem keðjuábyrgð hefur verið við lýði í nokkurn tíma.

Í samkomulaginu er með ítarlegum hætti útfært hvernig keðjuábyrgðin er virkjuð og hvernig hún er í framkvæmd. Þar er eftirfarandi mikilvægast:

- Keðjuábyrgðin nær eingöngu til launabátta og launatengdra gjalda.
- Keðjan er „óslitin“. Þ.e. ekki er hægt að slíta keðjuna með fléttum eða gervifyrirtækjum.
- Reynt er að tryggja að framkvæmdin geti verið einföld/möguleiki á að virkja keðjuábyrgðina án þess að einstaklingar setji sig í „skotlínuna“ með því að krafa telst einnig hafa borist ef samráðsnefnd aðila vinnu- markaðarins hefur tilkynnt notendafyrirtækinu um vangreiðslur vegna starfsmanns þjónustufyrirtækisins, þ.m.t. starfsmannaleigunnar.

Samkomulagið hefur verið nánar útfært í frumvarpi sem unnið var í velferðarráðuneytinu um breytingar á lögum nr. 45/2007, sbr. þó athugasemdirnar sem koma hér á eftir.

Breytingar á lögum um útsenda starfsmenn o.fl. – keðjuábyrgð

Að frumkvæði Alþýðusambandsins var á fyrri hluta árs 2016 hafin endurskoðun á lögum um útsenda starfsmenn 45/2007, ásamt tengdri löggjöf. Þessi vinna fór fram á vettvangi velferðarráðuneytisins í samstarfi við aðila vinnu- markaðarins. Inn í þá vinnu var síðan í ársbyrjun 2017 tekið það samkomulag sem náðist á milli ASÍ og SA um keðjuábyrgð.

Niðurstaða vinnunnar er frumvarp sem lagt var fyrir Alþingi í apríl sl. en ekki náði að afgreiða fyrir þinglok. Í frumvarpinu er að finna ýmsar lagfær- ingar á núgildandi lögum sem allar horfa til bóta. Þær varða m.a. sjálfstætt starfandi einstaklinga sem koma hingað til lands og er ætlað að koma í veg fyrir undirboð með gerviverktöku, aukna upplýsingaskyldu erlendra þjónustu- fyrirtækja og innlendra notendafyrirtækja, auknar heimildir stjórnvalda og aðila vinnu- markaðarins til að fá upplýsingar og miðla þeim, hert viðurlög við brotum o.fl. Þá er í frumvarpinu komið inn ákvæði um keðjuábyrgð í bygg- ingariðnaði eða mannvirkjagerð.

Á síðustu stigum vinnunnar við frumvarpið setti fulltrúi ASÍ fram harða

gagnrýni á tvennt sem að hans mati er ekki tekið á með fullnægjandi hætti og í öðru tilfellinu gengur að mati ASÍ þvert gegn þeirri sátt sem náðst hafði á milli ASÍ og SA og ráðuneytið hafði á fyrri stigum undirgengist. Þau mál sem hér um ræðir varða annars vegar möguleika á að láta keðjuábyrgðina ná til fleiri atvinnugreina, ef þörf krefur, og hins vegar að ná betur böndum yfir erlend rútu- og ferðaþjónustufyrirtæki sem eru með starfsemi hér á landi án þess að hún sé einhvers staðar skráð.

Hér á eftir er fjallað stuttlega um þessa tvo þætti.

Í því samkomulagi sem gert var á milli ASÍ og SA um keðjuábyrgðina var niðurstaðan sú að keðjuábyrgðin yrði til að byrja með látin ná til starfsmanna erlendra þjónustufyrirtækja í byggingariðnaði eða mannvirkjagerð (F bálkur skv. ÍSAT 2008, sem dekkar mjög vítt svið verklegra framkvæmda), en jafnframt að hlutunum yrði þannig komið fyrir í lögum að hægt væri að bæta inn fleiri atvinnugreinum ef þurfa þykir með einföldum hætti. Fyrsta hugmyndin var sú að fara svipaða leið og er að finna í lögum nr. 42/2010 um vinnustaðaskírteinin, þar sem málið væri alfarið sett í hendur aðila vinnu- markaðarins með kjarasamningum. Að betur athuguðu máli þótti starfsmönnum velferðarráðuneytisins þetta vera meira valdaframsal til aðila vinnu- markaðarins en að það stæðist, „vegna þeirra íþyngjandi áhrifa sem það hefði gagnvart fyrirtækjum“. Í staðinn var sett inn í frumvarpsdrögin eftirfarandi ákvæði: „Ráðherra er heimilt í reglugerð, að fenginni sameiginlegri tillögu aðila vinnu- markaðarins, að fjölga þeim atvinnugreinum sem ábyrgð samkvæmt 1. mgr. nær til.“ Sátt var um þessa niðurstöðu sem fulltrúi ASÍ taldi fullnægjandi. Það gerist síðan að ráðuneytið fellir framangreint ákvæði úr frumvarpsdrögum og ber fyrir sig að þetta sé of íþyngjandi fyrir fyrirtækin. Fulltrúi ASÍ mótmælti ítrekað þessari framgöngu ráðuneytisins og benti á að með því sé verið að ganga gegn þeirri sátt sem náðst hafði um málið. Rökstuðningi ráðuneytisins sem ASÍ óskaði eftir var hafnað af sambandinu og stendur málið þar.

Til að ná betur böndum yfir erlend rútu- og ferðaþjónustufyrirtæki sem eru með starfsemi hér á landi án þess að hún sé einhvers staðar skráð var fyrir nokkru sett inn í frumvarpsdrögin viðbót varðandi þau fyrirtæki sem falla undir lögin, svohljóðandi:

„c. á vegum fyrirtækisins hér á landi án þess að um sé að ræða sérstaka starfsstöð fyrirtækisins eða fyrirtæki í eigu sömu fyrirtækjasamstæðu hér- lendis eða“.

Framangreind breyting náði ekki inn í frumvarpið og er því óklárað.

Þegar ljóst var að frumvarpið yrði ekki afgreitt á síðasta þingi, m.a. vegna andmæla Persónuverndar, óskaði Alþýðusambandið strax eftir því að hafin yrði vinna við að fara yfir frumvarpið þannig að leggja mætti það fram endur-

bætt strax við upphaf þings haustið 2017. Við því varð ekki orðið og hófst vinnan ekki fyrr en nú í september. Fyrir þá vinnu lagði ASÍ fram minnisblað um þau efnisatriði sem fjalla þarf um og sammælast um í tengslum við breytingar á lögum nr. 45/2007:

1. Viðbrögð og mögulegar breytingar vegna athugasemda Persónuverndar við frumvarpið.
2. Taka af allan vafa um hvaða skilyrði þurfi að vera til staðar til að starfsmaður teljist vera þátttakandi á íslenskum vinnumarkaði og falli undir íslenskan vinnurétt.
3. Taka af allan vafa um hvaða skilyrði þurfi að vera til staðar til að einstaklingur geti talist vera verktaki á íslenskum vinnumarkaði.
4. Endurskoða/útvíkka til hvaða atvinnugreina „keðjuábyrgðin“ skuli ná.
5. Fjalla um og fella inn í lögin hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að stéttarfélag/samband stéttarfélaga eigi viðurkennda aðild að máli sem rís á grunni laganna.

Þegar þetta er skrifað liggur ekki fyrir hver árangurinn verður af þessari vinnu.

Samstarf við stjórnarsýslustofnanir

Eins og greint var frá í síðustu skýrslu forseta var einn mikilvægasti áfangi verkefnisins „EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL!“ að koma á formlegu og reglubundnu samstarfi og virkja stjórnarsýslustofnanir með í vinnunni. Ekki síst í eftirlitinu því það hefur sýnt sig að þegar við leggjum saman heimildir okkar, úrræði og viðurlög náum við mun meiri árangri en hver aðili hefur áður verið fær um einn og sér. Þar sem brotin sem átt er við eru í mörgum tilvikum mjög alvarleg og brotavilji fyrirtækja einbeittur er mikilvægt að eftirlitsaðilar vinni saman og leggi saman sínar heimildir.

Þegar kom fram á árið 2017 sagði ríkisskattstjóri sig hins vegar frá samstarfinu og í framhaldinu féll niður formlegt samstarf verkalýðshreyfinganna og stjórnarsýslustofnana um vinnustaðaeftirlit. Af hálfu Alþýðusambandsins hefur verið unnið að því að koma þessu samstarfi á að nýju og að fá jafnframt samtök atvinnurekenda að þessu samstarfi með formlegum hætti. Í þessu skyni hefur forseti ASÍ m.a. átt fundi með fulltrúum ríkisskattstjóra og SA. Þegar þetta er skrifað er ekki ennþá ljóst hvað út úr þessari vinnu kemur.

Samstarf um ábyrgð fyrirtækja innan Vakans

Vorið 2016 höfðu fulltrúar Vakans, gæðakerfis ferðapjónustunnar, samband við Alþýðusambandið með mögulegt samstarf við verkalýðshreyfinguna í huga um þætti sem varða vegna launa- og réttindamála starfsmanna í ferðapjónustunni. Á vettvangi miðstjórnar ASÍ var mikil umræða um mögulegt

samstarf við Vakann og komu fram sjónarmið sem studdu að farið yrði í slíkt samstarf, en jafnframt komu fram efasemdir um samstarfið og forsendur þess.

Ferðamálastjóri og forseti ASÍ skrifuðu 1. mars 2017 undir samstarfs-samning með það að markmiði að þátttakendur í Vakanum starfi eftir gildandi kjarasamningum. Með þessu er leitast við að styrkja það hlutverk Vakans að byggja upp samfélagslega ábyrgð innan ferðaþjónustunnar.

Í samningnum er kveðið á um að þegar fyrirtæki sækir um þátttöku í Vakanum, verður aflað upplýsinga hjá ASÍ um hvort alvarlegur ágreiningur sé á milli viðkomandi fyrirtækis og stéttarfélaga sem starfsmenn þess tilheyra. Jafnframt mun ASÍ í byrjun hvers árs fara yfir þátttakendalista Vakans þannig að tryggt sé, eins og kostur er, að þátttakendur séu ekki brotlegir við kjarasamninga og lög um réttindi starfsmanna. Séu gerðar alvarlegar athugasemdir vegna brota fyrirtækis á gildandi kjarasamningum, getur það ekki verið þátttakandi í Vakanum fyrr en úr hefur verið bætt.

Málefni flugliða hjá Primera Air

Eins og greint var frá í síðustu skýrslu forseta er Flugfreyjufélag Íslands í átökum við flugfélagið Primera Air Nordic SIA í Lettlandi. Þann 12.9 var þingfest í Félagsdómi mál Primera gegn FFÍ til ógildingar á verkfallsboðun FFÍ. Tildrög verkfallsboðunar FFÍ er að rekja til ársins 2015 en þann 2.6. það ár óskaði FFÍ formlega eftir viðræðum um gerð kjarasamnings fyrir flugliða um borð í flugvélum Primera sem fljúga út frá Íslandi. Erindi félagsins og síðari ítrekun 23.12. 2016 var ekki svarað. 23.1. 2017 var kjaradeilunni vísað til ríkissáttasemjara. Með bréfi dags. 13.2. 2017 ákvað ríkissáttasemjari að láta deiluna ekki til sín taka vegna vafa um umfang valdheimilda hans. FFÍ taldi viðræður við svo búið hafa verið árangurslausar í skilningi laga nr. 80/1938. Þann 6.4. 2017 ákvað stjórn og trúnaðarráð FFÍ að boða til allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna félagsins um boðun ótímabundins verkfalls á hendur Primera sem skyldi hefjast kl. 06:00, föstudaginn 15.9. 2017 nema kjarasamningar hefðu tekist fyrir þann tíma. Atkvæðagreiðslan hófst á aðalfundi félagsins 2.5. 2017 og stóð til kl. 14:00 þriðjudaginn 9.5. 2017. Atkvæðisrétt áttu 1189 félagsmenn og atkvæði greiddu 429 félagsmenn, eða 36,1% og allir samþykktu þeir tillöguna. Ótímabundið verkfall var því samþykkt og síðan tilkynnt Primera og ríkissáttasemjara 9.5. 2017. Primera mótmælti boðuninni með bréfi dags. 22.5. 2017. Þann 15.6. 2017 boðaði ríkissáttasemjari til sáttafundar í deilunni. Báðir aðilar sóttu fundinn sem var haldinn 29.8. 2017. Hann var árangurslaus. FFÍ hefur einhliða frestað boðaðri vinnustöðvun til 2.10. 2017 kl. 06:00.

Atvik málsins líta þannig út frá sjónarhorni FFÍ að í millilandaflugi frá Íslandi vegna starfsmanna sem hafa starfsstöð á Íslandi eru í gildi þrjár kjaras-

samningar FFÍ. Þeir eru við Icelandair, WOW air og Air Iceland Connect. Enginn almennur kjarasamningur er til um störf flugfreyja og flugþjóna, líkt og á við um aðrar stéttir launafólks hér á landi. Primera er flugfélag skrásett og með flugrekstrarleyfi og aðsetur í Lettlandi. Flugvélar þess eru leigðar hingað til lands með áhöfn. Eftir því sem næst verður komist eru megin viðskiptaaðilar Primera hér á landi tengd félög í eigu sömu aðila. Þau fyrirtæki tilheyra íslenska móðurfyrirtækinu Primera Travel Group hf. sem er í 100% eigu fyrirtækisins Primera ehf. Primera Travel Group er jafnframt 100% eigandi ferðaskrifstofanna Heimsferða ehf. og Terra Nova Sól ehf. og 16% eigandi Primera Air ehf. á móti fyrirtækinu PA Holding ehf. Allt eru þetta íslensk fyrirtæki og tengsl þeirra nánin. Flogið er í leiguflugi og áætluunarflugi frá Íslandi til 14 áfangastaða í Evrópu undir vörumerkinu Primera Air sem skv. heimasíðu félagsins, www.primeraair.is, virðist vera eigandi Primera. Flugvélar félagsins eru jafnframt leigðar íslenska flugfélaginu Icelandair og fljúga ferðir á þess vegum frá Íslandi og til annarra landa og jafnframt er flogið fyrir aðrar íslenskar ferðaskrifstofur. Flugvélar eru m.a. mannaðar með áhöfnum sem leigðar eru, alveg eða að hluta frá starfsmannaleigum utan Íslands, þ.m.t. frá fyrirtækinu Flight Crew Solutions (FCS) á Guernsey og einnig að því er virðist í beinni ráðningu til Primera. Samkvæmt upplýsingum forstjóra Primera Air ehf., Hrafn Porgeirssonar, koma þessar áhafnir flestar frá Norðurlöndunum, Grikklandi og víðar að. Um laun þeirra fari skv. kjarasamningum þar sem starfsemin fari fram. Til slíkra kjarasamninga er ekki vísað í ráðningarsamningum flugliða. Samkvæmt upplýsingum Andra Más Ingólfssonar, eiganda og forstjóra Primera Travel Group dveljast áhafnir hér á landi í 6–8 vikur í senn. Á þeim tíma sem dvalist er hér á landi, í 6–8 vikur hverju sinni, hefst og endar vinna viðkomandi flugliða hér á landi og er verkstjórn og allt skipulag vinnu og vakta miðað við að svo sé. Hér á landi hafa viðkomandi flugliðar húsnæði á vegum Primera, en þar taka flugliðar út hvíld og njóta frístunda. Í millilandaflugi frá Íslandi vegna starfsmanna sem hafa starfsstöð á Íslandi eru í gildi þrjú kjarasamningar FFÍ eins og fyrr segir. Þeir kveða á um lágmarks byrjunargrunnlaun á mánuði upp á 280–290 þúsund án tillits til vaktaálags, orlofs og annarra þátta eins og desember- og orlofsuppbóta, slysa- og líftrygginga, fatapeninga, dagpeninga, framlaga í lífeyrissjóð, greiðslna í sjúkrasjóð vegna aukins veikindaréttar, uppsagnarfrests og annarra grundvallarréttinda. Meðallaun nýliða á mánuði skv. þessum samningum nemi kr. 405–413 þúsundum á mánuði. Mánaðarlaun flugliða Primera eru hins vegar samkvæmt ráðningarsamningum, 1.725 evrur í svokölluð verktakalaun, eða tæplega kr. 216.000 í heildarlaun. Samkvæmt almennum ráðningarskilmálum starfsmannaleigunnar FCS, sem sér Primera fyrir flugliðum, eru kjör starfsmanna að öðru leyti m.a. þannig að vaktaálgög eru engin, ekki er gert ráð fyrir greiðslu vegna yfirvinnu eða vinnu

á helgidögum eða frídögum, engar tryggingar, hvaða nafni sem nefnast, virðast keyptar vegna starfsmanna, engar greiðslur eru vegna veikinda, engin laun greidd ef Primera er í vanskilum við FCS af einhverjum ástæðum, engin ábyrgð er tekin á nokkrum töfum vegna launagreiðslna, uppsagnarfrestur er 14 dagar en heimilt er að rjúfa ráðningu án fyrirvara og án ástæðu, m.a. á þjálfunartíma hjá þjónustukaupanda, ef flugliðinn er „unsatisfactory for any reason“ eða ef samningi Primera og FCS er slitið. Þessi kjör starfsmanna Primera eru í engu samræmi við þau lágmarkskjör sem gilda í starfsgreininni hér á landi og fela í sér félagsleg undirboð á íslenskum vinnumarkaði.

FFÍ byggir á því að um starfsemi og starfsmenn Primera með starfsstöð hér landi gildi íslensk lög og réttarreglur og FFÍ eigi að lögum rétt til þess að krefjast kjarasamnings um þau störf flugliða sem undir íslensk lög og réttarreglur falli. Það sé félaginu heimilt að gera til þess að tryggja þeim lágmarkskjör, til þess að verjast félagslegum undirboðum á íslenskum vinnumarkaði og til að verja hagsmuni félagsmanna sinna, núverandi og væntanlegra, og hagsmuni íslenskrar verkalyðshreyfingar og íslensks vinnumarkaðar. Hvorki íslensk lög né fjölþjóðlegir og alþjóðlegir samningar sem Ísland sé bundið af takmarki þennan rétt FFÍ.

FFÍ hafnar þeim skýringum Primera að fluglið um borð í flugvélum hans inni störf sín af hendi án þess að vera í nokkru réttarsambandi við hann þegar unnið sé um borð í flugvélum hans sem skráðar séu í Lettlandi og að hans mati utan lögsögu og dómsvalds íslenska ríkisins. FFÍ telur að um störf launafólks sé að ræða um borð í flugvélum Primera þótt viðkomandi flugliðar séu kalladír verktakar eða eitthvað annað í ráðningarsamningum og starfslýsingum og að Primera geti ekki skotið sér undan þeim réttarreglum hér á landi sem verja stöðu launafólks sem starfar í hans þágu hér á landi. Um þetta efni má vísa til langrar dómaframkvæmdar hér á landi. Þegar þetta er ritið er málið enn rekið fyrir Félagsdómi og hefur verkfalli verið frestað með samkomulagi aðila til 24. október svo að hægt sé að fá skorið úr um lögmætið áður en verkfall skellur á.

Klukk

Þeir aðilar hjá ASÍ sem sinna fræðsluheimsóknum í framhaldsskólum hafa á undanförunum misserum fundið að skráning á vinnutíma er oft á tíðum vandamál hjá ungu fólki. Þannig eru deilur um vinnutíma meðal helstu umkvörtunarefna sem stéttarfélögin fá inn á sitt borð frá ungu fólki. ASÍ og aðildarfélög vildu bregðast við þessu vandamáli og niðurstaðan var að hanna nýtt hjálpartæki í símann sem fékk nafnið Klukk. Það var starfshópur um upplýsinga- og kynningarmál sem tók Klukk-málið upp á sína arma og sigldi í höfn ásamt nokkrum starfsmönnum á skrifstofu ASÍ.

Klukk hefur nú verið á „markaði“ í rúmt eitt og hálf ár. Á þeim tíma hafa 18 þúsund manns sótt sér appið í Playstore eða Appstore. Þar af eru um 2000 manns reglulegir notendur (nota appið einu sinni í mánuði eða oftar) sem verður að teljast góður árangur. Notendur láta vel af Klukk og má sjá á tölum að appið er nánast laust við bilanir. Það er einfalt og það virkar. Tvisvar til þrisvar á ári er farið í tveggja vikna kynningarherferðir á Klukk og er þá meginþunginn á netauglýsingar.

Vinnuvernd

Skipulag vinnunnar og vinnuvernd hafa mikilvægu hlutverki að gegna fyrir launafólk, velferð þess á vinnustað og öryggi og heilbrigði almennt. Þá hafa áherslur á þessu sviði tekið miklum breytingum með aukinni þekkingu og breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Mikill árangur hefur náðst gagnvart mörgum þeirra úrlausnarefna sem varða öryggi við vinnu og aðbúnað á vinnustöðum. Samhliða hefur athyglin á undanförunum árum í vaxandi mæli beinst að öðrum þáttum vinnuverndar eins og atvinnusjúkdómum og ýmsum sálrænum og félagslegum þáttum tengdum vinnunni, skipulagi hennar og samskiptum fólks á vinnustað. Þá hefur áherslan í stöðugt meira mæli beinst að því að efla innra vinnuverndarstarf í fyrirtækjum með því að styrkja innviði þessa starfs á vinnustöðunum og með betri upplýsingum og meiri fræðslu.

Lykillinn að starfi verkalýðshreyfingarinnar í vinnuverndarmálum er aðkoma hennar að stjórn Vinnueftirlits ríkisins og samstarfi við Vinnueftirlitið.

Staða vinnuverndar á Íslandi

Staða vinnuverndar á Íslandi er afleit og fer að mörgu leyti versnandi. Ef við hugsum til þess sem kalla má hefðbundna vinnuvernd, svo sem eftirlit með vinnustöðum, þá er engu bætt við í eftirliti þrátt fyrir aukinn fjölda vinnustaða. Vinnustaða sem eru með hæstu slysatíðni, svo sem byggingarvinnustaðir. Á þessu ári hafa orðið 2 dauðaslys á vinnustöðum og meðaltalið fyrir árin 2016 og 2017 er núna 4,4 dauðsföll. Á síðasta ári voru tilkynnt 2.040 slys til slysskrár Landlæknisembættisins en þau voru 2.028 árið á undan. Slysum hefur fjölgað á hverju ári frá 2010 þegar þau voru 1.329. Rétt er að hafa í huga að hér eru aðeins skráð slys, og öllum ljóst að það eru ekki öll slys skráð. Við þetta má bæta að hér á landi er mjög lítið gert þegar kemur að atvinnusjúkdómum, sem byggja á andlegu og líkamlegu álagi og veikindum sem af því leiða.

Staða mála þarf ekki að koma neinum á óvart þegar haft er í huga hversu lítil áhersla hefur verið lögð á þennan málaflokk, sérstaklega af hálfu stjórnvalda og atvinnurekenda. Verkalýðshreyfingin má líka alveg taka þetta til sín. Það má því segja að almennt áhugaleysi ríki um þennan málaflokk. Er það

raunverulega þannig að það eigi ekki allir rétt á því að koma heilir heim úr vinnu á hverjum degi?

Vinnueftirlitið vinnur að mörgu leyti gott starf, oft við erfiðar aðstæður. Fjármagn til starfseminnar hefur ekki aukist í neinu samræmi við stækkandi vinnumarkað. Og ef litið er til stjórnar Vinnueftirlitsins þá eru efasemdir meðal fulltrúa ASÍ í stjórninni um stöðu hennar og starfshætti. Stjórnin, sem er skipuð fulltrúum launafólks, atvinnurekenda og stjórnvalda, hefur lítið fram að færa. Sumir stjórnarmenn virðast vera þar aðeins í þeim tilgangi að stoppa öll mál sem horfa til bóta á starfi eftirlitsins. Forysta launþegahreyfingarinnar þarf að skoða þetta mál, og ná fram breytingum sem miði að því að efla vinnuverndarstarf hér á landi til muna.

Í byrjun september var haldið heimsþing um vinnuvernd í Singapúr. Þar komu fram nýjar tölur um kostnað þjóða við slys og atvinnutengda sjúkdóma. Þessar tölur eru unnar af stjórnvöldum í Finnlandi, Singapúr og hjá ILO, Alþjóðavinnumálastofnuninni. Niðurstaðan er að t.d. í löndum Evrópusambandsins er kostnaður talinn vera um 3,26% af vergri þjóðarframleiðslu á ári, hér eru þetta tæpleg 69 milljarðar á ári. Svipuð tala og kostar að byggja nýjan meðferðarkjarna við þjóðarsjúkrahúsið. Það er því til mikils að vinna að svokallaðri núllslysastefnu sem nú ryður sér til rúms víða erlendis. Þannig hefur Landsvirkjun sem dæmi tekið upp þessa stefnu við byggingu Búðarhálsvirkjunar. Og verkalýðshreyfingin þarf að koma þar öflug að starfi og kynningu. Fjármunum sem varið er í fyrirbyggjandi starf er vel varið og skila sér til baka, bæði hjá atvinnurekendum og stéttarfélagunum.

En þessa stefnu þarf að taka upp á víðum vettvangi atvinnulífsins. Skoðun Vinnueftirlitsins á rúmlega 100 fyrirtækjum í fiskvinnslu frá 2014 sýndi að þrátt fyrir gríðarlegan hagnað fyrirtækjanna var mjög margt að í öryggismálum og slysagildrum nánast við hvert tæki. Og svo láta alltof mörg fyrirtæki í fiskvinnslu ungt fólk, jafnvel börn, vinna við þessi tæki.

Á Evrópuvettvangi er á sviði vinnuverndar unnið að því að koma á reglum um lágmörk varðandi mengun frá ýmsum efnum sem þekkt eru sem skaðvaldar þegar launafólk andar þeim að sér. Aðeins eru 4 efni á þessum lista en vonir standa til þess að þau verði orðin um 50 fyrir árið 2020.

Og þar eins og hér þarf á Evrópuvísu að vinna að því að allir taki upp „núll slysastefnu“.

Evrópsk vinnuverndarvika 2016 og 2017

Vinnuverndarvikan 2016 og 2017 hefur yfirskriftina „Vinnuvernd alla ævina“. Fram hefur komið að 27% vinnuafli í ESB telja að þau muni ekki geta unnið sama starf fram að sextugu. Við þurfum að bæta starfsævi allra kynslóða vinnandi fólks og vinna að sjálfbærri vinnu og heilbrigðri öldrun.

Herferðin Vinnuvernd alla ævi snýst um sjálfbæra starfsævi í Evrópu þar sem aldur vinnuafis fer hækkandi. Forvarnir á starfsævinni eru lykilskilaboð, þar sem áhættumat er grundvöllur þess að koma í veg fyrir slys og sjúkdóma á vinnustað, ásamt endurhæfingu, endurkomu til vinnu og símenntun.

Komum heil heim úr vinnu! - ráðstefna ASÍ um vinnuvernd

Vinumarkaðsnefnd ASÍ ákvað vorið 2017 að standa fyrir ráðstefnu um vinnuverndarmál með yfirskriftinni „Komum heil heim!“ Á ráðstefnunni verður fjallað um stöðu vinnuverndarmála hér á landi og helstu áskoranir sem við stöndum fyrir í þeim efnum. Þá munu sérfræðingar frá Noregi og Svíþjóð gera grein fyrir því helsta sem er að gerast á sviði vinnuverndar í þessum löndum og á Evrópuvísu.

Eftirtalin voru með framsögur á ráðstefnunni:

Kristinn Tómasson, sviðsstjóri hjá Vinnueftirlitinu, Barbro Köhler Krantz, sérfræðingur hjá sænska vinnueftirlitinu, Pål Molander, forstjóri norsku vinnuumhverfisstofnunarinnar og Björn Ágúst Sigurjónsson, stjórnarmaður í Vinnueftirlitinu.

Atvinnuleysistryggingar, vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðir

Það tímabil sem skýrsla forseta nær til hefur einkennst af mikilli þenslu á vinnumarkaði, bættu atvinnuástandi og hraðri lækkun atvinnuleysis. Þannig mældist atvinnuleysi í júlí sl. undir 2%. Á sama tíma hefur Alþýðusambandið gagnrýnt hvernig atvinnuleysisbætur hafa setið eftir síðustu ár.

Í kjarasamningum aðildarféлага ASÍ árið 2015 var samið um talsverðar hækkanir á lægstu launum í landinu, en samkomulag var um að lægstu laun myndu hækka í áföngum til ársloka 2018 í kr. 300.000 á mánuði. Í viðræðum við þáverandi ríkisstjórn var það krafa ASÍ að bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur myndu haldast í hendur við lágmarkslaun en því var algerlega hafnað.

Alþingi ákvað síðan að hækka hámarksbætur almannatrygginga vegna ársins 2017 og tryggja að þær fylgi þróun lágmarkslauna (reyndar með því að hækka nokkuð heimilisuppbótina fyrir þá sem búa einir og auka við tekju-skerðingar vegna annarra tekna). Engin sambærileg ákvörðun hefur verið tekin um hækkun atvinnuleysisbóta og eru atvinnuleysisbætur nú lægri sem hlutfall af lágmarkslaunum en nokkru sinni áður, eða 78%.

Eins og sjá má af meðfylgjandi myndum hefur ávallt verið ákveðið samhengi milli bóta almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga og lægstu launa í landinu. Frá 1956–1996 var það einfaldlega þannig að fyrsti taxti verkamanna í kjarasamningi Dagsbrúnar (nú Eflingar stéttarfélags) var grunnur atvinnuleysisbóta. Með stofnun Vinnumálastofnunar árið 1996 var þessu ákvæði

breytt í þá veru, að „Fjárhæð grunnatvinnuleysisbóta og hámark tekjutengdra atvinnuleysisbóta koma til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er ráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta fjárhæð grunnatvinnuleysisbóta og hámarki tekjutengdra atvinnuleysisbóta til hækkunar ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga.“

Eins og sjá af meðfylgjandi myndum er reynsla atvinnulausra ekki góð af þessari breytingu því strax í kjölfarið lækkuðu atvinnuleysisbætur sem hlutfall af lágmarkslaunum verulega og voru komnar niður undir 80% árið 2001–2002. Við endurskoðun kjarasamninga í nóvember 2005 náðist samkomulag við bæði atvinnurekendur og stjórnvöld að hækka grunnbætur atvinnuleysisstrygginga aftur í samræmi við lágmarkslaun – ásamt því að taka hér upp tekjutengdar bætur fyrstu mánuðina í atvinnuleysi.

Frá þeim tíma hefur aftur sigið á ógæfuhliðina, þrátt fyrir að hámarksbætur almannatrygginga hafi verið látið fylgja lágmarkslaunum og eru atvinnuleysisbætur nú einungis 78% af lægstu launum í landinu og hafa aldrei verið svo lágur hlutfallslega.

Á næstu mynd má sjá afleiðingu þessarar þróunar gagnvart þróun - kaupmáttar lágmarkslauna, hámarksbóta almannatrygginga og atvinnuleysisbóta. Þar kemur glögglega fram að kaupmáttur atvinnuleysisbóta hefur verið óbreyttur frá þeim tíma ef frá er talin smávægileg hækkun um síðustu áramót.

Þó það kunnir að hafa verið einhver rök fyrir því að frysta bæturnar um skamman tíma í kjölfar hrunsins rökstyður það engan veginn þessa alvarlegu stöðu. Þvert á móti eru skýr ákvæði í lögnum um að bæturnar eigi að fylgja þróun kaupgjalds í landinu og ef litið er til bæði stöðu efnahagsmála almennt og stöðu Atvinnuleysisstryggingasjóðs sérstaklega er ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu en að stjórnvöld gangi freklega gegn hagsmunum þeirra sem eru án atvinnu. Fulltrúar ASÍ í stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs, þau Ólafía B. Rafnsdóttir, þáverandi formaður VR og I.

varaforseti ASÍ, og Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar í Hafnarfirði, lögðu fram tillögu um hækkun atvinnuleysisbóta til jafns við launaþróun og ákvörðun Alþingis um hækkun bóta almannatrygginga. Ljóst var að atvinnuleysi hafði gengið hraðar og meira niður þannig að sjóðurinn hafði bolmagn til þess að standa undir slíkri hækkun. Samkvæmt ársreikningi Atvinnuleysisstryggingasjóðs fyrir árið 2016 var eiginfjárstaða hans jákvæð um rúma 18 milljarða króna og stefnir í að hækka um a.m.k. þriðjung í ár og verða 25 milljarðar króna! Sjóðurinn er því vel í stakk búinn til að takast á við þessa hækkun og það verður seint þannig að verkalýðshreyfingin sættist á að aðlaga atvinnutryggingagjaldið gagnvart atvinnulífnum á grundvelli svo mikilla skerðingna bótaréttar sem raun ber vitni!

Stöðvum kennitöluflakk

Alþýðusamband Íslands hefur á undanförunum árum lagt mikla og vaxandi áherslu á baráttuna gegn kennitöluflakki og svartri atvinnustarfsemi. Fjallað hefur verið um starf Alþýðusambandsins í þessum málum og úrbótatillögur sambandsins í fyrri skýrslum forseta.

Í ljósi þessarar niðurstöðu var á vettvangi ASÍ unnin greinargerð og heildstæðar tillögur til að sporna við kennitöluflakki og var hvorutveggja kynnt í byrjun október 2013. Um er að ræða ítarlega greiningu og úrbótatillögur í 16 liðum.

Þrátt fyrir að Alþýðusambandið hafi alla tíð síðan haldið málinu á lofti og reynt að fá bæði stjórnámamenn og samtök atvinnurekenda til samstarfs gerðist lítið í málinu fyrir en undir árslok 2016 þegar Samtök atvinnulífsins lýstu sig tilbúin til viðræðna um samstarf um aðgerðir gegn kennitöluflakki. Viðræðurnar leiddu til sameiginlegra tillagna sem kynntar voru fyrir fulltrúum ríkisstjórnarinnar og fjölmiðlum í júlí 2017. Í kynningunni sem fylgdi tillögnum segir:

„Ætla má að tjón samfélagsins vegna kennitöluflakks hlaupi á milljörðum króna á hverju ári. Kennitöluflakk er meinsemd í íslensku samfélagi sem er hægt að lágmarka með breytingu laga í samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndunum.

Kennitöluflakk felur í sér að félag hættir starfsemi eftir gjaldþrot en rekstur þess heldur áfram í gegnum annað félag með nýrri kennitölu til að komast undan einhverjum eða öllum lagalegum skuldbindingum félagsins, s.s. greiðslu skatta og opinberra gjalda, lífeyris- og launagreiðslum.

Ákjósanlegt er að hafa rekstrarumhverfi þar sem er auðvelt og kostnaðarlítið að hefja rekstur, svigrúm er til hóflegrar áhættutöku og sanngjarnar leikreglur eru til staðar sem veita vernd gegn misnotkun eins og kennitöluflakki. Ísland er eftirbátur nágrannaþjóðanna þegar kemur að úrræðum til að sporna við kennitöluflakki. Svíar lögfestu atvinnurekstrarbannheimild árið 1980, Norðmenn 1984, Bretar 1986 og Danir 2014.

SA og ASÍ leggja til að hægt verði að banna þeim sem verða uppvísir að kennitöluflakki að eiga og reka hlutafélög og einkahlutafélög í allt að þrjú ár. Lagt er til að Ríkisskattstjóra verði veitt heimild til að úrskurða kennitöluflakkara í svokallað atvinnurekstrarbann að fengnum úrskurði dómstóla. Bannið myndi ekki einungis ná til skráðra stjórnenda heldur einnig til svokallaðra skuggastjórnenda. Skilyrði atvinnurekstrarbanns eru óverjandi viðskiptahættir eða rökstuddur grunur um refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur.

Það er til mikils að vinna en það liggur fyrir að fjárfesting í baráttu gegn kennitöluflakki skilar sér margfalt til baka. Tjónið lendir á fyrirtækjum, ríkis-

sjóði, stéttarfélögum, lífeyrissjóðum, launafólki og neytendum. Nýleg dæmi frá Ástralíu sýna að rúmlega helmingur tjónþola kennitölufلاكs eru fyrirtæki sem eiga í viðskiptum við kennitölufلاكkara. Ríkissjóður ber rúmlega þriðjung tjónsins en starfsmenn rúmlega 10%.

Mikilvægt er að gera greinarmun á kennitölufلاكki og hefðbundnum gjaldþrotum fyrirtækja sem eiga sér eðlilegar skýringar og þar sem vilji er til að standa við lagalegar skuldbindingar eins og hægt er. Kennitölufلاكk felur hins vegar í sér glæpsamlega starfsemi þar sem markmiðið er að koma undan fjármunum.“

Tillögur ASÍ og SA eru í sjö liðum alls og eru útfærðar frekar:

1. Atvinnurekstrarbannsheimild
2. Lífeyrissjóðsiðgjöld verði betur vernduð
3. Skipuð verði nefnd um hvernig megi styrkja stöðu kröfuhafa
4. Heimild ráðherra til að slíta félögum færð yfir til ríkisskattstjóra
5. Ríkisskattstjóri fái upplýsingar um refsidóma í tengslum við atvinnurekstur
6. Opnberir aðilar marki sér heildstæða stefnu um aðkomu að þrotabúum félaga
7. Hæfisskilyrði hlutafélaga nái til skuggastjórnenda
8. Fræðsla

Komið hefur fram að ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur þegar sett af stað vinnu vegna lagasetningar sem ætlað er að sporna við kennitölufلاكki og hefur verið leitað samráðs við ASÍ og SA um þá vinnu. Stefnt er að því að leggja fram frumvarp um efnið á næsta þingi.



FRÆÐSLU- OG MENNTAMÁL

Alþýðusamband Íslands og stofnanir þess ásamt aðildarfélögum taka virkan þátt í menntastarfi hér á landi, bæði með stefnumótun og þátttöku í framkvæmd á fjölmörgum sviðum menntamála. Það á við bæði um formlega menntakerfið og það óformlega. Þá standa MFA-fræðsludeild ASÍ og Mímir-símenntun, sem er í eigu ASÍ, fyrir öflugu fræðslustarfi. Einnig á Alþýðusambandið aðild að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, og Fræðslusjóði, auk þess að tilnefna í starfsgreinaráðin á framhaldsskólastigi.

Aukinni áherslu Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar á menntun og mikilvægi hennar, bæði góðrar grunnmenntunar og símenntunar, hefur fylgt mjög aukið starf á þessu sviði á vettvangi samtakanna og vænta má þess að sú þróun haldi áfram enda mikilvægi öflugs menntastarfs fyrir launa-fólk og samfélagið allt öllum ljóst.

Eins og efni þessa kafla ber með sér hefur starf ASÍ og tengdra stofnana að menntamálum sjaldan verið umfangsmeira en nú og ekkert bendir til annars en að það mikla starf haldi áfram í fyrirsjáanlegri framtíð. Sem dæmi má nefna félagslegu fræðsluna á vettvangi ASÍ og Félagsmálaskólans og stöðugt öflugri framhaldsfræðslu. Þá ber að geta starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Fræðslusjóðs og Mímis-símenntunar sem aldrei hafa verið mikilvægari en nú.

Fulltrúar Alþýðusambandsins tóku á tímabilinu virkan þátt í stefnumótun

og útfærslu verkefna á sviði fagháskólamenntunar, raunfærnimats og aukinna menntunarmöguleika fyrir verkafólk og verslunar- og skrifstofufólk og í umræðu og stefnumótun um hæfnirammann sem unnið er að fyrir íslenska menntakerfið með sérstakri áherslu á framhaldsfræðsluna og fagháskólastigið.

Hér á eftir verður fjallað nánar um nokkur viðfangsefni á sviði menntamála á tímabilinu á vettvangi Alþýðusambandsins og stofnana þess eða þar sem ASÍ hefur komið að með virkum hætti.

MFA fræðsludeild ASÍ

MFA fræðsludeild ASÍ veitir stéttarfélögum þjónustu varðandi uppbyggingu fræðslu og hvernig þau geta nýtt sér hana til að efla og móta starf þeirra, þar sem áhersla er lögð á að styrkja talsmenn og trúnaðarmenn verkalýðshreyfingarinnar. Fræðsludeildin rekur Félagsmálaskólann og er deildarstjóri jafnframt skólastjóri hans. Boðið er upp á námskeið sem taka á málefnum hvers tíma og miðað er við að námsframboðið taki til þarfa og aðstæðna félaga hverju sinni. Aðildarfélög ASÍ hafa möguleika á að fá sértæka fræðslu eftir þörfum til að móta starf og stefnu. Ráðgjöfin miðar að því að styrkja talsmenn stéttarfélaganna, efla innra starf félaga og samskipti út á við. Tekið er mið af aðstæðum á vinnumarkaði og í samfélaginu hverju sinni. Form, staðsetning og tímalengd námskeiða er hluti af ráðgjöfinni. Einnig býður MFA upp á ítarlega þarfagreiningu á fræðslustarfi fyrir einstök félög til að móta starf og stefnu félagsins. Menntanefnd ASÍ er stjórn MFA fræðsludeildar. Haldnir voru tveir fundir haustið 2016 og þrír fundir hafa verið haldnir það sem af er árinu 2017.

Skipulag hópunda

Fræðsludeild hefur aðstoðað félögin við að skipuleggja hóp- og vinnufundi með aðferð er kallast Miðlunaraðferðin. Það er gagnleg aðferð til að vinna með hópum, hvort sem það er á fundum eða við kennslu. Aðferðin byggir á því besta sem þekkt er úr kennslufræðinni og námssálarfræðinni. Þá hefur þessi aðferð verið notuð á ársfundum og þingum ASÍ og hefur fræðsludeildin séð um þá vinnu. Auk þess hefur færst í aukana að félögin leiti til fræðsludeildar um erindi á trúnaðarmannaráðstefnur, félagsfundi og starfsmannadaga.

Kynningar í framhaldsskólum

Undanfarin ár hefur fræðsludeild Alþýðusambandsins boðið framhaldsskólum upp á fræðsluerindi um vinnumarkaðinn og kjarasamninga og eftirspurn sífellt að aukast. Þetta hafa verið stutt erindi í kennslustundum, m.a. í lífsleikni og félagsfræði. Fyrst og fremst hefur verið lögð áhersla á grunnþætti er varðar réttindi og skyldur á vinnumarkaði svo sem vinnutíma, ráðningarsamninga, veikindarétt, uppsagnarfrest og launaútreikninga.

Sú nýbreytni varð á síðasta ári að nú bjóðum við grunnskólum einnig upp á þessa fræðslu. Við höfum fundið fyrir brýnni þörf á því að fræða nemendur í efstu bekkjum grunnskóla sem margir hverjir eru farnir að vinna með skóla, en eru lítt meðvitaðir um réttindi og skyldur samkvæmt kjarasamningum og lögum. Fræðsludeildin vinnur í nánu samstarfi við stéttarfélagin á landinu, sem mörg hver sinna þessari fræðslu í sinni heimabyggð. Farið var í um 50 heimsóknir á vegum MFA á síðasta skólaári og í sumum tilfellum oftast en einu sinni í hvern skóla.

Útbúin hafa verið myndbönd þar sem helstu réttindi eru kynnt í stuttu máli á myndrænan hátt. Þau hafa m.a. verið notuð til kynningar í framhaldsskólum, fyrir kennara til kennslu, ásamt því að þeim var komið á framfæri til stéttarfélaganna. Þau má nálgast á heimasíðu ASÍ, www.asi.is. Þá hefur ASÍ verið í samstarfi við Jafningjafræðsluna síðan árið 2009. Þar hefur farið fram fræðsla fyrir unga fólkið um verkalýðshreyfinguna og helstu réttindi á vinnumarkaði, í gegnum Vinnuskóla Reykjavíkur, Kópavogs og Seltjarnarness. Hefur það samstarf gefist afar vel og verið mikilvægur þáttur í að efla þekkingu ungs fólks á vinnumarkaði.

Fjarfundareriendi

Yfir vetrartímamann eru haldin vikulega stutt fjarfundareriendi þar sem tekið er fyrir það sem er efst á baugi hverju sinni. Einnig eru haldin almennari fræðslueriendi. Jafnframt hefur verið leitað til félaganna eftir óskum um fræðslu, en búnaðurinn býður upp á að sá sem heldur fjarfundarfyrirlestur geti verið á sinni starfsstöð. Fræðslufundareriendin er hægt að nálgast á heimasíðu Alþýðusambandsins.

Vísinda- og tækniráð

ASÍ á tvo fulltrúa í Vísinda- og tækniráði. Með setu í ráðinu hefur ASÍ tækifæri til að koma áherslum í mennta- og atvinnumálum á framfæri og í framkvæmd. Vísinda- og tækniráð hefur það hlutverk að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að treysta stöðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Ráðið markar stefnu stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum til þriggja ára í senn. Ráðið er skipað af forsætisráðherra og samanstendur af fimm ráðherrum, fulltrúum aðila vinnmarkaðarins, fulltrúum úr atvinnulífi og fulltrúum menntastofnana.

Helstu áherslur í stefnum Vísinda- og tækniráðs hafa verið að efla samkeppnisjóni í rannsóknum og þróun, auka klasasamstarf og alþjóðlega sókn í rannsóknarfjármagn. Jafnframt hefur ráðið unnið að og hvatt til úttekta á íslenska mennta- og rannsóknarkerfinu.

Innan Vísinda- og tækniráðs er starfað í tveim nefndum, vísindanefnd þar

sem fulltrúar menntastofnana sitja og svo tækninefnd þar sem fulltrúar úr atvinnulífi sitja. Störf vísindanefndar snúa að mestu að rannsóknum og störfum háskóla á meðan störf tækninefndar snúa að tækniþróun. Jafnframt bera nefndirnar ábyrgð á skipun stjórnar og fagráðs fyrir þá sjóði sem heyra undir nefndirnar, t.d. Tækniþróunarsjóð, Rannsóknarsjóð o.fl. Nefndirnar hafa með sér samráð og hittast reglulega á sameiginlegum fundum vísinda- og tækninefnda. Sjálft ráðið hittist svo á þriggja mánaða fresti þar sem störf nefnda ber á góma og samráð er átt við ráðherra.

Stefna Vísinda- og tækniráðs fyrir árin 2017–2019 var samþykkt og gerð opinber í júní 2017. Í stefnunni eru nú fimm meginmarkmið; Rannsóknir og nýsköpun í heimi örra breytinga, Öflug þátttaka í þekkingarsamfélagi, Góð menntun og lykillæfni, Framsækin fyrirtæki og nýsköpun og Markviss uppbygging rannsóknarinnviða.

Genfarskólinn

Norræni lýðháskólinn í Genf, Genfarskólinn, er haldinn samhliða Alþjóðavinnuálagningu í Genf. Nemendur kynnast þinghaldinu og Alþjóðavinnuálagningunni ILO. Stofnunin starfar að vinnuálagningu á vegum Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúar á ILO-þinginu eru frá stjórnvöldum, atvinnurekendum og samtökum launafólks um allan heim. Þátttakendur kynnast norrænu samstarfi á vettvangi ILO og geta kynnt sér ýmis alþjóðasamtök verkalýðshreyfingarinnar sem starfa í tengslum við ILO. Námið fer fram í formi fjarnáms, fyrirlestra, hópstarfs og þátttakendur fylgjast með fundum Alþjóðavinnuálagningarsins og nefndarstarfi þess. Fornámskeið eru haldin í upphafi í Svíþjóð, oftast í mars, ár hvert. Að því loknu tekur við fjarnám sem stendur þar til þátttakendur fara út til Genfar, í lok maí. Skólinn er ætlaður virkum félagsmönnum í stéttarfélagunum. Gert er ráð fyrir því að umsækjendur hafi áhuga á alþjóðamálum verkalýðshreyfingarinnar. Æskilegt er að þeir hafi sótt fræðslustarf verkalýðshreyfingarinnar og þekki til starfsemi stéttarfélaganna og samtaka þeirra hér á landi. Aðild að Genfarskólanum eiga MFA-samböndin í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi og hér á landi. Íslensku þátttakendurnir í Genfarskólanum hafa verið tveir undanfarin ár. Þeir hafa sótt kynningarfundum hér á landi, sem haldnir hafa verið til undirbúnings þátttöku í skólanum. Á kynningarfundinum hitta þátttakendur fulltrúa Íslands sem sækja ILO þingið, ásamt þátttakendum síðasta árs. Deildarstjóri fræðsludeildar situr í stjórn Genfarskólans. Slóð Genfarskólans er www.geneveskolan.org.

Félagsmálaskóli alþjóðu

Félagsmálaskóli alþjóðu er rekinn af MFA og er deildarstjóri fræðsludeildar jafnframt skólalastjóri Félagsmálaskólans. Talsmenn BSRB hafa einnig aðgang

að Félagsmálaskólanum. Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu ber ábyrgð á rekstri skólans ásamt skólastjóra. Haldnir voru fjórir fundir í skólanefnd á síðasta skólaári. Félagsmálaskólinn hefur verið að mestu fjármagnaður af framlagi frá ríkissjóði. Framlagið er nú um 15 milljónir á ári. Sú breyting var gerð á síðustu fjárlögum (2017) að nú er skólinn ekki lengur á sér fjárlagalið, heldur fær nú úthlutað fjármunum af safnið sem sækja þarf um á ári hverju. Þetta skapar aukna óvissu um fjármögnun skólans, frá ári til árs. Félagsmálaskólinn er viðurkenndur fræðsluaðili. Skv. ákvæðum laga nr. 27/2010, 7. gr. um framhaldsfræðslu, er skólanum því heimilt að annast framhaldsfræðslu. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluáðilans uppfylli á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stöð í þeim. Meðal atriða sem tekin eru sérstaklega fyrir, þegar veitt er viðurkenning, eru aðstaða til kennslu og námskeiðahalds, skipulag náms og umsjón með því, námskrár eða námslýsingar, hæfni með tilliti til þekkingar og reynslu, fjárhagsmálefni, tryggingar og tilvist gæðakerfis með áherslu á nám fullorðinna. Alls voru haldin 60 námskeið á vegum Félagsmálaskólans, skólaárið 2016–2017. Heildarfjöldi þátttakenda var 815, þar af konur 501 og karlar 314. Starfsmenn skólans eru fjórir en starfshlutfall þeirra mismunandi. Einn er í fullu starfi, einn í hálfu starfi, einn í 40% starfi og einn í 70% starfi. Í samstarfi skólanefndar Félagsmálaskólans, menntanefndar og starfsmanna skólans, er mótuð heildarsýn fræðslustarfsins og stefnu fyrir hverja önn. Þarfagreining og stefnumótun fléttast inn í daglegt starf starfsmanna skólans og eru tengsl við talsmenn stéttarféлага mikilvægur þáttur í starfi þeirra. Þá hefur verið lögð meiri áhersla á rafræna kennsluhætti og upplýsingaöflun á námskeiðum og ríkari áhersla lögð á að nemendur hafi meðferðis fartölvu, iPad eða notist við farsímamann til að minnka pappírnotkun.

Trúnaðarmannanámskeið

Stéttarfélagin panta trúnaðarmannanámskeið hjá Félagsmálaskólanum og í samráði við starfsmenn hans eru gerð drög að dagskrá. Á síðasta skólaári var unnið út frá tveimur námskrám, Trúnaðarmannafræðsla I og II, sem gefnar voru út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og teknar í notkun vorið 2008. Undanfarin misseri hefur staðið yfir endurskoðun á námskrám trúnaðarmanna og hefur ný námskrá litið dagsins ljós. Búið er að sameina þessar tvær námskrár í eina námskrá, Nám trúnaðarmannsins. Námið í heild sinni er 96 kennslustundir. Í eldri námskrám var töluvert um endurtekningar en nú er búið að sameina námsþætti án þess að nokkuð hafi verið tekið út og námið gert hnitmiðaðra. Í þessari sameiningu var tekið mið af reynslu okkar af eldri námskrám og umsögnum nemenda. Nýja námskráin samanstendur af 11 námsþáttum. Námskráin hefur hlotið samþykki og viðurkenningu hjá Menntamála-

stofnun og er á þrepi 2 skv. íslenska hæfnirammanum. Byrjað var að vinna eftir nýrri námskrá haustið 2017.

Trúnaðarmannanámskeiðin voru með hefðbundnum hætti á síðasta skólaári. Voru þau allt frá tveimur dögum til fimm. Auk þess var boðið upp á trúnaðarmannanámskeið í svokallaðri vendikennslu. Lengd námskeiðs samsvaraði heilli viku, en henni dreift á allt misserið. Námiðsamanstóð af fjórum sjálfstæðum námslotum sem mynduðu eina heild og voru teknar í tímaröð. Byrjað var á staðbundinni lotu sem tók tvo daga. Þar var farið í Þjóðfélagið og vinnu- markaður, Trúnaðarmaðurinn, starf og staða, ásamt því að lögð var áhersla á hópefli. Í fyrstu lotunni voru myndaðir hópar sem unnu saman þar til í lok námskeiðs. Í lotu tvö var farið í Starfsemi stéttarfélaga og Túlkun kjarasamninga en sú lota fór fram í svokallaðri vendikennslu. Þar var námsefnið á raf- rænu formi ásamt því að nemendur fengu send til sín verkefni sem þeir leystu sameiginlega í hópum í gegnum netið. Lota þrjú var með sama sniði og lota tvö. Þar var farið í Samskipti á vinnustað. Endað var á staðbundinni lotu þar sem farið var í Lestur launaseðla ásamt því að nemendur gerðu grein fyrir verkefnum sem þeir unnu í lotu tvö og þrjú.

Þá hefur einnig verið útbúin námslína sem kallast Smiðjan. Námið er ætlað trúnaðarmönnum sem hafa hlotið reynslu í störfum sínum og hafa lokið Trúnaðarmannanámskeiði I og II. Námið er í senn hagnýtt og fræðilegt og við kennsluna eru notuð raundæmi og verkefni. Námskeiðið stendur yfir í þrjú daga, samtals 24 kennslustundir. Námið samanstendur af tveimur námslotum, annars vegar Fundarskóp og hins vegar Málefna- og greiningarvinnu.

Alls voru haldin 35 trúnaðarmannanámskeið síðasta skólaár. Þetta eru aðeins færri námskeið en haldin voru á síðasta skólaári, en þá voru haldin 40 trúnaðarmannanámskeið. Haldin voru 14 námskeið á haustönn 2016 og 21 á vorönn 2017. Alls sóttu 480 námskeiðin, sem er minni þátttaka en undanfarin ár, en á síðasta ári voru 529 nemendur sem sóttu trúnaðarmannanámskeið skólans. Þar af voru 333 konur og 147 karlar. Þá hafa félögin innan ASÍ og BSRB haldið sameiginleg námskeið fyrir sína trúnaðarmenn og hefur það mælst vel fyrir. Auk þess hefur færst í aukana að trúnaðarmenn einstakra félaga sitji trúnaðarmannanámskeið hjá öðrum félögum.

Félagsmálaskólinn hefur frá áramótum 2013 rekið eigið nemendabókhald.

Almenn námskeið

Félagsmálaskólinn býður einnig upp á almenn námskeið sem eru opin öllum talsmönnum og trúnaðarmönnum verkalýðshreyfinganna. Auk þess hafa einstaka stéttarfélög pantað sérstök námskeið fyrir sína talsmenn. Á haustönn 2016 var boðið upp á fjögur almenn námskeið, það voru: Norræna vinnu- markaðsmódelið, Að njóta sín í lífi og starfi, Hvíldartímaákvæði, Undirboð og

brotastarfsemi á íslenskum vinnumarkaði. Á vorönn 2017 var boðið upp á þrjú almenn námskeið. Það voru: Erfið samskipti, Samfélagsmiðlar, og Að þekkinga valdið. Einnig voru haldin átta sérnámskeið fyrir einstaka félög eftir óskum þeirra. Þá var jafnframt boðið upp á námskeiðin í fjarfundi, eftir því sem við átti. Alls sóttu 206 almenn námskeið, þar af 110 konur og 96 karlar.

Þá hafa verið útbúnar nokkrar námslínur þar sem tekin eru fyrir einstaka þemu. Þar má nefna Jafnréttisfræðslu, Umhverfisfræðslu, Einn réttur – ekkert svindl! og Námsvatning á vinnustað. Undir hverju þema eru teknir fyrir einstaka efnisþættir sem tengjast málefnum og mynda eina heild.

Lífeyrissjóðsnámskeið

Haldið var eitt námskeið á haustönn 2016 fyrir stjórnarmenn lífeyrissjóða, í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Landsamtök lífeyrissjóða, til að undirbúa stjórnarmenn undir hæfismat FME. FME kallar alla stjórnarmenn til viðtals við sérstaka ráðgjafarnefnd sem metur hæfi stjórnarmanna. Námskeiðunum er ætlað að tryggja að stjórnarmenn uppfylli skilyrði sem kveðið er á um í lagaheimild frá árinu 2008 sem bætt var í lífeyrissjóðalögin nr. 129/1997, en þar er farið fram á að stjórnarmenn búi yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Mat FME á faglegu hæfi stjórnarmanna byggir m.a. á þessari lagaheimild. Námskeiðin, sem standa yfir í þrjú og hálfan dag, tóku mið af þeim efnisþáttum sem hafðir voru til hliðsjónar í viðtali ráðgjafarnefndarinnar og höfðu allir leiðbeinendur yfirgripsmikla þekkingu á starfsemi og stjórnun lífeyrissjóða. Alls hafa um 185 sótt námskeiðið.

Þá voru einnig haldin styttri sí- og endurmenntunarnámskeið fyrir stjórnarmenn í lífeyrissjóðum, starfsfólk á skrifstofum lífeyrissjóðanna og þá sem áhuga hafa á lífeyrismálum. Um er að ræða símenntunarnámskeið þar sem m.a. þáttakendum fyrri námskeiða gefst kostur á að bæta við sig. Þetta eru stutt þriggja klukkustunda námskeið. Á vorönn 2017 voru haldin fjögur námskeið, það voru: Lífeyrissjóðir á samfélagsmiðlum, Hvað er samfélagsleg ábyrgð?, Samfélagsleg ábyrgð í fjárfestingum lífeyrissjóða og Samfélagslega ábyrgar fjárfestingar (ekki voru haldin stutt námskeið á haustönn 2016).

Í tengslum við þessi námskeið, fyrir stjórnarmenn í lífeyrissjóðum vegna hæfismats FME, komu fram ítrekaðar fyrirspurnir og óskir um námskeið fyrir fleiri hópa um lífeyriskerfið og starfsemi lífeyrissjóðanna. Til að mæta þessu var sett upp styttra almennara námskeið þar sem farið var yfir helstu þætti lífeyriskerfisins og starfsumhverfi lífeyrissjóðanna og markhópurinn verðandi stjórnarmenn, starfsfólk á stéttarfélögum og þeir sem áhuga hafa á lífeyrismálum. Námskeiðið var tveggja daga yfirlitsnámskeið um íslenska lífeyriskerfið og starfsemi lífeyrissjóða. Farið var yfir helstu þætti er snerta hlutverk

og starfsumhverfi lífeyrissjóðanna, fjallað um réttindakerfið, lagaumhverfi sjóðanna, eignir og fjárfestingarheimildir, auk þess sem rætt er um hlutverk stjórnarmanna og hæfi þeirra. Námskeiðið er góður inngangur fyrir þá sem vilja kynna sér málaflokkinn og gagnast vel þeim sem áhuga hafa á stjórnarstörfum í lífeyrissjóðunum, tilvonandi stjórnarmönnum, (nýjum) starfsmönnum lífeyrissjóða, fulltrúaráðum lífeyrissjóða, starfs- og stjórnarmönnum stéttarfélaga, fulltrúum í lífeyrisnefndum félaga og öðrum þeim sem hafa áhuga á málefninu. Alls sóttu 79 lífeyrissjóðsnámskeið, þar af 29 konur og 50 karlar.

Samstarf við Fræðsluatrið Starfsmennt

Undanfarin ár hafa Félagsmálaskólinn og Fræðsluatrið Starfsmennt, boðið upp á námslínu sem kallast Forystufræðsla fyrir stjórnir og starfsfólk stéttarfélaga. Þessari námsleið er ætlað að mæta fræðsluþörfum starfsmanna stéttarfélaganna, hvort sem það eru formenn, stjórnendur eða starfsfólk. Tilgangur forystufræðslunnar er að styrkja alla þessa aðila til að uppfylla kröfur og væntingar sem gerðar eru til þeirra og útvega þeim tæki og þekkingu til að mæta flóknara umhverfi á vinnumarkaði og á vinnustað. Fræðslunni er jafnframt ætlað að efla liðsheild, efla samstöðu, greiða fyrir flæði upplýsinga innan heildarsamtakanna ASÍ og BSRB og aðildarfélaga þeirra, ásamt því að samstarf heildarsamtakanna verði öflugra. Í byrjun árs 2016 var farið í endurskoðun á námslínunni og myndaðir voru rýnihópar, sem samanstóðu af kjörnum fulltrúum BSRB og ASÍ. Niðurstaða þeirrar vinnu var að námslínan stæði fyllilega undir þeim væntingum sem til hennar væru gerðar og ekki talin þörf á að breyta efnisþáttum.

Forystufræðslan er heildstæð námsleið sem skiptist í 9 námsþemu með 30 námskeiðum sem spanna alls 192 klukkustundir. Í ljósi þess að hópurinn hefur fjölbreyttar fræðsluþarfir og mismunandi starfsreynslu þá eru námskeiðin valfrjáls. Á haustönn 2016 var haldið eitt námskeið, Notkun samfélagsmiðla. Á vorönn 2017 voru haldin þrjú námskeið. Það voru: Samningatækni, Viðburðastjórnun og Hvernig verður vinnumarkaðurinn eftir 20 ár? Alls sóttu 50 námskeið í Forystufræðslu, þar af 29 konur og 21 karl. Skipting milli félaga var 32 þátttakendur frá ASÍ og 18 frá BSRB.

Félagsmálaskólinn heldur utan um kennsluna en skráningarkerfi Fræðslu- setursins Starfsmenntar er notað. Þar má jafnframt nálgast þátttökuskjöl, þjónustukönnun og mat á námi ásamt því að fá yfirlit yfir námsframvindu.

Handbók trúnaðarmannsins

Handbók trúnaðarmannsins kom fyrst út vorið 2004 og hefur selst í 4.351 ein- taki. Mörg félög hafa keypt handbókina fyrir alla trúnaðarmenn sína. Hand-

bókin er í stöðugri endurskoðun og samfara stöðugri endurskoðun á námskrám verður efni handbókarinnar gert ítarlegra. Undanfarin misseri hefur staðið yfir vinna við gagngera endurskoðun og fyrirhugað að gefa út eina handbók fyrir bæði ASÍ og BSRB og hafa hana á rafrænu formi eingöngu. Þá hafa fimm kaflar verið þýddir á sex tungumál: ensku, pólsku, portúgölsku, tagalog, rússnesku og þýsku. Allt efni hennar er aðgengilegt á netinu, www.felagsmala-skoli.is.

Heimasíða

Ný heimasíða var tekin í notkun haustið 2016. Markmið nýrrar heimasíðu var að hafa hana einfaldari, símvæna og auðveldari í notkun. Þar má finna upplýsingar um námsframboð, handbók trúnaðarmannsins, efni um einelti og margt fleira.

Fagháskólastigið

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 29. maí 2015 í tengslum við gerð kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og SA segir m.a.:

VI. Framhaldsfræðsla og starfsmenntun. Tryggt verður fjármagn til að fylgja eftir sameiginlegum áherslum menntayfirvalda og aðila vinnumarkaðarins sem líta að því að tryggja starfsemi símenntunarmiðstöðva og námstækifæri fyrir nemendur yfir 25 ára aldri, bætt skilyrði til starfsnáms með reglulegum og auknum framlögum til vinnustaðanámssjóðs og til að hefja vinnu við að skilgreina fagháskólastig og hvernig það gæti tengst bæði framhalds- og háskólakerfinu. Aukin framlög á fjárlögum vegna þessara áherslna munu nema 200 m.kr. á ári hverju.

Af hálfu ASÍ og SA var vilýrðinu um vinnuna við fagháskólanámið ítrekað fylgt eftir við menntamálaráðherra sem varð til þess að á fyrri hluta árs 2016 var skipaður verkefnishópur aðila vinnumarkaðarins, ráðuneytisins, menntastofnana og nemendafélaga. Verkefnishópurinn skilaði skýrslu og tillögum sínum til ráðherra í september 2016, eftir að nokkur átök höfðu verið um efni tillagnanna og þá einkum um kröfu aðila vinnumarkaðarins um að forræði á framhaldinu færi ekki í hendur háskólanna.

Megintillögur hópsins eru eftirfarandi:

„*Þróunarverkefni*

Farið verði af stað með fagháskólanám sem þróunarverkefni árið 2017 og a.m.k.5 mismunandi námsleiðir verði skilgreindar til þróunar og innleiðingar.

Þeim er ætlað að verða fyrirmynd almenns fagháskólanáms varðandi form náms og innihald.

Samstarfsráð um fagháskólanám

Ráðherra skipar formlegan samráðsvettvang sem heitir samstarfsráð um fagháskólanám þeirra aðila sem nú skipa verkefnishóp um fagháskólanám auk Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ráðherra skipar formann.

Samstarfsráðið hafi eftirfarandi verkefni:

Áð skilgreina frekar markmið með þróunarverkefninu og einstökum þáttum þess. Að leggja fram tillögu um kostnað og fjármögnun fagháskólanáms til framtíðar fyrir maí 2018.

Að leggja fram tillögu um hvaða nám verði fagháskólanám og geti farið af stað árið 2017 og 2018 á grundvelli greiningar og forgangsröðunar atvinnulífsins í samráði við háskóla, framhaldsskóla og aðrar menntaveitur.

Að vinna að skilgreiningu á raunfærnimati á háskólastigi og gera tillögu að innleiðingu þess.

Samstarfsráðið kys úr sínum hópi fimm manna hóp sem auk formanns samstarfsráðsins mynda verkefnisstjórn, sem ber ábyrgð á framkvæmd þróunarverkefnisins gagnvart samstarfsráðinu og ráðherra. Þar skal aðild stéttarfélag, atvinnurekenda, framhaldsskóla, háskóla og ráðuneytis tryggð.

Þróunarsjóður

Ríkið og atvinnulífið (SA, ASÍ, BSRB) stofni sameiginlegan þróunarsjóð til að fjármagna þróunarverkefnið fyrir vorönn 2017 og skólaárið 2017–2018. Um sé að ræða einskiptisáðgerð en framtíðarfjármögnun fagháskólanáms fari eftir tillögum samstarfsráðsins um framtíðarskipan námsins.“

Á grundvelli tillagna verkefnishópsins undirrituðu menntamálaráðherra og forsvarsmenn ASÍ, BSRB og SA síðan sameiginlega viljayfirlýsingu 17. október 2016 um stofnun þróunarsjóðs fagháskólanáms þar sem segir:

„Í samræmi við tillögur verkefnishóps um fagháskólanám lýsa mennta- og menningarmálaráðuneyti, Samtök atvinnulífsins (SA), Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og BSRB yfir vilja sínum til þess að stofna þróunarsjóð um þróunarverkefni sem nýtast sem fyrirmyndir um skipulag, nám og gæðamat í fagháskólanámi.

Sjóðurinn styrkir þróun og framboð á námsleiðum, kostnað við rekstur verkefna, kynningu og innleiðingu.

SA, ASÍ og BSRB lýsa sameiginlega yfir vilja til að starfsmenntasjóðir á forræði aðila eða aðildarsamtaka þeirra setji í sjóðinn 50 milljónir króna við stofnun hans hinn

1. janúar næstkomandi.

Mennta- og menningarmálaráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands, lýsir yfir vilja til að við gerð fjárlaga árið 2017 verði veitt 100 milljón króna framlagi í sjóðinn.

Sjóðinn skal nýta vorið 2017 og skólaárið 2017–18.

Í stjórn sjóðsins skulu sitja fimm stjórnarmenn, tveir fulltrúar skipaðir af ráðherra og þrír tilnefndir af öðrum stofnaðilum.

Af hálfu ráðherra var málinu fylgt eftir í ríkisstjórn og í fjárlögum fyrir árið 2017 er að finna eftirfarandi skýringu, ásamt fjárframlagi upp á 100 milljónir kr. árið 2017:

Tilraunaverkefni verður sett af stað um fagháskólanám á grundvelli til-lagna starfshóps þar um og unnið nánar að útfærslu og skipulagi á náminu.“

Af hálfu aðila vinnumarkaðarins hefur verið unnið á framangreindum grunni alla tíð síðan.

Hinn 27. október 2016 óskar ráðuneytið eftir tilnefningu í samstarfsráð um fagháskólanám. Í lýsingu á verkefnum samstarfsráðsins er nokkuð vikið frá-tillögum verkefnishópsins en fullt af hálfu ráðuneytisins að ekki sé um efnislega breytingu að ræða.

Í lok árs 2016 og byrjun árs 2017 er síðan hafinn undirbúningur af hálfu aðila vinnumarkaðarins varðandi fjármögnun í Þróunarsjóðinn og skilgrein-ingu á tilraunaverkefnum. Niðurstaðan varð sú að eftirfarandi greinar (hópar) myndu leggja til fjármagn og verkefni:

Fræðslusjóður verslunar- og skrifstofufólks

Fræðslusjóður rafiðnaðarins

Iðan (vegna byggingargreina og málm- og bílgreina)

Fræðslusjóður sjúkraliða

Jafnframt var hafinn undirbúningur undir þarfagreiningu og forgangsroðun og tekin upp samtöl við háskóla, aðrar menntaveitur og hagaðila um samstarf vegna tilraunaverkefnanna.

Þrátt fyrir að eftir því væri gengið af hálfu fulltrúa aðila vinnumarkaðarins fengust engin svör varðandi stofnun Þróunarsjóðsins og hvernig að því ætti að standa. Og varð stöðugt ljósara að bæði meðal ráðuneytisfólks og háskólanna var unnið gegn því að málinu yrði fylgt eftir og það framkvæmt eins og til-lögur verkefnishópsins og viljayfirlýsingin fólu í sér. Í því ljósi var óskað eftir því að samstarfsráð um fagháskólanám sendi fyrirspurn til aðila um hvernig staðið yrði að stofnun og verkefnum Þróunarsjóðsins. Það var gert 14. og 17. mars 2017. Jafnframt var óskað eftir viðbrögðum ráðuneytisins við að sam-starfsráðið fengi starfsmann til að halda utan um verkefni þess.

Af hálfu aðila vinnumarkaðarins var brugðist við erindinu með því að senda ráðuneytinu 23. mars tillögu um fyrirkomulag vegna fjármögnunar

þróunarverkefna í fagháskólanámi. Engar athugasemdir bárust frá ráðuneytinu vegna tillögunnar.

Hinn 6. apríl svarar ráðuneytið erindi samstarfsráðsins þar sem segir að „Framlag ríkisins til þróunar á fagháskólanámi mun verða veitt til háskóla sem vinna að þróunarverkefnum í samstarfi við SA, ASÍ og BSRB. Mun ráðuneytið á næstu vikum bjóða háskólunum að sækja um styrk til slíkra verkefna og verður 5–8 verkefnum veittur styrkur að uppfylltum nánari skilyrðum.“ Jafnframt hafnar ráðuneytið í bréfinu að samstarfsráðið fái starfsmann. Í byrjun maí er háskólunum með bréfi boðið að sækja um slík verkefni, (5–8) í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Í þessari afstöðu fólst jafnframt að hafnað var af hálfu ráðuneytisins að stofna Þróunarsjóð eins og upphaflegu tillögunnar og yfirlýsingin frá 17. október fólú á sér.

Í framangreindu ljósi var það afstaða formanns samstarfsráðsins að enginn tilgangur væri með að kalla það aftur saman og hefur það ekki verið gert, þrátt fyrir áskoranir fulltrúa aðila vinnumarkaðarins um að það yrði gert.

Þrátt fyrir það sem á undan var gengið og í ljósi upphaflegu viljayfirlýsingarinnar var það niðurstaða aðila vinnumarkaðarins að halda sínu striki og setja fullan kraft í að vinna tillögur um þróunarverkefni í samstarfi við háskóla, aðrar menntastofnanir og hagaðila og var mikil vinna og fjármunir sett í verkið.

Hinn 15. júní sl. var skilað inn til menntamálaráðuneytisins umsóknnum vegna þriggja þróunarverkefna (þar af eitt sem er samstarfsverkefni margra iðngreina) í samstarfi aðila vinnumarkaðarins, háskóla, fleiri menntaveitna og hagaðila. Umsóknunum fylgdi vilyrði um styrk úr „fagháskólanámssjóði ASÍ, BSRB og SA“ að því tilskildu að þau fái móttframlag frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Það næsta sem gerist er að þeir aðilar sem sóttu um styrk vegna þróunar náms á fagháskólastigi fá bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu dags. 7. júlí 2017 þar sem tilkynnt er að öllum umsóknunum um þróunarverkefni hafi verið hafnað, án skýringa, og sagt að ákveðið hafi verið að veita háskólunum styrki beint til þróunar fagháskólanáms.

Aðilar vinnumarkaðarins fá síðan fréttir af því, eftir óformlegum leiðum en ekki frá ráðuneytinu sjálfu, að 13. júlí hafi öllum háskólunum verið sent erindi þar sem þeim er boðið að sækja um þróunarverkefni vegna fagháskólanáms, alls 13 verkefni sem fái hæst 7,7 milljónir kr. styrk hvert, og fá skólarnir úthlutað fjölda verkefna miðað við stærð þeirra. Í „tilboðinu“ er mjög óljóst og óskilgreint hvaða samráð háskólarnir eigi að hafa við atvinnulífið og um hvað og er sérstaklega sneytt hjá því að nefna þá aðila vinnumarkaðarins sem stóðu að viljayfirlýsingunni ásamt ráðherra á sínum tíma.

Í ljósi framanritaðs var haldinn fundur 14. ágúst í menntamálaráðuneytinu

í framhaldi af ósk forsvarsmanna aðila vinnumarkaðarins til menntamálaráðherra um fund til að fjalla um stöðu mála varðandi undirbúning fagháskólánáms og ákvarðanir menntamálaráðherra sem að þeirra mati ganga í berhöggi við þær tillögur og samkomulag sem gert hefur verið. Ráðherra brást skjótt við en valdi jafnframt að boða til fundarins rektora allra háskólanna. Niðurstaða fundarins var að ráðherra lýsti því yfir að hann myndi skoða málin frekar með starfsfólki ráðuneytis og vera í sambandi í framhaldinu. Hins vegar voru ekki gefin nein fyrirheit um hvað sú skoðun myndi leiða til.

Hinn 22. ágúst svaraði ráðherra fyrirspurn um stöðu málsins með því að áréttu að hann hafi falið ráðuneytinu að leita leiða til að gera að veruleika þau fimm verkefni sem aðilar vildu hleypa af stokkunum. Síðan segir: „Að því er nú unnið og ég vænti tillagna um fjármögnun þeirra innan tíðar.“

Þegar þetta er skrifað í byrjun september liggur ekki fyrir hvernig málið mun þróast, en fyrir liggur að gefinn hefur verið frestur af hálfu ráðuneytisins til háskólanna að skila inn umsóknum til 15. september.

Mat á námi til launa

Með kjarasamningum SGS/Eflingar og LÍV/VR í maí 2015 fylgdi bókun um mat á námi til launa.

„Samningsaðilar munu vinna að því að meta nám/raunfærni til launa í tveimur þrepum á grundvelli hæfnigreininga starfa. Áætlun verði gerð um greiningu starfa með aðkomu beggja aðila í samráði við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, þar sem hæfnipættir starfs eru settir upp í námskrá.“

Nefnd samningsaðila, þrír frá ASÍ og þrír frá SA, mun hefja störf eigi síðar en haustið 2015. Unnið verður áfram á grundvelli þeirra tillagna sem samningsaðilar hafa mótað í aðdraganda kjarasamninga. Stefnt er að því að námskeið og raunfærnimat verði sett af stað á grundvelli þessarar vinnu, haustið 2016.

Fyrir 1. okt. 2016 skal liggja fyrir með hvaða hætti skuli greitt fyrir þá hæfni sem metin er í starfi.“

Miklar tafir urðu á því að nefnd samningsaðila yrði skipuð og hóf hún ekki störf fyrr en í maí 2016. Í minnisblaði sem lagt var fram í nefndinni og samþykkt var að leggja til grundvallar segir m.a.: „Æskilegt er að samningsaðilar setji sér sameiginleg markmið um ávinning með innleiðingu raunfærnimats þar sem notuð eru viðmið sem atvinnulífið hefur mótað.“

Koma á raunfærnimatskerfi sem nýtist einstaklingum og fyrirtækjum til að auðvelda færniuppbyggingu og auka samkeppnishæfni. Hæfniviðmið í mati munu byggja á hæfnigreiningum starfa og framkvæmd raunfærnimats mun byggja á væntingum og þörfum einstaklinga og fyrirtækja. Framkvæmd verður byggð á lögum um framhaldsfræðslu 27/2010 og reglugerð 1163/2011 og markmiðið er að starfsreynsla sé metin til jafns við nám. Markmiðið er að

bæði starfsmenn og fyrirtæki nýti sér ávinning og tækifæri sem felast í því að gera hæfnikröfur og færni sýnilega.“

Á framangreindum grunni hefur verið unnið að því að kortleggja störf, m.a. í dagvöruverslun og ferðaþjónustu, hæfnigreina störf og undirbúa framkvæmd raunfærnimats á þeim grunni. Þessi vinna hefur verið unnin í nánu samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, þar sem íslenski hæfniramminn hefur verið lagður til grundvallar. Ljóst er að hér er um mjög viðamikil verk efni að ræða og mikilvægt að öll vinnan byggji á vönduðum og traustum grunni sem hægt verði að nýta fyrir sem flest störf á vinnumarkaði.

Næst liggur fyrir að hefja viðræður um með hvaða hætti hæfnigreiningarnar á grunni viðmiða atvinnulífsins og launasetning verða tengd saman.

Áttin.is

Í kjarasamningi sem undirritaður var á milli aðildarsamtaka ASÍ og SA 21. desember 2013 var útfærð hækkun á framlögum til fræðslu- og starfsmennta- sjóða skv. samkomulagi aðila frá 21. janúar sama ár. Með kjarasamningnum fylgir eftirfarandi bókun:

Starfsmenntamál

Aðilar eru sammála um að ráðast í sameiginlega úttekt á núverandi fyrirkomulagi fræðslu- og starfsmenntamála með það að markmiði;

- a. að auka vægi náms sem metið er til eininga eða viðurkenndrar færni á vinnumarkaði,
- b. að stuðla að auknu samstarfi milli sjóða til hagræðis fyrir fyrirtæki og einstaklinga og koma á sameiginlegri vefgátt fyrir þá,
- c. að ráðast í átak til að kynna sjóðina og þann ávinning sem þangað er að sækja,
- d. fjalla um með hvaða hætti ráðstafa megi hluta af þeirri hækkun sem samið er um í samningi þessum til þess að ná markmiðum í staflíðum b og c.

Úttektinni skal lokið fyrir 1. maí 2014.

Skipuð var viðræðunefnd af hálfu sammingsaðila vorið 2014 sem hafði það verkefni að hrinda bókuninni í framkvæmd. Viðræðunefndin samþykkti m.a. eftirfarandi á fundi sínum 5. nóvember 2014:

1. Allir viðtakendur starfsmenntagjalds á grundvelli kjarasamninga ASÍ og aðildarsamtaka þess og SA tækju frá sem nemur 10% af 0,1% starfsmenntagjaldinu sem bætist við á árunum 2014–2015. Fjármunirnir verða notaðir eins og þörf krefur til að fjármagna þær aðgerðir sem fjallað er um hér á eftir.

2. Skipaður yrði starfshópur með sex fulltrúum (þremur frá ASÍ og þremur frá SA) til að gera tillögu um sameiginlega vefgátt fyrir alla viðtakendur starfsmenntagjalds. Markmiðið með slíkri vefgátt er annars vegar að vera gátt fyrir fyrirtæki til að sækja styrki vegna starfsmenntunar starfsmanna sinna og hins vegar að vera upplýsingaveita fyrir einstaklinga á vinnumarkaði um tækifæri til starfsmenntunar. Leiðarljósið er einfaldleiki og gagnsæi.
3. Samþykkt var að setja á fót starfshóp með fimm fulltrúum (þremur frá ASÍ og tveimur frá SA) til að undirbúa/gera tillögu um átak til að kynna starfsmenntasjóðina og þá möguleika sem þeir bjóða upp á.

Bæði hvað varðar töluliði 2 og 3 var lögð áhersla á að starfshóparnir væru í góðu samræði sín á milli, enda ljóst að viðfangsefnin eru tengd, og einnig að lykilatriði er að vera í miklu og góðu samræði við starfsmenn og forstöðumenn sjóðanna og menntastofnananna á vegum aðila.

Hópurinn um vefgáttina skilaði tillögum sínum 24. mars 2015 og hópurinn um átak til að kynna starfsmenntasjóðina skilaði sínum tillögum 18. júní sama ár.

Kostnaðaráætlun verkefnisins í heild (vefgátt og kynning) hljóðaði upp á 33.900 þús.kr.

Tillaga um útfærslu og framkvæmd bókonar um starfsmenntun

Á fundi fulltrúa samningsaðila og framangreindra starfshópa 29. júní 2015 var samþykkt tillaga um framhald málsins sem byggði á tillögum hópanna um vefgáttina og kynningarmálin, auk utanumhalds um verkefnið.

1. Skipaður verði stýrihópur til að fylgja verkefnunum eftir. Hópurinn skipa átta einstaklingar (fjórir frá hvorum samningsaðila). Hópurinn taki þegar til starfa. Fyrsta verk hans verði að setja fram nákvæmari verk- og tímaáætlun. Þá verði skoðað hvort ástæða er til að starfshóparnir vinni áfram sem bakhjarlar/samráðsaðilar til að fylgja eftir hvorum verkþætti fyrir sig.
2. Gengið verði sem fyrst til samninga við vefgerðarfyrirtæki um starfsmenntagátt, skv. tillögum og á grundvelli þarfagreiningar starfshópsins. Tekin verði frá slóðin www.attin.is.
3. Gengið verði til samninga við auglýsingastofu. Til grundvallar samningagerðinni liggja tillögur starfshópsins um kynningarmálin og henni falið þau verkefni sem þar eru lögð til.
4. Ráðinn verði sérstakur verkefnisstjóri í 50% starf í 9 mánuði til að halda utan um verkefnið, beri ábyrgð á samskiptum við samstarfsaðila og sjá um daglega umsýslu þess og fjármál. Verkefnisstjóri ber ábyrgð gagnvart stýrihópi. Verkefnisstjóri verður staðsettur í Borgartúni 35 og

samið um aðstöðu, gjaldkera og bókhaldsþjónustu þar. Tveir aðilar, einn frá hvorum samningsaðila, samþykkja reikninga.

5. Af hálfu stýrihópsins verði hugmyndin um fræðsluerindrekana útfærð frekar, þ.m.t.kostnaður og framkvæmd. Lögð er sérstök áhersla á að fræðsluerindrekarnir vinni í nánú samstarfi við starfsmenntasjóðina og fræðslustofnanir iðnaðarins.
6. Hvað varðar almannatengsl/kynningarstarf (PR) var lögð áhersla á að verkefnið og þá um leið fræðslusjóðirnir og menntun í atvinnulífinu eru samstarfsverkefni aðila vinnumarkaðarins og á sameiginlega ábyrgð þeirra. Þannig komi fulltrúar beggja aðila fram við kynningu á verkefninu.

Framkvæmdin var síðan útfærð nánar á fundum stýrihóps. Lögð var áhersla á að verkefnið færi af stað haustið 2015. Í stýrihóp sátu: Þorgerður K. Gunnarsdóttir (SA, fram til sept. 2016), Halldór Grönvold (ASÍ), Selma Kristjánsdóttir (ASÍ), Kristján P. Snæbjarnarson (ASÍ), Guðrún S. Eyjólfssdóttir (SA), Skapti Örn Ólafsson (SA) og Aðalsteinn Baldursson (ASÍ).

Gengið var út frá því að allir viðtakendur starfsmenntagjalds á grundvelli kjarasamninga ASÍ og aðildarsamtaka þess og SA tækju frá sem næmi 10% af 0,1% starfsmenntagjaldinu sem bætist við á árunum 2014–2015. Fjármunirnir yrðu notaðir eins og þörf krefur til að fjármagna ofantaldar aðgerðir.

Undirritaður var síðan ráðinn sem verkefnisstjóri í lok ágúst 2015 og hóf störf í 50% starfshlutfalli 1. október sama ár og hélst það hlutfall til 1. júní 2016 og við tók tímavinna fyrir einstök verk. Samtals nam kostnaður við verkfnastjórn 4.300 þkr.

1. Vefgátt

Samningar voru fljótlega undirritaðir við vefgerðarfyrirtæki og kynningarfyrirtæki. Farið var í verðkönnun til að meta hvar fengist góð þjónusta á hagstæðu verði.

Haustið 2015 var aðaláherslan lögð á vefgáttina og virkni hennar. Vefgáttin var síðan kynnt á menntamorgni SA 20. október 2015 og var þá frumgerð hennar kynnt. Í lok nóvember sama ár var farið að taka á móti umsóknum en vefgáttin var í sífelldri þróun fram á haust 2016. Bætt var við einingum og virkni sem sjóðirnir töldu að þyrfti eða væru til bóta og aukinnar þjónustu fyrir fyrirtækin. Kostnaður við þennan verkþátt var samtals 6.597.606 kr.

2. Kynningarátak – fundir

Þegar leið á haustið 2015 fóru kynningarmál og gerð kynningarefnis að verða meira áberandi í undirbúningi Áttarinnar. Útbúið var kynningar-

efni, logo o.fl. sem síðar var notað á vefsíðuna og í öðrum kynningum. Prentuð voru póstkort og A4 síður sem hægt var að dreifa til fyrirtækja. Undirbúið var kynningarátak og fundarherferð í janúar 2016 um allt land. Keyptar voru auglýsingar í héraðsfréttablöðum, dagblöðum og í útvarpi meðan á heimsóknnum í janúar stóð. Kostnaður við þennan verkþátt var samtals 4.969.973 kr.

Í janúar lögðu verkefnastjóri, Halldór Grönvold (ASÍ), og Þorgerður K. Gunnarsdóttir (SA) land undir fót og heimsóttu flesta landshluta með fundum. Fenginn var listi frá Creditinfo yfir þau fyrirtæki sem hafa 5 starfsmenn eða fleiri og boðskort sent í öll þau fyrirtæki með upplýsingum um fundi í þeirra nágrenni. Kostnaður við þennan verkþátt var samtals 698.584 kr.

3. Heimsóknir sjóða og símenntunarmiðstöðva

Í apríl 2016 voru lögð drög að heimsóknnum símenntunarmiðstöðva og sjóða til fyrirtækja um allt land í því skyni að kynna kosti fræðslu í fyrirtækjum og þjónustu Áttarinnar. Undirritaðir voru samningar við allar símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni um að þær tækju að sér heimsóknir í fyrirtæki á viðkomandi landsvæði og ennfremur var starfsmenntasjóðum og fræðslusetrum falið að heimsækja fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Samtals voru 694 fyrirtæki heimsótt.

4. Framtíðarvistun og umsjón verkefnisins

Í mars 2017 var gengið frá samningi við Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks (SVS) um að sjóðurinn tæki að sér umsjón Áttarinnar frá 1. apríl 2017. Samningurinn er milli SVS og annarra sjóða í Áttinni og lauk verkefnisstjórn stýrihóps frá þeim degi. Samningurinn gildir í tvö ár frá undirritun með endurskoðunarákvæði að þeim tíma liðnum. Umsýsla SVS felur í sér daglega umsjón með Áttinni.

Mat á árangri

- 4.1 Mat starfsmenntasjóða og þeirra fyrirtækja sem undirritaður hefur heyrt í er að Áttin (vefgátt og heimsóknir) hafi skilað mjög auknum fjölda styrkheimsókna í sjóðina. Samkvæmt frétt SVS jókst upphæð fyrirtækjastyrkja um 125% milli árána 2015 og 2016 og sambærileg tala fyrir Starfsafli er rúmlega 60%. Fjöldi styrkja hefur einnig aukist mikið og gera má ráð fyrir að enn hærri tölur sjáist 2017 þar sem kynning sjóðanna fór fram bróðurpartinn af vetrinum 2016–17.
- 4.2 Reglur sjóðanna eru nú mun samræmdari en áður var og á Áttinni er að finna yfirlit yfir reglur sjóðanna sem auðveldar yfirsýn og er hvatning

til sjóðanna að samræma enn frekar. Þar er jafnframt að finna ýmis önnur verkfæri fyrir fyrirtæki til að rata betur í sjóðaðumhverfinu.

- 4.3 Öll úrvinnsla, afgreiðsla, svör til fyrirtækja o.þ.h. er nú í rafrænu formi og aðgengileg fyrirtækjum á þeirra aðgangi. Þetta einfaldar stjórnýslu sjóðanna.

Hæfniramminn (NQF/EQF)

Í lögum um framhaldsfræðslu frá árinu 2010 eru námslok innan formlega menntakerfisins og námskrár innan framhaldsfræðslu tengdar við hæfniprep sem eru skilgreind með hliðsjón af þeirri hæfni sem nemandi á að búa yfir við lok hvers þreps. Með hæfnirammannum, sem tengdur er við evrópska hæfnirammann (EQF), er gert ráð fyrir stígandi í námi, hann á að vera upplýsandi fyrir hagsmunaaðila, gefa vísbendingu um hvaða hæfni nemendur eigi að búa yfir og vera jafnvel hvatning til frekara náms. Markmiðið með hæfnirammannum er að hann endurspegli menntakerfi hvers lands og gefi kerfisbundna lýsingu á námslokum innan formlega menntakerfisins frá grunnskóla til háskóla og lýsingu á vottuðu námi innan framhaldsfræðslu.

Námslok í framhaldsfræðslu hafa hins vegar ekki verið skilgreind hér á landi. Fulltrúar atvinnulífs á Íslandi hafa, allt frá upphafi umræðna um íslenskan hæfniramma, lagt áherslu á að hæfniramminn stuðli að hreyfanleika á vinnumarkaði, m.a. með samanburð milli landa í huga og til að tryggja betur að samræmi sé milli mismunandi námsloka og þarfa atvinnulífsins. Samkvæmt framkvæmdastjórn Evrópusambandsins er evrópski hæfniramminn (EQF) settur fram í því skyni að stuðla að hreyfanleika milli landa og hreyfanleika á vinnumarkaði en einnig til að stuðla að og styðja við ævimenntun.

Vinnuhópur um hæfniramma fyrir framhaldsfræðslu hefur verið starfandi síðan í september 2013 og hefur fulltrúi ASÍ tekið þátt í þeirri vinnu. Hópurinn var settur saman að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins eftir að aðilar framhaldsfræðslu höfðu gert athugasemdir við 7 þrepa rammann (NQF) sem birtist á vef ráðuneytisins. Athugasemdir sem bárust snerust fyrst og fremst um fjölda þrepa og að ekki væri tekið nægjanlegt tillit til óformlegs náms. Óskað var eftir meira samráði við hagsmunaaðila utan formlega skóla-kerfisins til að tryggja sameiginlegt eignarhald og viðtæka notkun rammans. Hlutverk vinnuhópsins var að þróa almenn hæfniviðmið í framhaldsfræðslu, flokka þau á hæfniprep eftir þörfum og spegla þau inn í hæfniramma um íslenskt menntakerfi. Hópurinn skilaði inn greinargerð til Rannís og mennta- og menningarmálaráðuneytis í febrúar 2015. Sú breyting varð á fyrirkomulagi þessarar vinnu við hæfnirammann að í lok árs 2014 ákvað ráðuneytið að fela Rannís yfirumsjón með áframhaldandi vinnu. Nýir vinnuhópar voru skipaðir, einn vinnuhópur sem fjallaði um 1. þrepið, annar sem fjallaði um fjórða

þrepið og svo ráðgjafarhópur. Í þessa vinnuhópa voru kallaðir til aðilar allra skólastiga, fullorðinsfræðsluaðilar og hagsmunaaðilar og átti ASÍ fulltrúa í þessum vinnuhópum. Þeirri vinnu lauk formlega með undirritun viljayfirlýsingar mennta- og menningamálaráðherra í október 2016. Við þessa undirritun var einnig áréttað áframhaldandi samstarf við innleiðingu og kynningu á hæfniramma og að lögð yrði sérstök áhersla á að þróaðar verði aðferðir við að skilgreina námslok og tengja óformlegt nám við hæfniþrep rammans. Þá kom fram að skipa ætti samstarfsnefnd um málið sem ekki hefur verið gert.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA)

Árið 2017 er 15. starfsár FA og sjöunda ár starfseminnar byggt á lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Starfsemin hefur verið með nokkuð reglubundnum hætti á árinu. Unnið hefur verið að styrkingu innra starfs Fræðslumiðstöðvarinnar með ýmsum hætti, m.a. stefnumótun, og FA var falið nýtt verkefni, Hæfnisetur ferðaþjónustunnar, í janúar 2017 sem atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið veitir styrk til.

Stjórn

Stjórnarmenn í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins árið 2017 eru fyrir hönd ASÍ: Eyrún Valsdóttir, Óskar Hafnfjörð Gunnarsson og Fjóla Jónsdóttir; fyrir hönd SA: Guðrún Eyjólfsdóttir, María Guðmundsdóttir og Falur Harðarson; fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur ekki verið tilnefnt og fyrir hönd BSRB: Karl Rúnar Þórsson. Varamenn í stjórn eru Selma Kristjánsdóttir fyrir hönd ASÍ, fyrir hönd SA Kristín Þóra Harðardóttir, Guðmundur H. Guðmundsson fyrir hönd fjármálaráðuneytisins og Þórdís Þormóðsdóttir fyrir hönd BSRB. Stjórnin hefur haldið 6 fundi það sem af er árinu 2017 auk aðalfundar í júní. Formaður stjórnar frá 1.6. er Guðrún Eyjólfsdóttir og varaformaður er Eyrún Valsdóttir.

Starfsmenn

Starfsmenn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins 2017 eru: Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri, Arnar Þorsteinsson, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Björn Garðarsson, Bergþóra Hlín Arnórsdóttir (til 1.6. 2017), Fjóla María Lárusdóttir, Guðmunda Kristinsdóttir, Guðrún Erla Öfjörð Ólafsdóttir, Halla Valgeirsdóttir, Haukur Harðarson, Hildur Oddsdóttir (frá 1.6. 2017), Hildur Bettý Kristjánsdóttir (frá 1.6. 2017), Hjördís Kristinsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Sigrún Kristín Magnúsdóttir, Steinunn Þórdís Júlíusdóttir og Valdís A. Steingrimsdóttir (frá 10.5. 2017). Stöðugildi voru 15. Starfsmannafundir eru haldnir á þriggja vikna fresti og verkefnastjórafundir vikulega.

Þjónustusamningur og starfsáætlun FA árið 2017

Í gildi er þjónustusamningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem tók gildi í ársbyrjun 2016 og gildir út árið 2021. Samningurinn byggir á lögum um framhaldsfræðslu sem ætlað er að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu. FA sinnir markhópnum ekki með beinum hætti, heldur í gegnum samstarfsaðila sína, sem eru fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar innan KVASIS, í iðngreinum og á vegum opinbera vinnumarkaðarins. Alls eru þetta 14 fræðsluaðilar, sem jafnframt eru samstarfsaðilar Fræðslusjóðs. Gerð er starfsáætlun fyrir hvert ár sem nálgast má á heimasíðu FA, www.frae.is og byggir hún á þjónustusamningnum við mennta- og menningarmálaráðuneytið og er lögð fyrir þar til samþykktar. Í lok árs er gerð ársskýrsla, sem skilað er til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. FA vistar einnig tengilið Norræna netsins um nám fullorðinna, sem kostað er af Norrænu ráðherranefndinni.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu verkefnum FA á tímabilinu 1. janúar 2017 til 31. ágúst 2017. Vísað er til ársskýrslu FA 2016 á vef FA (www.frae.is) varðandi ítarlega umfjöllun um starfsárið 2016 en hér á eftir má finna stutta tölfræðilega samantekt um árið 2016 auk umfjöllunar um starfið sem af er árinu 2016.

Umsýsla Fræðslusjóðs

FA þjónustar stjórn sjóðsins og hefur umsjón með honum samkvæmt þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Stjórn sjóðsins er skipuð eftirtöldum fulltrúum: Guðrún Ragnarsdóttir, skipuð af mennta- og menningarmálaráðuneytinu án tilnefningar og er hún formaður stjórnar. Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, skipuð af mennta- og menningarmálaráðuneytinu án tilnefningar og er hún varaformaður stjórnar. Tilnefnd af ASÍ í stjórn eru Fjóra Jónsdóttir og Halldór Grönvold, til vara er Hilmar Harðarson. Tilnefnd af SA í stjórn eru Guðrún Eyjólfssdóttir og Kristín Þóra Harðardóttir, til vara er Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir. Tilnefnd af BSRB í stjórn eru Garðar Hilmarsson og til vara Birna Ólafsdóttir. Tilnefnd sameiginlega af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneyti er Sólveig B. Gunnarsdóttir og til vara Guðmundur H. Guðmundsson. Sólveig hefur snúið sér til annarra starfa og sagt sig úr stjórn sjóðsins og hefur nýr fulltrúi ekki verið skipaður. Tilnefndur af velferðarráðuneyti er Jón Fannar Kolbeinsson og til vara Björg Baldursdóttir. Tilnefnd af Félagi íslenskra framhaldsskóla er Ársæll Guðmundsson og til vara Guðbjörg Aðalbergsdóttir.

FA boðar fundi í samráði við formann stjórnar, ritar fundargerðir, annast fjármál, m.a. gerð fjárhagsáætlana á grundvelli ákvarðana stjórnar sjóðsins, annast bókhald og eftirfylgni með fjármunum og notkun þeirra.

FA gerir samninga við fræðsluaðila fyrir hönd stjórnar Fræðslusjóðs,

safnar upplýsingum um framgang verkefna og safnar tölfræðilegum upplýsingum um árangur í starfinu og miðlar þeim til stjórnarinnar.

FA tekur á móti umsóknum vegna úthlutana úr Fræðslusjóði. Úthlutað er í upphafi árs nema til nýsköpunar- og þróunarverkefna sem úthlutað er til á vormánuðum. Auk þessa er endurúthlutað fjármagni sem skilað er frá fræðsluaðilum á haustmánuðum, en skil voru lítil á tímabilinu.

Umsóknir ársins 2017 til vottaðra námsleiða voru alls tæpar 623 milljónir, til náms- og starfsráðgjafar rúmlega 183 milljónir og til raunfærnimats tæpar 221 milljón. Samtals tæplega 1.027 milljónir.

Úthlutað var eftirfarandi:

• Vottaðar námsleiðir	507.980.000
• Náms- og starfsráðgjöf, með ferðakostn.	138.904.000
• Raunfærnimat	159.034.020
• Samtals úthlutað	805.918.020

FA veitir sérfræðiráðgjöf eftir því sem stjórn sjóðsins óskar eftir. Á þessu ári hefur sú ráðgjöf fyrst og fremst falist í því að fara yfir umsóknir um vottaðar námsleiðir, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf. Þá hefur farið fram skoðun og greining á verkþáttum og kostnaði við framkvæmd raunfærnimats. Starfsmenn FA hafa tekið þátt í þessari vinnu og má skipta þeirra aðkomu í eftirfarandi.

- Greina verkþætti og kostnað við raunfærnimat í samstarfi og með þátttöku framkvæmdaraðila.
- Útfæra hugmyndir að breytingum í samstarfi við stjórn Fræðslusjóðs og meta áhrif þeirra miðað við umfang raunfærnimats.
- Afla gagna um framkvæmd framhaldsfræðslu og leggja fram sérfræðiálit á vafaatriðum í framkvæmdum ef upp koma.

Úthlutanir til nýsköpunar- og þróunarverkefna fóru fram á vormánuðum. Sérstök úthlutunarnefnd skipuð af Fræðslusjóði fer yfir umsóknir og gerir tillögur til sjóðsins um úthlutanir. Sótt var um styrki til 28 verkefna að upphæð 74.819.750. Úthlutað var til 15 verkefna samtals 36.120.000.

Vottaðar námsleiðir

Á árinu 2016 voru vottaðar námsleiðir kenndar hjá 11 af samstarfsaðilum Fræðslusjóðs og voru þátttakendur í vottuðum námsleiðum, sem Fræðslusjóður fjármagnar, 2310 talsins á 158 námsleiðum sem kennd voru eftir 55 mismunandi vottuðum námskrám. Um 67% þátttakenda sóttu námið á landsbyggðinni en 33% á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi þátttakenda fækkaði úr um 396 á milli árána 2015 og 2016 og námsleiðum fækkaði um 43.

Tafla 1

Fjöldi námsleiða og þátttakenda 2015 og 2016 (vottað nám fjármagnað af Fræðslusjóði)		
	2015	2016
Fjöldi kenndra námsleiða	215	158
Fjöldi þátttakenda	2706	2310


Skipting þátttakenda á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins er ekki í samræmi við fjöldatölur markhóps á svæðunum, en hlutfall þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu er mun lægra en fjöldatölur gefa tilefni til. Þetta hlutfall hefur lítið breyst undanfarin ár.

Tafla 2

Hlutfall milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis (vottað nám fjármagnað af Fræðslusjóði)						
	2010	2011	2012	2013	2015	2016
Höfuðborgarsvæðið	33%	37%	31%	36%	34%	33%
Landsbyggð	67%	63%	69%	64%	66%	67%


Kynjahlutfall þeirra sem sækja vottaðar námsleiðir sem Fræðslusjóður fjármagnar breytist lítið frá ári til árs en konur eru í miklum meirihluta árið 2016 líkt og undanfarin ár.

Mynd 1




Árið 2016 voru 70% þátttakenda skráðir í félögum innan ASÍ, sem er heldur hærra hlutfall en í 2015 þegar það var 59%. Þátttakendur sem eru skráðir í félögum innan BSRB voru 10% árið 2016 og 20% þátttakenda úr öðrum félagasamtökum, ófélagsbundin eða

Mynd 2



Þátttakendur innan ASÍ voru heldur fleiri árið 2016 en undanfarin ár eins og sjá má á eftirfarandi töflu, einnig eru hlutfallslega fleiri með félagsáild í BSRB félögum.

Mynd 3



Atvinnuleitendur í vottuðum námsleiðum árið 2016

Fjöldi atvinnuleitenda í vottuðum námsleiðum með fjármagni frá Fræðslusjóði árið 2016 voru 80, þar af 57 konur, eða 72%, og 23, eða 28% karlar. Þetta eru 3% allra nemenda í vottuðum námsleiðum með fjármagni frá Fræðslusjóði, rúmlega helmingi færri einstaklingar en árið 2015 þegar 7% allra þeirra sem sóttu vottaðar námsleiðir voru í atvinnuleit.

Tafla 4

Fjöldi atvinnuleitenda í vottuðum námsleiðum árið 2016 (Vottað nám, fjármagnað af Fræðslusjóði)					
Fræðsluaðili	Alls luku námi	Fjöldi atvinnu.	Hlutfall atvinnul.	Atvinnul. Kvk	Atvinnul. Kk
Austurbrú	136	0	0%	0	0
Farskólinn	95	0	0%	0	0
Framvegis	104	22	21%	20	2
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	172	0	0%	0	0
Fræðslunet Suðurlands	185	1	1%	1	0
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	259	0	0%	0	0
Mímir - símenntun	673	0	0%	0	0
Símenntunarmiðstöðin Vesturlandi	188	11	6%	6	5
Símey	415	31	7%	20	11
Viska	50	15	30%	10	5
Þekkinganet Þingeyinga	33	0	0%	0	0
Samtals	2310	80	3%	57	23

Þegar atvinnuleitendur eru skoðaðir með tilliti til námsleiða má sjá að flestir atvinnuleitendur stunduðu nám í Skrifstofuskólanum (22) en næstflestir í Sterkari starfsmanni (14). Hlutfallslega voru flestir atvinnuleitendur í Þjónustuliðanám (38%) og Að lesa og skrifa á íslensku (24%). Næsta tafla sýnir skiptingu atvinnuleitenda í vottuðum námsleiðum greiddum af Fræðslusjóði:

Tafla 5

Atvinnuleitendur eftir námsleiðum árið 2016 (Vottað nám, fjármagnað af Fræðslusjóði)					
Námsleið	Alls luku námi	Fj.atvinnul.	Hlutfall atvinnul.	Atvinnul.kvk	Atvinnul.kk
Að lesa og skrifa á íslensku	33	8	24%	5	3
Grunnmenntaskóli	112	1	1%	1	0
Landnemaskólinn	115	7	6%	4	3
Skref til sjálfshjálpar	67	13	19%	10	3
Skrifstofuskólinn	208	22	11%	20	2
Smiðja	89	11	12%	6	5
Sterkari starfsmaður	67	14	21%	9	5
Sölu- markaðs- og rekstrarnám	109	1	1%	1	0
Þjónustuliðar	8	3	38%	1	2
Aðrar námsleiðir	1502	0	0%	0	0
Samtals	2310	80	3%	57	23

Náms- og starfsráðgjöf


Heildarframkvæmd ársins 2016 í náms- og starfsráðgjöf var rúmlega 134,1 millj. Símenntunar- miðstöðvarnar framkvæmdu fyrir rúmlega 90,2 millj. og fræðslumiðstöðvar iðngreina fyrir rúmlega 43,9 millj.

Alls fóru fram 9.043 ráðgjafaviðtöl hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum á árinu 2016 sem greidd voru af Fræðslusjóði. Meðalverð fyrir hvert ráðgjafaviðtal var 14.836. Meðalverð ráðgjafaviðtala hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina var 14.059 og 15.248 hjá símenntunarmiðstöðvum.

Samanburður á milli ára

Þau 9.043 ráðgjafaviðtöl hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum sem framkvæmd voru á árinu 2016 og greidd voru af Fræðslusjóði eru 724 viðtölum fleiri en árið 2015 eða aukning um 8,7%. Milli árana 2014 og 2015 hafði þeim fækkað um 12%. Ráðgjafaviðtölum fjölgar hjá 7 miðstöðvum en fækkar hjá sjö. Langmesta fjölgun ráðgjafaviðtala er hjá Framvegis miðstöð símenntunar en hún fékk fyrst framlag frá Fræðslusjóði árið 2015.

Mynd 4



Tafla 6

Ráðgjafaviðtöl fræðsluaðila (Fjármögnuð af Fræðslusjóði)								
Fræðsluaðili	2011	2012	2013	2014	2015	2016	Breyting 2015-16	Breyting % 2015-2016
Austurbrú	484	452	294	274	244	138	-106	-43,4%
Farskólinn	129	91	175	291	294	257	-37	-12,6%
Framvegis					137	273	136	99,3%
Fræðslum.Vestfjarða	451	394	331	423	405	403	-2	-0,5%
Fræðslunet Suðurlands	583	622	657	738	443	716	273	61,6%
Fræðslusetrið Starfsmennt	246	285	201	191	234	85	-149	-63,7%
Fræðslusk.rafiðnaðarins	298	509	357	465	471	370	-101	-21,4%
ÍÐAN fræðslusetur	2254	2305	2990	2311	2187	2757	570	26,1%
MSS	1870	1319	1233	1144	843	846	3	0,4%
Mímir símenntun	2827	2588	2814	1954	1241	1322	81	6,5%
Símenntunarm. Á Vesturlandi	611	368	384	525	528	412	-116	-22,0%
Símey	555	688	867	624	760	929	169	22,2%
Viska	158	150	165	170	220	181	-39	-17,7%
Þekkinganet Þingeyinga	402	446	406	357	312	354	42	13,5%
	10868	10217	10874	9467	8319	9043	724	8,7%

Upplýsingar um ráðþega í náms- og starfsráðgjöf

Heildarfjöldi ráðgjafaviðtala árið 2016 hjá náms- og starfsráðgjöfum símenntunarmiðstöðvanna og fræðslumiðstöðva iðngreina var 9.043 viðtöl, 5916 hjá símenntunarmiðstöðvunum og 3127 viðtöl hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina.

Af viðtölum ársins flokkast 55,1% sem hefðbundin viðtöl, 15,2% voru í hópráðgjöf, 20,2% fólust í rafrænni ráðgjöf/símaráðgjöf, 6,3% flokkast undir færnimöppugerð í raunfærnimati og 3,2% voru hvatningarviðtöl.

Smávægileg breyting hefur orðið á kynjasamsetningu í ráðgjöfinni gegnum árin. Árið 2007 voru 39% viðtala við karla. Hlutfallslega hefur viðtölum við karla fjölgað jafnt og þétt, nokkuð hratt til ársins 2011 og hægar frá árinu 2012. Á síðustu 5 árum hefur viðtölum við karla fjölgað frá 54% í 58% og viðtölum við konur fækkað úr 46% í 42%.


Aldurssamsetning ráðþega helst nokkuð svipuð frá ári til árs. Flestir ráðþega eru á aldrinum 26–40 ára árið 2016 líkt og undanfarin ár. Lítillega hefur fjölgað í yngsta hópi ráðþega.

Á árinu 2016 voru 90% af þeim sem sóttu þjónustu ráðgjafa, að falla undir viðmið í gildandi skilmálum Fræðslusjóðs sem lýtur að því að 80% þjónustu náms- og starfsráðgjafar séu við markhóp framhalds-fræðslulaga. Ráðþegar sem hafa stutta formlega skólagöngu og sækja þjónustu ráðgjafa hefur því farið vaxandi jafnt og þétt undanfarin ár. Á næstu glærum má sjá stöðuna 2016 og síðan þróunina frá árinu 2012.

Árið 2008 voru 9% þeirra sem sóttu þjónustu ráðgjafa hjá símenntunarmiðstöðvum í atvinnuleit en árið 2009 voru þeir orðnir 47% af heildarfjölda ráðþega. Árið 2010 náði þessi fjöldi hámarki í hópi þeirra sem sóttu þessa

þjónustu og voru 59% allra ráðþega. Síðan minnkaði hlutfallið jafnt og þétt og var 19% árið 2016.

Mynd 5



Raunfærnimat

Rúmlega 178,5 millj. var úthlutað til raunfærnimatsverkefna árið 2016, innan ársins var 25 millj. skilað og rúmlega 3,6 millj. var endurúthlutað á árinu. Alls til framkvæmdar árið 2016 voru því rúmlega 157,2 millj. Auk þess voru rúmar 28 millj. fluttar frá árinu 2015 vegna óunna verkefna. Alls eru þetta því rúmlega 185,2 millj.

Við uppgjör í lok ársins kom í ljós að raunfærnimat hafði verið framkvæmt fyrir tæpar 130 millj. á árinu 2016. Rúmlega 16,6 millj. var skilað vegna verkefna sem ekki klárudust á árinu og rúmlega 38,6 millj. voru fluttar til ársins 2017 vegna ókláraðra verkefna.

Af heildarframkvæmd ársins 2016 eru rúmar 65,7 millj. vegna raunfærnimats utan iðngreina og tæpar 60,3 millj. vegna raunfærnimats í iðngreinum og rúmar 1,3 millj. vegna samstarfs. Þá var framkvæmt raunfærnimat án eininga, það er á mótið viðmiðum atvinnulífsins fyrir rúmar 2,6 millj.

Tafla 7

	Staðnar einingar	Fjöldi einstaklinga	Meðalfj.staðinna eininga
Raunfærnimat í iðngreinum	11.514	232	50
Raunfærnimat utan iðngreina	9.631	252	38
Samtals	21.145	484	44
	Framkvæmd kr.	Staðnar einingar	Meðalverð á einingu
Raunfærnimat í iðngreinum	60.243.100	11.514	5.232
Raunfærnimat utan iðngreina	65.706.153	9.631	6.822
Samtals	125.949.253	21.145	6.027
Famkvæmd samstarfs	1.315.000	-	-
Samtals	127.264.253	21.145	6.027
	Framkvæmd kr.	Fjöldi einstaklinga	Meðalverð á einstakling
Raunfærnimat án eininga	2.675.400	32	83.606
Heildarframkvæmd í raunf.mati	129.939.653	516	

Einstaklingum sem luku raunfærnimati í iðngreinum fjölgaði nokkuð frá árinu á undan, eða úr 192 árið 2015 í 232 árið 2016. Einnig hækkaði meðalverð á einingu úr 4.504 árið 2015 í 5.232 árið 2016. Meðalfjöldi eininga á hvern einstakling er þó nokkuð svipað á milli ára, eða um 50.

Einstaklingum sem luku raunfærnimati á móti námskrám fjölgaði einnig milli árana 2015 og 2016, eða úr 226 í 252. Ekkert raunfærnimat var framkvæmt í almennum greinum árið 2016 en 32 einstaklingar luku raunfærnimati á móti viðmiðum atvinnulífsins og er það fjölgun um 22 einstaklinga frá árinu 2015.

Tafla 8

Fjöldi sem lauk raunfærnimati	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Löggiltar iðngreinar	266	241	316	357	192	232
Annað raunfærnimat	110	166	53	213	226	252
Almennar greinar					22	0
Viðmið atvinnulífsins	35	16		18	10	32
Samtals	411	423	369	588	450	516
Fjöldi staðinna eininga í raunfærnimati	2011	2012	2013	2014	2015*	
Löggiltar iðngreinar	7.626	6.539	8.614	11.233	9.755	11.514
Annað raunfærnimat	2.553	3.826	976	5.581	8.560	9.631
Almennar greinar	Færniþrep í aðalnámskrá framhaldsskóla					
Viðmið atvinnulífsins	Færni viðmið í atvinnulífni					
Samtals	10.179	10.365	9.590	16.814	18.315	21.145

Raunfærnimat í umsjón fræðslumiðstöðva iðngreina

Af þeim 232 einstaklingum sem fóru í raunfærnimat í löggildum iðngreinum árið 2016 fóru 197 einstaklingar í raunfærnimat hjá IÐUNNI fræðslusetri og 35 hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins.

Fjöldi staðinna eininga hjá IÐUNNI fræðslusetri eru 11.274, eða 57,2 á hvern einstakling. Meðalverð á staðna einingu eru 4.946 kr. Án ráðgjafar en til samanburðar var þessi tala kr. 4.504 árið 2015 og 8.531 árið 2014. Ástæða þessa munar eru reglur um hámarksgreiðslu á hvern þátttakanda sem tóku gildi í byrjun árs 2015. Meðalgreiðsla af fjármagni Fræðslusjóðs pr. einstakling hjá IÐUNNI fræðslusetri árið 2016 eru kr. 238.075. Aðeins 13% þeirra sem fóru í raunfærnimat hjá IÐUNNI voru konur.

Hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins fóru 35 einstaklingar í raunfærnimat í löggildum iðngreinum, allt karl-menn. Meðalfjöldi staðinna eininga árið 2016 var 6,8 og kostnaður pr. einingu kr. 14.508 eða kr. 99.480 á hvern einstakling.

Nánar má skoða þetta í eftirfarandi töflu:

Tafla 9

Fræðsluaðili	Fjöldi		Fjöl. stað. ein	Meðalfj. stað. ein	Fjármagn	Kostn. á ein.án ráðgj.	Meðalgr. á einstakling
	Karlar	konur					
Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins	35	-	240	6,8	3.481.800	14.508	99.480
IÐAN fræðslusetur	170	27	11.274	57,2	55.765.900	4.946	283.075
Samtals	205	27	11.514		59.247.700	19.454	

Raunfærnimat í umsjón símenntunarmiðstöðva

Á árinu luku samtals 284 einstaklingar raunfærnimati utan iðngreinar (að meðtöldum greinum sem ekki eru metnar til eininga) á móti 258 einstaklingum árið 2015. Varðandi raunfærnimatið sjálft er annars vegar metið á til eininga á móti námskrám á framhaldsskólastigi (ss. félagsliðabraut, stuðningsfulltrúabré) og hins vegar metið á móti viðmiðum atvinnulífsins (ss. almenn starfshæfni, grunnleikni) og þar af leiðir engar einingar til mats heldur færni-viðmið í tiltekinni grein.

Heildarfjöldi staðinna eininga í raunfærnimati utan iðngreina á árinu 2016 var 9.631 eining. 252 einstaklingar þreyttu mat á móti námskrám og var meðaltal staðinna eininga á mann rúmlega 38 einingar. Meðalverð á einingu er 4.633 án ráðgjafar en almenna starfshæfni og viðburðalýsing eru ekki metnar til eininga og því ekki hafðar til grundvallar við útreikning á eininga-verði.

Tafla 10

Starfsgrein	Fjöldi einstaklinga	Fjöldi staðinna eininga	Meðalfjöldi staðinna eininga pr.einstakling
Bakaraiðn	1	15	15
Blikksmíði	2	123	61,5
Framreiðsla	6	473	78,8
Húsasmíði	23	1867	81,2
Matartækni	17	1436	84,5
Matreiðsla	22	1717	78,0
Málaraiðn	10	174	17,4
Málmsuða	17	680	40,0
Múraraíðn	12	435	36,3
Netagerð	4	239	59,8
Rafvirkjun	34	221	6,5
Rennismíði	5	247	49,4
Skrúðgarðyrkja	9	1065	118,3
Stálsmíði	4	159	39,8
Vélstjórn	4	67	16,8
Vélvirkjun	10	532	53,2
Rafvélavirkjun	1	19	19,0
Bifreiðasmíði	6	162	27,0
Bifvélavirkjun	21	536	25,5
Bílamálun	2	79	39,5
Matsveinn	5	48	9,6
Pípulagnir	8	540	67,5
Prentun	4	296	74,0
Grafísk miðlun	4	308	77,0
Netagerð	1	76	76,0
Samtals	232	11514	49,6

Öflun upplýsinga um markhóp og menntunarþarfir hans

Reglulega er aflað upplýsinga um markhópinn í gegnum hagsmunaaðila og tengslanet. Fræðsluhönnunarferli FA (greining, hönnun, innleiðing og mat) vegna starfstengds náms hefur verið í endurskoðun og þróun á árinu. Greiningarhluti ferlisins byggir á hæfnigreiningum FA, sem eru komnar í ákveðinn farveg og hafa námskrár og námslýsingar verið skrifaðar sem byggja á þeim (sjá kafla 3). Unnið hefur verið að viðhaldi á handbók og öðrum upplýsingum sem snúa að hæfnigreiningum.

Greiningar geta bæði verið framkvæmdar af FA og samstarfsaðilum sem hafa hlotið þjálfun í að nota aðferðafræðina. Tvö námskeið fyrir umsjónar-

menn greininga hafa verið haldin fyrir samstarfsaðila FA; eitt í Reykjavík og eitt á Akureyri, fyrir samtals 27 þátttakendur. Áfram hefur verið unnið að þróun vinnubragða við hæfnigreiningar. Eftir því sem fleiri greiningar eru framkvæmdar og fleiri samstarfsaðilar gera greiningar, þeim mun betur skerpist á öllu vinnuferlinu. Þannig er aðferðin sem beitt er í sífelldri þróun.

Áfram hefur verið unnið markvisst að því að efla þátttöku atvinnulífsins í hæfnigreiningum. Í ljós hefur komið að í mörgum tilvikum eru fyrirtæki treg að senda starfsmenn til þátttöku í greiningarvinnu. Leita þarf leiða til að kynna hæfnigreiningar FA, sýna fram á gagnsemi þeirra fyrir starfsgreinarnar og einnig hvaða gagn einstaklingar/fyrirtækin hafa af þátttöku í greiningarfundunum. Það gæti verið hlutverk vinnuveitendasamtaka að vinna að viðhorfi sameiginlegrar ábyrgðar á hæfnieflingu í starfsgreininni.

Sem lið í að afla upplýsinga í samstarfi við atvinnulífið hefur FA tekið þátt í að kortleggja störf innan ákveðinna starfsgreina í þeim tilgangi að hvetja til hæfnigreininga. Á tímabilinu hefur FA gert tvær hæfnigreiningar, annars vegar fyrir Starfsgreinaráð verslunar- og skrifstofugreina og hins vegar fyrir Eflingu stéttarfélag. Jafnframt hefur Mímir framkvæmt hæfnigreiningu fyrir Starfsafl. Unnið hefur verið að undirbúningi fyrir hæfnigreiningar fyrir Hæfnisetur ferðapjónustunnar (sjá neðar). Áfram er stefnt að fjölgun hæfnigreininga og uppbyggingu hæfnigrunnns FA. Samstarfsaðilar innan Kvasis hafa verið heim-sóttir á árinu og þar hefur m.a. verið lögð áhersla á að fara yfir og ræða hæfnigreiningar og námskrár.

Nýir starfaprófilar sem verða til við greiningar hafa verið færðir inn í hæfnigrunn FA. Fylgt hefur verið eftir ritun og notkun námskráa með það í huga að meta hvernig niðurstöður hæfnigreininga nýtast við námshönnun og námskrárritun.

FA hefur átt fulltrúa í norrænu tengslaneti á vegum NVL um sameiginlega sýn á hæfniþarfir í atvinnulífi á Norðurlöndum og eflingu starfsnáms. Gerð er grein fyrir vinnu netsins í skýrslunni í kafla um norrænt samstarf. Verkefni netsins ber heitið „Færniþróun í atvinnulífinu“.

Áfram er fylgst með nýjungum á sviði hæfnigreininga og fræðsluhönnunar. Starfsmenn fylgjast með ýmsu efni og vefsíðum sem tengjast málefnum s.s. hjá Dokkuni, Kompás og viðeigandi hópum á Facebook auk erlendra bóka og tímaritsgreina.

FA tekur þátt í innlendu og erlendu samstarfi við aðila atvinnulífsins að eflingu framhaldsfræðslunnar og öflun upplýsinga um markhópin og menntunarþarfir hans með því að vinna með og túlka gögn frá innlendum og erlendum aðilum. Í byrjun árs 2017 undirritaði FA samning við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og Stjórnstöð ferðamála um stofnun verkefnisins Hæfnisetur ferðapjónustunnar, sem er samhæfingarverkefni um brýn verkefni

í fræðslu starfsmanna í ferðapjónustu. Fjármagn var tryggt með sérstakri fjárveitingu á fjárlögum. Hæfnisetrið mun fyrst og fremst kortleggja þarfir fyrir fræðslu, ráðleggja fræðsluaðilum um fræðsluaðferðir, leggja til námsefni (m.a. rafræna fræðslu) og þróa aðferðir við að meta árangur fræðslu á rekstri og starfsánægju í fyrirtækjum. Ýmis tilraunaverkefni eru í þróun og verða framkvæmd veturinn 2017–2018. Áhersla er á samráð við atvinnugreinina og eins er unnið þétt með nokkrum símenntunarmiðstöðvum í að bjóða fræðslulausnir sem henta greininni.

Námskrár og námslýsingar

Samtals hafa 50 námskrár verið hannaðar og skrifaðar frá upphafi. - Fræðsluhönnunarferli FA hefur verið í þróun á árinu með áherslu á að skilgreina enn betur hlutverk aðila í fræðsluferlinu sem og að vinna áfram að þróun námskráa og endurskoðun þeirra, en þar er mikið verk fyrir höndum á næstu árum. Jafnframt er lögð áhersla á vinnu við hæfniramma fyrir framhaldsfræðsluna og að aðstoða samstarfsaðila við gerð námskráa og námslýsinga eins og kostur er.

Allar símenntunarmiðstöðvar innan Kvasis hafa verið heimsóttar þar sem lögð hefur verið áhersla á að kynna og ræða hæfnigreiningar og námskrár. Fræðsluferlið hefur verið kynnt og ný nálgun við gerð starfstengdra námskráa rædd. Hún byggir á því að starfaprófill sé útfærður sem námskrá með námslýsingum.

Sex eldri námskrár hafa verið endurskoðaðar og sendar til vottunar í gegnum námskrárgrunn mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Það eru: Menntastöðir (í vottunarferli); Íslensk menning og samfélag (áður Landnemaskólinn og Landnemaskólinn II) (í vottunarferli); Skrifstofuskólinn (í vottunarferli); Sölu-, markaðs- og rekstrarnám (í vottunarferli); Nám í stóriðju – grunnnám (vottun lokið); Nám í stóriðju – (vottun lokið). Tvær námskrár sem sendar voru í vottun á síðasta ári fengu vottun á árinu, þær eru: Fagnám í umönnun fatlaðra (áður Starfsnám stuðningsfulltrúa – grunnnám og Starfsnám stuðningsfulltrúa – framhaldsnám) og Verkfærni í framleiðslu.

Það er hlutverk FA að veita samstarfsaðilum ráðgjöf og aðstoð við gerð námskráa og námslýsinga eins og kostur er. Tvær nýjar námskrár hafa verið unnar með samstarfsaðilum og fengið vottun. Þær eru námskráin Móttaka og miðlun, unnin að beiðni Mímis, og námskráin Tölvuumsjón sem var unnin að beiðni NTV.

Unnið er að útfærslu á almennri starfshæfni og grunnleikni fyrir markhópinn. FA á fulltrúa í NVL tengslaneti um grunnleikni sem stofnað var í upphafi árs. Einnig hefur verið stofnað tengslanet um grunnleikni í atvinnulífínu. Það verkefni er leitt af fulltrúa frá FA. Starfsmenn FA hafa fundað

reglulega til að tengja saman mismunandi verkefni hjá FA sem taka á almenntri starfshæfni, þ.á m. vegna Erasmus+ KA3 verkefninu VISKA sem vinnur að leiðum til að gera færni innflytjenda betur sýnilega.

Í því skyni að afla þekkingar á hönnun og þróun fræðsluferla og útfærslu þeirra var fræðilegt efni skoðað og nýtt við endurskoðun á fræðsluhönnunarferlinu. Kennslumiðstöð HÍ var heimsótt. Fyrirhugað er áframhaldandi samtal við miðstöðina.

Þróun aðferða í framhaldsfræðslu

Starfið hefur frá upphafi falist í að þróa og halda kennslufræðinámskeið en einnig í fræðslufundum og ráðgjöf. Frá árinu 2003 hefur FA byggt upp og þróað áfram 20 mismunandi námskeið fyrir fræðslustarfsmenn, kennara og leiðbeinendur á sviði fullorðinsfræðslu sem nefnast Stiklur. Námskeiðin eru á mismunandi sviðum með þarfir markhóps FA að leiðarljósi og í samræmi við óskir og ábendingar samstarfsaðilanna. Fyrstu skref hafa verið tekin í að færa Stiklunámskeiðin á rafrænt form og útfærslu á því.

Stiklunámskeiðið Skapandi skólustarf með fullorðnum var haldið á Akureyri í mars með samtals 29 þátttakendum. Allar símenntunarmiðstöðvar innan Kvasis hafa verið heimsóttar þar sem fræðsluferlið hefur verið kynnt og m.a. rætt um kennslufræðilegar nálganir í tengslum við námskrár framhaldsfræðslunnar og starfsþróun leiðbeinenda í ljósi nýjunga á sviðinu. Einnig var rætt um þá hugmynd að koma á sameiginlegum vettvangi leiðbeinenda framhaldsfræðslunnar á samfélagsmiðlum, en skýr stefna í því máli hefur ekki verið sett fram. Rafrænt form fyrir samræmdar þjónustukannanir til að meta viðhorf námsmanna var útbúið 2016, en upplýsingum um notkun hennar hefur ekki verið safnað enn.

Unnið hefur verið að því að þróa faglegt starf sem samræmist kröfum, þörfum og framtíðarsýn þar sem tekið er mið af fræðsluferli framhaldsfræðslu. Hæfni leiðbeinenda hefur verið til umræðu meðal annars í tengslum við hugmyndir um almenna námskrá fyrir framhaldsfræðslu. Mikilvægt er að viðhalda sveigjanleika kerfisins en á sama tíma að tryggja gæði. Vilji er á meðal verkefnastjóra og verkataka til að áfram verði unnið með þróun námskeiða í kennslufræði og kennsluáðferðum fyrir framhaldsfræðsluna, en skýrar vísbendingar komu fram um vilja til að nýta betur vefmiðla og samfélagsmiðla til að koma námi á framfæri við leiðbeinendur í framhaldsfræðslu. Mótun samstarfs við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið, er hafið sem og vinna við þróun viðmiða um hæfni leiðbeinenda í framhaldsfræðslu. Viðræður eru jafnframt í gangi vegna þróunar á fagháskólanámi.

Sóttir hafa verið tveir fundir í vinnuhópi NVL um grunnleikni fullorðinna (sjá kafla 3). Haldnir hafa verið þrír fundir í bakhópi um grunnleikni á Íslandi

með fulltrúum FA og MRN þar sem áhersla er á að miðla á milli upplýsingum um þróun málaflokksins í Evrópu, í norrænu samhengi og hér á landi.

Gæði og þróun raunfærnimats

Frá árinu 2004 og út árið 2016 hafa 3.952 einstaklingar lokið raunfærnimati (sjá kafla 1).

Í samræmi við að sífellt fleiri samstarfsaðilar FA stýra raunfærnimatsverkefnum hefur umfang raunfærnimats í starfi fræðsluaðila aukist. Flest samtöl við samstarfsaðila snúa að framkvæmd en einnig er mikið leitað eftir upplýsingum þegar opnað er fyrir umsóknir í Fræðslusjóð. Það sem af er árinu 2017 hafa verið haldin tvö námskeið fyrir matsaðila með samtals 28 þátttakendum.

Lögð hefur verið áhersla á að styrkja tengsl FA við samstarfsaðila vegna raunfærnimats með heimsóknum á starfsstöðvar þeirra með það að markmiði að ræða framkvæmd raunfærnimats, miðla upplýsingum og meta tækifæri til frekari þróunar raunfærnimats.

Á árinu 2016 var skipuð nefnd ASÍ og SA vegna bókkunarinnar í kjarasamningum SGS, VR og Eflingar annars vegar og SA hins vegar um að meta nám/raunhæfni til launa á tveimur þrepum á grundvelli hæfnigreininga starfa. Starfsmenn FA eru þeirri nefnd til ráðgjafar. Hafa þeir verið kallaðir á fundi nefndarinnar, auk þess að skila inn minnisblöðum um möguleika, kostnað og áskoranir við framkvæmd raunfærnimats þar sem notuð eru viðmið atvinnulífs en ekki námskrár. Verkefnið virðist í nokkurri lægð árið 2017 og er óvíst um framhald þess. Árið 2017 var sótt um Erasmus+ KA1 styrk til námsferðar til að afla upplýsingar um þróun raunfærnimats erlendis þar sem grunnur að mati eru færni viðmið starfa. Sá styrkur fékkst og er ráðgert að halda utan vorið 2018.

Frá og með árinu 2016 hafa allar metnar einingar í raunfærnimati verið skráðar inn í INNU og árið 2017 mun hver framkvæmdaraðili raunfærnimats sjá um þá skráningu. Með þeirri skráningu er uppfyllt ákvæði reglugerðar 1163/2011 um að niðurstöður raunfærnimats séu skráðar í gagnagrunn á vegum stjórnvalda. Með þeirri skráningu er óformlegt nám og starfsreynsla metin til jafns við formlegt nám. Þetta er að mati FA stór áfangi í að tryggja að ekki sé gerður greinarmunur á niðurstöðum úr raunfærnimati og einingum sem aflað er með öðrum hætti. Það er FA sem kaupir aðgengi að kerfinu og heldur utan um það.

Árið 2016 var lokið við að þróa gæðakerfi fyrir raunfærnimat sem hluta af EQM gæðavottuninni. Sú þróun fólst bæði í smíði á kerfi og prófunum á því. Árið 2017 munu símenntunarmiðstöðvar innleiða þann hluta í sína starfsemi sem ytri matsaðili mun taka út (sjá nánar um EQM í kafla 8).

Árið 2016 var útbúið fjögurra mínútna myndband sem lýsir framkvæmd

raunfærnimats auk samtala við einstaklinga sem hafa lokið raunfærnimati. Verkefnið var unnið með styrk frá EPALE, en hlutverk FA var að leggja til uppbyggingu, áherslur, skrifa handrit og vera leiðbeinandi við framleiðslu. Myndbandið er almenn kynning á raunfærnimati og nýtist sem upplýsingaveita fyrir hagsmunaaðila og mögulega þátttakendur.

Samstarf hefur verið við mennta- og menningarmálaráðuneyti um túlkanir á reglugerð, auk þess sem unnið var með ráðuneytinu að meta stöðu Íslands út frá því markmiði EU að árið 2018 verði komið á virkt raunfærnimatskerfi í öllum löndum Evrópu. Við vinnuna var stuðst við Vegvísi 2018 sem unninn var á vegum NVL og fjallar um þróun og framkvæmd raunfærnimats til ársins 2018. Ákveðið var að þýða Vegvísi 2018 og lauk þeirri vinnu í apríl 2017. Þýðingin er nú aðgengileg bæði á pappírs- og rafrænu formi. Þar er meðal annars fjallað um aðkomu stjórnvalda, ábyrgð hagsmunaaðila t.d. á vinnu-markaði, gæði og skipulag.

Evrópuráðstefna um raunfærnimat (VPL Biennale) var haldin í apríl 2017 í Aarhus í Danmörku. Þessar ráðstefnur eru haldnar á tveggja til þriggja ára fresti og eru þar ræddar helstu áskoranir og nýjungar sem snerta raunfærnimat. FA stóð að kynningu, undirbúningi og mati að lokinni ráðstefnu á því sem þar kom fram fyrir 20 manna hóp Íslendinga sem sótti ráðstefnuna. Þar af voru þrír starfsmenn FA sem meðal annars voru með vinnustofu á ráðstefnunni. Á ráðstefnunni voru veitt verðlaun fyrir verkefni í raunfærnimati. Samtals voru sjö verkefni tilnefnd til verðlaunanna með fjölbreyttu innihaldi og áherslum. Að þessu sinni runnu þau til IÐUNNAR-fræðsluseturs, sem hefur unnið að raunfærnimati í iðngreinum í tíu ár í samstarfi við hagsmunaaðila vítt og breitt um landið. Það er mikil viðurkenning fyrir það raunfærnimatskerfi sem þróað hefur verið á Íslandi.

Unnið var með VR við að einfalda og tengja við íslenska hæfnirammann niðurstöður raunfærnimats fyrir störf. Í framhaldi af því var ákveðið að frekari þróun myndi flytjast til FA. Einnig hófust viðræður við VR og SVP um þróun á raunfærnimati fyrir starfsmenn verslana og verslunarstjóra í kjölfar greiningarvinnu á því starfi.

Fulltrúi FA á sæti í nefnd sem fjallar um möguleika á að koma á raunfærnimati á háskólastigi. Helsta verkefni FA þar er að miðla reynslu og einnig hafa tengingar á Norðurlöndum komið sér vel til að miðla þekkingu erlendis til nefndarinnar. Skýrslan er væntanleg í september 2017.

Tveir fulltrúar FA sitja í norrænum sérfræðingahópi NVL um raunfærnimat. Tveir fundir hafa verið haldnir á árinu þar sem unnið var sérstaklega að stefnumörkun og áherslum fyrir sérfræðingahópinn til næstu tveggja ára, undirbúningi Evrópuráðstefnu um raunfærnimat (Biennale 2017) og miðlað reynslu og stöðu raunfærnimats á milli landa.

Netið vinnur jafnframt að Nordplus verkefni í formi vefsíðunnar ValiGuide sem lýsir áherslum og inniheldur efni frá Norðurlöndunum varðandi raunfærnimat. Fulltrúi FA í þessari vinnu er jafnframt ritstjóri síðunnar.

Erlendir aðilar leita talsvert til FA eftir upplýsingum um stöðu, árangur og framkvæmd raunfærnimats hérlendis. Reglulega koma hópar í kynningar hjá FA. Eitt af því sem vekur mikla athygli erlendis er þríhliða samstarf aðila vinnumarkaðarins og ríkis um fræðslumál og einnig hversu nákvæmar kostnaðartölur liggja fyrir.

Söfnun, varðveisla og miðlun upplýsinga

Áreiðanlegar og traustar upplýsingar eru grundvöllur þess að FA geti skilað stjórnnum Fræðslusjóðs og FA skýrslum og miðlað upplýsingum innanlands sem utan. Söfnun og varðveisla upplýsinga er því mikilvægur þáttur í starfsemi FA.

Frá árinu 2006 hafa verið ákvæði um greiðslur vegna vottaðra námsleiða, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar í samningum við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar. Á grundvelli laga um framhaldsfræðslu færðust greiðslurnar frá FA yfir til Fræðslusjóðs frá og með árinu 2011. Árangur í vottuðum námsleiðum og raunfærnimati er tekinn saman tvisvar á ári (í janúar og ágúst) og skýrsla unnin úr þeim tölum. Í náms- og starfsráðgjöf er upplýsingum safnað saman ársfjórðungslega. Niðurstöður þessarar upplýsingaöflunar fyrir árið 2016 má sjá í kaflanum um starfsemi Fræðslusjóðs í þessari skýrslu.

Umsjón og þróun náms- og starfsráðgjafar

Náms- og starfsráðgjöf hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum er nú framkvæmd hjá 13 aðilum. Samtals sinna 25–27 ráðgjafar verkefninu um land allt, í mismiklu starfshlutfalli. Þeir eru með kynningarfundum á vinnustöðum, einstaklingsviðtöl, hópráðgjöf, taka þátt í virkniadgerðum fyrir atvinnuleitendur, verkefnum í raunfærnimati og þróun aðferðafræði í samstarfi við FA m.a. í gegnum erlend þróunarverkefni. Markmið FA er að efla sérfræðipækkingu í náms- og starfsráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar með því að halda utan um samstarf ráðgjafa um allt land ásamt því að leita leiða til að efla gæði þjónustunnar í gegnum þróun aðferðafræði og endurgjöf frá notendum þjónustunnar.

Haldinn var einn ráðgjafafundur í febrúar með 21 ráðgjafa, þar sem farið var yfir þróun mála, tölfraði (sjá nánar í umfjöllun um Fræðslusjóð) og niðurstöður úr starfinu fyrir árið 2016. M.a. var farið yfir ársskýrslur allra símenntunarmiðstöðva um ráðgjöfina. Í þeim kom fram að mismunandi áherslur og þarfir eru hjá miðstöðvum og að sumar þeirra eru farnar að fara meira út í

fyrirtækin til að kynna ráðgjöfina og sína starfsemi. Þá skipta tengsl við hagsmunaaðila verulegu máli, en best virkar að ná til einstaklinga með því að kynna ráðgjöfina í tengslum við önnur verkefni og í gegnum maður á mann. Raunfærnimat í almennri starfshæfni hefur verið framkvæmt á nokkrum stöðum og virkar vel fyrir markhópin. Einkum hafa atvinnuleitendur tekið þátt í þessu verkefni en það er valdeflandi, hvetjandi og styrkjandi fyrir fólkið. Varðandi námsþarfir hópsins þá óskar fólk helst eftir styttra námi til að fá framgang í starfi eða atvinnuleit. Mikilvægt þykir að geta stundað nám í heimabyggð og nemendur vilja geta sótt meira nám til símenntunarmiðstöðvanna á sínu svæði. Einnig eru svæðisbundnar þarfir til staðar. Ráðgjafar leggja áherslu á að mikilvægt sé að halda áfram með vefinn Næstaskref.is og að æskilegt sé að sinna endurmenntun og þjálfun ráðgjafa áfram og efla rafræna ráðgjöf. Aukin þörf er fyrir ráðgjöf fyrir fólk af erlendum uppruna (verður unnið meira með í VISKA verkefninu). Kynna þarf betur vefinn ÁTTIN.is til að ná til fyrirtækja með að nýta starfsmenntasjóði. Mikil áskorun er fólgin í að ná til þeirra sem standa fjær námi (GOAL verkefnið) og erfiðara er nú en áður að ná í nemendur í námsleiðir, en atvinnuástandið hefur áhrif þar á. Fram kom að þörf er á að skilgreina betur mat á námsleiðum FA og þarf að fá hagsmunaaðila betur að sameiginlegum kynningarmálum.

Á fundinum var einnig kynnt sú vinna sem hefur verið í gangi vegna innleiðingar INNU, sem er skráningarkerfi framhaldsskólanna, en það kerfi verður nú notað í staðinn fyrir MySchool. Með tilkomu nemendaskráningar í INNU er vonast til að auðveldara verði að fylgjast með brotthvarfi nemenda og ástæðum þess og þar með að efla stuðning og eftirfylgni ráðgjafa við hópinn.

Í þjónustukönnunum sem lagðar voru fyrir á árinu 2016 kemur fram að 90% svarenda (40% svörin í gegnum tölvupóst) segjast vera ánægðir með ráðgjöfina og geta hugsað sér að nýta hana aftur ef á þarf að halda og 85% telja ráðgjöfina hafa nýst vel.

Haldið var námskeið á vegum GOAL verkefnisins fyrir ráðgjafanetið í byrjun árs í Áhugahvetjandi samtalstækni (sjá nánar í umfjöllun um nýja hópa), en það er aðferðarfræði sem nýtist sérstaklega þeim sem standa fjær námi. Unnið hefur verið að undirbúningi fyrir komu sérfræðings frá Finnlandi (samstarfsaðili FA í Erasmus+ KA2 verkefninu Worklifeguidance) sem mun tala á námskeiði fyrir ráðgjafa í október nk. um leiðir til að nýta aðferðir ráðgjafar á vinnustöðum í samstarfi við fyrirtækin til að hvetja starfsmenn til hæfnipróunar.

Undanfarið ár hefur verið unnið að endurgerð upplýsinga- og ráðgjafavefjarins NæstaSkref.is. Á nýjum vef verða aðgengilegar 250 almennar starfslýsingar, upplýsingar um á annað hundrað námsleiðir, skimunarlistar vegna

raunfærnimats í 20 greinum auk áhugakönnunar og rafrænnar ráðgjafar. Reiknað er með að nýtt vefumsjónarkerfi verði tilbúið í október 2017.

Áfram hefur verið unnið með EQM viðmið um gæði í náms- og starfsráðgjöfinni, en framundan er nýtt vottunarferli, en þar verður náms- og starfsráðgjöfin inni í fyrsta skipti sem hluti af úttekt (sjá nánar í umfjöllun um gæði).

Á árinu hefur verið unnið úr fræðsluferð náms- og starfsráðgjafa til Oulu í Finnlandi sem farin var haustið 2016. Verkefnið var kynnt á ráðgjafafundinum í febrúar. Ráðgjafar sem tóku þátt í ferðinni skrifuðu skýrslur og hafa kynnt og nýtt aðferðir og verkfæri í ráðgjöf á sínum svæðum og deilt meðal starfsfélaga á öðrum símenntunarmiðstöðvum.

Erlendir gestir hafa sýnt ráðgjöfinni áhuga sem og nemendur í náms- og starfsráðgjöf frá Háskóla Íslands vegna MA verkefna. Fulltrúi FA sótti tvo fundi á vegum sérfræðingans NVL um ráðgjöf fullorðinna. Þar hefur verið unnið að því að miðla skýrslu um samhæfingu og umsjón ráðgjafar í norrænu samhengi „Samordningochkoordinering av vägledningen i denordiska länderna ochsjälstyrande områdena“ og undirbúningi fyrir ráðstefnu um færni einstaklingsins til að stjórna eigin starfsferli (Career Management Skills) sem haldin verður í Malmö í nóvember 2017.

Gæði í framhaldsfræðslunni

Frá árinu 2012 hefur verið unnið eftir gæðaviðmiðum European Quality Mark (EQM) í þeim tilgangi að auka gæði fræðslustarfs. Í árslok 2016 höfðu sextán fræðsluaðilar hér á landi hlotið gæðavottun samkvæmt evrópska gæðamerkinu EQM og 14 þeirra lokið þriggja ára vottunarferli. Gæðavottunarferli FA hefur verið endurskodað og byggir nú á þremur stöðum framhaldsfræðslunnar; fræðslu, raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf. Vottun fyrir fyrstu stöðina, fræðslu, er nefnd EQM, en vottun fyrir allar þrjár stöðirnar er nefnd EQM+.

Fundir hafa verið haldnir með fræðsluaðilum til að kynna fyrir þeim ný viðmið, veita ráðgjöf, miðla upplýsingum og stuðla að aukinni gæðavitund í framhaldsfræðslukerfinu. Á þessum tímamarki hafa 11 fræðsluaðilar skráð sig formlega í nýja gæðavottunarferlið sem hefst haustið 2017 og er það fyrir-tækið Vaxandi ráðgjöf ehf. sem mun sjá um úttektir á gæðum vegna EQM og EQM+.

Menntamálastofnun hefur samið við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um að veita formlegt álit á umsóknum um viðurkenningu fræðsluaðila. Sérstaklega verði litið til skilyrða sem snúa að faglegu gæðastarfi í framhaldsfræðslu í samræmi við IV. kafla laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010.

Nemendabókhald

Nemendakerfið INNA verður tekið upp haustið 2017 til notkunar fyrir skrán-

ingu og skipulag náms og umsýslu gagna fyrir nemendabókhald. Vinna við upptöku nýs kerfis hófst í lok árs 2016 og vegna breytinga sem þurfti að gera og sérþarfa framhaldsfræðslunnar stóð sú vinna fram á vor. Í lok sumars fengu samstarfsaðilar FA aðgang að kerfinu en Fræðslumiðstöð atvinnulífsins leigir afnot og greiðir fyrir aðlögun kerfisins. INNA býður upp á margvíslega möguleika við skráningu vottaðra námsleiða og raunfærnimats. Viðmótið fyrir skráningu náms- og starfsráðgjafar er sérsmíðað í INNU fyrir FA og samstarfsaðila. INNA leysir Námsnetið/MySchool af hólmi fyrir skráningu nemendabókhalds.

Kostur þess að taka upp INNU við skráningu er m.a. metin sú að það kerfi er í notkun hjá flest öllum framhaldsskólum landsins og fara því skráningar framhaldsfræðslunnar inn í sama kerfi. Einnig hafa nemendur áfram aðgang að sínum skráningum í gegnum Íslykil eða rafræn skilríki eftir að þeir ljúka námi. Þá er skráning á raunfærnimati aðgengilegri í INNU en var í Námsnetinu.

Miðlun upplýsinga um það starf sem fer fram á vettvangi framhaldsfræðslu

Gátt er ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og ber undirtitilinn Ársrit um framhaldsfræðslu. Gátt kemur út í fjórtánda skipti í tengslum við ársfund Fræðslu-miðstöðvarinnar sem haldinn verður 30. nóvember 2017. Í ritinu er alhliða umfjöllun um framhaldsfræðslu á Íslandi og í Evrópu. Þema ársins er hæfnipróun/hæfnistefna. Ritið er sent víða, m.a. til símenntunarmiðstöðva, framhaldsskóla og bókasafna. Gátt er notað til kennslu í þremur háskólum, HÍ, HA og LHÍ, og er aðgengilegt á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, www.frae.is. Vinna við útgáfu Gáttar 2017 hófst á vordögum og er greinasöfnun nánast lokið.

Unnið hefur verið að undirbúningi ársfundar með þemað hæfnipróun/hæfnistefna að leiðarljósi. Horft hefur verið til stefnu Norðmanna í þessu samhengi og verður henni miðlað á ársfundinum ásamt öðru tengdu efni.

Vef FA hefur verið viðhaldið og unnið hefur verið að því að samhæfa og þróa vefi FA. Fram til þessa hafa þeir verið þrír: frae.is, framhaldsfræðslan.is og naestaskref.is Unnið er að tengingu þeirra með sameiginlegu útliti.

Upplýsingum í tengslum við starfið er miðlað með ýmsum hætti, m.a. með kynningarbaklingum, útgáfu námskráa og dreifingu þeirra, þátttöku í ráðstefnum og móttöku gesta, bæði innlendra og erlendra. Gefinn var út baklingur um hæfnigreiningaraðferðina og aðferðin kynnt á Menntadegi atvinnulífsins.

Það sem af er árinu 2017 hefur FA, í samstarfi við NVL, komið að einni ráðstefnu og einu málþingi, sjá nánar í kaflanum um Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL).

Starfsemi FA var á tímabilinu kynnt fyrir um tvö hundruð manns. Þar á meðal hópum frá Norðurlöndunum, Slóveníu og Ungverjalandi. Kynningarnar hafa farið fram á fundum og ráðstefnum á Íslandi og erlendis. Umfjöllunarefni kynninganna var starfsemi FA, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf.

Undirbúningur aðkomu nýrra hópa um framhaldsfræðslu

Markmið laga um framhaldsfræðslu er að ná til sem flestra þeirra, sem ekki hafa lokið námi frá framhaldsskóla. FA hefur gott aðgengi að þeim hluta hópsins sem er á vinnumarkaði eða tímabundið utan hans. Þar sem atvinnuþátttaka á Íslandi er mjög mikil er um að ræða litla hópa, sem standa utan vinnumarkaðar. Markmið FA er að nýta samlegðaráhrif í starfi FA til hagsbóta fyrir hópa sem standa utan vinnumarkaðar.

Unnið hefur verið að ofangreindu í gegnum Erasmus+ KeyAction 3 verkefni GOAL – Guidance and Orientation for Adult Learners og VISKA – Visible Skills for Adults. Um er að ræða þriggja ára löng verkefni sem hafa það að markmiði að styðja við stefnumótun og eru þau bæði unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Verkefni falla að markmiðum þjónustusamnings FA við mennta- og menningarmálaráðuneytið og eru fjármögnuð að stórum hluta sérstaklega.

GOAL verkefnið hófst formlega í febrúar 2015 undir forystu flæmska mennta- og menningarmálaráðuneytisins í Belgíu. Önnur samstarfslönd eru Holland, Tékkland, Slóvenía og Litháen. Að auki er breskur rannsóknaraðili og fulltrúi frá Tyrklandi fylgist með þróuninni. Hér á landi er verkefnið unnið í samstarfi við Mími símenntun og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, á þeirra svæðum.

Í gegnum samstarf landanna er unnið að því að þróa leiðir í átt að heildstæðri þjónustu námsráðgjafar sem beinist að hópum samfélagsins sem sækja síður í nám. Þróuninni er ætlað að byggja á þeirri þjónustu sem er til staðar í löndunum, en áhersla lögð á aukinn árangur með auknu samstarfi. Unnið er að því að skilgreina árangursríkar leiðir við að virkja markhópin til náms þ.á m. úrræði sem má nýta á vettvangi, fyrirkomulag samstarfs hagsmunaaðila og ábendingar fyrir áframhaldandi stefnumótun fyrir málaflökkinn. FA og fræðslu/símenntunarmiðstöðvar hafa þróað öflugna náms- og starfsráðgjafabjónustu innan framhaldsfræðslunnar fyrir fullorðna, en þörf hefur verið á að færa vettvanginn nær fleiri hópum í því skyni að hvetja til náms. Náðið samstarf hefur verið við Félagshjónustu og Vinnumálaskrifstofur á svæðum framkvæmdaraðila (höfuðborgarsvæðið og Reykjanes) í verkefninu.

Unnin var ítarleg ársskýrsla verkefnisins í upphafi árs. Sóttar voru ráðstefnur á vegum Rauða krossins. Fulltrúar FA í verkefninu fóru á fund með samstarfslöndunum í apríl þar sem farið var yfir framvindu verkefnisins, rætt

um hæfni ráðgjafa og ráðgjafarferlið og framkvæmdaraðilar þar í landi heim-sóttir. Haldnir voru reglulegir fundir með innlendum stýrihópi verkefnisins þar sem unnið var samkvæmt verkáætlun og rannsóknaráætlun frá bresku rannsóknaraðilunum. Rannsóknin gekk út á að mæla árangur af megin-áherslum verkefnisins (þróun samstarfs, þróun tækja, þróun á færni ráðgjafa, náð til markhóps og gæðamál) og þá sérstaklega út frá sjálfum ráðgjafarvið-tölunum.

Unnið hefur verið að þróun tengslanets og samstarfi tengdra hagsmuna-aðila/stofnana fyrir þróun verkefnisins hérlendis í gegnum fundi með sér-stökum samráðshópi þar sem sitja fulltrúar frá mennta- og menningarmála-ráðuneytinu, velferðarráðuneytinu, Vinnumálastofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Rauða krossinum, Fangelsismálastofnun og Leikn. Samráðs-hópurinn hefur haft það hlutverk að styðja við þróun verkefnisins með því að veita upplýsingar um markhópin, aðstoða við öflun þátttakenda í tilrauna-hluta verkefnisins á svæðum Mímis og MSS, veita ráðgjöf við úrlausnir í tengslum við þær áskoranir sem komið hafa upp og leggja mat á þróun verk-efnisins.

Í upphafi var horft til þess að nálgast markhópin í gegnum samstarf við fyrirtæki, en það gekk ekki eftir. Ástæður tengjast mögulega því að rann-sóknarhluti verkefnisins hefur þótt of umfangsmikill til þess að fyrirtæki og starfsmenn væru viljug til að taka þátt. Í kjölfarið var leitað til samráðshópsins og þróaðar tilvísunarleiðir á milli Félagsþjónustunnar og Vinnumálastofnunar (og fleiri aðila) yfir í ráðgjöf á vettvangi framhaldsfræðslunnar. Hópurinn varð því þyngrri en gert var ráð fyrir í upphafi, þar sem um var að ræða fólk sem ekki hafði verið virkt á vinnumarkaði í einhvern tíma.

Þrátt fyrir mikla erfiðleika við að ná markhópnum inn í verkefnið og jafn-framt að halda þeim inni í þeim viðtalafjölda sem lagt var upp með (5–10 skipti), þá tókst Mími og MSS að ná því markmiði að veita 100 manns náms-ráðgjöf innan ramma verkefnisins. Töluvert var um að fólk mætti ekki í viðtöl og þurfti að leggja mikinn tíma í eftirfylgni.

Í tengslum við þróun færni á meðal ráðgjafa í að þjónusta markhóp GOAL verkefnisins var boðið upp á námskeið í Áhugahvetjandi viðtalstækni sem reyndist afar árangursrík í ráðgjöfinni. Reynsla ráðgjafa er jafnframt að sam-talsformið sem hannað hefur verið af rannsóknaraðilum verkefnisins í samráði við samstarfsaðila (datamonitoring) nýtist vel, en það býður upp á að farið sé dýpra í ráðgjafarferlinu. En ljóst er að þátttakendur eiga oft við fjölpættan vanda að etja sem hefur hindrað virkni þeirra til náms- og starfsþróunar.

Í gegnum verkefnið eru hagsmunaaðilar nú upplýstari um þá þjónustu sem er til staðar og geta vísað hver á annan eftir þörfum hvers einstaklings. Unnið er að því að efla það samstarf í þágu markhópsins. Skýra þarf tilvísunarferli og

koma af stað umræðu um stöðu einstaklinga innan þeirra. Ljóst er að formgera þarf betur samstarf hagsmunaaðila í þessu skyni og vinna jafnframt að skýrri stefnumótun í málaflökknum.

Næstu mánuði verður unnið úr upplýsingum úr rannsóknarhluta verkefnisins til að móta áframhaldandi stefnumótun í löndunum. Innlend lokaráðstefna verkefnisins verður haldin 14. desember nk.

VISKA verkefnið hófst formlega í febrúar 2017 undir forystu Kompetanse Norge. Verkefnið er tilrauna- og rannsóknarverkefni sem beinir sjónum að því forgangsatridi í stefnu Evrópusambandsins að efla starfshæfni innflytjenda með því að meta færni þeirra og auka þar með möguleika þeirra á því að fá störf við hæfi og hlúa þannig að félagslegri aðlögun. Miðað er að því að þróa og efla tengslanet hagsmunaaðila og þróa verkfæri sem gera færni innflytjenda sýnilegri. Önnur samstarfslönd eru Belgía, Ísland og Írland.

Írskur rannsóknaraðili leggur upp rannsóknarhluta verkefnisins sem felst í mælingu út frá stöðumati í málaflökknum í upphafi og niðurstöðum í lok þess, sem undirbyggja jafnframt áframhaldandi stefnumótun í málaflökknum. FA og IDAN-fræðslusetur stýra VISKA verkefninu hér á landi í sameiningu í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og hagsmunaaðila.

IDAN mun hafa umsjón með framkvæmd tilraunahluta verkefnisins í heildarverkefninu og framkvæmd hér á landi. Tilraunahlutinn felur í sér að bjóða upp á mat á færni fyrir 50 innflytjendur/fólk með litla formlega menntun. FA mun hafa umsjón með þróun tækja, þjálfun matsaðila og gæðaviðmiðum í heildarverkefninu. FA hefur unnið að því á árinu að vinna lýsingu á Transversal Skills í samhengi VISKA verkefnisins. Allir aðilar verkefnisins vinna nú að stöðumati í málaflökknum í samráði við hagsmunaaðila og er mótun samráðshóps í bígerð héraendis.

Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL)

NVL (norrænt tengslanet um nám fullorðinna) er starfrækt á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Netið var í flokki verkefna en var fært yfir í flokk áætlana til jafns við Nordplus menntaáætlunina árið 2015. FA hefur vistað NVL á Íslandi frá upphafi. Samningur er í gildi til loka ársins 2017 og gegnir Sigrún Kristín Magnúsdóttir starfi tengiliðs fyrir Íslands hönd.

NVL móðurnetið hefur fyrstu 6 mánuði ársins haldið tvo sameiginlega fundi. Tengiliður Íslands sótti þá. Fundinn í Osló í mars sátu einnig stjórnendur þeirra stofnana sem vista NVL á Norðurlöndunum, auk fulltrúa landanna í sérstökum verkefnum sem lúta að fræðslu fullorðinna á vegum Evrópusambandsins (European Agenda for Adult Learning).

Tengiliður situr í ritstjórn Dialog Web sem er rafrænt tímarit NVL. Fundur í ritstjórn var sóttur í Osló í mars. Þrjár greinar hafa verið ritaðar og birtar.

Fréttir af fullorðinsfræðslu á Íslandi voru ritaðar og birtar í mánaðarlegu fréttabréfi NVL sem miðlað er á netinu til rúmlega tvö þúsund áskrifenda einu sinni í mánuði, alla mánuði ársins nema júlí.

Tengiliður hefur haft umsjón með tengslaneti sem sinnir verkefni um færniþróun í atvinnulífínu. Í netinu eru fulltrúar fræðsluaðila, launþega og atvinnurekendasamtaka á Norðurlöndunum. Markmiðið verkefnisins er að varpa ljósi á hindranir fyrir þróun hæfni í atvinnulífínu og efla og auka skilvirkni og samspil formlegrar menntunar og náms sem fram fer á vinnumarkaði. Netið hélt tvo fundi á árinu. Skýrsla með niðurstöðum var birt og kynnt á þremur viðburðum í Osló, í Þórshöfn á Færeyjum og í Reykjavík. Fleiri kynningar eru í undirbúningi.

Haldinn var fundur allra fulltrúa Íslands í undirnetum NVL og vinnuhópum ásamt framkvæmdastjóra NVL í febrúar. Þar miðluðu fulltrúar upplýsinga sín á milli og greindu helstu áherslur í starfinu. Unnið var að undirbúningi námskeiðs um ráðgjöf á vinnustað sem haldið verður í nóvember nk. (sjá nánari umfjöllun í kafla 7). NVL leggur þar hönd á plóg með því að flytja inn fyrirlesara frá Finnlandi.

Nýr vinnuhópur var stofnaður til að vinna með almenna starfshæfni; *Grundleggjendeferdigheter i og for arbejdslivet*. Unnið var að skipulagi vinnuhópsins á árinu og tveir fundir haldnir.

Mímir-símenntun

Árið 2016 einkenndist af breytingum innbyrðis hjá Mími samhliða hefðbundnum rekstri miðstöðvarinnar. Gripið var til aðgerða á haustmánuðum með samstilltu átaki stjórnar og starfsfólks, þar sem leitast var við að snúa vörn í sókn eftir hallarekstur undanfarinna ára. Unnið var að stefnumótun fyrirtækisins í þeim tilgangi að skýra stefnu þess til framtíðar og greina ný tækifæri sem vonast er til að geti styrkt reksturinn á næstu árum. Þá var þungi lagður í að innleiða hjá Mími stefnumiðaða og skilvirka stjórnun sem næði til allrar starfsemi fyrirtækisins. Ný stefna og leiðarljós Mímis var svo samþykkt á stjórnarfundi í desember ásamt nýju skipuriti sem kallaði á töluverðar breytingar á innra skipulagi og hefðbundnu vinnulagi.

Í kjölfar þessarar stefnumótunar- og greiningarvinnu hófst árið 2017 með umfangsmikilli endurskoðun á rekstrartengdum þáttum í starfseminni. Megináhersla er lögð á gerð nýrra verkferla, kostnaðargreiningar og áætlanagerð verkefna sem ætlað er að leiði til aukins gagnsæis og rekstrarvitundar meðal starfsfólks. Þá hafa verið gerðar ýmsar ráðstafanir í takt við nýtt skipuriti Mímis sem snúa að því að styrkja viðmót og þjónustu við viðskiptavini.

Rekstrarlegar forsendur

Rekstrargrunnur Mímis hefur sannarlega verið erfiður undanfarin ár þar sem Mímir getur ekki haft áhrif á verðlagningu um 90% verkefna sinna. Stærsti áhrifavaldurinn þar er Fræðslusjóður sem styrkir verkefni og leggur línurnar. Þá nær úthlutað fjármagn til Mímis á fjárlögum ársins 2016 (og undanfarin ár) að litlu leyti að mæta kostnaði vegna grunnaðstöðu starfseminnar eins og því er ætlað að gera. Í rekstrarframlagi Alþingis til símenntunarmiðstöðva um land allt kemur ár eftir ár fram óútskýrð mismunur þar sem Mímir er með lægstu fjárhæðina þrátt fyrir að vera langstærstur og með miklu fleiri nemendum og nemendastundir en aðrar miðstöðvar. Framlagið til Mímis nemur aðeins tæplega 4% af tekjum og eru því 96% tekna Mímis verkefnatengdar tekjur. Sú grunnaðstaða sem er Mími nauðsynleg tekur mið af stærð markhóps miðstöðvarinnar og þeirri skilyrtu þjónustu sem henni ber að veita honum. Samt sem áður hafa fjárfraðslög úr ríkissjóði til Mímis undanfarin ár ekki endilega haldist í hendur við stærð markhópsins sem Mímir sinnir. Mímir bindur í þessu sambandi miklar vonir við endurskoðun mennta- og menningarmálaráðuneytisins á útreikningum varðandi skiptingu fjármagns milli fræðsluáðila. Umfang starfseminnar og grunnaðstaða hennar hlýtur að þurfa að taka mið af stærð þess markhóps sem miðstöðin þjónar.

Í ljósi bágrar rekstrarstöðu Mímis árið á undan var því sérlega kærkomið um haustið þegar Mímir hlaut viðbótarstyrk frá ráðuneytinu sem veittur var í fjárlagafrumvarpi 2016, alls 31,4 milljónir króna. Þetta viðbótarfjármagn reyndist Mími mjög mikilvægt. Fyrir tilstilli viðbótarstyrksins tókst með herkjum að færa reksturinn á milli ára úr umtalsverðum taprekstri í óverulegan hagnað. Hagnaður ársins hjá félaginu nam 240 þúsundum króna árið 2016 samanborið við tap að fjárhæð 9,1 milljón króna árið 2015 en tap á árunum 2011 til 2013 var um 43,5 milljónir.

Til að varpa enn betra ljósi á þann rekstrarvanda sem Mímir stendur frammi fyrir má benda á að þrátt fyrir viðbótina hefur Mími ekki tekist að halda í við þá launaþróun sem átt hefur sér stað í samfélaginu og á viðkomandi starfsvettvangi. Þá hefur Mímir ekki sökum fjárskorts náð að fylgja tæknivæðingu nútímans, hvað varðar nauðsynleg gæði og fjölbreytni í námi og kennslu, sem aftur hefur áhrif á hvata markhópsins til að hefja nám að nýju.

Vertu meira!

Þrátt fyrir þrönga fjárhagslega stöðu Mímis ríkir þar bjartsýni til að sækja fram. Samstarf við atvinnulífið skipar til dæmis sífellt stærri sess í starfsemi, hvort sem um ræðir faglega ráðgjöf til fyrirtækja, þróun og framkvæmd fræðsluáætlananna eða aðstoð við að greina fræðsluþarfir starfsfólks í samhengi við stefnu vinnustaðarins. Í lok árs hófst hjá Mími vinna við að uppfæra

kennsluaðferðir til samræmis við nýjustu tækni í kennslufræðum. Nú er almennt viðurkennt að nám geti farið fram án þess að vera endilega bundið tíma og rúmi. Fólk á öllum aldri nýtir sér í auknum mæli tæknilegar aðferðir til þekkingaröflunar og er Mímir að marka sér stefnu í þessum efnum og hefur alla burði til að vera leiðandi afl hvað nám og kennslu fullorðinna varðar.

Við viljum byggja á þeim trausta grunni sem Mímir stendur á en jafnframt fara enn lengra, verða miklu sýnilegri og þróast í takt við nýja tíma. Mímir getur brugðist fljótt og vel við þörfum og aðstæðum í samfélaginu hverju sinni og meðal starfsfólks er fjölbreytt sérfræðipekking og metnaður til gæðastarfs fyrir hendi. Margir tengja Mími við tungumálanámskeið eða brú yfir í háskólanám en Mímir er svo miklu meira. Vörumerkið Mímir þarf að endurspegla starfsemina í heild og fyrstu skrefin í slíkri ímyndarvinnu hafa þegar verið tekin. Nýtt leiðarljós Mímis varð til en það er lýsandi fyrir þann ferskleika og kraft sem í starfseminni er og verður í framtíðinni. Við viljum að nemandi sem leitar til Mímis verði meira – verði meiri og öflugri útgáfa af sjálfum sér. Þess vegna hefur Mímir valið sér slagorðið: „Mímir – Vertu meira!“

Ný vegferð

Í lok árs 2016 var hafin langþráð vinna við að undirbúa innleiðingu á tækni í kennslu á vegum Mímis. Netþjónar voru styrktir þannig að hægt verði að bjóða nemendum gæða netsamband fyrir fleiri en eitt tæki. Unnið hefur verið að því að efla þann tölvukost sem nemendur og kennarar hjá Mími nýta á námskeiðum. Keyptir hafa verið 18 iPadar og leitað er leiða til að gera enn betur. Í byrjun árs 2016 var nýtt bókhaldskerfi tekið í notkun. Því miður stóð það ekki undir væntingum þegar á reyndi og var því í lok ársins ákveðið að innleiða annað bókhaldskerfi sem komst til notkunar í byrjun árs 2017. Þá er unnið að gerð umhverfisstefnu hjá Mími sem gert er ráð fyrir að komist til framkvæmda á árinu eða byrjun þess næsta.

Mímir kappkostar að bjóða nemendum, leiðbeinendum og samstarfsaðilum faglega og skilvirka þjónustu. Þótt ávallt megi gera betur eru margar vísbendingar um að starfsemin sé á réttri leið. Starfsemi Mímis þarf ávallt að taka mið af samþykkttri og yfirlýstri áætlun yfirvalda um að hækka menntunarsstig þjóðarinnar og lækka hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið formlegu námi eftir grunnskóla úr um 30% niður í 10% fyrir árið 2020. Hjá Mími er fyrir hendi bæði fullur vilji og geta til að leggja sitt af mörkum svo að það megi verða. Ég vil þakka stjórn, starfsfólki, leiðbeinendum og samstarfsaðilum fyrir gott starf í þágu Mímis og nemenda þess, sem og fyrir sýndan vilja til að taka þátt í þeirri vegferð sem nú þegar er hafin við að efla starfsemina enn frekar með gildi Mímis að leiðarljósi í öllu starfi: Samvinnu, fagmennsku og fram-sækni.

Skýrsla sú sem hér er birt tekur til starfsemi og reksturs Mímis árið 2016. Leitast er við að skýra starfið í máli og myndum ásamt því að leggja fram tölu-
legar upplýsingar þar sem við á.




Mannauður

Í stjórn Mímis sitja fimm aðalmenn og þrír varamenn. Stjórnina skipa Sigurrós Kristinsdóttir formaður, Stefán Sveinbjörnsson varaformaður, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir meðstjórnandi, Linda Baldursdóttir meðstjórnandi og Stefán Sveinsson meðstjórnandi. Varamenn eru Ragnar Ólason, Hilmar Harðarson og Ingibjörg Ósk Birgisdóttir. Stjórn er tilnefnd af miðstjórn ASÍ og kjörin á hlut-
hafafundum félagsins sem haldnir eru árlega í maí. Stjórnin starfar samkvæmt
lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994. Stjórnarfundir eru einu sinni í mán-
uði. Framkvæmdastjóri er Sólveig Hildur Björnsdóttir og stýrir hún daglegum
rekstri.

Mannauður Mímis samanstendur af öflugum starfsmönnum og leiðbein-
endum sem skila því faglega starfi sem unnið er hjá Mími. Starfsmannavelta
jókst milli árana 2015–2016 því árið 2016 var tími umtalsverðra breytinga í
starfsmannahópnum. Stöðugildi Mímis voru í janúar rúmlega 21 talsins en í
desember tæp 19. Fækkun tveggja stöðugilda má fyrst og fremst rekja til hag-
ræðingar til að mæta erfiðleikum í rekstri. Að auki létu fjórir starfmenn af
störfum, þar á meðal Hulda Ólafsdóttir framkvæmdastjóri. Sólveig Hildur
Björnsdóttir tók við sem framkvæmdastjóri í september 2016 auk þess sem
ráðinn var inn nýr verkefnastjóri. Meðaltal stöðugilda árið 2016 var 20.

Mímir er með öflugt tengslanet við kennara og aðra sérfræðinga á vinnu-
markaði og voru um 125 manns í verktöku hjá fyrirtækinu árið 2016.



Gæðastjórnun

Frá upphafi hefur mikil áhersla verið lögð á gæði í öllu starfi Mímis og er árið 2017 þar engin undantekning. Fyrirtækið hefur hlotið vottun á fræðslustarfseminni og einnig verið veitt evrópska gæðamerkið EQM frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og BSI á Íslandi. Unnið er að uppfærslu á gæðamálum og sækja um gæðavottun á ný. Gæðateymi vinnur að fleiri vinnureglum og leggur áherslu á að kynna þær fyrir starfsfólki. Rafræn könnun hefur verið sett á laggirnar en hún á fyrst og fremst að greina viðhorf nemenda til námsins. Þá var skjalakerfið styrkt árið 2016 þegar tekin var í notkun nýjasta útgáfan af Sharepoint og Office 365. Gerður var samningur við Þekkingu um þjónustu vegna Office 365 en um leið lauk samstarfi við Advania um kerfisleigu.

Kynningar- og markaðsmál

Í framhaldi af stefnumótun í lok árs 2016 var ákveðið að setja meira vægi á kynningar- og markaðsmál. Áhersla hefur verið lögð á að nýta samfélagsmiðla meira en verið hafði og gera þarfagreiningu á vef Mímis. Vonast er til að ný vefsíða líti dagsins ljós fyrir áramótin 2017/2018 sem tengd verði við nýtt nemendabókhaldskerfi, kennslukerfi, sem og greiðslukerfi. Á árinu voru gefnir út bæklingar um tungumálanám og nám í íslensku fyrir útlendinga. Bæklingunum var meðal annars dreift í þjónustumiðstöðvar, sundlaugar og á kaffihús. Jafnframt voru gerðir kynningarbæklingar um nám og námsleiðir. Á vefsíðu Mímis er námsframboð sérhverrar annar kynnt. Þá eru námskeið kynnt

á Facebook síðu Mímis, sem og birtar fréttir af starfinu. Einnig eru send vef-fréttabréf til markhópa með vísan í vefsíðu Mímis. Birtar eru auglýsingar og greinar í fréttablöðum Eflingar, dagblöðum og á strætóskýlum og haldin eru opin hús hjá Mími til að kynna námsframboð. Þá tekur Mímir þátt í þeim við-burðum sem þykja henta til að nálgast markhóp sinn hverju sinni.

Fræðsla


Áfram var unnið eftir meginmarkmiðum Mímis-símenntunar um að skapa tækifæri til náms fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Þá miðaði starfið jafnframt að því að bjóða upp á fjölbreytta kennslu í íslensku sem öðru máli, sem og á tungumálanámskeiðum. Sem fyrr tók skipulag námsins mið af þörfum einstaklinga og atvinnulífsins hverju sinni.

Áhersla var lögð á að efla færni fólks og styrkja, sem og að bæta stöðu fólks á vinnumarkaði og til náms. Þá var grunnur lagður að auknu samstarfi við atvinnulífið um þróun fjölbreyttra námstilboða.

Unnið var að því að bæta námsumhverfi hjá Mími og innleiða tækni í kennslu.

Heildarfjöldi nemendastunda dróst saman á milli ára og má helst rekja samdráttinn til færri nemenda frá Vinnumálastofnun úr sextán hópum 2015 í fjóra 2016. Mikil ásókn var í starfstengd íslenskunámskeið en fjöldi þeirra námskeiða sem haldinn var fór fram úr því fjármagni sem hlaust frá ráðuneyti. Fjöldi viðtala í náms- og starfsráðgjöf var svipaður frá árinu á undan. Nemendum á íslenskunámskeiðum stóð í fyrsta skipti til boða að sækja ráðgjöf hjá náms- og starfsráðgjafa og hlaut það jákvæðar undirtektir. Þá var boðið upp á tvær nýjar leiðir í raunfærnimati.

Nemendastundir árið 2016



Námsbrautir

Almennar námsbrautir

Grunnmenntaskóli 300 kennslustundir

Grunnmenntaskóli byggir upp almenna þekkingu og sjálfstraust sem er öllum nauðsynlegt veganesti, hvort heldur horft er til áframhaldandi náms eða hins daglega lífs. Þátttakendur læra meðal annars námstækni, íslensku, framsögu, stærðfræði, ensku, að nýta sér tölvur og að gera færnimöppu. Námsbrautin hefur vottun mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er styrkt af Fræðslusjóði. Þrjár námsbrautir voru haldnar á árinu.

Almennar bóklegar greinar 300 kennslustundir

Almennar bóklegar greinar (nám og þjálfun) er námsbraut fyrir þá nemendur sem hætt hafa námi í framhaldsskóla og vilja taka upp þráðinn að nýju. Auk námstækni eru kenndar lykilgreinarnar íslenska, enska, danska og stærðfræði. Nemendur fá þjálfun í að nota tölvutækni við upplýsingaleit og verkefnavinnu. Námsbrautin hefur vottun mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er styrkt af Fræðslusjóði. Tvær námsbrautir voru haldnar á árinu.

Menntastoðir 660 kennslustundir

Námsbrautin veitir þeim sem ná tilskildum árangri greiðan aðgang að undirbúningsdeildum háskóla og eru nemendur þar með komnir í láns hæft nám. Helstu námsgreinar eru, auk námstækni og sjálfstyrkingar, íslenska, enska, danska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingatækni og lokaverkefni. Nemendum stendur til boða að ljúka Menntastoðum á einni önn eða í dreifnámi á tveimur önnum. Námsbrautin hefur vottun mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er styrkt af Fræðslusjóði. Níu námsbrautir voru haldnar á árinu.

Til heilsu og starfa 80 kennslustundir (tilraunakennsla)

Námsbrautin er fyrir þá sem ekki hafa getað nýtt sér endurhæfingu vegna skorts á íslenskukunnáttu þar sem oft er um sérhæfðan orðaforða að ræða. Námsbrautin er hluti af þróunarverkefni sem snýr að því að gera þarfagreiningu og hanna í kjölfarið námsbraut í íslensku sem nýtist þeim hópi fólks af erlendum uppruna sem þarf á endurhæfingu að halda hjá Reykjalundi eða VIRK - endurhæfingu. Námsbrautin er styrkt af Fræðslusjóði. Einn hópur tók þátt í námsbrautinni.

Starfsleitarnámskeið 16 kennslustundir

Mímír skipuleggur og heldur starfsleitarnámskeið fyrir skjólstæðinga Vinnu-málastofnunar. Námskeiðið miðar að því að tryggja atvinnuleitendum ákveðna grunnþekkingu á undirstöðuatriðum atvinnuleitar. Leitast er við að efla sjálfs-

traust þátttakenda, sem og veita þá hvatningu og aðhald sem þarf til að virkja þá til atvinnuleitar. Fjórir pólskumælandi hópar sóttu nám í starfsleit á árinu.

Landnemaskólinn – Íslenska og samfélagið 120 kennslustundir

Landnemaskólinn er vottuð námsbraut Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Í námsbrautinni er leitast við að flétta saman íslenskukennslu og samfélagsfræðslu með fjölbreyttum hætti. Farið er í vettvangsferðir og þátttakendur vinna blað saman með myndum og textum úr ferðum og íslenskunáminu. Ferilskrargerð, sjálfsstyrking og tölvuþjálfun eru einnig hluti af náminu. Námsbrautin hefur vottun mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er styrkt af Fræðslusjóði. Tveir hópar luku landnemaskólanum á árinu.

Að lesa og skrifa á íslensku 120 kennslustundir

Námsbraut Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem ætluð er fólki af erlendum uppruna sem þarf þjálfun við að lesa og skrifa á íslensku en um er að ræða fólk sem glímur við ólæsi eða hefur ekki náð tókum á latneska letrinu. Námsgreinar eru lestur, skrift, tölvuþjálfun og sjálfsstyrking. Námsbrautin hefur vottun mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er styrkt af Fræðslusjóði. Tveir hópar luku námsbrautinni á árinu.

Starfslokanámskeið 16 kennslustundir

Fjögur starfslokanámskeið voru haldin fyrir félagsmenn Eflingar stéttarfélags á árinu. Á námskeiðunum er fjallað um lífeyristryggingar, réttindi félagsmanna Eflingar, heilsu, hreyfingu og næringu, réttindi vegna heilbrigðisþjónustu, búsetumál, frístundir og starfslok.

Starfstengdar námsbrautir

Hljóðsmiðja I 120 kennslustundir

Megináhersla námsbrautarinnar er að þátttakendur öðlist innsýn í helstu verkferla er snúa að hljóðvinnslu. Námsmenn taka virkan þátt í upptöku, klippingu og hljóðblöndun tónlistar og leikins efnis á námskeiðinu en sú reynsla nýtist þeim í að bæta við sig frekari þekkingu, leikni og hæfni. Námsbrautin hefur vottun mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er styrkt af Fræðslusjóði. Ein námsbraut fór fram á árinu.

Þjónusta við ferðamenn – Færni í ferðaþjónustu I & II 160 kennslustundir

Ferðaþjónusta er orðin ein undirstöðugreina í íslensku atvinnulífi og er almenn þekking og þjónustulund mikilvæg meðal allra þeirra sem vinna við greinina. Meðal námsgreina í námsbrautinni eru samfélags- og staðarþekking, umhverfismál og ferðaþjónusta, skyndihjálp og öryggismál, upplýsingaleit og -gjöf.

Enskukennsla er samþætt öðrum námsgreinum. Nemendur vinna lokaverkefni sem þeir kynna í námskeiðslok. Námsbrautin hefur vottun mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er styrkt af Fræðslusjóði. Ein námsbraut fór fram á árinu.

Færni í ferðapjónustu II 100 kennslustundir + 60 kennslustundir í íslensku fyrir útlendinga

Námskeiðinu er ætlað að efla færni þátttakenda í að sinna fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á ýmsum sviðum ferðapjónustu. Miðað er að því að þeim aukist sjálfstraust og geta til að sinna verkefnum, sem og að þeir auki við þekkingu sína á sviði ferðapjónustu. Námskeiðið samanstóð af vottaðri námskrá, 60 kennslustundum í íslensku og 40 kennslustundum í starfsþjálfun, m.a. á bílaleigu, í hótelmóttöku, við þrif og eldhússtörf á hóteli. Námsbrautin hefur vottun mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er styrkt af Fræðslusjóði. Ein námsbraut var haldin á árinu fyrir Vinnumálastofnun.

Færni í ferðapjónustu II 100 kennslustundir

Námskeiðinu er ætlað að efla færni starfsmanna í að sinna fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á ýmsum sviðum ferðapjónustu. Miðað er að því að þeim aukist sjálfstraust og geta til að sinna þeim verkefnum sem starfið krefst og að þeir hafi dýpkað þekkingu sína á sérhæfðu starfssviði. Námsbrautin hefur vottun mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er styrkt af Fræðslusjóði. Ein námsbraut var haldin á árinu.

Starfsnám á samgangna-, umhverfis- og framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar 200 kennslustundir

Námið felst í námstækni, greinum sem snúa að samskiptum manna á milli, líkamsbeitingu, slysavörnum og öryggismálum, auk faglegrar þekkingar sem gagnast við störf þátttakenda. Námsbrautin hefur vottun mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er styrkt af Fræðslusjóði. Náminu var skipt í þrennt og voru annar og þriðji hluti kenndir á árinu.

Skrifstofuskólinn 240 kennslustundir

Skrifstofuskólinn er samstarfsverkefni Nýja tölvu- og viðskiptaskólans (NTV) og Mímis-símenntunar. Um er að ræða mjög vinsælt og hagnýtt nám þar sem þátttakendur fá þjálfun í almennum skrifstofustörfum. Námsaðferðir byggjast á hagnýtum viðfangsefnum og er kennt samkvæmt nýlega endurskoðaðri námskrá. Námsbrautin hefur vottun mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er styrkt af Fræðslusjóði. Sex námsbrautir voru haldnar á árinu.

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám 410 kennslustundir

Námsbrautin er haldin í samstarfi við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann (NTV) og hentar þeim sem hafa áhuga á að vinna við sölu-, rekstrar- og markaðsmál og þeim sem vilja stofna til eigin reksturs. Markmiðið er að þátttakendur öðlist þá innsýn og færni í viðskipta-, markaðs- og sölumálum sem þarf til að undirbúa eigin rekstur eða til að starfa sem sölu- og markaðsfulltrúi stærri fyrirtækja. Námsbrautin hefur vottun mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er styrkt af Fræðslusjóði. Fjórar námsbrautir voru haldnar á árinu.

Grunnámsskeið fyrir fiskvinnslufólk 72 kennslustundir

Námskráin er ætluð þeim sem starfa við verkun og vinnslu sjávarafla, þ.e. við flakavinnslu, frystingu, söltun, skreiðarverkun, rækju- og skelvinnslu. Markmið námsins er að auka þekkingu nemenda á vinnslu sjávarafla og meðferð aflans allt frá veiðum og að borði neytandans ásamt því að styrkja faglega hæfni námsmanna. Námsbrautin hefur vottun mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er styrkt af Fræðslusjóði. Ein námsbraut var haldin á árinu.

Fagnámsskeið I og II fyrir starfsmenn leikskóla Samtals 200 kennslustundir

Fagnámsskeið I og II er nám í grunnatriðum leikskólastarfs fyrir starfsfólk leikskóla. Að námi loknu sækja margir um áframhald í leikskólalabrá. Námsbrautin hefur vottun mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er styrkt af Fræðslusjóði. Tvær 100 kennslustunda námsbrautir voru haldnar á árinu.

Fagnámsskeið I og II í aðhlyningu og umönnun Samtals 198 kennslustundir

Námið er grunnnám fyrir starfsfólk við umönnun og aðhlyningu en að því loknu halda margir áfram og ljúka námi af félagsliðabrá. Námsbrautin hefur vottun mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er styrkt af Fræðslusjóði. Fjórar námsbrautir voru haldnar á árinu.

Leikskólalabrá - Fjórar annir

Leikskólalabrá er tveggja ára nám á framhaldsskólastigi samhliða starfi og veitir starfsheitið leikskólaliði. Námsbrautin hefur vottun mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er styrkt af Fræðslusjóði. Tveir hópar stunduðu nám á leikskólalabrá á árinu.

Félagsliðabrá - Fjórar annir

Félagsliðabrá er fjögurra anna nám á framhaldsskólastigi samhliða starfi og veitir starfsheitið félagsliði. Námsbrautin hefur vottun mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er styrkt af Fræðslusjóði. Fjórir hópar stunduðu nám á félagsliðabrá á vor- og haustönn.

Framhaldsnámskeið fyrir félagsliða 56 kennslustundir

Framhaldsnámskeið um heilabilun var haldið á haustönn í samvinnu við Eflingu stéttarfélag. Námið er sérhannað fyrir félagsliða. Námsbrautin hefur vottun mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er styrkt af Fræðslusjóði. Ein námsbraut fór fram á árinu.

Þjónusta og upplýsingaveita 60 kennslustundir (tilraunakennsla)

Starfsfólk í móttöku og upplýsingaveitu er andlit síns fyrirtækis og gjarnan fyrstu tengsl við viðskiptavini. Mikilvægt er að hafa þekkingu og færni til að mæta fjölbreyttum hópi viðskiptavina og er náminu ætlað að efla þá færni, meðal annars með því að kenna og þjálfa aðferðir til að veita góða þjónustu. Námsbrautin hefur vottun mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er styrkt af Fræðslusjóði. Einn hópur tók þátt í tilraunakennslunni.

Vinna með börnum - Grunnám fyrir skólaliða 70 kennslustundir + 60 kennslustundir í íslensku

Þessi námsbraut er ætluð þeim sem hafa hug á að starfa sem skólaliðar í grunnskólum eða sem starfsmenn á leikskólum. Námsleiðin hefur verið þróuð hjá Mími-símenntun til að henta sem best atvinnuleitendum af erlendum uppruna. Í þessari útfærslu er 60 kennslustundum í íslensku sem öðru máli bætt við námið og nemendurnir ljúka því með fjögurra vikna starfsþjálfun í leikskólum. Í íslenskuhluta námsins þjálfa nemendur bæði almennan og starfstengdan orðaforða auk þess að vinna sérstök samskiptaverkefni á vinnustöðum. Íslenskukennarinn vinnur einnig með fagkennurum námsbrautarinnar við að aðlaga námsefni svo það henti erlendum nemendum sem eru að læra íslensku. Hann aðstoðar auk þess nemendur við að skilja betur helstu lykilhugtök í fag-tengdum greinum. Námsbrautin hefur vottun mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er styrkt af Fræðslusjóði. Tvær námsbrautir voru haldnar á árinu.

Íslenska sem annað mál

Almenn námskeið

Íslenskunámskeiðin voru vel sótt. Á árinu 2016 voru alls haldin 107 námskeið í íslensku sem öðru máli. Kennt var á þremur stöðum, þ.e. í Höfðabakka, í húsnæði Mímis á Öldugötu og í Gerðubergi í Breiðholti. Flest íslenskunámskeið hjá Mími-símenntun eru 60 kennslustundir en einnig voru haldin 20 og 30 stunda námskeið í talþjálfun. Boðið er upp á fimm stig í almennri íslensku, bæði morgun- og kvöldnámskeið. Kennsla og námsefni taka mið af námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins og lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluáferðir, fjölmenningarlega kennsluhætti og hagnýtt daglegt mál. Fyrir byrjendur er boðið upp á kennslu þar sem kennarinn styðst við móðurmál

nemenda á sjö mismunandi tungumálum. Áður en námskeið hefjast býðst þátttakendum að taka stöðumat svo hægt sé að meta hvaða stig hentar þeim best og við lok námskeiðs fá þeir ráðleggingar um næstu skref í íslenskunáminu.

Þá geta umsækjendur um búsetuleyfi þreytt íslenskupróf vegna umsóknar sinnar, auk þess sem erlendir hjúkrunarfræðingar þreyta íslenskupróf hjá Mími sem hluta af umsókn um að hljóta íslenskt hjúkrunarleyfi.

Á árinu hófst samstarf Mímis við velferðarsvið Reykjavíkurborgar um að bjóða hælisleitendum sem þiggja þjónustu hjá Reykjavíkurborg að sækja eitt íslensku- eða enskunámskeið á önn hjá Mími á meðan þeir bíða eftir svári við hælisumsókn sinni. Töluverður hluti hælisleitenda hefur nýtt sér þetta sem er jákvætt í ljósi þess að virkni í daglegu lífi styrkir andlega heilsu fólks sem býr við óvissu og aðgerðarleysi.

Starfstengd íslenskunámskeið á vinnustöðum

Starfstengdum íslenskunámskeiðum sem haldin eru að beiðni fyrirtækja hélt áfram að fjölga á árinu. Svo virðist sem vinnumarkaðurinn sé að taka við sér aftur og bjóða upp á íslenskunámskeið fyrir erlent starfsfólk sitt. Hjá Mími-símenntun hefur verið unnið að fjölmörgum þróunarverkefnum, innlendum sem erlendum, sem tengjast tungumálakennslu innflytjenda og tengslum við vinnustaði. Sú vinna hefur skilað markvissari og árangursríkari íslenskunámskeiðum í fyrirtækjum.

Annað nám

Tungumálanámskeið

Haldin voru 43 tungumálanámskeið í þrettán tungumálum og var nokkuð um einkatíma í ýmsum tungumálum. Enskunámskeiðin voru vinsælustu námskeiðin á árinu en þar á eftir fylgja spænska og þýska. Nemendur eru jafnt Íslendingar og fólk af erlendum uppruna, meðal annars hælisleitendur sem sækja þau í auknum mæli. Tungumálanámskeiðum fer þó fækkandi milli ára. Nemendur á tungumálanámskeiðum voru alls 327.

Fjölmennt

Mímir-símenntun og Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð um námskeiðahald fyrir fatlað fólk, eiga með sér samstarf um námskeið. Markmiðið með þessu samstarfi er að veita fólki með fötlun tækifæri til að sækja námskeið hjá Mími og þar með stuðla að því að fólk með fötlun njóti símenntunar á sama stað og hjá sömu fræðsluaðilum og ófatlaðir. Á árinu voru haldin 19 námskeið af ýmsum toga og voru nemendur 107 talsins.

Ráðgjöf og stöðumat

Náms- og starfsráðgjöf

Fyrstu sex mánuði ársins voru tveir náms- og starfsráðgjafar í fullu starfi hjá Mími en það sem eftir lifði árs voru stöðugildin tæplega þrjú. Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa voru ráðgjöf til einstaklinga og hópa, kennsla í námsleiðum og raunfærnimat. Mímir er með þjónustusamning við Fræðslusjóð til að geta sinnt þessari þjónustu og tekur umfang þjónustunnar mið af þeim samningi. Allir starfsmenn Mímis eru samstarfsaðilar ráðgjafa og beina fólki sem þess þarf í ráðgjöf ásamt því að leita ráða sjálfir um hin ýmsu málefni. Fjöldi viðtala var 1.322 á árinu, bæði einstaklings- og hópráðgjafarviðtöl. Fjöldi einstaklinga í ráðgjöf var 696, 38,4% karlar og 61,6% konur, og var meðalaldur þeirra 33 ár.

Ráðgjafarnir komu í auknum mæli að kennslu í hinum ýmsu námsleiðum Mímis. Þá voru þróunarverkefni tengd ráðgjöf fyrirferðarmikill þáttur í starfi þeirra á árinu. Má þar nefna verkefni FAST TRACK og GOAL sem lýst er í kaflanum um þróunarverkefni.


Um haustið var tekin upp sú nýlunda að ráðgjafar kynntu ráðgjöf sína fyrir nemendum á íslenskunámskeiðum Mímis en ráðgjöfin hafði áður takmarkast við nemendur í vottuðum námsleiðum framhaldsfræðslunnar. Fjölmarginir nýttu sér þjónustu ráðgjafanna í kjölfarið og fjölgaði þar með fólki af erlendum upp- runa sem nýtti sér ráðgjöf hjá Mími.

Jafnframt var aukin áhersla lögð á þjónustu við nemendur Mímis í námsleiðum sem framkvæmdar eru í samtarfi við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann (NTV) og fjölgaði viðtölum þar milli ára.

Náms- og starfsráðgjafar koma að alls kyns ráðgjöf, hvort sem er við nemendur Mímis eða aðra sem eru að velta fyrir sér námi eða störfum. Sem dæmi um ráðgjöf má nefna:

- Náms- og starfsferilsþróun
- Námsstækni og vinnubrögð
- Aðstoð við val á námi og námskeiðum
- Áhugasviðsgreining
- Starfsleit, ferilskrángerð, starfsumsóknir
- Kynningar- og umsóknarbréf
- Sjálfsskoðun og sjálfsefling
- Raunfærnimat
- Kvíði og hindranir í námi og starfsleit

Fjöldi viðtala í náms- og starfsráðgjöf milli ára



Raunfærnimat

Ljóst er að raunfærnimat er mjög góð leið til að staðsetja sig inn í formlega skólakerfið þar sem einstaklingar njóta styrks af starfsreynslu sinni og fá raunfærni sína metna. Ávinningurinn skilar sér bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið. Mímir hefur aðgang að framúrskarandi matsaðilum í öllum greinum raunfærnimats sem fram fer hjá Mími. Ekki varð mikil breyting hjá Mími milli ára hvað raunfærnimat snertir að því undanskildu að boðið var upp á tvær nýjar leiðir. Viðskiptavinum Mímis stóðu fimm leiðir í raunfærnimati til boða:

Nýtt! Raunfærnimat í almennri starfshæfni og grunnleikni var unnið í samstarfi við Vinnumálastofnun sem bauð sínu fólki að taka þátt. Alls luku fjórtán þátttakendur ferlinu.

Nýtt! Raunfærnimat fyrir þá sem starfað hafa í verslun og þjónustu en þar er metið á móti viðmiðum námskrár fyrir verslunarfulltrúa sem gefin var út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Tólf luku við raunfærnimatið.

Raunfærnimat gagnvart viðmiðum áfanga á Þjónustubrautum Borgarholtskóla. Metið var á móti áföngum á leikskólaliðabraut, félagsliðabraut og félags- og tólmundabraut. Samtals voru þátttakendur fimmtán.

Raunfærnimat gagnvart viðmiðum Skrifstofubrautar I í Menntaskólanum í Kópavogi fyrir þá sem hafa reynslu af skrifstofustörfum. Fjórir luku við matið.

Raunfærnimat í almennum bóklegum greinum (íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði) á hæfniprepi 1 og 2. Ellefu luku raunfærnimatsferlinu.

Einnig komu ráðgjafar Mímis að ráðgjafarhluta raunfærnimats í viðburðalýsingu sem Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins stýrði.

Þá verður haldið áfram að vinna að raunfærnimati á árinu 2017 samkvæmt samningi við Fræðslusjóð árið 2016 sem ekki tókst að ljúka á árinu.

Próf í íslensku fyrir íslenskan ríkisborgararétt

Mímir hóf samstarf við Menntamálastofnun um framkvæmd prófa í íslensku fyrir íslenskan ríkisborgararétt á höfuðborgarsvæðinu. Prófin fóru fram í húsakynnum Mímis í Höfðabakka en Menntamálastofnun sá um gerð prófanna og yfirferð þeirra.

Þróunarverkefni

Sjósókn - Tækifæri og áskoranir í íslenskum sjávarútvegi

Markmiðið er að efla símenntun á meðal sjómanna, meðal annars með raunfærnimati og aðlögun Menntastofna að sjómönnum í starfi. Námsefni var próað fyrir nám óháð nettengingu. Einnig var námsleiðin Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk endurskoðuð með sama markmiði. Verkefninu er stýrt af SÍMEY en Mímir er samstarfsaðili og ber ábyrgð á hluta verksins. Styrkt af Þróunarsjóði.

Raunfærnimat í öryggisfræðum í affreyingarferðþjónustu

Verkefnið snýr að gerð gátlista, skimunarlista og verkfæra til raunfærnimats á Björgunarmaður I sem kennt er af Björgunarskóla Slysavarnarfélagsins Landsbjargar. Matsaðilar koma úr röðum leiðbeinenda í Björgunarskóla Landsbjargar og sækja þeir námskeið Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í raunfærnimati. Að lokinni þeirri þjálfun verður raunfærnimatið framkvæmt með hópi einstaklinga sem uppfylla skilyrði um þátttöku. Styrkt af Þróunarsjóði.

Rafrænt stöðumat í íslensku

Þróun rafræns stöðumats í íslensku sem byggt er á stöðumati Mímis. Hægt verður að nota efnið til að meta inn á stig, milli skóla og til að meta umsækjendur inn á námsleiðir. Styrkt af Þróunarsjóði í samvinnu við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.

Þróun fjarnáms í íslensku sem öðru máli

Verkefnið snýst um að þróa og tilraunakenna fjarnámsnámskeið í íslensku sem öðru máli á stigi 4–5 sem staði öllum til boða endurgjaldslaut. Styrkt af Þróunarsjóði.

Íslenska og starfsþjálfun

Að þróa 60 stunda viðbótarnám við námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og 4–12 vikna starfsþjálfun þar sem stuðningur við bæði nemendur og vinnustaði er hluti af þjálfuninni. Styrkt af Þróunarsjóði.

Til heilsu og starfa

Samstarf við VIRK og Reykjalund. Þarfagreining og námskeið fyrir fólk sem þarf að komast í endurhæfingu og skortir íslenskukunnáttu til að nýta sér meðferðina. Þróun matstækis á árangri. Styrkt af Þróunarsjóði innflytjendamála hjá Reykjavíkurborg.

Starfslokanámskeið fyrir Pólverja - á pólsku

Starfslokanámskeið var lagað að þörfum pólskumælandi félagsmanna Eflingar og námsefni þýtt á pólsku. Styrkt af Eflingu stéttarfélagi.

Framhaldsnám fyrir alm. starfsmenn í umönnun (Fagnámskeið 3)

Samstarfsverkefni Mímis, Eflingar, dvalarheimilanna Grundar og Hrafnistu. Núverandi námskrár taka ekki á ýmsum þáttum sem eru til komnir vegna breytinga í samfélaginu. Markmiðið var að bæta úr því. Styrkt af Eflingu stéttarfélagi.

GOAL Guidance and Orientation for Adult Learners

Fimm landa samstarfsverkefni, sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stýrir af hálfu Íslands. Þróaðar verða leiðir fyrir heildstæða þjónustu ráðgjafar sem beinist að þeim hópum samfélagsins sem sækja síður í nám. Þróunin mun byggja á þeirri þjónustu sem er til staðar í löndunum, en áhersla lögð á aukinn árangur með auknu samstarfi. Skilgreindar verða árangursríkar leiðir til að virkja markhópin til náms, þar á meðal úrræði sem nýta má á vettvangi, fyrirkomulag samstarfs hagsmunaaðila og ábendingar fyrir áframhaldandi stefnumótun fyrir málaflokkinn. Styrkt af Erasmus KeyAction 3.

Fast Track

Verkefnið nær til tveggja ára (2015–2017) og markmið þess er að flýta aðlögun innflytjenda á vinnumarkaði. Mímir er, ásamt fulltrúum fjögurra annarra Evrópulanda, að þróa netkönnun sem ætlað er að skera úr um hæfni fólks á þremur starfssviðum. Ætlunin er að tækið geti nýst þegar kanna þarf þekkingu en skírteini eða vottorð um slíkt skortir. Um er að ræða könnun þar sem ljósmyndir og tákn koma í stað orða. Fyrirséð er að könnunin geti nýst til að skera úr um áhugasvið og ákveða frekara nám í greininni eða starfsvettvang. Starfssviðin sem könnunin nær til eru umönnun aldraðra, aðstoð í eldhúsi og flísalagnir.

Ísland

Markmið með verkefninu er að efla fjölmenningsfærni kennara fullorðinna innflytjenda og sjálfboðaliða og sjá þeim fyrir tækni og nálgun við menntun

innflytjenda. Verkefnið er til þriggja ára og er stýrt af Mími. Styrkt af Erasmus+.

Bridging L2 and Working Life (BLAWL)

Með megináherslu verkefnisins er tekinn upp þráðurinn þar sem frá var horfið í CoachLang verkefni sama samstarfshóps (CoachLang, 2014–2015. Nordplus Voksen) við að skapa brú milli tungumálanáms og þeirra krafna sem vinnu- markaðurinn gerir. Þátttakendur í verkefninu deila reynslu sinni sem síðan er sett fram í leiðsagnarferli fyrir vinnuveitendur um hvernig styðja megi við framhald tungumálanámsins á vinnustaðnum. Auk þess verður þróað efni (leiðbeiningar) fyrir vinnuveitendur um hvernig þeir geti aðlagð nálgun sína og málnotkun í samskiptum við starfsfólk með takmarkaða tungumálakunnáttu. Styrkt af Nordplus Voksen.

Raunfærnimat á móti störfum í ferðapjónustu

Verkefnið hverfist um gerð gátlista, skimunarlista og verkfæra til raunfærnimats gagnvart störfum í ferðapjónustu. Stuðst verður við gæðaviðmið og námskeiðslýsingar Vakans ásamt starfaprófilum sem unnir voru af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Starfaprófilarnir lágu til grundvallar námskránni Nám í ferðapjónustu – gististaðir og veitingastaðir. Ætlunin er að raunfærnimatið miðist við námslýsingar Vakans og þessarar námskrár. Námskráin tekur til almenns starfsfólks í eldhúsi, móttöku, veitingasal og við þrif og þvotta á gisti- og veitingastöðum sem svarar til eftirfarandi námskeiðslýsinga Vakans: Þjónusta og móttaka gesta, þjónað til borðs/framreiðsla, meðhöndlun matvæla, mikilvægi hreinlætis og þrif og frágangur. Verkefnið snýr að raunfærnimati þar sem gæðaviðmiðum Vakans og námskránni Nám í ferðapjónustu – gististaðir og veitingastaðir verður fylgt.

Námsferðir

Að auki var farið með nemendahóp í námsferð til Finnlands og var hún styrkt af Nordplus Voksen. Þá fóru starfsmenn Mímis í námsferð til Glasgow þar sem Bridges Programmes var gestgjafi en fyrirtækið hefur náð góðum árangri í stuðningi við aðlögun innflytjenda að vinnu- markaðinum. Ferðin var kostuð af Erasmus+.

Fjármál og rekstur

Viðsnúningur varð á rekstri Mímis frá árinu áður. Rekstrarniðurstaða ársins 2016 var jákvæð um 240 þúsund krónur en félagið var rekið með níu milljóna króna halla árið 2015. Þessi umskipti má fyrst og fremst rekja til viðbótarfjárveitingar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu (af fjárlagalið

02451-11.11, framhaldsfræðsla almennt) sem nam 31,4 milljónum króna. Að öllu óbreyttu og án þessa viðbótarframlags væri rekstur Mímis í járnnum.

Í kjölfar stefnumótunar- og greiningarvinnu sem fram fór á síðustu mánuðum ársins, þar sem tilgangurinn snerist um að innleiða stefnumiðaða stjórnun hjá Mími, hófst umfangsmikil endurskoðun á rekstrartengdum þáttum í starfseminni. Megináhersla var lögð á gerð nýrra verkferla, kostnaðargreiningar og áætlanagerð verkefna sem ætlað er að leiði til aukins gagnsæis og rekstrarvitundar meðal starfsfólks. Þá voru gerðar ýmsar ráðstafanir í takt við nýtt skipurit Mímis sem sneru að því að styrkja viðmót og þjónustu við viðskiptavini.


Í lok árs var hafin langþráð vinna við að undirbúa innleiðingu á tækni í kennslu á vegum Mímis. Netþjónar voru styrktir þannig að hægt verði að bjóða nemendum gæða netsamband fyrir fleiri en eitt tæki. Þá var unnið að gerð umhverfisstefnu hjá Mími sem gert er ráð fyrir að komist til framkvæmda á næsta ári.

Í byrjun árs var nýtt bókhaldskerfi tekið í notkun. Því miður stóð það ekki undir væntingum þegar á reyndi og var því í lok árs ákveðið að innleiða annað bókhaldskerfi sem kæmist til notkunar í byrjun næsta árs.


Heildarvelta Mímis 2016 jókst um tæplega 7% að raungildi frá árinu 2015.

Tekjur Mímis árið 2016 komu að stærstum hluta frá verkefnum sem fjármögnuð eru af Fræðslusjóði, eða yfir 60% heildartekna. Íslenskukennsla fyrir útlendinga nam 19% og rekstrarsamningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins 11%, önnur verkefni nema innan við 15% samtals.

Velta Mímis í þúsundum króna á verðlagi ársins 2016



Hlutfall tekna Mímis árið 2016



Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar var stofnaður samkvæmt ákvörðun miðstjórnar ASÍ 21. júlí 1983 og var skipulagsskrá sjóðsins staðfest af forseta Íslands og gefin út 11. desember 1984.

Stofnfé sjóðsins var kr. 1.000.000 en tekjur sjóðsins hafa einkum verið vaxtatekjur, auk þess sem eitthvað var um sölu minningarkorta á fyrstu árunum.

Auglýst var eftir umsóknum um fræðimannastyrki úr Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar vegna ársins 2017. Eftir að hafa fjallað um þær umsóknir sem bárust var það niðurstaða stjórnar sjóðsins að styrkja þrjár umsóknir. Ein fær fullan styrk en tvær til viðbótar skipti með sér öðrum:

Ragnheiður Pálsdóttir – styrkur að fjárhæð kr. 750.000 vegna verkefnisins „Ritun sögu Listasafns ASÍ í bókina Saga listasafna á Íslandi“.

Um er að ræða rannsókn og skrásetningu á sögu Listasafns ASÍ. Skoðaður verður aðdragandi og tilurð safnsins, tíðarandinn og hugsjónir Ragnars í Smára sem lagði til stofngjöfina í safnið. Þá verður fjallað um hlutverk og starfsemi safnsins, safnkostinn og uppbyggingu hans og sýningarsaga safnsins skoðuð. Leitast verður við að varpa ljósi á ríka sögu safnsins, verðmæti safnkostsins og hugmyndafræðina sem lá að baki í upphafi en Ragnar í Smára hafði miklar hugsjónir varðandi það að færa listina til almennings í landinu „til íslenzkra erfiðisvinnumanna“ eins og segir í stofnskrá.

Vilhelm Vilhelmsson – styrkur að fjárhæð kr. 500.000 vegna útgáfu á bókinni „Sjálftætt fólk: Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld“ sem byggð er á doktorsritgerð hans.

Í bókinni er fjallað um líf og kjör verkafólks til sveita á Íslandi á 19. öld fyrir tíma verkalýðshreyfingarinnar. Sér í lagi er fjallað um vistarbandið sem einn af grunnþáttum félagsgerðar íslensks samfélags á fyrri tíð. Horft er á valdaafstæður samfélagsins neðan frá með augum vinnuhjúa, flakkara og lausamanna og með atbeina þeirra að leiðarljósi. Einblínt er á þann núning sem óhjákvæmilega fylgdi vistarbandinu og öðrum höftum á atvinnu-, búsetu- og ferðafrelsi alþýðufólks.

Anna Sigurjónsdóttir – styrkur að fjárhæð kr. 250.000 vegna gagnaöflunar í tengslum við rannsóknarverkefnið „Hagsmunir ungs fólks og þekking þess á réttindum sínum og verkalýðshreyfingunni.“

Verkefnið felur í sér rannsókn á hagsmunum ungs launafólks, þekkingu þess á réttindum á vinnumarkaði og verkalýðshreyfingunni. Í rannsókninni verður notast við meginlega rannsóknaraðferð, þar sem dreift verður spurningalistum á nemendur í framhaldsskólum landsins í samstarfi við skólana. Greining og niðurstöður verða settar fram í fræðigreini.

ERLEND SAMSKIPTI

Alþýðusamband Íslands er virkur þátttakandi í alþjóðastarfi bæði á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar og alþjóðastofnana. Þátttaka ASÍ endurspeglar hvort tveggja, alþjóðlegan uppruna samtaka launafólks og vaxandi mikilvægi alþjóðastarfs fyrir verkalýðshreyfinguna og félagsmenn hennar.

Hnattvæðingunni, með auknum viðskiptum og samskiptum á öllum sviðum, fylgja ný úrlausnarefni, hættur en einnig tækifæri fyrir samtök launafólks. Aukið samstarf Evrópuríkja og þátttaka Íslands í EES með sameiginlegum vinnu-markaði Evrópuríkja og löggjöf og samstarf á fjölmörgum sviðum er mikilvægur þáttur í þessari þróun. Með þátttöku sinni á alþjóðavettvangi tekur ASÍ þátt í umræðu, stefnumótun og ákvarðanatöku á alþjóðavísu, nýtir þekkingu og reynslu úr alþjóðlegu starfi og árangur alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar fyrir íslenskt launafólk, leggur sitt af mörkum til að efla alþjóðlega samstöðu launafólks og styður uppbyggingarstarf og réttindabaráttu í þróunarríkjunum.

Norræna verkalýðssambandið - NFS

Starfið á vettvangi norrænu hreyfingarinnar var með hefðbundnu sniði á árinu, en stjórnin kemur saman tvisvar á ári og var síðasti fundurinn haldinn hér á landi í apríl sl. Forseti ASÍ tók sæti í framkvæmdastjórn NFS um síðustu áramót, en hún fundar a.m.k. ársfjórðungslega og oftast ef þurfa þykir. NFS hefur sjálfstætt umboð til að vinna að sameiginlegum málefnum aðildarsamtakanna í samskiptum við Norræna ráðherraráðið og Norðurlandáþingið ásamt embættismannanefndunum. Hefur Magnus Gissler, framkvæmdastjóri NFS, náð að byggja gott tengslanet upp við bæði framkvæmdastjóra ráðherranefndarinnar sem og einstaka nefndir. Helsta verkefni NFS hefur verið að þrýsta á um að Norðurlöndin fái sæti við svokallað G20 borð til þess að auka vægi velferðarmála á þeim vettvangi. Hafa formenn aðildarsamtakanna nú skrifað tvær greinar í norræn dagblöð með rökstuðningi sínum fyrir þessari kröfu, nú síðast í júlí í sumar. Eftirfarandi grein birtist í Fréttablaðinu:

Efnahagslegur ójöfnuður er vont mál

Við, talsmenn norrænu verkalýðshreyfingarinnar, skrifuðum í fyrra sumar grein sem birtist á síðum dagblaða á Norðurlöndum undir yfirskriftinni „Rödd Norðurlanda þarf að heyrast“. Áhuginn á norræna líkaninu er mikill á alþjóðlegum vettvangi. Umheimurinn gerir sér grein fyrir því að við hér á Norðurlöndum höfum sýnt fram á að ekki aðeins er mögulegt að sameina með góðum árangri hagvöxt og samkeppnishæfi með alhlíða velferð og efnahagslegum jöfnuði, það er líka æskilegt. Jafnt af félagslegum sem efnahagslegum ástæðum.

Við fögnum því þeirri ákvörðun að Angela Merkel, í krafti formennsku Þýskalands innan G20, skuli hafa boðið Ernu Solberg, forsætisráðherra Noregs, sem fer með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni, að taka þátt í ársfundi þjóða sem mynda 20 sterkustu hagkerfi heimsins sem fer fram í Hamborg 7. og 8. júlí. Rödd Norðurlanda þarf að heyrast á vettvangi G20, ekki einungis af þeirri ástæðu að Norðurlöndin er tólfta stærsta hagkerfið í heiminum, heldur einnig vegna þess að Norðurlöndin eru brautryðjendur þegar kemur að sjálfbærri efnahagslegri og félagslegri þróun.

Helstu rökin fyrir þeirri verndarstefnu og þeim popúlisma sem býr að baki kosningu Trumps og niðurstöðu Brexit má finna í þróun efnahagslegs ójöfnuðar síðustu ára. Margar rannsóknir hafa staðfest að allt frá árinu 1980 hefur þróunin verið á þann veg að sífellt færri hirða æ stærri skerf af auðlindum samfélagsins. Þetta er að miklu leyti afleiðing þeirrar efnahagsstefnu sem síðan á 9. áratug síðustu aldar miðaði að því að draga úr eftirliti og hömlum, breyta skattkerfinu og draga úr opinberri fjárfestingu.

Ójöfnuðurinn hefur einnig vaxið á Norðurlöndum og sums staðar mikið. Í samanburði við önnur ríki Vesturlanda teljast okkar norrænu jafnréttissamfélög þó á meðal þeirra ríkja þar sem mestur jöfnuður ríkir. Það er því mikilvægt að Erna Solberg tali rödd Norðurlanda á leiðtogafundinum í Hamborg 7. og 8. júlí og setji í forgang þessi sex atriði sem Norðurlönd þekkja og hafa reynslu af:

- Efla þarf skipulag, félagslega umræðu og samstarf á milli aðila vinnumarkaðarins, ekki síst innan ESB, en einnig á landsvísi, norræna vísu og alþjóðlega. Norðurlöndin eru samkeppnishæf og þar ríkir mikill efnahagslegur jöfnuður, m.a. vegna þess að vinnumarkaðurinn er skipulagður og einkennist af jafnræði á milli aðila hans.
- Draga ber úr atvinnuleysi með því að G20 ríkin leggi fram sam-eiginlega opinbera fjárfestingarstefnu sem rýfur hægan hagvöxt.
- Stuðla ber að jafnrétti kynjanna og hárrí atvinnuþátttöku með því að móta fjölskyldustefnu, velferðarkerfi með tekjutengdum almannatryggingum, sömu laun skulu vera fyrir sömu vinnu auk möguleika á endurmenntun og þróun vinnufærni.
- Fjárfesta skal í menntun, færni og símenntun fyrir alla. Sú áskorun að þjóða alhliða menntun sem eykur félagslegan jöfnuð er ein forsenda þess að hægt sé að byggja upp jafnréttissamfélag þar sem allir hafa jafna möguleika. Þekking er hornsteinn lýðræðissamfélagsins.

- *Grípa þarf til samstilltra aðgerða í því skyni að auðvelda aðlögun hælisleitenda og flóttamanna í móttökulandi, með því að bæta ráðningarkjör og félagslega vernd, tryggja símenntun og góða menntun, allt frá leikskóla til framhalds- og háskóla.*
- *Takast þarf á við þær áskoranir sem leiða af nýjum tegundum fyrirtækja í stafrænu hagkerfi, þegar kemur að samkeppni, fjárfestingum og skattlagningu. Tryggja þarf öryggi, réttindi og ráðningarskilyrði starfsmanna í hinu stafræna hagkerfi.*

Forsetar Alþýðusambanda allra Norðurlandanna

Samstarf norrænu alþýðusambandanna um samningamál

Norrænu alþýðusamböndin hittast einu sinni á ári til þess að bera saman bækur sínar um samningamál, þróun kjaramála og helstu sameiginlegu verkefni og áskoranir. Fundurinn var að þessu sinni haldinn í Osló í lok ágúst og sótti Magnús M. Norðdahl fundinn en forseti ASÍ forfallaðist á síðustu stundu. Á fundinum var farið yfir stöðuna í stjórnámum hér á landi og gerð grein fyrir viðkvæmristöðu þeirra vegna lítils meirihluta og að því er virtist kjarkleysis til aðgerða en jafnframt gerð grein fyrir deilu ASÍ og stjórnvalda varðandi kjaradóm, þjóðhagsráð o.fl. Sagt var frá stöðunni varðandi jöfnun lífeyrisréttinda og þróun viðræðna um nýtt samningamódel sem a.m.k. tímabundið væri ekki í umræðunni vegna vanefnda. Blikur væru á lofti efnahagsmálum og framundan flóknar og erfiðar samningaviðræður.

LO Danmörk gerði grein fyrir komandi samningum og helstu áherslum sínum sem eru, atvinnusköpun, samkeppnishæfni, barátta gegn félagslegum undirboðum en einnig meira atvinnuöryggi (lengri uppsagnarfrestur) og velferð á vinnumarkaði þ.m.t. menntun, lífeyrismál o.fl. Þau gerðu einnig grein fyrir samkomulagi um uppstokkun í ávinnslu og útgreiðslu orlofs sem Evrópu-dómstóllinn hafði metið sem andstætt Evrópuréttinum. Megin niðurstaðan er að „orlofskuld“ atvinnurekenda við innleiðingu nýs kerfis kemur til útgreiðslu við lífeyristöku. Árið 2016 var erfitt efnahagslega í Danmörku og þróun kaupmáttar neikvæð. Hins vegar hefði tekist upp úr miðju ári 2017 að snúa þróuninni við og kaupmáttur aftur farinn að vaxa. SAK í Finnlandi gerði grein fyrir niðurbroti viðræðna við stjórnvöld um samningalíkan en kjarasamningar byrja að renna út með kjarasamningum í pappírsiðnaði 30. september 2017 og síðan koll af kalli. Stærsta áskorun þeirra er að ná samstöðu og samræmingu með samtökum atvinnurekenda sem vilja mjög dreifða samninga og stjórnvöld sem eru hreyfingunni ekki vinsamleg. LO Noregur gerði ítarlega grein fyrir dómsmáli sínu um samningsrétt í norskum höfnum (Holeship málið) en almennt voru menn sammála um að dómurinn hefði ekki áhrif utan Noregs þar sem í

raun væri ekki verið að takast á um „forgangsrétt“ til vinnu heldur sérstakt norskt fyrirbæri sem felur í sér samvinnu hreyfingar og atvinnurekenda um að halda lestun og losun við sameiginlegt fyrirtæki þeirra sjálfra. Í Svíþjóð var samið til eins árs 2016. Í yfirstandandi viðræðum er óvenjulega mikil samstaða innan LO Svíþjóðar. Hugmyndir eru á borðinu um þriggja ára samning og megináherslu á hækkun lægstu launa. Alþýðusambandið vill halda samningsrétti um þau mál meðan ríkjandi stjórnvöld eru mjög áfram um að lögbinda lágmarkslaun. Samningar eru erfiðir því sænsku atvinnurekendasamtökin skortir samningsumboð og hafa lagt áherslu á mjög dreifða samninga.

NFJS – Samráðsfundur lögfræðinga aðildarsamtaka NFS

Þann 25. ágúst sl. var haldinn árlegur fundur lögfræðinga heildarsamtaka stéttarféлага á Norðurlöndunum. Fundurinn var að þessu sinni haldinn í Uppsala í Svíþjóð. Fundir þessir eru ætlaðir til samræmingar og upplýsingaskipta fyrir lögfræðinga sem starfa fyrir heildarsamtök og var fundinum að þessu sinni auk hefðbundinna upplýsingaskipta um helstu mál í deigluinni, skipt í tvenn meginþemu. Annars vegar um hugtakið „starfsmaður“ (e. worker) nú á tímum aukinnar stafrænnar tækni og þá sérstaklega í tengslum við „milliliðar-áðningar“ (e. platform work). Hins vegar um samkeppnishæfni landa á EES-svæðinu og þá sérstaklega í tengslum við þjónustustarfsemi þvert á landamæri (e. freemovement of service). Hvað varðar hið fyrrnefnda var farið ítarlega yfir dómaframkvæmd dómstóls ESB hvað varðar hugtakið starfsmaður. Hugtakið þarf í vissum skilningi að túlka einsleitt á öllu EES-svæðinu enda ákveðin grundvallarréttindi sem verða að vera eins óháð aðildarríkjum. Nægir í þessu samhengi að nefna tilskipanir er varða t.d. vinnutíma (2003/88/EC) og fæðingarorlof o.fl. (92/85/EEC). Auk þess má heldur að sjálfsögðu ekki gleyma málum er túlka hugtakið í tengslum við grundvallarréttinn um frjálsa för launafólks. Ljóst er að nú þegar eru ýmiss konar ráðningarform og breyting á tilhögun ýmissa fyrirtækja í ljósi stafrænnar byltingar farin að hafa gríðarleg áhrif á vinnumarkaði Evrópu. Álitamálin sem um ræðir eru þó ekki ný af nálinni heldur má frekar segja að umhverfið sem álitamálin verða til í feli í sér talsverða áskorun, en þó einnig tækifæri. M.ö.o. þá sé um að ræða gömul vandamál en nýjan veruleika enda hafi nú í áratugi í flestum aðildarríkjum verið reynt að formgera hefðbundið ráðningarsamband í verktakasamband t.d. Hvað varðar hið síðarnefnda þá er hér um viðvarandi vandamál og ógranir að ræða. Þrátt fyrir að dómaframkvæmd undanfarinna ára hafi falið í sér einhvers konar viðspyrnu frá dómum ESB-dómstólsins í hinum svokallaða Laval kvartett málum, þá er ennþá nóg af áskorunum. Rakið var með ítarlegum hætti hvernig sum lönd geta skapað sér samkeppnisforskot í ljósi lágra skatta og gjalda sem á hvern starfsmann er lagt. Ef ekkert verði að gert geti þetta ógnað

þeim ríkjum sem vilja byggja upp velferðarsamfélag með öflugum sameiginlegum sjóðum. Ljóst er að komandi misseri, og ekki síst upphaf hinnar svokölluðu fjórðu iðnbyltingar sem er tilkomin vegna aukinna stafrænna tækni-framfara, getur reynt mjög á kjarna þess vinnumarkaðar sem byggður hefur verið upp á Norðurlöndunum. Var það samdóma álit allra sem fundinn sóttu að nú sem aldrei fyrr reyndi á öflugt net sérfræðinga í því að tryggja að umrædd bylting verði til hagsbóta fyrir venjulegt fólk, en ekki eingöngu á forsendum fyrirtækjanna sem myndi eingöngu auka á misskiptingu sem nú þegar sé orðin of mikil.

Ársfundur SAMAK

Ársfundur SAMAK var haldinn í Osló 16. og 17. janúar sl. frá hádegi til hádegis. Norræn alþýðusambönd og norrænir jafnaðarmannaflokkar mynda SAMAK og hefur ASÍ að mestu leyti afmarkað þátttöku við ársfundina þar sem fjallað er um þau mál sem efst eru á baugi. Ársfundarfulltrúar voru um 80 talsins og þar af voru fjórir fulltrúar frá Íslandi, Gylfi Arnbjörnsson, forseti og Guðrún Ág. Guðmundsdóttir, framkv.stj., fyrir hönd ASÍ og Logi Einarsson, formaður og Heiða Björg Hilmisdóttir, þáverandi formaður framkvæmdastjórnar og núverandi varaformaður fyrir hönd Samfylkingarinnar.

Ársfundir SAMAK eru byggðir upp með pólitískum ræðum og fræðilegum kynningum sem síðan eru ræddar í pallborði sem samanstandur af norrænu forystufólki úr verkalýðshreyfingunni og pólitíkinni.

Ræðurnar sem fluttar eru, eru fluttar af pólitískum fulltrúum frá Norðurlöndunum og flytja formenn Jafnaðarmanna í Danmörku, Svíþjóð og Noregi alltaf ræður sem mynda ákveðinn þunga í umræðunni ásamt því sem flutt er kynning á þeim skýrslum sem lagðar eru fram fyrir ársfundinn.

Þær skýrslur sem unnar hafa verið frá síðasta ársfundi eru:

- The Nordic Model for Dummies. All You Need to Know in 6 minutes.
- Fremtidens flytrafik på fairvilkår. Rapport fra SAMAKs arbejdsgruppe for luftfart.
- Nordiske tiltag mod social dumping. En gennemgang af fænomenet, detsudbredelse og indsatsenmoddet.
- Everyone On Board. Working group on integration into working life. Viðfangsefni ársfundarins skiptist í eftirfarandi áhersluatriði sem komu meira og minna fram í öllum ræðum og umræðum sem fram fóru á fundinum:
 - Heims- og tæknivæðing vinnunnar
 - Öfga-popúlismi í stjórnmálum, bæði til vinstri og til hægri
 - Undirboð á vinnumarkaði
 - Þróun Norræna módelisins í breyttum heimi

Fyrir lok fundarins var samþykkt ályktun sem lýsti yfir stuðningi við Eystra-saltslöndin og nýendurfengið sjálfstæði þeirra eftir lok kalda stríðsins auk þess sem samþykkt var almenn ályktun á fundinum sjálfum.

Meðal þess sem fram kemur í almennu ályktun fundarins er næsta stóra verkefni SAMAK sem er framhald vinnunnar NordMod 2030. NordMod 2030 fólst í því að kortleggja og skýra einkenni Norræna móðelsins og hvaða áskoranir og hættur megi búast við fram til 2030.

Samþykkt var að hefja vinnu við næstu kynslóð NordMod-verkefnisins og ber það heitið NordMod 2.0 – Framtíð vinnumarkaðarins og verður Henný Hinz fulltrúi ASÍ í þeirri vinnu. NordMod 2.0 er ætlað að þróa nýjar, ápreifanlegar tillögur fyrir vel skipulagðan og heilbrigðan vinnumarkað.

Líkt og undanfarin ár birtist sameiginleg grein forystufólks í fjölmiðlum í tengslum við ársfundi SAMAK.

Fundir hagfræðinga norrænu alþýðusambandanna

Hagfræðingar norrænu alþýðusambandanna funduðu tvisvar á liðnu starfsári. Fyrri fundurinn var haldinn í höfuðstöðvum danska alþýðusambandsins (LO) í Kaupmannahöfn dagana 17.–18. nóvember 2016. Farið var yfir stöðu efnahags- og kjaramála í löndunum og þær áskoranir sem blasa við á hverjum stað ræddar. Henný Hinz hagfræðingur sótti fundinn f.h. ASÍ. Fundargestum var boðið í skoðunarferð um þinghúsið í Christiansborg þar sem þingmaðurinn Peter Hummelgaard tók á móti hópnun, sýndi húsið og ræddi stöðuna í stjórnmálunum. Þá var farið í vettvangsskoðun í Metrobyggeriet þar sem framkvæmdir við byggingu Metro í Kaupmannahöfn voru skoðaðar og rætt um þær áskoranir sem félagið, sem er opinbert fyrirtæki í eigu ríkisins og sveitarfélaga á Kaupmannahafnarvæðinu, hefur átt í við að tryggja aðstæður og réttindi starfsfólks á vegum verktaka og fjölda undirverktaka sem starfa við framkvæmdina. Louise Høst Plan- og arbeidsmarkedsdirektør tók þar á móti hópnun.

Síðari fundurinn var haldinn í Osló dagana 8.–9. júní 2017 og sótti Sigríður Ingibjörg fundinn f.h. ASÍ. Þar var að venju farið yfir stöðu í efnahags- og kjaramálum í löndunum. Á fundinum var einnig lögð sérstök áhersla á stefnu landanna varðandi starfsnám með fyrirlestrum og umræðum.

Verkalýðshreyfingin í Norður-Atlantshafi (VN)

Árlegur fundur Vestnorden – samstarf verkalýðshreyfingarinnar í Norður-Atlantshafi – var að þessu sinni haldinn í Reykjavík 16. ágúst. Fundur Vestnorden var haldinn í skugga mikilla náttúruhamfara á Grænlandi og var Grænlendingum vottuð samúð og samhugur vegna þeirra.

Í aðdraganda kreppunnar hér á landi árið 2008 var samþykkt tillaga ASÍ

Þessi efnis að hætt yrði að innheimta félagsgjöld í sambandið vegna þess að miklar peningalegar eignir voru til í sambandinu og þáverandi skattur skilaði talsverðum hagnaði á hverju ári. Á síðasta ári var ljóst að taka yrði ákvörðun um fjármögnun sambandsins að nýju og var samþykkt að frá og með næsta ári yrðu að nýju tekin upp félagsgjöld sem ætlað væri að standa straum af kostnaði við árlegan fund Vestnorden. Jafnframt var samþykkt að tillaga að endurskoðun á lögum Vestnorden verði lögð fram fyrir næsta ársfund sem haldinn verður í Þórshöfn í Færeyjum.

Fluttar eru skýrslur frá hverju landi þar sem fram kom að á Grænlandi hefur verið mikið átak í fjölgun á félögum ásamt því að komið hefur verið á ákveðnum „samfélagssjóði“, sem allir atvinnurekendur greiða í og dekkar sjúkrapeninga í allt að hálf tveggja ár og greiðslur fyrir ferðir vegna veikinda maka. Grænlandskt samfélag er mjög háð fjármagni frá Danmörku. Fólki fækkar og margir flytja til Danmerkur og skila sér ekki heim aftur. Ólíklegt er að sú þróun breytist fyrir en að lífsgæði í Grænlandi batni. Hvað Færeyjar varðar þá kom fram að þingkosningar væru nýafstaðnar og ný ríkisstjórn sett sér það markmið að ná tókum á viðvarandi hallarekstri ríkissjóðs og því farið í ýmsar aðgerðir til að ná tókum á hallarekstrinum. Plön ríkisstjórnarinnar hafa ekki gengið eftir og mikil andstaða gegn þeim stefnumálum sem beinast að vinnu- markaðinum í Færeyjum. Fram til þessa hafa stéttarfélögin ekki skipt sér af landsstjórninni heldur staðið á hliðarlínunni.

Að lokum hélt Róbert Farestveit hagfræðingur áhugaverðan fyrirlestur um framtíð vinnunnar. Efnahagslegar og vinnumarkaðslegar áskoranir í náinni framtíð og hvernig við ætlum að undirbúa okkur undir þær. Fyrirlesturinn skiptist í þrjá hluta. Fyrsti hlutinn fjallaði um tækniþróun, annar hluti um hvaða svið vinnumarkaðarins verði líklegust til að verða fyrir áhrifum af tækniþróun í náinni framtíð og þriðji hlutinn sem fjallaði um það að þó svo að við vitum ekki hvernig framtíðin muni koma til með að þróast þá getum við a.m.k. reynt að skipuleggja okkur og undirbúa undir mögulega þróun.

Evrópusambandið

Ráðgjafarnefnd um starfsmenntamál (ACVT)

Alþýðusamband Íslands á fulltrúa í ráðgjafarnefnd ESB um starfsmenntamál. Ráðgjafarnefndin er skipuð fulltrúum aðildarríkja ESB og EES, þremur fulltrúum frá hverju landi, frá stjórnvöldum, samtökum launafólks og atvinnurekenda. Ráðgjafarnefndin hittist að jafnaði tvisvar á ári, í byrjun vetrar og síðla vors. Hlutverk ráðgjafarnefndarinnar er að vera framkvæmdastjórn og öðrum stofnunum Evrópusambandsins til ráðgjafar um menntamál. Ljóst er að hafa má margvíslegt gagn af þessu samstarfi, bæði til að afla upplýsinga og læra af því sem er að gerast í Evrópu á sviði starfsmenntunar og tengjast því

sem þar er að gerast. Ekki voru sóttir fundir af hálfu ASÍ á vegum nefndarinnar á tímabilinu.

Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd og Vinnuverndarstofnun Evrópu

Alþýðusamband Íslands á fulltrúa í ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd í áheyrnarfulltrúa í stjórn Vinnuverndarstofnunar Evrópu.

Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC

Stjórn ETUC

Starfið á vettvangi stjórnar ETUC hefur einkennst af talsverðri innri tilvistar­kreppu og ágreiningi milli aðildarsamtakanna. Í aðdraganda síðasta þings sambandsins haustið 2015 var gerð tilraun til þess að sætta sjónarmið og lægja öldur um einstaka málefni m.a. við val á nýrri forystu. Luca Vincenti frá CGIL á Ítalíu var kjörinn sem framkvæmdastjóri og Peter Sharer frá DGB og Veronica Nilson frá Svíþjóð sem aðstoðarframkvæmdastjórar. Því miður hefur ekki tekist að lægja öldurnar, samböndin í Austur- og Suður-Evrópu halda áfram að krefjast þess að ETUC taki upp kröfuna um lögbundin lágmarkslaun þrátt fyrir að Norðurlöndin hafi ítrekað hafnað þeirri leið sem algildri. Samkomulag um málamiðlun – þar sem áhersla er lögð á að það sé verkefni hvers lands fyrir sig að útfæra hvernig lágmarkslaunum er komið á – er stanslaust í skotlínu og aftur og aftur birtast tillögur um texta þar sem ETUC krefst lögbundinna lágmarks­launa á Evrópuvísu.

Ekki hefur tekist að virkja málefnanefndir sambandsins þannig að óljóst er hver eða hverjir undirbúa ályktunardrög, sem í ofanálag eru send út með stuttum fyrirvara og taka grundvallarbreytingum þegar á fundinn er komið, sem valda miklum óróa. Ekki er hægt að draga aðra ályktun en þá, að forysta samtakanna er veik og býr að frekar óskipulagðri skrifstofu sem ekki tekst að undirbúa mál í þeirri breidd að um þau ríki almenn sátt. Framkvæmdastjóri er ítrekað að útvíkka framkvæmdastjórnarfundi með því að bjóða stjórnarmönnum eða formönnum að sækja þessa fundi, yfirleitt með tiltölulega skömmum fyrirvara sem fáir geta í reynd nýtt sér, og nota þá til að taka ákvarðanir í viðkvæmum málum. Það er mat forseta ASÍ að þetta endurspegli meira veika forystu en raunverulega tilraun til þess að skapa sátt um þá línu sem lagt er upp með. Á meðan eykst tortryggni og efasemdir um ágæti forystunnar. Framkvæmdastjórn NFS, þar sem forseti ASÍ á sæti, ákvað í byrjun september að nauðsynlegt væri að ræða þessi mál í trúnaði við Luca og freista þess að fá hann til þess að endurmeta þessi vinnubrögð.

Aukafing ETUC í Róm 29.–31. maí 2017

Yfirskrift þingsins var SOS Evrópa fyrir vinnandi fólk.

Kvöldið áður en sjálft þingið hófst var haldin sérstök samkoma í tilefni af 60 árum frá því að Rómarsáttmálinn var samþykktur.

Rudy De Leeuw, forseti ETUC, bauð þingfulltrúa velkomna. Lagði hann áherslu á að hvert og eitt meðlimaríki ETUC liti í eigin barm og skoðaði sig í ljósi lýðræðis. Á þinginu yrði m.a. rætt um popúlisma og afleiðingar hans – við ættum að innleiða þá málkennd að popúlismi væri í raun sjálfbært samfélag sem gagnist öllum.

Evrópa er hluti af lausninni – ekki vandanum í því að auka jöfnuð, jafnrétti kynjanna og tryggingu á vinnu fyrir alla. Við viljum nota tækifærið og bæta aðstæður verkafólks og setja aðstæður vinnandi fólks í kastljósið alls staðar. Fair trade á að vera stefnan og undirboð á vinnumarkaði á ekki að eiga sér stað. Þar að auki á þríhliða samkomulag að vera normið og við þurfum að tryggja framhald Parísarsamkomulagsins.

Við upphaf þingsins var sýnt myndband með yfirliti yfir þá sigra sem unnist hafa frá því á þinginu í París fyrir tveim árum.

Í ETUC eru rúmlega 400 stéttarfélög í Evrópu. Í ályktun þingsins sammælast þessir aðilar að kominn sé tími til að stéttarfélög verði enn virkari en áður í því að takast á við hnattvæðingu, tæknivæðingu og í loftslagsmálum til að tryggja að vinnandi fólk sitji ekki uppi með alvarlegar neikvæðar afleiðingar.

Í ályktuninni sem samþykkt var sammælast stéttarfélögin á þinginu að vinna saman að því að fjárfesta í sjálfbærum vexti og skapa góð störf. Sanngjörn umskipti í átt að lág-kolefnishagkerfi, sjálfbærri, stafrænni tækni og sjálfvirkni. Launahækkunarir og sterkar evrópskar stoðir félagslegra réttinda og metnaðarfullrar lagasetningar, sem gerir ráð fyrir jafnvægi á milli atvinnu og einkalífs. Sanngjarn hreyfanleiki og fólksflutningar til að berjast gegn undirboðum á vinnumarkaði.

Þinginu var skipt upp í sex panelumræður þar sem bæði gestir utan ETUC og deildarstjórar frá skrifstofu ETUC leiða hverja málstofu og síðan gefin tækifæri til umræðu í hverri málstofu.

Fyrsta panelumræðan fjallaði um efnahagsástandið í Evrópu í dag, mikilvægi þess að skapa verðmæt störf og mikilvægi efnahagslegra umbóta í Evrópu. Launum hefur verið haldið niðri og þegar launahækkunarir eru ræddar er hótunin sú að einfalt sé að ráða verktaka fyrir lægri laun. Finna þarf leið til að vinna gegn popúlískum áhrifum sem ala á ótta og tortryggni. Til að bæta aðstæður í Evrópu sé mikilvægt að auka framkvæmdir opinberra aðila og hækka laun.

Næsta panelumræða fjallaði um endurnýjun sameiginlegra samningavið-

ræðna, hækkun launa í Evrópu og mikilvægi félagslegra réttinda. Rætt var um gæði Norræna móðelsins og Svíþjóð tekið sem dæmi. Þar eru 91% vinnu-markaðarins sem falla undir samninga stéttarféлага og þau 9% sem út af standa falla líka undir þennan sameiginlega samning. Hér var ekki síst rætt um mikilvægi þess að Evrópusambandið og hreyfing verkalýðsfélaga verði að koma sér upp sambandi sem er meira en orðin tóm.

Þá tóku við panelumræður um lýðræði á vinnustöðum: þátttaka starfsmanna og stefnu EU í fjórðu iðnbyltingunni. Algengt er að fyrirtæki líti á hlutverk og rödd verkalýðs í regluverki sem leiðbeinandi og íþyngjandi.

Í fjórða panelnum rætt um framtíð vinnunnar og framtíð Evrópsku verkalýðshreyfingarinnar. Hér er rætt um þau flóknu verkefni sem takast þarf á við. Öll hefðbundin vandamál séu til staðar og svo þar að auki ný tæknibylting. Ná þurfi tökum á gráa hagkerfinu og sinna sérstaklega þeim sem ekki eru með formlega menntun. Draga þarf úr ójöfnuði og endurskoða lagarammann þar sem eðli vinnunnar sé að breytast og að samband atvinnurekenda og verkalýðs sé að breytast. Mikilvægt sé að leggja áherslu á langtíma fjárfestingar og félagslegan stöðugleika.

Í fimmta panelnum er rætt um sjálfbæra þróun, réttláta þróun og jafnrétti kynjanna. Hér er farið yfir Parísarsáttmálann með sérstaka áherslu á jafnrétti. Mikilvægt sé að vinna gegn kynbundnum launamun. Hvernig getum við tengt tvö ólík viðfangsefni? Borgarstjóri Parísar, Anne Hidalgo, hélt ræðu og sagði m.a. frá því að París hafi sótt um að halda Ólympíuleikana árið 2024. Undirbúningurinn verði í anda Parísarsáttmálans og tengdur sjálfbærni og jafnrétti með uppbyggingu góðra starfa, bættum aðstæðum og lífsgildum Parísarbúa.

Síðasti panellinn fjallaði um fólksflutninga og hreyfanleika fólks, sam- einingu og jöfn tækifæri. Baráttuna gegn undirboðum og sanngjörn viðskipti (Fair trade). Hér var sagt frá fjölda flóttafólks og innflytjenda í heiminum í dag. Hvaða tillögur ILO leggur til að bregðast við og tryggja fólki réttláta málsmeðferð, tryggja atvinnu, gæði vinnunnar, laun og félaglegt öryggi. Þrennt sem þarf að breyta:

1. Margir innflytjendur greiða háar fjárhæðir til að fá vinnu og festast þannig í fátæktargildru. Hér þurfa verkalýðsfélögin að stíga inn og styðja baráttuna gegn þessu.
2. Vinna þarf að stefnu sem auðveldar innflytjendum að verða hluti af vinnu- markaðinum á hverjum stað. Í Svíþjóð er flóttafólki útveguð vinna og endurmenntun.
3. „Skillsmissmatch“ í Evrópu. Margir innflytjendur eru ofmenntaðir í þeim störfum sem þeir eru í – nærtækast að horfa á það hvernig aðstæður margra innflytjenda eru hér á Íslandi.

Friður í heiminum er lykillinn að öllu – ef það er ekki friður þá er ekki pláss fyrir neitt annað, eins og jafnrétti, samfélagslegan stuðning o.s.frv.

Undir lok þingsins voru greidd atkvæði um nokkrar tillögur sem hafa með skipulag og framkvæmd ETUC að gera. Sú tillaga sem þar skipti mestu máli var sameiginleg tillaga frá kvennanefnd ETUC og Póllandi um það að krefjast 50/50 kynjahlutfalls á þingum ETUC. Var tillagan samþykkt með 2/3 hluta atkvæða.

Fundur á vegum ETUC fyrir fjölmiðlafólk innan hreyfingarinnar

Aðilar innan evrópsku verkalýðshreyfingarinnar sem starfa að upplýsinga- og kynningarmálum hittust á fundi í Brussel 30. september 2016 og svo aftur 15. september 2017. Snorri Már Skúlason, deildarstjóri upplýsinga- og kynningarmála hjá ASÍ, sótti báða fundina fyrir hönd sambandsins. Á fundunum, sem 30–40 manns sóttu, var farið yfir helstu áhersluatriði í málflutningi ETUC á komandi vetri. Á báðum fundum bar hæst herferðina *Europe needs a Payrise* sem hófst í febrúar 2017 og mun standa fram í júní 2018. Mánaðarlega á þessu tímabili sendir ETUC fréttatilkynningar tengdar efninu. Talsverðar umræður urðu um lágmarkslaun í nokkrum löndum Evrópu og ljóst að þau eru víða, t.d. á Spáni, meira en helmingi lægri en lágmarkslaun á Íslandi. Og munurinn er enn meiri þegar litið er til Austur-Evrópu. Á hitt ber að líta að framfærslukostnaður er töluvert meiri hér. Einnig var rætt hvernig stórfyrirtæki borga allt önnur laun utan heimalandsins en heima fyrir. Þá er áberandi hversu gríðarlegur launamunur er á milli ríkja Vestur-Evrópu og austurhluta álfunnar, jafnvel þó um sambærileg störf fyrir sama stórfyrirtækið sé að ræða, t.d. evrópska bílaframleiðendur.

Á báðum fundunum var rætt um áhrif Brexit á breskan vinnumarkað. Á fundinum 2016 var breski fulltrúinn enn í áfalli eftir niðurstöðu kosninganna. Hann rakti kosningabaráttuna og áherslur verkalýðshreyfingarinnar í henni, fólur og niðurlútur.

Fulltrúi TUC 2017 fór yfir áherslur sambandsins, sem er með 50 stéttarfélag undir sínum hatti, í viðræðum við ESB um útgönguna. Þar er stóra málið hjá TUC að standa vörð um réttindi launafólks og verja störf í Bretlandi og í raun koma í veg fyrir að Bretland verði láglaunasvæði í Vestur-Evrópu þar sem bæði laun og réttindi verða lakari en annars staðar eftir útgönguna. Þá vill TUC halda í frjálst flæði fólks þegar Bretland gengur úr ESB og vekja þjóðina til vitundar um mikilvægi innflutts vinnuafls fyrir atvinnulíf landsins. Nauðsynlegt er að vinna gegn rasisma og útlendingaótta því þessir þættir áttu stóran þátt í því að meirihluti kjósenda kaus Bretland út úr ESB. Þá var á fundinum slegið á þá mýtu að verkafólk hafi almennt sagt já við útgöngu í Brexit. Rannsóknir sýna að yfir 60% meðlima í verkalýðsfélögum sagði nei í Brexit.

Þá var farið yfir hagnýt atriði varðandi heimsóknir á heimasíður og fjölda

smella þar. Fulltrúi DGB í Þýskalandi flutti m.a. afar áhugavert og fróðlegt erindi um þessi mál.

Næsti fundur í *ETUC Press & Communications Committee* er áætlaður í september 2018.

Netlex – Network of Legal Experts

Árleg ráðstefna lögfræðinga aðildarsamtaka ETUC var haldin dagana 21.–22. feb sl. Ráðstefnan ber heitið NETLEX (Network of Legal Experts) og á henni er fjallað um það helsta sem hefur borið á góma og komandi þróun mála á sviði evrópsks og alþjóðlegs vinnuréttar. Ráðstefnan bar yfirheitið „Hvaða hlutverk hefur vinnuréttur á vinnumarkaði framtíðarinnar?“ Fyrsta umfjöllunarefnið sem fjallað var um var það sama og yfirheiti ráðstefnunnar, þ.e. hvaða hlutverk spilar vinnuréttur á vinnumarkaði framtíðarinnar og eftirfarandi erindi bar þar hæst á góma: Paulo Pinto de Albuquerque, dómari við MDE, fjallaði um persónuvernd launafólks og rétt þess til virðingar og friðhelgi í ljósi breytts starfsumhverfis og tæknivæðingar. Fór hann ítarlega yfir dóm MDE í máli Barbulescu gegn Rúmeníu en de Albuquerque skilaði séráliti um málið þar sem hann taldi að rétturinn til aðgangs að vefnum og friðhelgi væru grundvallarréttur sem þyrfti sérstaka vernd í ljósi tækniþróunar sem auðveldi eftirlit með vinnuskilum og hegðun starfsfólks. De Albuquerque lýsti því ferli sem í gangi væri nú þar sem málið væri á leið í „grand chamber“ og niðurstaðan sem var launafólki óhagfelld yrði mögulega snúid við. Tony Warr, frá bresku samtökunum GMB, fór ítarlega yfir nýfallinn dóm í breska vinnuréttardómstólnum yfir Uber. Dómurinn staðfestir að bílstjórar Uber eru starfsfólk (e. workers) í skilningi vinnuréttar og er sú niðurstaða mjög mikilvæg og staðfestir að tæknin, þó hún sé af hinu góða, eigi ekki að þurfa að „þynna“ út hefðbundin mikilvæg hugtök eins og hver sé atvinnurekandi og hver sé launamaður. Fáí slíkt að vera gert á forsendum auðvaldsins og atvinnurekenda þýðir það, eðli málsins skv., réttindamissi fyrir stóra hópa launafólks. Catelijnie Muller, sérfræðingur hjá EESC, fór yfir þróun í tæknimálum er varða gervigreind og vélmennavæðingu. Hvað hún teldi að verkalýðshreyfingin þyrfti að hafa í huga til að tryggja áframhaldandi lífsgæði venjulegs fólks og hvernig best sé að bregðast við slíkri þróun sem geti orðið launafólki almennt mjög hagstæð ef rétt verði haldið á spilunum af samtökum launafólks og valdhöfum í Evrópu og öðrum samfélögum. Esther Lynch hjá ETUC fór yfir drög að tillögum ETUC rammareglugerð fyrir „platform“ vinnu eins og Task Rabbit og Amazon Mechanical Turk. Margar leiðir væru til staðar ef vilji væri fyrir hendi til að tryggja sanngjarnan hlut launafólks og koma í veg fyrir félagsleg undirboð í gegnum þessi vefsvæði en nauðsynlegt væri að setja slíkum platform vefsíðum skýrar reglur og að sama skapi kalla þau til ábyrgðar um að það sem

fari fram á þeirra vettvangi sé í lagi og grafi ekki undan rétti launafólks. Annað umfjöllunarefni fjallaði um hver sé „atvinnurekandi“ og hver sé „launamaður“ á vinnumarkaði framtíðarinnar og eftirfarandi erindi bar þar hæst á góma: Martin Risak prófessor greindi frá dómarrannsókn sinni á nokkur hundruð málum ECJ þar sem hugtakið „worker“ kemur fyrir með einum eða öðrum hætti. Nefndi hann að oft væru vísbendingar í málum sem varða jafnvel eitthvað annað en vinnurétt. Jeremias Press prófessor fjallaði svo í kjölfarið um hina hliðina, þ.e. hver sé atvinnurekandi. Rakti hann að það væri oft og tíðum auðveldara að ráða það með hlutlægum hætti heldur en hver sé „worker“ sem sé í eðli sínu flóknara hugtak með huglægari viðmiðum, en hins vegar þegar atvinnurekandi er ákvarðaður þá leiði það líkum að hægt sé að tengja við starfsfólk sem geti skipt öllu máli upp á að ákvarða réttindi.

Þriðja umfjöllunarefnið var um hvernig megi draga þá einstaklinga og fyrirtæki sem eru á „toppum“ til ábyrgðar. Mathilde Frapard, frá frönsku samtökunum CFDT, sagði frá nýrri franskri löggjöf sem kveður á um skyldu alþjóðlegra stórfyrirtækja með heimilisfesti í Frakklandi til að sýna ábyrgð gagnvart verktaka- og vörukeðjunni. Um er að ræða athafnaskyldu sem lögð er á fyrirtækin um að sýna sanngjarna aðgát (e. vigilance) og gera áætlun um hvernig fyrirtækið hyggst gera það. Fyrirtæki sem sýni ekki nægilega aðgát gagnvart keðjunni fyrir neðan sig geta verið sektuð ef upp koma mál er varða grundvallarréttindi og aðbúnað. Kveikjan að lagasetningunni var umræðan sem spratt upp í kjölfar svokallaðs „Rana Plaza“ hneykslis í Bangladesh þegar fataverksmiðja hrundi og nokkur hundruð létu lífið eða örkumluðust. Ljóst er að hér eru Frakkar að stíga fram fyrir skjöldu í svo víðtækri löggjöf er varðar ábyrgð fyrirtækja á alþjóðlegu viðskiptaumhverfi sem of oft hafa að mati verkalýðshreyfingarinnar fengið að starfa í einhvers konar tómarúmi án ábyrgðar gagnvart öðru en eigin hluthöfum. Sérstaklega áhugavert verður að fylgjast með þróun komandi missera um hvort og þá hvernig önnur lönd innan ESB muni bregðast við. Makbule Sahan, starfandi yfirlögfræðingur hjá ITUC, sagði næst frá þróun mála er varðar umræðuna um alþjóðlegar framleiðslukeðjur (e. global supply chain). Í augnablikinu væri erfitt að sjá umræðuna þróast lengra en í yfirlýsingu um viðmið sem fyrirtækjum er í sjálfsvald sett að taka upp. Mikil andstaða væri hjá atvinnurekendum og flestum ríkjum um að fara lengra en það. Nærtækara væri að reyna að sundurgreina hvað þurfi að gera en ekki nálgast þetta með jafn breiðum hætti og gert hafi verið hingað til. Sahan sagði þó að áfram yrði að sjálfsögðu reynt og að umræða undanfarinna ára hefði í öllu falli aukið töluvert á meðvitund fólks um ábyrgð stórfyrirtækja sem væri vel. Wiebke Warneck, sérfræðingur hjá ETUC, fjallaði um tillögur ETUC um „flautublástursreglur“ (e. whistle-blowing), og nauðsyn þess að setja samevrópskar reglur um slíkt. Þ.e. að vernda þurfi sérstaklega þá ein-

staklinga sem benda á ólöglega og í sumum tilfellum ósiðlega háttsemi fyrir-tækja.

Fjórða og síðasta umfjöllunarefnið fjallaði á almennum nótum um framtíð félagslegra réttinda innan ESB en verkalýðshreyfingin hefur lengi verið á þeirri skoðun að félagsleg réttindi í regluverki ESB hafi of mikið þurft að víkja fyrir réttindum og þröngum hagsmunum atvinnulífs og stórfyrirtækja. Sérfræðingar á sviði evrópskra stjórn mála reifuðu ástandið í stuttu máli. Nauðsyn væri að þeirra mati að huga að endurreisn félagslega hluta bandalagsins. Of mikil áhersla væri á efnahagsbandalagið sem að hluta til væri orsök þeirrar vandlætningar sem gætir nú á meðal stórs hluta alþýðufólks.

EFTA - EES

Ráðgjafarnefnd EFTA

Ráðgjafarnefnd EFTA er samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins í EFTA-löndunum. Nefndin hittist að jafnaði fjórum sinnum á ári. Síðla vetrar er, í tengslum við fund nefndarinnar, haldinn fundur með Stjórnarnefnd EFTA (Standing Committee). Að vori eru, í tengslum við fund nefndarinnar, haldnir fundir með ráðherrum EFTA-ríkjanna og þingmannanefnd EFTA. Að hausti heldur nefndin vinnufund þar sem farið er yfir þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni. Undir lok árs er haldinn fundur með þeim ráðherra EFTA-EES ríkjanna sem hefur forystu fyrir EFTA hverju sinni. Þá fundar ráðgjafarnefndin einu sinni á ári með fulltrúum frá Efnahags- og félagsmálanefnd ESB (EESC). Í ráðgjafarnefndinni sitja 16 fulltrúar samtaka launafólks og atvinnurekenda, sex frá Noregi, fjórir frá Íslandi og Sviss og tveir frá Lichtenstein. Auk þess starfa fulltrúar frá skrifstofu EFTA með nefndinni og sérfræðingar frá aðildarsamtökunum í einstaka málum.

Eins og áður fjallaði ráðgjafarnefndin um fjölmörg mál á tímabilinu. Rekstur EES-samningsins og þau fjölmörgu álitæfni sem þar koma upp eru reglulega á dagskrá ráðgjafarnefndarinnar. Þá var á tímabilinu ítrekað fjallað um væntanlega útgöngu Breta úr ESB og EES, stöðuna og möguleg áhrif og stöðu viðræðna EFTA um fríverslunarsamninga. Einnig voru til umfjöllunar staða og þróun félags- og vinnumarkaðsmála á Evrópuvísu, samskipti og hlutverk aðila vinnumarkaðarins og samskipti EFTA og ESB-ríkjanna og framtíð vinnunnar og vinnuréttar á stafrænni öld. Þá var rætt um hlutverk aðila vinnumarkaðarins í EFTA-ríkjunum gagnvart fríverslunarsamningum sem gerðir eru á EFTA-vísu. Hér á eftir er fjallað stuttlega um sumt af því sem kom fram á fundum ráðgjafarnefndarinnar á tímabilinu.

Staða EFTA-ríkjanna, EES-samningsins og Brexit

Á öllum fundum ráðgjafarnefndarinnar á tímabilinu var fjallað um stöðuna

varðandi útgöngu Breta úr ESB og EES (BREXIT) og má segja að BREXIT hafi verið meginefnið í starfi nefndarinnar. Segja má að helsta niðurstaðan af umræðunni hafi verið að það séu ótal spurningar en lítið um eða engin svör.

Bretar virkjuðu 50. greinina 29. mars sl. og ESB svöruðu með því að setja fram sín „samningsmarkmið“ mánuði síðar, sem byggja á að ekki verði rætt um framtíðartengsl Bretlands og ESB fyrir en búið er að ná niðurstöðu varðandi úrsögnina og uppgjörið við fortíðina. Það er því allt í óvissu um framtíðartengsl Breta og ESB, en einnig EFTA-EES-ríkin, en lítið er þannig á að útganga Breta úr ESB þýði í leiðinni útganga úr EES. Einnig var kynnt greining sem farið hefur fram á viðskiptum Breta við EFTA-ríkin sameiginlega og hvert og eitt. Ljóst er að þar er um mikla hagsmuni fyrir öll EFTA-ríkin að tefla.

Á fundi ráðgjafarnefndarinnar og þingmannanefndar EFTA í nóvember 2016 fluttu þrír fræðimenn, auk fulltrúa frá EFTA-skrifstofunni, erindi og svöruðu spurningum um aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar um útgöngu Breta úr ESB, stöðuna í dag og mögulega þróun. Það helsta sem kom fram er eftirfarandi:

Varðandi aðdraganda atkvæðagreiðslunnar og úrslit hennar var rífað upp aðforsætisráðherra Breta lofaði fyrir síðustu kosningar að fram færi þjóðaratkvæðagreiðsla um aðildina að ESB. Áður en til atkvæðagreiðslunnar kom gengu Bretar til samninga við ESB um helstu álitamál sem komið hafa upp varðandi aðildina þar í landi. Það var í reynd á grundvelli þess samkomulags sem síðan þjóðaratkvæðagreiðslan átti sér stað. Var fjallað um kröfur Breta varðandi:

- Hömlur á frjálsri för
- Heimild til að takmarka félagsleg réttindi útlendinga
- Heimild til að seinka/fresta gildistöku Evrópureglna

Það lá hins vegar fyrir að ESB hafði ekki heimild til að breyta gildandi löggjöf gagnvart Bretum og því var í reynd um að ræða viljayfirlýsingu af hálfu forystu ESB um að styðja og stuðla að slíkum breytingum. Eins og kunnugt er var síðan samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslunni að Bretland gengi úr ESB.

Á fundinum var fjallað nokkuð um ástæður þess að samþykkt var að ganga úr ESB og komu fram ýmsar skýringar í þeim efnum. Bent var á að það var einkum eldri hópurinn, verkafólk og fólk utan þéttbýlis, sem studdi úrsögnina. Að baki er óánægja með þróun mála og sú skoðun að þessir hópar hafi setið eftir og ekki notið aukinnar velsældar og aðildarinnar að ESB með sama hætti og aðrir. Þá er erlendu verkafólki kennt um atvinnuleysi og bág kjör lágtekjuhópa í Bretlandi. Var í þessu sambandi dregin upp samlíkingin með kosningasigri Trump í Bandaríkjunum. Kom fram að í stærra samhengi væri nauðsyn-

legt að draga lærdóm af þessari pólitísku þróun, sem og aukinni þjóðernis-
hyggju og útlendingaandúð sem víða hefur gert vart við sig, bæði í Evrópu og
annars staðar. Í reynd séu frjálslynd, opin og lýðræðisleg samfélög í hættu.

Gerð var grein fyrir stöðunni núna og vísað til úrskurðar Hæstaréttar Bret-
lands um að þjóðaratkvæðagreiðslan sé aðeins ráðgefandi og að það sé ein-
göngu á valdi breska þingsins að taka ákvörðun um úrsögn úr ESB. Tæknilega
fæli það í sér að þingið nemi úr gildi lögin sem samþykkt voru þegar Bretar
gerðust aðilar að ESB. Þá liggur fyrir að þingið verður að afgreiða málið áður
en að hægt verði að virkja 50. grein Sáttmála ESB um úrsögn. Forsætisráð-
herra Breta hefur boðað að það verði gert fyrir lok mars á næsta ári, en ólíklegt
er að sú tímasetning standist.

Fræðimennirnir ræddu nokkuð um þá óvissu sem nú er uppi um fram-
haldið. Þar kemur margt til. Þannig var bent á að Bretar hafi í reynd enga
hugmynd eða áætlun um hvernig þeir vilja standa að málum eða hvað þeir
vilja fá út úr viðræðunum við ESB. Þá var bent á að í reynd sé ekki meirihluti
á breska þinginu fyrir úrsögn og því spurning hvort þingið muni tefja málið og
draga á langinn eins og kostur er, þótt enginn telji að þingið muni hunds-
niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Einn fræðimaðurinn gekk jafnvel svo
langt að segja að í ljósi óvissunnar og flækjunnar sem framundan er efaðist
hann um að Bretar muni nokkurn tímann ganga úr ESB. Var í því sambandi
m.a. bent á hversu tengt breskt efnahagslíf og samfélag er orðið ESB og öðrum
aðildarríkjum þess. Einnig var bent á að halda megi því fram að grein 50 hafi
verið skrifuð í ljósi þess að aldrei mundi reyna á hana. Einnig var bent á að ef
Bretland verður áfram aðili að ESB eftir næstu kosningar í Bretlandi og að
niðurstaðan verði þingmeirihluti þeirra sem vilja vera áfram í ESB muni Bret-
land mögulega draga úrsögn sína til baka. Gerist það og hafi Bretland í milli-
tíðinni virkjað grein 50, þá þyrftu öll aðildarríki ESB að samþykkja slíkt. Loks
voru nokkrar vangaveltur um það hvað muni gerast varðandi Skotland og
N-Írland hefji Bretar viðræður um úrsögn úr ESB, en bæði í Skotlandi og N-Ír-
landi er meirihluti fyrir áframhaldandi aðild, auk þess sem umræður eru
hafnar um mögulega sameiningu írsku lýðveldisins og Norður-Írlands í eitt
ríki.

Varðandi mögulega kosti í stöðunni, að því gefnu að Bretar segi sig úr
ESB, eru fimm tæknilegir kostir helst nefndir til sögunnar, varðandi áfram-
haldandi tengsl Bretlands og ESB:

- EES-leiðin
- WTO-leiðin. Samskiptin byggi á reglum WTO (Alþjóða viðskipta-
stofnunarinnar).
- Svissneska-leiðin, Gerður verði „klæðskerasaumaður“ viðskiptasam-
ningur. Þar er til ákveðin fyrirmynd, sem er samningur ESB og Sviss.

- Tyrkneska leiðin. ESB hefur gert tollabandalag við Tyrkland.
- Samstarfssamningur byggður á grunni ESB, svokallaða „Continental Partnership“ lausn.

Fræðimennirnir voru sammála um að erfitt/ómögulegt sé að sjá fyrir í dag hver möguleg lending verður varðandi framtíðartengsl Bretlands og ESB. Það sem flækir málið er að tvær af helstu kröfum Breta, sem eru annars vegar að hafna frjálsri för launafólks og hins vegar að hafna yfirþjóðlegum stofnunum, ganga þvert gegn grundvallarreglum ESB. Ná þarf niðurstöðu sem er ásættanleg fyrir báða aðila. Það er ljóslega mjög flókið. EES-leiðin gengur tæpast/ekki. Hún felur hvoru tveggja í sér að Bretar þurfa að setta sig við frjálsa för og yfirþjóðlegar stofnanir og vald, og spurning hvort EFTA- EES-ríkin hefðu nokkurn áhuga á slíkri lausn. WTO-leiðin er tæpast á dagskrá fyrir Bretana, þar sem hún fæli í sér að þeir hefðu allt aðra og lakari stöðu en önnur Evrópuríki varðandi aðgang að markaði Evrópuríkjanna. Sama gildir um Tyrklands-leiðina. Svissneska leiðin er tæpast á dagskrá enda felur hún í sér frjálsa för og að Bretland yrði að lúta stofnunum ESB.

Það sem að framan greinir felur í sér að finna verður nýja lausn. Þar hefur verið horft til hugmyndarinnar um „Continental Partnership“ sem felur í sér að laga aðild Breta að innri markaðinum. Hins vegar hefur verið bent á að sú leið er ekkert augljós heldur, þar sem málið snýst í raun um hvaða „málamiðlun“ Bretar og ESB geta gert. Þannig er bent á að það væri óásættanlegt fyrir ESB (og EFTA EES) ef Bretar fengju afslátt varðandi frjálsa för og félagsleg réttindi af ýmsu tagi. Einnig verði að líta til þess að allar lausnir sem finnast eru jafnframt fordæmi fyrir önnur ríki sem nú eru innan ESB og eru ekki sátt við alla hluti þar. Á móti er bent á að mikilvægt sé að horfast í augu við þá staðreynd að mikilvægt er að geta boðið ríkjum fleiri en einn kost þegar kemur að Evrópusamvinnunni og ESB. Þannig sé það í reynd í dag þegar aðeins hluti aðildarríkja ESB eru jafnframt aðilar að myntbandalaginu sem felur í sér enn nánara samstarf. Annað dæmi sé EES-samningurinn sem megi túlka sem einhvers konar aukaaðild að ESB. Lausn sem fengist fyrir Breta gæti jafnframt leyst vandann varðandi aðildarumsókn Tyrklands, og jafnvel einnig Úkraínu. Hér má aftur vísa í hugmyndina um „Continental Partnership“.

Enn eitt flækjustigið er síðan hvað gerist meðan úrsagnarferlið er í gangi. Hvenær hætta Bretar að þurfa að uppfylla skyldur sínar gagnvart ESB (og öfugt) og hvað tekur við meðan „yfirgangstímabilið“ stendur yfir?

Hvað varðar EFTA- EES-ríkin eru í reynd öll sömu úrlausnar- og álítaefnin uppi og gagnvart ESB. Þar við bætast enn frekari flækjur. Þannig var m.a. bent á að ekki er sjálfgefið að Bretar segi sig úr EES (sbr. 127. grein samningsins) þótt þeir segi sig úr ESB. Þetta væri íreynd fullkominn ómögu-

leiki. Þá er ljóst að æskilegast væri að viðræður varðandi úrsögn Breta úr ESB og EES gerðust samhliða/væru samhæfðar.

Á fundi ráðgjafarnefndarinnar í júní 2017 komu fram ýmsar vangaveltur um það hvaða væntingar Bretar hafa til BREXIT-viðræðnanna og þá hvort og þá að hvaða leyti úrslit kosninganna í Bretlandi í vor muni mögulega hafa á samningsafstöðu þeirra út frá spurningunni um „hard“ eða „soft“ BREXIT. Einnig voru vangaveltur um það hvort Bretar muni e.t.v. sjá aðild að EFTA sem ákveðna lausn fyrir sig og þá sækja um aðild. Einnig hvort möguleg aðild Breta væri æskileg eða ekki. Eins og áður segir voru þetta allt saman vangaveltur. Hins vegar er ljóst að mikilvægt er fyrir Alþýðusambandið að fylgjast með málum og taka virkan þátt í umræðunni, bæði heima og á vettvangi EFTA, enda miklir hagsmunir í húfi.

EEA grants og „Evrópska rafræna þjónustukortið“

Á fundi ráðgjafarnefndarinnar með sendiherrum EFTA-ríkjanna í janúar 2017 gerði fulltrúi ASÍ grein fyrir tveimur málum og lagði fram spurningar í því samhengi:

Fulltrúi ASÍ greindi frá áhyggjum verkalyðshreyfingarinnar á Íslandi vegna fjölda námsmanna, sem einkum koma frá gömlu Austur-Evrópu, á styrkjum frá EFTA (EEA grants) og sem eru notaðir sem ódýrt vinnuafli og til félagslegra undirboða í ferðaþjónustunni. Bent var á að ASÍ hefur komið þessum áhyggjum og gagnrýni á framfæri við RANNÍS sem hefur með eftirlit þessara samninga að gera og að lofað hafi verið að taka málið upp á vettvangi EFTA-EES.

Í svörum sendiherranna kom fram að málið hafi verið tekið upp og kynnt á vettvangi EFTA-EES og að það væri til umfjöllunar á þeim vettvangi. Þá tóku sendiherrarnir undir með ASÍ að það er alls ekki ætlunin og misnotkun á EES-styrkjunum að nota þá með þessum hætti til undirboða á vinnumarkaði.

Í annan stað spurði fulltrúi ASÍ sendiherrana hvort EFTA-EES-ríkin hafi mótað einhverja stefnu varðandi „Evrópska rafræna þjónustukortið“ (European service e-card), sem kynnt var sem hluti af stærri pakka um þjónustuviðskipti á EES-svæðinu af hálfu framkvæmdastjórnar ESB 10. janúar sl. Jafnframt gerði hann grein fyrir áhyggjum aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu í byggingariðnaði og mannvirkjagerð vegna þessara fyrirætlana. Það er skoðun þessara aðila að þær muni draga enn frekar úr samkeppnishæfni heiðarlegra fyrirtækja og auka enn á undirboð á vinnumarkaði í byggingariðnaði og mannvirkjagerð í Evrópu.

Af hálfu sendiherranna var því svarað til að EFTA-EES-ríkin hafi ekki mótað afstöðu til málsins, hins vegar styddu þau almennt að liðkað verði fyrir þjónustuviðskipti innan EES. Þetta mál yrði hins vegar skoðað sérstaklega og

var fulltrúi ASÍ hvattur til að koma afstöðu sambandsins til málsins á framfæri við íslensk stjórnvöld.

Evrópskur grundvöllur félagslegra réttinda (European Pillar of Social Rights)

Ráðgjafarnefnd EFTA fjallaði um hugmyndina sem kynnt var af Junker, forseta framkvæmdastjórnar ESB, í september 2015 um að endurnýja hinn félagslega sáttmála/grundvöll Evrópu. Almenn stefnumótun um efnið var kynnt 8. mars 2016. Hún var sett í almenna umsögn innan ESB og bárust 16.500 athugasemdir, auk 200 skriflegra greinargerða/nánar rökstuddrar afstöðu. Þetta efni var kynnt 23. janúar sl. og er stefnt að því að pakki með ákveðnum útfærðum tillögum verði settur fram af hálfu framkvæmdastjórnar ESB nú í mars.

Ljóst er að þetta frumkvæði Junkers og framkvæmdastjórnar ESB eru ákveðin viðbrögð við þeirri gagnrýni sem komið hefur fram á Evrópu-sambandið um að það gæti hagsmuna stórfyrirtækja og ráðandi afla í Evrópu en ekki fólksins sem þar býr. Þannig má líta á Pillar of Social Rights sem - tilraun til að svara ákalli um að gripid verði til raunhæfra aðgerða til að draga úr atvinnuleysi, aukinnar óánægju almennings með hlutskipti sitt og vaxandi ójöfnuði í Evrópu. Það skortir hins vegar mjög á að ljóst sé hvert framkvæmdastjórnin er nákvæmlega að fara, hvert inntakið eigi í reynd að vera og til hverra „félagslegi grundvöllurinn“ á að ná. Á þessu stigi virðist þetta frekar vera eitthvert fálm út í loftið frekar en skýr stefna með markvissum aðgerðum. Það sem fram kom á fundinum í ráðgjafarnefndinni var ekki til að skýra málið frekar. Það er því erfitt að segja til um á þessu stigi hvert vinnan við European Pillar of Social Rights mun leiða og þá hvort eitthvað muni koma út úr þessu starfi sem máli skiptir. Og einnig, hvort og þá hver áhrifin verða hér á landi.

Endurbætur á tilskipun ESB um útsenda starfsmenn

Á fundum ráðgjafarnefndarinnar var gerð grein fyrir framgangi mála varðandi endurbætur á tilskipun ESB um útsenda starfsmenn.

8. mars 2016 kynnti Framkvæmdastjórn ESB tillögu að endurskoðun tilskipunar 96/71/EB um útsenda starfsmenn. Helsta markmiðið með endurskoðuninni á tilskipun 96/71/EB er að tryggja að veiting þjónustu yfir landamæri byggji á sanngjörnum samkeppnisgrundvelli og að réttindi launafólks, sem er með ráðningarsamband í einu aðildarríki og sent er tímabundið af atvinnurekanda sínum til annarra aðildarríkja EES til að veita þjónustu, útsendra starfsmanna, séu virt. Frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar með tillögunni felur í sér að útsendir starfsmenn njóti réttláttra kjara og að skapa jafna

samkeppnisstöðu fyrirtækja með útsenda starfsmenn og fyrirtækja sem eru með staðfestu í heimalandinu.

Tillagan byggir á fyrirheiti sem ný framkvæmdastjórn ESB, undir forsæti Junkers, gaf þegar hún tók til starfa um að útsendir starfsmenn skuli að lágmarki njóta sömu kjara og launafólk í því landi sem þeir starfa í hverju sinni. Efnisþættir tillögunnar eru þessir helstir:

- Útsendir starfsmenn njóti sömu launa og annarra starfskjara og launafólk viðkomandi lands. Einnig er aðildarríkjunum heimilt að gera kröfur um að undirverktakar greiði sömu laun og aðalverktaki.
- Sömu reglur gildi um innlendar sem erlendar starfsmannaleigur.
- Sett verði regla um hámark þess tíma sem starfsmaður getur verið útsendur.

Tillaga framkvæmdastjórnar ESB fór til umfjöllunar í aðildarríkjum ESB og nýttu 11 þeirra þann möguleika að gefa tillögunni „gula spjaldið“ (sjá t.d. hér). Ríkin báru fyrir sig að tilskipunin gengi gegn „nálægðarreglu“ ESB en raunveruleg ástæða í tilfelli 10 ríkja gömlu Austur-Evrópu var að þau óttast að með kröfunni um að starfsmenn þjónustufyrirtækja njóti sömu launa og annarra starfskjara og launafólk viðkomandi lands muni draga verulega úr eftirspurn eftir þjónustu fyrirtækja frá þessum löndum.

Við þessar aðstæður stóð framkvæmdastjórn ESB frammi fyrir þremur kostum:

- Draga tillöguna til baka
- Halda tillögunni til streitu
- Gera breytingar á tillögunni sem eru líklegar til að mæta gagnrýni aðildarríkjanna 11.

Niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar var að halda sínu striki og láta reyna á vilja Ráðs ESB og þingsins til að samþykkja tillöguna.

Það kom í hlut Slóveníu, sem var í forsæti Ráðsins, að fylgja málinu eftir á seinni hluta árs 2016. Það sem slóvenska forsætið gerði var að senda -spurningakönnun til aðildarríkja ESB um hvort þau styddu tillöguna eða ekki – og ef ekki þá af hverju. Niðurstaða Slóvenanna var að leggja til þrjár mögulegar málamiðlanir. Nú liggur fyrir að engin málamiðlananna nýtur nægilegs fylgis meðal aðildarríkjanna. Það sem stendur útaf og ágreiningurinn er einkum um er:

- Skilgreiningin á lengd útsendingarinnar. Annars vegar eru ríki sem telja tímann (24 mánuðir) of langan. Hins vegar eru ríki sem ekki vilja hafa nein tímamörk.
- Reglan um laun og starfskjör. Annars vegar er gagnrýnt að reglan gangi

alltof langt. Hins vegar að það sé ekki nægilega skýrt hvað falli undir laun og önnur starfskjör.

- Tillagan um að hægt sé að skylda þjónustufyrirtæki til að ráða ein-göngu undirverktaka sem skuldbinda sig til að undirgangast sömu skyldur varðandilaun og önnur starfskjör.

Slóvenía gerði grein fyrir stöðu mála í desember 2016 og skilaði málinu af sér til Möltu sem tók við forsætinu í Ráðinu 1. janúar 2017.

Hvað varðar Evrópuþingið þá er búið að skipa tvo framsögumenn. Þeir hafa hins vegar ekki hafið störf og fullvíst þykir að sami ágreiningur verði um málið þar og meðal aðildarríkjanna.

Ráðgjafarnefnd EES

Ráðgjafarnefnd EES er skipuð fulltrúum úr ráðgjafarnefnd EFTA (annarra en Svisslendinga) og fulltrúa Efnahags- og félagsmálanefndar ESB, á grundvelli EES-samningsins. Ráðgjafarnefndir hittast einu sinni á ári.

Fundur var haldinn í ráðgjafarnefnd EES í Prag 6. og 7. júní sl. Meginefni fundarins var umfjöllun og afgreiðsla á tveimur ályktunum og skýrslum nefndarinnar. Annars vegar um „stafrænu byltinguna og áhrif hennar á störf og hæfni“ (Digital revolution and its impact on jobs and skills), sem fylgt var eftir með erindi um stöðu Austur-Evrópuríkjanna gagnvart þeim breytingum sem eru að verða í atvinnulífinu með stafrænu byltingunni og þróun atvinnuhátta og viðskipta. Hins vegar „samfélagslega vídd Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópska stoð félagslegra réttinda“ (The Social Dimension of European Pillar of Social Rights) sem fylgt var úr hlaði með yfirgripsmiklu erindi og umræðum um félagslegu stoðina, tilurð og tilgang. Þá var einnig fjallað um stöðu og framkvæmd EES-samningsins, m.a. í ljósi útgöngu Breta, auk þess sem utanríkisráðuneyti Tékklands var heimsótt þar sem Evrópustefna Tékkka var kynnt.

Það er skemmst frá því að segja að ályktunardrögin tvö ásamt greinargerðum sem lágu fyrir fundinum voru afgreidd með lítilsháttar breytingum. Eins og verða vill þegar um er að ræða efni sem byggir á málamiðlunum og sátt ólíkra aðila, ekki síst fulltrúa samtaka launafólks annars vegar og atvinnurekenda hins vegar, er ekki um róttækar áherslur að ræða. Að mati undirritaðs eru ályktanirnar þó efnislega vel ásættanlegar. Hins vegar má gagnrýna skýrsluna sem fylgir um stafrænu þróunina fyrir skort á gagnrýnni sýn á áhrif á þróunina varðandi fyrirbæri eins og Airbnb og Uber (svokallaða deiliahagkerfið). Þessu sjónarmiði var komið á framfæri á fundinum.

Áhugaverðar umræður urðu um Evrópska stoð félagslegra réttinda. Fram kom að í upphafi var þetta framtak hugsað fyrir Evru-löndin til að skapa

félagslegt mótvægi við sameiginlega gjaldmiðilinn (félagslegan stöðugleika samhliða efnahagslegum stöðugleika). Í sjálfu sér er ekki um miklar nýjungar að ræða heldur frekar að búið er að taka saman ýmsa löggjöf og aðgerðir sem ætlað er að styrkja félagslega stöð Evrópusamvinnunnar og réttindi þegnanna, bæði á vinnumarkaði og í samfélaginu almennt. Þannig er búið að safna saman 20 markmiðum. Þá er búið að setja upp mæliborð (Social scoreboard) til að mæla stöðuna og árangurinn í einstaka aðildarríkjum ESB. Þannig er ljóst að „stoðin“ hefur ekki aðeins ætluð áhrif á Evrúlöndin, heldur öll aðildarríki ESB, enda byggir hún fyrst og fremst á Evrópulöggjöfinni og stefnumótun við útdeilingu fjármuna úr sameiginlegum sjóðum ESB. Fram kom að „stoðin“ mun einnig hafa margvísleg bein og óbein áhrif fyrir innri markaðinn í heild og þar með EFTA-EES-ríkin. Sem dæmi um bein áhrif er endurskoðun sem nú á sér stað á tilskipuninni um skriflega staðfestingu ráðningar og túlkun sem framkvæmdastjórn ESB hefur gefið út á þýðingu ýmissa ákvæða Vinnutímatilskipunarinnar. Í því ljósi er mikilvægt að ASÍ fylgist vel með framvindu mála á þessu sviði.

TUAC

Forseti ASÍ tók sæti í stjórnarnefnd TUAC fyrir hönd Norrænu samtakanna á síðasta ári, en nefndin ber ábyrgð á starfi ráðgjafarnefndar stéttarfélaganna við OECD í París. Ráðgjafarnefndin á í viðamiklu samráði við OECD um bæði efnahagsleg málefni sem og ýmis þau verkefni sem OECD fjallar um eins og framkvæmd PISA-kannana og samanburð á milli aðildarríkjanna í menntamálum, heilbrigðismálum og lífeyrismálum. Jafnframt hefur TUAC lagt mikla vinnu í að útfæra siðareglur fyrir fjölþjóðafyrirtæki sem OECD hefur síðan notað sem grundvöll af samtali við aðildarríkin. Af hálfu stjórnarnefndarinnar hefur verið unnið að því að ganga frá formlegu samkomulagi milli TUAC og NFS um fjármögnun á vinnu TUAC við gerð þessara siðareglna, en norræn aðildarsambönd NFS hafa í mjög mörg ár staðið að baki þessarar vinnu. Nú þegar John Evans, framkvæmdastjóri TUAC, hefur látið af störfum vegna aldurs var ákveðið að ganga frá formlegu samkomulagi um þetta þar sem jafnframt er kveðið á um aðkomu NFS að stjórn og stjórnarnefnd TUAC. Var þetta samkomulag afgreitt á fundi nefndarinnar í sumar. Á sama fundi var ákveðið að auglýsa stöðu framkvæmdastjórans og rennur umsóknarfrestur út í lok september og er gert ráð fyrir að gengið verði frá ráðningu á næsta fundi stjórnarnefndarinnar í desember nk.

Þríhliðanefnd ILO á Íslandi

Nefndin kom saman til 4 funda á síðasta starfsári. Til meðferðar er ennþá fullgilding á ILO-189 um starfsmenn á heimilum, 185 um persónuskilríki sjó-

manna, 188 um fiskimenn, 186 um farmenn og 187 um aðbúnað og hollustu-hætti. Fullgilding strandar fyrst og fremst á afstöðuleysi SA sem ekki virðist vera fært um að taka afstöðu í einstökum málum. Af þeirri ástæðu m.a. hitti sendinefnd Íslands sérfræðinga á skrifstofu ILO í sumar til þess að fara yfir þær meintu hindranir sem SA telur vera á fullgildingu ILO-187. Eins og við var að búast og við höfum haldið fram reyndust þær ekki á vetur setjandi. Ákveðið hefur verið að hér á landi verði sérstök ráðstefna ILO og Norðurlandanna um framtíð vinnunnar. Það verður síðasta ráðstefnan í syrpu ráðstefna um sama mál á öllum Norðurlöndunum en talsvert stærri og haldin á 100 ára afmælisári ILO 2019 og í aðdraganda afmælisþingsins. Framkvæmdastjóri ILO, Guy Rider, mun sækja ráðstefnuna og gert ráð fyrir háttsettum fulltrúum allra Norðurlandanna.

Norræna ILO-samstarfið

Fundir voru 4 á árinu en þeir eru ætlaðir til samráðs og stuðnings við fulltrúa Norðurlandanna í stjórn ILO sem nú er Jens Erik Ohrt frá danska alþýðusambandinu. Hann var endurkjörinn til þriggja ára. Gert er ráð fyrir því að Ísland taki stöðu hans 2020. Ekki tókst að sækja nema 2 þessara funda en með hinum fylgst yfir netið. Samstarfið var í öllum grundvallaratriðum gott, m.a. varðandi þátttöku Norðurlandanna í svæðisráðstefnu ILO í Tyrklandi sem öll löndin ákváðu að sniðganga vegna mannréttindabrota tyrkneskra stjórnvalda. Sú afstaða er í samræmi við tilmæli ITUC.

106. Alþjóðavinnumálalæpingið í Genf 2017

Fulltrúi íslensks launafólks var Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands (ASÍ), en varamaður hans var Drífa Snædal frá Starfsgreina-sambandi Íslands. Meginmálefni þingsins voru að venju fjögur.

Grundvallarréttindi í atvinnulífinu

Alþjóðavinnumálalæpingið fjallar reglulega um framkvæmd yfirlýsingarinnar frá árinu 2008 um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu. Magnús M. Norðdahl tók þátt í störfum þessarar nefndar en hana leiddi fyrir hönd launafólks Kelly Ross frá bandaríska alþýðusambandinu. Þingnefndin sem fjallaði um málið afgreiddi niðurstöður þar sem tekið er á öllum fjórum helstu þáttum yfirlýsingarinnar sem eru: Félagafrelsi, rétturinn til samningsgerðar um kaup og kjör, afnám mismununar í atvinnulífinu, aðgerðir gegn barnavinnu og nauðungarvinnu. Niðurstöður og umræður má nálgast á heimasíðu ILO.

Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktta

Nefndarstarfið hófst með almennum umræðum um skýrslu um aðgerðir til að

auka öryggi og hollustu á vinnustöðum. Í skýrslunni var m.a. fjallað um samþykkt nr. 187 um það efni. Íslenska ILO-nefndin hefur fjallað um fullgildingu þeirrar samþykktar. Haldinn var sérstakur fundur með sérfræðingum Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar um nokkur atriði samþykktarinnar þar sem fram kom að ekkert sé í vegi þess að Ísland geti fullgilt hana. Í samræmi við verklagsreglur höfðu fulltrúar atvinnurekenda og fulltrúar launafólks sett saman skrá yfir 24 alvarleg brot aðildarríkja á samþykktunum. Fimm af þessum málum voru sérstaklega alvarleg. Þau voru: Malasía vegna brota á samþykkt nr. 19, um jafnan rétt innlands og erlends launafólks til slysabóta, Pólland vegna samþykktar nr. 29, um afnám nauðungarvinnu eða skylduvinnu, Úkraína vegna samþykktar nr. 81 og 129, um vinnuvernd, El Salvador vegna samþykktar nr. 144, um þríhliða samráð, Ekvador vegna samþykktar nr. 87, um félagafrelsi. Nefna má til viðbótar Kasakstan einnig vegna samþykktar nr. 87. Líbía vegna samþykktar nr. 182, um afnám barnavinnu í sinni verstu mynd. Góður samstarfsandi var í nefndinni þetta árið. Samstaða tókst um niðurstöður í öllum málum sem nefndin tók til umfjöllunar.

Nefnd um endurskoðun tilmæla um umskipti frá stríði til friðar

Á þinginu fór fram önnur og síðari umræða um endurskoðun tilmæla nr. 71 frá árinu 1944, um umskipti frá stríði til friðar. Norðurlöndin voru í aðalhlutverki í nefndinni. Formaður hennar var kjörin Lena Hasle frá norska utanríkisráðuneytinu og tókst henni að brúa bilið á milli aðila. Niðurstaðan er fyrsta alþjóðlega gerðin þar sem mælt er með aðgerðum í atvinnulífinu til að koma í veg fyrir og takast á við afleiðingar stríðsátaka og annarra hörmunga á efnahagslíf og samfélagið, einkum þeirra sem standa höllum fæti, með sérstakri áherslu á þríhliða samráð. Fulltrúar Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem tóku þátt í nefndarstarfinu, fögnuðu mjög hinum endurskoðuðu tilmælum. Fram kom að þeir telja þau mikilvægt tæki í starfi stofnunarinnar. Allsherjarþing vinnumálaþingsins samþykkti tilmælin með 378 atkvæðum. Fimm greiddu atkvæði á móti. Það verður gert með sama hætti og áður. Skýrslu ráðherra til Alþingis um Alþjóðavinnumálaþingið.

Réttarstaða farandlaunafólks

Þetta málefni var brotið til mergjar í sérstakri nefnd á Alþjóðavinnumálaþinginu. Þingnefndin setti fram tillögu í 10 liðum um aðgerðir sem Alþjóðavinnumálastofnunin, í samstarfi við aðildarríkin og samtök sem láta sig þessi mál varða, getur gripið til í því skyni að auka öryggi fólks sem flyst á milli landa í atvinnuskyni. Fullgildning tveggja samþykktar um farandlaunafólk er meðal þess sem nefnt er auk framkvæmdar á tilmælum stofnunarinnar frá árinu 2016 um sanngjarna ráðningarskilmála.

Kosning stjórnarnefndar (GB) fyrir kjörtímabilið 2017–2020

Jen Erik Ohrt frá LO-Danmark var í framboði fyrir verkalýðshreyfinguna og Norðurlöndunum inn í þann hóp sem Evrópa tefldi fram á lista ITUC. Hann fékk góða kosningu og hóf með því sitt annað kjörtímabil. Með kosningunni lauk hins vegar kjörtímabili fulltrúa ríkisstjórnar Noregs, sem hefur talað máli norrænu ríkisstjórnanna í nefndinni undanfarin þrjú ár. Fulltrúi ríkisstjórnar Finnlands tók við kefli Norðurlandanna. Skv. samkomulagi Norðurlandanna mun fulltrúi Íslands vera í framboði fyrir þann hóp við næstu kosningar.

Genfarskólinn

Genfarskólinn starfaði að venju með miklum krafti og nú undir stjórn Peters Waldorff. Genfarskólinn er skóli á vegum norrænu verkalýðshreyfingarinnar sem haldinn er í tengslum við þing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar. Íslensku þátttakendurnir, þær Drífa Snædal og Svanhildur Steinarsdóttir frá BSRB, tóku virkan þátt í starfi skólans ásamt öðrum nemendum frá hinum Norðurlöndunum. Nemendur fylgdust með störfum mismunandi nefnda þingsins, fengu fyrirlestra um starfsemi ILO og samstarf við aðrar alþjóðastofnanir. Unnið var í ákveðnum málefnaþópum og í lok þingsins skilaði hver hópur skýrslu um þann málaflokk sem hann valdi að fylgja eftir meðan á þinginu stóð.

Lokaorð

Því miður var sendinefnd Íslands það fámenn að venju að ekki var mögulegt að manna allar nefndir eins og áður hefur komið fram. Í því efni strandar á íslenskum stjórnvöldum. Þingið var starfsamt og dagskrá þétt að venju en áfram var haldið með að stytta þingið eins og framast er unnt. Þetta þýddi að undirbúningur hófst þegar á laugardag fyrir setningu þingsins. Minni tími gafst til almennrar umræðu í nefndum og minni tími til þess að laða fram sátt í samninganefndum.

Samráð við íslensk stjórnvöld um utanríkismál

Hagsmunagæsla vegna EES

Alþýðusamband Íslands á fulltrúa í „Samráðshópi hagsmunaaðila um EES-regluverk“ á vegum utanríkisráðuneytisins. Markmiðið með samráðshópnum er að tryggja aðkomu hagsmunaaðila að starfi og forgangsriðun stjórnvalda þegar kemur að EES-samningnum og framkvæmd hans. Hugsunin er sú að aðilar hafi möguleika á að koma að málum þegar á undirbúningsstigi og hafa þannig áhrif á EES-regluverkið, ekki aðeins þegar kemur að innleiðingunni hér á landi, heldur ekki síður að því að móta regluverkið sjálft, eðli þess og inntak. Samráðshópurinn hittist reglulega þar sem fjallað er um verkefni og EES-gerðir á undirbúningsstigi eða sem nýlega hafa verið samþykktar og

varða vinnumarkaðinn og samfélagið allt miklu. Þannig hefur hópurinn fjallað um stefnumótun ESB á sviði vinnumarkaðs- og félagsmála, persónuverndarreglur, umhverfis- og loftslagsmál og regluverk varðandi fjármálastofnanir svo eitthvað sé nefnt.

Á grundvelli þessa samstarfs náði ASÍ m.a. að koma að áherslum sínum varðandi bætt réttindi útsendra starfsmanna, þegar ríkisstjórn Íslands samþykkti í ágúst 2016 helstu forgangsmál 2016–2017 þegar kemur að hagsmunagæslu Íslands gagnvart ESB.

Hagsmunagæsla vegna BREXIT

Á fundum alþjóðanefndar ASÍ hefur verið gerð grein fyrir stöðunni varðandi BREXIT eins og hún blasir við okkur Íslendingum. Bretar virkjuðu úrsagnargreinina fyrir lok mars 2017. Þá hófust formlegar viðræður við ESB um útgönguna og með hvaða hætti framtíðartengslum Bretlands og ESB verður háttað. Af hálfu ESB er lögð áhersla á að samningur liggja fyrir í október 2018 og að úrsögnin taki gildi í mars-apríl 2019. Gert er ráð fyrir því að úrsögn Breta úr EES taki gildi á sama tíma. Þar til úrsögnin tekur gildi eru Bretar formlega séð fullgildir aðilar að ESB og EES með öll sömu réttindi og skyldur. Ljóst er að í hönd fara mjög flóknar og erfiðar samningaviðræður, enda hagsmunirnir miklir og Bretland svo samgróid ESB og stofnunum þess að verkefnið virðist í reynd nánast óyfirtíganlegt. Enn er allt of fljótt að reyna að geta sér til um hvaða samningar eða hvernig verða endanlega uppi á borðum, annars vegar milli Bretlands og ESB og hins vegar Bretlands og EFTA-ríkjanna, saman eða hvort í sínu lagi. Í því sambandi er gjarnan talað um „Soft-Brexit“ og „Hard-Brexit“.

Af hálfu Íslands er hafin vinna við stöðumat og með hvaða hætti eigi að bregðast við. Ljóst er að hagsmunir okkar eru miklir enda Bretland mikilvægur viðskipta- og samstarfsaðili á mörgum sviðum. Mikið hefur verið lagt upp úr því að minna á Ísland og víðtæk og gróin samskipti okkar gagnvart breskum stjórnvöldum og þeim aðilum í Bretlandi sem leiða munu samningaviðræðurnar af þeirra hálfu. Þá hefur einnig verið lögð áhersla á að eiga góð samskipti við Noreg og Liechtenstein vegna sameiginlegra hagsmuna þessara ríkja í gegnum EES-samninginn. Einnig er áhugi af hálfu íslenskra stjórnvalda að Sviss komi inn í þetta samstarf enda ljóst að það mundi styrkja það og auka mikilvægi hópsins gagnvart Bretum.

Hafin er hagsmunagreining af hálfu íslenskra stjórnvalda. Fólst hún í upphafi í því að ráðuneytin fóru hvert um sig í gegnum þá málaflokka sem undir þau heyra sbr. viðaukana 22 sem fylgja EES-samningnum. Nú í haust voru síðan skipaðir 5 Brexit-vinnuhópar, skipaðir fulltrúum ráðuneytanna undir forseti utanríkisráðuneytisins. Jafnframt hefur verið boðað að vinnuhóparnir

muni starfa í nánum tengslum við Alþýðusambandið og munu þeir setja sig í samband við þá hagsmunaaðila sem koma að málaflökkunum sem falla undir þá. Jafnframt hefur verið áréttað að ef ASÍ óskar sérstaklega eftir því að hafa aðkomu að ákveðnum hópum eigi að láta formenn og starfsmenn viðkomandi vinnuhópa vita.

Þróunarsamvinnunefnd

Þróunarsamvinnunefnd er skipuð samkvæmt lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands, nr. 121/2008. Í nefndinni sitja nfu fulltrúar skipaðir samkvæmt tilnefningum frá borgarasamtökum, háskólastiginu og aðilum vinnu- markaðarins, þ.e. ASÍ og SA. Að auki tilnefnir Alþingi einn þingmann úr hverjum þingflokki sem á Alþingi situr hverju sinni. Formaður er skipaður af utanríkisráðherra án tilnefningar.

Hlutverk þróunarsamvinnunefndar er samkvæmt lögnum að sinna ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanatöku um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til lengri tíma og fylgjast með framkvæmd hennar. Nefndin skal m.a. fjalla um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu og aðgerðaáætlun þar að lútandi, framlög til þróunarsamvinnu, val á samstarfslöndum, þátttöku Íslands í starfi alþjóðastofnana á sviði þróunarsamvinnu, sem og helstu skýrslur um árangur í þróunarsamvinnu. Að auki er bundið í lög að nefndin skuli funda að lágmarki tvisvar á ári með ráðherra og upplýsa utanríkismálanefnd reglulega um störf sín. Fulltrúi utanríkisráðuneytis situr fundi nefndarinnar, skrifstofustjóri þróunarsamvinnu eða fulltrúi hans.

Fulltrúi ASÍ í nefndinni gætir þess meðal annars að í öllum tillögum og ákvarðanatöku sé tekið tillit til meginreglna um grundvallarréttindi sem er að finna í yfirlýsingu Alþjóðavinnuáráðs (ILO) um grundvallarviðmið og réttindi um vinnu og í áréttingu hennar sem Alþjóðavinnuáráðsþingið (ILC) samþykkti árið 1998 og yfirlýsingu ILO um félagslegt réttlæti í þágu sanngjarnar alþjóðavæðingar frá árinu 2000.

Global Deal

Miðstjórn ASÍ samþykkti á fundi sínum 7. desember 2016 að taka þátt í verkefninu Global Deal og staðfesti þar með stuðningsyfirlýsingu verkefnisins þar sem segir að samráð aðila vinnu- markaðarins og góð samskipti í atvinnulífnum geta dregið úr mögulegri mismunun vegna alþjóðavæðingar, aukinnar framleiðni og hagvaxtar, auk þess að stuðla að sjálfbærri þróun.

Tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Árið 2015 samþykktu Sameinuðu þjóðirnar heimsmarkmið um sjálfbæra þróun og leystu þar með af Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem sam-

þykkt höfðu verið árið 2000. Eins og áður þá er það hlutverk þessara markmiða að stuðla að betri heimi fyrir okkur öll.

Heimsmarkmiðin eru flokkur 17 markmiða og 169 undirmarkmiða sem taka til alls heimsins og eiga aðildarríki Sameinuðu þjóðanna að ná að uppfylla þessi markmið fyrir árið 2030. Heimsmarkmiðin eru altæk og metnaðarfull áætlun sem byggir á þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og ætlað að ljúka því sem ekki náðist með þeim. Heimsmarkmiðunum er ætlað að tryggja öllum mannréttindi og ná fram kynjajafnrétti og efla vald kvenna og stúlkna. Þau eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli hinna þriggja stöða sjálfbærrar þróunar: hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu.

Verkefnið Global Deal byggir á og er nánari útfærsla á áttunda og tíunda heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um góða atvinnu og hagvöxt og aukinn jöfnuð. Tilurð verkefnisins má rekja til sannfæringar Stefan Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar, um mikilvægi þess að ólíkir aðilar, eins og stjórnvöld, stéttarfélög, atvinnurekendur, samtök atvinnurekenda, alþjóðleg samtök og aðrir hagsmunaaðilar, vinni saman til að ná betri efnahagslegum árangri með því að tryggja mannsæmandi atvinnutækifæri fyrir alla. Þar með sé hægt að tryggja aukinn jöfnuð innan samfélagsins og á milli þjóða.

Hvað felst í Global Deal?

Alþýðusambandið og aðildarfélög þess eru þegar að vinna að fjölmörgum verkefnum sem falla vel að áttunda og tíunda heimsmarkmiðinu og Global Deal. Til að nefna aðeins nokkur þeirra eru verkefnið Einn réttur – ekkert svindl!, vinnustaðaeftirlitið í samvinnu við opinbera aðila og fundarherferðin Réttlátur vinnumarkaður – allra hagar!, vinna Alþýðusambandsins að því að tekin verði upp keðjuábyrgð auk baráttunnar gegn kennitölulakki.

Víða í heiminum er starfsfólki neitað um mannsæmandi vinnu og mannsæmandi laun og sums staðar er starfsfólk jafnvel ofsótt og drepð. Börn eru neydd til að vinna við ómannúðlegar aðstæður og innflytjendur látnir vinna við óviðunandi aðstæður. Á hverju ári eru 2,3 milljónir vinnutengd dauðsföll, 310 milljónir vinnuslysa og 160 milljón atvinnutengd sjúkdómstilfelli.

Í mörgum löndum ýtir aukinn ójöfnuður undir samfélagslegan óróa og hindrar efnahagslegan vöxt. Efnahagserfiðleikar í heiminum hafa tekið sinn toll. Það er áætlað að yfir 600 milljón ný störf þurfi fyrir árið 2030 til að halda í við þann vöxt sem á sér stað á vinnumarkaði. Bæta þarf aðstæður þeirra 780 milljóna vinnandi kvenna og karla sem ekki fá nægilega mikil laun til að koma sér og fjölskyldum sínum út úr fátækt og draga þarf úr svartri atvinnustarfsemi og umsvifum gráa hagkerfisins.

Global Deal er ekki síst beint að fjölþjóðafyrirtækjum og þeirri samfélagslegu og hnattrænu ábyrgð sem þau bera. Við erum hluti af samfélagi þjóðanna

og því skiptir það máli fyrir alla að tryggja mannsæmandi atvinnu og hagvöxt fyrir alla.

LAGABREYTINGAR OG SKIPULAGSMÁL

Laganefnd

Laganefnd kom saman á 3 fundum á starfsárinu og afgreiddi á fundum sínum lagabreytingar 13 aðildarféлага. Miðstjórn samþykkti allar tillögur laganefndar. Kvartað var yfir verklagi nefndarinnar. Málavextir voru þeir að Þingið og Verkalýðsfélag Þórshafnar komu á framfæri við laganefnd kvörtun og mótmælum vegna breytinga á félagssvæði Félags málmíðnaðarmanna á árinu 2015. Af því tilefni fór laganefnd yfir afgreiðslu þeirra lagabreytinga hjá stofnunum ASÍ. Þar kom fram, að í samræmi við starfsreglur laganefndar voru lagabreytingar FMA sendar landssamböndum og félögum með beina aðild, áður en þær voru teknar fyrir í laganefnd. Það var gert þann 15.5 2015 með eftirfarandi hætti: „Laganefnd ASÍ hafa borist til umsagnar breytingar á lögum Félags málmíðnaðarmanna Akureyri. Áður en lagabreytingin verður tekin til afgreiðslu nefndarinnar og í samræmi við starfsreglur laganefndar ASÍ er hér með óskað eftir umsögn landssambanda ASÍ og féлага með beina aðild um þessi lög. Hafi umsögn ekki borist innan 14 daga frá dagsetningu þessa bréfs er litið svo á að umsögn viðkomandi sé jákvæð. Umrædd lagabreyting er meðfylgjandi og felur í sér breytingar á félagssvæði. Engin umsögn barst. Þann 14.8 2015 kom laganefnd saman og þá var bókað: „Um er að ræða breytingar á 1. gr. (félagssvæði) sem fela í sér að fallið er frá upptalningu einstakra sveitarfélaga á Norðurlandi og þess í stað félagssvæðið látið taka yfir allt Norðurland frá og með Húnaþingi vestra til og með Langanesbyggð.“ Með þessu er félagssvæði félagsins stækkað. Óskað var umsagnar landssambanda og féлага með beina aðild. Laganefnd vekur athygli á því að breytingin felur í sér skörun við samningssvið annarra aðildarféлага ASÍ. Í 15. gr. laga ASÍ segir: „Þar sem samningssvið tveggja eða fleiri aðildarféлага skarast, er þeim skylt að gera með sér samkomulag um samningssviðið. Náist ekki samkomulag er aðildarfélagi heimilt að leggja ágreininginn fyrir miðstjórn, sbr. 10. gr.“ Laganefnd leggur til að breytingarnar verði staðfestar. Lagabreytingin var síðan tekin fyrir í miðstjórn ASÍ þann 2.9 2015 og þá var bókað: „Með vísan til umsagnar laganefndar staðfestir miðstjórn ASÍ þær breytingar sem gerðar voru á 1. gr. laga FMA 28.2 2015. Miðstjórn verkur athygli á því, að þar sem samningssvið tveggja eða fleiri aðildarféлага skarast, er þeim skylt að gera með sér samkomulag um samningssviðið.“ Skv. framansögðu taldi laganefnd afgreiðslu þessara lagabreytinga vera í fullu samræmi við starfsreglur laganefndar frá 2001. Í umræðum í nefndinni kom fram, að afgreiðsla lagabreytinga sé með ýmsum hætti innan landssambandanna en jafnframt að það sé hlutverk þeirra að veita laganefnd umsögn sína og vekja athygli á því ef þau

telja félagssvæði skarast í kjölfar lagabreytinga einstakra aðildarfélaga. Í þeirri vinnu þurfa þau í framhaldinu að eiga frumkvæði að gerð samstarfssamninga sín í milli um skiptingu ábyrgðar á sameiginlegu félagssvæði sbr. 14. gr. laga ASÍ þar sem segir: „Aðildarfélög ASÍ gera með sér samstarfssamning. Í samningnum er ákveðið á hvern hátt aðildarfélögin vinni saman að og samræmi aðgerðir sínar og aðkomu að kjarasamningum við atvinnurekendur og stjórnvöld, hvernig sameiginleg samninganefnd skal skipuð sé samningsumboð ekki fært í hendur miðstjórnar sbr. 9. gr., hvernig félögin skipta með sér ábyrgð eftir samningssviðum og önnur þau atriði sem aðildarfélög telja nauðsynlegt að semja um sín á milli.“ Náist ekki að leysa úr ágreiningi með gerð samstarfssamnings er heimilt með samþykki beggja að leggja ágreininginn í gerðardóm sbr. 2. mgr. 10. gr. laga ASÍ þar sem segir: „Um ágreining milli aðildarsamtaka sem ekki leysist á grundvelli samstarfssamnings eða á annan hátt ber miðstjórn að leita sátta með deiluaðilum. Náist ekki sáttt í slíkri deilu getur miðstjórn að fengnu samþykki deiluaðila vísað málinu til sérstaks gerðardóms sem skipaður skal einum aðila sem miðstjórn skipar í hverju máli, en deiluaðilar skipa síðan hvor sinn aðila. Gerðardómurinn starfi samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma eins og þau eru á hverjum tíma og eru niðurstöður hans bindandi.“ Laganefnd taldi ekki ástæðu til þess að breyta verklagi því sem ákveðið var með starfsreglum nefndarinnar 2001 og lagði áherslu á að landssamböndin og félög með beina aðild bregðist við þeim erindum sem nefndin sendir þeim og sem varða lagabreytingar. Ekki var gerð athugasemd í miðstjórn við niðurstöðu nefndarinnar.

Skipulags- og starfsháttanefnd

Skipulags- og starfsháttanefnd kom saman á 4 fundum á starfsárinu. Nefndin lauk umfjöllun um afgreiðslu á bindandi reglum um bókhald og ársreikninga aðildarfélaga í samræmi við breytt lög ASÍ. Nefndin staðfesti á árinu 7 breytingar á reglugerðum sjúkrasjóða og fylgdi að venju eftir skilum á ársreikningum og skýrslum í aðdraganda sambandsþings og tryggingafræðilegu mati á sjúkrasjóðum. Nefndin kaus sér varaformann, sem að jafnaði er ekki gert, og var Signý Jóhannesdóttir kjörin varaformaður.

Málþing um félagsaðild o.fl.

Málþing um félagsaðild á vegum skipulags- og starfsháttanefndar var haldið 22. maí 2017. 68 fulltrúar sátu þingið og flutt voru 5 innlegg um efni þess. Unnið var í hópavinnu með eftirfarandi spurningar: (Umræða í nefndinni tekin saman um hverja fyrir sig)

Hvernig getum við minnkað eða komið í veg fyrir að skörun á milli stéttarfélagana hafi áhrif á samningsstöðu þeirra og framkvæmd verkfalla?

- **Samstarfssamningar**

- Ástandið í dag kallar á endurskoðun samstarfssamnings. Núverandi ástand er of mikið „kaos“ og að óbreyttu mun á endanum fjara undan öllum félögum.
- Félögin betur vakandi fyrir því að félagar séu rétt skráðir.
- Fjölga samstarfssamningum vegna skörunar og virða þá.
- Mynda starfshóp sem getur rætt þetta opinskátt.
- Þar verði ákvæði um að félögin virði félagssvæði hvert annars.
- Sett ákvæði þess efnis að félögin skili félagsgjöldum til þess félags sem viðkomandi einstaklingur hefur félagsaðild að.
- Félög þurfa að sýna hvert öðru virðingu og vinna saman.
- Félögin sem ekki hafa félagssvæði á hreinu eru vandamálið og ef menn virtu þau lög sem væru í gildi þá væru ekki þessi vandamál.
- Betri samvinna milli félaga og formenn standi saman en séu ekki að slást um félagsmenn. Samstaða yfirsterkari samkeppni.
- Sameining og samstarf mikilvægt en eftir standa alltaf sjóræningjafélög.
- Aukið samstarf stéttarféлага og samræma þarf réttindaflutninga í öllum sjóðum, þ.m.t. verkfallssjóðum.

- **Skilgreining starfa og gildissviðs kjarasamninga**

- Skerpa þarf á skilgreiningum starfa og gildissviðs kjarasamninga.
- Eðli og skilgreining starfa þarf að vera skýrari.
- Fækka bæði félögum og kjarasamningum.
- Breyta fyrirkomulagi samninga og semja fyrir hverja starfsgrein fyrir sig, t.d. fiskverkafólk og hópferðabílstjóra, ekki hafa heildina alltaf undir.
- Félög tali saman og skilgreini verksvið.
- Samið eftir starfsgreinum – kartell samningar.
- Stærri einingar – skýrari leikreglur.

- **Undirbúningur kjarasamninga og verkfalla**

- Samvinna við að vinna að sameiginlegri kröfugerð.
- Boðun og aðgerðir í tengslum við verkföll séu sameinuð, þannig að allir séu eins.
- Betri undirbúningur og kortlagning í aðdraganda kjarasamninga og sameiginlegt plan og skilningur milli félaga.
- Það þarf að undirbúa kjarasamninga fyrirfram í grasrótinni. Þetta sýndi sig í sjómannaverkfallinu í vetur þar sem samningar tókust í þriðju umferð þegar heimavinnan í grasrótinni var unnin.

- **Upplýsingamiðlun**

- Mikilvægt að draga úr skörun á milli félaga með upplýsingaflæði til launamannsins og milli stéttarfélaga. Upplýsingum þarf einnig að miðla til fyrirtækja um skyldu þeirra að greiða af starfsmanni og um mikilvægi þess að sú greiðsla fari á réttan stað.
- Mikilvægt að koma SA að borðinu, í sambandi við þekkingarmiðlun, að allir geri sér grein fyrir hvernig skipulagið er. Ekki nóg að þekkingin sé innan verkalýðshreyfingarinnar, heldur þurfa atvinnurekendur að þekkja og virða skipulagið.
- Hafa fleiri fræðsluerindi eins og t.d. þessi fundur hér í dag.
- Ungt fólk vantar upplýsingar um skipulag vinnumarkaðarins. Þurfum, þ.e. hreyfingin, að vinna í tíma hlutina, breytingar og þróun verða hraðari, dæmi eins og samfélagsmiðlar nýta okkur það.
- Eigum að taka afstöðu og nýta okkur það sem fólk vill heyra, s.s. hús-næðismálin, til að koma okkur á framfæri.
- Upplýsa félagsmenn um afleiðingar þess að vera rangt skráður.

- **Hlutverk ASÍ**

- ASÍ þarf að leika aðalhlutverk og knýja á um betri framkvæmd.
- Rætt var um að koma á einhvers konar vettvangi innan ASÍ þar sem að ágreiningsmál væru leyst og niðurstöður bindandi – líkt og félagsdómur.
- Það þarf að breyta lögum þannig að það séu skýrari ákvæði í kjarasamningum og jafnvel að það skapist möguleikar til þess að beita viðurlögum.
- Skýrari reglur þarf um félagsaðild. ASÍ gefi línuna.
- ASÍ þarf að hafa meiri afskipti varðandi ágreining sem upp kemur milli félaganna um félagssvæðin.
- Huga að endurskipulagningu ASÍ.

Hvernig tryggjum við betur að atvinnurekendur, innan og utan samtaka atvinnurekenda, virði þá kjarasamninga sem þeir eru bundnir af varðandi rétt skil iðgjalda til þeirra stéttarfélaga sem í hlut eiga?

- **Almennt**

- Samstaða á milli félaga tryggir það að þetta sé framkvæmt rétt.
- Mikilvægt að efla og stækka félagseiningar, þ.e. þróunin með fækkun og stækkun stéttarfélaga þarf að halda áfram.
- Samræmt átak til að gera betur, t.d. með samræmdum skilgreinum með starfsflokkun og starfshlutfalli.

- Skoða hvort það sé skilvirkast að lífeyrissjóðir innheimti iðgjöld í stéttarfélög.

- **Eftirlit og viðurlög**

- Að það sé hægt að kæra án þess að vera rekinn, sem er algengt á vinnu- markaði í dag og er til þess að einstaklingar sem telja sig vera beittir misrétti kæra ekki.
- Þarf að efla allt eftirlit, t.d. verðlagsstofu þannig að hægt sé að ráða lögfræðinga sem geta fylgt málum eftir.
- Auka réttindi stéttarféлага til að kalla eftir upplýsingum hjá fyrirtækjum.
- Sterkari heimildir til eftirlits og eftirfylgni.
- Herða þarf eftirlit og auka viðurlög þar sem undanskot atvinnurekanda á greiðslu af launamanni er ekkert annað en þjófnaður.
- Ef atvinnurekendur virða ekki kjarasamninga þá þurfa að vera sektar- ákvæði og síðan möguleiki á tímabundinni lokun, t.d. sólarhringsverk- föll eða stutt skærustopp.
- Það þarf líka aukið vinnustaðaeftirlit í samstarfi við stjórnsýslustofnanir.
- Vinnustaðaeftirlit geti skoðað skil.
- Brennur á að koma á ýmsum lagabreytingum og var keðjuábyrgð þar sérstaklega nefnd.

- **Trúnaðarmenn, fræðsla og upplýsingar**

- Skoðað verði að fjölga sameiginlegum trúnaðarmönnum.
- Að trúnaðarmenn á vinnustöðum fái upplýsingar um hverjir greiða félagsgjald, og hvert félagsgjaldið er greitt. Atvinnurekandi ræður ekki í hvaða stéttarfélag starfsmaðurinn greiðir.
- Virkja trúnaðarmenn og upplýsa um undirboð og brotastarfsemi á vinnumarkaði og leiðir til úrbóta.
- Samstarf við SA og aðra fulltrúa atvinnurekenda er mikilvægt og fræðsla til þeirra kom einnig fram í umræðunni.
- Fá SA með okkur í lið að upplýsa sína félagsmenn hvernig standa ber að greiðslum.
- Mikilvægt að uppfærða bókhaldsfyrirtæki og launafulltrúa.
- Mikilvægt að alltaf komi fram hvaða réttindi fylgja því að greiða þessi gjöld til stéttarféлага.
- Mikilvægt að upplýsa atvinnurekendur og launafólk með aðgengilegum upplýsingum og myndrænum um gildandi kjarasamninga mismunandi starfa á mismunandi félagssvæðum. Það eykur upplýsingar til atvinnurekenda í hvaða stéttarfélag þeir eiga að greiða fyrir.

- SA/SFS taki meiri þátt í fræðslu um samningamál og brotastarfsemi.
- Starfsmennirnir þurfa að gera sér grein fyrir því að ef greitt er í „rangt“ stéttarfélag þá getur viðkomandi félag ekki veitt þá aðstoð sem stundum þarf.
- Auka fræðslu til starfsmanna stéttarféлага.
- Auka upplýsingagjöf til félagsmanna (rafrænar gáttir), vita hvort og hvar skil berast.

Hvernig er best að haga samskiptum félaga, m.a. varðandi skil iðgjalda og færslu réttinda milli félagslegra sjóða (sjúkra-, orlofs- og menntajóða)?

- **Samræming réttinda**

- Samræma þarf betur réttindi í sjóðum og réttindaflutning innan ASÍ. Best sé að gera það með breytingum á reglum ASÍ.
- Iðgjaldasaga fylgi við félagaflutning.
- Það þarf að samræma ávinnsalurétt stéttarfélaganna, starfsmenntasjóði o.fl. á svipaðan hátt og er í dag með sjúkradagpeninga.
- Þyrfti að vera meira samræmi á milli þeirrar þjónustu sem stéttarfélagin veita, ef minni félög hafa ekki burði til að halda úti sjóðum þarf að skoða sameiningar í þeim tilfellum.
- Menn telja að sjóðsfélagsgjöld eigi ekki að endurgreiða nema í formi styrkja. Skoða ætti reglugerð varðandi endurgreiðslu sjóðsfélagagjalda.
- Reglur stéttarfélaganna þarf að samræma þannig að gat myndist ekki hjá félagsmönnum ef um félagaskipti verða. Þannig að gamla félagið heldur þar til nýja tekur við varðandi sjúkrasjóðina.

- **Samstarf og samvinna**

- Þegar gjöldum er skilað á rangan stað þurfa félög að leysa það sín á milli með skynsamlegum hætti þannig að hagsmunir félagsmannsins séu tryggðir.
- Mótaður verði samstarfssamningur milli félaga inna ASÍ um færslu réttinda milli félaga, á sambærilegan hátt og gert er með réttindi í lífeyrissjóðum.

- **Fræðsla og upplýsingar**

- Halda þarf reglulega samráðsfundi milli félaganna um samræmingu. Rætt var um fundi innan landsvæða, landssambanda og á landinu öllu.
- Mikilvægt að halda reglulega starfsdaga fyrir starfsfólk svo allir séu á sömu blaðsíðu. Félögin verða að fara að taka sig saman, hugsa um fólkið í félagunum en ekki fjölda safnaðra félaga.

- **Hlutverk ASÍ**

- ASÍ verði falið það verkefni að koma á samstarfi við önnur heildarsamtök (BSRB, BHM, KÍ) til að tryggja að fólk lendi ekki á milli skips og bryggju við flutning á milli.
- ASÍ setji lágmarks reglugerð um viðmið varðandi réttindatilfærslu og samræmingu milli félaga. Réttindi endurnýjast eftir 3 mánuði í nýju félagi.
- Greiðslur verði samræmdar úr sjóðum félaganna.

Skipulags- og starfsháttanefnd mun vinna áfram með þessar niðurstöður og leggja þær fyrir formannafund haustið 2017 til umræðu og ákvörðunar.

Réttarstaða aldraðra og öryrkja í stéttarfélögum

Skipulags- og starfsháttanefnd gekkst fyrir könnun meðal allra aðildarfélaga ASÍ um réttarstöðu aldraðra og öryrkja í aðildarfélögum ASÍ. 43 af 49 - aðildarfélögum höfðusvarað könnun þegar yfirlit var gert en þar eru 99% félagsmanna. Megin niðurstöður eru marktækar og í meginatriðum eftirfarandi:

- Aldraðir og öryrkjar eigi aðild að 91% aðildarfélaga þar sem 98% allra félagsmanna ASÍ eigi aðild. Í 87% þeirra aðildarfélaga þar sem séu 95% félagsmanna greiði þessir félagsmenn ekki félagsgjöld.
- Aldraðir séu kjörgengir í 40% aðildarfélaga þar sem séu 48% félagsmanna og með atkvæðisrétt í 51% aðildarfélaga þar sem séu 77% félagsmanna.
- Öryrkjar séu kjörgengir í 49% aðildarfélaga þar sem séu 56% félagsmanna og með atkvæðisrétt í 51% aðildarfélaga þar sem séu 83% félagsmanna.
- Í 51% félaga með 55% félagsmanna njóti aldraðir réttar í sjúkrasjóði (umfram dánarbætur) og að jafnaði sé um tæmingu réttar til styrkja á tilteknum tíma að ræða. Í 49% félaga með 45% félagsmanna sé slíkur réttur ekki fyrir hendi (á ekki við um rétt til dánarbóta).
- Í 51% aðildarfélaga með 56% félagsmanna njóti öryrkjar réttar í sjúkrasjóði (umfram dánarbætur) og að jafnaði sé um tæmingu réttar til styrkja á tilteknum tíma að ræða. Í 49% félaga með 44% félagsmanna sé slíkur réttur ekki fyrir hendi (á ekki við um rétt til dánarbóta).
- Aldraðir og öryrkjar í 93% aðildarfélaga með 99% félagsmanna njóti þessir hópar sem næst fullra réttinda í orlofsheimilásjóði en safna þó ekki stigum þar sem þau eru notuð.
- Aldraðir í 35% félaga með 48% félagsmanna njóta réttar í öðrum

sjóðum (aðallega fræðslusjóði) meðan öryrkjar í 35% félaga með 75% félagsmanna njóti þeirra sömu réttinda.

Nefndin taldi skv. framansögðu að staða þessara mála væri í nokkuð góðu horfi en ljóst að ef til vill þurfi að vinna að meiri samræmingu.

Verklag við rafrænar atkvæðagreiðslur

Miðstjórn samþykkti, að tillögu skipulags- og starfsháttanefndar, eftirfarandi reglur um rafrænar atkvæðagreiðslur eins og gerð er grein fyrir í síðustu skýrslu forseta. Í framhaldi þess var haldinn fundur hjá ríkissáttasemjara þar sem gengið var frá bókun milli ASÍ og SA um að aðilar séu á þetta verklag sáttir sem þýðir að hægt er að nota fullkomna rafræna atkvæðagreiðslu við atkvæðagreiðslur um kjarasamninga og verkföll. Samningsaðilar okkar á opinberum vinnumarkaði fengu þetta til umsagnar og gerðu engar athugasemdir. Bókunin hjá ríkissáttasemjara er eftirfarandi:

Í 2. ml. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 80/1938 segir að „Fari fram almenn leynileg póstatkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning gildir niðurstaða hennar óháð þátttöku.“

Í 2. ml. 15. gr. slaga nr. 80/1938 segir jafnframt að „Heimilt er að viðhafa almenna leynilega póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um tillögu um vinnustöðvun og gildir niðurstaða hennar þá óháð þátttöku.“

Um slíkar atkvæðagreiðslur aðildarsamtaka ASÍ gildir sérstök reglugerð, Reglugerð um leynilega allsherjar atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ.

Miðstjórn ASÍ ákvað í upphafi árs 2016 að gera breytingar á reglugerðinni og samþykkti síðan breytta reglugerð þann 25.1 2017 og aftur 15.2 2017. Í aðdraganda breytinga var samráð haft við Samtök atvinnulífsins og málið kynnt embætti ríkissáttasemjara.

Meginbreytingarnar eru eftirfarandi:

Í 10. gr. reglugerðarinnar er fjallað um allsherjar póstatkvæðagreiðslur. Þeim er lýst með sama hætti og gert er í greinargerð með þeim lögum sem breyttu lögum 80/1938 á árinu 1996. Á þessum reglum eru engar efnisbreytingar gerðar en hnykkð á því að kynningarefni skuli fylgja kjörgögnum.

Í 11. gr. reglugerðarinnar er fjallað um rafrænar allsherjaratkvæðagreiðslur. Fyrir breytingar var gert ráð fyrir að póstsenda þyrfti út kjörgögn vegna allsherjaratkvæðagreiðslu og aðgangsslykil að rafrænum kjörseðli. Atkvæðum var þannig heimilt að skila rafrænt í stað þess að þurfa að póstsenda þau til baka. Þannig atkvæðagreiðsla er því blanda af póstatkvæðagreiðslu og -rafrænni atkvæðagreiðslu og hefur ekki sætt athugasemdum atvinnurekenda eða ríkissáttasemjara við afgreiðslu kjarasamninga og boðana um vinnustöðvun. Þessar reglur eru óbreyttar (nú a. liður 1. mgr. 11. gr.). Með þeim

breytingum sem nú hafa verið samþykktar getur kjörstjórn ákveðið að atkvæðagreiðsla verði algerlega rafræn, þ.e. að engin gögn þurfi að senda út og að atkvæði megi skila með rafrænum skilríkjum eða Íslykli (nýr b. liður 1. mgr. 11. gr.). Sé það gert skal auglýsing um atkvæðagreiðslu birt a.m.k. 7 dögum áður en atkvæðagreiðslu lýkur. Í henni skal finna meginefni kynningar skv. 3. mgr. 10. gr., þ.e. „...kynning framboða, meginefni nýs kjarasamnings eða nákvæm tillaga um boðun vinnustöðvunar.“ Jafnframt skal öllum atkvæðisbærum með skráð netfang í félagaskrá send tilkynning um atkvæðagreiðslu ásamt hlekk á vefsvæði atkvæðagreiðslunnar. Þá skal tryggja að á viðeigandi vefsvæði atkvæðagreiðslunnar sé að finna leiðbeiningar um framkvæmd hennar og kynningarefni skv. 3. mgr. 10. gr. Atkvæðagreiðsla skal standa yfir a.m.k. í 3 sólarhringa. Heildartími rafrænnar atkvæðagreiðslu sem svona er framkvæmd eru því 7 dagar frá því að auglýsing er birt og þar til atkvæðagreiðslu lýkur.

Breytingar hafa einnig verið gerðar á 9. gr. um allsherjaratkvæðagreiðslu á kjörstað. Skv. gildandi reglum tekur atkvæðagreiðsla á kjörstað að minnsta kosti 9 daga. Nú er heimilt að stytta þennan frest í 4 daga með samþykki ASÍ. Ef um atkvæðagreiðslu kjarasamnings er að ræða og sem afgreiða þarf með svo skömmum fresti í allsherjaratkvæðagreiðslu þarf auk samþykkis ASÍ að hafa samist svo um við atvinnurekendur.

Aðrar breytingar á reglugerðinni eru minniháttar og til gerðar til fyllingar án þess að fela í sér efnisbreytingar.

Samkvæmt þessum reglum geta aðildarsamtök ASÍ notað algerlega rafræna atkvæðagreiðslu skv. b.lið 1. mgr. 11. gr., þ.e. að niðurstaða hennar gildi óháð þátttöku og án þess að eiga á hættu að gildi þeirra verði dregið í efa fyrir dómi af þeim ástæðum.

Auk þess að eiga samráð við Samtök atvinnulífsins og embætti ríkissáttasemjara voru breytingarnar kynntar Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fjármálaráðuneytinu, Reykjavíkurborg, Félagi atvinnurekenda og Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu. Engar athugasemdir bárust og samþykki lýst við notkun reglnanna að svo breyttu.

Magnús Norðdahl, deildarstjóri lögfræðideildar ASÍ, kynnti breytingar á fundi hjá ríkissáttasemjara þann 17. janúar 2017 og voru engar athugasemdir gerðar við þær. Fundinn sátu, auk Magnúsar, Bryndís Hlökkversdóttir ríkissáttasemjari og Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnumarkaðssviðs Samtaka atvinnulífsins.

Reykjavík 6. apríl 2016 (sign MN, RÁ, BH)

ASÍ-UNG

Á 4. þingi ASÍ-UNG sem haldið var 23. september 2016 var ný stjórn kjörin. Stjórnina skipa:

Aðalbjörn Jóhannsson, Framsýn stéttarfélag
Agnar Ólason, VM, félag vélstjóra og málmtæknimanna
Alma Pálmadóttir, Efling
Bóas Ingi Jónasson, Félag málmiðnaðarmanna á Akureyri
Eiríkur Theódórsson, Stéttarfélag Vesturlands
Eva Demireva, VR
Hafdís Ásbjarnardóttir, Eining iðja
Helgi S. Jóhannsson, Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri
Svanborg Hilmarsdóttir, Félag íslenskra rafvirkja
Varastjórn skipa:
Atli Hilmar Skúlason, VM, Félag vélstjóra og málmtæknimanna
Fjóla Helgadóttir, VR
Guðbjörg Gunnarsdóttir, Stéttarfélag Vesturlands
Kristinn Örn Arnarson, Efling
Valgeir Eyþórsson, AFL

Stjórnin hittist tvisvar eftir þingið og var í framhaldi ákveðið að fara í fræðsluferð. Hún fór fram hjá Eldhestum, rétt fyrir utan Hveragerði, dagana 20. og 21. janúar. Fræðsla var haldin fyrir stjórnina um hlutverk og ábyrgð stjórnarmanna, hvernig á að ná athygli fjölmiðla, farið var yfir fjárhagsáætlun og fundarskóp. Í framhaldi gerði stjórnin svokallaða SVÓT-greiningu. Eins konar naflaskoðun stjórnar og farið var yfir hverjir styrkleikar og veikleikar eru ásamt því að greina ógnir og tækifæri.

Niðurstöðurnar sem voru dregnar saman eru aðallega þær að í stjórn ASÍ-UNG sitja öflugir einstaklingar með fjölbreyttan bakgrunn. Vettvangurinn hefur mikinn samtakamátt gagnvart félögum innan ASÍ og því aðgangur að stóru tengslaneti. Með því að styrkja starf ASÍ-UNG gæti verið hægt að koma með nýja sýn inn í starfsemi félaganna sem og heildarsamtakanna.

Veikleikar stjórnarinnar eru aftur á móti þeir að stjórn ASÍ-UNG getur endurnýjast öll í einu og þannig tapast reynsla úr stjórninni sem og möguleg eftirfylgni í ákveðnum málum. Þetta getur gert það að verkum að ný stjórn þarf sífellt að byrja upp á nýtt og allur skriðþungi sem mögulega hefur orðið til hjá stjórn tapast. Borið hefur á því að raunverulegt bakland skortir. Ákjósanlegast væri að í landssamböndunum væru starfandi ungliðahreyfingar.

Lítill félagsleg virkni fólks á aldrinum 18–35 ára gerir það að verkum að erfitt er fyrir sum félög að finna fólk til þess að senda sem fulltrúa á þing ASÍ-UNG. ASÍ-UNG hefur ekki verið nægilega sýnilegt.

Verkefnalisti ASÍ-UNG 2016–2018

Ný heimasíða, Facebooksíða og logó

Með því að vera sýnilegri á samfélagsmiðlum getum við reynt að virkja ungt fólk til frekari þátttöku í starfi félaganna.

Skerpa á samþykktum ASÍ-UNG

Með því að skerpa á samþykktum ASÍ-UNG getum við stuðlað að bættri fundarmenningu komandi stjórnna og skilgreint hlutverkin betur.

Málþing og herferð um húsnæðisvandamál ungs fólks

Stjórn ASÍ-UNG hefur mikinn áhuga á að setja upp stórt málþing þar sem aðal umræðuefni og þema væri húsnæðismál ungs fólks. Málefnið hefur fengið mikla umfjöllun á undanförum misserum og vill ASÍ-UNG varpa enn frekara ljósi á þennan stóra vanda. Samhliða málþinginu yrði hleypt af stokkunum herferð með sambærilegu sniði og fæðingarorlofsherferðin.

Kynnisferð til Norðurlanda

Fyrirmynd ASÍ-UNG hefur að miklu leyti verið fengin frá systursamtökum ASÍ á Norðurlöndunum. ASÍ-UNG hefur nú þegar sett sig í samband við nokkur þeirra af því tilefni að afla tengiliða. Mikilvægt er að styrkja þessi bönd og fá fræðslu um starfsemi og skipulag ungliðahreyfinga á vettvangi þessara aðila svo sem LO í Svíþjóð, Noregi og Danmörku.

Styrkir til þátttöku í alþjóðlegu starfi ungliða

Mikill uppgangur er á alþjóðavísu að virkja ungt fólk til starfa og þátttöku innan ýmissa félagasamtaka í heiminum. Evrópusambandið hefur verið að styrkja aðila til þátttöku á námskeiðum og viðburðum en takmarkað framboð hefur verið til Íslands í því samstarfi. Ljóst er að framboð er af styrkjum bæði frá innlendum sem og erlendum aðilum til þátttöku í alþjóðlegu starfi. ASÍ-UNG vill kanna þessa möguleika. Þátttaka í erlendu samstarfi hefur skilað sér, ekki aðeins með auknu tengslaneti og þekkingu aðila heldur eykst virkni og eldmóður til þátttöku í félagslegu starfi stéttarfélaganna.

Vinnufundir stjórnar

Lagt var upp með að halda 4 vinnufundi stjórnar á starfsárinu og vera með styttri stjórnarfundi mánaðarlega. Vinnufundirnir munu vera í öllum landsfjórðungum, nú þegar hefur verið haldinn vinnufundur á Suðurlandi og er til laga um að sá næsti verði á Norðurlandi.

Fara átti í að skipuleggja fræðsludaga fyrir ungt fólk í aðildarfélögum ASÍ en vegna dræmrar þátttöku á fundum stjórnar ASÍ-UNG reyndist það erfitt og datt upp fyrir. Stjórnin hefur ekki hist eftir sumarfrí. Þau verkefni sem átti að takast á við hafa því setið á hakanum.



STARFSEMI OG SKIPULAG Á SKRIFSTOFU ASÍ

Starfsemi á skrifstofu ASÍ byggir á starfs- og fjárhagsáætlun sem unnin er af forseta og framkvæmdastjóra ASÍ í samráði við starfs- og fjárhagsnefnd og síðan samþykkt af miðstjórn ASÍ. Starfs- og fjárhagsáætlun var lögð fyrir miðstjórn um miðjan desember, þar sem línur voru lagðar fyrir starfsemi skrifstofunnar fyrir árið 2017 og hún síðan samþykkt á fyrsta fundi miðstjórnar í janúar 2017.

42. Þing Alþýðusambandsins samþykkti að hækka skatthlutfall til ASÍ um 0,9%, úr 7,4% í 8,3%, og gerist það í tveimur áföngum. Í samræmi við það reiknast árlegur skattur því 7,85% á árinu 2017 og kemur til framkvæmda á 4. ársfjórðungi fyrir allt árið í samræmi við 42. grein laga Alþýðusambandsins: „Skatt til Alþýðusambandsins skal greiða með sem jöfnustum greiðslum fjórum sinnum á ári, og greiðist skattur fyrirfram, fyrir einn ársfjórðung í senn, miðað við 1. febrúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert. Þrjár fyrstu greiðslurnar skal áætla með hliðsjón af skattgreiðslum fyrir næstliðið ár.“

Fjöldmörg mál koma til kasta Alþýðusambandsins og starfsfólks þess á hverju ári. Þar má nefna margvísleg mál er tengjast túlkun kjarasamninga, útreikninga og lög, auk hagfræðilegra úrlausnarefna af ýmsu tagi. Þessum verkefnum og öðrum þeim sem skrifstofa Alþýðusambandsins hefur verið að sinna eru gerð nánari skil á öðrum stöðum í þessari skýrslu.

Margvísleg upplýsingagjöf er sífellt stærri hluti af starfsemi skrifstofu Alþýðusambandsins. Sem dæmi um umfang þjónustunnar er samantekt frá

lögfræðideild ASÍ yfir fjögurra mánaða tímabil (frá janúar til apríl á þessu ári), um veitta þjónustu deildarinnar til aðila utan skrifstofunnar. Á þessu tímabili svöruðu lögfræðingar á skrifstofu ASÍ 438 munnlegum erindum og tölvupóstum um réttindi einstaklinga og um túlkun kjarasamninga, eða að jafnaði 5,5 hvern virkan dag. Meirihluti þeirra, eða 264, bárust frá starfsfólki aðildarsamtakanna, 119 frá félagsmönnum, 37 frá opinberum stofnunum, 33 frá atvinnurekendum og loks 22 frá fólki sem taldi sig utan félaga. Mörg erindanna leiddu til frekari upplýsingaöflunar, heimildavinnu og svara. Þessi vinna leiddi jafnframt til breytinga á framsetningu og upplýsingum á vinnuréttarvef ASÍ.

Starfsfólk á skrifstofu ASÍ 1. október 2017

Starfsfólk Alþýðusambands Íslands voru þann 1. október síðastliðinn sem hér segir: Ása Jónsdóttir, gjaldkeri, Ástríður Andrésdóttir, fulltrúi, Eyrún Björk Valsdóttir, deildarstjóri MFA fræðsludeildar, Guðmundur Hilmarsson, sérfræðingur og kennari við Félagsmálaskóla alþýðu, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri, Gylfi Arnbjörnsson, forseti, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri og deildarstjóri félagsmáladeildar, Halldór Oddsson, lögfræðingur, Hanna Elfisdóttir, matráðskona, Henný Hinz, hagfræðingur og deildarstjóri hagdeildar, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, annar varaforseti ASÍ, Kristín Ýr Gunnarsdóttir, sérfræðingur í upplýsinga- og kynningardeild og fræðsludeild og starfsmaður ASÍ-UNG, Lena Dúa Grétarsdóttir, aðstoðarmaður í mötuneyti, Magnús Norðdahl, lögfræðingur og deildarstjóri lögfræðideildar, María Haraldsdóttir, bókari og starfsmaður Félagsmálaskóla alþýðu, Maríanna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum, Róbert Farestveit, hagfræðingur, Snorri Már Skúlason, deildarstjóri upplýsinga- og kynningardeildar, Sif Ólafsdóttir, fulltrúi, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur, Sigurður Bessason, fyrsti varaforseti ASÍ, Sigurlaug Gröndal, verkefnisstjóri Félagsmálaskólans og Sigurlaug Hauksdóttir, verkefnastjóri í verðlagseftirliti.

Þær breytingar sem orðið hafa á starfsmannahaldi hjá ASÍ frá síðasta ári eru að Dröfn Haraldsdóttir, sérfræðingur í vinnustaðaeftirliti, Kristjana Birgisdóttir, verkefnastjóri verðlagseftirlits, Ólafía B. Rafnsdóttir, varaforseti ASÍ, Una Jónsdóttir, hagfræðingur og Sigurlaug Hauksdóttir, verkefnastjóri í verðlagseftirliti létu af störfum. Þökkum við þeim kærlega fyrir samstarfið og óskum þeim velfarnaðar. Nýir liðsmenn á skrifstofunni eru Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur, Hildur Margrét Jóhannsdóttir, hagfræðingur og Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, annar varaforseti ASÍ. Bjóðum við þær hjartanlega velkomnar í hópinn.



LISTASAFN ASÍ

Rekstrarstjórn Listasafns ASÍ skipa: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ, sem jafnframt er formaður rekstrarstjórnar, Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambands Íslands og Sverrir Mar - Albertsson, framkvæmdastjóri Afsl- starfsgreinasambands.

Listráð Listasafns ASÍ 2017–18 skipa listfræðingarnir og sýningarstjórnarnir Dorothée Kirch og Heiðar Kári Rannversson, auk forstöðumanns safnsins, Elísabetar Gunnarsdóttur, sem jafnframt er formaður. Listráðið er skipað til tveggja ára í senn og er rekstrarstjórn til ráðuneytis um innkaupastefnu og val á listafólki.

Ásmundarsalur við Freyjugötu 41 var seldur og starfsemin þar lögð af 1. nóvember 2016. Forstöðumaður safnsins til 20 ára, Kristín G. Guðnadóttir, og tveir starfsmenn sem verið höfðu í hlutastarfi í Ásmundarsal létu af störfum um sama leyti. Elísabet Gunnarsdóttir var ráðin í 50% starf forstöðumanns og tók við starfinu í nóvember sama ár.

Safið á aðild að alþjóðaráði safna ICOM, sem er hluti af UNESCO og starfsemi safnsins tekur mið af samþykktum og siðareglum þess.

Listasafn ASÍ hefur hlotið viðurkenningu safnaráðs samkvæmt safnalögum nr. 141/2011. Viðurkenndum söfnum ber að starfa í samræmi við ákvæði

safnalaga og skilyrði reglugerðar um viðurkenningu safna. Safnaráð hefur lögum samkvæmt eftirlit með safnastarfsemi í landinu.

Við söluna á Ásmundarsal var skrifstofa Listasafns ASÍ flutt frá Freyjugötu 41 í Guðrúnartún 1 og nýtt geymsluhúsnæði var tekið á leigu fyrir þann hluta safneignarinnar sem geymd hafði verið í Ásmundarsal.

Heimasíða safnsins er www.listasafnasi.is

Starfsemi safnsins eftir lokun Ásmundarsalar

Í byrjun árs 2017 samþykkti rekstrarstjórn safnsins áætlun til 5 ára þar sem lögð er áhersla á að kaupa markvisst ný verk inn í safneignina og efla sýningarhald í samstarfi við önnur söfn og samtök víða um land.

Ákveðið var að skipuleggja tvíhliða sýningardagskrá, annars vegar á verkum sem valin hafa verið til kaups og hins vegar kynningu á eldri verkum í safneigninni. Lögð verði sérstök áhersla á samvinnu við skóla á ýmsum stöðum hringinn í kringum landið. Samhliða þessum verkefnum var ákveðið að vinna áfram að því að finna safninu húsnæði til framtíðar.

Innkaup, sýningarhald og skólaverkefni

Listaráð safnsins valdi Sigurð Guðjónsson myndlistarmann til samvinnu um sýningarhald og kaup á verkum haustið 2017. Auglýst var eftir tillögum frá listamönnum á vormánuðum, á sjötta tug listamanna svaraði kalli og sendi inn tillögur til safnsins. Sýningar Sigurðar verða í Hafnarfirði og á Norðurlandi vestra. Sýningin í Hafnarfirði verður í kapelli og kjallara St. Jósefsspítala og stendur frá 23. september til 15. október en sýningin á Norðurlandi vestra verður haldin snemma árs 2018.

Ragnheiður Gestsdóttir, mannfræðingur, myndlistar- og kvikmyndargerðarkona, hefur verið ráðin til að vinna verkefni í skólum vítt og breitt um landið, þau fyrstu í Hafnarfirði og á Norðurlandi vestra þar sem nemendur munu vinna hreyfimyndir sem byggja á eldri verkum í safneigninni (grunn-gjöfinni). Samstarfskona hennar verður Sigrún Jónsdóttir tónlistarkona.

Miðlun á netinu – stuttmyndir

Í tengslum við sýningar á verkum Sigurðar Guðjónssonar og vinnustofur í skólum þar sem unnið er með verk úr stofngjöfinni, verða unnar heimildarmyndir um verkin og höfunda þeirra. Gerðar verða stuttar heimildarmyndir fyrir internetið um hverja vinnustofu þar sem verkin og verkefnið í heild verður kynnt. Einnig verður gerð mynd um valda listamenn og sýningar þeirra.

Stuttmyndirnar eru í anda hugmynda Ragnars í Smára, sem vildi koma listinni á framfæri við almenning og lét gera eftirprentanir sem komið var í sölu um allt land. Stuttmyndirnar taka mið af samtímanum og notast við nýja

tækni og miðlunaraðferðir til að kynna safneignina. Verkefnið er langtíma-verkefni og verður unnið í samstarfi við ólíka aðila yfir lengra tímabil. Með tímanum mun verða til nokkur fjöldi stuttmynda til kynningar á verkum í eigu safnsins og höfundum þeirra. Kolbrún Vaka Helgadóttir vinnur með Ragnheiði Gestsdóttur að gerð stuttmyndanna.

Sýningar og aðrir viðburðir í samstarfi við önnur söfn

Laugardaginn 8. apríl var opnuð vegleg sýning á verkum Sigríð Valtingoer í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Sýningin, sem bar heitið „Heimkynni“, var samstarfsverkefni Listasafns ASÍ og Listasafns Árnesinga og sýningarstjóri var Aðalheiður Valgeirsdóttir. Sýningin var mjög vel sótt og var framlengd fram í miðjan júní.

Sunnudaginn 28. maí skipulagði Listasafn ASÍ pallborðsumræður um íslenska grafík í tengslum við sýninguna í Listasafni Árnesinga. Sigríð Valtingoer arfleiddi Listasafn ASÍ að öllum sínum verkum eftir sinn dag og sýningin er fyrsta stóra sýningin með verkum grafíklistakonunnar sem haldin er eftir fráfall hennar 2013. Gott tækifæri skapaðist af því tilefni til að skipuleggja pallborðsumræður um stöðu grafíklistarinnar á Íslandi. Elísabet Stefánsdóttir, formaður félagsins ÍSLENSK GRAFÍK, flutti stuttan sögulegan inngang og í framhaldinu voru pallborðsumræður og almennar umræður. Í pallborði voru, auk Elísabetar, Aðalheiður Valgeirsdóttir, grafíklistamaður og sýningarstjóri sýningarinnar Heimkynni, Jóhann Ludwig Torfason, myndlistarmaður og umsjónarmaður grafíkverkstæðisins í Listaháskóla Íslands, Leifur Ýmir Eyjólfsson myndlistarmaður og Ragneiður Jónsdóttir, teiknari og grafíker. Umræðustjóri var Heiðar Kári Rannversson listfræðingur.

Í undirbúningi er sýning á verkum Kristins Péturssonar í Listasafni Ísa-fjarðar sem opnuð verður í október nk.

Verk úr safneigninni eru lánuð reglulega á sýningar hjá öðrum söfnum, m.a. Fjallamjólk Kjarvals, sem hangir nú á Kjarvalsstöðum og verður þar til sýnis fram á næsta vor.

Safneign og safnauki

Auk sýningagerðar er hefðbundið safnastarf annar meginþátturinn í starfsemi safnsins, svo sem skráning safngripa, varðveisla og viðhald þeirra auk rannsóknna á safneigninni. Þessum þáttum er sinnt eins og hægt er í ljósi starfsmannafjölda og fjárveitinga til safnsins.

Safneign safnsins hefur að mestu leyti verið skráð í menningarsögulega gagnasafnið SARP sem er netlægur gagnagrunnur, <http://sarpur.is/>. Á ytra vef Sarps eru þó einungis birtar færslur verka sem Listasafn ASÍ á höfundarrétt að eða hefur fengið leyfi handhafa höfundarréttar til að birta myndir af. Safnið á

höfundarrétt verka Sigrid Valtingoer og hefur leyfi til birtingar á myndum af verkum Elínar Pjet. Bjarnasonar. Ríkisvaldið afsalaði sér höfundarrétti á verkum Kristins Péturssonar til safnsins í fjárlögum ársins 2016, en safnið varðveitir stærstan hluta verka listamannsins.

Vinnustaðasýningar

Mikilvægur þáttur í starfsemi safnsins eru vinnustaðasýningarnar sem safnið setur upp í fyrirtækjum og stofnunum gegn gjaldi og hefur safnið boðið upp á þessa þjónustu um langt árabíll. Nú eru í gangi um 30 vinnustaðasýningar víðs vegar um landið, flestar á höfuðborgarsvæðinu, hjá opinberum aðilum og einkafyrirtækjum.

Gera þarf áttak í að kynna þennan möguleika fyrir stofnunum og fyrirtækjum víðar en á höfuðborgarsvæðinu. Til stendur að halda kynningarfundir á Norðurlandi í tengslum við skólaverkefni og sýningu á verkum Sigurðar Guðjónssonar í byrjun næsta árs.



BJARG – ÍBÚÐAFÉLAG

Á 100 ára afmæli ASÍ vorið 2016 undirritaði ASÍ viljayfirlýsingu við Reykjavíkurborg um byggingu 1000 hagkvæmra leiguíbúða ætluðum í langtímaleigu til tekjulágra fjölskyldna á vinnumarkaði. Um er að ræða svokölluð leiguheimili að danskri fyrirmynd “Almene boliger” á grundvelli laga um almennar íbúðir sem ASÍ og aðildarfélög beittu sér fyrir að yrðu sett. Sambærileg viljayfirlýsing var gerð við Hafnarfjarðarbæ um 150 íbúðir. Lóðaúthlutunin mun eiga sér stað á árunum 2016-2019.

Bjarg – íbúðafélag var stofnað af ASÍ og BSRB haustið 2016 á grundvelli þessarar lagasetningar um almennar íbúðir. Til að tryggja starfsemi félagsins fyrstu árin, á meðan unnið er að því að gera það fjárhagslega sjálfbært, hafa aðildarfélög ASÍ og BSRB á viðkomandi stöðum tryggt félaginu víkjandi lán til að standa undir daglegum rekstri. Bjarg er húsnæðissjálfseignastofnun rekin án hagnaðarmarkmiða og mun félagið standa að byggingu og útleigu fyrrgreindra íbúða. Leiðarljós félagsins er að byggja vel hannað, hagkvæmt og endingargott leiguhúsnæði.

Gengið hefur verið fá úthlutuðum lóða fyrir 296 íbúðir og er hönnun í fullum gangi, en ljóst er að undirbúningi hefur seinkað vegna nauðsynlegra breytinga á deiliskipulagi bæði í Reykjavík og Hafnarfirði. Er það vegna þess að í deiliskipulagi hefur verið miðað við talsvert stærri íbúðir en þær sem

Bjarg hyggst reisa en um slíkar breytingar gilda skýr ákvæði laga um 3ja mánaða auglýsingafrest fyrir almenning til að tjá sig um umræddar breytingar. Nú hafa breytingarnar hins vegar verið samþykktar og er stefnt að því að hefja framkvæmdir í byrjun árs 2018.

Strax í upphafi var ákveðið að félagið myndi þjóna öllu landinu og á félagið í viðræðum við sveitafélög utan höfuðborgarsvæðisins um uppbyggingu. Vonandi verður hægt að sækja um framlög frá Íbúðalánasjóði þegar haustið 2017.

Byrjað verður að taka við umsóknum um íbúðir um mitt árið 2018, en stjórn er að hefja vinnu við að móta úthlutunarreglur sem lagðar verða fyrir fulltrúaráð áður en þær verða afgreiddar.

Nánari upplýsingar eru á vef félagsins bjargibudafelag.is



VIRK STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Árið 2016 var viðburðaríkt í starfsemi VIRK. Mikil fagleg þróun átti sér stað á mörgum sviðum auk áframhaldandi uppbyggingar á samvinnu við aðrar stofnanir velferðarkerfisins.

Aðsókn að VIRK hefur náð jafnvægi eftir mikinn vöxt, sem fylgdi mikið uppbyggingar- og þróunarstarf sem skilað hefur sér í m.a. auknu samstarfi við lífeyrissjóði, heilbrigðisstofnanir, félagsþjónustu sveitarfélaga og fleiri aðila, en til VIRK leitar nú stærri hópur en áður með fjölþættan og flókinn vanda.

Þótt tiltekið jafnvægi hafi náðst í starfsemi VIRK undanfarin ár þá getur það vel breyst með breytingum í ytri aðstæðum svo sem við upptöku starfsgetumats í stað örorkumats eða við aðrar kerfis- eða samfélagsbreytingar sem kalla á aukna þjónustu á sviði starfsendurhæfingar og faglegt mat á getu einstaklinga til starfa.

Hlutverk VIRK

VIRK starfar í samræmi við kjarasamninga, skipulagsskrá og lög nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu og gildi VIRK eru fagmennska, virðing og metnaður.

Mannauður

Að starfsemi VIRK kemur mikill fjöldi hæfra sérfræðinga með fjölbreytta menntun og reynslu. Á skrifstofunni starfa 39 starfsmenn í 35 stöðugildum og 50 sérhæfðir starfsendurhæfingarráðgjafar eru starfandi í samstarfi við stéttarfélag um allt land.

Auk þess þá koma um 40 utanaðkomandi sérfræðingar að uppbyggingu á endurhæfingaráætlunum og mati á starfsgetu einstaklinga í þjónustu. Þessi hópur hefur víðtæka menntun og reynslu á sviði starfsendurhæfingar og veitir ráðgjöfum og einstaklingum í þjónustu mikilvæga aðstoð við uppbyggingu og eftirfylgni starfsendurhæfingaráætlana.

Þjónustuaðilar í starfsendurhæfingu

Auk þeirra einstaklinga sem starfa hjá VIRK og á vegum VIRK þá kemur mikill fjöldi þjónustuaðila um allt land að því að veita þjónustuna og stærsti hluti útgjalda VIRK fer í kaup á ýmiss konar starfsendurhæfingarþjónustu.

Um er að ræða úrræði eins og þjónustu sérhæfðra starfsendurhæfingarstöðva, sálfræðiþjónustu, sjúkrapjálfun, sjálfsstyrkingu, námskeið, vinnuþrófanir og ýmislegt fleira. Fjöldi og fjölbreytni þessara úrræða er sífellt að aukast sem er mjög jákvætt fyrir þróun á starfsendurhæfingarþjónustu hér á landi.

Samstarf innan velferðarkerfisins

VIRK gegnir í dag mikilvægu hlutverki innan velferðarkerfisins og hefur lagt mikið afl í að samþætta þjónustu atvinnutengdrar starfsendurhæfingar við þjónustu annarra stofnana. Áhersla er alltaf lögð á það að finna einstaklingum réttan farveg í góðu samstarfi við aðra fagaðila innan kerfisins. VIRK leggur einnig mikla áherslu á að leiðbeina einstaklingum um mögulegar þjónustuleiðir innan velferðarkerfisins hvort sem einstaklingurinn getur nýtt sér þjónustu VIRK eða ekki. Nefna má nokkur dæmi um það hvað VIRK hefur lagt fram í þessu samstarfi:

- Ráðgjafar VIRK halda utan um endurhæfingaráætlanir sem eru forsenda þess að einstaklingar geti fengið endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins. Mikill meirihluti þeirra einstaklinga sem fær greiddan endurhæfingarlífeyri frá TR er í þjónustu hjá VIRK.
- Sérfræðingar VIRK bjóða upp á fundi á heilsugæslustöðvum um allt land. Þar gefst heimilislæknum tækifæri til að fara yfir mál sinna einstaklinga og gott upplýsingaflæði er tryggt.
- Ráðgjafar VIRK eru með aðsetur á Hvítabandinu og á Kleppi einu sinni í viku. Þessi viðvera hefur skipt miklu máli fyrir einstaklinga sem glíma við langvinna og alvarlega geðsjúkdóma og hefur orðið til þess

að tengja betur saman þjónustu heilbrigðiskerfis og atvinnutengdrar starfsendurhæfingar.


- Reglubundnir fundir eru milli sérfræðinga VIRK og sérfræðinga á geðdeildum LSH – bæði á geðdeild LSH við Hringbraut og á Kleppi.
- VIRK hefur verið í sérstöku samstarfi við geðdeild LSH á Laugarásvegi sem hefur byggt á hugmyndafræði IPS (Individual Placement and Support). VIRK hefur lagt til atvinnuráðgjafa í verkefnið sem hefur aðstoðað unga einstaklinga með alvarlegar geðgreiningar við að finna starf við hæfi. Þetta samstarf hefur nú þegar skilað miklum ávinningi og verið er að efla þetta starf verulega.
- Reglulegir fundir eru milli sérfræðinga VIRK og Reykjalundar og milli VIRK og Grensás þar sem markmiðið er að tryggja samfelldan þjónustuferil fyrir einstaklinga.
- VIRK vinnur markvisst með félagsþjónustu víða um land þar sem fagaðilar frá VIRK og félagsþjónustunni fara sameiginlega yfir mál einstaklinga sem eru á „gráu svæði“ með það að markmiði að finna árangursríkar leiðir að vinnumarkaði. Hér leggur VIRK t.d. til aðgengi að fagaðilum sem geta boðið einstaklingum upp á nánari skoðun með það í huga að finna færar leiðir hvort heldur sem er innan VIRK eða á vegum félagsþjónustunnar.
- Reglulegir fundir eru með Vinnumálastofnun þar sem þverfagleg teymi fara yfir mál einstaklinga og koma þeim í réttan farveg.

Þessi listi er ekki tæmandi og VIRK hefur lagt mikla áherslu á gott samstarf við alla aðila innan velferðarkerfisins með það að markmiði að tryggja góðan og samfelldan þjónustuferil fyrir einstaklinga.

Samstarf við lífeyrissjóði

VIRK er í samstarfi við flesta stærstu lífeyrissjóði landsins. Samstarfið felst í því að allar nýjar umsóknir um örorku eru rýndar af sérfræðingum VIRK og einstaklingum er boðið upp á starfsendurhæfingarþjónustu ef metið er að hún sé raunhæf og geti skilað árangri fyrir viðkomandi einstakling.

Þetta samstarf hefur verið í þróun undanfarin ár og fleiri og fleiri lífeyrissjóðir hafa bæst inn í samstarfið. Það kemur einnig í ljós að það er mun algengara nú en áður að einstaklingar eru komnir inn í þjónustu VIRK áður en þeir sækja um örorkulífeyri og er það þróun í rétta átt.



Mynd 1


Einstaklingar í þjónustu

1.713 komu nýir inn í starfsendurhæfingarþjónustu VIRK á árinu 2016, svipað margir og fyrri tvö ár en heldur færri útskrifuðust úr þjónustunni en árið 2015. Frá upphafi hafa komið 12.250 einstaklingar í þjónustu VIRK ef miðað er við stöðuna 13. september 2017 og um 2.250 einstaklingar eru í þjónustu VIRK nú.

Til VIRK leitar fjölbreyttur hópur einstaklinga á öllum aldri með mismunandi menntun og úr ólíkum starfsgreinum – eins og sjá má í myndum 2 og 3.

Starfsgreinar


Einstaklingar sem hafa leitað til VIRK – hlutfallsleg skipting eftir starfsgreinum



Mynd 2

Menntunarstig

Einstaklingar sem hafa leitað til VIRK – hlutfallsleg skipting eftir menntunarstigi



Mynd 3

Upphaf þjónustu

Til að eiga rétt á þjónustu VIRK þurfa einstaklingar að uppfylla eftirfarandi skilyrði:


- Að geta ekki sinnt starfi sínu að hluta eða öllu leyti eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsubrests sem rekja má til veikinda eða slysa.
- Að markmiðið sé að verða aftur virkur þátttakandi á vinnumarkaði eða auka þátttöku á vinnumarkaði, svo fljótt sem verða má.
- Geta og vilji sé til staðar til að taka markvissan þátt í starfsendurhæfingunni og þjónustan sé líkleg til árangurs á þeim tíma sem hún er veitt.

Almennt er miðað við að formleg tilvísun frá lækni liggi fyrir áður en einstaklingur fer í fyrsta tíma hjá ráðgjafa VIRK. Ef mál einstaklings eru flókin og um er að ræða langa fjarveru frá vinnumarkaði þá er einstaklingum oft vísað í raunhæfimat starfsendurhæfingar hjá VIRK áður en þjónusta hefst.

Markmiðið er að meta hvort starfsendurhæfingaráþjónusta sé raunhæf og geti orðið árangursrík miðað við stöðu viðkomandi einstaklings á þeim tíma sem umsókn berst. Ef starfsendurhæfing er ekki metin raunhæf þá er einstaklingi vísað í önnur úrræði innan velferðarkerfisins og þá oft í samstarfi við aðrar stofnanir.



Mynd 4



Mynd 5


Aðstæður einstaklinga

Aðstæður einstaklinganna sem leita til VIRK eru misjafnar og krefjast þess að útbúin sé starfsendurhæfingaráætlun sem sniðin er að þörfum hvers og eins. Áfram er þróunin sú að til VIRK leitar stærri hópur en áður með fjölþættan og flókinn vanda.

Yfir 70% þeirra sem leita til VIRK hafa ekki starfsgetu vegna andlegra sjúkdóma og/eða stoðkerfisvandamála en mikil fjölgun hefur verið undanfarin ár á fjölda einstaklinga sem glíma við bæði stoðkerfisvanda og geðrænan vanda við komu til VIRK.

Þá hefur hlutfall yngra fólks meðal einstaklinga í starfsendurhæfingu hjá VIRK farið vaxandi undanfarin ár og meðalaldur einstaklinga í þjónustu lækkað.

Einstaklingar eru beðnir um að meta heilsu sína við upphaf og lok þjónustu VIRK á svokölluðum EQ5D mælikvarða, en hann inniheldur 5 spurningar um heilsu og lífsgæði þar sem einstaklingar skrá tölu á kvarðanum 0–100 þar sem 0 er mjög slæmt og 100 er mjög gott. Mynd 6 hér sýnir niðurstöðu við upphaf og lok þjónustu og hliðrun línunnar sýnir að einstaklingar meta heilsu sína og lífsgæði mun betri við lok þjónustu en við upphaf hennar.



Mynd 6

Lok þjónustu

1.113 einstaklingar luku þjónustu hjá VIRK á árinu 2016 eins og fyrr segir. Í lok þjónustu fara flestir einstaklingar í virka þátttöku á vinnumarkaði.



Mynd 7

Mynd 7 sýnir hlutfall þeirra einstaklinga sem ljúka þjónustu hjá VIRK og eru að einhverju leyti í vinnu, í atvinnuleit eða námi við útskrift. Sjá má að 82% einstaklinganna sem luku þjónustu á árinu 2016 voru annaðhvort að öllu eða einhverju leyti virkir í vinnu, atvinnuleit eða námi. Þetta á við um 78% einstaklinga sem hafa útskrifast frá VIRK frá upphafi.

Þeim sem ekki útskrifast frá VIRK með fulla starfsgetu er boðið að fara í starfsgetumat þar sem fagaðilar leggja formlegt mat á starfsgetu sem byggir bæði á gögnum og upplýsingum í starfsendurhæfingarferlinu sem og klínísku mati þeirra lækna og annarra sérfræðinga sem koma að matinu.

Starfsemi VIRK er ung, þjónustan hefur einungis verið veitt í um 8 ár. Það er eðlilegt í þróun á starfsemi sem þessari að hlutfallslega fleiri útskrifaðir einstaklingar fari í vinnu í upphafi starfseminnar en þegar frá líður því í upphafi starfseminnar er stærri hópur útskrifaður sem þurfti minni þjónustu og styttri þjónustutíma. Þeir einstaklingar sem glíma við flóknari og fjölbættari vanda og þurfa lengri tíma útskrifast ekki á fyrstu árum starfseminnar en hafa verið að útskrifast í meira mæli á síðustu árum.


Þess má líka geta að eftir setningu laga nr. 60/2012, þ.e. á árunum 2013–2016, hefur mun stærri hópur komið í þjónustu VIRK sem hefur litla eða enga sögu á vinnumarkaði og ekki hefur alltaf verið mögulegt að auka vinnugetu þessara einstaklinga.

Árangur VIRK

Hlutverk VIRK er skýrt – það er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu. Markmiðið er síðan að koma fleiri einstaklingum í virka þátttöku á vinnumarkaði í samstarfi við aðra aðila velferðarkerfisins.

Það er hins vegar flókið að meta árangur af starfsemi eins og VIRK. Til að unnt sé að gera það þá þarf bæði að finna rétta mælikvarða á árangur starfseminnar og eins að vera mögulegt að greina áhrif VIRK á einstaklinga í flóknu samspili við fjölda þjónustuaðila innan velferðarkerfisins. Kerfið inniheldur þar að auki ýmsar hindranir sem koma stundum í veg fyrir að einstaklingar fari í virka þátttöku á vinnumarkaði í kjölfar starfsendurhæfingar.

Eðli málsins samkvæmt þá getum við aldrei vitað hvað yrði um þá einstaklinga sem hafa farið í gegnum þjónustu VIRK ef VIRK hefði ekki verið til staðar. Einhverjir einstaklingar hefðu bjargað sér og náð upp vinnugetu án starfsendurhæfingarþjónustu en talsverður hópur hefði án efa ekki gert það. Hér er líka rétt að hafa í huga að einstaklingum er ekki vísað til VIRK vegna einfaldra vandamála heldur vegna þess að vandi þessara einstaklinga er það flókinn og margþættur að þjónusta heilbrigðiskerfisins ein og sér dugar ekki til að koma þeim aftur á vinnumarkaðinn.



Mynd 8

Mynd 8 sýnir hlutfall stöðugilda útskrifaðra einstaklinga með mismunandi framfærslustöðu í lok þjónustu á árunum 2014–2016. Hafa ber í huga að ekki er um að ræða fjölda einstaklinga heldur stöðugildi því hver einstaklingur getur verið með fleiri en eina tegund framfærslu við útskrift. Ef einstaklingur fer t.d. í hálf t starf þegar þjónustu lýkur þá er það skráð sem hálf stöðugildi og önnur framfærsla skráð á móti.


Eins og sjá má eru um 60% stöðugilda þeirra sem útskrifast með framfærslustöðu sem gefur til kynna starfsgetu og virka þátttöku á vinnumarkaði, þ.e. þeir eru annaðhvort í launadri vinnu, í virkri atvinnuleit eða í láns hæfu námi. Hlutfallslegur fjöldi einstaklinga sem tekur þátt í starfi eða námi við lok þjónustu er hins vegar 82%, eins og sjá má á mynd 7.

Árangur VIRK út frá þessum mælikvarða verður því að teljast góður, sérstaklega þegar haft er í huga að þeir einstaklingar sem leita til VIRK eru undantekningarlítið að glíma við mjög flókinn og fjölbáttan vanda og margir hafa verið lengi frá vinnumarkaði.

Tölur um framfærslustöðu einstaklinga við lok þjónustu geta gefið okkur ákveðnar vísbendingar en þær geta hins vegar aldrei verið algildur mælikvarði á árangur VIRK þar sem fjölmargir aðrir þættir en starfsendurhæfing hafa áhrif á framfærslustöðu einstaklinga í lok þjónustu hjá VIRK. Þannig hafa lög,

reglur, kjarasamningar, venjur og hefðir mikil áhrif á starfsemi og möguleika VIRK á að koma einstaklingum til virkrar þátttöku í atvinnulífinu. Enda er raunin sú að margir einstaklingar ljúka þjónustu hjá VIRK með talsverða starfsgetu en fara samt á fulla örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Við þetta má einnig bæta að talsverður hópur kemur inn í þjónustu VIRK þar sem alls óvíst er hvort starfsendurhæfing geti gagnast t.d. vegna alvarleika veikinda. VIRK hefur hins vegar ákveðið að gefa þessum hópi tækifæri til að reyna starfsendurhæfingu sem úrræði í nokkra mánuði því mikilvægt er að einstaklingar fái að njóta vafans í slíkum tilfellum. Slíkar ákvarðanir geta haft slæm áhrif á tölfraði um framfærslu í lok þjónustu en eru án efa samfélagslega mjög hagkvæmar þar sem hver einstaklingur sem nær árangri í starfsendurhæfingu skiptir miklu máli. Því er mikilvægt að skoða árangur VIRK út frá fleiri mælikvörðum og viðmiðum.



Mynd 9

Það skiptir einnig miklu máli hvernig einstaklingar upplifa þjónustuna sem þeir fengu hjá VIRK og hvaða áhrif hún hefur haft á þeirra líf og lífsgæði. Öllum einstaklingum sem útskrifast frá VIRK er boðið að taka þátt í þjónustukönnun þar sem þeir eru beðnir um að svara spurningum um þjónustuna og einstaka þætti hennar. Mynd 9 sýnir að einstaklingarnir telja að þjónusta VIRK hafi haft mikil áhrif á stöðu þeirra hvað varðar bæði bætta sjálfsmynd og aukna vinnugetu.


Mat á ávinningi starfsendurhæfingar

VIRK hefur fengið ráðgjafarfyrrtækið Talmakönnun til að leggja sjálfstætt mat á ávinning af starfsemi á árunum 2013, 2014, 2015 og 2016 út frá þeim upplýsingum um einstaklinga sem skráðar eru af ráðgjöfum í gagnagrunn VIRK. Þessar upplýsingar eru svo settar í samhengi við útgjöld VIRK á hverju ári fyrir sig.

Skoduð er framfærslustaða einstaklinga við lok þjónustu hjá VIRK á þessum árum og ýmsar lýðfræðilegar breytur sem skráðar hafa verið í gagnagrunn VIRK. Þessar upplýsingar eru síðan settar í samhengi við upplýsingar um laun mismunandi starfsgreina og bótafjárhæðir hjá TR og lífeyrissjóðum.

Til að gera þetta gefur Talmakönnun sér tilteknar forsendur þar sem ekki er vitað hvað hefði orðið um einstaklinga sem ljúka þjónustu hjá VIRK ef þjónustan hefði ekki verið til staðar. Sumir hefðu getað náð árangri upp á eigin spýtur á meðan aðrir hefðu hugsanlega hlotið varanlega örorku. Til að nálgast þetta gaf Talmakönnun sér eftirfarandi forsendur:

- Ef einstaklingur er á örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðum eða TR við komu til VIRK og útskrifast á vinnumarkað er reiknað með að einstaklingurinn hefði farið á varanlega örorku án aðkomu VIRK. Þetta er í takt við þá staðreynd að mjög fáir einstaklingar á örorkulífeyri fara aftur á vinnumarkað.
- Ef einstaklingur er á endurhæfingarlífeyri hjá TR við komu til VIRK og útskrifast á vinnumarkað er reiknað með að helmingur þeirra hefði farið á örorku út starfsævina. Þetta er í samræmi við þær tölur sem hafa komið frá TR en þær sýna að um helmingur þeirra sem fer á endurhæfingarlífeyri endar á örorkulífeyri. Reiknað er með að hinn helmingurinn hefði komist á vinnumarkað eftir 60 mánuði.
- Reiknað er með að aðrir en þeir sem útskrifuðust á endurhæfingar- og örorkulífeyri hefðu verið óvinnufærir í fimm ár ef þeir hefðu ekki notið þjónustu VIRK en enginn hefði farið á varanlega örorku. Frá þessum fimm árum (60 mánuðum) dragast síðan mánuðir í starfsendurhæfingu. Þetta er mjög varfærin forsenda. Ekki er gert ráð fyrir varanlegri örorku hjá neinum, en hún kostar samfélagið mjög mikið.



Mynd 10

Út frá þessum forsendum var niðurstaða fyrir hvern og einn reiknuð út og þannig fundin heildartala fyrir þá sem fara í launaða vinnu.

Niðurstaða þessara útreikninga gefur um 9,7 milljarða króna í ávinning á árinu 2013, 11,2 milljarða króna á árinu 2014, 13,8 milljarðar króna á árinu 2015 og 13,6 milljarða króna 2016. Ábatinn af starfseminni skilar sér til Tryggingastofnunar, lífeyrissjóða og ríkisins í formi aukinna skatttekna og til einstaklinganna sem um ræðir. Þessar stærðir eru settar í samhengi við rekstrarkostnað VIRK á þessum árum í mynd 10.

Þessu til viðbótar þá hefur Talnakönnun reiknað ávinning á hvern útskrifaðan einstakling frá VIRK árin 2013–2016. Eins og mynd 11 sýnir þá er reiknaður meðalsparnaður á hvern útskrifaðan einstakling frá VIRK árið 2016 12,2 milljónir milli ára og meðalsparnaður á einstakling eykst milli ára, var rúmlega 10 milljónir árin 2013–2015.



Mynd 11

Það er auðvitað ekki einfalt að finna einhlítan mælikvarða á árangur VIRK en mikilvægt er að skoðaðar séu sömu kennitölur á hverju ári og að aðferðin byggji á skynsamlegri nálgun. Þessi nálgun Talnakönnunar byggir á fremur varfærum forsendum og jafnvel þótt forsendum sé talsvert hnikað til þá er niðurstaða Talnakönnunar sú að starfsemi VIRK sé mjög arðbær.

Ljóst er að árangur og ávinningur af starfsemi VIRK er mjög mikill þar sem hún hefur á undanförunum árum skilað þúsundum einstaklinga í virka þátttöku á vinnumarkaði.



UMSAGNIR UM ÞINGMÁL

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2017 og frumvarp til laga um ýmsar - forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017, 1. og 2. mál

Frumvarp til fjárlaga er sett fram á grundvelli fjármálaáætlunar fyrir árin 2017–2021 sem samþykkt var á Alþingi síðastliðið vor og byggir í meginatriðum á þeirri forgangsröðun sem þar er lögð fram.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fjallaði um þingsályktun um ríkisfjármálaáætlun á fundi sínum þann 18. maí sl. og sendi frá sér eftirfarandi ályktun:

Miðstjórn Alþýðusambandsins gagnrýnir harðlega forgangsröðun í ríkisfjármálum sem fram kemur í þingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árin 2017–2021. Í áætluninni er hvorki að finna merki þess að efnahagsstefna stjórnvalda til næstu ára muni treysta efnahagslegan stöðugleika né undirbyggja félagslega velferð og aukinn jöfnuð í samfélaginu.

Slaki í ríkisfjármálum samhliða vaxandi spennu í hagkerfinu og uppgangi á vinnumarkaði mun ýta undir openslu og óstöðugleika og vinna gegn peningamálastefnunni. Það mun auka verðbólguþrýsting og hækka vexti.

Samhliða þessu er misskipting aukin og dregið úr félagslegum stöðugleika með því að veikja mikilvæg stuðningskerfi á bord við barna- og húsnæðisbótakerfin. Brýnar velferðarumbætur eins og uppbygging félagslegs húsnæðiskerfis, innleiðing nýs húsnæðisbótakerfis og endurskoðun almannatrygginga eru án fullnægjandi fjármögnunar í áætluninni.

Ekki er tryggð nauðsynleg fjármögnun á þjónustu heilbrigðiskerfisins og lækkun á sjúklinga. Í allt of ríkum mæli byggir framtíðarsýn stjórnvalda í velferðarmálum á þeirri forsendu, að jöfnun byrða eigi að afmarkast við viðkomandi hópa. Þannig á að fjármagna þak á útgjöld til heilbrigðismála með hækkun á almenna þjónustu, fjármagna á félagslegt húsnæðiskerfi og húsnæðisbótakerfi með skerðingum á öðrum þáttum velferðarkerfisins og breytingar á almannatryggingakerfinu eiga í of ríkum mæli að fjármagnast með auknum tekjutengingum.

Þessi stefnumörkun stjórnvalda styður á engan hátt við þau markmið sem sett voru fram í rammisamkomulagi aðila vinnumarkaðarins, um bætt og breytt vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Rammisamkomulag þessara aðila byggir á sameiginlegri ábyrgð á eflingu kaupmáttar byggðum á efnahagslegum og félagslegum stöðugleika. Verkalýðshreyfingin mun ekki setta sig við að stjórnvöld skili auðu og leggi enn og aftur byrðarnar á herðar launafólks

Þær athugasemdir sem settar eru fram í ályktuninni eiga í öllum meginatriðum við um það frumvarp sem nú liggur fyrir um fjárlög fyrir árið 2017.

Alþýðusambandið áréttar því þá afstöðu sína að sú forgangsroðun sem birtist bæði í áætluninni og í frumvarpi til fjárlaga er að mati sambandsins hvorki til þess fallin að styðja nægilega vel við hinn efnahagslega né hinn félagslega stöðugleika og verður að óbreyttu ekki grundvöllur sáttar á vinnu- markaði.

Mat greiningaraðila er samdóma um að spenna fari hratt vaxandi í hagkerfinu og er í athugasemdum við frumvarp til fjárlaga tekið undir það mat. Samkvæmt nýjum tölum frá Hagstofu Íslands mældist hagvöxtur ríflega 10% á þriðja ársfjórðungi 2016 og spá Hagstofunnar, sem forsendur fjárlaga byggja á, gerir ráð fyrir 4,4% hagvexti á næsta ári, 2,4% verðbólgu, 6% hækkun launavísitölu og 3% atvinnuleysi. Áfram er því gert ráð fyrir miklum umsvifum og uppgangi á vinnumarkaði sem mun enn auka á spennu í hagkerfinu. Við slíkar aðstæður er brýnt að hagstjórnin ýti ekki undir ofþenslu og óstöðugleika og vinni á móti peningamálastefnunni. Að öðrum kosti verða afleiðingar og viðbrögð Seðlabankans fyrirsjáanleg. Verðbólguþrýstingur eykst,

vextir hækka og þrýstingur á krónuna eykst. Nú þegar er til staðar slaki í ríkisfjármálunum og sú hagstjórnarstefna sem birtist í fjármálaáætlun og frumvarpi til fjárlaga mun enn auka á hann.

Í mati á áhrifum frumvarpsins er ekki lagt sérstakt mat á áhrif hagsveiflunnar á ríkisreksturinn. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur í nýlegri skýrslu sinni bent á að sé leiðrétt fyrir hagsveiflunni megi áætla að ríkissjóður verði á næsta ári rekinn með 1% halla og einungis um 0,2% afgangi á árinu 2018.

Sedlabankinn hefur í Peningamálum jafnframt bent á að sé tekið tillit til stöðu hagsveiflunnar sé slaki á aðhaldi í ríkisfjármálum og hætta sé á að aðhaldið minnki enn frekar á næstunni. Þá segir jafnframt: „Líkt og reynslan kennir og fjallað hefur verið um í fyrri heftum Peningamála væri það afar óheppilegt á sama tíma og nauðsynlegt er að opinber fjármál leggist á sömu sveif og peningastefnan til að hægja á vexti innlendrar eftirspurnar við þær aðstæður sem nú eru uppi í þjóðarþúskapnum. Þannig yrði áraunin á peningastefnunna meiri en það eykur hættuna á neikvæðum hliðaráhrifum óheppilegrar hagstjórnarblöndu peninga og ríkisfjármála. Eins og sjá má í frávíkisdæmi í Peningamálum 2016/2 leiðir minna aðhald í ríkisfjármálum til þess að innlend eftirspurn vex hraðar sem kallar á hærri vexti Sedlabankans til að veða á móti auknum verðbólguþrýstingi. Þá verður viðskiptaafgangurinn minni og gengi krónunnar herra sem veikir samkeppnisstöðu útflutningsgreinanna enn frekar.“

Sú ríkisfjármálastefna sem fylgt hefur verið á liðnum árum hefur byggt á þensluhvetjandi aðgerðum á tekjuhliðinni með skuldalækkunaraðgerðum og skattkerfisbreytingum á borð við afnám auðlegðarskatts, lækkun veiðigjalda og lækkana á neyslusköttum og tollum og frekari skattalækkunar eru fyrirhugaðar um áramót. Afleiðingarnar eru að tekjustofnar ríkisins nægja ekki til að fjármagna nauðsynleg útgjöld til velferðar og innviða. Á sama tíma er aðhaldi beitt á útgjaldahliðinni með ófjármögnum brýnum velferðarúrbótum og innviðaframkvæmdum ásamt veikingu á barna- og vaxtabótakerfinu. Slík stefna, sem byggir á því að nota velferðarkerfið sem helsta hagstjórnartækið, er illa til þess fallin að treysta hinn félagslega stöðugleika og stuðla að réttlátri tekju-skiptingu.

Til að treysta efnahagslegan stöðugleika og félagslega velferð leggur ASÍ mikla áherslu á að stjórnvöld beiti sér með tvíþættum hætti. Annars vegar er mikilvægt að heildaryfirbragð ríkisfjármála spennni á móti mikilli uppsveiflu í atvinnulífinu á tekjuhliðinni og hins vegar verði farið í að efla velferðar- og heilbrigðiskerfið með markvissum en fjármögnum aðgerðum. Slík tvíþætt aðgerð gæti skipt sköpum í viðleitni aðilla vinnumarkaðarins við að skapa sátt um nýja nálgun við gerð kjarasamninga, en óvissa og niðurskurður í velferðarmálum hefur hamlað slíkri vinnu. ASÍ leggur því áherslu á að eftirfarandi verði haft að leiðarljósi í ríkisfjármálum:

- Skattkerfisbreytingar verði endurskoðaðar til fjármögnunar á nauðsynlegum velferðarumbótum og þar m.a. horft til þess að:
 - Tekinn verði upp auðlegðarskattur að nýju (sjá nánar sundurliðun á greiðendum auðlegðarskatts eftir tekjutfundum í viðauka I)
 - Veidigjöld verði hækkuð
 - Lagður verði alvöru hátekjuskattur á ofurlaun
- Barna- og vaxtabótakerfin verði eflað sem mikilvæg tekjujöfnunartæki, ekki síst fyrir ungt fólk.
 - Þrátt fyrir að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir að hækka viðmiðunarfjárhæðir barnabóta um 3% og tekjuskerðingarmörk um 12,5% er áætlað að útgjöld til barnabóta lækki um ríflega 100 milljónir frá yfirstandandi ári. Í því samhengi má benda á að tekjuskerðingarmörk barnabóta hafa lækkað verulega að raungildi en þau hafa verið óbreytt frá árinu 2013 á sama tíma og launavísitala hefur hækkað um tæplega 30%. Útgjöld til barnabóta halda því áfram að dragast saman að raungildi líkt og undanfarin ár en frá árinu 2013 hefur raungildi barnabóta lækkað um ríflega 12% og fjölskyldum sem fá greiddar barnabætur fækkað um nærri 12.000. Verulega hefur því dregið úr stuðningi og tekjujöfnunarhlutverki barnabótakerfisins á liðnum árum. Nú er svo komið að hjón með tvö börn, sem bæði hafa tekjur við neðri fjórðungsmörk, fá saman um 2.000 krónur í barnabætur á mánuði. Í þessu samhengi má einnig benda á að barneignartíðni hér á landi hefur farið hratt lakkandi á undanfönum árum sem mun hafa afdrifaríkar afleiðingar til framtíðar ef ekki verður breyting á.
 - Framlög til vaxtabóta lækka jafnframt frá fyrra ári og halda áfram að dragast saman að raungildi líkt og undanfarin ár, en þau eru nú um helmingi lægri að raungildi en á árinu 2013 og heimilum sem fá greiddar vaxtabætur hefur á sama tíma fækkað um 15.000. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að hækka eignarviðmið í kerfinu um 12,5% hafa viðmiðin ásamt viðmiðunarfjárhæðum vaxtabóta rýrnað verulega að raungildi en þau hafa verið óbreytt frá árinu 2010 á sama tíma og íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hefur t.a.m. hækkað um 65%, almennt verðlag hefur hækkað um fimmtingu og launavísitala um ríflega 50%.
- Almennar íbúðir: Staðið verði við loforð um fjármagn til uppbyggingar á nýju leiguíbúðakerfi til að leysa húsnæðisvanda tekjulágra heimila.
 - Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði vorið 2015 var veitt loforð um að veitt yrði fjármagn til stofnframlaga frá ríkinu til uppbyggingar á 2.300 íbúðum í almenna

Íbúðakerfinu á árunum 2016–2019, eða allt að 600 íbúðir á ári. Í fjármálaáætlun og fjárlögum er hins vegar aðeins gert ráð fyrir 1,5 milljörðum króna á ári til þessa verkefnis sem dugar einungis til stofnframlaga fyrir um 300 íbúðum. Til þess að fjármagna stofnframlög til 600 íbúða á ári þyrfti því að auka framlögin um 1,5 milljarða til viðbótar en skv. mati ASÍ er brýn þörf á að fjölga íbúðum í almenna íbúðakerfinu um a.m.k. 1000 á ári næstu árin til að mæta uppsafnaðri þörf. Til þess að mæta því þyrfti að auka framlög um ríflega 3,5 milljarða til viðbótar. Alþýðusambandið leggur þunga áherslu á að Alþingi tryggi að staðið verði við gefin fyrirheit um framlög til lausnar á húsnæðisvanda tekjulágra heimila.

- Heilbrigðismál: Heilbrigðis- og öldrunarþjónustunni verði tryggt nægilegt rekstrarfé og dregið verði úr greiðsluþátttöku sjúklinga.
- Fyrir liggur að það fjármagn sem veitt er til heilbrigðismála í frumvarpinu mun leiða til áframhaldandi rekstrarvanda og ekki tryggja nauðsynlegt fé til uppbyggingar, viðhalds og tækjakaupa. Stjórnendur Landspítalans hafa gert grein fyrir því að spítalann vanti 11–12 milljarða í auknið rekstrarfé og núverandi áform frumvarpsins munu leiða til þess að skera þarf verulega niður í þjónustu á spítalanum.
- Sú aukning á útgjöldum til heilsugæslunnar sem fram kemur í frumvarpinu fer einkum til sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðva á sama tíma og framlög til heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu lækka. Þetta er með öllu óásættanlegt. Alþýðusambandið leggur áherslu á mikilvægi þess að styrkja heilsugæsluna sem grundvallareiningu og fyrsta viðkomustað, sem er bæði skilvirkt og hagkvæmt fyrir einstaklinginn og ríkissjóð.
- Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir framlagi til að draga úr greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu líkt og heilbrigðisráðherra gaf fyrirheit um við afgreiðslu frumvarps um nýtt greiðsluþátttökukerfi í vor. Nýtt greiðsluþátttökukerfi tekur gildi þann 1. febrúar en samkvæmt reglugerðardrögum sem kynnt voru með lagafrumvarpinu í maí var gert ráð fyrir því að almennir notendur greiði að hámarki 95.200 krónur á ári fyrir heilbrigðisþjónustu. ASÍ tók undir þá fyrirætlun að setja hámark á þann kostnað sem sjúklingar þurfa að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu en taldi kostnaðarþakið allt of hátt, ekki síst í ljósi þess að lyf eru áfram í sérstöku greiðsluþátttökukerfi og sálfræðiþjónusta, sem er mjög dýr fyrir einstaklinga, er áfram undanskilin greiðsluþátttöku sjúkratrygginga. Þar að auki eru þættir eins og tannlækningar, hjálpartæki, ferðakostnaður, o.fl. sem ekki eru hluti af almenna greiðsluþátttökukerfinu. Kostnaður vegna

Þessara þátta bætist þannig við hámarkskostnað sjúklinga samkvæmt nýju greiðsluþáttökukerfi. Alþýðusambandið telur því brýnt að framlög til sjúkratrygginga tryggi að vænt greiðslupak sjúklinga lækki úr 95.000 á ári í 50.000 krónur líkt og lofað var.

- Innviðafjárfestingar: Þrátt fyrir uppsafnaða þörf á fjárfestingum í innviðum eru aðstæður í efnahagslífinu með þeim hætti að óvarlegt væri að efna til mikilla fjárfestinga á vegum hins opinbera á næstu misserum. Þvert á móti er áfram mikilvægt að auka ekki þá spennu sem þegar gætir á bygginga- og verktakamarkaði. Þess í stað ermikilvægt að tryggja fjármagn til að undirbúa innviðaverkefni með því að hanna og framkvæma umhverfismat á nauðsynlegum framkvæmdum þannig að þegar um hægist í efnahagslífinu, sem getur gerst óvænt, eruslík verkefni tilbúin til framkvæmda. Þegar nýafstaðin kreppa skall á hér á landi 2008 og 2009 reyndist það dýrkeypt hversu fá stór innviðaverkefni voru tilbúin til framkvæmda og urðu ekki fyrir en hagvöxtur var kominn vel á veg. Ábyrg hagstjórn felst ekki síður í því að opinberir aðilar séu tilbúinir að axla ábyrgð og hafi getu til að setja innviðaframkvæmdir af stað þegar aðstæður í efnahagslífinu gera kröfu til þess.
- Almannatryggingar: Tryggja þarf fjármögnun til að ljúka endurskoðun almannatryggingakerfisins gagnvart einstaklingum með skerta starfsgetu (örorkulífeyrisþegum) í samræmi við tillögur nefndar um endurskoðun almannatrygginga. Þetta er brýnt til að einfalda almannatryggingakerfið gagnvart þessum hópi með sambærilegum hætti og gert hefur verið gagnvart ellilífeyrisþegum, bæta samspilið við lífeyris sjóðina og auka áherslu á starfsgetu og endurhæfingu.
- Fæðingarorlof: Fæðingarorlofsgreiðslur verði hækkaðar og fæðingarorlof lengt til samræmis við niðurstöður starfshóps um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum.
 - Starfshópurinn lagði til að hámarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði yrðu hækkaðar í 600.000 krónur á mánuði og tekjur upp að 300.000 skerðist ekki. Þá yrði fæðingarorlof lengt úr 9 mánuðum í 12 í áföngum á árunum 2019–2021.
 - Kaupmáttur hámarksgreiðslu úr fæðingarorlofssjóði er í dag um 40% lægri en á árinu 2007 og yrði hámarksgreiðslan hækkuð í 600.000 krónur yrði kaupmátturinn enn um 30% lægri en á árinu 2007.
 - Staða Atvinnuleysisstryggingasjóðs er góð og útlit fyrir að hann skili um 8 milljarða króna hagnaði á árinu 2017 sem fer til að bæta afkomu ríkissjóðs. Þetta skapar svigrúm til þess að lækka hlutdeild Atvinnu-

leysistryggingasjóðs í tryggingagjaldinu og færa yfir til fæðingarorlofs-
sjóðs til fjármögnunar á umbótum í fæðingarorlofskerfinu.

Önnur atriði:

- Sjóðir vinnumarkaðarins verði markaðir tekjustofnar: Líkt og aðilar vinnumarkaðarins bentu á við breytingu á lögum um opinber fjármál á árinu 2015 er nauðsynlegt að gera breytingu í þá veru að færa sjóði vinnumarkaðarins sem standa undir fjármögnun tiltekinna réttinda úr A-hluta ríkissjóðs yfir í C-hluta. Þessir sjóðir eru hluti af þríhliða samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisins fjármagnaðir með framlögum sem eru ígildi iðgjalda t.d. atvinnuþryggingagjaldi, gjaldi til jöfnunar og lækkunar örorkubyrði líffeyrissjóða, fæðingarorlofsgjaldi, ábyrgðargjaldi vegna tryggingar krafna vegna gjaldþrota vinnuveitenda, gjaldi til starfsendurhæfingarsjóða, markaðsgjaldi og iðgjaldi vegna slysatryggingar sjómanna. Með slíkri breytingu er tryggt að framlög til þessara sjóða renni ekki beint í ríkissjóð heldur séu markaðir tekjustofnar sem fjármagni tiltekin réttindi. Góð staða sjóða vinnumarkaðarins á næsta ári leiðir til þess að ríflega 7 milljarðar munu renna úr þeim til að bæta stöðu ríkissjóðs í stað þess að verða eftir í sjóðunum og búa í haginn þegar ver árar (sjá nánar útreikninga á stöðu sjóðanna í viðauka II).
- Hækkanir á krónutölugjöldum setur slæmt fordæmi:
 - Krónutölugjöld, þ.m.t. vörugjöld á áfengi, tóbaki og eldsneyti, bifreiðagjald og kílómetragjald hækka um 4,7% skv. frumvarpinu, eða um 2,5% umfram verðlag. Hækkanir á þessum gjöldum hafa áhrif til hækkunar á vísitölu neysliverðs og munu þar af leiðandi auka verðbólgu. Heppilegra væri að nýta aðra þætti skattkerfisins til þess að sporna gegn þenslu en þá sem hafa bein áhrif á verðlag. Slíkt setur auk þess slæmt fordæmi fyrir gjaldskrárhækkunum hjá öðrum aðilum.

Frumvarp til laga um um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (samningar um heilbrigðisþjónustu), 4. mál Alþýðusamband Íslands styður að 40. gr. laga um sjúkratryggingar 112/2008 verði breytt eins og lagt er til með frumvarpinu. Almennt hefur rekstur heilbrigðisstofnana og heilsugæslunnar verið í rekstri hins opinbera hér á landi og sátt ríkt um það fyrirkomulag. Ef semja á við einkaaðila um rekstur þessara stofnana er mikilvægt að það verði ekki gert nema að undangenginni samþykkt Alþingis enda fela slíkir samningar í sér stefnumarkandi breytingar fyrir rekstur heilbrigðisþjónustu.

ASÍ styður einnig að kveðið verði á um ráðstöfun hagnaðar í samningum um heilbrigðisþjónustu og að arðgreiðslur verði bannaðar. Slík breyting er í samræmi við ályktun 42. þings ASÍ 2016 um heilbrigðismál. Þar segir m.a. „42. þing Alþýðusambands Íslands hafnar frekari einkavæðingu í heilbrigðis-kerfinu og telur siðlaust að ráðstafa fjármunum, sem veitt er til heilbrigðis-mála, til arðgreiðslna.“

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr.1/1997, með síðari breytingum (breytingar á A-deild sjóðsins), 6. mál

Alþýðusambandið hefur um áraraddir lagt áherslu á nauðsyn þess að gera breytingar í þá veru að samræma lífeyrissjóðum á almennum og opinberum vinnumarkaði og tryggja að lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna verði sjálfbærir og geti staðið undir réttindum sjóðfélaga sinna, líkt og lífeyrissjóðir launafólks á almennum vinnumarkaði. Um þessi megin markmið hafa aðilar vinnumarkaðarins verið sammála eins og m.a. kemur fram í drögum að skýrslu vinnuhóps um framtíðarskipan lífeyrismála. Samræming lífeyrissjóðanna er sömuleiðis að mati ASÍ forsenda fyrir áframhaldandi samtali milli aðila vinnu-markaðarins um leiðir til að breyta og bæta vinnubrögð við gerð kjarasamninga hér á landi. Nýtt samningalíkan verður að byggja á jafnræði alls launafólks varðandi bæði launahækkunar og lífeyrismála.

Alþýðusambandið leggur því ríka áherslu á mikilvægi þess að ljúka umræddu máli þrátt fyrir að með þessu frumvarpi sé gert ráð fyrir að ríki og sveitarfélög leggi fram tæplega 154 milljarða til lífeyrisaukasjóða A-deilda LSR og Brúar lífeyrissjóðs til að tryggja óbreytt réttindi núverandi sjóðfélaga auk 11 milljarða framlags til varúðarsjóða til að styðja við lífeyrisaukasjóðina komi til óvæntra áfalla.

Í því frumvarpi sem nú liggur fyrir er gerð breyting frá fyrra frumvarpi (873.mál á 145. löggjafarþingi) sem gerir ráð fyrir áframhaldandi ríkisábyrgð á óbreyttum réttindum allra núverandi elli-, örorku- og makalífeyrisþega í A-deild LSR sem og sjóðfélaga sem náð hafa 60 ára aldri við gildistöku breytinganna. Hér er um grundvallarbreytingu að ræða frá fyrra frumvarpi sem kann að hafa áhrif á framtíðarútgjöld ríkissjóðs. Ekki liggur hins vegar fyrir nein greining, í umfjöllun um frumvarpið, á fjölda þeirra sjóðfélaga sem þetta ákvæði nær til, þeim tímaramma sem það mun ná yfir, tryggingafræðilegum áhrifum á A-deild LSR eða mögulegum kostnaðaráhrifum á ríkissjóð.

Þá áréttar Alþýðusambandið að innan aðildarfélaga ASÍ eru um 12.000 félagsmenn sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum eða stofnunum sem fjármagnaðar eru af þessum aðilum. Þessi hópur greiðir lífeyrisútgjöld til almennu lífeyrissjóðanna, en mótframlag atvinnurekenda er skv. kjarasamningi hið

sama og til lífeyrissjóða opinberra starfsmanna (11,5% hjá ríkinu og 12% hjá sveitarfélögum). Í kjarasamningum þessara aðildarfélaga er jafnframt kveðið á um að mótframlagið byggji á þeirri forsendu að ekki verði breytingar á lífeyrskerfi opinberra starfsmanna. Jafnframt kveða kjarasamningar á um að verði breytingar á mótframlagi hjá lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna taki mótframlag þessa hóps breytingum á sama hátt. Lífeyrisréttindi þessa hóps opinberra starfsmanna hafa hins vegar ekki verið ríkistryggð með sama hætti og lífeyrisréttindi sjóðfélaga opinberu lífeyrissjóðanna.

Framlag til lífeyrisaukasjóða A-deilda LSR og Brúar mun standa undir óbreyttum réttindum núverandi sjóðfélaga í þessum deildum til starfsloka, en þessi aðferð mun hins vegar að óbreyttu ekki tryggja starfsfólki innan vébanda ASÍ, sem starfar hjá ríki og sveitarfélögum og stofnunum sem fjármagnaðar eru alfarið af almannafé, sambærilega uppbót. Í yfirlýsingu ríkisstjórnar í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í maí 2011 var því lýst yfir að við breytingar á lífeyrskerfi opinberra starfsmanna yrðu réttindi þessa hóps tryggð með sambærilegum hætti og réttindi sjóðfélaga í lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna, með framlögum frá hinu opinbera. Alþýðusambandið hefur haft frumkvæði að því að fá tryggingafræðilegt mat á stöðu þessa hóps og kostnaði við að tryggja honum sambærilega lausn og sjóðfélögum A-deilda LSR og Brúar og væntir þess að þær upplýsingar liggi fyrir á næstu dögum. Alþýðusambandið leggur áherslu á að staðið verði við gefin loford og tryggt að jafnt verði látið yfir alla starfsmenn ríkis og sveitarfélaga ganga. Nauðsynlegt er að einnig verði tekið tillit til þessa í fjárukaalögum fyrir yfirstandandi ár til þess að aðgerðin verði ekki íþyngjandi fyrir fjárlög næsta árs.

Þingsályktunartillaga um greiðsluþátttöku sjúklinga, 49. mál

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um greiðsluþátttöku sjúklinga, gjaldfrjálsa heilsugæslu og lægri hlutdeild lífeyrisþega í kostnaði við tannlækningar.

Hámarksgreiðslur sjúkratryggðra fyrir lækniþjónustu verði 35.000 kr. á ári

ASÍ hefur á liðnum árum ítrekað fjallað og ályktað um nauðsyn þess að draga úr kostnaðarþátttöku sjúklinga vegna heilbrigðisþjónustu. Sérstök áhersla var lögð á það af hálfu ASÍ í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í maí 2015 að dregið yrði úr kostnaðarþátttöku sjúklinga og var yfirlýsing þess efnis hluti af aðgerðum ríkisstjórnarinnar sem samþykktar voru í tengslum við samningana. Á síðasta þingi (145. löggjafarþingi) voru síðan samþykktar breytingar á lögum um sjúkratryggingar. ASÍ studdi markmið þeirra breytinga en gerði alvarlegar athugasemdir við að kostnaðarþakið fyrir almenna notendur ætti að verða 95.200 kr. á ári. Drög að reglugerð þess efnis

fylgdu frumvarpinu. Í nefndaráliti velferðarnefndar á þingskjali 1433 – 676. mál kemur fram að heilbrigðisráðherra hefði á fundi nefndarinnar greint frá áformum um, ... að greiðsluþátttaka sjúklinga verði minni en ráðgert var í fyrrnefndum drögum að reglugerð. Endanlegar tölur ráðast af fjárlögum næsta árs en miðað er við að almennar hámarksgreiðslur sjúkratryggðra verði ekki hærri en 50.000 kr. á ári.“ Breytingarnar áttu að taka gildi 1. febrúar 2017. Þessa afgreiðslu taldi ASÍ ásættanlega.

Ráðherra óskaði síðan eftir umsögnum um endurskoðuð reglugerðardrög í desember 2016. Í umsögn sinni gerði ASÍ athugasemdir við að ekki ætti að lækka kostnaðarþakið í 50.000 kr. á ári eins og ráðherra hafði gefið fyrirheit um heldur 69.700 kr. Í umsögn ASÍ til velferðarráðuneytisins um reglugerðina frá 15. desember 2016 segir m.a.: „Alþýðusambandið áréttar fyrri áherslur sínar um nauðsyn þess að lækka kostnaðarþátttöku sjúklinga í heilbrigðisþjónustunni og að staðið verði við fyrirheit um að hámarksgreiðsla almennra notenda verði ekki hærri en 50.000 krónur á ári, þ.e. að hámarksgreiðsla sjúkratryggðs almennt í almanaksmánuði skv. 3. gr. reglugerðarinnar verði ekki hærri en 17.600 krónur. Þar af leiðir að hámarksgreiðsla aldraðra, öryrkja og barna verði að hámarki um 11.700 krónur í almanaksmánuði.“

Enn liggur ekki ljóst fyrir hvort reglugerðin verði undirrituð óbreytt. Gildistöku á nýja greiðsluþátttökukerfinu var einnig frestað til 1. maí nk. með frumvarpi velferðarnefndar sem var afgreitt án þess að ASÍ gæfist kostur á að veita umsögn um þá frestun. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að einum milljarði hafi verið varið til innleiðingar nýja kerfisins á fjárlögum 2017 en ekki kemur fram hvert kostnaðarþak í greiðsluþátttöku sjúklinga eigi að verða.

Í töflunni má sjá dæmi um áhrif breytinganna á kostnaðarþátttöku almennra sjúklinga, lífeyrisþega og barna hjá sérfræðilæknum eins og gert er ráð fyrir í drögum að reglugerð frá því í desember sem miðar við 69.700 kr. árlegt greiðsluþak fyrir almenna sjúklinga.

Dæmi um kostnað vegna komu til sérfræðilækna áður en þaki er náð			
Hjartalækni			
	2016	maí.17	Breyting
Viðtal og skoðun - fjöldi eininga	21	21	
Einingaverð	382	389	
Heildarkostnaður	8.022	8.169	
Hlutdeild sjúklinga			
Almennt gjald	6.629	7.352	10,9%
Aldraðir II og öryrkjar	2.889	4.901	69,7%
Börn	890	Með tilvísun 0 / án 4.901	451%
Háls- nef og eyrnalækni			
	2016	maí.17	Breyting
Viðtal og skoðun vegna heyrnar - fjöldi eininga	28	28	
Einingaverð	382	389	
Heildarkostnaður	10.696	10.892	
Hlutdeild sjúklinga			
Almennt gjald	7.698	9.803	27,3%
Aldraðir II og öryrkjar	3.282	6.535	99,1%
Börn	890	Með tilvísun 0 / án 6.535	634%
Dæmi um kostnað vegna komu til sérfræðilækna áður en þaki er náð			
Hjartalækni			
	2016	maí.17	Breyting
Viðtal og skoðun - fjöldi eininga	21	21	
Einingaverð	382	389	
Heildarkostnaður	8.022	8.169	
Hlutdeild sjúklinga			
Almennt gjald	6.629	7.352	10,9%
Aldraðir II og öryrkjar	2.889	4.901	69,7%
Börn	890	Með tilvísun 0 / án 4.901	451%
Háls- nef og eyrnalækni			
	2016	maí.17	Breyting
Viðtal og skoðun vegna heyrnar - fjöldi eininga	28	28	
Einingaverð	382	389	
Heildarkostnaður	10.696	10.892	
Hlutdeild sjúklinga			
Almennt gjald	7.698	9.803	27,3%
Aldraðir II og öryrkjar	3.282	6.535	99,1%
Börn	890	Með tilvísun 0 / án 6.535	634%

Hækkunin er gríðarleg hjá lífeyrisþegum og umtalsverð hjá almennum sjúklingum. Þjónustan verður hins vegar gjaldfrjáls fyrir börn með tilvísun frá heimilislækni en hækkunin hjá þeim getur orðið meiri en 600% ef þjónusta er sótt án tilvísunar.

Í dag er greiðsluþátttaka allra sjúklinga of mikil í heilbrigðiskerfinu og við hana bætast t.d. lyf, sálfræðiþjónusta, hjálpartæki og ferðakostnaður. ASÍ leggur því áherslu á að staðið verði við fyrirheit um 50.000 kr. þak almennra sjúklinga og telur tillögu um að gengið verði enn lengra og að þakið verði 35.000 kr. mjög til bóta. ASÍ áréttar stuðning sinn við kerfisbreytinguna í greiðsluþátttöku en telur núverandi áform stjórnvalda um 69.700 kr. þak á greiðsluþátttöku sjúklinga ganga allt of langt í að fjármagna breytinguna með tilfærslu á milli sjúklingahópa. Einnig er mikilvægt að styrkja heilsugæsluna enn frekar ef innleiða á tilvísanakerfi fyrir börn. Að öðrum kosti er verið að mismuna börnum eftir aðgengi þeirra að heimilislækni og skapa hættu á því að fjárhagur foreldra ráði aðgengi barna að nauðsynlegri lækniþjónustu.

Gjaldfrjáls heilsugæsla

Í þingsályktuninni er lagt til að heilbrigðisráðherra verði falið að kveða á um það í reglugerð að ekki skuli taka gjald af sjúkratryggðum fyrir heilsugæslu samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007. Í 3. gr. laganna segir:

- Ráðherra markar stefnu um heilbrigðisþjónustu innan ramma laga þessara. Ráðherra er heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja þeirri stefnu, m.a. hvað varðar skipulag heilbrigðisþjónustu, forgangsröðun verkefna innan hennar, hagkvæmni, gæði og öryggi þjónustunnar og aðgengi að henni.
- Við skipulag heilbrigðisþjónustu skal stefnt að því að hún sé ávallt veitt á viðeigandi þjónustustigi og að heilsugæslan sé að jafnaði fyrsti viðkomustaður sjúklinga. ASÍ tekur undir með flutningsmönnum frumvarpsins og telur þessa breytingu til þess fallna að efla heilsugæsluna sem fyrsta þjónustustigið og stuðla að því að færri fresti læknisheimsóknnum vegna kostnaðar.

Dregið verði úr kostnaðarhlutdeild aldraðra og öryrkja við tannlækningar

Alþýðusamband Íslands tekur undir með flutningsmönnum frumvarpsins og telur mjög mikilvægt að endurskoða gjaldskrá vegna almennra tannlækninga fyrir lífeyrisþega. Í svari þáverandi heilbrigðisráðherra við fyrirspurn um kostnað vegna tannlækninga örorkulífeyrisþega á 144. löggjafarþingi, þingskj. 1286 – 714. mál kemur fram að viðmiðunargjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands hafi einungis hækkað einu sinni á tímabilinu 2003 til 2015. Hækkunin nemur

5,9% á tímabilinu en hefði þurft að hækka um 90,4% til að halda í við verðlag. Sama gjaldskrá gildir fyrir ellilífeyrisþega. Af þessu er ljóst að hlutdeild lífeyrisþega í tannlæknakostnaði hefur hækkað verulega sl. 13 ár. Þann 1. janúar sl. voru gerðar breytingar á greiðsluþáttökunni með breytingu á reglugerð nr. 451/2013 en viðmiðunargjaldskrá SÍ er óbreytt. Samkvæmt reglugerðinni áttu lífeyrisþegar með tekjutryggingu almannatrygginga rétt á 75% endurgreiðslu en þeir sem ekki eiga rétt á tekjutryggingu 50% endurgreiðslu. Með reglugerðarbreytingunni verður kostnaðarþátttökan samkvæmt viðmiðunargjaldskrá 75% fyrir allfesta lífeyrisþega. Rétt er að geta þess að þessi breyting er óveruleg og helst í hendur við breytingar á réttindum ellilífeyrisþega í almannatryggingakerfinu sem tók gildi 1. janúar sl. Greiðsluþátttaka ríkisins í tannlæknakostnaði eykst einungis fyrir 14% ellilífeyrisþega og 3% örorkulífeyrisþega, samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir árið 2015. Allflestir lífeyrisþegar sitja uppi með sama kostnað eftir breytinguna um áramótin.

Úr skýrslu hagdeildar ASÍ um greiðsluþátttöku sjúklunga í heilbrigðisþjónustu – mars 2016

Verðlagseftirlit ASÍ gerði verðkönnun hjá 25 tannlæknum á höfuðborgarsvæðinu í upphafi árs 2016 og bar saman verðskrár þeirra við gildandi viðmiðunargjaldskrá Sjúkratrygginga. Niðurstaðan var sú að gjaldskrár tannlækna voru í langflestum tilvikum að meðaltali 150–200% hærri en viðmiðunargjaldskrá Sjúkratrygginga. Þegar skoðaður er munur á lægsta verði tannlækna í könnuninni samanborið við viðmiðunargjaldskrána nemur sá munur í flestum tilvikum 50–100%. Af þessu er ljóst að þrátt fyrir að sjúklingar leiti ódýrustu tannlæknaþjónustu á markaði er munurinn á þeirri gjaldskrá sem Sjúkratryggingar miða endurgreiðslur sínar við og raunverulegri gjaldtöku tannlækna á markaði verulegur og endurgreiðslur til aldraðra og öryrkja því í reynd hlutfallslega mun lægri en reglur Sjúkratrygginga segja til um.

Þingsályktunartillaga um heilbrigðisáætlun, mál nr. 57

Alþýðusamband Íslands tekur undir með flutningsmönnum tillögunnar um mikilvægi þess að samþykkja nýja heilbrigðisáætlun fyrir Ísland. Tvö undan-gengin kjörtímabil hafa ráðherrar unnið að slíkum áætlunum og var tillaga til þingsályktunar velferðarstefnu - heilbrigðisáætlun til ársins 2020, lögð fram á 141. þingi en fékk ekki afgreiðslu. Á síðasta kjörtímabili var unnið áfram að gerð heilbrigðisáætlunar og óskaði velferðarráðuneytið eftir umsögnum um drög að henni haustið 2016.

Mikilvægt er að flýta vinnu við gerð heilbrigðisáætlunar en engin slík

áætlun hefur verið í gildi frá árinu 2010. ASÍ telur því að réttast væri að fela ráðherra að vinna áfram að heilbrigðisáætlun á grundvelli þeirrar miklu vinnu sem þegar hefur farið fram og með tilliti til þeirra umsagna sem bárust ráðuneytinu sl. haust.

Þingsályktunartillaga um fjármálastefnu fyrir árin 2017–2022, 66. mál

Alþýðusambandið fagnar þeim breyttu og bættu vinnubrögðum við stefnumótun í opinberum fjármálum sem felast í nýlegum lögum um opinber fjármál. Að setja slíkan ramma er mikilvægur liður í að skapa aga og yfirsýn um rekstur hins opinbera og móta stefnu á langtímagrundvelli. Til þess að fjármálastefnan þjóni tilgangi sínum og veiti nauðsynlegar upplýsingar og aðhald er mikilvægt að framsetning hennar sé skýr og skilmerkileg. Í því samhengi er tekið undir með athugasemdum Fjármálaráðs varðandi mikilvægi þess að stefnumörkun fyrir bæði tekjur og útgjöld liggja fyrir með skýrari hætti sem og nánari greining á því hvort stefnan uppfylli þau grunnildi um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu og gagnsæi sem byggja skal á.

Alþýðusambandið lýsir hins vegar vonbrigðum með þá stefnu sem sett er fram í fjármálum hins opinbera til næstu ára og telur hana hvorki grundvöll að efnahagslegum stöðugleika né undirbyggja þær velferðarumbætur sem nauðsynlegar eru til að stuðla að félagslegum stöðugleika og jöfnuði. Hvort tveggja eru þetta grundvallarstoðir sem hafa afgerandi áhrif á samskipti og samningagerð á vinnumarkaði. Í stjórnarsáttmála lýsa ríkisstjórnarflokkarnir yfir vilja sínum til að styðja við aðila vinnumarkaðarins í frekari umbótum á íslenska vinnumarkaðslíkaninu. Þótt óljóst sé hver afdrif þeirrar samræðu verða er ljóst að viljinn til áframhaldandi samtals ræðst að miklu leyti af þeirri leið sem stjórnvöld velja við hagstjórnina.

Veikleikar á tekjuhlíð takmarka möguleika til brýnna velferðarumbóta

Fyrirliggjandi fjármálastefna byggir að mati ASÍ í meginatriðum á að auka afgang af rekstri ríkissjóðs með því að nota eignir og afgang af rekstri til hraðari niðurgreiðslu skulda en áður var áformað. Með því lækki vaxtagjöld ríkisins og afkoman batni. Að baki þeirri áætlun er hins vegar óljós stefna um sölu ríkiseigna og talsverð óvissa um söluverðmæti þeirra eigna sem um ræðir. Tekjustofnar ríkisins hafa á undanförunum árum verið veiktir sem dregur úr aðhaldi ríkisfjármálanna og minnkar verulega svigrúm til nauðsynlegra velferðarumbóta. Engin áform eru þannig uppi um að nýta bættu stöðu sem lægri vaxtagjöld ríkissjóðs skapa til aukinnar almennrar velferðar. Á yfirstandandi ári leiða sértækar kerfisbreytingar til lækkunar tekna um 8 milljarða króna sem bætist við þær þensluhvetjandi aðgerðir sem ráðist hefur verið í á tekjuhlíð ríkisfjármálanna á undanförunum árum og má þar m.a. nefna skuldalækkunar-

aðgerðir og skattkerfisbreytingar á borð við afnám auðlegðarskatts, lækkun veiðigjalda og lækkanir á tollum og neyslusköttum. Afleiðingarnar verða þær að tekjustofnar ríkisins nægja ekki til að fjármagna nauðsynleg útgjöld til velferðar og innviða þrátt fyrir uppsveiflu. Aðhaldið í stefnunni byggir á því að nota velferðarkerfið sem helsta hagstjórnartækið með aðhaldi í gegnum ófjármagnaðar brýnar velferðarúrbætur og innviðaframkvæmdir ásamt veikingu á barna- og vaxtabótakerfunum. Fyrirséð er að þegar dregur úr umsvifum mun blasa við niðurskurður í opinberum rekstri og/eða skattahækkunir, þvert á hagsveifluna.

Rekstur í járnnum þegar leiðrétt er fyrir hagsveiflu – minna aðhald í - uppsveiflu

Einn helsti veikleiki fyrirbyggjandi fjármálastefnu er að ekki er lagt mat á tekjur og útgjöld hins opinbera að teknu tilliti til hagsveiflunnar. Þjóðhagspá Hagstofu Íslands, sem fjármálastefnan byggir á, er samdóma álitni annarra greiningaraðila um að spenna fari vaxandi í hagkerfinu og umsvif verði veruleg á næstu árum, þótt heldur hægi á þegar líða tekur á tímabilið. Við slíkar aðstæður er brýnt að hagstjórnin ýti ekki undir ofpenslu og óstöðugleika og vinni ekki gegn peningamálastefnunni. Að öðrum kosti verða afleiðingarnar og viðbrögð Seðlabankans fyrirsjáanleg. Verðbólguþrýstingur eykst, vextir hækka og þrýstingur á gengi krónunnar eykst. Um þetta er m.a. fjallað í greinargerð með stefnunni. Líkt og Seðlabankinn hefur bent á í riti sínu Penningamálum dregur úr aðhaldsstigi ríkisfjármála á þessu ári og þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir afgangi af ríkissjóði næstu árin felur fjármálastefnan í sér slökun á aðhaldsstigi að teknu tilliti til hagsveiflunnar.

Í fjármálaáætlun fyrri ríkisstjórnar sem lögð var fram í maí sl. var aðalþungi áætlunarinnar sagður snúa að því að láta sjálfvirka sveiflujafnara vinna sitt verk og halda gjaldahliðinni stöðugri á meðan aukin efnahagsumsvif auki tekjur ríkissjóðs og skapi meiri rekstrarafgang. Fjármálaráð bendir í álitni sínu á að stefnan varðandi þetta sýnist óbreytt og vekur athygli á því að í reynd hafi hin sjálfvirka sveiflujöfnun verið veikt undanfarin ár með aðgerðum á tekjuhlið fjárlaga. Auk þess veiki markmið fjármálastefnunnar um að útgjöld og tekjur þróist sem fast hlutfall af landsframleiðslu þessa sveiflujöfnun.

Í þingsályktunartillögunni er, líkt og bent er á í álitnsgerð fjármálaráðs, ekki að finna neina sundurliðun á afkomu hins opinbera í frum- og fjármagnsjöfnuð né heldur upplýsingar um sértækar tekju- og útgjaldaaðgerðir eða leiðréttingu fyrir áhrifum hagsveiflunnar á afkomu hins opinbera. Þetta geri það að verkum að raunverulegt aðhaldsstig opinberra fjármála er óljóst. Því sé erfitt að álykta hvort afkomumarkmiðið sé nægilega aðhaldssamt til að viðhalda stöðugleika og vinna með peningamálastefnunni. Í greinargerð fjármálastefnunnar segir auk

Þess að ef leiðrétt væri fyrir hagsveiflunni, væri afkoma ríkissjóðs í járnnum, sem líkt og fjármálaráð bendir á, gefur til kynna að aðhald stefnunnar sé hlutlaust.

Með hliðsjón af ofangreindu er það mat ASÍ að fjármálastefnan stuðli ekki að þeimmarkmiðum sem sett eru fram í greinargerð með stefnunni um að hagstjórnin tryggi stöðugleika og vinni með peningamálastefnunni. Fyrir liggur að ef tryggja á nægilegt aðhald og styðja á við peningamálastefnuna samhliða þeim velferðarumbótum, sem verkalýðshreyfingin telur óumflýjanlegar til að treysta hinn félagslega stöðugleika, er nauðsynlegt að styrkja tekjustofna ríkisins.

Alþýðusambandið telur að svo treysta megi efnahagslegan stöðugleika og félagslega velferð þurfi stjórnvöld að beita sér með tvíþættum hætti. Annars vegar þannig að ríkisfjármálin spenni á móti uppsveiflu í atvinnulífínu á tekjuhlíðinni og hins vegar verði ráðist í brýnar úrbætur m.a. á sviði heilbrigðis- og öldrunarmála, húsnæðismála, almannatrygginga og í stuðningi við barnafjölskyldur með markvissum fjármögnuðum aðgerðum. Slík tvíþætt aðgerð gæti skipt sköpum í viðleitni aðila vinnumarkaðarins við að skapa sátt um nýja nálgun við gerð kjarasamninga en óvissa og vanfjármögnun í velferðarmálum hamla þeirri vinnu.

Óvarfærin áætlun um niðurgreiðslu skulda

Fjármálastefnan gerir ráð fyrir því að skuldir A-hluta hins opinbera lækki um 11% af landsframleiðslu á næstu fimm árum og er meginþungi þess á A-hluta ríkissjóðs. Ef lítið er til tímabilsins frá 2017–2022 gerir áætlunin ráð fyrir að skuldir A-hluta ríkissjóðs lækki um 10% af landsframleiðslu.

Alþýðusambandið tekur undir mikilvægi þess að hafa skýra stefnu um niðurgreiðslu á skuldum hins opinbera sem dregur úr vaxtakostnaði og tryggir sjálfbærni. Eðlilegt er að nýta einkisþekjur ríkissjóðs í þessum tilgangi en varhugavert kann að vera að byggja áætlanir um svo hraða niðurgreiðslu skulda eins og hér er gert á eignasölu og afgangi af rekstri í uppsveiflu. Slík áætlun er háð mikilli óvissu um söluverðmæti eigna og kann auðveldlega að reynast ósjálfbær. Því er tekið undir ábendingar fjármálaráðs um að áætlun um niðurgreiðslu skulda þurfi að vera varfærin þannig að hún reynist ekki of þungbær í framkvæmd og skaði ekki sjálfbærni samfélagsins eða setji það úr jafnvægi. Nauðsynlegt er að fyrir liggja áætlun um það hvernig niðurgreiðsla skulda skuli fjármögnuð, hversu stór hluti byggi á einkisþekjum og hvaða áætlanir og stefna um sölu ríkiseigna liggja þar að baki. ASÍ telur mikilvægt að sátt ríki um áætlun um sölu ríkiseigna og að tryggt verði að hæsta mögulega verð fáið fyrir þær.

Auk þess er brýnt að heildstætt mat og áætlanir um þróun á skuldum hins opinbera nái einnig til langtímaskuldbindinga, ekki síst í ljósi ófjármagnaðra líffeyrisskuldbindinga í B-deild LSR, LH og sjóðum sveitarfélaga sem nema nú

um 650 milljörðum króna, eða um 27% af landsframleiðslu og að óbreyttu mun B-deild LSR tæmast á næstu 12–15 árum og munu þá greiðslur ríkissjóðs vegna bakábyrgðar verða að meðaltali um 14 milljarðar á ári næstu árin þar á eftir.

Vinna gegn spennu á húsnæðismarkaði með fjölgun almennra íbúða

Eins og fjallað er um í greinargerð með stefnunni eru blíkur á lofti í hagkerfinu vegna aukinnar spennu á húsnæðismarkaði, jafnvel þó svo útlit sé fyrir hagfelldar efnahagshorfur. Hækkandi fasteignaverð er til komið vegna ónógs framboðs af húsnæði vegna of lítilla umsvifa undanfarin ár, takmarkaðra fjárfestingarkosta sem beint hafa fjárfestum í auknum mæli í íbúðarhúsnæði, gríðarlegrar fjölgunar ferðamanna, innflutnings vinnuafis auk skuldaleiðréttingarinnar. Því er nauðsynlegt að auka framboð af húsnæði verulega. Stjórnvöld ættu að nýta almenna íbúðakerfið til að mæta húsnæðisvanda ungs fólks og lágtækjufólks, sem fyrir liggur að verður verst úti við aðstæður sem þessar. Stofnframlög til almennra íbúða auka framboð af niðurgreiddu húsnæði og vinna gegn hækkun húsnæðisverðs ólíkt þeim aðgerðum sem stjórnvöld hafa gripið til í húsnæðismálum á undanförmum árum sem miðað hafa að því að ýta undir eftirspurn og verðhækkanir. Umtalsverð fjölgun almennra íbúða er skynsamleg efnahagsstjórn og brýnt velferðarmál. ASÍ telur þörfina að lágmarki 1.000 íbúðir á ári næstu fimm árin.

Nýta hagstjórnartæki til jákvæðra áhrifa á aldurssamsetninguna til - framtíðar

Eitt af þeim efnahagslegu úrlausnarefnum sem rætt er um í stefnunni að muni íþyngja fjármálum hins opinbera til framtíðar eru fyrirséðar breytingar á aldurssamsetningu þjóðarinnar þegar hægir á fólksfjölgun samhliða því sem árgangar eldri kynslóða verða sífellt stærri hluti mannfjöldans. Í því samhengi má nefna að skynsamleg langtímasýn í efnahagsmálum fæli í sér að nýta þau hagstjórnartæki sem geta haft jákvæð áhrif á aldurssamsetninguna til framtíðar, ss. barnabætur, fæðingarorlof og húsnæðiskerfi sem þjónar ungu fólki.

Þingsályktunartillaga um starfshóp um keðjuábyrgð, 69. mál

Mikil þensla á íslenskum vinnumarkaði, fjölgun erlendra starfsmanna og aukin umsvif erlendra verktaka og þjónustufyrirtækja hefur varpað skýrara ljósi á ýmis vandamál tengd vinnumarkaðinum, þ.m.t. talið undirboð á vinnumarkaði, ýmiss konar brotastarfsemi gagnvart starfsmönnum og tilraunir til að komast hjá því að standa skil á sköttum og öðrum greiðslum í sameiginlega sjóði samfélagsins. Verkalýðshreyfingin hefur lengi bent á þessar meinsemdir og sama gildir um yfirvöld skattamála.

Mikilvægt er að sporna gegn framangreindri brotastarfsemi með öllum til-
tækum ráðum enda tapa allir á henni, nema svindlararnir:

- Útlendingar og ungt fólk sem verður fyrir alvarlegustu brotunum
- Launafólk sem fyrir er á vinnumarkaði, vegna þess að grafið er undan þeim kjörum og réttindum sem hér gilda
- Heiðarleg fyrirtæki, vegna þess að grafið er undan samkeppnisstöðu þeirra
- Samfélagið allt, vegna þess að grafið er undan mikilvægum þáttum eins og heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfinu.

Alþýðusambandið tekur heilshugar undir þær áhyggjur og þau almennu sjónarmið sem þingsályktunartillagan byggir á.

Í þessu samhengi er rétt að geta þess að nú er að störfum starfshópur á vegum félags- og jafnréttisráðherra sem vinnur að innleiðingu tilskipunar ESB nr. 2014/67 er varðar skyldu íslenskra notendafyrirtækja vegna starfsmanna erlendra þjónustufyrirtækja á þeirra vegum. Í starfshópnum er unnið að til-
lögum um að tekin verði upp keðjuábyrgð vegna starfsmanna erlendra þjón-
ustufyrirtækja. Það liggur jafnframt fyrir að keðjuábyrgðin verður takmörkuð við framangreindan hóp og mun eingöngu ná til launa og annarra starfskjara. Hér er um mikilvægt skref að ræða, verði tillögurnar að lögum á yfirstandandi þingi eins og stefnt er að. Um leið er ljóst að þær munu aðeins ná til takmarkaðs hóps og takmarkast við afmarkaðan þátt.

Í ljósi framanritaðs styður Alþýðusambandið að skipaður verði starfshópur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til að fjalla um hvort og þá hvernig megi útvíkka keðjuábyrgðina og/eða finna aðrar leiðir til að ná þeim markmiðum að tryggja hér heilbrigðan vinnumarkað og vinna gegn brotastarfsemi sem þar viðgengst. Jafnframt er rétt að benda á að ýmsir þættir er varða þau úrlausnarefni varða fleiri ráðuneyti en það sem heyrir undir félags- og jafnréttisráðherra, s.s. fjármálaráðuneytið hvað varðar skattamálin og er mikilvægt að hafa það í huga við afgreiðslu málsins.

Þingsályktunartillaga um merkingu á vörum frá hernum dóm svæðum Palestínu, 76. mál

Alþýðusamband Íslands hefur um áratugaskeið fordæmt hernám Ísraels í Pal-
estínu og stutt baráttu Alþjóðasambands verkalýðsfélaga (ITUC) fyrir rétt-
indum palestínsks verkafólks og andstöðu við hið ólögmeta hernám. Eitt þeirra verkfæra sem borgarar lýðfrjálsra ríkja geta notað til þess að þrýsta á stefnubreytingu ríkja sem ekki fara að alþjóðalögum er meðvitað val neytenda á neysluvöru. Nokkurt magn vöru er flutt inn frá Ísrael án þess að bera með

sér aðrar upplýsingar um uppruna en að varan sé framleidd í Ísrael en hluti hennar er framleiddur á svæðum sem hernumin hafa verið í andstöðu við alþjóðalög.

ASÍ styður því heilshugar að vara sögð framleidd í Ísrael verði sérstaklega merkt eins og tillagan gerir ráð fyrir. ASÍ styður jafnframt að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir auknum viðskiptum við Palestínu á grundvelli bráðabirgðasamnings EFTA þar um frá 1.7 1999 (<http://www.efta.int/free-trade/free-trade-agreements/palestinian-authority>).

Frumvarp um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, 84. mál

Alþýðusamband Íslands hefur ætíð lagt áherslu á að nauðsynlegt sé að lengja fæðingar- og foreldraorlofið. Eins og fram kemur í lögum um fæðingar- og foreldraorlof þá hefur markmið laganna annars vegar verið að tryggja barni samvistir við báða foreldra og hins vegar að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Til að þessum markmiðum laganna sé náð, þarf meðal annars að lengja fæðingar- og foreldraorlofið.

Starfshópur um mótn á tilhögun að framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum skilaði af sér tillögum í mars 2016 til þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra. ASÍ átti fulltrúa í starfshópnum og er hér með vísað til skýrslunnar og þeirra megintillagna sem þar koma fram.

ASÍ lagði fram sérstaka bókun þar sem segir að þó að ASÍ hefði viljað hraða þeim breytingum sem fram koma þá styðji sambandið þá málamiðlun sem tillögur starfshópsins endurspeglar og sem fram koma í skýrslunni. Þetta á við um greiðslur úr fæðingarorlofssjóði til foreldra í fæðingarorlofi, lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði og skiptingu fæðingarorlofs milli foreldra. Ítrekað var að þótt ASÍ hefði viljað sjá lengingu fæðingarorlofsréttar koma mun fyrir til framkvæmda, þá studdi sambandið tillöguna á þeim forsendum að hún fæli í sér raunhæfa aðlögun í framkvæmd.

ASÍ fagnar framkomnu frumvarpi um lengingu fæðingarorlofs í allt að 12 mánuði, þar sem lagt er til að skipting orlofsins verði að hvort foreldri um sig hafi fimm mánaða sjálfstæðan rétt og sameiginlegur fæðingarorlofsréttur foreldra verði tveir mánuðir.

ASÍ telur tillöguna rúmast vel innan þess hluta tryggingagjalds sem fæðingarorlofssjóður fékk á árunum 2012–2013, þ.e. 1,28% af tryggingagjaldinu, en gjaldið var lækkað um næstum helming árið 2014. Því sé engin þörf á sérstakri hækkun tryggingagjalds, þrátt fyrir lengingu fæðingarorlofsins, heldur eingöngu tilfærsla eins og lagt er til í frumvarpinu.

Frumvarp til breytingar á lögum um verslun með áfengi og tóbak og fleiri lögum, 106. mál

Með frumvarpinu er lagt til að einkaleyfi ríkisins á áfengissölu verði afnumið og smásala verði gefin frjálts að miklu leyti. Frumvarpið vinnur gegn stefnu stjórnvalda í áfengis- og vímuefnavörnum. Markmið stefnunnar er að „draga úr andlegum, félagslegum og líkamlegum skaða og kostnaði einstaklinga, fjölskyldna, fyrirtækja og samfélagsins alls vegna neyslu vímugjafa“. Stefnan var samþykkt í desember 2013 og til stóð að byggja sérstaka aðgerðaáætlun á henni í kjölfarið. ASÍ vill nota tækifærið sem nú gefst til að brýna stjórnvöld til að semja slíka áætlun sem fyrst til að hægt verði að framfylgja stefnunni með markvissari hætti. Stefnan byggir á tilmælum Alþjóðaheilbrigðismála-stofnunarinnar frá árinu 2010.

Rannsóknir sýna að heft aðgengi og verðlagning áfengis eru einna áhrifaríkustu forvarnir gegn áfengisneyslu sem völ er á og á heimasíðu Landlæknis má finna ágætt yfirlit yfir slíkar rannsóknir og niðurstöður þeirra í stuttu máli. http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item24904/Rannsóknarskýrslur-%20um%20áfengismál_samantekt.pdf

Í greinargerð með fyrirleggjandi frumvarpi segir á bls. 13: „Breytingin á verslun með áfengi og tóbak sem hér er lögð til felur aðeins í sér að aðrir en hið opinbera annist smásölu áfengis sem og rýmkun á heimildum til auglýsinga. Þannig felur frumvarpið ekki í sér tillögur um breytingu á áfengisstefnu ...“. Þessari fullyrðingu mótmælir ASÍ enda er eitt af meginmarkmiðum áfengisvarnastefnunnar að takmarka aðgengi að áfengi og öðrum vímugjöfum og tekið er fram að ein mikilvægasta aðgerðin til að draga úr skaðlegum áhrifum og vandamálum tengdum neyslu áfengis og annarra vímugjafa sé að takmarka aðgengi m.a. með aðhaldsaðgerðum varðandi sölufyrirkomulag áfengis. Með þessu frumvarpi er verið að auka aðgengi að áfengi með fjölgun smásölustaða og auknum opnunartíma.

Þetta frumvarp gengur auk þess lengra en fyrri frumvörp sama efnis og leggur til að auglýsingar á áfengi verði leyfðar. Nokkrar aðrar breytingar hafa að auki verið gerðar á frumvarpinu frá 145. löggjafarþingi. Þær eru helstar að sala áfengis í smásölu verði heimil til kl. 24.00 í stað 20.00, fellt er út ákvæði um að sala geti aðeins farið fram ef kaupandinn sýnir með skilríkjum að hann sé orðinn 20 ára og ákvæði um að ekki megi selja áfengi undir kostnaðarverði er einnig fellt út þó svo að í greinargerð með frumvarpinu sé enn talað um að það sé óheimilt. Reyndar kann þarna að vera um mistök að ræða við samningu frumvarpsins því svo virðist sem 10. gr. áfengislaga haldist óbreytt en þar er kveðið á um að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hafi einkaleyfi til smásölu áfengis.

Þá er það einnig nýtt í þessu frumvarpi að lagt er til að sveitarstjórnnum verði heimilt að veita undanþágu frá afmörkun áfengis frá annarri söluvöru.

Auk þess er mögulegum útsölustöðum fjölgað en í fyrra frumvarpi var sveitarstjórn óheimilt að veita smásöluleyfi til fyrirtækja sem falla undir ÍSAT-flokkinn 47.11.2 (söluturnar) og myndbanda- og mynddiskaleigna, sbr. ÍSAT-flokk 77.22.0. Þessi takmörkun er felld brott nú. Þá er fellt út bráðabirgðaákvæði um að endurskoða beri löginn innan árs frá gildistöku þeirra.

Alþýðusamband Íslands leggst gegn því að frumvarpið verði að lögum. Frumvarpið er í andstöðu við áfengis- og vímuvarnastefnu stjórnvalda og þá almennu sátt sem ríkt hefur um söluþyrirkomulag áfengis hér á landi. Verði frumvarpið að lögum mun áfengisneysla aukast og skaði og kostnaður sem af henni hlýst verða meiri.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003, með síðari breytingum (aukinn aðgangur að fyrirtækjaskrá), 116. mál

Þær upplýsingar sem vistaðar eru í fyrirtækjaskrá eru opnar en gerð er krafa um sérstakt gjald vegna útgáfu vottorða, staðfestinga o.fl. og er það edlilegt þar sem um opinber vottorð er að ræða. Mikilvægt er hins vegar bæði einstaklingum og fyrirtækjum að eiga greiðan og hindrunarlausan aðgang að raf-rænni uppflettingu í skránni og þess vegna tekur Alþýðusamband Íslands undir þau sjónarmið sem að baki þessu frumvarpi búa.

Frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972, með síðaribreytingum, 119. mál

Alþýðusamband Íslands skilaði inn umsögn árið 2010 og aftur árið 2015 um frumvarp til laga um afnám laga um orlof húsmæðra, nr. 53/1972 þegar það var lagt fram á Alþingi.

Það frumvarp sem er hér til umsagnar, þingskjal 178 – 119. mál, er efnislega það sama og fyrri frumvörp og er því umsögn ASÍ efnislega svipuð og fyrri umsagnir sambandsins.

Enn og aftur leggur ASÍ áherslu á að markmið orlofslaganna á sínum tíma var að veita þeim konum sem veittu heimili forstöðu færi á að taka orlof líkt og launafólk hafði samið um við atvinnurekendur. Tilgangur laganna var að lögfesta viðurkenningu á þjóðfélagslegu mikilvægi ólaunaðra starfa og veita húsmæðrum rétt til orlofs líkt og launafólki. Um félagsleg réttindi var því að ræða fyrir þennan hóp sem hann gat ekki öðlast á grundvelli kjarasamnings.

Í greinargerð með frumvarpinu, sem hér er til umsagnar, kemur fram að vegna breytinga á vinnumarkaði og stöðu kvenna í dag má ætla að stór hluti þeirra sem þegið hafa húsmæðraorlof undanfarna áratugi eigi lögbundinn rétt til orlofs.

ASÍ tekur undir það að atvinnuþátttaka kvenna hefur aukist stórlega allt frá byrjun áttunda áratugarins og að samfélagið hefur tekið örum breytingum á

undanförnum áratugum. Staða kynjanna er önnur í dag en hún var þegar lögin um orlof húsmæðra var sett árið 1960, varðandi heimilishald og barnauppleði. Þrátt fyrir breytta tíma, þá því miður sýna kannanir að ennþá eru ólaunuð umönnunarstörf; heimilisstörf og umönnun barna, frekar á ábyrgð kvenna en karla.

ASÍ lagði til í umsögn sinni frá 6. mars 2015 að áður en Alþingi tæki ákvörðun um að afnema réttindi tilekinna hópa í þjóðfélaginu, að kannað yrði hvaða áhrif slík aðgerð hefði fyrir þann hóp og einnig að það lægi fyrir hversu fjölmennur sá hópur er sem ákvörðunin hefur áhrif á. Sambandið hefur ekki upplýsingar um að slík könnun hafi verið gerð.

ASÍ vill því ítreka tillögu sína frá 6. mars 2015 að gerð verði úttekt á hversu fjölmennur sá hópur er sem hefur beina hagsmuni af orlofi húsmæðra samkvæmt núgildandi orlofslögum. Einnig þarf að fara fram úttekt á hvernig þeir hópar eru samansettir sem hafa nýtt sér orlofsréttindi síðastliðin ár. Þegar þær upplýsingar liggja fyrir getur sambandið tekið afstöðu til þess hvort breyta þurfi eða afnema núverandi lög um orlof húsmæðra eða ekki.

Að lokum bendir ASÍ á að ef frumvarpið nær fram að ganga og lög um orlof húsmæðra verði felld úr gildi í núverandi mynd þar sem þau eru ekki að ná markmiði sínu, þá verði þeim breytt og það fjármagn sem veitt hefur verið í orlofssjóð húsmæðra nýtist á annan hátt því barnafólki sem ekki hefur tók á launuðu orlofi.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 (bótaréttur fanga) 121. mál

Alþýðusamband Íslands styður þau sjónarmið sem búa að baki þessu frumvarpi en þau byggja á því að vinnu meðan á refsivist stendur skuli meta með sama hætti og aðra vinnu. Það samræmist einnig niðurstöðu Umboðsmanns Alþingis frá 14.12 2007 í málinu nr. 3671/2002 en að því máli átti Alþýðusamband Íslands frumkvæði.

Niðurstaða umboðsmanns fylgir umsögn þessari. Vakin er athygli á því, að samhliða því að viðurkenna réttarstöðu vinnandi fanga eins og annars launafólks í þessu sambandi ætti samhliða að gera „launagreiðandanum“ að greiða nauðsynleg iðgjöld vegna atvinnuleysistryggingarinnar.

Frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, 128. mál

Alþýðusamband Íslands tekur undir þær athugasemdir sem Sjálfsbjörg og MND félagið gera varðandi réttarstöðu fatlaðra og hreyfihamlaðra. Undanþáguheimild 2. mgr. 18. gr. er að mati ASÍ allt of opin auk þess sem engar skýringar eða leiðsögn um túlkun hennar er að finna í greinargerð, m.a. hvað varðar aðgang að almenningssamgöngum. Verði ákvæðið að lögum óbreytt má

ætla að það geti farið gegn ákvæðum stjórnarskrár og gegn þeim sáttmálum sem Ísland hefur undirgengist og sem varða réttarstöðu fatlaðra.

ASÍ telur jafnframt að auka þurfi við ákvæði 5. gr. og greinargerð með því. Eins og ákvæðið er nú, er öll útfærsla á leyfisskilyrðum geymd til útfærslu í reglugerð. Þegar greinargerð með 5. gr. er lesin er enga leiðsögn að finna til framkvæmdavaldsins og vísað þess í stað til reglugerðar EB nr. 1071/2009án þess að gera nánari grein fyrir efni hennar. Það er spurning hvort framkvæmdavaldinu verði eftir lagasetninguna heimilt að sækja stoð í efni - reglugerðar beint í framangreinda gerð EB skv. almennu og opnu umbodi í lögnum en gerðin er ekki hluti greinargerðar með frumvarpinu. ASÍ telur annars vegar að verulega þurfi að breyta greinargerð með 5. gr. þ.a. að megin-efni sömu umfjöllunar í reglugerð EB komi þar fram. Hins vegar telur ASÍ að sérstaklega eigi að taka fram í 5. gr. að það teljist hlutiskilyrða um fjárhagsstöðu og orðspor, að umsækjandi virði skyldur sínar gagnvart starfsmönnum m.a. hvað varðar kjarasamninga og laun, skil iðgjalda og skatta, stundi ekki svarta atvinnustarfsemi eða kennitölufلاك. Komi þetta fram með skýrum hætti lagatexta eða greinargerð má, eins og gert er ráð fyrir, útfæra þau skilyrði nánar í reglugerð. Loks er, hvað 5. gr. varðar, vakin athygli á því að frumvarpið notar hugtakið orðspor meðan fyrrgreind EB reglugerð notar hugtakið „orðstír“. Æskilegt er að halda sama orðfæri til þess að forðast mis- skilning.

Loks vekur ASÍ athygli á því, að erlendir ferðapjónustuaðilar stunda farþegaflutninga hér á landi án tilskilinna leyfa eða tilkynninga. Hingað koma á þeirra vegum hópferðabifreiðar með erlendum bifreiðastjórum sem síðan eru staðsettar hér á landi um lengri eða skemmri tíma. Þessar bifreiðar eru síðan notaðar eftirlitslaust til þess að aka mismunandi hópum farþega um landið rétt eins og innlendir leyfisskyldir aðilar með staðfestu hér á landi gera.

Frumvarp um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 með síðari breytingum (leiðrétting), 150. mál

Alþýðusambandið gerir ekki efnislegar athugasemdir við þær breytingar sem í frumvarpinu felast enda eru þær í samræmi við markmið laganna. ASÍ mót-mælir því hins vegar harðlega að til standi að leiðrétta greiðslur almannatrygginga afturvirk til 1. janúar sl. vegna yfirsjónar við breytingar á lögum síðastliðið haust. Slík íþyngjandi afturvirk aðgerð gagnvart lífeyrisþegum samræmist ekki reglum íslenskra laga um afturvirkni.

Þingsályktunartillaga um rafræna birtingu málaskráa og gagna ráðuneyta, 175. mál

Alþýðusamband Íslands tekur undir þau sjónarmið sem tillagan byggir á.

Vakin er athygli á að ekki er gert ráð fyrir jafn umfangsmikilli birtingu og við á um Noreg. Jafnframt er bent á að ef til vill kunni að vera nauðsynlegt að skilgreina betur í lögum hvaða gögn úr málaskrá mægi birta og setja ramma í lögum utan um þann gagnagrunn sem nauðsynlega verður til eigi þessar upplýsingar að verða almenningi aðgengilegar.

Frumvarp til laga um um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (fbúakosningar), 184. mál

Frumvarpið felur ekki í sér efnisbreytingar en gerir kröfu um að sveitarfélög móti sér stefnu um það hlutfall kosningabærra sem þurfi til þess að framkalla atkvæðagreiðslu, kjósi þau að miða við annað og minna hlutfall en 20%. Innan aðildarfélaga ASÍ getur að jafnaði á bilinu 1–2% félagsmanna framkallað ákvörðunarþæra fundi og í kjölfarið allsherjaratkvæðagreiðslur innan viðkomandi félags. ASÍ gerir ekki athugasemdir við efni málsins.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 47/2006 um kjararáð (lækkun launa til samræmis við launaþróun frá 2013), 189. mál

1/ Nauðsynlegar breytingar á lögum um kjararáð

Alþýðusambandið telur brýnt að gera breytingar á lögum um kjararáð og studdi frumvarp sem lagt var fram þess efnis sl. haust. (871. mál á 145. lög-gjafarþingi).

Í því samhengi benti ASÍ á að nauðsynlegt væri að kveðið yrði á um það með skýrum hætti í lögnum að gera skuli grein fyrir og birta opinberlega úrskurði kjararáðs sem og ákvarðanir ráðherra eða sérstakrar starfseiningar sem ákvarðar forsendur launaákvarðana embættismanna og forstöðumanna ríkisstofnana. Þá telur ASÍ að æskilegt sé að gera kröfu til þess að nefndarmenn í kjararáði hafi þekkingu á málefnum vinnumarkaðarins.

2/ Krafa um endurskoðun á ákvörðunum kjararáðs

Alþýðusambandið hefur á liðnum mánuðum ítrekað sett fram kröfu um að Alþingi grípi inn í ákvarðanir kjararáðs um kjör ráðamanna og ædstu embættismanna frá undanförunum mánuðum, enda gangi þær þvert á þá sameiginlegu launastefnu sem ríki og sveitarfélög undirgengust að fylgja í kjarasamningum við sína starfsmenn með undirritun rammisamkomulagsins í október 2016. Það er því sjálfsögð og eðlileg krafa að slíkt hið sama eigi við um þjóðkjörna fulltrúa.

Miðstjórn ASÍ hefur ítrekað ályktað um úrskurði kjararáðs og í ályktun frá 24. ágúst sl. segir:

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega nýlegum úrskurðum kjararáðs þar sem embættismönnum og forstöðumönnum ríkisstofnana eru úrskurðaðir tugprósenta launahækkanir í einu vetfangi. Niðurstaða kjararáðs gengur þvert á sameiginlega launastefnu sem samið var um á vinnumarkaði og lá til grundvallar vinnu aðila vinnumarkaðar um mótun nýs samningalíkans. Með þegjandi samþykki sínu gefa stjórnvöld launafólki langt nef og grafa undan viðræðum aðila vinnumarkaðarins um nýtt samningamódel sem byggir á stöðugleika og öruggri kaupmáttaraukningu.

Miðstjórn ASÍ áréttar að það kemur ekki til greina að tekjuhæstu hópar samfélagsins fái sérstaka meðferð og deili ekki kjörum með almenningi í landinu – um slíkt verður engin sátt. Okkar félagsmenn munu ekki sætta sig við að skapa jarðveg fyrir stöðugleika og aukna verðmætasköpun með ábyrgum launahækkunum til þess að hátekjuhópar geti á einu bretti fengið hækkanir sem nema mánaðarlaunum margra félaga okkar.

Hér er á ferðinni versta birtingarmynd þess ranglætis sem við höfum alltof lengi búið við. Það er löngu tímabært að þeir sem telja sig vera yfirstétt þessa lands geri sér grein fyrir því að nú þurfa þeir eins og aðrir að taka afstöðu til þess hvort þeir vilja byggja hér upp samfélag þar sem jafnræði ríkir í launamálum. Til þess þurfum við hugarfarsbreytingu sem felst í norrænu fyrirmyndinni og tímabært að stjórnvöld horfist í augu við alvarlegar afleiðingar þessara úrskurða.

Fyrir liggur að úrskurðir kjararáðs voru einn þeirra þátta sem ollu því að forsendur kjarasamninga á almennum vinnumarkaði voru brostnar við endurskoðun samninganna í lok febrúar sl. Það var hins vegar mat samninganefndar ASÍ að segja ekki upp samningum að sinni heldur fresta mati á þeirri forsendu sem snýr að mati á launastefnu og stefnumörkun launahækkana til febrúar 2018.

Að óbreyttri niðurstöðu kjararáðs liggur sömuleiðis fyrir að ekki verður af frekara samtali milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um breytt og bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga hér á landi. Í sameiginlegri yfirlýsingu samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ og framkvæmdastjórnar SA við endurskoðun kjarasamninga þann 28. febrúar sl. segir:

Þá er ljóst að ákvarðanir kjararáðs setja áframhaldandi samtal aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um endurbætur á íslenska samningalíkaninu í verulegt uppnám og að óbreyttu verður þeim ekki haldið áfram. Það er þó sameiginlegt mat ASÍ og SA að forsenda þess að unnt verði að taka á ný upp vinnu við mótun nýs samningalíkans sé að laun kjörinna fulltrúa og æðstu embættismanna verði breytt frá ákvörðun kjararáðs á árinu 2016 og þróist á grundvelli sömu launastefnu og mótuð var með rammisamkomulaginu með tilvísun í nóvember 2013 sem grunnviðmiðun.

Frumvarp til laga um þingsköp Alþingis (líftími þingmála), mál nr. 202

Alþýðusamband Íslands styður alla viðleitni til þess að auka skilvirkni Alþingis sem og allar aðgerðir sem stuðlað geta að því að auka virðingu Alþingis og sess sem eins af þremur örmum ríkisvaldsins, sem á hverjum tíma sé í færum til þess að veita framkvæmdavaldinu nauðsynlegt og eðlilegt aðhald og eftirlit.

Frumvarp þetta felur annars vegar í sér að þingmál skuli lifa hvert kjör-tímabil í stað þess að lifa hvert þing fyrir sig eins og nú er, hvort sem þau komist á dagskrá þingsins eða ekki, og að viðeigandi þingnefnd verði gert skylt að gefa álit á öllum málum sem til þeirra er vísað, hvort heldur þeim sé vísað til annarrar eða þriðju umræðu á því sama þingi. Eins og í greinargerð segir, er það mat flutningsmanna að breytingar þær sem frumvarpið boðar muni styrkja störf og lýðræðislega virkni þingsins.

Ekki er augljóst hvernig þetta mál geti styrkt störf og lýðræðislega virkni Alþingis. Augljós afleiðing af samþykkt þess er, að stjórn þingsins mun sjá til þess að engin mál sem meirihluti Alþingis er ekki sáttur við fáist tekin til fyrstu umræðu, einfaldlega til þess að tryggja að nefndir þingsins sitji ekki fastar við að móta afstöðu til þeirra við þinglok, á kostnað þeirra mála sem brýnt er að ljúka. Frumvarpið gæti því unnið gegn því að einstök mál þingmanna fengjust tekin til fyrstu umræðu, ólíkt því sem nú er þó ekki séu þau mörg.

Alþýðusamband Íslands veitir Alþingi umsagnir um fjölmörg mál á hverju þingi, stundum oftast en einu sinni um sama mál, hafi það fallið niður milli þinga. Það veldur ekki sérstökum erfiðleikum og oft taka mál raunar breyt-ingum milli þinga og því full efni til þess að endurnýja umsagnir í ljósi þeirra.

Frumvarp til breytingar á lögum nr. 160/2008 um endurgreiðslur vegna gleraugnakaupa barna, 215. mál

Alþýðusamband Íslands styður markmið frumvarpsins um að auka greiðslu-þátttöku ríkisins í gleraugnakostnaði barna. Mikilvægt er að reglugerð nr. 1155/2005 verði endurskoðuð sem fyrst enda hafa greiðslur ekki hækkað frá því reglugerðin tók gildi fyrir 12 árum.

Í 1. grein frumvarpsins er lagt til að Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga verði falið með lögum að sjá um umsýslu vegna þátttöku ríkisins í kostnaði við gleraugnakaup barna. ASÍ telur það ekki samrýmast hlutverki stofnunarinnar og telur eðlilega að Sjúkratrygg-ingum Íslands verði falið það hlutverk.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélagalög, lögum um einkahlutafélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (einföldun, búsetuskilyrði), 237. mál

Alþýðusamband Íslands fékk málið til umsagnar á síðasta löggjafarþingi (664. mál). Var þá veitt svohljóðandi neðangreind umsögn og er hún hér með ítrekuð.

„Alþýðusamband Íslands er sammála því markmiði sem frumvarpinu er ætlað að ná, sérstaklega hvað varðar það að stemma stigu við kennitölufлакki. Hins vegar eru þau skref sem í frumvarpinu eru tekin í átt að því markmiði að mati Alþýðusambandsins afar veik og vart til þess fallin að vinna nokkuð á þeim vanda sem kennitöluflack er í íslensku samfélagi.

Alþýðusamband Íslands hefur nú um nokkurt skeið kallað eftir breytingum á þeim lögum og reglum sem gilda um félög með takmarkaða ábyrgð og hefur m.a. lagt fram ítarlegar tillögur í skýrslu sinni frá október 2013 (sjá meðfylgjandi). Úr því að verið er að mæla fyrir um breytingar á þeim helstu lögum sem gilda um starfsemi félaga með takmarkaða ábyrgð skorar Alþýðusamband Íslands á þingmenn að grípa til aðgerða sem hafa raunveruleg áhrif á gang mála.“

Frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna (kosningarréttur erlendra ríkisborgara), 258. mál

Alþýðusamband Íslands styður þau meginsjónarmið sem liggja að baki frumvarpinu. Með frumvarpinu fylgir ekki greining á þjóðerni og búsetulengd erlendra ríkisborgara hér á landi en meginrökin á bak við réttinn til þess að hafa áhrif á nærsamfélag sitt er órjúfanlega tengdur því að viðkomandi taki sér í raun bólfestu í því sama samfélagi en eigi hér ekki skammtímadvöl. ASÍ telur því að betur fari á því að Ísland fylgi fordæmi Noregs, þ.e. Norðurlandabúar öðlist þennan rétt þegar í stað en aðrir að liðnum 3 árum.

Þingsályktunartillaga um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA-ríkjanna og Filippseyja, 263. mál

Samkvæmt 11. kafla samningsins árétta samningsaðilar skyldur sínar til að virða, efla og framfylgja þeim meginreglum um grundvallarréttindi sem er að finna í yfirlýsingu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) um grundvallarviðmið og réttindi við vinnu og í áréttingu hennar sem Alþjóðavinnuálagið samþykkti árið 1998 og yfirlýsingu ILO um félagslegt réttlæti í þágu sanngjarnrar alþjóðavæðingar frá 2008.

ASÍ vekur athygli Alþingis á því að ILO hefur gert og gerir alvarlegar athugasemdir við framkvæmd Filippseyja á þeim samþykktum sem falla undir yfirlýsingu stofnunarinnar frá 1998. Skv. þeirri yfirlýsingu eru aðildarríki ILO

skuldbundin til að virða grundvallarsamþykktir stofnunarinnar um félagafrelsi (87 og 98), bann við nauðungarvinnu (29 og 105), afnám barnavinnu (138 og 182) og bann við mismunun (100 og 111).

Á árinu 2016 voru Filippseyjum sendar beinar fyrirspurnir um framkvæmd vegna samþykpta 87 (félagafrelsi) og 182 (afnám barnavinnu) auk þess sem sérstaklega var fjallað um brot ríkisins gegn samþykkt 87 í nefnd Alþjóðavinnuálagingsins það sama ár og ákvörðun þá tekin um að senda til landsins það sem kallað er „directcontactsmission“ en það er með þeim alvarlegustu skrefum sem ákveðin eru í framhaldi ítrekaðra og alvarlegra brota.

Pegar þetta er haft í huga og þau alvarlegu mannréttindabrot sem Amnesty International vekur athygli á í umsögn sinni, er ekki hægt að fagna því að fríverslun við Filippseyjar sé tekin upp án þess að tryggja með betri hætti en gert er, efnidir á þeim skuldbindingum sem lúta að grundvallarréttindum frjálsrar verkalýðshreyfingar, launafólks og almennings. Ákvæði gr. 11.10 eru alls ófullnægjandi í þessu efni auk þess sem beinlínis er þar tekið fram að ágreiningi um efnidir þess kafla er ekki hægt að vísa til gerðardóms skv. 13. kafla náist ekki sátt. Með þeim hætti eru mannréttindi sett til hliðar og viðskiptalegir hagsmunir settir þeim fram og í forgang. ASÍ mælir því ekki með samþykkt þessarar þingsályktunar.

Þingsályktunartillaga um uppbyggingu leiguíbúða, 285. mál

Í tengslum við kjarasamninga í maí 2015 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um húsnæðismál. Í kjölfarið voru sett lög um almennar íbúðir sem leggja grunn að uppbyggingu leigufélaga án hagnaðarsjónarmiða („nonprofit“) fyrir fólk í tveimur lægstu tekjufimmtingunum. Leigukerfið er m.a. fjármagnað með stofnframlögum frá ríki og sveitarfélögunum sem jafngilda 30% af stofnkostnaði íbúðanna. Alþýðusamband Íslands mat þörfina fyrir uppbyggingu í hinu nýja kerfi að lágmarki um 1.000 íbúðir á ári fyrstu fimm árin en ríkisstjórnin var ekki tilbúin til að mæta þeirri kröfu og niðurstaðan varð loforð um stofnframlög til bygginga á 2.300 íbúðum á fjórum árum. Mat ASÍ á þörfinni er óbreytt og leggur sambandið því til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum (brottfall kröfu um ríkisborgarétt), 289. mál

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins. Beðist er velvirðingar á því að hafa ekki svarað fyrir 9.6 sl. en vonandi kemur það ekki að sök enda málið enn til umfjöllunar í allsherjar- og menntamálanefnd.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum (sérstakt framlag úr Jöfnunarsjóði), 306. mál
Tilgangur frumvarpsins er að veða á móti þeim áhrifum sem lög nr. 40/2014 um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðisparnaðar hafa á útsvarstekjur sveitarfélaga. Fyrir liggur að öll sveitarfélög landsins verða fyrir tekjumissi vegna ofangreindrar heimildar til ráðstöfunar á séreignarsparnaði sem bættur er að hluta til með umræddu frumvarpi.

ASÍ mælir með samþykkt frumvarpsins en veur jafnframt athygli á því að 10 ára heimild til skattfrjálstrar úttektar á séreignarsparnaði til fyrstu kaupa og framlenging á almennri heimild til nýtingar á séreignarsparnaði til niðurgreiðslu á húsnæðislánum um tvö ár, eða til 30. júní 2019, hefur þau áhrif að sveitarfélögin verða áfram af verulegum útsvarstekjum sem ekki liggur fyrir hvernig þeim verður bætt.

Frumvarp til laga um sveitarstjórnarlög (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn), 375. mál

Alþýðusamband Íslands gerir ekki sérstakar athugasemdir við frumvarp þetta en skv. greinargerð er því ætlað að veita stærri sveitarfélögum aukið svigrúm og frelsi til þess að ákveða og meta sjálf fjölda fulltrúa í sveitarstjórn, að uppfylltum ákveðnum og lögbundnum lágmarkum. Gegn því er ekki mælt.

Þingsályktunartillaga um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–22, 402. mál

Fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022 er lögð fram á grunni fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar frá því í febrúar sl. Fyrirliggjandi fjármálastefna skapar að mati ASÍ hvorki grundvöll að efnahagslegum stöðugleika né undirbyggir þær velferðarumbætur sem nauðsynlegar eru til að stuðla að félagslegum stöðugleika og jöfnuði. Hvort tveggja eru þetta grundvallarstoðir sem hafa afgerandi áhrif á samskipti og samningagerð á vinnumarkaði. Í stjórnarsáttmála lýsa ríkisstjórnarflokkarnir yfir vilja sínum til að styðja við aðila vinnumarkaðarins í frekari umbótum á íslenska vinnumarkaðslíkaninu. Þótt óljóst sé hver afdrif þeirrar samræðu verða er ljóst að viljinn til áframhaldandi samtals ræðst að miklu leyti af þeirri leið sem stjórnvöld velja við hagstjórnina.

Í meginatriðum byggir stefnan á hraðari niðurgreiðslu skulda en áður var áformað með meiri afgangi af rekstri ríkissjóðs ogeignasölu. Með því lækki vaxtagjöld ríkisins og afkoman batni. Að baki þeirri áætlun er hins vegar óljós stefna um sölu ríkiseigna og óvissa um söluverðmæti þeirra. Tekjustofnar ríkisins hafa á undanförunum árum verið veiktir sem dregur úr aðhaldi ríkisfjármálanna og minnkar verulega svigrúm til nauðsynlegra velferðarumbóta. Engin áform eru þannig uppi um að nýta bættu stöðu sem lægri vaxtagjöld ríkissjóðs skapa til að auka almenna velferð. Á yfirstandandi ári leiða sér-

tækar kerfisbreytingar til lækkunar tekna um 8 milljarða króna sem bætist við þær þensluhvetjandi aðgerðir sem ráðist hefur verið í á tekjuhlíð ríkisfjármálanna á undanförunum árum og má þar m.a. nefna skuldalækkunaraðgerðir og skattkerfisbreytingar á borð við afnám auðlegðarskatts, lækkun veiðigjalda og lækkanir á tollum og neyslusköttum. Afleiðingarnar verða þær að tekjustofnar ríkisins nægja ekki til að fjármagna nauðsynleg útgjöld til velferðar og innviða þrátt fyrir uppsveiflu. Aðhaldið í stefnunni byggir þannig að mati ASÍ á því að nota velferðarkerfið sem helsta hagstjórnartækið með vanrækslu á brýnum velferðarúrbótum og innviðaframkvæmdum ásamt veikingu á barna- og vaxtabótakerfunum. Fyrirséð er að þegar dragi úr umsvifum muni blasa við niðurskurður í opinberum rekstri og/eða skattahækkanir, þvert á hagsveifluna.

Rekstur í járnum þegar leiðrétt er fyrir hagsveiflu – minna aðhald í uppsveiflu

Einn helsti veikleiki fyrirliggjandi fjármálastefnu er að ekki er lagt mat á tekjur og útgjöld hins opinbera að teknu tilliti til hagsveiflunnar. Þjóðhagspá Hagstofu Íslands, sem fjármálastefnan byggir á, er samdóma álitni annarra greiningaraðila um að spenna fari vaxandi í hagkerfinu og umsvif verði veruleg á næstu árum, þótt heldur hægi á þegar líða tekur á tímabilið. Við slíkar aðstæður er brýnt að hagstjórnin ýti ekki undir ofpenslu og óstöðugleika og vinni ekki gegn peningamálastefnunni. Að öðrum kosti verða afleiðingarnar og viðbrögð Seðlabankans fyrirsjáanleg. Verðbólguþrýstingur eykst, vextir hækka og þrýstingur á gengi krónunnar eykst. Um þetta er m.a. fjallað í greinargerð með stefnunni. Líkt og Seðlabankinn hefur bent á í riti sínu Penningamálum dregur úr aðhaldsstigi ríkisfjármála á þessu ári og þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir afgangi af ríkissjóði næstu árin felur fjármálastefnan í sér slökun á aðhaldsstigi að teknu tilliti til hagsveiflunnar. Í athugasemdum fjármálaráðs við fjármálastefnu hins opinbera er tekið undir þessar áhyggjur.

Ábendingar fjármálaráðs

Í álitgerð fjármálaráðs um nýsamþykka fjármálastefnu komu fram alvarlegar athugasemdir við ýmsa þætti stefnunnar s.s. eins og skort á gagnsæi og greiningu á því hvort stefnan uppfylli þau grunngildi sem lögð eru til grundvallar í lögum um opinber fjármál um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika og festu. Mat á aðhaldsstigi opinberra fjármála er byggt á röngum forsendum og ekki er tekið tillit til áhrifa hagsveiflunnar á afkomu hins opinbera sem gerir það að verkum að ekki er unnt að leggja raunverulegt mat á hvort afkomumarkmið stefnunnar er nægilega aðhaldssamt. Þá bendir fjármálaráð á að áætlun um niðurgreiðslu skulda þurfi að vera varfærin þannig að hún reynist ekki of þungbær í framkvæmd og skaði ekki sjálfbærni samfélagsins eða setji það úr

jafnvægi. Alþingi ákvað að bregðast ekki við þessum athugasemdum sem veldur því að veikleikar stefnunnar koma áfram fram í áætluninni. Fjármálaráð ítrekar ábendingar sínar enn fremur í álitsgerð sinni um fjármálaáætlun og bendir þar á ýmsa þætti sem mikilvægt er að tekið verði tillit til við undirbúning og framkvæmd áætlunarinnar. Þar ber helst að nefna mikilvægi þess að mat á aðhaldsstigi opinberra fjármála verði metið út frá hagsveifluleiðrættum frumjöfnuði sem mun jafnframt varpa ljósi á þá veikleika sem mikilvægt er að bregðast við. Eins og útreikningar fjármálaráðs benda til mun aðhaldsstig ríkissjóðs halda áfram að slakna stærstan hluta tímabilsins. Þarna endurspeglast sú veiking á tekjuöflunarkerfum ríkissjóðs sem gerð hefur verið á undanförunum árum.

Athugasemdir við einstaka þætti fjármálaáætlunarinnar:

Tekjuöflun

ASÍ tekur undir áform um að færa ferðapjónustutengda starfsemi úr neðra þrepi (11%) í almennt þrep virðisaukaskatts (24%) en telur að nýta eigi það svigrúm sem sú hækkun skapar fremur til uppbygginga samfélagsinnviða í stað áformaðrar lækkunar á almennu þrepi virðisaukaskatts. Tekið er undir álit fjármálaráðs um að lækkun á almennu skattþrepi virðisaukaskatts gangi gegn grunnildum um stöðugleika við þær efnahagsaðstæður sem nú ríkja.

Heilbrigðismál

Framlög til sjúkrahúspjónustu verða aukin um 16 milljarða á tímabilinu til ársins 2022, eða sem nemur um 20%. Þar af nema framlög vegna byggingar nýs Landspítala 8,7 milljörðum og aukin framlög til annarra þátta þ.a.l. 7,3 milljarðar króna sem er 9% raunaukning á tímabilinu. Þessi aukning er langt um minni en sú lágmarks viðbótarfjárbörf sem Landspítalinn hefur áætlað að þurfi til reksturs spítalans, m.a. vegna mannfjöldapróunar, styttingar biðlista, lágmarks viðhalds og tækjakaupa auk annarra aðkallandi verkefna.

Greiðsluþátttaka: Nýtt greiðsluþátttökukerfi í heilbrigðisþjónustunni verður tekið í notkun þann 1. maí nk. en gert er ráð fyrir að kostnaður vegna þess nemi um 1,5 milljörðum á ársgrundvelli. Breytingin felur í sér að sett er tæplega 70.000 króna þak á ári á greiðsluþátttöku almennra sjúklinga fyrir þjónustu heilsugæslu, sjúkrahúsa, sérgreinalækna, myndgreininga, rannsókna og þjálfunar. Breytingin er að mestu fjármögnuð með tilfærslu á kostnaði frá þeim sem þurfa mikla heilbrigðisþjónustu til þeirra sem þurfa minni þjónustu. Það þýðir að fyrir allflestasem þurfa tilfallandi þjónustu munu gjöld hjá sérfræðilæknum og fyrir rannsóknir og myndgreiningar hækka umtalsvert, áður en þaki er náð. Við samþykkt laganna gaf heilbrigðisráðherra loforð um að þakið fyrir almenna sjúklinga yrði lækkað í um 50.000 og fjármagnað í fjár-

lögum fyrir árið 2017. ASÍ hefur stutt umrædda kerfisbreytingu sem setur þak á tiltekinn heilbrigðiskostnað en telur að greiðsluþátttaka allra sé nú þegar of mikil í heilbrigðisþjónustunni, aðgerðin sé vanfjármögnuð, þakið of hátt og hætta á að hækkun á kostnaði hjá stórum hluta notenda muni leiða til þess að tekjulægri hópar neiti sér um heilbrigðisþjónustu í enn meira mæli en nú er.

Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta: Áformuð er bygging fimm nýrra hjúkrunarheimila á tímabilinu sem skila munu 261 nýju hjúkrunarrými. Þessi fjölgun nemur einungis helmingnum af áætlaðri viðbótarþörf fyrir ný hjúkrunarrými fram til ársins 2020. Þessi fjölgun er því langt undir áætlaðri þörf á því tímabili sem áætlunin nær til. Ríkissjóður tekur beinan þátt í fjármögnun þriggja þessara heimila með samtals 3,3 milljarða framlagi auk þess sem áætlað er að rekstur þeirra kosti um 2,5 milljarða á ársgrundvelli þegar þau verða öll komin í fullan rekstur. Ekki er að sjá merki þess í áætluninni að gert sé ráð fyrir viðbótarfjármagni til reksturs hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu á tímabilinu þrátt fyrir viðvarandi rekstrarvanda margra stofnana á þessu sviði og fyrrisjáanlega fjölgun aldraðra.

Húsnæðisstuðningur

Gert er ráð fyrir 3 milljörðum króna á ári til stofnframlaga til uppbyggingar á 2.300 íbúðum í almenna íbúðakerfinu á árunum 2016–2019 í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnar vegna kjarasamninga 2015. Á árunum 2020–2022 er hins vegar dregið úr framlögum til verkefnisins og gert ráð fyrir 1,5 milljörðum á ári sem dugar að hámarki til stofnframlaga ríkisins til bygginga á 300 íbúðum í almenna íbúðakerfinu fyrir tekjulægri heimili. Fyrir liggur að húsnæðisvandi lágtekjufólks hefur farið mjög vaxandi á undanförunum árum. Þetta eru þeir hópar sem ekki hafa bolmagn til kaupa á eigin húsnæði, hafa ekki átt aðgang að félagslegu húsnæði sveitarfélaganna og hafa fárra kosta völ nema leigja á almennum markaði. Húsnæðisöryggi þessa hóps er oft og tíðum lítið og húsnæðiskostnaður um eða yfir helmingur ráðstöfunartekna heimilis sem er langt umfram þau 25% sem talið er ásætlanlegt hlutfall húsnæðiskostnaðar. Uppbygging í almenna íbúðakerfinu er besta langtímalausnin til að tryggja þessum hópi húsnæðisöryggi og viðráðanlegan húsnæðiskostnað. Mat ASÍ er að byggja þurfi a.m.k. 1.000 nýjar íbúðir í almenna íbúðakerfinu á ári, næstu fimm árin og um 600 íbúðir á ári eftir það til að tryggja nægilegt framboð fyrir þá hópa sem kerfinu er ætlað að ná til.

Með auknum stofnframlögum til fjölgunar almennra íbúða geta stjórnvöld auknið framboð af niðurgreiddu húsnæði og unnið gegn þeirri miklu spennu sem nú er á húsnæðismarkaði.

ASÍ leggst gegn fyrirætlunum um að draga úr húsnæðisstuðningi í vaxta-bótakerfinu en viðmiðunarfjárhæðum í kerfinu verður haldið föstum allt tíma-

bilið sem þýðir að fækka mun í hópi þeirra sem fá vaxtabætur og draga enn frekar úr jöfnunarhlutverki kerfisins.

Óljóst er hvort til standi að frysta húsnæðisbætur til leigjenda sömuleiðis.

Barnabætur

Markmið er að endurskoða og einfalda barnabótakerfið, þrengja þann hóp sem kerfið nær til og beina bótum einkum til lágtekjuheimila. Vísað er til tillagna IMF um endurskoðun á barnabótakerfinu sem gengu út á að skerðingarhlutfall barnabóta verði eitt og hækki töluvert frá því sem nú er. Rætt er um að hefja þurfi heildarskoðun á stuðningi við barnafjölskyldur og skoða hvort ein tegund barnabóta skuli koma í stað almennra barnabóta, barnalífeyris almannatrygginga, mæðralauna og barnabóta atvinnuleysistrygginga.

Útgjöld til barnabóta halda því áfram að dragast saman að raungildi líkt og undanfarin ár. Fjölskyldum sem fá barnabætur fækkaði um tæplega 12.000 milli ára 2013 og 2016 og mun skv. þessu halda áfram að fækka á næstu árum.

Tekjuskerðingarmörk voru óbreytt í barnabótakerfinu frá árinu 2013–2016 og árið 2015 var skerðingarhlutfall tekna aukið. Skerðingarmörk voru hækkuð um 12,5% árið 2017 en frá árinu 2013 hefur launavísitala hækkað um nærri þriðjung. Þannig hafa útgjöld til barnabóta dregist saman að raungildi undanfarin ár og ekki annað að sjá en að stefnan byggji á að draga enn frekar úr stuðningi við barnafjölskyldur. ASÍ mótmælir þeim áformum harðlega.

Fæðingarorlof

ASÍ fagnar áformadri hækkun á hámarksgreiðslum til foreldra úr fæðingarorlofssjóði í 600 þúsund krónur á mánuði í áföngum fram til ársins 2020. Jafnframt leggur ASÍ áherslu á að farið verði að tillögum starfshóps um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum sem lagði til að tekjur upp að 300.000 krónum á mánuði skerðist ekki og að fæðingarorlof verði lengt úr 9 mánuðum í 12 í áföngum.

Kaupmáttur hámarksgreiðslu úr fæðingarorlofssjóði er í dag um 40% lægri en á árinu 2007 og yrði hámarksgreiðslan hækkuð í 600.000 krónur yrði kaupmátturinn enn um 30% lægri en á árinu 2007.

Barneignum hefur á síðustu árum fækkað og var frjósemi árið 2016 1,75 barn á ævi hveftrar konu sem er sú minnsta sem mælst hefur, en til að viðhalda mannfjölda til lengri tíma þarf frjósemi að vera 2,1. Þessi staða, samhliða hraðri öldrun þjóðarinnar, hefur mikil áhrif á aldurs samsetningu til framtíðar og skynsamleg langtímasýn í efnahagsmálum fæli í sér að nýta þau hagstjórnartæki sem geta haft jákvæð áhrif á aldurs samsetninguna til framtíðar, ss. barnabætur, fæðingarorlof og húsnæðiskerfi sem þjónar ungu fólki. Fjármála-

áætlun til næstu fimm ára stefnir í þveröfuga átt og stuðlar að rýrari kjörum barnafólks og eykur á vandamál tengd aldurssamsetningu landsmanna til framtíðar.

Almannatryggingar

Ellilífeyrir: Hækkun á frítekjumarki vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega úr 25.000 krónum á mánuði í 100.000 í áföngum á árunum 2018–2022 er -breyting sem eingöngu gagnast þeim ellilífeyrisþegum sem stunda atvinnu og hafa atvinnutekjur umfram 25.000 krónur á mánuði, en einungis lítill hluti ellilífeyrisþega hefur atvinnutekjur. Aðgerðin mun því ekki gagnast tekju-lægstu lífeyrisþegunum.

Örorkulífeyrir: Ekki er að sjá að gera eigi löngu tímabærar breytingar á réttindum örorkulífeyrisþega í almannatryggingakerfinu til samræmis við þær breytingar sem gerðar hafa verið á réttindum ellilífeyrisþega, fyrr en á árinu 2019. Á meðan búa örorkulífeyrisþegar áfram við flókin, ógagnsæ réttindi almannatrygginga með krónu á móti krónu skerðingum á þann hóp sem verst stendur.

Atvinnuleysi

ASÍ mótmælir því harðlega að til standi að stytta bótatímabil atvinnuleysisbóta til atvinnuleitenda úr 30 mánuðum í 24 mánuði. Tillagan er lögð til án alls samráðs við aðila vinnumarkaðarins en löng hefð er fyrir samráði við aðila um mikilvæg grundvallarréttindi launafólks eins og hér um ræðir.

Vinnueftirlit

ASÍ fagnar áherslu á fækkun vinnuslysa og áformum um að sporna við þeim en leggur áherslu á mikilvægi þess að fjármagn fylgi verkefnum.

Það er mat ASÍ að fjármálastefnan og sú fjármálaáætlun sem byggð er á henni stuðli ekki að þeim markmiðum sem sett eru fram í fjármálastefnunni um að hagstjórnin tryggi stöðugleika og vinni með peningamálastefnunni. Fyrir liggur að ef tryggja á nægilegt aðhald og styðja á við peningamálastefnuna samhliða þeim velferðarumbótum sem verkalýðshreyfingin telur nauðsynlegar til að treysta hinn félagslega stöðugleika er óumflýjanlegt að styrkja tekjustofna ríkisins.

Alþýðusambandið telur að svo treysta megi efnahagslegan stöðugleika og félagslega velferð þurfi stjórnvöld að beita sér með tvíþættum hætti. Annars vegar þannig að ríkisfjármálin spenní á móti uppsveiflu í atvinnulífnum á tekjuhliðinni og hins vegar verði ráðist í brýnar úrbætur, m.a. á sviði heilbrigðis- og öldrunarmála, húsnæðismála, almannatrygginga og í stuðningi við barnafjölskyldur með markvissum fjármögnum aðgerðum.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000, með síðari breytingum (málsmeðferð o.fl.). 433 mál

Frumvarpið felur m.a. í sér takmarkanir á rétti borgaranna til þess að bera ágreining undir dómstóla fyrr en að lokinni tiltekinni stjórnáslumeðferð. Þær skýringar sem settar eru fram í greinargerð með frumvarpinu rökstyðja ekki þá breytingu sem lögð er til.

Í Hrd. 760/2015 sem vitnað er til í greinargerð með frumvarpinu segir: „Þessi regla um rétt manna til aðgangs að dómstólum útilokar ekki að lög geti kveðið á um að tiltekinn ágreiningur verði ekki borinn undir dómstóla nema að undangenginni stjórnvaldsákvörðun um hann en allar slíkar takmarkanir á aðgangi manna að dómstólum verða þá að koma fram með skýrum hætti í lögum.“ Í dómi Hæstaréttar segir einnig um gildandi lög að tilgangur þeirra hafi ekki verið „...að takmarka aðgang aðila að dómstólum.“

Þessi ummæli Hæstaréttar verða ekki skilin þannig að nægilegt sé að lög takmarki þennan rétt líkt og lagt er með þessu frumvarpi. Til þess að svo megi verða þarf málefnaleg rök og þess þarf að gæta að ekki sé gengið lengra en brýna nauðsyn beri til.

Í greinargerð er því haldið fram, að stjórnáslumeðferð skuli ganga fyrir stjórnarskrárvörðum rétti til þess að bera mál undir dómstóla, réttlætist af því að stemma þurfi stigu við því að málum, sem eru til úrvinnslu hjá Sjúkratryggingum Íslands, verði stefnt til dómstóla sem valdi töfum og samfélagslegum kostnaði. Þessi fullyrðing er hvorki studd rannsóknum, tölum eða öðrum upplýsingum.

Í greinargerð er engar upplýsingar að hafa um málshraða á stjórnáslustigi skv. gildandi lögum þannig að meta megi hvort sérstakur nýr 8 vikna frestur til svara skv. 4.gr. frumvarpsins muni bæta þar úr. Alls ekki er gefið að sá sérstaki frestur muni hafa nokkur áhrif á gagnaöflun og málshraða nema og þá því aðeins að brot á því ákvæði hafi bein áhrif á úrslit máls, bótakrefjanda í hag. Að öðrum kosti er augljóst að málshraðinn verður áfram sá sami og nú er.

ASÍ getur því ekki mælt með því að frumvarp til laga sem skerðir stjórnarskrárvorinn rétt borgaranna verði samþykkt með vísan til þeirra forsendna sem finna má í greinargerð en ef til vill mætti bæta úr þeim ágöllum með því að setja tiltekinn og sanngjarnan hámarks málsmeðferðartíma á stjórnáslustigi.

Frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, 435. mál og frumvarp til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, 436. mál

Sameiginleg umsögn er veitt um mál nr. 435 og 436 sem byggja á tilskipunum ESB 2000/43 og 2000/78 enda hefur frá upphafi verið sameiginlega unnið að innleiðingu meginefnis þeirra í íslenskan rétt.

Íslensk stjórnskipan byggir á því að „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti“. Þessum frumvörpum er ætlað að styrkja raunverulega og góða framkvæmd þessarar stjórnarskrárbundnu meginreglu og Alþýðusamband Íslands fagnar því framlagningu þeirra og hvetur til þess að þau verði samþykkt.

Eins og fram kemur í greinargerð eru þær tilskipanir sem frumvörpin byggja á, ekki hluti þeirra gerða sem innleiða ber skv. EES-samningnum. Noregur lagði hins vegar til á sínum tíma, að þær yrðu viðurkenndar sem hluti af EES-samningnum en hin lagatæknilega niðurstaða EFTA-EES-ríkjanna varð hins vegar sú að ekki væri skylt að innleiða þær sem hluta EES-samningsins.

Þegar á árinu 2003, eða áður en til aðildarviðræðna Íslands að Evrópusambandinu kom, samþykkti ríkisstjórn Íslands að gæta skyldi efnislegs samræmis í íslenskum rétti og þeim rétti er gilti innan Evrópusambandsins á grundvelli framangreindra tilskipana, enda þótt efni gerðanna ætti ekki formlega undir samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Alþýðusamband Íslands tók þegar í upphafi þá afstöðu, bæði innan samráðsnefndar um EES og opinberlega, að jafnvel þótt sannfærandi lögfræðileg sjónarmið leiddu til þess að ekki þyrfti að gildistaka tilskipanir þessar, þá ætti engu að síður að gera það með sérstakri lagasetningu.

Rök sambandsins voru aðallega eftirfarandi:

- Öll lönd á EES-svæðinu sem við berum okkur saman við hafa sett eða hyggjast setja löggjöf um þetta efni, byggt á tilskipunum ESB.
- Noregur ætlar að uppfylla öll skilyrði þeirra og ríki Evrópusambandsins eru skuldbundin til að gera það og eru sett undir agavald ESB í þeim efnunum.
- Tilskipanirnar eru í reynd hluti af reglum á vinnumarkaði Evrópu. Löggjöf hér á landi sem byggði á þeim og með tilvísun til þeirra ætti að tryggja samleitni á vinnumarkaði alls Evrópska efnahagssvæðisins.
- Mikilvægt væri fyrir rekstur og þróun EES-samningsins og stöðu Íslands í Evrópusamvinnunni að tilskipanirnar verði hluti af réttinda kerfi á íslenskum vinnumarkaði.

Í ágúst 2004 lagði ASÍ til að lög yrðu sett sem tryggðu nauðsynlegar heimildir til að fylgja markmiðum tilskipananna. Kveðið yrði á um málsmeðferð og sönnun þegar einstaklingar telja að á þeim hafi verið brotið og úrræði sköpuð til að koma í veg fyrir að einstaklingar missi starf sitt eða sé með öðrum hætti refsað fyrir að nýta sér rétt sinn. Kveðið yrði á um söfnun og úrvinnslu upplýsinga er varða markmið og framkvæmd laganna, sett á laggirnar samráð

stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og hagsmunasamtaka hlutaðeigandi hópa varðandi markmið og framkvæmd laganna og að lokum að bætur og viðurlög skv. þeim væru fullnægjandi.

Þessi stefna var ítrekuð og henni fylgt eftir í þeim starfshópi sem Árni Magnússon, þáverandi félagsmálaráðherra, ýtti úr vör síðla árs 2005 (ranglega sagt 2006 í greinargerð) og sem Helgi Hjörvar, þáverandi alþingismaður, stýrði til lands í lok árs 2008. ASÍ taldi niðurstöður þess starfshóps viðunandi í ljósi þeirra markmiða sem ASÍ lagði upp með og lýsti sérstakri ánægju með þá sátt sem að lokum tókst um niðurstöður.

Síðan þá hefur verið lögð mikil vinna í samningu þeirra frumvarpa sem nú hafa verið lögð fram. Sú vinna hefur alltaf byggt á góðu og nánú samráði og samstarfi stjórnvalda þ.m.t. allra stjórnmalaflokka, aðila vinnumarkaðar og fjölda annarra samtaka. Þegar í árslok 2012 lá fyrir í megindrátum frumvarp til innleiðingar beggja tilskipana hvað vinnumarkaðinn varðar og haustið 2013 lágu bæði frumvörpin fyrir, nánast í sinni endanlegu gerð. Allar breytingar sem á þeim drögum hafa verið gerðar, hafa verið gerðar í víðtæku samráði, síðast nú í mars sl.

Eins og fyrr segir, byggja bæði frumvörpin á víðtækri samvinnu og samráði. Alþýðusamband Íslands gerir því engar efnislega athugasemdir við einstakar greinar þeirra og hvetur til þess að þau verði samþykkt óbreytt.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með síðari breytingum (jafnlaunavottun), 437. mál

Jafn réttur og jöfn tækifæri kvenna og karla til starfa, starfsþróunar og launa eru meðal þeirra grundvallarþátta mannréttinda sem verkalýðshreyfingin byggir á og skal standa vörð um. Atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi er um 80% og er framlag þeirra ómetanlegt. Íslenskt samfélag væri í grundvallaratriðum ólíkt því sem við þekkjum í dag og lífskjör allt önnur og lakari ef ekki kæmi til vinnuframlags kvenna.

Árið 1961 voru sett lög um launajöfnuð kvenna og karla og var það frumvarp flutt af forystumönnum verkalýðshreyfingarinnar sem þá voru jafnframt á þingi. Þá var með setningu jafnréttislaga árið 1976 kveðið á um að konum og körlum skulu greidd jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Þrátt fyrir framangreinda löggjöf er launamisrétti á íslenskum vinnumarkaði staðreynd. Kynbundinn launamunur er samkvæmt rannsókn Hagstofunnar frá því í maí 2015 7,8% á vinnumarkaðinum í heild.

Alþýðusamband Íslands hefur í áratugi barist fyrir jafnrétti og gegn kynbundnum launamun á vinnumarkaði. Með kjarasamningi ASÍ og Samtaka atvinnulífsins í febrúar 2008 fylgdi sérstök bókun um jafnréttisáherslur.

Umfangsmesta verkefnið, sem þar kom fram, var að þróa ferli vegna vottunar á framkvæmd stefnu um launajafnrétti. Skömmu síðar var samþykkt á Alþingi ákvæði til bráðabirgða í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar er kveðið á um að þróað yrði sérstakt vottunarkerfi á framkvæmd stefnu um launajafnrétti.

Á grundvelli þessara ákvarðana fóru ASÍ, SA og þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra þess á leit við Staðlaráð Íslands að það hefði umsjón með gerð staðals um framkvæmd stefnu um launajafnrétti og jafna möguleika kynjanna til starfs og starfsþróunar sem nýst gæti sem undirstaða vottunar. Kostuðu þessir aðilar jafnframt vinnuna við gerð staðalsins. Tækninefnd, sem skipuð var m.a. af fulltrúum ASÍ, ákvað að afmarka verkefni fyrst um sinn við gerð staðals um jafnlaunakerfi sem væri ætlað til vottunar.

Tilraunaverkefni um innleiðingu ÍST 85:2012

Þegar að staðallinn ÍST 85:2012 var tilbúinn síðla árs 2012 var ákveðið að skipa aðgerðarhóp stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti. Eitt af meginverkefnum aðgerðahópsins var að fylgja eftir tilraunaverkefni um innleiðingu staðalsins ÍST 85:2012.

Nokkur fyrirtæki og stofnanir á almenna og opinbera vinnumarkaðinum tóku þátt í tilraunaverkefninu.

Allir þeir sem þátt tóku í tilraunaverkefninu eru sammála um að innleiðing staðalsins er krefjandi og nokkur skuldbinding fyrir vinnustaðinn. En að sama skapi eru þeir einnig sammála um að ávinningurinn sé sannarlega þess virði, þ.e. gagnsætt og sanngjarnt launakerfi. Innleiðing jafnlaunastaðalsins gerir það að verkum að stjórnendur verða meðvitandi um þau atriði þar sem gæti falist mismunur í launasetningu. Að lokum má nefna að jafnlaunastaðallinn er verkfæri fyrir vinnustaðinn til að tryggja jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf án tillits til kyns, uppruna eða annars konar mismununar.

Öll vinna við gerð og innleiðingu staðalsins ÍST 85:2012 hefur verið unnið í þríhliða samstarfi stjórnvalda, verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda. Þetta samstarf hefur verið mikilvægt og sú orðræða sem fram hefur farið og samkomulagið sem náðst hefur er forsenda þess að jafnlaunavottun á grundvelli staðalsins er framkvæmanleg. Því er mikilvægt að halda áfram samstarfinu við innleiðingu jafnlaunavottunarinnar á grundvelli staðalsins ÍST 85.

Jafnlaunavottun

Samkvæmt frumvarpinu er staðallinn ÍST 85, Jafnlaunakerfi – Kröfur og leiðbeiningar, grunnur að jafnlaunavottuninni, og er gert ráð fyrir að jafnlaunakerfi stofnana og fyrirtækja uppfylli kröfur staðalsins.

ASÍ fagnar frumvarpinu og telur það mikilvægan áfanga í jafnréttisbarátt-

unni. Staðreyndir sýna að þrátt fyrir áratuga baráttu er kynbundinn launamunur staðreynd á íslenskum vinnumarkaði sem þarf að uppræta með öllum tiltækum ráðum.

Eins og áður hefur komið fram var Alþýðusambandið einn af frumkvöðlunum að gerð jafnlaunastaðalsins. Þá hefur ASÍ frá upphafi tekið virkan þátt í gerð og þróun staðalsins sem jafnlaunavottunin byggir á. Á sama hátt telur Alþýðusambandið mikilvægt að verkalýðshreyfingin og aðrir aðilar vinnumarkaðarins komi með virkum hætti að innleiðingu jafnlaunastaðalsins og eftirfylgni með framkvæmdinni. Fyrir verkalýðshreyfinguna er það sérstaklega mikilvægt enda varðar málið mikilvæga hagsmuni alls launafólks.

Mikilvægt er að vel takist til við innleiðingu jafnlaunavottunarinnar og fagnar ASÍ því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að samtökum aðila vinnumarkaðarins sé heimilt að semja svo um í kjarasamningum að við úttekt á jafnlaunakerfi fyrirtækis eða stofnunar þar sem 25–99 starfsmenn starfa að jafnaði á ársgrundvelli hafi fyrirtæki eða stofnun val um það hvort úttekt fari fram á grundvelli 1. gr. b staðalsins þar sem kveðið er á um að verði „leitað eftir staðfestingu á að kröfurnar séu uppfylltar hjá hagsmunaaðilum, s.s. fulltrúum starfsmanna“, eða 1. gr. c staðalsins ÍST 85 þar sem kveðið er á um að „leitað eftir vottun þar til bærs aðila á jafnlaunakerfi sínu“.

Aðilar vinnumarkaðarins, bæði á almenna vinnumarkaðinum og hjá ríki og sveitarfélögum, hafa þegar átt viðræður um efni kjarasamnings á framangreindum grunni. Þar er gert ráð fyrir að framkvæmd úttektar og staðfesting byggji á nánari reglum sem settar verða af samningsaðilum. Aðilar sem staðfesta jafnlaunakerfi skulu fá til þess viðurkenningu samningsaðila og hafa til þess hæfi skv. nánari reglum sem samningsaðilar setja þar um (í samráði við velferðarráðuneytið).

Alþýðusambandið fagnar sérstaklega að frumvarpið kveður á um að „Samtök aðila vinnumarkaðarins annast eftirlit með því að fyrirtæki og stofnanir þar sem 25 eða fleiri starfsmenn starfa að jafnaði á ársgrundvelli öðlist vottun skv. 4. mgr. eða staðfestingu skv. 5. mgr. og endurnýjun þar á. Fyrirtæki og stofnanir skulu veita samtökum aðila vinnumarkaðarins þær upplýsingar og gögn sem samtök aðila vinnumarkaðarins telja nauðsynleg til að sinna eftirliti samkvæmt þessari málsgrein. Hafi fyrirtæki eða stofnun ekki öðlast vottun skv. 4. mgr. eða staðfestingu skv. 5. mgr., eða endurnýjun þar á, eða veitir ekki nauðsynlegar upplýsingar eða gögn skv. 2. málsl. geta samtök aðila vinnumarkaðarins tilkynnt um það til Jafnréttisstofu. Jafnréttisstofa getur beint þeim fyrir-mælum til hlutadeigandi fyrirtækis eða stofnunar að gera viðunandi úrbætur innan hæfilegs frests að viðlögðum dagsektum.“ Með þessu er áréttað mikilvægt hlutverk aðila vinnumarkaðarins við að fylgja eftir og tryggja að kjarasamningar og löggjöf um vinnumarkaðinn séu virt. Og aðilum jafnframt í

samstarfi við hlutaðeigandi stjórnvöld lögð í hendur verkfæri til að bregðast við ef á reynir.

Að gefnu tilefni

Vegna athugasemda sem komið hafa fram, m.a. frá Staðlaráði, vegna þess að með frumvarpinu er verið að lögleiða notkun ÍST 85:2012 staðalsins fyrir fyrirtæki með 25 starfsmenn og fleiri er rétt að benda á að í lögum um Staðlaráð Íslands segir í 3. gr. „Staðall er til frjálsra afnota. Stjórnvöld geta þó gert notkun tilgreinds staðals skyldubundna með vísun til hans og hlutaðeigandi laga. Skal hann þá staðfestur með reglugerð af hlutaðeigandi ráðuneyti og skal í reglugerð vísa til staðalsins.“

Þá hafa verið settar fram efasemdir um að fyrirtæki og stofnanir með 25–50 starfsmenn geti risið undir þeim skyldum sem kveðið er á um í frumvarpinu. Af því tilefni er mikilvægt að benda á að aðilar vinnumarkaðarins hafa í viðræðum sínum um gerð kjarasamnings sérstaklega fjallað um með hvaða hætti megi mæta aðstæðum þessara aðila á grundvelli 1. gr.b staðalsins án þess að gefa afslátt af markmiðinu.

Að lokum

Alþýðusamband Íslands ítrekar stuðning sinn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 437. mál, sem hér er til umfjöllunar og hvetur til þess að frumvarpið verði afgreitt á yfirstandandi þingi. Þá áréttar ASÍ mikilvægi þess að vel takist til við innleiðingu jafnlaunavottunarinnar þar sem að sambandið hefur fulla trú á að jafnlaunastaðallinn sé mikilvægt verkfæri í baráttunni um að eyða kynbundnum launamun, sem er óásættanlegur blettur á íslenskum vinnumarkaði. Alþýðusambandið lýsir sig jafnframt tilbúið til að leggja sitt af mörkum til að svo megi verða.

Frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir, 438. mál

Alþýðusambandið styður meginefni frumvarpsins og þau markmið sem þar eru sett fram. Um leið telur ASÍ mikilvægt að áréttta eftirfarandi:

I. Notendastýrð persónuleg aðstoð

Alþýðusamband Íslands hefur ítrekað komið á framfæri því sjónarmiði sínu um mikilvægi þess að samtök launafólks hefðu aðkomu að undirbúningi laga-setningar um málefni fatlaðs fólks hvað varðar lögfestingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar sem þjónustuúrræði fyrir fatlað fólk og innleiðingu hennar. Þetta sjónarmið hefur verið sett fram í samtölum við starfsmenn velferðarráðuneytisins sem unnið hafa að þessum málum og í umsögn ASÍ við

frumvarp til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og mál-efni fatlaðs fólks (aukin vinnuvernd og notendastýrð persónuleg þjónusta), 454. mál, í febrúar 2015. Ástæðan fyrir þessari afstöðu Alþýðusambandsins er m.a. sú að málið varðar kjör þeirra sem starfa við þessa þjónustu, aðbúnaðarmál þeirra og ýmsa þætti aðra. Í því sambandi hefur Alþýðusambandið m.a. bent á eftirfarandi:

Það er grundvallaratriði að fjármögnun verkefnisins sé með þeim hætti að uppfyllt séu skilyrði um laun og önnur starfskjör skv. kjarasamningum. Af hálfu ASÍ hafa verið settar fram efasemdir um að fjárframlög til verkefnisins á undangengnum árum stæðu undir eðlilegum starfsmannakostnaði. Mikilvægt er að úr því verði skorið með ótvíræðum hætti og þáþætt úr ef niðurstaðan gefur tilefni til.

Síðan eru fjölmargir þættir sem lúta sérstaklega að ráðningarsambandi, réttindum og skyldum starfsmanna. Hér skal aðeins drepit á örfáum atriðum sem þarfnast skoðunar og úrlausnar:

1. Ráðningarsambandið

Mikilvægt er að ráðningarsambandið sé á milli starfsmanns og tiltekinn lögaðila sem hefur viðurkenningu ráðuneytisins og að ráðningin byggir á viðurkenndum kjarasamningi.

2. Vinnuverndar- og aðbúnaðarmál

Auk þeirra atriða sem lúta sérstaklega að vinnutímamálum og hvíldartíma eru ýmsir aðrir þættir á sviði vinnuverndar og aðbúnaðarmála starfsmanna sem taka þarf á og móta reglur um, s.s. vinnuádstæður og aðbúnaður almennt (húsnæði og hjálpartæki/léttitæki) og skilgreining á „umönnunarþunga“.

3. Siðferðileg álitamál

Móta þarf skýrar reglur um það hvað starfsmanni ber að gera og hvað er utan hans starfssviðs og honum ber ekki að gera/getur hafnað. Þegar hafa komið upp ýmis álitæfni í þessu samhengi sem mikilvægt er að taka á með afdráttarlausum hætti.

4. Fræðslumál – námskeið

Nauðsynlegt er að útbúa vandað kynningar- og fræðsluefni um NPA fyrir:

- Starfsmennina
- Þá sem njóta þjónustunnar
- Fulltrúa sveitarfélaganna

Leggja ber áherslu á að starfsmaðurinn og sá sem nýtur þjónustunnar fái sömu

upplýsingar og sömu skilaboð. Töluverð vinna hefur farið fram í kjölfar kjarasamninga NPA-miðstöðvarinnar og Flóabandalagsins/SGS um fræðsluleiðir. Í þeirri vinnu hefur komið í ljós að á Norðurlöndunum, þar sem þjónustan hefur gefist best, er lögð mikil áhersla á fræðslumál.

Hvað varðar framangreinda þætti og fleira sem varða sérstaklega hagsmuni starfsmanna, réttindi og skyldur hefur Alþýðusambandið lagt ríka áherslu á að skoðuð verði framkvæmd NPA á hinum Norðurlöndunum, þar sem fyrir hendi er reynsla af slíku fyrirkomulagi, og hvað megi læra af því.

II. Breytingar á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir

Í 42. gr. frumvarpsins er fjallað um breytingar á lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006.

Í 2. tölulíð eru lagðar til breytingar á hugtakanotkun þar sem lagt er til að hugtakið „starfsendurhæfing“ komi í stað hugtaksins „atvinnutengd endurhæfing“. Í greinargerð með 42. gr. frumvarpsins segir m.a.: „Ekki er um efnislega breytingu að ræða heldur breytingu á hugtakanotkun vegna hættu á að hugtakinu verði ruglað saman við hugtakið „atvinnutengd starfsendurhæfing“ sem veitt er samkvæmt lögum nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða. Starfsendurhæfingarsjóðir annast atvinnutengda starfsendurhæfingu og er einn starfsendurhæfingarsjóður starfandi í dag, VIRK starfsendurhæfingarsjóður.“

Það er skoðun Alþýðusambandsins að þrátt fyrir góðan vilja sé framan­greind breyting ekki til þess fallin að skýra málið eða gera það einfaldara. Alþýðusambandið telur að betur fari á því að hugtakið „starfshæfing“ komi í stað hugtaksins „atvinnutengd endurhæfing“ í nágildandi lögum. Hvoru tveggja er að með því er komið í veg fyrir að verið sé að rugla saman hug­tökum og að miðað við verkefni Vinnumálastofnunar skv. lögum er frekar um það að ræða að stofnunin aðstoði einstaklinga við að „hæfa“ sig frekar en að „endurhæfa“.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðissamvinnufélög, nr. 66/2003, með síðari breytingum (fjármögnun húsnæðissamvinnufélaga), 440. mál

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarp þetta sem skv. greinargerð er ætlað að auðvelda húsnæðissamvinnufélögum að leita hag­stæðustu fjármögnunar.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra og fleiri lögum (eftirlit á vinnumarkaði, EES-mál), 457. mál

Alþýðusamband Íslands styður frumvarpið og þau markmið sem þar eru sett fram. Jafnframt leggur ASÍ til ákveðna viðbót sem sambandið telur mikilvæga og gerð er grein fyrir hér á eftir. Alþýðusambandið leggur ríka áherslu á að frumvarpið verði samþykkt fyrir sumarið þannig að efni þess komi þegar til framkvæmda.

Greinargerð og tillögur

Frumvarp það sem hér er til umfjöllunar er unnið í ágætu samstarfi starfsmanna velferðarráðuneytisins og fulltrúa aðila vinnumarkaðarins, auk fulltrúa Vinnueftirlitsins og Vinnuálastofnunar.

Hér á eftir er gerð stuttlega grein fyrir meginefni frumvarpsins eins og það horfir við Alþýðusambandinu.

1. Forsendur og meginmarkmið frumvarpsins

Það er meginregla á íslenskum vinnumarkaði að launafólk skuli njóta launa og annarra starfskjara í samræmi við kjarasamninga og lög hér á landi óháð þjóðerni starfsmanna eða þeirra fyrirtækja sem þeir starfa fyrir, þ.m.t. erlendra þjónustufyrirtækja að meðtöldum starfsmannaleigum. Þetta er áréttað í 4. og 5. gr. núgildandi laga um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, nr. 45/2007.

Á síðustu misserum og árum hafa undirboð og tengd brotastarfsemi farið vaxandi á íslenskum vinnumarkaði. Þar hafa erlend þjónustufyrirtæki sem koma tímabundið með starfsmenn hingað til lands, þ.m.t. starfsmannaleigur, verið mjög áberandi.

Algengustu brotin eru að laun og önnur starfskjör eru oft langt undir íslenskum kjarasamningum, yfirvinna ekki greidd og réttindi starfsmanna eru ekki virt hvað varðar orlof og veikindi og slys. Hér er vert að hafa í huga að starfsmenn þjónustufyrirtækja eiga að lágmarki að njóta launa skv. kjarasamningum og starfsmenn starfsmannaleiga sömu launa og annarra starfskjara og ef þeir væru í beinu ráðningarsambandi við íslenska notendafyrirtækið.

Almennt má segja að þessi fyrirtæki sem flest koma frá fátækum ríkjum Evrópu reyni að flytja með sér hingað til lands léleg kjör og takmörkuð réttindi á vinnumarkaði sem gilda í heimalandinu. Þá gildir um mörg þessara fyrirtækja að þau halda starfsmönnum sínum frá upplýsingum um laun og önnur starfskjör sem hér gilda, útvega þeim íbúðarhúsnæði sem er með öllu óásættanlegt og ala á ótta starfsmanna við að sækja rétt sinn. Í alvarlegustu tilfellunum má fullyrða að þessi fyrirtæki stundi brotastarfsemi sem jaðra við mansal, ef ekki er hreinlega um vinnumansal að ræða.

Í framangreindu ljósi er mikilvægt að í frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar er bætt inn markmiðsgrein þar sem réttindi framangreindra starfsmanna eru áréttuð, en þar segir:

„Markmið laga þessara er að tryggja að laun og önnur starfskjör starfsmanna sem erlend fyrirtæki senda tímabundið hingað til lands í því skyni að veita þjónustu hérlendis séu í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og kjarasamninga sem gilda á vinnumarkaði hér á landi.

Enn fremur er það markmið laga þessara að stjórnvöld geti fengið yfirsýn yfir eðli og umfang starfsemi erlendra þjónustuveitenda hér á landi og eftir atvikum í heimaríki þeirra, hvort sem þeir veita þjónustu hérlendis sem sjálfstætt starfandi einstaklingar eða hafa starfsmenn í vinnu, í því skyni að tryggja að erlendir þjónustuveitendur starfi löglega hér á landi.“

2. **Skyldur erlendra þjónustufyrirtækja, þ.m.t. starfsmannaleiga, -heimildir til eftirlits og viðurlög**

Með frumvarpinu er dreginn lærdómur af þeirri reynslu sem fengist hefur af starfsemi erlendra þjónustufyrirtækja og starfsmannaleiga á íslenskum vinnumarkaði síðustu misseri og ár og treystar betur þær reglur sem gilda um starfsemi þessara fyrirtækja og réttindi starfsmanna þeirra, þannig að tryggja megi að kjarasamningar og lög á íslenskum vinnumarkaði séu virt og koma megi í veg fyrir brotastarfsemi af hálfu framangreindra fyrirtækja. Frumvarpið felur í sér nokkra mikilvæga þætti í þessum efnum:

- Kveðið er á um að Vinnumálastofnun skuli í samstarfi við samtök aðila vinnumarkaðarins birta með aðgengilegum hætti upplýsingar um lög og reglur sem gilda á vinnumarkaði hér á landi ásamt því hvar megi nálgast gildandi kjarasamninga. Þannig er erlendum þjónustufyrirtækjum ekki stætt á því að skýla sér á bakvið skort á upplýsingum um framangreint efni.
- Frumvarpið felur í sér ríkari skyldur en nú er gagnvart erlendum þjónustufyrirtækjum, þ.m.t. starfsmannaleigum, að þau veiti nauðsynlegar upplýsingar um starfsemi sína bæði í heimalandinu og hér á landi til að hægt sé að ganga úr skugga um að þau starfi hér með lögmatum hætti og virði þau lög og reglur sem hér gilda, þ.m.t. réttindi starfsmanna sinna.
- Tekin eru af tvímæli um að þau stjórnvöld hér á landi sem málið varðar geti miðlað upplýsingum um starfsemina sín á milli þegar málefnaleg rök liggja til þess.
- Lagðar eru skyldur á Vinnumálastofnun um að aðstoða stjórnvöld í

ríkjum EES þegar um er að ræða gistiríki íslensks fyrirtækis, hvort sem er við öflun upplýsinga um íslenska fyrirtækið eða vegna -samskipta við íslenska fyrirtækið, þ.m.t. vegna innheimtu sekta, óski þar til bær stjórnvöld í gistiríkinu eftir slíkri aðstoð. Þessi skylda er lögð á Vinnuálastofnun á grundvelli tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2014/67. Það sem er mikilvægt fyrir íslenskan vinnumarkað er að skyldan er gagnkvæm og því ber stjórnvöldum í öðrum EES-ríkjum að aðstoða íslensk stjórnvöld með sama hætti.

- Auk ákvæða í núgildandi lögum um heimild Vinnuálastofnunar til að krefjast þess að lögregla stöðvi vinnu tímabundið eða loki starfsemi fyrirtækisins hér á landi tímabundið þangað til úrbætur hafa verið gerðar eru heimildir til að leggja á starfsemina dagsektir gerðar skýrari. Þá er í frumvarpinu komin heimild sem ekki er í núgildandi lögum til að leggja stjórnvaldssektir á fyrirtæki og sjálfstætt starfandi einstakling sem veitir stofnuninni ekki upplýsingar og/eða aðgang að gögnum á tilskildum tíma eða veitir stofnuninni rangar eða ófullnægjandi upplýsingar.
- Markmiðin með framangreindum heimildum og nýmælum er fyrst og fremst að hafa varnadaráhrif, en jafnframt er mikilvægt að þeim verði beitt ef þörf krefur.

3. **Skyldur notendafyrirtækja til að veita upplýsingar og ábyrgð á launaþáttum - „keðjuábyrgð“**

Í frumvarpinu er að finna ábyrgð innlendra notendafyrirtækja, aðalverktaka (verkkaupa), sem semja við erlend þjónustufyrirtæki, þ.m.t. starfsmannaleigur. Ábyrgð notendafyrirtækis nær til vangoldinna launa skv. kjarasamningi um viðkomandi starf, annarra vangoldinna launaþátta og vangoldinna launa fyrir yfirvinnu. Einnig vangoldinna launa í veikinda- og slysatilvikum, sem og vangoldinna launatengdra gjalda á Íslandi. Ábyrgðin nær ekki til vangoldinna orlofslauna og er litið svo á að lengd ábyrgðartímans vegi það upp.

Megintilgangurinn með „keðjuábyrgðinni“ er að notendafyrirtæki vandi betur val sitt þegar kemur að samningum við erlend þjónustufyrirtæki, þ.m.t. starfsmannaleigur. Það er einnig reynslan frá Noregi þar sem keðjuábyrgð hefur verið við lýði í nokkurn tíma.

Með frumvarpinu er með ítarlegum hætti útfært hvernig keðjuábyrgðin er virkjuð og hvernig hún er í framkvæmd. Það sem er mikilvægt að hafa í huga hér er eftirfarandi:

- Keðjuábyrgðin nær eingöngu til launaþátta, og launatengdra gjalda.

- Keðjan er „óslitin“. Þ.e. ekki er hægt að slíta keðjuna með fléttum eða svikafyrirtækjum.
- Reynt að tryggja að framkvæmdin geti verið einföld/möguleiki á að virkja keðjuábyrgðina án þess að einstaklingar setji sig í „skotlínuna“ með því að krafa telst einnig hafa borist ef samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins hefur tilkynnt notendafyrirtækinu um vangreiðslur vegna starfsmanns þjónustufyrirtækisins, þ.m.t. starfsmannaleigunnar.

Keðjuábyrgðin nær eingöngu til byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerðar, sbr. F bálkur atvinnugreinaflokunar Hagstofunnar.

- Alþýðusambandið gagnrýnir þá niðurstöðu sem er í frumvarpinu varðandi afmörkun keðjuábyrgðarinnar og telur hana ekki í samræmi við þá sátt sem náðist í viðræðum ASÍ, SA og velferðarráðuneytisins. Gerð er tillaga um breytingu á þessum þætti síðar í þessari umsögn.

4. **Skráningar- og upplýsingaskylda sjálfstætt starfandi einstaklinga af EES-svæðinu**

Í frumvarpinu að finna það nýmæli að nú eiga lögin einnig að gilda um skráningar- og upplýsingaskyldu einstaklingsverktaka sem koma hingað til starfa af EES-svæðinu. Með því er verið að bregðast við þeirri þróun sem farið er að gæta hér á landi og hefur farið mjög vaxandi annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu, þar sem verið er að búa störf launafólks í ýmiss konar þjónustu- og verktakastarfsemi og starfsmannaleiga í búning verktöku til að komast undan skyldum fyrirtækja og hafa af launafólki margháttuð réttindi. Einnig tengjast þessu skattaundanskot. Í reynd er þarna um að ræða hreina gerviverktöku sem mikilvægt er að uppræta með öllu.

Tillaga að breytingu á frumvarpinu

Í samræmi við gagnrýni Alþýðusambandsins á umfang „keðjuábyrgðarinnar“ í nýrri gr. 11.a. er lagt til að við bætist ný málsgrein sem hljóðar svo:

„Ráðherra er heimilt í reglugerð, að fenginni sameiginlegri tillögu samtaka aðila á vinnumarkaði, að fjölga þeim atvinnugreinum sem ábyrgð notendafyrirtækja skv. 1. mgr. nær til.“

Framangreind málsgrein var inni í frumvarpinu þegar það var í vinnslu um miðjan mars sl. Um hana var samkomulag milli aðila vinnumarkaðarins og ráðuneytisins sem byggði á sátt sem m.a. Alþýðusambandið hafði fallist á, en áður hafði ASÍ lagt til að fleiri atvinnugreinar yrðu taldar upp í frumvarpinu.

Rök ráðuneytisins voru að ákvæðið væri of íþyngjandi fyrir fyrirtæki. Á móti bendir ASÍ á að hér sé um eðlilegt ívilnandi ákvæði að ræða fyrir launafólk sem er í þeirri stöðu að verið er að brjóta á því.

Að öðrum kosti leggur Alþýðusambandið til að bætt verði við upptalningu atvinnugreina í gr. 11. a. eftirtaldir bálkar og deildir úr atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar:

„Viðgerðir og uppsetning vélbúnaðar og tækja (Bálkur C, deild 33)

Flutningar á landi og eftir leiðslum (Bálkur H, deild 49)

REKSTUR GISTISTAÐA OG VEITINGAREKSTUR (Bálkur I)

Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókonarþjónusta (Bálkur N, deild 79)“.

Í öllum tilfellum er um að ræða atvinnugreinar þar sem brot eða grunur um brot á starfsmönnum erlendra þjónustufyrirtækja, þ.m.t. starfsmannaleiga, hafa ítrekað komið upp.

Að gefnu tilefni

Vegna 1. umræðu um frumvarpið þegar mælt var fyrir því 9. maí sl. er mikilvægt að mati Alþýðusambandsins að eftirfarandi komi fram:

1. Því fer fjarri að hér sé aðeins um „innleiðingarfrumvarp“ að ræða vegna tilskipunar ESB nr. 67/2014. Í því sambandi má nefna:
 - a. Í frumvarpinu er að finna mikilvæg atriði sem alls ekki eru grundvölluð á tilskipuninni. Þar nægir að benda á skilgreininguna og ákvæðið um tilkynningaskyldu sjálfstætt starfandi einstaklinga sem er ekki í tilskipuninni. Þá má benda á auknar heimildir stjórnvaldsstofnana (og aðila vinnumarkaðarins) til að afla upplýsinga og miðla. - Einnig heimildir til stjórnvaldssekta.
 - b. Í tilskipuninni er alls ekki um það að ræða að ríkjum sé skylt að taka upp keðjuábyrgð, heldur er það aðeins valkvætt. Það er hins vegar sameiginleg niðurstaða aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda að rétt sé að nýta þá heimild sem er að finna í tilskipuninni, þótt ekki hafi verið samstaða um hversu langt á að ganga eins og áður hefur komið fram.
 - c. Fjölmörg atriði önnur mætti tína til sem ekki verður gert hér, s.s. varðandi heimildir stjórnvaldsstofnana og skyldur erlendra þjónustufyrirtækja, þ.m.t. starfsmannaleiga og innlendra notendafyrirtækja.
2. Fram kom að keðjuábyrgð hafi þegar verið tekin upp hjá Landsvirkjun, Ríkiskaupum, Reykjavíkurborg o.fl. og kom fram ótti við að frumvarpið, yrði það að lögum, gæti raskað því með einhverjum hætti. Í þessu ljósi er mikilvægt að fram komi að:

- a. Engar forsendur eru til að ætla að frumvarpið raski ákvörðunum um viðtækari keðjuábyrgð en það felur í sér.
 - b. Fyrir liggur að Landsvirkjun hefur sett ákvæði um „keðjuábyrgð“ inn í sína samninga. Ekki liggur fyrir hvort fleiri aðilar hafa gert það. Það eru hins vegar dæmi um að aðilar hafi sett inn ákvæði sem gefa möguleika á sektum og riftun samninga, sem er annar hlutur.
3. Fram kom sú hugmynd að rétt kunnir að vera að fresta afgreiðslu frumvarpsins til hausts og tengja afgreiðslu þess skipun/niðurstöðum starfshóps í samræmi við þingsályktun VG um keðjuábyrgð sem liggur fyrir Alþingi. Í því samhengi vill Alþýðusambandið áréttta að:
- a. ASÍ styður þingsályktun VG eins og fram kemur í umsögn sambandsins.
 - b. Það væri mjög misráðið að fresta afgreiðslu eða gildistöku frumvarpsins fram á haust, þar sem í því fælist m.a. að allir verksamningar fram að þeim tíma mundu þá falla utan ábyrgðarinnar sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Mikilvægt er að frumvarpið verði afgreitt á yfirstandandi þingi. Það er stórt og mikilvægt skref í rétta átt.

Að lokum

Að lokum áréttar Alþýðusamband Íslands að það styður frumvarpið og þau markmið sem þar eru sett fram. Jafnframt leggur ASÍ til ákveðna viðbót sem sambandið telur mikilvæga og gerð er grein fyrir hér að framan. Alþýðusambandið leggur ríka áherslu á að frumvarpið verði samþykkt sem fyrst þannig að efni þess komi þegar til framkvæmda.

Umsögn um drög að reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðora í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu og drög að reglugerð um tilvísanir fyrir börn.

a/ Hlutdeild sjúkratryggðora í heilbrigðiskostnaði

ASÍ hefur á liðnum árum ítrekað fjallað og ályktað um nauðsyn þess að draga úr kostnaðarþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu og koma í veg fyrir að einstaklingar þurfi að greiða tugi og jafnvel hundruð þúsunda vegna heilbrigðisþjónustu og lyfja. Auknum beinum útgjöldum sjúklinga fylgir veruleg hætta á að kostnaður verði hindrun á aðgengi að nauðsynlegri þjónustu fyrir viðkvæma hópa sem eykur misskiptingu, bæði fjárhagslega, félagslega og heilsufarslega. Alþýðusambandið lagði í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í maí 2015 sérstaka áherslu á að dregið yrði úr kostnaðarþátttöku sjúklinga og var yfirlýsing þess efnis hluti af aðgerðum ríkisstjórnarinnar sem samþykktar voru í tengslum við samningana.

Alþýðusamband Íslands tekur heilshugar undir þann megintilgang breyt-

inga á lögum um sjúkratryggingar (676. mál á 145. löggjafarþingi) sem samþykkt var sl. vor, um að setja hámark á þann kostnað sem sjúklingar þurfa að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu. Samkvæmt reglugerðardrögum sem kynnt voru með lagafrumvarpinu í maí var gert ráð fyrir því að almennir notendur greiði að hámarki 95.200 krónur á ári fyrir heilbrigðisþjónustu. Alþýðusambandið lýsti þá í umsögn sinni um málið þeirri skoðun að kostnaðarþakið væri allt of hátt, ekki síst í ljósi þess að lyf eru áfram í sérstöku greiðsluþáttökukerfi og sálfræðiþjónusta, sem er mjög dýr fyrir einstaklinga, er áfram undanskilin greiðsluþáttöku Sjúkratrygginga. Þar að auki eru þættir eins og tannlækningar, hjálpartæki, ferðakostnaður, o.fl. sem ekki eru hluti af almenna greiðsluþáttökukerfinu. Kostnaður vegna þessara þátta bætist þannig við hámarkskostnað sjúklinga samkvæmt nýju greiðsluþáttökukerfi.

Í sameiginlegu nefndaráliti velferðarnefndar Alþingis um málið er tekið undir þessa gagnrýni og greint frá því að heilbrigðisráðherra hafi á fundi nefndarinnar gefið fyrirheit um að í fjárlögum fyrir árið 2017 verði fjármagn til málaflöksins aukið þannig að hámarksgreiðsla almennra notenda verði ekki hærrí en 50.000 krónur á ári fyrir heilbrigðisþjónustu þegar lögín taka gildi í febrúar 2017 og taldi ASÍ þá fjárhæð ásættanlega.

Í þeim drögum sem nú liggja fyrir að nýrri reglugerð um greiðsluþáttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu er hins vegar gert ráð fyrir að hámarksgreiðsla almennra notenda verði 69.700 krónur á ári og gjaldtaka fyrir ákveðna þætti aukist til muna.

Alþýðusambandið áréttar fyrri áherslur sínar um nauðsyn þess að lækka kostnaðarþáttöku sjúklinga í heilbrigðisþjónustunni og að staðið verði við fyrirheit um að hámarksgreiðsla almennra notenda verði ekki hærrí en 50.000 krónur á ári, þ.e. að hámarksgreiðsla sjúkratryggðs almennt í almanaksmánuði skv. 3 gr. reglugerðarinnar verði ekki hærrí en 17.600 krónur. Þar af leiðir að hámarksgreiðsla aldraðra, öryrkja og barna verði að hámarki um 11.700 krónur í almanaksmánuði.

Líkt og ASÍ gagnrýndi í vor er breytingin á greiðsluþáttökukerfinu enn í of ríkum mæli fjármögnuð með tilflutningi á kostnaði milli hópa. Miðað við fyrirbyggjandi drög mun kostnaður þeirra sem þurfa tilfallandi þjónustu hjá sérfræðilæknum, í myndgreiningum og rannsóknum í ákveðnum tilvikum hækka til mikilla muna um áramót, einkum hjá öryrkjum og eldri borgurum, sem kann að koma illa niður á tekjulágum hópum og þeim sem hafa heilbrigðiskostnað á öðrum sviðum sem nýtt greiðsluþáttökukerfið nær ekki yfir. Kostnaður þessa hóps kann því í reynd að aukast við breytinguna. Því er nauðsynlegt að í fjárlögum verði tryggðir auknir fjármunir til Sjúkratrygginga svo draga megi enn frekar úr kostnaðarþáttöku í heilbrigðisþjónustunni en gert er ráð fyrir skv. reglugerðardrögum.

Nánari greining

Nýtt greiðsluþátttökukerfi tryggir að sjúklingar greiði ekki meira en sem nemur tiltekinni hámarksfjárhæð í hverjum mánuði, fyrir þá heilbrigðisþjónustu sem fellur undir kerfið og þak er sett á þann kostnað sem myndast getur á 12 mánaða tímabili. Þetta fyrirkomulag tryggir að sjúklingar eru betur varðir fyrir óhóflega háum heilbrigðiskostnaði en nú er. Auk þess eru þeir sem eru langveikir og hafa að jafnaði fastan heilbrigðiskostnað allt árið betur varðir þar sem uppbygging kerfisins tryggir að ávallt er litið til kostnaðar undanfarinna mánaða við ákvörðun um greiðsluþátttöku. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að gjaldtaka aukist einkum fyrir þjónustu sérfræðilækna, myndgreiningar og rannsóknir hjá meginþorra notenda heilbrigðisþjónustunnar sem þurfa tilfallandi þjónustu.

Líkt og Alþýðusambandið hefur ítrekað áður bent á hefur kostnaðarþátttaka sjúklinga í heilbrigðiskerfinu nær tvöfaldast á síðustu þremur áratugum og í dag standa heimilin undir tæplega fimmtungi allra heilbrigðisútgjalda með beinni greiðsluþátttöku í heilbrigðiskerfinu. Heilbrigðisútgjöld heimila hafa þannig vaxið mun hraðar en útgjöld hins opinbera á undanförunum áratugum. Auknum beinum útgjöldum sjúklinga fylgir sú hætta að kostnaður verði hindrun á aðgengi að nauðsynlegri þjónustu fyrir ákveðna hópa sem eykur misskiptingu, bæði fjárhagslega, félagslega og heilsufarslega.

Vísbendingar um þetta sjást í tölum um fjölda þeirra sem ekki sækja sér nauðsynlega lækniþjónustu vegna kostnaðar. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands og Eurostat er mun hærra hlutfall fólks sem sækir sér ekki nauðsynlega heilbrigðisþjónustu vegna kostnaðar hér á landi en í nágrannalöndunum. Samkvæmt nýjustu tölum segjast 3,5% Íslendinga ekki hafa sótt sér nauðsynlega lækniþjónustu vegna kostnaðar en þetta hlutfall er innan við 0,5% á hinum Norðurlöndunum. Mikill munur er á svörum eftir tekjum en meðal tekjulægsta hópsins hér á landi eru um 6% sem hafa ekki sótt sér lækniþjónustu vegna kostnaðar en um 1% þeirra tekjuhæstu. Þegar skoðaðar eru tölur um tannlæknaþjónustu er myndin enn verri en fimmtungur tekjulægsta hópsins hér á landi segist ekki hafa sótt sér tannlæknaþjónustu vegna kostnaðar.

Þessar staðreyndir varpa ljósi á mikilvægi þess að draga úr beinni kostnaðarþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu.

Bein greiðsluþátttaka sjúklinga vegna heilbrigðisþjónustu hér á landi er margþætt og misjafnar reglur gilda eftir því hvers konar heilbrigðisþjónusta er veitt, hvar hún er veitt og hvaða heilbrigðisstéttir það eru sem veita þjónustu. Greiðsluþátttökukerfi í heilbrigðisþjónustunni eru því í reynd mörg og nokkuð flókin og samspil þeirra á milli í sumum tilvikum ekkert. Þannig geta mismunandi sjúklingahópar haft mjög misjafnan kostnað vegna veikinda sinna eftir því hvaða þjónustu þeir þurfa og hvar hún er veitt. Dæmi um þetta er að

t.a.m. kostnaður einstaklings sem sækir þjónustu á göngudeild sjúkrahúss getur verið umtalsverður en liggi hann inni á sjúkrahúsinu er þjónustan gjaldfrjáls. Einstaklingur sem fær kvilla sem meðhöndla má með lyfjum hefur verið mun betur varinn fyrir háum kostnaði en sá sem þarf langtímameðferð á göngudeild eða hjá sjúkraþjálfara. Þegar þörf er á fjölpætri þjónustu í heilbrigðiskerfinu, eins og við á í mörgum tilvikum þegar sjúklingur þarf t.a.m. bæði lækniþjónustu, rannsóknir, lyfjagjöf og jafnvel sálfræðiastof, koma saman mörg greiðsluþáttökukerfi með ólíkar reglur og viðmið sem leiðir til þess að heildarkostnaður sjúklinga vegna veikinda getur orðið mjög hár. Breytingar á greiðsluþáttökukerfi sjúkratryggðra þann 1. febrúar nk. er mikilvægt skref í átt að betra fyrirkomulagi en áfram getur sjálfsábyrgð sjúkratryggðra einstaklinga verið mjög há þar sem ekkert hámark er á heildarkostnaði sjúklinga vegna veikinda. Áfram er því mikilvægt að vinna að umbótum á þessu sviði.

Greining á áhrifum breytinganna

Mikilvægt er að við breytingar á lögum og reglugerðum um greiðsluþáttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu liggi fyrir greining á áhrifum breytinganna á mismunandi hópa notenda heilbrigðisþjónustunnar.

b/ Tilvísanir barna

Með breytingu á lögum um sjúkratryggingar í vor er gert ráð fyrir heimild til þjónustustýringar með því að heimila að gjald fyrir ákveðna þætti heilbrigðisþjónustunnar (sérfræðilækna, rannsóknir og myndgreiningar) verði hærra, ef sjúklingur sækir þjónustu án tilvísunar frá heilsugæslulækni. Alþýðusambandið telur slíka breytingu almennt skynsamlega, að því gefnu að heilsugæslan sé í stakk búin til að sinna hlutverki sínu sem fyrsti viðkomustaður sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Slík er ekki raunin í dag og til að svo geti orðið er nauðsynlegt að byrja á að styrkja rekstrargrundvöll heilsugæslunnar og tryggja öllum landsmönnum gott aðgengi að þjónustu hennar. Einungis er gert ráð fyrir að nýta þessa heimild gagnvart börnum þar sem sérfræðilækniþjónusta, rannsóknir og myndgreiningar verða gjaldfrjáls ef tilvísun liggur fyrir frá heilsugæslu en að öðrum kosti greiða börn talsvert hærra gjald fyrir þessa þjónustu en verið hefur. Brýnt er að tryggt sé að aðgengi og biðtími eftir þjónustu heilsugæslulækna verði ekki flöskuháls og skapi ekki mismun í aðgengi barna að nauðsynlegri sérfræðiþjónustu. Þá er nauðsynlegt að fylgst verði vel með áhrifum breytinganna á aðgengi og þjónustu við börn og gengið úr skugga um að þær auki ekki hættuna á að ákveðnir hópar fá ekki nauðsynlega þjónustu.

FULLTRÚAR ASÍ Í NEFNDUM OG RÁÐUM

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Nýsköpunarmiðstöð Íslands – Ráðgjafarnefnd

Tilnefning: 20. apríl 2016

Signý Jóhannesdóttir. Til vara Róbert Farestveit

Skipunartími: Til maí 2019

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Tilnefning: 17. maí 2017

Kristján Þórður Snæbjarnarson. Til vara Signý Jóhannesdóttir

Skipunartími: Til aðalfundar Nýsköpunarsjóðs 2018

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Starfshópur vegna ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 127/2016

Tilnefning: 7. júní 2017

Henný Hinz. Til vara Magnús M. Norðdahl

Skipunartími: Ótilgreindur

Forsætisráðuneytið

Íslenska upplýsingasamfélagið

Tilnefning: 30. janúar 2008

Snorri Már Skúlason

Skipunartími: Ótilgreindur

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur

Tilnefning: 1. mars 2017

Halldór Oddsson. Til vara Magnús M. Norðdahl

Skipunartími: 3 ár

Vísinda- og tækniráð

Tilnefning: 2. september 2016

Eyrún Valsdóttir og Róbert Farestveit

Til vara: Finnbjörn A. Hermannsson og Kristján Þórður Snæbjarnarson

Skipunartími: 3 ár

Hagstofan

Ráðgjafarnefnd um vísitölu neysluverðs
Tilnefning: Henný Hinz
Skipunartími: Ótilgreindur

Samstarfsnefnd um vinnumarkaðstölfræði

Tilnefning 1. febrúar 2017
Henný Hinz og Róbert Farestveit
Skipunartími: Ótilgreindur

Innanríkisráðuneytið

Samráðshópur vegna mansals

Tilnefning: 12. júní 2013
Maríanna Traustadóttir
Til vara: Drífa Snædal
Skipunartími: Ótilgreindur

Mennta-og menningarmálaráðuneytið

Fræðslusjóður – stjórn

Tilnefning: 17. september 2014
Fjóla Jónsdóttir og Halldór Grönvold
Til vara: Hilmar Harðarson og Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir
Skipunartími: 12. október 2018

Höfundaréttarráð

Tilnefning: 12. febrúar 2014
Magnús M. Norðdahl
Skipunartími: Til 2019

Samstarfsráð um fagháskólanám

Tilnefning: 8. desember 2016
Halldór Grönvold
Til vara: Eyrún Valsdóttir
Skipunartími: Ótímabundinn

Starfsgreinaráð skv. lögum um framhaldsskóla

Tilnefningar Alþýðusambands Íslands í starfsgreinaráð skv. 24. gr. laga um framhaldsskóla

Starfsgreinaráð bygginga- og mannvirkjagreina:

Vilhjálmur Þór Grétarsson
Finnbjörn A. Hermannsson
Ólafur Sævar Magnússon
Sigurður Bessason
Varamenn Vilhjálms, Finnbjörns og Ólafs:
Heimir Þ. Kristinsson
Hallgrímur Gunnar Magnússon
Helgi Pálsson
Varamaður Sigurðar:
Árni Steinar Stefánsson

Starfsgreinaráð samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina:

Hilmar Harðarson
Helgi Ólafsson
Þórarinn Sverrisson
Varamenn Hilmars og Helga:
Jóhann R. Sigurðsson
Birgir Ö. Guðmundsson
Varamaður Þórarins:
Árni Steinar Stefánsson

Starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina:

Sigurrós Kristinsdóttir
Varamaður:
Árni Steinar Stefánsson

Starfsgreinaráð hönnunar- og handverksgreina:

Sveinn Guðnason
Þorbjörn Guðmundsson
Guðrún Elín Pálsdóttir
Varamenn Sveins og Þorbjarnar:
Guðrún Katrín Bryndísardóttir
Sigurður Björnsson
Varamaður Guðrúnar:
Drífa Snædal

Starfsgreinaráð matvæla-, veitinga- og ferðapjónustugreina:

Benóný Valur Jakobsson

Finnbogi Sveinbjörnsson

Niels S. Olgeirsson

Jón Karl Jónsson

Varamaður Benónýs:

Selma Kristjánsdóttir

Varamaður Finnboga:

Drífa Snædal

Varamenn Nielsar og Jóns Karls:

Þorvaldur Jónsson

Þorsteinn Gunnarsson

Starfsgreinaráð málm-, véltækni- og framleiðslugreina:

Halldór Arnar Guðmundsson

Vignir Eyþórsson

Logi Hermann Halldórsson

Kolbeinn Gunnarsson

Varamenn Halldórs og Vignis:

Sigurður Gunnar Kristinsson

Guðni Gunnarsson

Varamaður Loga:

Einar Gunnarsson

Varamaður Kolbeins:

Sigurey Agatha Ólafsdóttir

Starfsgreinaráð rafíðngreina:

Svanborg Hilmarsdóttir

Bjarni Þór Ólafsson

Jón Ingi Skúlason Öfjörð

Varamenn:

Þórunn S. Jónsdóttir

Jakob Tryggvason

Stefán Sveinsson

Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina:

Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

Eiður Stefánsson

Varamenn Sólveigar og Eiðs:

Teitur Lárusson

Kristín M. Björnsdóttir

Starfsgreinaráð snyrtigreina:

Lilja K. Sæmundsdóttir

Varamaður Lilju:

Sigríður Hannesdóttir

Starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina:

Heimir Janusarson

Halldóra Sveinsdóttir

Varamaður Heimis:

Guðrún Helga Guðbjörnsdóttir

Varamaður Halldóru:

Drífa Snædal

Starfsgreinaráð upplýsinga- og fjölmiðlagreina:

Georg Páll Skúlason

Kalman le Sage de Fontenay

Varamenn:

Hrafnhildur Ólafsdóttir

Hrönn Jónsdóttir

Starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina:

Halldór Arnar Guðmundsson

Aðalsteinn Baldursson

Varamaður Halldórs:

Valmundur Valmundarson

Varamaður Aðalsteins:

Árni Steinar Stefánsson

Skipunartími: 31. desember 2018

Stjórn vinnustaðanámssjóðs

Tilnefning: 6. september 2016

Niels Sigurður Olgeirsson. Til vara Hilmar Harðarson

Skipunartími: Desember 2020

Umhverfis-og auðlindaráðuneytið

Samráðsvettvangur um aðgerðaráætlun í umhverfismálum

Tilnefning: 7. júní 2017

Marianna Traustadóttir

Skipunartími: Ótilgreindur

Umhverfisviðurkenning á Degi umhverfisins

Tilnefning: 15. febrúar 2017

Heimir Björn Janusarson

Skipunartími: Fram yfir Dag umhverfisins 2017

Utánríkisráðuneytið

Samráðshópur utánríkisráðuneytisins og atvinnulífsins um EES-regluverk

Tilnefning: 17. desember 2014

Guðmundur Ragnarsson og Halldór Grönvold

Skipunartími: Ótilgreindur

Samráðshópur um EES-hagsmunagreiningu

Tilnefning: 17. desember 2014

Halldór Grönvold

Skipunartími: Ótilgreindur

Samráðsnefnd utánríkisráðuneytisins um alþjóðaviðskipti

Tilnefning: 19. febrúar 2003

Gylfi Arnbjörnsson

Skipunartími: Ótilgreindur

Þróunarsamvinnunefnd

Tilnefning: 16. mars 2016

Maríanna Traustadóttir. Til vara Þorbjörn Guðmundsson

Skipunartími: Mars 2020

Velferðarráðuneytið

Tengiliður við velferðarráðuneytið

Tilnefning: 26. ágúst 2009

Halldór Grönvold

Skipunartími: Ótilgreindur

106. þing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar 2017

Tilnefning: 15. mars 2017

Magnús M. Norðdahl. Til vara Drífa Snædal

Skipunartími: Fram að þingi Alþjóðavinnuálastofnunarinnar 2018

Atvinnuleysistryggingasjóður

Tilnefning: 18. júní 2014

Helga Ingólfssdóttir og Kolbeinn Gunnarsson

Varamenn: Ísleifur Tómasson og Hilmar Harðarson
Skipunartími: Ágúst 2018

Ábyrgðarsjóður launa

Tilnefning 7. september 2016

Halldór Oddsson. Til vara Magnús M. Norðdahl

Skipunartími: Október 2020

Eftirlitsnefnd um framkvæmd laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES-svæðisins

Tilnefning: 7. október 2015

Magnús M. Norðdahl

Skipunartími: 31. ágúst 2019

Félagsdómur

Tilnefning 8. desember 2016

Lára V. Júlíusdóttir. Til vara Karl Ó. Karlsson

Skipunartími: Desember 2020

Félagsdómur iðngreinanna

Fulltrúar ASÍ í Félagsdóm á grundvelli 3. mgr. 39. gr. laga nr. 80, 11. júní 1938 með síðari breytingum, en þar er m.a. vísað í 2. mgr. 44. gr. laganna.

Raf- og tækniíðngreinar:

Rúnar Bachmann. Til vara: Haukur Ágústsson

Málmiðnaður og vélstjórnargreinar:

Halldór Arnar Guðmundsson. Til vara: Jóhann R. Sigurðsson

Matvælaíðnaður og framreiðsla:

Niels S Olgeirsson. Til vara: Þorsteinn Gunnarsson

Bókagerðargreinar:

Hjörtur Guðnason. Til vara: Heimir Örn Gunnarsson

Bílgreinar:

Helgi Ólafsson. Til vara: Erlendur K. Ólafsson

*Byggingariðnaður, garðyrkja, málun, pípulagnir, hársnyrting og aðrar -
iðngreinar sem falla undir iðnaðarlög og ekki eru nefndar hér að framan:*
Halldór Jónasson. Til vara: Kjartan Tómasson
Skipunartími: Desember 2020

Félagsmálaskóli alþýðu

Tilnefning: 5. október 2013

Fulltrúi ASÍ í skólanefnd: Sigurrós Kristinsdóttir. Til vara Hilmar Harðarson

***Fulltrúar Menningar- og fræðslusambands alþýðu – MFA – í skólanefnd
Félagsmálaskóla alþýðu***

Finnbjörn A. Hermansson, Kolbeinn Gunnarsson, Halldór Arnar Guðmunds-
son og Kristín M. Björnsdóttir.

Til vara Níels S. Olgeirsson, Aðalsteinn Baldursson, Stefán Ólafsson og -
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir.

Skipunartími: Byrjun árs 2017

Jafnréttisráð

Tilnefning: 25. janúar 2017

Marianna Traustadóttir. Til vara Jóhann R. Sigurðsson

Skipunartími: Fram yfir næstu alþingiskosningar

Nefnd um mótun vinnuverndarstefnu

Tilnefning: 20. ágúst 2014

Björn Ágúst Sigurjónsson. Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Skipunartími: Ótímabundinn.

Nefnd um vinnumarkaðsstefnu og vinnumarkaðsmál

Tilnefning: 23. apríl 2014

Halldór Grönvold

Skipunartími: Ótímabundinn

Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd

Tilnefning: 8. september 2010

Að höfðu samráði við BSRB og BHM ákvað miðstjórn ASÍ að skipa Björn Ágúst
Sigurjónsson sem fulltrúa samtaka launafólks. Til vara Helga Jónsdóttir frá BSRB

Skipunartími: Ótilgreindur

Samráðsnefnd velferðarráðuneytisins vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið

Tilnefning: 2. júní 1993

Halldór Grönvold. Til vara Magnús M. Norðdahl

Skipunartími: Ótilgreindur

Samstarfsnefnd um atvinnuréttindi útlendinga

Tilnefning 21. febrúar 2007

Halldór Grönvold. Til vara Þorbjörn Guðmundsson

Skipunartími: Ótilgreindur

Samvinnuhópur um framtíðarskipan húsnæðismála

Tilnefning 28. ágúst 2013

Magnús M. Norðdahl. Til vara Henný Hinz

Skipunartími: Ótilgreindur

Starfshópur um framtíðarskipan fæðingarorlofsmála

Tilnefning 19. nóvember 2014

Marianna Traustadóttir. Ísleifur Tómasson til vara

Skipunartími: Ótilgreindur

Stjórn Vinnuverndarstofnunar Evrópu – áheyrnarfulltrúi

Tilnefning: 8. september 2010

Að höfðu samráði við BSRB og BHM ákvað miðstjórn ASÍ að skipa Björn

Ágúst Sigurjónsson. Til vara Helga Jónsdóttir frá BSRB

Skipunartími: Ótilgreindur

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Tilnefning 17. september 2014

Árni Leósson. Til vara Halldór Oddsson

Skipunartími: Ágúst 2018

Velferðarvaktin

Tilnefning: 28. maí 2014

Sigurros Kristinsdóttir

Skipunartími: Ótilgreint

Vinumarkaðsráð

Tilnefning: 16. júní 2015

Vinnumarkaðsráð höfuðborgarsvæðisins

Vignir Eyþórsson. Varamaður: Sigurrós Kristinsdóttir

Vinnumarkaðsráð Vesturlands

Sigurður A. Guðmundsson. Varamaður: Signý Jóhannesdóttir

Vinnumarkaðsráð Vestfjarða

Ólafur Baldursson. Varamaður: Lárus Benediktsson

Vinnumarkaðsráð Norðurlands vestra

Aðalbjörg Valdimarsdóttir. Varamaður: Þórarinn Sverrisson

Vinnumarkaðsráð Norðurlands eystra

Heimir Kristinsson. Varamaður: Jóna Matthíasdóttir

Vinnumarkaðsráð Austurlands

Porkell Kolbeins. Varamaður: Sigurbjörg Kristmundsdóttir

Vinnumarkaðsráð Suðurlands

Gils Einarsson. Varamaður: Halldóra Sveinsdóttir

Vinnumarkaðsráð Suðurnesja

Guðmundur Finnsson. Varamaður: Guðbrandur Einarsson

Vinnueftirlit ríkisins

Tilnefning: 2. september 2015

Björn Ágúst Sigurjónsson og Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Varamenn: Halldór Grönvold og Rannveig Sigurðardóttir

Skipunartími: Ágúst 2019

Vinnumálastofnun

Tilnefning: 18. júní 2014

Sigurður Bessason og Halldór Grönvold

Varamenn: Kristín María Björnsdóttir og Finnbjörn A. Hermannsson

Skipunartími: Ágúst 2018

Þríhliða nefnd um ILO

Tilnefning: 2005

Magnús M. Norðdahl

Skipunartími: Ótilgreindur

Með samtökum atvinnurekenda og fleirum

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – FA

Tilnefning 17. maí 2017

Fjóla Jónsdóttir, Finnbjörn A. Hermannsson og Eyrún Valsdóttir. Varamaður

Selma Kristjánsdóttir

Skipunartími: Til aðalfundar árið 2018

Kjararannsóknarnefnd

Eftirtaldir eru fulltrúar ASÍ í kjararannsóknarnefnd: Sigurður Bessason, Ragnar Þór Ingólfsson og Gylfi Arnbjörnsson

Kjararannsóknarnefnd – aðferðafræðihópur

Henný Hinz

Skipunartími: Ótilgreindur

Ráðgjafarráð vegna gerðar stefnumótandi byggðaáætlunar 2017-2023

Tilnefning: 20. apríl 2016

Finnbogi Sveinbjörnsson

Skipunartími: Ótilgreindur

Samráðsnefnd með ríki, Reykjavíkurborg og Launanefnd sveitarfélaga um vinnutíma

Tilnefning: 2006

Guðrún Óladóttir. Til vara: Halldór Grönvold

Skipunartími: Ótímabundinn

Samráðsnefnd með SA um vinnutímasamninga

Tilnefning: 16. apríl 1997

Halldór Grönvold

Skipunartími: Ótilgreindur

Samráðsnefnd um upplýsingar og samráð vegna Reykjavíkurborgar

Tilnefning: 5. september 2007

Sigurður Bessason

Skipunartími: Ótilgreindur

Skjól – fulltrúaráð

Tilnefning 29. mars 2017

Guðmundur Þ. Jónsson, Stefán Ólafsson og Jóhanna Vilhelmsdóttir

Skipunartími: Til 2021

Starfsendurhæfingarsjóður

Tilnefning: 19. apríl 2017

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Guðmundur Ragnarsson, Ragnar Þór Ingólfsson og Sigurður Bessason

Varamenn eru Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir og Finnbjörn A. Hermannsson

Skipunartími: Til aðalfundar starfsendurhæfingarsjóðs 2018

Fulltrúaráð starfsendurhæfingarsjóðs

Tilnefning: 2017

Félög með beina aðild:

Georg Páll Skúlason

Lilja K. Sæmundsdóttir

Landssamband íslenskra verzlunarmanna:

Guðbrandur Einarsson

Gils Einarsson

Ragnar Þór Ingólfsson

Rannveig Sigurðardóttir

Herdís Magnúsdóttir

Eiður Stefánsson

Rafiðnaðarsamband Íslands:

Ísleifur Tómasson

Samiðn, samband iðnfélaga:

Finnbjörn A. Hermannsson

Sjómannasamband Íslands:

Hólmgæir Jónsson

Starfsgreinasamband Íslands:

Sigurður Bessason

Signý Jóhannesdóttir

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Sigurrós Kristinsdóttir

Kolbeinn Gunnarsson
Halldóra Sveinsdóttir
Finnbogi Sveinbjörnsson
Kristján Gunnarsson
Anna Júlíusdóttir

Á vettvangi ASÍ

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar

Tilnefning: 7. júní 2017

Grétar Þorsteinnsson, Gylfi Arnbjörnsson og Sigurður Bessason

Skipunartími: Til tveggja ára

Listasafn ASÍ – rekstrarstjórn

Tilnefning: 7. júní 2017

Sverrir Mar Albertsson, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir og Kristján Þórður Snæbjarnarson

Skipunartími: Til tveggja ára

Listasafn ASÍ – listráð

Tilnefning: 23. október 2013

Dorothee Kirch, Heiðar Kári Rannversson og Elísabet Gunnarsdóttir

Skipunartími: Til tveggja ára

Mímir – símenntun

Tilnefning: 17. maí 2017

Sigurrós Kristinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Linda Baldursdóttir, Stefán Sveinsson

Til vara: Ragnar Ólason, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir og Hilmar Harðarson

Skipunartími: Til aðalfundar Mímis – símenntunar 2018

Ýmislegt

Almenna íbúðafélagið

Tilnefning: Skv. ákvörðun miðstjórnar ASÍ 15. júní 2016

Gylfi Arnbjörnsson, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Sigurður Bessason, Þorbjörn Guðmundsson

Varamaður: Helga Ingólfssdóttir

Skipunartími: Skv. samþykktum félagsins

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands

Tilnefning: Byrjun árs 2014

Guðmundur Ragnarsson
Skipunartími: Ótilgreindur

Fagráð Hæfniseturs ferðabjónustunnar

Tilnefning: 15. febrúar 2017
Fjóra Jónsdóttir og Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir
Skipunartími: Ótilgreindur

Norræni Genfarskólinn

Eyrún Björk Valsdóttir. Til vara: Maríanna Traustadóttir
Skipunartími: Ótilgreindur

Ráðgjafarráð vegna stefnumótandi byggðaáætlunar 2017–2023

Tilnefning: Skv. ákvörðun miðstjórnar 20. apríl 2016
Finnbogi Sveinbjörnsson
Skipunartími: Skal lokið haustið 2016

Reykjavíkurborg – Starfshópur um húsnæðissamvinnufélög

Tilnefning: 3. nóvember 2013
Ákveðið að VR og Efling tilnefni hvort sinn fulltrúa og að með þeim starfi
Magnús M. Norðdahl
Skipunartími: Ótilgreindur

Sögusafn verkalýðshreyfingarinnar

Tilnefning: 7. júní 2017
Gylfi Arnbjörnsson og Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Skipunartími: Til júní 2019

Öldrunarráð

Tilnefning: 19. apríl 2017
Stefán Ólafsson, Linda Baldursdóttir og Fanney Friðriksdóttir
Skipunartími: Til aðalfundar öldrunarráðs 2018

MÁLEFNANEFNDIR MIÐSTJÓRNAR

Alþjóðanefnd

Guðmundur Ragnarsson, (formaður) miðstjórn ASÍ
Bjarni Þór Sigurðsson, LÍV (Ingibjörg Ósk Birgisdóttir til vara)
Helgi Jónsson, RSÍ (Björn Eysteinnsson til vara)
Hilmar Harðarson, Samiðn, (Finnbjörn A. Hermannsson til vara)
Hólmgæir Jónsson, SSÍ (Valmundur Valmundsson til vara)
Þórarinn Sverrisson, SGS (Sigurrós Kristinsdóttir til vara)
Þorsteinn Ómar Gunnarsson, bein aðild (Berglind Hafsteinsdóttir til vara)
Aðalbjörn Jóhannsson, ASÍ-UNG (áheyrnarfulltrúi)
Starfsmaður: Halldór Grönvold

Atvinnumálanefnd

Kristján Þórður Snæbjarnarson, (formaður) RSÍ (Björn Eysteinnsson til vara)
Signý Jóhannesdóttir, miðstjórn ASÍ
Eiður Stefánsson, LÍV (Kristín María Björnsdóttir til vara)
Heimír Kristinnson, Samiðn (Hermann Guðmundsson til vara)
Valmundur Valmundsson, SSÍ (Konráð Alfreðsson til vara)
Finnbogi Sveinbjörnsson, SGS (Guðbjörg Kristmundsdóttir til vara)
Óskar R. Jakobsson, bein aðild (Óskar H. Gunnarsson til vara)
Starfsmaður: Róbert Farestveit

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd

Lilja Sæmundsdóttir, (formaður), bein aðild (Dagný B. Erlingsdóttir til vara)
Valmundur Valmundsson, miðstjórn ASÍ
Helga Ingólfssdóttir, LÍV (Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir til vara)
Hafdís María Kristinsdóttir, RSÍ (Bára Halldórsdóttir til vara)
Jóhann R. Sigurðsson, Samiðn (Tryggvi Arnarson til vara)
Grétar Ólafsson, SSÍ (Ingvi Örn Ingvason til vara)
Anna Júlíusdóttir, SGS (Ingibjörg Magnúsdóttir til vara)
Fjóra Helgadóttir, ASÍ-UNG (áheyrnarfulltrúi)
Starfsmaður: María Traustadóttir

Menntanefnd

Finnbjörn A. Hermannsson (formaður), Samiðn (Ólafur Magnússon til vara)
Hilmar Harðarson, miðstjórn ASÍ
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir LÍV, (Kristín M. Björnsdóttir til vara)
Jens H. Ragnarsson, RSÍ, (Stefán Sveinsson til vara)

Valmundur Valmundsson, SSÍ (Ægir Ólafsson til vara)
Kolbeinn Gunnarsson, SGS, (Ósk Helgadóttir til vara)
Halldór Arnar Guðmundsson, bein aðild (Lilja Sæmundsdóttir til vara)
Eva Demireva, ASÍ-UNG (áheyrnarfulltrúi)
Starfsmaður: Eyrún Valsdóttir

Efnahags- og skattanefnd

Sigurður Bessason, (formaður) miðstjórn ASÍ
Guðbrandur Einarsson, LÍV (Kristín M. Björnsdóttir til vara)
Björn Ágúst Sigurjónsson, RSÍ (Jón Óskar Gunnlaugsson til vara)
Finnbjörn A. Hermannsson, Samiðn (Hilmar Harðarson til vara)
Sigurður A. Guðmundsson, SSÍ (Valmundur Valmundsson til vara)
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, SGS (Guðmundur Finnbogason til vara)
Vignir Eyþórsson, bein aðild (Georg Páll Skúlason til vara)
Starfsmaður: Henný Hinz

Lífeyris- og veikindaréttarnefnd

Gylfi Arnbjörnsson, (formaður) miðstjórn ASÍ
Ragnar Þór Ingólfsson, LÍV (Páll Örn Líndal til vara)
Bára Halldórsdóttir, RSÍ (Jakob Tryggvason til vara)
Þorbjörn Guðmundsson, Samiðn (Finnbjörn A. Hermannsson til vara)
Konráð Alfreðsson, SSÍ (Valmundur Valmundsson til vara)
Sigurður Bessason, SGS (Þorkell Kolbeins til vara)
Georg Páll Skúlason, bein aðild (Gylfi Ingvarsson til vara)
Starfsmaður: Henný Hinz

Skipulags- og starfsháttanefnd

Björn Snæbjörnsson, (formaður) miðstjórn ASÍ
Guðbrandur Einarsson, LÍV, (Gils Einarsson til vara)
Kristján Þórður Snæbjarnarson, RSÍ (Guðrún S. Bergþórsdóttir til vara)
Finnbjörn A. Hermannsson, Samiðn (Jóhann R. Sigurðsson til vara)
Konráð Alfreðsson, SSÍ (Sigurður A. Guðmundsson til vara)
Sigrún Jóhannesdóttir, SGS (Björg Bjarnadóttir til vara)
Níels S. Olgeirsson, bein aðild (Vignir Eyþórsson til vara)
Hafdí E. Ásbjörnsdóttir, ASÍ-UNG (áheyrnarfulltrúi)
Starfsmaður: Magnús Norðdahl

Velferðarnefnd

Sigurrós Kristinsdóttir, (formaður) miðstjórn ASÍ
Kristín María Björnsdóttir, LÍV (Benóný Valur Jakobsson til vara)

Ísleifur Tómasson, RSÍ (Guðrún S. Bergþórsdóttir til vara)
Ólafur Magnússon, Samiðn (Þorbjörn Guðmundsson til vara)
Jón Rósant Þórarinsson, SSÍ (Ægir Ólafsson til vara)
Linda Baldursdóttir, SGS (Arnar Hjaltalín til vara)
Stefán Ólafsson, bein aðild (Lilja Sæmundsdóttir til vara)
Alma Pálmadóttir, ASÍ-UNG (áheyrnarfulltrúi)
Starfsmaður: Sigríður Ingibjörg Ingadóttir

Vinumarkaðsnefnd

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, (formaður) miðstjórn ASÍ
Gils Einarsson, LÍV (Bjarni Þór Sigurðsson til vara)
Björn Ágúst Sigurjónsson, RSÍ (Þórunn S. Jónsdóttir til vara)
Hermann Guðmundsson, Samiðn (Heimir Kristinsson til vara)
Sverrir Mar Albertsson, SSÍ (Sigurður A. Guðmundsson til vara)
Guðbjörg Jónsdóttir, SGS (Magnús S. Magnússon til vara)
Magnús Oddsson, bein aðild (Vignir Eypórsson til vara)
Starfsmaður: Halldór Grönvold

Umhverfisnefnd

Halldóra Sveinsdóttir (formaður), SGS (Magnús Már Jakobsson til vara)
Kristján Þórður Snæbjarnarson, miðstjórn ASÍ
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, LÍV (Benóný Valur Jakobsson til vara)
Björn Eysteinnsson, RSÍ (Svanborg Hilmarsdóttir til vara)
Heimir Janusson, Samiðn (Unnur Eggertsdóttir til vara)
Valmundur Valmundsson, SSÍ (Ingvi Örn Ingvason til vara)
Júlía Hannam, bein aðild (Stefán Ólafsson til vara)
Starfsmaður: María Traustadóttir

Laganefnd

Signý Jóhannesdóttir
Guðmundur Ragnarsson
Guðbrandur Einarsson
Starfsmaður: Magnús M. Norðdahl

Starfs- og fjárhagsnefnd

Gylfi Arnbjörnsson, formaður
Guðbrandur Einarsson
Björn Snæbjörnsson
Kristján Þórður Snæbjarnarson

Launanefnd

Guðbrandur Einarsson

Björn Snæbjörnsson

Hilmar Harðarson



KYNJABÓKHALD 2017

Aðildarfélög Alþýðusambands Íslands

Innan sambandsins eru fimm landssambönd og sjö félög með beina aðild.

LÍV – Landssamband íslenskra verzlunarmanna
RSÍ – Rafiðnaðarsamband Íslands
Samiðn – Samband iðnfélaga
SGS – Starfsgreinasamband Íslands
SSÍ – Sjómannasamband Íslands

Lands-
sambönd

FHS - Félag hársnyrtisveina
Leiðsögn - Félag leiðsögumanna
Flugfreyjufélag Íslands
GRAFÍA
MATVÍS – Matvæla- og veitingafélag Íslands
Mjólkurfræðingafélag Íslands
VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna

Félög með
beina aðild

ASÍ

LÍV - 4 félög, 7 deildir

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri
Verslunarmannafélag Skagfirðinga
Verslunarmannafélag Suðurnesja
VR

AFL – Starfsgreinafélag
Framsýn – stéttarfélag
Stéttarfélag Vesturlands
Stéttarfélagið Samstaða
Verkalýðsfélag Snæfellinga
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Verkalýðsfélag Þórshafnar

RSÍ - 8 félög

Félag íslenskra rafvirkja
Félag íslenskra símamanna
Félag rafeindavirkja
Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi
Félag sýningarstjóra við kvikmyndahús
Félag tækni­fólks í rafiðnaði
Rafiðnaðarfélag Suðurnesja
Rafvirkjafélag Norðurlands

Samiðn - 6 félög, 6 deildir

BYGGIÐN – Félag byggingarmanna
Félag iðn- og tæknigreina
Félag járn­iðnaðarmanna Ísafirði
Félag málm­iðnaðarmanna Akureyri
Iðnsveinafélag Skagafjarðar
Þingiðn

AFL – Starfsgreinafélag
Stéttarfélagið Samstaða
Stéttarfélag Vesturlands
Verkalýðsfélag Akraness
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Verkalýðsfélag Þórshafnar

SGS - 19 félög

AFL – Starfsgreinafélag
Aldan stéttarfélag
Báran stéttarfélag
Drífandi stéttarfélag
Efling – stéttarfélag
Eining – Iðja
Framsýn – stéttarfélag
Stéttarfélag Vesturlands
Stéttarfélagið Samstaða
Verkalýðsfélag Akraness
Verkalýðsfélag Grindavíkur
Verkalýðsfélag Snæfellinga
Verkalýðsfélag Suðurlands
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Verkalýðsfélagið Hlíf
VI. og sjóm.fél. Keflavíkur og nágrennis
VI. og sjóm.fél. Bolungarvíkur
VI. og sjóm.fél. Sandgerðis

SSÍ - 5 félög, 13 deildir

Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur
Sjómannafélag Eyjafjarðar
Sjómannafélag Hafnarfjarðar
Sjómannafélag Ólafsfjarðar
Sjómannafélagið Jötunn
AFL – Starfsgreinafélag
Aldan stéttarfélag
Báran stéttarfélag
Efling – stéttarfélag
Framsýn – stéttarfélag
Stéttarfélagið Samstaða
Verkalýðsfélag Akraness
Verkalýðsfélag Snæfellinga
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Verkalýðsfélag Þórshafnar
VI. og sjóm.fél. Keflavíkur og nágrennis
VI. og sjóm.fél. Bolungarvíkur
VI. og sjóm.fél. Sandgerðis

Um kynjabókhaldið


Kynjabókhald ASÍ fyrir árið 2017, líkt og fyrri ár, byggir á upplýsingum úr innsendum skýrslum aðildarféлага sambandsins þar sem fram kemur fjöldi félagsmanna og hlutfall kvenna og karla í stjórnum og ráðum einstakra féлага, deilda og landsambanda. Upplýsingar um hlutfall kvenna og karla í málefnanefndum miðstjórnar ASÍ og tilnefningar í nefndir og ráð á vegum sambandsins eru teknar af heimasíðu ASÍ.

Í kynjabókhaldinu er einnig að finna kyngreindar upplýsingar um þátttöku á námskeiðum Félagsmálaskóla alþýðu – FA á skólaárinu 2016-2017.

Stjórnir lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði eru skipaðar fulltrúum launafólks og atvinnurekenda að jöfnu og á það fyrirkomulag rætur sínar í kjarasamning um lífeyrismál frá árinu 1969 og er kynjaskipting stjórnarmanna tilgreind í kynjabókhaldinu.

Upplýsingar um kynjahlutfall þátttakenda á námskeiðum á vegum FA og fulltrúa í stjórnum lífeyrissjóða voru fengnar hjá sérfræðingum á skrifstofu ASÍ.

Kynjabókhaldið er sett fram myndrænt og í töflum og því aðgengilegt að skoða. Á sumum myndum eru tölulegar upplýsingar bæði í prósentum og tölum en annar staðar eingöngu tölur. Skýringartexti er við hverja mynd og töflu.




MYND 1

Hlutfall kvenna af félagsmönnum, í stjórnum aðildarféлага og deilda, í stjórnum landsambanda, í miðstjórn og í stjórn ASÍ-UNG.

FÉLAGSMENN OG STJÓRNARMENN AÐILDARFÉLAGA ASÍ

EFTIR KYNI




MYND 2

Fjöldi félagsmanna og stjórnarmanna aðildarfélaga ASÍ skipt eftir kyni.

FÉLAGSMENN LANDSSAMBANDA OG FÉLAGA MEÐ BEINA AÐILD

EFTIR KYNI




MYND 3

Félagsmenn aðildarfélaga og deilda ASÍ eru 123.045. Aðildarfélögin raða sér í 5 landsambönd og 7 félög með beina aðild.

FJÖLDI STJÓRNARMANNA Í FÉLÖGUM OG DEILDUM

EFTIR KYNI



MYND 4


Fjöldi stjórnarmanna í aðildarfélögum og deildum innan ASÍ eftir kyni.

KYNJASKIPTING Í STJÓRNUM AÐILDARFÉLAGA OG DEILDA 2017

TAFLA 1

	Formaður		Varaform.		Ritari		Gjaldkeri		Meðstj.		Samtals	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Bein aðild	5	2	5	0	3	3	1	4	13	7	27	16
LÍV	6	5	2	8	2	7	1	2	9	17	20	39
RSÍ	7	1	8	0	8	0	7	1	16	0	46	2
Samiðn	12	0	11	1	9	2	4	0	30	0	66	3
SGS	13	6	5	14	4	13	6	7	59	42	87	82
SSÍ	16	2	13	0	14	0	4	0	17	0	64	2
ASÍ-UNG	0	1	1	0	0	0	0	0	4	3	5	4
Samtals	59	17	45	23	40	25	23	14	148	69	315	148


FÉLÖG MEÐ BEINA AÐILD KYNJASKIPTING FÉLAGSMANNA OG STJÓRNARMANNA



MYND 5

Hlutfallsleg kynjaskipting félagsmanna og stjórnarmanna í félögum með beina aðilda að ASÍ.


LÍV - KYNJASKIPTING FÉLAGSMANNA OG STJÓRNARMANNA



MYND 6

Hlutfallsleg kynjaskipting félagsmanna og stjórnarmanna innan Landssambands íslenzkra verzlunarmanna.


RSÍ - KYNJASKIPTING FÉLAGSMANNA OG STJÓRNARMANNA



MYND 7

Hlutfallsleg kynjaskipting félagsmanna og stjórnarmanna innan Rafiðnaðarsambands Íslands.


SAMIÐN - KYNJASKIPTING FÉLAGSMANNA OG STJÓRNARMANNA



MYND 8

Hlutfallsleg kynjaskipting félagsmanna og stjórnarmanna innan Samiðnar, Sambands iðnfélaga.


SGS - KYNJASKIPTING FÉLAGSMANNA OG STJÓRNARMANNA



MYND 9

Hlutfallsleg kynjaskipting félagsmanna og stjórnarmanna innan Starfsgreinasambands Íslands.


SSÍ - KYNJASKIPTING FÉLAGSMANNA OG STJÓRNARMANNA



MYND 10

Hlutfallsleg kynjaskipting félagsmanna og stjórnarmanna innan Sjómannasambands Íslands.

FJÖLDI STJÓRNARMANNA Í LANDSSAMBÖNDUM EFTIR KYNI



MYND 11

Fjöldi stjórnarmanna í landssamböndum eftir kyni.

Landssamband

Stéttarfélag sem semja um laun og önnur starfskjör ákveðinna hópa launafólks á vinnumarkaði, s.s. almenns verkafólks, iðnaðarmanna, verslunarmanna o.s.frv., eru flest aðilar að landssamböndum sem þau hafa stofnað til að samræma störf sín og til að annast sameiginleg hagsmunamál fyrir sína hönd.

KYNJASKIPTING Í STJÓRNUM LANDSSAMBANDA - 2017


TAFLA 2

	Formaður		Varaform.		Ritari		Gjaldkeri		Meðstj.		Samtals	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
LÍV	1	0	0	1	1	0	0	0	3	1	5	2
RSÍ	1	0	1	0	1	0	1	0	2	1	6	1
Samiðn	1	0	1	0	0	0	0	0	9	0	11	0
SGS	1	0	0	1	0	0	0	0	4	1	5	2
SSÍ	1	0	1	0	1	0	1	0	3	0	7	0
Samtals	5	0	3	2	3	0	2	0	21	3	34	5

MÁLEFNANEFNDIR MIÐSTJÓRNAR ASÍ - 2017

TAFLA 3

	Fjöldi í nefnd	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna	Hlutfall karla	Kona form.	Karl form.
Alþjóðanefnd	8	0	8	0%	100%		X
Atvinnumálanefnd	8	1	7	12%	88%		X
Efnahags- og skattanefnd	8	2	6	25%	75%		X
Jafnréttis- og fjölskyldunefnd	8	5	3	63%	37%	X	
Laganefnd	4	1	3	25%	75%		
Lífeyris- og veikindaréttarnefnd	8	2	6	25%	75%		X
Menntanefnd	8	2	6	25%	75%		X
Skipulags- og starfsháttanefnd	8	1	7	12%	88%		X
Starfs- og fjárhagsnefnd	4	0	4	0%	100%		X
Umhverfisnefnd	8	4	4	50%	50%	X	
Velferðarnefnd	8	4	4	50%	50%	X	
Vinnumarkaðsnefnd	8	2	6	25%	75%	X	
Samtals	88	24	64	27%	73%	4	7



Málefnanefndir ASÍ eru skipaðar átta fulltrúum, fyrir utan laganefnd og starfs- og fjárhagsnefnd sem eru skipaðar fjórum fulltrúum hvor. Hvert landssamband skipar einn fulltrúa og félög með beina aðild skipa sameiginlega einn fulltrúa í hverja málefnanefnd. Miðstjórn tilnefnir einn fulltrúa og starfsmann af skrifstofu ASÍ sem starfar með nefndinni.


TILNEFNINGAR ASÍ Í NEFNDIR OG RÁÐ - 2017

TAFLA 4

	ASÍ fulltrúar	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna	Hlutfall karla
Alþjóðamál	10	3	7	30%	70%
